39	Ráðstöfun eigin fjár	11 094	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–103 Innkaupastofnun ríkisins			
51	Launagjöld	11 081	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 878	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	420 000	
51–57	Viðhald	260	
5,8	Gjöld samtals	438 219	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	435 220	
48	Fjármunatekjur	530	
49	Aðrar tekjur	2 469	
4,7	Tekjur samtals	438 219	
29–931 Arnarhvoll			
51	Launagjöld	5 574	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 995	
51–57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	820	
5,8	Gjöld samtals	11 889	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 889	
4,7	Tekjur samtals	11 889	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	820	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	820	
29–932 Borgartún 7			
51	Launagjöld	2 793	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 727	
571	Fjármagnskostnaður	10	
51–57	Viðhald	3 600	
5,8	Gjöld samtals	9 130	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 100	
48	Fjármunatekjur	30	
4,7	Tekjur samtals	9 130	
29–934 Tollstöðvarhús			
51	Launagjöld	5 898	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 102	
51–57	Viðhald	4 362	
5,8	Gjöld samtals	16 362	

		Þús. kr.	Þús. kr.
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 412	
4,7	Tekjur samtals	17 412	
	Mismunur		1 050
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 050	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 050	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Launagjöld	3 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 000	
5,8	Gjöld samtals	6 800	
48	Fjármunatekjur	23 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	185 000	
4,7	Tekjur samtals	208 000	
	Mismunur		201 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	70 000	
32	Annað	234 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	103 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	201 200	
29–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
51	Launagjöld	2 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	10 000	
51–57	Viðhald	13 400	
5,8	Gjöld samtals	25 900	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 900	
4,7	Tekjur samtals	25 900	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101 Póst- og símamálastofnun			
51	Launagjöld	910 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	834 400	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	119 400	
571	Fjármagnskostnaður	79 000	
51–57	Viðhald	24 600	
593	Afskriftir	443 700	
5,8	Gjöld samtals	2 411 600	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 295 500	
48	Fjármunatekjur	70 400	
4910	Framlög ríkissjóðs	65 000	
49	Aðrar tekjur	96 100	
4,7	Tekjur samtals	2 527 000	
	Mismunur		115 400
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	300 000	
26	Afborgun lána	132 900	
32	Annað	126 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	443 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	115 400	
30–211 Vegagerð ríkisins, áhaldahús			
51	Launagjöld	80 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	120 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	180 000	
571	Fjármagnskostnaður	800	
51–57	Viðhald	80 000	
593	Afskriftir	25 000	
5,8	Gjöld samtals	485 800	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	496 800	
4910	Framlög ríkissjóðs	9 200	
49	Aðrar tekjur	4 800	
4,7	Tekjur samtals	510 800	
	Mismunur		25 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	48 549	
26	Afborgun lána	1 451	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	25 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	25 000	
30–321 Skipaútgerð ríkisins			
51	Launagjöld	92 907	
52–57	Önnur rekstrargjöld	101 448	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	15 498	
571	Fjármagnskostnaður	39 064	
51–57	Viðhald	11 000	
593	Afskriftir	23 862	
5,8	Gjöld samtals	283 779	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	198 870	
48	Fjármunatekjur	3 595	
4910	Framlög ríkissjóðs	103 526	
4,7	Tekjur samtals	305 991	
	Mismunur		22 212
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
26	Afborgun lána	40 074	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	23 862	
39	Ráðstöfun eigin fjár	22 212	
32	Annað		
30–331 Vitamálastjórn, áhaldahús			
51	Launagjöld	12 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	500	
51–57	Viðhald	2 000	
5,8	Gjöld samtals	26 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 000	
4,7	Tekjur samtals	26 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332	**Hafnabótasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	600	
571	Fjármagnskostnaður	4 538	
59	Yfirfærslur	10 000	
5,8	Gjöld samtals	15 138	
48	Fjármunatekjur	6 556	
4910	Framlög ríkissjóðs	12 000	
4,7	Tekjur samtals	18 556	
	Mismunur		3 418
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 480	
26	Afborgun lána	9 381	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 443	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 418	
30–333	**Landshöfn Þorlákshöfn**		
51	Launagjöld	2 772	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 453	
571	Fjármagnskostnaður	172	
593	Afskriftir	800	
5,8	Gjöld samtals	6 197	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 125	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	906	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	11 131	
	Mismunur		4 934
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	5 000	
26	Afborgun lána	734	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 934	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–334 Landshöfn Keflavík–Njarðvík			
51	Launagjöld	5 944	
52–57	Önnur rekstrargjöld	850	
571	Fjármagnskostnaður	125	
51–57	Viðhald	4 556	
593	Afskriftir	1 500	
5,8	Gjöld samtals	12 975	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 350	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 540	
4,7	Tekjur samtals	12 890	
	Mismunur		−85
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 415	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−85	
30–335 Landshöfn Rifi			
51	Launagjöld	1 158	
52–57	Önnur rekstrargjöld	903	
571	Fjármagnskostnaður	123	
593	Afskriftir	100	
5,8	Gjöld samtals	2 284	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 108	
48	Fjármunatekjur	7	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 608	
4,7	Tekjur samtals	3 723	
	Mismunur		1 439
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 485	
32	Annað	54	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 439	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–671 Umferðarmiðstöðin			
51	Launagjöld	167	
52–57	Önnur rekstrargjöld	455	
51–57	Viðhald	130	
593	Afskriftir	336	
5,8	Gjöld samtals	1 088	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	920	
49	Aðrar tekjur	455	
4,7	Tekjur samtals	1 375	
	Mismunur		287
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	623	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	336	
39	Ráðstöfun eigin fjár	287	
30–672 Sérleyfissjóður			
51	Launagjöld	863	
52–57	Önnur rekstrargjöld	541	
5,8	Gjöld samtals	1 404	
4910	Framlög ríkissjóðs	3 000	
4,7	Tekjur samtals	3 000	
	Mismunur		1 596
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 596	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 596	
30–673 Ferðaskrifstofa ríkisins			
51	Launagjöld	12 577	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 002	
571	Fjármagnskostnaður	490	
51–57	Viðhald	456	
5,8	Gjöld samtals	24 525	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 642	
48	Fjármunatekjur	1 105	
49	Aðrar tekjur	778	
4,7	Tekjur samtals	24 525	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31-231 Sementsverksmiðja ríkisins			
51	Launagjöld	97 972	
52–57	Önnur rekstrargjöld	109 445	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	35 773	
571	Fjármagnskostnaður	40 200	
51–57	Viðhald	27 364	
593	Afskriftir	80 278	
5,8	Gjöld samtals	391 032	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	395 298	
49	Aðrar tekjur	1 500	
4,7	Tekjur samtals	396 798	
	Mismunur		5 766
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	20 000	
26	Afborgun lána	42 510	
32	Annað	23 534	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	80 278	
39	Ráðstöfun eigin fjár	5 766	
31-233 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg			
51	Launagjöld	38 017	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 428	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	16 693	
571	Fjármagnskostnaður	900	
51–57	Viðhald	593	
593	Afskriftir	7 624	
5,8	Gjöld samtals	75 255	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	79 813	
48	Fjármunatekjur	165	
4,7	Tekjur samtals	79 978	
	Mismunur		4 723
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 000	
26	Afborgun lána	4 360	
32	Annað	4 987	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 624	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 723	
31–321 Rafmagnsveitur ríkisins			
51	Launagjöld	139 300	
52–57	Önnur rekstrargjöld	152 200	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	806 300	
571	Fjármagnskostnaður	295 100	
593	Afskriftir	306 400	
5,8	Gjöld samtals	1 699 300	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 234 300	
49	Aðrar tekjur	370 100	
4,7	Tekjur samtals	1 604 400	
	Mismunur		−94 900
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	200 000	
26	Afborgun lána	131 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	306 400	
26	Tekin lán	100 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−94 900	
32	Annað	20 000	
31–331 Jarðboranir ríkisins			
51	Launagjöld	23 168	
52–57	Önnur rekstrargjöld	25 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 000	
571	Fjármagnskostnaður	53	
51–57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	25 000	
5,8	Gjöld samtals	83 721	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	82 168	
48	Fjármunatekjur	1 000	
49	Aðrar tekjur	553	
4,7	Tekjur samtals	83 721	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	121 295	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	25 000	
32	Annað	96 295	

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–332 Jarðvarmaveitur ríkisins			
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 385	
571	Fjármagnskostnaður	9 900	
51–57	Viðhald	700	
5,8	Gjöld samtals	14 985	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	14 985	
4,7	Tekjur samtals	14 985	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	300	
26	Afborgun lána	88 483	
Fjármunahreyfingar inn:			
32	Annað	88 783	
31–369 Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar			
18	Fjárfestingar	8 000	
32	Annað	8 000	
31–371 Orkusjóður			
52–57	Önnur rekstrargjöld	791	
571	Fjármagnskostnaður	549 330	
59	Yfirfærslur	8 000	
	Sveitarafvæðing	5 000	
	Einkarafstöðvar	3 000	
5,8	Gjöld samtals	558 121	
48	Fjármunatekjur	483 800	
4910	Framlög ríkissjóðs	183 721	
4,7	Tekjur samtals	667 521	
	Mismunur		109 400
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	30 000	
	Hitaveitulán	10 000	
	Jarðhitaleitarlán	20 000	
	Styrking dreifikerfa í sveitum	40 000	
26	Afborgun lána	351 100	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	291 700	
26	Tekin lán	20 000	

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1.1 Að breyta fjárhæðum tekju- og gjaldamegin ef lög verða staðfest frá Alþingi 1986 sem hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð. Allar fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum öðrum en fjárlögum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gildi aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

1.2 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld síma árið 1986 hjá allt að 50 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélagsins í Reykjavík. Menn þessir séu fyrirvinnur heimilis eða vinni einir á vinnustað.

1.3 Að ákveða að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1986 hjá allt að 50 fötluðum mönnum, eftir tilnefningu Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra.

Fjármálaráðherra er heimilt:

2.1 Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1986 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja ef með þarf um greiðslu yfirdráttarskuldar og um lánskjör.

Eftirgjöf aðflutningsgjalda og sölugjalds

3.1 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af vélum og tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðar (verndarvöruiðnaðar), þ.e. í þeim iðngreinum sem framleiða iðnaðarvörur sem falla undir tollalækkunarákvæði fríverslunarsamninga Íslands við EFTA og EBE við innflutning til Íslands. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.2 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til stofnlína fyrir 132 kv. spennu og hærri svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.3 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði og efni til mengunarvarna sem sett er upp að kröfu Siglingamálastofnunar ríkisins:

a) Fleytibúnaði til þess að ná upp olíu sem flýtur á sjó.
b) Flotgirðingum til að hefta útbreiðslu olíu sem flýtur á sjó.
c) Svokölluðum dreifiefnum sem eru sérstaklega gerð til að sundra olíuflekk sem flýtur á sjó (koma í veg fyrir að olíu reki á land og vernda fuglalíf á sjó).

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.4 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.5 Að endurgreiða sölugjald af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollskrárnúmeri 87.02.43 svo og af ökutækjum sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Enn fremur að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sérbúnaði og tækjum í sjúkrabifreiðar svo og bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.6 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjúkra- og leitarbifreiðum í eigu björgunarsveita og slökkvibifreiðum og stigabifreiðum slökkviliða, reykköfunarbúnaði og hlífðarbúnaði fyrir slökkviliðsmenn, brunaslöngum og tengistykkjum fyrir þær og öðrum sérbúnaði sem sannanlega er einungis notaður til brunavarna og slökkvistarfa. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.7 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjarskiptatækjum sem leitar- og björgunarsveitir flytja til landsins til uppbyggingar á nýju fjarskiptakerfi fyrir metra-, desimetra- og millibylgjur (VHF, UHF og SSB). Framangreindar heimildir gilda einnig vegna fjarskiptatækja sem sett kunna að verða upp í Loðmundarfirði svo og sérhannaðra snjósleða (dráttarsleða) og snjóbifreiða sem notaðar eru til sjúkraflutninga og eru í eigu björgunar- og hjálparsveita og Rauðakrossdeilda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.8 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af sjálfvirkum símstöðvum, fjölsímum, jarðsímum og radíótækjum sem flutt eru til landsins á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.10 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af dráttarvélum sem bændur á lögbýlum kunna að kaupa á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum til fóðuriðja. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.12 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af efni til byggingar saltverksmiðju á Reykjanesi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.13 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af jafnmörgum talstöðvum og skráðar voru í bifreiðum áður en en breytingar Póst- og símamálastofnunarinnar á fjarskiptakerfi fyrir þessar bifreiðar komu til framkvæmda. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.14 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af innanhússsímum fyrir sjúkrahús og aðrar hjúkrunarstofnanir. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.15 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af neyðar- og kallkerfum sem sett verða upp í vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða og fatlaða og byggðar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1982, um málefni aldraðra, og laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.16 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af eftirtöldum búnaði til björgunarsveita:

a) Línubyssum, merkjabyssum og merkjaskotum til nota við björgun manna úr sjávarháska.
b) Utanborðsvélum á slöngubáta sem notaðir eru við leitar- og björgunarstörf.
c) Flot- og björgunarbúningum, sem viðurkenndir hafa verið af Siglingamálastofnun ríkisins, vegna bátsverja slöngubáta og fjöruborðsmanna við björgun frá ströndum skipum.
d) Sérhönnuðum „neyðarleifturljósum“ (strobe-light) á björgunarvesti og björgunarbúninga.
e) Sérhönnuðum björgunarbátum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.17 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af farsímum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3.18 Að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af varahlutum til snjóbifreiða sem annast reglulega fólksflutninga. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
3.19 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af skíðalyftum.
3.20 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af orgelum til notkunar í kirkjum.
3.21 Að undanþiggja sölugjaldi sölu Listasafns Íslands á 30 glermyndum eftir Leif Breiðfjörð.
3.22 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðböndum fyrir Stofnun Árna Magnússonar.
3.23 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af flotbryggjusamstæðum, til afnota fyrir sportbátaeigendur.
3.24 Að fella niður eða endurgreiða hluta aðflutningsgjalda af lyftara sem Skipaafgreiðsla Suðurnesja flytur inn til nota við losun og lestun skipa.
3.25 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af svonefndum vélarrúmshermi til notkunar við kennslu í vélstjórnarfræðum við Verkmenntaskólann á Akureyri.
3.26 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af gólfborðum í Dómkirkjuna í Reykjavík.
3.27 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum og hlutum til þeirra til loðdýraræktar, fiskeldis og fiskiræktar. Enn fremur til að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af byggingarefni til byggingar sérhæfðra mannvirkja til nota við loðdýrarækt, fiskeldi og fiskirækt. Heimild þessi til endurgreiðslu gjalda af byggingarefni tekur til efnivara sem notaðar hafa verið til framkvæmda frá 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
3.28 Að fella niður eða endurgreiða sölugjald af slaghörpu sem gefin hefur verið til Félagsheimilisins í Bolungarvík.

Eftirgjöf annarra gjalda en aðflutningsgjalda og sölugjalds

4.1 Að endurgreiða upphæð jafnháa skemmtanaskatti af fé sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.
4.2 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem skipasmíðastöðvar eða útgerðaraðilar gefa út til viðskiptabanka vegna endurlána bankanna á erlendum lánum sem tekin eru með samþykki Fiskveiðasjóðs til nýsmíði fiskiskipa, endurbóta hvers konar, þar með talin tækjakaup og vélaskipti.
4.3 Að fella niður stimpilgjöld af veðskuldabréfum sem út kunna að vera gefin vegna skipakaupa, enda veiti Fiskveiðasjóður ekki lán vegna kaupanna. Hámarksfjárhæð þeirra skuldabréfa, sem heimilt er að fella niður stimpilgjöld af, skal miðast við sama hlutfall af verði skips og Fiskveiðasjóður lánar út á við kaup á skipum er falla undir almennar útlánareglur hans.
4.4 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem gefin voru út á árinu 1985 vegna skuldbreytingar í sjávarútvegi á þinggjalda- og launaskattsskuldum, sbr. lög nr. 102/1984. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ráðstöfun eigna

5.1 Að selja húseignirnar Brautarholt 6 og Tjarnargötu 10, Reykjavík.
5.2 Að selja fasteignina Skútuvog 7, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
5.3 Að selja varðskipið Þór.
5.4 Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði.
5.5 Að selja íbúð á 1. hæð að Hörðuvöllum 6 og húseignina Hrísholt 8, Selfossi.
5.6 Að selja fasteignirnar Suðurgötu 8 og Brekkugötu 13, Hafnarfirði.
5.7 Að selja íbúð í eigu Húsabakkaskóla í Svarfaðardal.
5.8 Að selja eignarhluta ríkisins í húseigninni Sólvöllum 3, Selfossi.
5.9 Að selja húseignina Lagarás 4, Egilsstöðum.
5.10 Að selja eignarhluta ríkisins í Krísuvíkurskóla.
5.11 Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Laugarásvegi 1, Reykjavík.
5.12 Að selja húseignina Ægisbraut 7, Búðardal.
5.13 Að selja húseignina Hvanneyrarbraut 27, Siglufirði.
5.14 Að selja húseignina Strandgötu 35, Eskifirði.
5.15 Að selja Andakílsárvirkjun u. þ. b. 2 km langa 66 kv. línu milli Vatnshamra og Andakílsárvirkjunar, sem nú er í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, og hluta af byggðalínustöðinni á Vatnshömrum í Borgarfjarðarsýslu.
5.16 Að selja jörðina Úlfarsá í Mosfellssveit.
5.17 Að selja húseign Ríkisútvarpsins að Norðurgötu 2b á Akureyri.
5.18 Að selja geymsluhúsnæði Rafmagnsveitna ríkisins að Lyngási á Egilsstöðum.
5.19 Að selja áhaldahús Vegagerðar ríkisins að Þjóðbraut 1 á Akranesi.
5.20 Að selja hluta ríkissjóðs í gamla Húsmæðraskólanum á Laugarvatni.
5.21 Að selja íbúð í sameign ríkisins og heimamanna að Ísafjarðarvegi 2, Hnífsdal.
5.22 Að selja 1. hæð húseignar Póst- og símamálastofnunarinnar í Hafnarhvoli við Tryggvagötu.
5.23 Að selja hluta jarðarinnar Leitis í Mýrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.
5.24 Að selja vitavarðarbústað á jörðinni Horni í Nesjahreppi, Austur-Skaftafellssýslu.
5.25 Að selja eignarlóð Rafmagnsveitna ríkisins, sem liggur að Gránufélagsgötu og Grímseyjargötu á hafnarsvæði Akureyrar.
5.26 Að selja skrifstofuhúsnæði sýslumanns og bæjarfógeta á Húsavík.
5.27 Að selja prestsbústaðinn Hlíðarveg 15, Njarðvík.
5.28 Að selja jörðina Kotmúla í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
5.29 Að selja fasteignina Hafnargötu 11, Seyðisfirði.

Fasteignakaup, lántökuheimildir o.fl.

6.1 Að kaupa Ingólfsskála við Reykjavíkurhöfn til afnota fyrir Hafrannsóknastofnunina og taka til þess lán ef nauðsynlegt reynist.
6.2 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Vatnsleysustrandarhreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.3 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslulækni í Ólafsvík og taka nauðsynlegt lán í því skyni.
6.4 Að kaupa húsnæði fyrir heilsugæslustöð í Skútustaðahreppi og taka til þess nauðsynleg lán.
6.5 Að kaupa húsnæði fyrir dýralækni á Hólmavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.6 Að kaupa hluta fasteignarinnar Grensásvegur 12 í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.
6.7 Að kaupa eignir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
6.8 Að kaupa 5. hæð hússins Laugavegur 105, sem er í eigu Bjargráðasjóðs, og taka til þess nauðsynleg lán.

6.9 Að kaupa húsnæði fyrir Skattstofu Norðurlands eystra og taka til þess nauðsynleg lán.
6.10 Að kaupa jörðina Kvíabryggju í Eyrarsveit og þær fasteignir sem Reykjavíkurborg á þar, og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
6.11 Að kaupa fasteignina Lyngás 7—9, Garðabæ, til skólahalds.
6.12 Að kaupa húsnæði til nota sem lögreglustöð á Egilsstöðum og taka nauðsynleg lán í því sambandi.
6.13 Að kaupa húseign — hús verkstjóra — á Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.
6.14 Að kaupa húsnæði fyrir Vinnueftirlit ríkisins og taka til þess nauðsynleg lán.
7.1 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi.
7.2 Að hafa makaskipti á 180 m^2 skemmu Vegagerðar ríkisins á Þórshöfn á Langanesi og 100 m^2 skemmu Kaupfélags Langnesinga ásamt tilheyrandi lóðum.
8.1 Að taka lán til kaupa á skrifstofuhúsnæði fyrir Stjórnarráð Íslands.
8.2 Að taka lán til kaupa á húseignum í nágrenni Menntaskólans í Reykjavík.
8.3 Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72, Reykjavík (98 m^2 geymsluhúsnæði).
8.4 Að taka nauðsynleg lán ef fasteignir verða keyptar fyrir starfsemi eftirtaldra aðila:
1. Embætti bæjarfógeta á Selfossi.
2. Húsabakkaskóla í Svarfaðardal.
3. Sýslumanns í Búðardal.

Ýmsar heimildir

9.1 Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd útgjöld til að bæta fjarskipti ef til fækkunar loftskeytamanna á stórum togurum kemur.
9.2 Að ráðstafa upptækum hagnaði af sölu ávana- og fíkniefna til fyrirbyggjandi aðgerða gegn frekari dreifingu slíkra efna.
9.3 Að semja um, bæta tjón og greiða kostnað vegna sauðfjársjúkdóma.
9.4 Að láta heimild í 2. gr. laga nr. 95/1984, um breyting á lögum nr. 18/1977, um Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, koma til framkvæmda svo að stimpilgjöld af hlutabréfum í Íslenska járnblendifélaginu hf., að nafnverði 660 milljónir króna, verði 13 milljónir króna í stað 13,2 milljóna króna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Fjárlagafrumvarp það sem nú er lagt fram einkennist af áframhaldandi viðleitni ríkisstjórnarinnar til að draga úr þenslu í þjóðarbúskapnum og sporna þar með við viðskiptahalla og verðbólgu, ná jafnvægi í fjármálum ríkisins og hamla gegn vexti opinberra umsvifa.

Þótt verulegur árangur hafi náðst í efnahagsmálum á undanförnum tveimur árum, ekki síst í baráttu við verðbólgu, skortir þó enn nokkuð á til þess að nægjanlegur stöðugleiki sé í hagkerfinu og varanlegt jafnvægi hafi náðst. Verðbólga er meiri en í viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga og viðskiptahalli og þar með erlendar lántökur meiri en við verður unað til frambúðar. Mjög náið samhengi er milli þessara þátta efnahagslífsins og hins opinbera búskapar. Þess vegna skiptir meginmáli að stjórn ríkisfjármála sé með þeim hætti, að hún styðji við bakið á viðleitni stjórnvalda í glímunni við þau vandamál sem hér hafa verið nefnd.

Með fjárlagafrumvarpi þessu nást þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi er erlendum lántökum stillt í hóf, þannig að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verða ekki meiri en nemur afborgunum eldri gengisbundinna lána. Í öðru lagi er með þessu frumvarpi séð til þess, að sem næst jöfnuður verði í rekstri ríkisins, en það er veigamikil forsenda jafnvægisbúskapar á efnahagssviðinu almennt. Loks er með þessu frumvarpi stefnt að því, að umsvif ríkisins verði ívið minni en á yfirstandandi ári. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu verður þannig 27,6% miðað við hið nýja uppgjör þjóðhagsreikninga, en er áætlað 27,9% í ár. Þetta þýðir að svigrúm atvinnulífs og einstaklinga verður heldur meira 1986 en 1985.

Horfur eru á að afkoma ríkissjóðs 1985 verði töluvert verri en stefnt var að við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár. Á því eru ýmsar skýringar sem raktar verða síðar. Þar sem sýnt er að erfitt er að bregðast við þeim halla þegar svo langt er liðið á árið er ljóst að hann verður að fjármagnast með lánum fyrir milligöngu Seðlabankans. Staða ríkissjóðs í ár gerir það að verkum að enn erfiðara er en ella að ná jöfnuði í rekstri ríkisins 1986 og tryggja að ríkisfjármálin verði þá ekki uppspretta þenslu.

Til að ná settum markmiðum 1986 hefur reynst nauðsynlegt að slá á frest margs konar áformum er bæði snerta tekju- og gjaldahlið fjárlaga. Miðað við þá erfiðleika sem að hafa steðjað í efnahagsmálum þjóðarinnar þarf engum að koma á óvart þótt við núverandi aðstæður verði ýmsar þarfar framkvæmdir að bíða og áformum um skattalækkanir seinki. Það sem mest er um vert er það, að skuldamál þjóðarinnar út á við eru nú tekin föstum tökum og ekki ráðgert að fjármagna rekstrarhalla hins opinbera með erlendu lánsfé.

Eigi reyndist unnt að tryggja framgang þessara markmiða án þess að gera ráð fyrir nokkru hærri óbeinum sköttum á næsta ári en nú. Er gerð grein fyrir þessum skattabreytingum á öðrum stað í athugasemdum þessum. Hins vegar er ráðgert að stíga á næsta ári nýtt skref í niðurfellingu tekjuskatta af almennum launatekjum. Er gert ráð fyrir að tekjuskatturinn lækki 1986 um 400 m.kr. frá því sem verið hefði að óbreyttu. Hér er að vísu um styttra

skref að ræða en ráðgert var og hugur stjórnvalda stendur til, en að sinni er ókleift að ganga lengra. Útfærsla þessarar lækkunar mun koma fram í sérstöku frumvarpi í þingbyrjun. Að þessu sinni er ekki heldur svigrúm til niðurfellingar sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Fjárlagafrumvarpið er miðað við sömu forsendur og þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár að því er varðar þróun verðlags, launa og gengis. Tekjur, launa- og rekstrarliðir í fjárlagafrumvarpinu eru settir fram á áætluðu verðlagi í desember n.k. Almennir kjarasamningar í landinu gilda flestir til næstu áramóta. Stefnt er að því að endurskoða tekju-, launa- og rekstrarliði frumvarpsins fyrir þriðju umræðu um fjárlög í ljósi þess sem þá verður best vitað um líklega framvindu launa- og verðlagsmála 1986.

Átak það sem gert hefur verið til að ná endum saman í ríkisfjármálum næsta árs hefur það í för með sér að verulega mikils aðhalds verður að gæta í rekstri ríkisstofnana og ríkisframkvæmda. Kemur þetta glöggt fram í frumvarpinu. Þó er fylgt þeirri stefnu, sem mörkuð var með fjárlagafrumvarpi fyrir 1984, að áætla rekstrarútgjöld stofnana með sem raunhæfustum hætti miðað við raunverulegt umfang í stað þess að ætla stofnunum of lítið rekstrarfé. Slík vinnubrögð hafa, eins og dæmi fyrri ára sanna, aðeins í för með sér aukna ásókn í aukafjárveitingar þegar líða tekur á fjárlagaárið. Í samræmi við þessa stefnu hefur á sama hátt verið reynt að áætla sértekjur stofnana sem raunhæfastar.

Það aðhald sem nú er beitt kemur m.a. fram í því, að fjölgun starfsmanna hjá ríkisstofnunum er í lágmarki, framlög til atvinnuvegasjóða eru að mestu felld niður með sama hætti og tvö undanfarin ár og framlög til annarra sjóða almennt mjög takmörkuð. En þótt fjárlagafrumvarpið einkennist af aðhaldi er þess þó gætt að skerða í engu gæði þeirrar mikilvægu opinberu þjónustu sem landsmenn búa við. Lánsfjármagnaðar framkvæmdir á vegum orkufyrirtækja dragast saman frá fyrra ári. Nú er í athugun hvort draga megi enn frekar úr framkvæmdum og virkjanarannsóknum þessara aðila.

Með fjárlagafrumvarpinu er að þessu sinni lagt fram frumvarp til lánsfjárlaga, en efni það sem áður hefur birst sem lánsfjáráætlun er nú hluti af greinargerð með fjárlagafrumvarpinu. Með þessum breytingum, svo og þeim breytingum á uppsetningu fjárlaga sem ákveðnar voru með lögum á s.l. vori, er þingheimi gert betur kleift en áður að átta sig á heildarsamhengi hinna opinberu fjármála. Jafnframt á nú ekkert að vera því til fyrirstöðu að afgreiða samtímis fjárlög og lánsfjárlög eins og eðlilegast er og löngum hefur verið stefnt að.

Auk frumvarps til lánsfjárlaga verða nú lögð fram í kjölfar fjárlagafrumvarps ýmis önnur frumvörp er snerta tekjur og útgjöld ríkissjóðs á næsta ári.

Í greinargerð frumvarpsins felst enn fremur sú nýjung, að birt er dæmi um hugsanlega þróun ríkisfjármálanna til ársins 1988. Einnig er birtur listi yfir þær aukafjárveitingar sem samþykktar hafa verið til loka september á þessu ári, enda eðlilegt að þær upplýsingar komi fram opinberlega.

2. Fjárlagafrumvarp 1986, yfirlit.

Athugasemdir með þessu frumvarpi eru nú settar fram með öðrum hætti en verið hefur undanfarin ár.

Með lögum nr. 84/1985, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, er gerð og framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings verulega breytt. Fjárlögum er nú ætlað að lýsa með gleggri hætti en verið hefur umsvifum ríkissjóðs og tengja saman umfjöllun um tekjur, útgjöld og lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila. Af þessu leiðir að einkum 1. gr. fjárlaga tekur nokkrum breytingum þar sem lánveitingar og lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja koma þar fram. Auk þess sem ný lög kalla á breytta framsetningu þá hefur á undanförnum árum verið unnið að endurskoðun á bókhaldslykli ríkissjóðs og viðfangsefnaflokkun ríkisútgjalda. Greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir 1986 mótast af þessum breytingum.

Greinargerð frumvarpsins er í nokkrum aðalköflum. Í 2. kafla er gefið yfirlit um helstu þætti og stefnuatriði frumvarpsins. Þá er sérstaklega fjallað um breytingar á framsetningu fjárlaga sem leiðir af nýjum lögum um gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þá er í 3. og 4. kafla greinargerð um tekju- og gjaldahlið frumvarpsins. Í 5. kafla er lýst heildarskuldbindingum ríkissjóðs í formi lána og veittra ríkisábyrgða. 6. kafli er um fjárfestingar- og lánsfjármál opinberra aðila og annarra. Að lokum er í 7. kafla gerð grein fyrir horfum í ríkisfjármálum á næstu árum.

2.1 Verðforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis. Samkvæmt síðustu spám er talið að verðlag hér á landi í lok þessa árs verði um 12—13% hærra en meðalverðlag ársins og hefur þá verið tekið tillit til 1—2% áætlaðrar hækkunar innflutningsverðlags á síðari hluta árs 1985. Verðbreytingar frá upphafi til loka ársins 1985 yrðu skv. þessu um 30% en meðalhækkun verðlags milli 1984 og 1985 er talin verða heldur meiri eða 31—32%.

Kjarasamningar flestra launþega eru lausir um n.k. áramót og þróun launa á árinu 1986 því óráðin. Svipuðu máli gegnir um verðlagsþróun. Miklar breytingar hafa orðið á gengi erlendra gjaldmiðla á alþjóðagjaldeyrismarkaði að undanförnu. Evrópumyntir hafa hækkað og þar með innflutningsverðlag. Dollaragengið hefur aftur á móti lækkað sem á sinn hátt rýrir útflutningstekjur landsmanna.

Spár um verðbólgu á næsta ári í helstu viðskiptalöndum okkar fela í sér 2—3% hækkun verðlags frá áramótum fram til miðs næsta árs. Af þessu fara menn ekki varhluta í hækkandi innflutningsverðlagi.

Breytingar á óbeinum sköttum sem kynntar eru í fjárlagafrumvarpinu munu valda 1—1½% hækkun framfærslukostnaðar. Á móti vegur lækkun tekjuskatts einstaklinga og aðrar skattbreytingar sem skoða þarf í tengslum við verðlags- og kaupmáttarhorfur fyrir árið 1986.

Áætlun um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggir á því að laun hækki í samræmi við kjarasamninga fjármálaráðherra og BSRB og BHM frá því á fyrri hluta ársins 1985 og í samræmi við niðurstöður kjaradóms hjá þeim aðilum sem taka laun í samræmi við úrskurð dómsins. Laun hækka því um 36—37% að jafnaði milli áranna 1984 og 1985 og um 31—33% frá upphafi til loka ársins 1985.

Forsenda frumvarpsins um gengisþróun er sú að gengi erlends gjaldmiðils hækki um 5% frá áætluðu meðalgengi 1985 til ársloka 1985. Vegna gengisbreytinga og erlendra verðhækkana er talið að verðlag almenns vöruinnflutnings verði að jafnaði 6,7% hærra í lok ársins en að meðaltali 1985. Auk þess er í tekjuáætlun frumvarpsins reiknað með 1—2% aukningu á viðskiptaveltu.

2.2 Afkomuhorfur ríkissjóðs 1985 og 1986, samanburður

Nú skal gerð grein fyrir afkomuhorfum ríkissjóðs 1985 og þær sýndar í samhengi við niðurstöður fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1986. *Sérstaklega skal tekið fram, að hér er framsetning allra fjárhæða fyrir árið 1986 miðuð við þann framsetningarhátt sem gilt hefur fram til þessa. Því eru allar stærðir í yfirlitinu hér að neðan samanburðarhæfar.* Í athugasemdunum hér á eftir er breytt framsetning sérstaklega skýrð.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs 1985 er nú talin verða nokkru lakari en áætlað var við gerð fjárlaga. Skýrist það bæði af því að tekjur ríkissjóðs munu reynast aðrar en áætlað var í fjárlögum, fyrst og fremst vegna minni veltu og innflutnings en spáð var, og einnig hafa útgjöld ríkissjóðs tekið ýmsum breytingum sem ekki var hægt að sjá fyrir. Afkomuhorfum ríkissjóðs 1985 eru í þessu frumvarpi gerð fyllri skil en oft áður, enda nauðsynlegt þegar ríkisfjármálin 1986 eru skýrð. Í 3. kafla um tekjuhlið frumvarpsins og 4. kafla um gjaldahlið er fjallað nánar um þetta. Hér er lögð áhersla á heildarniðurstöður. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlunartölur fjárlagafrumvarpsins 1986 samanborið við fjárlög 1985 og áætlun í september um afkomu ríkissjóðs 1985:

	Fjárlög 1985 M.kr. (1)	Endurskoðuð áætlun 1985 M.kr. (2)	Frumvarp 1986 M.kr. (3)	Breyting % (3)/(1)	Breyting % (3)/(2)
1. Tekjur	25.335	27.141	31.999	26,3	17,9
2. Gjöld	26.079	29.000	32.179	22,7	11,0
3. Rekstrarjöfnuður	**−744**	**−1.859**	**−180**	—	—
4. Lánahreyfingar, útstreymi					
Hlutafé, stofnfjárframlög	−144	−144	−140	—	—
Afborganir af lánum					
Seðlabanki Íslands	−160	−693	−805	—	16,1
Aðrir	−1.192	−1.240	−1.784	49,7	43,9
5. Viðskiptareikningar	−120	−200	−290	—	—
6. Fjárþörf	**−1.941**	**−3.936**	**−3.199**	**64,8**	—
7. Lánahreyfingar, innstreymi					
Innheimtar afborganir	209	209	279	33,5	33,5
Lántökur ríkissjóðs:					
Innlend lán	600	600	1.150	91,2	91,2
Erlend lán	1.556	926	1.804	15,9	—
Fjárþörf		2.416	—	—	—
8. Breytt greiðslustaða	6		34	—	—

Tekju- og gjaldaáætlun ríkissjóðs hefur verið endurmetin reglulega á árinu. Í september s.l. voru tekjur og gjöld ríkissjóðs endurmetin sem hluti af gerð og undirbúningi fjárlaga fyrir árið 1986.

Allar horfur eru taldar á því að ríkisútgjöld verði um 29.000 m.kr., en það er 11,2% hærri niðurstaða en fjárlög gerðu ráð fyrir. Jafnframt er talið að tekjur ríkissjóðs geti numið 27.141 m.kr. en það er um 7,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum. Rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs verður skv. yfirlitinu 1.115 m.kr. verri en að var stefnt við afgreiðslu fjárlaga.

Að hluta til vegna aukins rekstrarhalla og að hluta til vegna breytinga á lánahreyfingum eru nú horfur á því að greiðsluafkoma ríkissjóðs í árslok 1985 verði lakari en fjárlög miðuðu að.

Versnandi afkoma ríkissjóðs 1985 skýrist af ýmsu. Tekjur hækka um 1.806 m.kr. sem er að hluta til vegna sérstakrar fjáröflunar til húsnæðismála um 330—350 m.kr. Að öðru leyti skýrist hækkun tekna af nokkru meiri tekjum af beinum sköttum en áætlað var eða um 350 m.kr. og að öðru leyti af auknum tekjum af veltusköttum. Þrátt fyrir hækkun tekna í

krónum talið þá verður samdráttur í rauntekjum ríkissjóðs vegna minni innflutnings og veltu en áætlað var. Í annan stað skýrist verri afkoma ríkissjóðs af breytingu á gjaldahlið. Útgjöld eru alls talin hækka um 2.901 m.kr. Þyngst í þessari hækkun vega áhrif kjarasamninga ríkisstarfsmanna og hækkun lífeyris- og sjúkratrygginga eða 1.450—1.500 m.kr. Þá hækka útgjöld vegna ráðstafana í húsnæðismálum um 330 m.kr. og vegna ákvarðana sem teknar voru við afgreiðslu lánsfjárlaga um 120 m.kr., þ.e. framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 60 m.kr., rannsóknasjóðs 50 m.kr. og Kvikmyndasjóðs 10 m.kr. Af öðrum veigamiklum útgjaldaliðum ber að nefna fjárútvegun til Áburðarverksmiðju ríkisins 130 m.kr., útflutningsuppbætur 160 m.kr., vaxtagreiðsla 85 m.kr. og ýmsar aðrar greiðslur sem taldar eru geta numið um 650 m.kr. Í fylgiskjali er yfirlit um veittar aukafjárveitingar á tímabilinu janúar—september 1985.

Í þriðja lagi skýrast horfur um lakari greiðsluafkomu ríkissjóðs 1985 af auknu útstreymi af lánareikningum. Afborganir af lánum ríkissjóðs eru alls taldar nema 1.933 m.kr. í stað 1.352 m.kr. eins og áætlað var. Hluti þessara afborgana er af innlendum og erlendum langtímalánum en tæpar 700 m.kr. eru af samsvarandi lánum ríkissjóðs í Seðlabanka. Í 26 gr. frumvarps til lánsfjárlaga fyrir 1986 er leitað heimildar til lántöku til þess að mæta fjárþörf A-hluta ríkissjóðs 1985 að svo miklu leyti sem yfirdráttur á árinu 1985 á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands verður ekki jafnaður með endurgreiðslu á árinu 1986, en sú endurgreiðsla er fyrirhuguð 860 m.kr.

Horfur í ríkisfjármálum 1986 eru í stórum dráttum þær að rekstrarhalli ríkissjóðs nemi um 180 m.kr. Þetta er mun minni halli en í fjárlögum 1985. Afborganir ríkissjóðs af teknum lánum fara aftur á móti hækkandi og nema tæplega 44% hærri fjárhæð en þær eru áætlaðar verða 1985. Þar af leiðir að lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs er áætluð 2.954 m.kr., þ.a. 1.150 m.kr. innanlands og 1.804 m. kr. erlendis. Lánsfjármál ríkissjóðs eru skýrð sérstaklega síðar í greinargerðinni.

Ríkisumsvif má mæla með ýmsum hætti. Einn háttur er að setja tekjur, gjöld og lántökur í hlutfall við þjóðarframleiðsluna. Til skýringar eru í eftirfarandi yfirliti sýndar niðurstöður A-hluta fjárlaga eins og þær eru hér skilgreindar í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu:

	Útkoma 1982 %	Útkoma 1983 %	Útkoma 1984 %	Endurskoðuð áætlun 1985 %	Frumvarp 1986 %
Tekjur	27,0	25,3	26,9	26,1	27,4
Gjöld	26,8	27,3	25,9	27,9	27,6
Rekstrarhalli/afgangur	+0,2	−2,0	+1,0	−1,8	−0,2

2.3 Tekjuhlið, stefnuatriði og niðurstöður

Tekjuhlið frumvarpsins einkennist öðru fremur af tveimur meginþáttum. Annars vegar af lækkun tekjuskatts og umfangsmiklum breytingum á sviði tollamála, hins vegar af ráðstöfunum til þess að mæta tekjutapi vegna þessara skatt- og tollbreytinga, svo og til þess að koma í veg fyrir umtalsverðan halla á ríkissjóði á næsta ári.

Með lækkun tekjuskatts er fram haldið þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum, sem felur í sér 400 m.kr. lækkun álagðs tekjuskatts einstaklinga á næsta ári frá því sem ella hefði verið. Við ríkjandi aðstæður þykir ekki unnt að stíga stærra skref nú í átt til lækkunar. Þá tekur frumvarpið mið af verulegum breytingum á tollskrá sem kynntar verða í nýju tollskrárlagafrumvarpi í þingbyrjun. Í því frumvarpi er stefnt að samræmingu við álagningu tolla og lækkun tolla úr 80% í 50% (að undanskildum fólksbifreiðum). Enn fremur er fyrirhugað að fella niður ýmsa tekjustofna, svo sem sérstakt

vörugjald (24% og 30%), vörugjald af sælgæti, gosdrykkjum o. fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíu, byggingariðnaðarsjóðsgjald og rafmagnseftirlitsgjald.

Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna ofantaldra skattbreytinga og jafnframt að styrkja rekstrarafkomu ríkissjóðs er ráðgert að leggja á nýtt vörugjald og gera nokkrar aðrar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs. Hér má einkum nefna fjögur atriði. Í fyrsta lagi útvíkkun vörugjaldsstofns frá því sem nú er, þannig að unnt sé að halda vörugjaldshlutfallinu svipuðu og áður, eða jafnvel að lækka það. Annar þáttur sérstakrar tekjuöflunar felst í álagningu sölugjalds á nokkra flokka vöru og þjónustu sem nú eru undanþegnir söluskattsskyldu. Í þriðja lagi hækkar bensíngjald og þungaskattur. Á móti kemur sérstök lækkun tolla á fólksbifreiðum úr 90% í 70%, sem talin er geta leitt til um það bil 10% lækkunar á smásöluverði þeirra, og er þegar komin til framkvæmda. Loks má nefna sérstaka hækkun á gjaldskrá ýmissa þjónustuliða. Einnig er fyrirhugað að Seðlabanki Íslands skili til ríkissjóðs hluta af hagnaði bankans, sem er nýlunda.

Heildarinnheimta tekna ríkissjóðs er áætluð 31.999 m.kr. á árinu 1986 eða tæpum 18% meiri en í endurskoðaðri áætlun 1985. Hlutdeild óbeinna skatta hækkar úr rösklega 84% 1985 í tæpt 85½% 1986 af ástæðum sem þegar eru skýrðar. Á móti lækkar hlutdeild beinna skatta tilsvarandi.

Samkvæmt breyttri framsetningu fjárlaga og eins og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins nema heildartekjur 33.540 m.kr. og eru þá meðtaldar vaxtatekjur endurlánareiknings ríkissjóðs að fjárhæð 1.541 m.kr. sem áður hafa ekki farið um A-hluta fjárlaga.

Lauslega áætlað virðist skattbyrði einstaklinga af beinum sköttum til ríkisins nema 3,8% á árinu 1986 miðað við tekjur greiðsluárs, en í ár er hún talin verða kringum 4,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir skattbyrði einstaklinga 1978—86.

Álagðir skattar í hlutfalli við tekjur einstaklinga, %

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	Bráðab. 1984	Áætlun 1985	Spá 1986
1. Skattar til ríkisins									
Á greiðsluári	6,0	6,3	5,9	5,6	6,1	5,4	4,9	4,4	3,8
Fyrra ár	9,5	9,5	9,4	9,0	9,6	8,6	6,4	5,9	4,3
2. Skattar til sveitarfélaga									
Á greiðsluári	6,3	6,8	7,0	6,8	6,8	6,8	7,4	7,0	
Fyrra ár	10,1	10,4	11,1	10,8	10,7	10,9	9,7	9,5	
3. Ríki og sveitarfélög alls									
Á greiðsluári	12,4	13,1	12,9	12,4	12,9	12,2	12,3	11,4	
Fyrra ár	19,6	19,9	20,4	19,8	20,3	19,5	16,1	15,5	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2.4 Gjöld, stefnuatriði og niðurstöður

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af nokkrum aðalatriðum. Samneyslan, þ.e. laun og rekstrarfé stofnana, er takmörkuð eftir föngum, starfsmannafjölgun ekki meiri en nauðsynlegt getur talist og haldið aftur af útþenslu.

Fjármagnsútgjöld einkenna gjaldahlið frumvarpsins en þau fara vaxandi ár frá ári. Í fjárlögum 1975 námu vaxtagreiðslur 1,5% af heildargjöldum, 1980 námu þær 3,5%, 4,6% 1984, 5,4% 1985 og eru áætlaðar 6,2% 1986, eða 2.006 m. kr. skv. eldri framsetningu fjárlaga. Fyrir ríkissjóð er því mjög brýnt að draga úr skuldasöfnun.

Útgjöld til nokkurra málaflokka taka umtalsverðum breytingum frá fjárlögum 1985. Í fyrsta lagi eru framlög til vegamála miðuð við 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu sem er 0,2—0,3 úr prósentu hærra hlutfall en 1985. Nema útgjöldin alls 2.037 m.kr.

Í öðru lagi fer nú til húsnæðismála mun hærri fjárhæð en 1985, eða alls 1.600 m. kr., þar af eru markaðar tekjur skv. lögum nr. 48/1985 665 m. kr. en að auki leggur ríkissjóður fram 935 m.kr. Með þessum fjármunum og lánsfjármögnun hjá lífeyrissjóðum á að vera unnt að veita húsbyggjendum umtalsverða fyrirgreiðslu og bót frá því sem verið hefur.

Í þriðja lagi þarf vegna fyrrnefndra tveggja verkefna að takmarka framlög til annarra framkvæmda. Því mun yfirleitt ekki fallist á að hefja nýjar byggingarframkvæmdir, áherslan hvílir á því að ljúka þeim verkum sem unnið er að.

Í fjórða lagi nemur fjárútvegun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna skv. frumvarpinu 1.100 m.kr. Sjóðurinn er orðinn annar stærsti lánasjóður í fjárlögum á eftir Byggingarsjóði ríkisins. Fyrirhuguð fjárútvegun til sjóðsins kallar á endurskoðun á reglum um úthlutun námslána.

Í fimmta lagi eru niðurgreiðslur á vöruverði og raforku miðaðar við það stig niðurgreiðslna sem nú gildir. Alls er fyrirhugað að verja til þessa 1.000 m.kr.

Í sjötta lagi eru 600 m.kr. ætlaðar til Aflatryggingasjóðs sem er endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti í útgerð og fiskvinnslu. Sambærileg fjárhæð 1985 er 430 m.kr.

Í áttunda og síðasta lagi eru framlög til almanna- og atvinnuleysistrygginga við það miðuð að lækka megi útgjöldin um 250 m.kr. frá því sem annars væri.

Heildarútgjöld eru talin verða 32.179 m.kr. (33.417 m. kr. skv. nýrri framsetningu frumvarpsins) en það er hækkun um 10,8% frá áætlaðri útgjaldatölu 1985. Samneysla ríkisins hækkar um 11,3%, vaxtakostnaður um 28,9% og ýmsar rekstrar- og neyslutilfærslur til einstaklinga og atvinnuvega um 9,1%.

2.5 Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar ríkissjóðs. Sýnd er innlend og erlend lánsfjáröflun svo og afborganir lána, framlög ríkisins til hlutafélaga og hreyfing á skammtímakröfum.

Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings kemur m.a. fram í því að nú er gerð sérstök grein fyrir greiddum og innheimtum afborgunum eldri lána A-hluta ríkissjóðs og endurlánareiknings ríkissjóðs.

Afborganir, nettó. Mismunur greiddra og innheimtra afborgana nemur alls 2.453 m.kr. í frumvarpinu. Þessi fjárhæð verður best skýrð í eftirfarandi yfirliti:

Afborganir, greiddar og innheimtar

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun 85	Frumvarp 1986
A-hluti ríkissjóðs	1.352	1.933	1.154
Seðlabanki	160	693	805
— innlend lán, önnur	502	510	80
— gengisbundin lán, önnur	690	730	269
Endurlánareikningur	—	—	2.786
— spariskírteini ríkissjóðs, innlausn	—	—	1.500
— innlend lán, önnur	—	—	119
— gengistryggð lán	—	—	1.167
Alls	1.352	1.933	3.940
Frá dregst:			
— Innheimtar afborganir af veittum lánum A-hluta	209	209	279
— Innheimtar afborganir af veittum lánum endurlánareiknings	—	—	1.208
Mismunur	1.143	1.724	2.453

Heildarafborganir af teknum lánum ríkissjóðs nema 3.940 m. kr. Í yfirlitinu hér að ofan hafa afborganir A-hluta ríkissjóðs til endurlánareiknings, að fjárhæð 1.435 m. kr., verið felldar út við samruna þessara aðila. Vakin er sérstök athygli á að innlausn eldri spariskírteina telst með afborgunum lána enda um ódagsetta kröfu að ræða í mörgum tilvikum. Mat á þessum þætti er jafnan háð mikilli óvissu, en í ljósi reynslu síðustu ára er innlausnin áætluð 1.500 m. kr. á árinu 1986.

Mikil aukning á afborgunum A-hluta ríkissjóðs skýrist öðru fremur af upptöku endurlánareiknings í A-hluta. Jafnframt hefur A-hluti ríkissjóðs yfirtekið lán sem áður voru í B-hluta ríkissjóðs. Greiðslur ríkissjóðs af t.d. Kröflulánum nema alls 969 m. kr. 1986, þ.a. eru afborganir 572 m. kr. og vextir 397 m. kr.

Innheimtar afborganir ríkissjóðs nema alls 1.487 m. kr. Þar af eru 279 m. kr. af veittum lánum A-hluta samkvæmt eldri skilgreiningu og er það einkum af lánum sem veitt voru Landsvirkjun í tengslum við yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínum, virkjanarannsóknum og Kröfluvirkjun. Afgangurinn eða 1.208 m. kr. eru innheimtar afborganir af veittum lánum af endurlánareikningi til annarra en A-hluta ríkissjóðs.

Veitt lán. Nú teljast til veittra lána þau lán sem ríkissjóður hyggst hafa beina milligöngu um að afla fyrir B-hluta-fyrirtæki og sjóði. Þessi lán eru til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 350 m.kr., Rafmagnsveitna ríkisins 100 m.kr., flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli 300 m.kr., Orkusjóðs 20 m.kr. og 150 m. kr. vegna Byggingarsjóðs ríkisins til orkusparnaðaraðgerða. Að auki munu veittar ríkisábyrgðir til nokkurra aðila sem skýrt er nánar í kafla 5 og 6.2.

Hluta- og stofnfjárframlög. Hluta- og stofnfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 140 m.kr. á árinu 1986. Hér er um að ræða eftirtalin framlög.

1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbanka Íslands í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7,5 m.kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta fimmta greiðsla af tólf.
2) Stofnfjárframlög til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 27,4 m.kr. Hér er um að ræða aðra greiðslu af þrem, alls 75 m.kr., sem er vegna ákvörðunar aðildarríkja Alþjóðabankans um 9 milljarða dala framlag til þróunaraðstoðar á næstu árum.
3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutafjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—87 verður hlutafjárframlag Íslands 11,9 m.kr., föst upphæð á hverju ári.
4) Norðurlandaráð ákvað 1983 að auka hlutafé Norræna fjárfestingarbankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984—86. Fjárframlag Íslands er í samræmi við þetta áætlað 4,8 m.kr. 1986.
5) Samkvæmt lögum nr. 49/1984 er ríkisstjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80 m.kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisns tók á árinu 1983. Ríkissjóður hefur greitt af umræddu láni 1984 og 1985, en lokagreiðsla af því er 18,4 m.kr. á árinu 1986.
6) Að síðustu er áætlað fyrir hlutafjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á eða kann að eignast aðild að, alls 70,0 m.kr. Hér eru hafðar í huga greiðslur t.d. vegna Þróunarfélags og Orkustofnunar International.

Viðskiptareikningar. Á undanförnum árum hafa breytingar á ýmsum skammtímakröfum ríkissjóðs numið hærri fjárhæðum en þær kröfur sem á ríkissjóði standa. Hér af leiðir

tímabundið fjárútstreymi úr ríkissjóði sem þarf að fjármagna. Áætlað nettóútstreymi á þessum reikningum nemur 1.150 m. kr. á árinu 1986 og er eftirfarandi til skýringar:

1) Fram hafa farið viðræður milli fjármálaráðuneytis og stjórnar Flugleiða hf. um útistandandi kröfu ríkissjóðs á félagið vegna gjaldfrests á lendingargjöldum o.fl. frá árinu 1983. Gert er ráð fyrir innheimtu á umræddu bráðabirgðaláni, alls 28 m.kr.
2) Á undanförnum árum hefur myndast krafa Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, ICAO, á hendur ríkissjóði vegna ofgreidds kostnaðar við alþjóðaflugumsjón, veðurathuganir o.fl. Ríkissjóður þarf á árunum 1985—87 að endurgreiða ICAO um 120 m.kr. takist ekki samningar um aðra tilhögun þessa máls. Á árinu 1985 verða greiddar 34 m.kr. og 1986 er gert ráð fyrir að greiddar verði 45 m.kr.
3) Ríkissjóði er heimilt skv. lánsfjárlögum 1985 að sjá um vaxtakostnað af afurðalánum vegna skreiðarbirgða, allt að 250 m.kr., þar til þær seljast. Umræður standa yfir um þetta mál. Ríkissjóður verður á árinu 1986 sennilega að leggja fram tímabundið allt að 45 m.kr. vegna þessa.
4) Gert er ráð fyrir að ýmis fyrirgreiðsla, s.s. skuldaviðurkenningar vegna aðflutningsgjalda, innheimtukröfur o.fl., valdi útstreymi allt að 228 m.kr.
5) Fyrirsjáanlegt er að afkoma ríkissjóðs 1985 verður lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Óhjákvæmilega verður því yfirdráttur á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands. Auknum yfirdrætti er fyrirhugað að mæta með tvennum hætti. Annars vegar er sótt um heimild til langtímalántöku, sbr. 26. gr. í lánsfjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986, alls að fjárhæð 1.500 m.kr. Hins vegar hefur verið samið við bankann um viðskiptafærslu að fjárhæð 860 m. kr. til ársins 1986.

Í heild nemur fjárþörf A-hluta ríkissjóðs 3.874 m.kr., þ.a. verða 920 m.kr. endurlánaðar B-hluta fyrirtækjum og sjóðum. Með þessum hætti næst 34 m. kr. afgangur á greiðslujöfnuði ríkissjóðs á árinu 1986.

Taka ber fram að lánsfjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna svo og Byggðastofnunar telst ekki til lánsfjármála ríkissjóðs enda litið á þessar stofnanir sem lánastofnanir.

Til fyllri skýringa um lánamálin í heild vísast til 6. kafla frumvarpsins, þar sem fjallað er um lánsfjáráætlun.

2.6 Lagabreytingar

Til skýringar er hér sett fram sérstök greinargerð um þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að tekju- og gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins standist.

Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lög um tekju- og eignarskatt. Á því er byggt í frumvarpinu að lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt þannig að tekjuskattur lækki um 400 m.kr.

Sérstakur barnabótaauki. Lög nr. 128/1984, um sérstakan barnabótaauka, verði framlengd en þeim var í upphafi einungis ætlað að koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1985.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Lög nr. 130/1984, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, verði framlengd.

Tollalög. Eldri tollalög falli úr gildi en í stað þeirra verði samþykkt ný tollalöggjöf. Af þessum sökum eru margar heimildargreinar um niðurfellingu aðflutningagjalda, sem voru í 6. gr. fjárlaga 1985, ekki í 6. gr. frumvarpsins nú.

Lög um vörugjald. Eldri lög um vörugjald falli úr gildi en í stað þeirra verði samþykkt ný löggjöf um vörugjald.

Lög um fjáröflun til vegagerðar. Staðfest verði bráðabirgðalög nr. 90/1985, um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, vegna hækkunar bensíngjalds.

Lög um tollskrá. Staðfest verði bráðabirgðalög nr. 89/1985, um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., vegna lækkunar tolla á bifreiðum.

Lög um söluskatt. Lögum nr. 10/1960, um söluskatt, ásamt síðari breytingum, verði breytt.

Lög um stimpilgjald. Breytt verði lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Í frumvarpinu er á því byggt að útgjöld ríkissjóðs vegna námslána og námsstyrkja samkvæmt lögum nr. 72/1982 fari ekki yfir samanlagða fjárveitingu og lántöku sjóðsins að fjárhæð 1.100 m.kr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, skal framlag ríkissjóðs til stofnlánadeildarinnar eigi nema hærri fjárhæð en 36,7 m.kr. Þetta framlag er til Lífeyrissjóðs bænda en skv. 19. gr. laga nr. 50 1984, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, skal Stofnlánadeild landbúnaðarins standa undir 37,5% lífeyrisgreiðslna til ársloka 1989. Greiðslur til Lífeyrissjóðs bænda áttu að falla niður 1. janúar 1986 samkvæmt lögum nr. 50/1984 en því var breytt með lögum nr. 20/1985.

Fiskveiðasjóður Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 44/1976 og laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, fellur framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs niður á árinu 1986.

Aflatryggingasjóður. Framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs er ákveðið í lögum nr. 51/1983 og lögum nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs falli niður með öllu.

Bjargráðasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57 1980, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki fara yfir 18,2 m.kr. og er framlagið eingöngu vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem ríkissjóður er skuldbundinn til að standa straum af.

Framkvæmdasjóður fatlaðra. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, verður framlag ríkissjóðs til sjóðsins ekki hærra en 80 m.kr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, er ekki gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs til deildarinnar 1986 fremur en 1985.

Hafnabótasjóður. Um Hafnabótasjóð gilda lög nr. 69/1984. Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 12 m.kr. á árinu 1986.

Iðnlánasjóður. Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-hluta 3. gr. laga nr. 55/1984 verður framlag ríkissjóðs á árinu 1986 eigi hærri fjárhæð en 40 m.kr.

Ferðamálaráð. Þrátt fyrir ákvæði 8. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, verður framlag ríkissjóðs ekki hærra en 15 m.kr. á árinu 1986.

Þéttbýlisvegafé. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 6/1977 skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 120 m.kr. á árinu 1986.

Félagsheimilasjóður. Þrátt fyrir 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi nema hærri fjárhæð en 18 m.kr. á árinu 1986.

Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að lög nr. 59/1983, sbr. lög nr. 110/1984, komi ekki að fullu til framkvæmda á árinu 1986 í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmunum í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur. Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 730 m.kr.

Atvinnuleysistryggingasjóður. Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985, skal heildarframlag ríkissjóðs skv. 4. gr. fjárlagafrumvarpsins ekki nema hærri fjárhæð á árinu 1986 en 235,7 m. kr.

2.7 Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings

Með fjárlagafrumvarpi ársins 1985 var sett fram yfirlit um uppgjör ríkisfjármála samkvæmt uppgjörshætti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sá uppgjörsmáti miðar að því að draga fram með markvissum hætti öll umsvif ríkisins, hvort heldur þar er um að ræða rekstrar- eða lánastarfsemi. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vinnur nú að endurskoðun á uppgjörsformi sínu í ljósi reynslu undanfarinna ára. Af hálfu íslenskra yfirvalda sýnist því ekki á þessu stigi ástæða til að fylgja uppgjörshætti gjaldeyrissjóðsins að öllu leyti.

Með lögum nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, var rutt úr vegi lagaákvæðum sem koma í veg fyrir breytta framsetningu. Nær þetta fyrst og fremst til þess að almannatryggingar og endurlánareikningur ríkissjóðs voru bundin í B-hluta fjárlaga. Að öðru leyti er það í höndum ríkisreikningsnefndar að gera tillögu um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Að svo stöddu telur ríkisreikningsnefnd ekki tímabært í þessu frumvarpi að endurskipuleggja A- og B-hluta fjárlaga að öðru leyti en því sem lögin kveða ótvírætt á um, þ.e.a.s. að almannatryggingar og endurlán ríkissjóðs teljist til A-hluta fjárlaga auk þess sem nokkrum sjóðum og fyrirtækjum í B-hluta er sleppt vegna þess að þar er ekki um eiginlega ríkisstarfsemi að ræða. Í því sambandi skiptir Landsvirkjun mestu máli, en það fyrirtæki er samkvæmt skilgreiningu sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga, á sama hátt og Orkubú Vestfjarða. Í ríkisreikningsnefnd hefur komið til tals að með ríkisreikningi og fjárlögum eftir atvikum fylgi yfirlit úr reikningum allra félaga og fyrirtækja sem ríkissjóður er aðili að. Ósamræmis hefur gætt milli þess sem fram er sett í B-hluta ríkisreiknings og B-hluta fjárlaga. Unnið er að samræmingu á þessu en henni er ekki lokið.

Áhrif lagabreytingarinnar frá vorinu 1985 koma fram með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að útgjöld almannatrygginga eru nú ekki lengur talin sem yfirfærslur til B-hluta, heldur í A-hluta sem yfirfærslur til einstaklinga og samtaka. Þetta breytir engu um niðurstöður frumvarpsins. Fjárhæðir eru hinar sömu í báðum tilvikum. Í öðru lagi er endurlánareikningur ríkissjóðs nú sameinaður ríkissjóði. Þessi breyting hefur mikil áhrif á niðurstöður frumvarpsins og alla framsetningu þess. Áhrifum þessarar breytingar er best lýst í eftirfarandi yfirliti:

	A-hluti, eldri framsetning	Endurlán ríkissjóðs	Hreyfing milli A-hluta og endurlána	Frumvarp 1986
Tekjur:				
Skatttekjur	31.139	—	—	31.139
Vaxtatekjur	860	2.661	−1.120	2.401
Alls	31.999	2.661	−1.120	33.540
Gjöld:				
Ríkisútgjöld	30.173	—	—	30.173
Vaxtagjöld	2.006	2.358	−1.120	3.244
Alls	32.179	2.358	−1.120	33.417
Rekstrarjöfnuður	**−180**	**+303**	**0**	**+123**
Lánareikningur, hreyfingar				
Afborganir, greiddar	2.589	1.286	−1.435	2.440
Innlausn spariskírteina	—	1.500	—	1.500
−innheimtar afborganir	279	2.643	−1.435	1.487
Mismunur	2.310	143	0	2.453
Veitt lán	**—**	**3.874**	**−2.954**	**920**
Hlutafjár- og stofnfjárframlög	**140**	**—**	**—**	**140**
Viðskiptareikningar, nettó útstreymi	**1.150**	**860**	**−860**	**1.150**
Lánsfjárþörf	**2.920**	**4.574**	**−2.954**	**4.540**
Lántökur:	**2.954**	**4.574**	**−2.954**	**4.574**
Innlendar	1.150	1.850	−1.150	1.850
Erlendar	1.804	2.724	−1.804	2.724
Greiðslujöfnuður	+34	0	0	+34

Yfirlitið sýnir þær fjárhæðir sem nú teljast til A-hluta ríkissjóðs en voru utan umfjöllunar áður. Þannig gefur lántaka A-hluta nú til kynna raunverulegt umfang á lánastarfsemi ríkissjóðs, þar sem ríkissjóður er umsvifamikill lántaki annars vegar og lánveitandi hins vegar. Af þessari breyttu framsetningu leiðir að 1. gr. frumvarpsins breytist. Nú þykir rétt að sýna sérstaklega vaxtatekjur og vaxtagjöld ríkissjóðs, ekki síst til skýringar á þeim breytingum sem verið er að gera. En einnig vegna þess að þar sem vaxtatekjur og vaxtagjöld endurlánareiknings eru nú meðtalin breytist rekstrarafkoma ríkissjóðs úr 180 m.kr. halla í 123 m.kr. rekstrarafgang.

Lántökur ríkissjóðs eru nú dregnar sérstaklega fram sem niðurstaða í 1. gr. frumvarpsins. Lántökuheimildar er aftur á móti leitað í 1. gr. frumvarps til lánsfjárlaga og á að vera fullt samræmi hér á milli og augljós tengsl.

Í lögum nr. 84/1985 segir að efni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar skuli teljast hluti af greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Lánsfjárlagafrumvarpið sjálft er lagt fram sem sjálfstætt frumvarp til umfjöllunar í deildum. En öll efnisatriði þess frumvarps fá umfjöllun í greinargerð fjárlagafrumvarpsins og verður þar af leiðandi skoðað af fjárveitinganefnd Alþingis auk nefnda þingdeilda. Þessi málsmeðferð er sama eðlis og við á um ýmsar fjármálaráðstafanir sem beint tengjast tekjum og útgjöldum ríkissjóðs. Þá skal samkvæmt áðurnefndum lögum leggja fyrir Alþingi yfirlit um heildarskuldbindingar ríkissjóðs til nokkurra ára. Þetta kemur til af því að lánsfjármál og ríkisábyrgðir hafa hlotið aukna umfjöllun, án þess þó að grein hafi verið gerð fyrir heildarmynd þeirra.

Af öðrum nýmælum laganna er að nefna, að tekin eru upp ákvæði úr lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála, þar sem fjármálaráðherra er árlega gert að leggja fram áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin.

Í athugasemdunum hér á eftir er leitast við að uppfylla lagaákvæðin eftir því sem kostur er. Tilhögun fjölmargra þátta liggur ekki fyrir en þýðingarmestu atriði lagabreytingarinnar koma fram í framsetningu frumvarpsins, einkum 1. gr. þess, svo og í athugasemdum.

2.8 Horfur í ríkisfjármálum 1986—1988

Áður er komið fram að fjármálaráðherra er skylt samkvæmt lögum að leggja fram með fjárlagafrumvarpi áætlun um horfur í ríkisfjármálum til nokkurra ára. Ákvæði 12. gr. laga nr. 84/1985 kveða á um að í áætlun þessari skuli sýna meðal annars:

- meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins,
- samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og efnahags- og atvinnumálum,
- stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins,
- stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Unnið hefur verið að mótun þessa máls. Sérstaklega hefur verið lögð áhersla á samræmi við þær þjóðhagshorfur til næstu ára sem Þjóðhagsstofnun leggur fram og er hluti af þjóðhagsáætlun. Útgjöld ríkissjóðs eru metin út frá þeim útgjaldaáformum sem uppi eru 1986, að teknu tilliti til lagaákvæða sem gagngert hafa áhrif til breytinga á næstu árum. Annars taka útgjöld einkum mið af fólksfjölgun að því er snertir útgjaldahorfur í trygginga- og fræðslumálum. Sérstök áhersla er lögð á athugun á fjármagnskostnaði, þ.e. vexti ríkissjóðs á komandi árum, en þessi útgjaldaþáttur vex hröðum skerfum, sbr. kafla 5.

Horfur í ríkisfjármálum á næstu árum eru eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Hlutfall af áætlaðri þjóðarframleiðslu *		
	1986	1987	1988
Tekjur	28,7	27,9	26,7
Gjöld	28,6	28,4	28,3
Rekstrarafkoma	0,1	−0,5	−1,6
Lánsfjárþörf	3,9	3,7	5,1

* Hlutföll eru metin út frá nýrri framsetningu á ríkisfjármálum. Til fyllri skýringar er vísað í 7. kafla.

3. Tekjuhlið.

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Hún sýnir innheimtar tekjur 1986 miðað við áætlaðar verðlags-, kauplags- og gengishorfur í árslok 1985 og endurskoðaða áætlun um innheimtu tekna ríkissjóðs á árinu 1985. Á árinu 1986 er áætlað að heildarinnheimta tekna ríkissjóðs nemi 31.999 m.kr., samanborið við 27.141 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 og 25.336 m.kr. í fjárlögum 1985. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1986 frá endurskoðaðri áætlun 1985 nemur 4.858 m.kr., eða 17,9%, en 26,3% frá fjárlögum 1985.

Að teknu tilliti til breyttrar framsetningar fjárlaga nema tekjurnar alls 33.540 m.kr. Það er 1.541 m.kr. hærri fjárhæð. Í umfjölluninni hér að neðan er unnið út frá þeirri framsetningu sem gilt hefur.

Með samanburði við fyrri ár virðast innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1985 munu hækka um 30,7% frá 1984, samanborið við 37,2% hækkun milli áranna 1983—1984. Á tímabilinu 1981—1983 hækkuðu innheimtar tekur ríkissjóðs að jafnaði um nálægt 60% á ári.

	1981	1982	1983	1984	Endurskoðuð áætlun 1985	Frumvarp 1986
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m.kr.	5.995	9.577	15.144	20.771	27.141	31.999
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	59,7	58,1	37,2	30,7	17,9

Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun um helstu tekjustofna ríkissjóðs árið 1985 svo og áætlun fyrir árið 1986.

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1985 rúmum 400 m.kr., sem er 45,2% hækkun frá árinu áður. Þar af er álagður eignarskattsauki tæpar 40 m.kr., en að eignarskattsaukanum frátöldum nemur hækkunin frá fyrra ári 31%. Álagning eignarskattsauka var ákveðin með lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986. Heildarálagning eignarskatts á félög hækkaði ívið meira, eða um 47,7%, en sé álagður eignarskattsauki undanskilinn nemur hækkunin 17%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1985 yrði því 46,5% hærri en 1984, eða 709 m.kr. í stað 484 m.kr., en sé eignarskattsaukinn undanskilinn nemur hækkunin tæpum 25%.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1986 er miðuð við þá meginforsendu, að skattbyrði milli áranna 1985 og 1986 haldist óbreytt og að skattvísitala og aðrir þættir, sem álagningu eignarskatts varða, verði ákveðnir í samræmi við það, m.a. með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að álagning eignarskatta hækki um 10% á árinu 1986, miðað við verðlag í árslok 1985. Vegna áætlaðra eftirstöðva ógreiddra skatta í árslok 1985 er gert ráð fyrir að innheimta eignarskatts hækki meira en samsvarar hækkun álagningar milli ára, eða um rúmlega 15% hjá einstaklingum og 19% hjá félögum. Samkvæmt þessu yrði innheimta eignarskatts einstaklinga 420 m.kr. 1986 en innheimta eignarskatts félaga yrði um 310 m.kr.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði um 90 m.kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Jafnframt er áætlunin fyrir 1986 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í því felst að innheimta skattsins verði 100 m.kr. 1986, að meðtalinni innheimtu eftirstöðva fyrri ára.

Innheimta erfðafjárskatts fyrstu átta mánuði ársins 1985 virðist benda til þess að fjárlagaáætlunin gangi eftir og innheimtan nemi um 25 m.kr. Á árinu 1986 er að svo stöddu gert ráð fyrir sömu innheimtu, en þessi áætlun er afar óviss og kann að breytast þegar fyllri vitneskja liggur fyrir um framvinduna á þessu ári.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1985, brúttó, þ.e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 3.920 m.kr. Hækkun frá frumálagningu í fyrra er rúmlega 19½%. Á hinn bóginn hækkuðu barnabætur og persónuafsláttur um rúm 27% frá árinu 1984, í samræmi við samkomulag stjórnarflokkanna frá 6. september 1984 um afnám tekjuskatts af almennum tekjum í áföngum. Fyrsti áfangi kom til framkvæmda við álagningu þessa árs og er talinn hafa numið um 600 m.kr. Frumálagning tekjuskatts einstaklinga, nettó, hækkaði því minna en brúttóálagningin, eða um 15% frá 1984. Árið 1985 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga verði um 2.035 m.kr., miðað við svipað innheimtuhlutfall og 1984. Í áætlun þessa fjárlagafrumvarps er gert ráð fyrir að til framkvæmda komi annar áfangi í stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Felur hann í sér 400 m.kr. lækkun álagðs tekjuskatts einstaklinga á næsta ári. Ekki þykir unnt að stíga stærra skref í átt til lækkunar að svo stöddu vegna ríkjandi aðstæðna eins og áður hefur komið fram. Brúttóálagning tekjuskatts einstaklinga á árinu 1986 er því nánast óbreytt frá árinu 1985, en þar sem gert er ráð fyrir að barnabætur og persónuafsláttur hækki um nálægt 13% felst í þessu rösklega 6% lækkun nettóálagningar. Að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára lækkar nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga ívið minna, eða nálægt 3% frá árinu á undan, úr 2.035 m.kr. samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1985 í 1.975 m.kr. 1986.

Áætlun um álagt sjúkratryggingagjald á næsta ári er byggð á því að skattbyrði verði óbreytt frá árinu 1985. Í þessu felst að álagningin hækkar um 10% miðað við verðlag í árslok 1985, en innheimta gjaldsins að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára hækkar um rúmlega 14% og yrði samkvæmt því 200 m.kr. 1986 samanborið við 175 m.kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985.

Sérstakur skattur á innlánsstofnanir, sem innheimtur hefur verið mánaðarlega sem ákveðið hlutfall af bindiskyldum innlánum, skilaði tæpum 183 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1984. Þessi skattur er í raun fyrirframgreiðsla bankanna vegna tekju- og eignarskattsálagningar næsta árs og dregst því frá álögðum sköttum á þessar stofnanir. Með lögum nr. 51/1984 var ákveðið að frá og með árinu 1985 skyldi gjaldhlutfallið lækka úr 0,06% í 0,03%. Á þessum forsendum er áætlað að skatturinn geti skilað um 100 m.kr. árið 1985. Í lögunum er jafnframt gert ráð fyrir að skattur þessi falli niður í árslok 1985.

Sem endranær ríkir nokkur óvissa um endanlegar álagningartölur tekjuskatts félaga á þessu ári. Miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að frumálagningartölur eigi eftir að lækka töluvert að lokinni kærumeðferð. Árið 1985 er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts félaga, þ.e. að frádregnum sérstökum skatti á innlánsstofnanir frá fyrra ári, geti numið um 425 m.kr., sem er tæplega 15% hækkun frá fyrra ári. Er þá gengið út frá svipuðum forsendum um innheimtuhlutfall og 1984. Áætlun um álagningu tekjuskatts á félög árið 1986 byggir á forsendu um óbreytta skattbyrði frá 1985, eða 10% hækkun milli ára miðað við verðlag í árslok 1985. Samkvæmt því er áætlað að álagning skattsins gefi 685 m.kr. í tekjur á árinu 1986. Að frádregnum álögðum bankaskatti og miðað við sömu forsendur um innheimtuhlutfall og 1985 er innheimtur tekjuskattur félaga talinn nema 540 m.kr. á árinu 1986 miðað við verðlag í árslok 1985. Þetta er 27% hækkun frá árinu 1985. Skýring þessarar miklu hækkunar er hlutfallsleg lækkun sérstaks skatts á innlánsstofnanir 1985, sem kemur til frádráttar tekjuskattsálagningu 1986, en á þeim gjaldstofni varð breyting eins og áður hefur komið fram.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1985 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 3.275 m.kr. Var sú áætlun byggð á ákveðnum forsendum um verðlags- og gengisþróun ásamt lítils háttar aukningu í veltu og innflutningi á árinu. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að almennar tolltekjur haldist óbreyttar frá fjárlögum, þrátt fyrir aukinn

innflutning fyrstu átta mánuði ársins 1985 miðað við sama tímabil í fyrra. Ástæða þessa er fyrst og fremst umtalsverður samdráttur í bílainnflutningi það sem af er árinu miðað við sama tímabil í fyrra og vegur það á móti aukningu í öðrum vöruinnflutningi. Á tímabilinu janúar — ágúst á þessu ári voru fluttir inn rösklega 1600 færri bílar en í sömu mánuðum 1984. Á árinu 1984 námu tolltekjur ríkissjóðs um það bil 2.600 m.kr., þar af voru tolltekjur af bílainnflutningi áætlaðar 880 m.kr. eða rúmlega þriðjungur af heildinni, en í endurskoðaðri áætlun 1985 er vægi þeirra tæplega 30%. Á móti vegur að verðlags- og gengisbreytingar hafa orðið meiri en forsendur fjárlaganna miðuðust við og einnig er reiknað með aukningu í öðrum almennum vöruinnflutningi.

Áætlun frumvarpsins um tolltekjur á næsta ári tekur meðal annars mið af verulegum breytingum á skipan tollamála. Í þingbyrjun mun verða lagt fram nýtt tollskrárlagafrumvarp, en með því frumvarpi er stefnt að verulegri samræmingu í álagningu tolla og einföldun í skipan þessara mála. Hámarkstollar verða lækkaðir úr 80% í 50% (að undanskildum fólksbifreiðum) og enn fremur er fyrirhugað að fella niður ýmsa tekjustofna, svo sem sérstakt vörugjald (24% og 30%), vörugjald af sælgæti, gosdrykkjum o.fl. (7% og 17%), tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíu, byggingariðnaðarsjóðsgjald og rafmagnseftirlitsgjald. Til þess að mæta tekjutapi ríkissjóðs vegna þessara skattbreytinga er áformað að leggja á nýtt vörugjald.

Árið 1986 er gert ráð fyrir að tolltekjur ríkissjóðs verði 3.080 m.kr., eða rösklega 6% minni en á þessu ári miðað við verðlag í árslok 1985. Við upptöku nýrrar tollskrár er áætlað að um 250 m.kr. tapist í tolltekjum umfram verðlagsbreytingar vegna lækkunar í tollhlutföllum. Til viðbótar kemur tekjutap vegna sérstakrar lækkunar tolla á fólksbifreiðum, úr 90% í 70%, sem kom til framkvæmda í september síðastliðnum. Lauslega áætlað nemur tekjutap ríkissjóðs vegna þessa 150 m.kr. á næsta ári. Á móti þessu tvennu kemur að gert er ráð fyrir lítils háttar veltuaukningu í almennum vöruinnflutningi árið 1986. Fyrirhugað er að lækka tolla af bifreiðum enn frekar, eða í 30%, en á móti mun koma hækkun innflutningsgjalds af bifreiðum, þannig að breytingin mun ekki hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Áhrifa minni bílainnflutnings á tekjur ríkissjóðs gætir vitaskuld einnig í innheimtu innflutningsgjalds af bílum. Í fjárlögum ársins 1985 voru innheimtar tekjur af þessu gjaldi áætlaðar 125 m.kr., en í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að innheimtan verði um 130 m.kr. Kemur einkum þrennt til, að ekki verður meiri samdráttur að raungildi í innheimtu þessa gjalds fyrir árið 1985. Fyrst má nefna að verðlags- og gengisbreytingar hafa orðið meiri en reiknað var með við gerð fjárlaga 1985, eins og fyrr var nefnt. Í öðru lagi virðist gjaldhlutfallið hafa hækkað, sé litið á innheimtu átta fyrstu mánuði þessa árs miðað við sömu mánuði í fyrra. Síðast en ekki síst má ætla að einhver aukning verði á innflutningi nýrra bifreiða á seinni helmingi þessa árs í kjölfar fyrrnefndrar lækkunar tolla af fólksbifreiðum. Miðað við óbreytt gjaldhlutfall og svipaðan bílainnflutning og á þessu ári er áætlað að tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða nemi 140 m.kr. á næsta ári.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 860 m.kr. árið 1985, eða um 3% hækkun frá fjárlögum. Sérstök hækkun varð á bensíngjaldi 1. október s.l. í kjölfar lækkunar tolla á fólksbifreiðum. Er sú hækkun talin skila í ríkissjóð um 350—400 m.kr. á árinu 1986 umfram verðlagshækkanir. Áhrif þessarar hækkunar á áætlaðar tekjur af bensíngjaldi á þessu ári verða óveruleg, eða kringum 15 m.kr., þar sem áhrifanna fer ekki að gæta fyrr en í innheimtu tekna í desember. Árið 1986 er áætlað að tekjur af bensíngjaldi nemi 1.265 m.kr., og er þá reiknað með um 2% aukningu bensínsölu frá 1985.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 4.533 m.kr. á árinu 1985, samanborið við 4.474 m.kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1984 er um 26 ½%, samanborið við 40% hækkun milli 1983 og 1984. Í frumvarpi fyrir 1986 er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 4.746 m.kr., eða tæplega 5% meiri en á þessu ári. Reiknað er með um 5% hækkun á verði erlends gjaldeyris miðað við verðlag í árslok 1985 og 1½% verðhækkun innflutnings í erlendri mynt.

Á móti kemur að felld verða niður ýmis smærri aðflutningsgjöld, þ.e.a.s. tollafgreiðslugjald, gjald af gas- og brennsluolíum og byggingariðnaðarsjóðsgjald, eins og áður hefur komið fram.

Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld tæplega 15% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1986, eða um tæpum 2% lægra hlutfall en á þessu ári. Er það talsvert lægra en 1983 og 1984 og 3—4 prósentum lægra en 1981 og 1982. Ástæðuna fyrir þessari hlutfallslegu lækkun má m.a. rekja til lækkunar tolla á ýmsum vöruflokkum og nær helmings lækkunar innflutningsgjalds af bílum á árinu 1983, svo og til þeirra breytinga á aðflutningsgjöldum sem fyrirhugaðar eru nú.

Skattar af framleiðslu. Skattar af framleiðslu eru taldir munu nema 1.754 m.kr. á þessu ári, eða 27½% hærri en 1984. Er hér um að ræða álgjald, vörugjald og sérstakt tímabundið vörugjald. Tvö hin síðarnefndu verða felld niður í tengslum við framlagningu nýs tollskrárlagafrumvarps. Í stað þeirra verður tekið upp nýtt vörugjald. Áformað er að þetta nýja vörugjald mæti því tekjutapi sem af tolla- og öðrum skattbreytingum hlýst, jafnframt því að afla ríkissjóði sérstakra tekna í því skyni að draga úr rekstrarhalla á næsta ári. Til þess að þau áform nái fram að ganga þarf vörugjaldið að skila allt að 2.800 m.kr. á árinu 1986. Heildartekjur af framleiðslugjöldum á árinu 1986 gætu því numið 2.839 m.kr., sem er umtalsverð hækkun frá fyrra ári, eða tæp 62%.

Sölugjald. Heildartekjur af söluskatti voru áætlaðar 10.470 m.kr. í fjárlögum þessa árs, þar af nam hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 635 m.kr. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1985 eru söluskattstekjurnar taldar verða 11.235 m.kr., eða um 7½% meiri en í fjárlögum. Þessi hækkun á sér einkum tvær skýringar. Annars vegar er nú reiknað með meiri umsvifum á seinni hluta ársins, m.a. í kjölfar kjarasamninganna frá því í júní s. l., sem færa munu ríkissjóði auknar tekjur af veltusköttum. Hin skýringin er sú, að samkvæmt lögum nr. 48/1985, um sérstaka fjáröflun vegna húsnæðismála á árunum 1985 og 1986, sem samþykkt voru á Alþingi í júnímánuði s. l. var ákveðin sérstök hækkun á söluskatti og eignarskatti, eins og áður hefur verið nefnt. Talið var að sú söluskattshækkun, sem nam einni prósentu, gæti skilað um 200 m.kr. í auknum tekjum á þessu ári. Í áætlun 1986 er gert ráð fyrir að heildartekjur af söluskatti verði 13.765 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1985.

Eins og áður hefur komið fram var einn þáttur í sérstakri tekjuöflun ríkissjóðs vegna fyrirsjáanlegs rekstrarhalla á ríkissjóði að leggja sölugjald á nokkra flokka vöru og þjónustu sem nú eru undanþegnir söluskattsskyldu. Áætlað er að þessi nýi sölugjaldsstofn skili allt að 400 m.kr. viðbótartekjum á næsta ári en tekjuauki sölugjalds af öðrum tolla- og skattbreytingum gæti lauslega áætlað numið um 285 m.kr. Enn fremur er reiknað með 1% meiri veltu en á þessu ári.

Rekstrarhagnaður ÁTVR. Rekstrarhagnaður ÁTVR er nú áætlaður 1.680 m.kr. á þessu ári, sem er 150 m.kr. hækkun frá fjárlögum. Hækkunin skýrist einkum af meiri sölu á árinu en áður var reiknað með. Á næsta ári er gert ráð fyrir að hagnaðurinn verði 1.850 m.kr. eða röskum 10% hærri en 1985.

Skattar af launagreiðslum. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun 1985 eru skattar af launatengdum gjöldum taldir nema 2.120 m.kr. eða um 13½% hærri en í fjárlögum. Skýringin á þessari hækkun felst annars vegar í meiri launabreytingum á þessu ári í kjölfar kjarasamninganna síðastliðið vor en reiknað var með við gerð fjárlaga. Hins vegar reyndust launabreytingar á síðasta ári meiri en áætlað hafði verið og álagning ýmissa gjalda á tekjur þess árs varð því meiri. Reiknað á verðlagi í árslok 1985 er áætlað að skattar af launagreiðslum skili um það bil 2.350 m.kr. í ríkissjóð 1986, en þessi tala er þó mjög óviss.

Skattar af bifreiðum. Í endurskoðaðri tekjuáætlun 1985 eru tekjur af bifreiðasköttum taldar nema 478 m.kr., sem er óbreytt frá fjárlögum. Gætir hér áhrifa af minni bifreiðainnflutningi 1985, sem fyrr var nefnt. Í frumvarpinu 1986 er áætlað að þessar tekjur verði 740 m.kr., eða tæplega 55% hærri en á þessu ári, en ákveðin hefur verið sérstök hækkun á þungaskatti til samræmis við hækkun bensíngjalds.

Aðrir óbeinir skattar. Óbeinir skattar, aðrir en þeir sem þegar hafa verið taldir upp, eru nú áætlaðir 1.654 m.kr. á þessu ári, eða um 7% hækkun frá fjárlögum. Veldur hér einkum talsverð hækkun á tekjum af stimpilgjaldi svo og af sölu erlends gjaldeyris. Árið 1986 er áætlað að tekjur undir þessum lið verði 1.773 m.kr. miðað við verðlag í árslok 1985, eða röskum 7% hærri en árið á undan. Gjaldskrá ýmissa þjónustugjalda mun hækka um 10% umfram verðlag, en á móti kemur umtalsverð lækkun á tekjum af verðjöfnunargjaldi raforku í samræmi við ákvörðun stjórnvalda um lækkun gjaldsins, úr 19% í 16%, frá og með síðustu áramótum og niðurfelling rafmagnseftirlitsgjalds.

Vextir. Í endurskoðaðri áætlun 1985 eru vaxtatekjur taldar nema 610 m.kr. eða sömu fjárhæð og í fjárlögum. Mikil óvissa ríkir um innheimtu vaxtatekna og getur þar brugðið til beggja vona. Innheimtuþróunin fyrstu átta mánuði ársins virðist benda til heldur meiri vaxtatekna, en að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir breytingum frá fjárlagaáætlun, enda ræðst niðurstaðan að verulegu leyti af þróuninni undir lok ársins.

Í áætlun fyrir 1986 er gert ráð fyrir að vaxtatekjur ríkissjóðs, eins og þær hafa verið taldar, nemi 680 m.kr. Með breyttri framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings teljast nú til vaxta á tekjuhlið frumvarpsins vaxtatekjur af lánum sem ríkissjóður hefur veitt um endurlánareikning ríkissjóðs. Áætlaðar tekjur af þessum sökum eru 1.541 m.kr. Vaxtatekjur ríkissjóðs nema því alls 2.221 m.kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda í kafla 2.7 og kafla 5.1.

Arðgreiðslur. Áætlaðar arðgreiðslur 1986 eru alls 167 m.kr. en á árinu 1985 nema þær 138 m.kr. Veigamestu liðir eru arðgreiðslur af starfsemi Fríhafnar og flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli. Þá skilaði rekstur járnblendiverksmiðju á Grundartanga hagnaði á árinu 1984. Reiknað er með að fyrirtækið skili eigendum arði 1986 af starfsemi á árinu 1985.

Ýmsar tekjur. Ýmsar tekjur eru áætlaðar um 42 m.kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1986 er gert ráð fyrir að þessir tekjustofnar skili um 183 m.kr., en á næsta ári er áformað að Seðlabanki Íslands skili í ríkissjóð hluta af hagnaði sínum, eða 140 m.kr.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs 1986 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1985 og endurskoðaða áætlun fyrir árið 1985. Enn fremur eru sýndar innheimtutölur ársins 1984 samkvæmt ríkisreikningi, m.a. til að auðvelda samanburð vegna upptöku nýs bókhaldslykils frá og með 1985. Þar kemur m.a. fram að hlutur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er 11,4% 1986 samanborið við 13% í endurskoðaðri tekjuáætlun 1985 vegna áframhaldandi lækkunar á tekjuskatti einstaklinga. Til samanburðar má benda á, að á árinu 1984 var vægi beinna skatta í heildarinnheimtu ríkissjóðs 13,8% en 15,8% 1983. Á móti kemur aukið vægi óbeinna skatta úr 82% af heildartekjum ríkissjóðs 1984 í 84% af tekjuáætlun 1985 og tæpt 85½% af áætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1985—1986
Innheimtar tekjur

	Innheimtar tekjur 1984 m.kr.	Fjárlög 1985 m.kr.	Áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.	Hlutfallsleg breyting frá áætlun 1985 til frumvarps 1986 %	Hlutfallsleg skipting tekna: Áætlun 1985 %	Hlutfallsleg skipting tekna: Frumvarp 1986 %
Eignarskattar	533	665	740	855	15,5	2,7	2,7
Tekju- og persónuskattar	2.342	2.450	2.790	2.780	−0,4	10,3	8,7
Gjöld af innflutningi	3.580	4.474	4.533	4.746	4,7	16,7	14,8
Skattar af framleiðslu og innflutningi	1.374	1.706	1.754	2.839	59,6	6,5	8,9
Sölugjald, nettó	7.689	9.835	10.600	13.035	23,0	39,0	40,7
Rekstrarhagnaður ÁTVR	1.203	1.530	1.681	1.851	10,1	6,2	5,8
Skattar af launagreiðslum	1.509	1.870	2.120	2.350	10,8	7,8	7,3
Skattar af bifreiðum	365	478	478	740	20,3	1,8	2,3
Aðrir óbeinir skattar	1.340	1.543	1.654	1.773	8,8	6,1	5,6
Arðgreiðslur og aðrar tekjur	836	785	791	1.030[1])	30,2	2,9	3,2
Heildartekjur ríkissjóðs	20.771	25.336	27.141	31.999	17,9	100,0	100,0
Vaxtatekjur endurlána				1.541			
				33.540			
Þ. a. beinir skattar	2.875	3.115	3.530	3.635	3,0	13,0	11,4
Þ. a. óbeinir skattar	17.060	21.436	22.820	27.334	19,8	84,1	85,4
Þ. a. aðrar tekjur	836	785	791	1.030	30,2	2,9	3,2
	20.771	25.336	27.141	31.999			

1) Vaxtatekjur af veittum lánum ríkissjóðs um endurlánareikning eru ekki meðtaldar vegna þess samanburðar sem gerður er milli ára.

4. Gjaldahlið.

Uppröðun efnis um gjaldahlið frumvarpsins er eilítið hnikað til frá því sem verið hefur. Byrjað er á greinargerð um útgjöld 1986 í samanburði við fjárlög 1985 og horfur um afkomu ríkissjóðs það ár. Síðan er fjallað um fjárveitingar til einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna.

4.1 Samanburður á frumvarpi 1986 og útgjaldahorfum 1985

Gjöld ríkissjóðs í frumvarpi til fjárlaga 1986 nema 33.417 m.kr. Væri frumvarpið sett fram með sama hætti og áður nema útgjöld 32.179 m.kr. og er það 23,4% hærri niðurstaða en í fjárlögum 1985 og 10,9% hærri en talið er að verði lokagjaldatala ársins 1985. Útgjöld ríkissjóðs 1985 og 1986 skiptast í aðalatriðum sem hér segir:

	Fjárlög 1985 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 85 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.	Breyting (3)/(1) %	Breyting (3)/(2) %
	(1)	(2)	(3)		
1. Rekstrarliðir	**8.788**	**9.900**	**10.249**	**16,6**	**3,5**
Laun	6.764	7.463	7.974	17,9	6,8
Önnur gjöld	2.830	3.267	3.285	16,0	0,6
Sértekjur	−806	−830	−1.010	25,3	21,7
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur	**11.210**	**12.460**	**14.043**	**25,3**	**12,7**
Lífeyristryggingar	3.470	3.820	4.350	25,4	13,9
Sjúkratryggingar Sjúkrahús	3.628	3.950	{ 2.157 2.519	28,9	18,4
Niðurgreiðslur	700	(800)	870	24,3	8,8
Lánasjóður íslenskra námsmanna	668	668	750	12,3	12,3
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	430	462	600	39,5	29,9
Útflutningsuppbætur	380	(380)	600	57,9	57,9
Uppbætur á lífeyri	413	445	476	15,3	7,0
Verðjöfnunargjald á raforku	420	420	390	−7,1	−7,1
Rafhitun	200	251	220	10,0	−12,4
Annað	901	(1.157)	1.111	23,3	−4,0
3. Vaxtagjöld	**1.472**	**1.557**	**3.244**	**120,3**	**108,3**
A-hluti ríkissjóðs	1.472	1.557	2.006	36,3	28,8
Endurlán ríkisins	—	—	1.238	.	.
4. Viðhald	**786**	**790**	**922**	**17,3**	**16,7**
5. Fjárfesting	**3.823**	**4.400**	**4.959**	**29,7**	**12,7**
Stofnkostnaður	1.602	1.699	1.975	23,3	16,2
Fjármagnstilfærslur	2.221	2.701	2.984	34,4	10,5
Samtals	26.079	29.000	33.417	28,1	15,2

Tölur í sviga eru óvissar.

Útgjaldabreyting milli ára á sér bæði skýringu almenns eðlis og einnig vegna sérstakra ákvarðana. Hér skulu hinar almennu tilgreindar.

Laun. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985 voru laun ákveðin með hliðsjón af aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB í nóvember 1984 sem gilda átti til ársloka 1985. Samkvæmt þeim samningi mundi meðalhækkun launa á árinu 1985 verða 2,2%. Að auki var í fjárlögum á lið 09–989 Launa- og verðlagsmál áætluð fjárhæð, 190 m.kr., til þess að mæta hækkun launa vegna sérkjarasamninga.

Laun ríkisstarfsmanna hafa stöðugt verið að breytast á árinu 1985. Eftirfarandi yfirlit gefur til kynna hlutfallshækkanir launa nokkurra samningsaðila:

Dags.	Hlutfallsleg hækkun launa BSRB	BHM	ASÍ
1. 1. 1985			5,0[2])
1. 3. 1985		17,0[1])	2,4[2])
1. 5. 1985	3,5[2])		2,4[2])
1. 6. 1985	12,0[1])		
15. 6. 1985			7,0[2])
1. 7. 1985		5,0[1])	
1. 8. 1985	2,4	2,4[2])	
1.10. 1985	4,5	4,5	4,5
Samtals frá 1.1.–1.10.	24,04	31,46	26,02

1) Nýr samningur.
2) Launaflokkshækkun o.fl.

Laun ríkisstarfsmanna hafa því breyst með mismunandi hætti innan ársins. Sé hins vegar litið til hausts 1984, fyrir gerð aðalkjarasamnings fjármálaráðherra og BSRB, kemur í ljós að laun ríkisstarfsmanna hækka um svipað hlutfall til ársloka 1985.

Auk almennra launataxtahækkana hafa verið gerðir sérkjarasamningar við einstök stéttarfélög og sérsambönd. Hækkun launa sem af þessu leiðir er mismunandi eftir félögum. Þannig má nefna að kennarar og hjúkrunarfræðingar hafa að jafnaði hækkað umfram aðra starfshópa.

Kjaradómur felldi úrskurð í máli BHM og fjármálaráðherra þar sem bæði var úrskurðað um taxtabreytingu og hækkun launa skv. sérstökum ákvörðunum. Þá er þess að geta að með lögum nr. 41/1984 fjölgar þeim starfsmönnum ríkisins sem laun taka skv. úrskurði kjaradóms. Nær þetta fyrirkomulag nú til ráðherra, hæstaréttardómara, alþingismanna, ráðuneytisstjóra, forstöðumanna stærstu ríkisstofnana, borgarfógeta, héraðsdómara o.fl.

Gerð kjarasamninga, sem gilda frá mismunandi tíma, hefur orðið til þess að erfitt er að meta hækkun launaliðar ríkisins út frá hlutfallsbreytingu launa. Því var borin saman starfsmannaskrá og útreiknuð laun í nóvember 1984, síðan í mars 1985 og loks í september 1985, en þá voru laun reiknuð skv. væntanlegri launatöflu í desember nk. Í heild hækka laun ríkisstarfsmanna um 31—33% frá upphafi til loka árs 1985 og um 36—37% að meðaltali milli áranna 1984 og 1985. Hækkun launa að meðtöldum áhrifum sérkjarasamninga frá upphafi 1985 til meðaltals ársins er talin verða 12,5—13% samanborið við 4—4,5% í forsendum fjárlaga 1985. Loks er að nefna að hækkun launa frá meðaltali 1985 til loka ársins er talin verða um 13%. Af sjálfu leiðir að hækkun launaliðar 1985 og hækkun ýmissa útgjaldaliða tengdum launum skýrist af ofannefndum launabreytingum. Í endurskoðaðri áætlun fyrir 1985 er talið að 800—850 m.kr. af hækkun launaútgjalda skýrist af kjarasamningum og útgjöld í almannatryggingakerfinu hækki um áþekka fjárhæð.

Fleira skýrir breytingar á launalið en launahækkanir. Fyrst er til að taka að nokkur magnaukning verður í launaútgjöldum og eru þessi atriði tíunduð í athugasemdum hér á eftir. Þar má nefna aukin launaútgjöld einkum í grunnskólum og í háskólanum. Í rekstri sjúkrahúsa verður aukning vegna hjartaskurðlækninga, nýrrar geðdeildar á Akureyri og annarra breytinga sem eru minni háttar. Starfsmannamál sýslumanna- og bæjarfógetaembætta eru nú komin á fastan grunn og er nú fallist á viðbótarstöður frá því sem var í fjárlögum 1985. Í flestum tilfellum hafa starfsmenn verið í starfi án heimildar. Loks er þess að geta að óhjákvæmilegt hefur verið að fjölga starfsmönnum hjá örfáum stofnunum, enda hefur þess að jafnaði verið gætt að lausamönnum fækki á móti.

Í öðru lagi þarf sú skýring að fylgja umfjöllun um launalið að nú eru laun starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins talin með til launa, enda stofnunin í A-hluta fjárlaga. Aftur á móti hafa launaútgjöld Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Landakotsspítala verið felld niður sem laun en flokkuð með tilfærslum. Er þetta gert vegna eindreginna tilmæla um samræmda flokkun á útgjöldum allra sjúkrahúsa annarra en ríkisspítala. Þessi breytta framsetning breytir þó engu um umfjöllun á útgjaldaliðum sjúkrahúsanna. Að formbreytingum frátöldum hækkar launaliður frumvarpsins um 24,2% frá fjárlögum.

Rekstrargjöld. Rekstrarfjárframlög í fjárlögum 1985 voru áætluð miðað við 24,5% breytingu verðlags milli áranna 1984 og 1985. Láta mun nærri að breytingin verði 28—30%. Rekstrarfé fyrir árið 1986 er eins og laun áætlað á verðlagi um næstkomandi áramót. Því hafa framlögin verið færð upp um 12,5—13% frá júníverðlagi 1985. Rekstrargjöld hækka nokkru meira eða um 16,0% frá fjárlögum. Að frádregnum tilfærslum milli gjaldategunda eins og getið er hér að framan hækkar þessi útgjaldaliður um 23% sem er nokkru meira en verðlagsforsenda gefur tilefni til.

Sértekjur. Markvisst er að því stefnt að auka sértekjur stofnana. Tekjur hækka nú um 25,3% frá fjárlögum og er uppfærsla sértekna miðuð við hækkun launa annars vegar og rekstrargjalda hins vegar. Tvennt ber að nefna sem leiðir til umtalsverðrar hækkunar á sértekjum: Hlutdeild ýmissa sjóða í rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins að fjárhæð 32 m.kr. er nú í fyrsta sinn færð sem sértekjur í A-hluta. Í öðru lagi eru 13,5 m. kr. tekjur færðar á Hafrannsóknastofnun vegna hvalarannsókna og aðrar 13,5 m. kr. vegna leigu r/s Hafþórs.

Rekstrar- og neyslutilfærslur. Þessi veigamikli útgjaldaliður ríkissjóðs hækkar um 25,3% frá fjárlögum og 12,7% frá því sem talið er að verði á árinu 1985. Að frátöldum tilfærslum til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og St. Jósefsspítala, Landakoti, sem áður voru inni í rekstrarliðum frumvarpsins, er hækkun frá fjárlögum 18,5% og frá endurskoðaðri áætlun 6,7%. Það er að bera í bakkafullan lækinn að fjalla hér um einstaka útgjaldaliði. Vísað er í kafla 2.4 og athugasemdirnar hér á eftir til skýringar. Fram skal tekið að þeir tilfærsluliðir sem bundnir eru launum eða verðlagi hækka samkvæmt þeim forsendum sem þegar hafa verið skýrðar.

Vaxtaútgjöld. Breytt framsetning á vaxtatekjum og vaxtaútgjöldum ríkissjóðs hefur verið útskýrð í kafla 2.7 og er enn frekar til umfjöllunar í 5. kafla. Vaxtaútgjöld eru skv. þessu frumvarpi alls 3.244 m.kr eða 9,7% af heildargjöldum. Út frá eldri framsetningu á fjárlögum væru vaxtagjöld 6,2%. Í báðum tilvikum er hér um að ræða umtalsverðan hluta af útgjöldum ríkissjóðs. Vextir af skuldum eru hér samkvæmt áætluðu gengi í árslok og gildandi vöxtum á erlendum lánum í ágúst 1985. Erlendar skuldir skiptast nokkurn veginn til helminga milli lána bundinna í dollurum og lána í öðrum gjaldmiðlum. Verðfall dollarans og verðhækkun annarra mynta gagnvart íslensku krónunni mun því ekki hafa úrslitaáhrif á vaxtagreiðslu ríkissjóðs á árinu 1986. Í áætlun fyrir 1986 eru yfirdráttarvextir í Seðlabanka taldir 200 m.kr. en í ár geta þeir orðið allt að 250 m.kr. sem skýrist að nokkru af drætti á afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir 1985. Loks er þess að geta að í vaxtatölu fyrir árið 1986 eru meðtaldar 200 m.kr. vegna aukins halla á ríkissjóði 1985 sem fjármagnaður verður með lánum.

Viðhald. Um þennan lið þarf ekki að fjölyrða. Um 85% útgjaldanna eru vegna vegaviðhalds og hækkar framlagið um 12,6% frá fjárlögum. Til viðhalds húseignum og öðrum eignum ríkissjóðs eru áætlaðar 178 m.kr. og hækkar það framlag um 42,4% frá fjárlögum 1985.

Fjárfesting. Útgjöld til fjárfestingar hækka um 29,7% og nema alls 4.959 m.kr. Hluta fjárhæðarinnar er varið til kaupa á tækjum og ýmiss konar stofnbúnaði en meiri hlutinn telst til framkvæmdaframlaga. Í töflu 7 í töfluviðauka er sýnd skipting stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna. Eftirfarandi yfirlit sýnir í grófustu drættum flokkun á fjárfestingarútgjöldum.

	Fjárlög 1985 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
Húsnæðismál	904	1.257	1.600
Vegamál	908	908	1.155
Grunnskólar	116	117	120
Sjúkrahús	223	223	281
Hafnamál	110	110	100
Flugvellir	61	61	61
Háskóli Íslands	57	57	100
Annað	1.443	1.667	1.521
Samtals	3.822	4.400	4.938

Til viðmiðunar er nú talið að vísitala byggingarkostnaðar verði um 9,5—10% hærri í árslok 1985 en áætlað meðaltal það ár. Heildarframlag til fjárfestingar hækkar um 29,2% frá fjárlögum 1985 og 12,2% frá endurskoðaðri áætlun. Að framlögum til húsnæðis- og vegamála frátöldum nema framkvæmdaframlögin 2.183 m.kr. og er það nær óbreytt fjárhæð frá 1985.

Verður nú vikið að skýringum á einstökum fjárlagaliðum.

4.2 Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum í gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1985. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1985.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Heildarútgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Æðsta stjórn ríkisins	176.992	238.303	61.311	34,6

Engar markaðar tekjur renna til æðstu stjórnar ríkisins. Helstu breytingar á fjárveitingum til einstakra stofnana og viðfangsefna eru sem hér segir:

101 Embætti forseta Íslands

Fjárveiting til embættis forseta Íslands hækkar úr 12.504 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 15.637 þús.kr., eða um 25,1%. Launagjöld undir viðfangsefninu *yfirstjórn* hækka úr 4.216 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.278 þús.kr., eða um 48,9%. Ástæður hækkunar umfram almennar launahækkanir eru einkum tvær: Í fyrsta lagi er viðurkennd ný staða fulltrúa, sem verið hefur í starfi um nokkra hríð, og í öðru lagi er nú áætlað fyrir yfirvinnu eins og telja verður raunhæft. Veittar eru 2.000 þús.kr. til opinberra

heimsókna á árinu 1986, en í fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir 1.968 þús.kr. Gert er ráð fyrir opinberri heimsókn Margrétar Danadrottningar til Íslands og opinberri heimsókn forseta Íslands til Kanada. Til viðhalds á gestahúsi forsetans við Laufásveg og forsetasetrinu á Bessastöðum eru veittar 3.000 þús.kr., eins og í fjárlögum 1985, og verður unnið samkvæmt fyrirliggjandi viðhaldsáætlun. Veittar eru 534 þús.kr. til endurnýjunar á bifreið forsetaembættisins.

201 Alþingi

Fjárveiting til Alþingis hækkar úr 133.750 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 183.738 þús. kr., eða um 37,4%. Þessi mikla hækkun stafar af því að ákveðið hefur verið að færa fjárveitingar til Alþingis nær raunverulegum útgjöldum en verið hefur. Samfara þessu hafa verið gerðar nokkrar breytingar á viðfangsefnaskiptingu stofnunarinnar. Þannig hafa verið búin til fjögur ný viðfangsefni, *starfskostnaður, Alþjóðaþingmannasamtökin, viðhald fasteigna* og *ýmis stofnkostnaður.* Á viðfangsefninu *þingfararkaup alþingismanna* kemur nú einungis fram sjálft þingfararkaupið en áður var þar einnig áætlað fyrir starfskostnaði þingmanna. Rétt er að benda á að framlag ríkissjóðs vegna uppbóta á lífeyri alþingismanna kemur fram á fjárlagalið *09-381 Uppbætur á lífeyri* undir fjármálaráðuneyti og nemur framlagið 33.348 þús.kr. Þingfararkaup alþingismanna er áætlað alls 56.003 þús.kr. og er þá miðað við laun sextíu alþingismanna og þriggja varaþingmanna. Á viðfangsefninu *starfskostnaður* kemur fram ýmis kostnaður vegna starfa alþingismanna, svo sem húsaleiga, dvalarkostnaður í kjördæmi, dvalarkostnaður í Reykjavík og ferðakostnaður. Alls eru þessi útgjöld áætluð 20.813 þús.kr. á árinu 1986. Útgjöld vegna skrifstofu- og alþingiskostnaðar eru áætluð 52.774 þús.kr. en eru 37.921 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þessi mikla hækkun skýrist af því að kostnaður við skrifstofuhaldið er raunverulega mun hærri en fram hefur komið í fjárlögum. Til stofnkostnaðarverkefna eru veittar 18.000 þús.kr. Þar af eru 5.700 þús.kr. vegna afborgana af húsinu að Skólabrú 2, og vegna tölvuvæðingar og kaupa á húsgögnum og áhöldum 3.000 þús.kr. Einnig er áætlað fyrir útgjöldum vegna nýrra innréttinga í þingsölum o.fl.

301 Ríkisstjórn

Framlag ríkissjóðs nemur 28.212 þús.kr. en var 22.333 þús. kr. í fjárlögum 1985. Hækkunin nemur 5.879 þús.kr., eða 26,3%. Laun hækka um 18,8% og verða 19.729 þús.kr. Munar þar mestu um fjölgun aðstoðarmanna ráðherra um einn. Alls er því áætlað fyrir launum tíu ráðherra, sjö aðstoðarmanna ráðherra og tíu bifreiðastjóra. Önnur gjöld hækka úr 5.727 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 8.483 þús.kr., eða um 48,1%. Skýring þessarar hækkunar er sú að tekið er tillit til niðurstöðu reiknings 1984.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	27.492	33.727	6.235	22,7
Annað	96.958	103.736	6.778	7,0
Samtals	124.450	137.463	13.013	10,5
Þar af markaður tekjustofn	39.000	—	−39.000	−100,0

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis var álgjald sem rann til Byggðasjóðs. Eftir samþykkt laga nr. 64/1985, um Byggðastofnun, renna engar markaðar tekjur til ráðuneytisins. Nú verður gerð nánari grein fyrir veigamestu breytingum á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar úr 27.492 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 33.727 þús.kr., eða um 22,7%. Launagjöld vegna reksturs hækka úr 7.190 þús.kr. í 9.693 þús.kr., eða um 34,8%. Að hluta skýrist þessi hækkun af almennum launahækkunum milli ára, en að hluta er skýringin sú að áætlaður launakostnaður við gæslu og umsjón stjórnarráðshúss og ráðherrabústaðar hefur verið hækkaður í samræmi við líkleg útgjöld. Í tengslum við þá endurskoðun var ákveðið að áætla fyrir launum starfsmanna á þeim viðfangsefnum sem þeir tengjast, en áætla ekki fyrir öllum launum á viðfangsefninu *yfirstjórn,* eins og verið hefur. Af þessum sökum hækka launagjöld á viðfangsefninu *yfirstjórn* minna milli ára en launaþróun gefur tilefni til. Á móti kemur að launagjöld eru færð á viðfangsefnin *stjórnarráðshús, ráðherrabústaður við Tjarnargötu* og *Öryggismálanefnd.* Önnur gjöld án eignakaupa vegna reksturs aðalskrifstofu hækka úr 9.939 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.758 þús.kr., eða um 8,2%. Hér er um samdrátt í útgjöldum að ræða sem skýrist aðallega af lækkun rekstrargjalda vegna Öryggismálanefndar. Fjárveiting til skrifstofu ráðherranefndar Norðurlandaráðs hækkar úr 8.563 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.781 þús.kr., eða um 25,9%. Fjárveitingin er miðuð við 2.114 þús. norskar krónur en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 1.835 þús. norskar krónur. Þess skal getið að veittar eru 2.250 þús.kr. á viðfangsefninu *yfirstjórn* til áframhaldandi starfa við gerð framtíðarspár. Í fjárlögum 1985 var gert ráð fyrir eignakaupum að fjárhæð 200 þús.kr., en nú eru veittar 350 þús.kr. í því skyni. Þar af eru 200 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofubúnaði og 150 þús.kr. til kaupa á borðbúnaði í ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu. Veittar eru 800 þús.kr. til viðhalds stjórnarráðshúsinu, sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985, og 420 þús.kr. til viðhalds ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

102 Þjóðhagsstofnun

Framlag ríkissjóðs til Þjóðhagsstofnunar hækkar úr 10.740 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 13.907 þús.kr., eða um 29,5%. Launagjöld hækka um 4.968 þús.kr., eða um 33,5%. Þessi hækkun stafar af því að yfirvinna hefur aukist í stofnuninni í kjölfar nýrra verkefna og ýmis sameiginlegur launakostnaður með Framkvæmdastofnun hefur vaxið. Önnur gjöld án eignakaupa hækka úr 7.304 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 8.426 þús.kr., eða um 15,4%. Veittar eru 400 þús.kr. til kaupa á ljósritunarvél, smátölvu og öðrum skrifstofubúnaði, en í fjárlögum 1985 er sambærileg fjárhæð 100 þús.kr.

171 Byggðastofnun, framlag

Í fjárlögum fyrir árið 1985 eru veittar 78.400 þús.kr. til Byggðasjóðs. Með lögum nr. 64/1985 er sjóðurinn lagður niður en Byggðastofnun sett á laggirnar. Samkvæmt áðurnefndum lögum hefur stofnunin til ráðstöfunar eigið fé, framlög í fjárlögum og lánsfé eftir því sem ákveðið er í lánsfjárlögum. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs nemi 80.000 þús.kr. og að 350.000 þús.kr. verði aflað með lánsfé. Þá er þess að geta að stofnunin er ekki talin í B-hluta frumvarpsins, enda er nú litið á hana sem hverja aðra lánastofnun.

901 Húsameistari ríkisins

Fjárveiting til embættis húsameistara ríkisins hækkar úr 1.725 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.699 þús.kr., eða um 56,5%. Mestu munar um hækkun fjárveitingar til eignakaupa, úr 77 þús.kr. í 425 þús.kr. Hækkun framlags vegna rekstrar er 33,0% milli ára. Starfsmenn embættisins vinna nú að hönnun flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og K-byggingar Landspítalans. Því hefur verið áætlað fyrir fjölgun starfsmanna á teiknistofu um tvo, sem gilda mun til ársloka 1987. Laun þessara manna greiðast af auknum sértekjum stofnunarinnar. Launagjöld hækka úr alls 8.724 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 12.482 þús. kr. eða um 43,1%. Þessi hækkun stafar af ofangreindri fjölgun starfsmanna. Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 33,0% milli ára. Skýrist það eingöngu af auknum umsvifum og 100 þús.kr. fjárveitingu til viðhalds teiknistofu, en slík fjárveiting er ekki í fjárlögum 1985. Þá hækka sértekjur úr 9.201 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 13.052 þús.kr., eða um 41,9%.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Yfirstjórn	40.913	49.803	8.890	21,7
Fræðslumál	3.622.293	4.623.702	1 001.409	27,7
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	301.972	413.389	111.417	36,9
Samtals	3.965.178	5.086.894	1.121.716	28,3
Þar af markaðir tekjustofnar	47.430	59.910	12.480	26,3

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands verður 21.310 þús. kr. og hækkar um 7.680 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilasjóðs, hækkar um 3.500 þús. kr. og verður 33.500 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 1.300 þús. kr. og verður 5.100 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa

Framlag nemur alls 49.803 þús. kr. og hækkar um 8.890 þús. kr., eða 21,7% frá fjárlögum 1985. Fjárveiting vegna launa hækkar um 28,5% og nemur alls 30.397 þús. kr. Er þá miðað við sama fjölda stöðugilda og í gildandi fjárlögum, eða 43 stöður á föstum launum. Önnur gjöld hækka um 12,5% og nema alls 19.406 þús. kr.

201 Háskóli Íslands.

Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 125.111 þús. kr. eða 38,1% og verður 453.092 þús.kr. Fjárveitingin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun verða 322.303 þús.kr. og hækka þau um 82.096 þús.kr. eða 34,2% frá fjárlögum 1985. Önnur gjöld til rekstrar skólans verða 129.327 þús.kr. sem er hækkun um 34.132 þús.kr. eða 35,8% frá fjárlögum 1985. Viðhald fasteigna verður 15.000 þús.kr. en það var 10.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Stofnkostnaður verður 100.000 þús.kr. og er það hækkun um 43.000 þús.kr. Þá hækka sértekjur um 39.117 þús.kr. eða 52,7% og verða 113.538 þús.kr. Launaliður skólans hækkar umfram launaforsendur frumvarpsins og eru skýringar þess í aðalatriðum eftirfarandi: Teknar eru inn í frumvarpið 15,5 nýjar

stöður, samtals að fjárhæð 5.723 þús.kr. Á móti er hins vegar felld niður fjárveiting til stundakennslu að fjárhæð 1.800 þús.kr. Útgjaldaauki ríkissjóðs vegna þessarra staða verður þannig um 3.923 þús.kr. Stöðurnar eru þessar: Staða starfsmannastjóra og tvær ritarastöður við yfirstjórn skólans, þrjár kennarastöður við námsbraut í hjúkrunarfræði vegna flutnings hjúkrunarkennslu frá Hjúkrunarskóla Íslands til Háskólans. Prófessorsstaða í eðlislyfjafræði við lyfjafræði lyfsala, prófessorsstaða í markaðsmálum við viðskiptadeild, lektorsstaða í heimspeki við heimspekideild, sérfræðingsstaða í tölvumálum við Reiknistofnun og hálf staða sérfræðings hjá Líffræðistofnun. Þá er áætlað fyrir fimm tímabundnum kennarastöðum á liðnum sameiginleg útgjöld. Stöður þessar eru fyrst og fremst ætlaðar til að mæta aukinni aðsókn nemenda í einstakar deildir og verður ráðning í stöðurnar tímabundin hverju sinni. Önnur hækkun launa umfram verðlagsforsendur frumvarpsins er fyrst og fremst vegna aukinnar kennslu í lyfjafræði lyfsala og tölvunarfræði. Þá hefur framlag til stundakennslu í deildum og námsbrautum verið hækkað þar sem höfð hefur verið hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1984—1985. Við áætlun á rekstrargjöldum var tekið mið af reikningsniðurstöðum ársins 1984 ásamt útkomu á fyrri hluta árs 1985. Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans þar sem hækkanir umfram verðlagsforsendur frumvarpsins skiptast nokkuð jafnt á einstakar deildir og námsbrautir.

Byggingarframkvæmdir, viðhald fasteigna- og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 115.000 þús.kr. á árinu 1986. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárins verði með eftirfarandi hætti:

Fjármögnun:	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.
Framlag H.H.Í.	57.000	85.250
Fjárveiting úr ríkissjóði	10.000	29.750
Samtals	67.000	115.000
Ráðstöfun:		
A. Almennt		
Viðhald húsa og lóða	10.000	15.000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	5.500	7.000
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð	600	1.000
Endurnýjun og viðhald húsagna og búnaðar	1.000	2.000
Húsnæði og búnaður námsbrauta	2.000	3.000
Síma- og öryggismál, úrbætur	500	
Tækjakaup vegna nýiðnaðarverkefna		6.000
Samtals	19.600	34.000
B. Nýbyggingar		
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð	47.400	81.000
Samtals A og B	67.000	115.000

Bein fjárveiting úr ríkissjóði til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa er samtals að fjárhæð 29.750 þús.kr. Samsvarandi fjárhæð 1985 nam 10.000 þús. kr. Framlag ríkisins miðar að því að viðhald eigna skólans verði eflt, að nokkrum fjármunum verði varið til þess að búa í haginn fyrir rannsóknir og aðstöðu fyrir ný iðnaðarverkefni og loks að lokið verði þeim byggingum sem nú er unnið að áður en byrjað er á nýjum.

Nefnd um málefni Háskóla Íslands er nú starfandi. Að henni eiga aðild fulltrúar skólans, ráðuneyta, atvinnulífs og fjárveitinganefndar Alþingis. Nefndin stefnir að því að skila áliti á haustdögum þar sem m.a. verður fjallað um innra starf skólans og starfsskilyrði hans og horfur á næstu árum.

202 Tilraunastöð háskólans að Keldum

Fjárveiting til Tilraunastöðvar háskólans að Keldum hækkar úr 8.622 þús.kr. fjárlögum 1985 í 15.742 þús.kr., eða um 82,6%. Launagjöld hækka um 33,5% og verða 15.928 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 12.126 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 15.969 þús.kr., eða um 31,7%. Sértekjur hækka um 13,9% milli ára. Veittar eru 2.000 þús.kr. til meiri háttar viðhalds fasteigna tilraunastöðvarinnar og á árinu 1986 verður ráðist í fyrsta áfanga af þremur. Skýringar á hækkun fjárveitingar til stofnunarinnar umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar eru einkum fimm. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir nýrri stöðu aðstoðarmanns við fisksjúkdómarannsóknir. Í öðru lagi hafa ýmsir launaliðir verið hækkaðir í ljósi reynslu síðustu ára. Í þriðja lagi eru rekstrargjöld hækkuð frá fjárlögum 1985 með hliðsjón af reikningsniðurstöðu 1984. Í fjórða lagi hefur dregið úr eftirspurn eftir bóluefni og kemur það niður á sölutekjum stofnunarinnar. Loks er ráðgert að ráða bót á bágu ástandi fasteigna tilraunastöðvarinnar.

203 Raunvísindastofnun háskólans

Framlag ríkissjóðs nemur 45.392 þús. kr. og hækkar um 30,4% frá fjárlögum 1984. Framlagið miðast við óbreytta starfsemi á stofnuninni og hækkunin milli ára skýrist einkum af fjölgun yfirvinnustunda og raunhækkun rekstrarfjár frá fjárlögum 1985. Í báðum tilvikum er miðað við reynslu fyrri ára. Gert er ráð fyrir 125 þús.kr. fjárveitingu á launalið yfirstjórnar vegna ákvæða kjarasamninga um rannsóknaleyfi og 175 þús.kr. rekstrarfjárveitingu á yfirstjórn vegna afmælis stofnunarinnar á næsta ári. Þá er heildarfjárveiting til eignakaupa hækkuð úr 1.425 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.500 þús.kr. Fjárveiting til byggingar þakhæðar hússins er óbreytt frá fjárlögum 1985, 6.000 þús.kr.

206 Orðabók háskólans

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 5.151 þús. kr. og hækkar um 1.061 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Framlög til rekstrar hækka í samræmi við launa- og verðlagsforsendur. Frá síðustu fjárlagagerð hefur ráðninganefnd ríkisins heimilað eina stöðu sérfræðings. Þetta hefur ekki kostnaðarauka í för með sér þar sem framlag til lausráðins starfsfólks hefur verið lækkað á móti. Framlag til stofnkostnaðar, 200 þús. kr., er vegna tölvubúnaðar.

207 Íslensk málstöð

Fjárlagaliður þessi bar nafnið *Íslensk málnefnd* í fjárlögum ársins 1985. Nafninu hefur nú verið breytt en Íslensk málstöð er miðstöð þeirrar starfsemi sem málnefndin hefur með höndum. Samtals nemur framlag til stöðvarinnar 1.870 þús. kr. og hækkar um 695 þús. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs. Hækkunin, sem er umfram launa- og verðlagsforsendur, stafar fyrst og fremst af hækkun annarra rekstrargjalda en launa, enda um nýja starfsemi að ræða.

231 Náttúrufræðistofnun

Laun hækka um 1.787 þús.kr. eða 39,6% sem m.a. skýrist af fjölgun um eina stöðu náttúrufræðings sem áður var ráðinn til ákveðinna verkefna og hækkun á yfirvinnu með hliðsjón af reikningi 1984. Önnur rekstrargjöld hækka um 583 þús.kr. eða 25%.

Er það nokkuð umfram almennar verðlagshækkanir enda var tekið tillit til reiknings 1984 og aukins húsrýmis stofnunarinnar. Af fjárveitingu til annarra rekstrargjalda eru 145 þús.kr. tímabundin fjárveiting vegna jarðfræðikortagerðar. Til innréttinga sýningarsala og viðgerða á stigauppgangi eru ætlaðar 1.400 þús.kr. en framkvæmdum var slegið á frest 1985. Framlag til hefðbundins stofnkostnaðar, svo sem sýningarskápa, tækja o.fl., er 500 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 558 þús.kr. og eru m.a. vegna starfa náttúrufræðings sem fyrr er nefndur, en störf hans eru seld ýmsum aðilum.

232 Rannsóknaráð ríkisins.

Framlag hækkar úr 6.489 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.903 þús.kr., eða um 21,8%. Laun hækka um 28,6% og verða 4.288 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 4.078 þús.kr. í 4.274 þús.kr., eða um 4,8%. Fjárveiting til eignakaupa hækkar úr 150 þús.kr. í 550 þús.kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 1.074 þús.kr. í 1.209 þús.kr., eða um 12,6%. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum frá fjárlögum 1985 eru þær að tveim viðfangsefnum, *skipulags- og þróunarmál og nýting náttúruauðæfa,* er ekki ætlað framlag. Mjög lítil starfsemi er fyrirhuguð á þessum sviðum og því þykir rétt að fella þau niður sem sérstök viðfangsefni. Á móti kemur að fjárveiting til viðfangsefnanna *rannsóknir- og þróunarstarfsemi* og *langtímaáætlun* er aukin verulega. Í eftirfarandi yfirliti sést framlag ríkissjóðs til þeirra rannsóknastofnana sem um er fjallað í langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, að viðbættum Raunvísindastofnun háskólans og Tilraunastöð háskólans á Keldum.

	Fjárlög 1985		Frumvarp 1986		Breyting
	Framlag Þús.kr.	Sértekjur % af gjöldum	Framlag Þús.kr.	Sértekjur % af gjöldum	framlags %
Tilraunastöð háskólans að Keldum	8.622	64,9	15.742	53,6	82,6
Raunvísindastofnun háskólans	34.819	13,1	45.392	12,8	30,4
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	40.699	9,6	48.362	9,7	18,8
Veiðimálaskrifstofan	11.029	8,0	12.360	8,4	12,1
Hafrannsóknastofnun	135.983	0,8	168.540*	0,7*	23,9
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	19.447	27,7	24.528	28,1	26,1
Iðntæknistofnun Íslands	36.826	38,8	44.169	42,9	19,9
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	15.606	46,0	22.493	40,1	44,1
Orkustofnun	97.324	32,0	117.059	28,3	20,3
Samtals	400.355	22,7	498.645	21,5	24,6

* Í þessum samanburði eru leigutekjur af r/s Hafþóri undanskildar. Einnig eru gjöld og jafnháar tekjur af sérstöku hvalarannsóknaverkefni undanskilin.

Um fjármál einstakra stofnana er fjallað í köflum um tilheyrandi ráðuneyti.

233 Rannsóknasjóður

Með afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 var ákveðið að verja 50.000 þus.kr. til eflingar rannsóknastarfsemi í landinu með stofnun sérstaks rannsókna- og þróunarsjóðs. Markmiðið með þessum sjóði er að styrkja rannsóknir einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er geta orðið til nýsköpunar í atvinnulífi landsmanna. Árið 1986 er ráðgert að veita 50.000 þús.kr. í sama tilgangi. Þetta er því nýr liður í fjárlagafrumvarpi.

276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Framlag úr A-hluta til sjóðsins nemur alls 21.310 þús. kr. og er jafnhátt mörkuðum tekjum sjóðsins af hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands. Framlag hækkar um 56% og

er í samræmi við áætlun happdrættisins um aukningu tekna 1986. Ráðstöfunarfé sjóðsins 1986 fer til að greiða afborgun og vexti af eldri lánum og til áframhaldandi uppbyggingar á aðstöðu rannsóknastofnana.

301—307 Menntaskólar

Þegar á heildina er litið virðist rekstur þessara skóla vera í jafnvægi frá ári til árs. Helst er það í nýjustu skólunum sem einhverjar breytingar eru á rekstri og þá gjarnan í tengslum við flutning í nýtt húsnæði. Áætlun fjárlaga 1986 byggir á svipuðum fjölda nemenda og gert var í fjárlögum líðandi árs, eða um 3700 nemendum. Hækkun launa og annarra rekstrargjalda er því í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur. Heildarfjárveiting er 227.840 þús. kr. og hækkar um 29% frá fjárlögum yfirstandandi árs. Launaliður hækkar um 31,9% og önnur gjöld um 14,4%. Í eftirfarandi töflu er sýnd skipting milli gjaldategunda.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Laun	149.365	197.015	47.650
Önnur gjöld	25.228	28.875	3.647
Stofnkostnaður	5.450	9.200	3.750
Viðhald	1.500	—	−1.500
Gjöld samtals	181.543	235.090	53.547
Sértekjur	5.539	7.250	1.711
Mismunur	176.004	227.840	51.836

Ekki er áætlað fyrir meiri háttar viðhaldi hjá skólunum en á fjárlagalið 02–319 er óskipt fjárhæð til viðhalds. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til Menntaskólans í Reykjavík 500 þús. kr. vegna endurbóta. Til Menntaskólans á Akureyri 1.000 þús. kr. vegna endurbóta á gamla skólahúsinu. Til Menntaskólans á Laugarvatni 1.200 þús. kr. vegna ýmissa endurbóta bæði á gamla skólahúsinu og vegna heimavistarhúss. Til Menntaskólans við Hamrahlíð 500 þús. kr. vegna endurbóta og 1.500 þús. kr. til Menntaskólans við Sund í sama tilgangi. Menntaskólinn á Ísafirði fær 3.000 þús. kr. framlag vegna nýbyggingar og 1.000 þús. kr. vegna lóðarframkvæmda. Loks er 500 þús. kr. framlag áætlað til hönnunar kennsluhúss við Menntaskólann á Egilsstöðum.

308, 351—360 Fjölbrautaskólar

Auk þeirra skóla sem bera nafnið fjölbrautaskólar flokkast framhaldsskólarnir í Neskaupstað og Vestmannaeyjum einnig hér undir ásamt Menntaskólanum í Kópavogi, fjölbraut, og Verkmenntaskólanum á Akureyri. Fjallað er um alla þessa skóla sameiginlega. Mikil nemendafjölgun hefur orðið í þessum skólum á undanförnum árum og skólum hefur fjölgað. Í fjárlögum 1985 var í fyrsta sinn áætlað fyrir rekstri Verkmenntaskólans á Akureyri og Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Áætlun fjárlaga 1986 vegna rekstrar miðast við um 6.100 nemendur og er það fjölgun um 200 nemendur frá fjárlögum 1985. Mest er fjölgunin í Verkmenntaskóla Akureyrar. Laun og önnur rekstrargjöld hækka því nokkuð umfram verðlag auk þess sem starfrækt verður öldungadeild við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og meistaraskólar verða starfræktir við fjölbrautaskólana á Suðurnesjum, Akranesi og Sauðárkróki. Áætlun um meistaraskóla byggist á þátttöku nemenda að ⅓ hluta og þátttöku sveitarfélaga að 1/3 hluta í kostnaði. Er þetta sama kostnaðarskipting og er vegna

öldungadeilda og framlag ríkissjóðs því 1/3 hluti áætlaðs kostnaðar. Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun milli gjaldategunda og samanburð við fjárlög yfirstandandi árs.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Laun	208.688	282.540	73.852
Önnur gjöld	23.245	28.363	5.118
Stofnkostnaður	49.900	37.900	−12.000
Gjöld samtals	281.833	348.803	66.970

Samtals hækkar framlag um 23,8%, laun um 35,4% og önnur rekstrargjöld um 22%. Til stofnkostnaðar eru eftirfarandi framlög: Til endurbóta á gamla Flensborgarhúsinu í Hafnarfirði 500 þús.kr. Er það lokagreiðsla vegna þeirra endurbóta er átt hafa sér stað á undanförnum árum. Til Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru áætlaðar 1.600 þús. kr. sem er hlutur ríkissjóðs í fyrri framkvæmdum við skólann. Til Fjölbrautaskólans á Akranesi eru veittar 5.300 þús. kr., þ. a. eru 1.000 þús. kr. ætlaðar til kaupa á kennslutækjum en 4.300 þús. kr. eru vegna heimavistarhúss sem verið hefur í byggingu. Til Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum 1.000 þús. kr. og er það vegna uppgjörs við Vestmannaeyjabæ vegna breytinga og lagfæringa á húsnæði skólans. Til Fjölbrautaskólans á Sauðárkróki 8.500 þús. kr. Þar af eru 3.500 þús. kr. vegna væntanlegra framkvæmda við heimavist en 5.000 þús. kr. eru til uppgjörs fyrri framkvæmda við heimavist. Til byggingar bóknámshúss við Fjölbrautaskóla á Selfossi er framlagið 10.000 þús. kr. og til Verkmenntaskóla á Akureyri er framlag einnig 10.000 þús. kr. Loks er 1.000 þús. kr. framlag til Framhaldsskólans í Neskaupstað vegna lokaframkvæmda og kaupa á búnaði.

319 Framhaldsskólar, almennt

Heildarframlag nemur 44.689 þús. kr. Er það 17.321 þús. kr. eða 63,3% hækkun frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar um 8.454 þús. kr. og skýrist hækkun umfram launaforsendur fyrst og fremst af tveim nýjum verkefnum. Vegna sérkennslu í framhaldsskólum er nú áætlað 2.750 þús. kr. og vegna almennra þróunarverkefna á framhaldsskólastigi eru áætlaðar 1.950 þús. kr. Síðara verkefnið var áður á fjárlagalið *02— 423 Námsstjórn og þróunarverkefni* svo að ekki er um aukningu að ræða heldur tilfærslu. Vegna óvissu um nemendafjölda í framhaldsskólum veturinn 1986—1987 eru nú áætlaðar 5.850 þús. kr. sem er svipuð upphæð og í gildandi fjárlögum að teknu tilliti til launahækkana. Aðrir þættir á launalið eru eftirfarandi: 1) Sameiginleg þjónusta, 2) laun prófdómara, 3) orlof kennara og 4) forfallakennsla. Hækka þessir þættir í samræmi við almennar launahækkanir á tímabilinu. Önnur gjöld hækka um 6.701 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Hækkun sú er aðallega vegna 5.625 þús. kr. framlags vegna uppgjörs við samrekstrarskóla, þ.e.a.s. skóla sem reknir eru í samvinnu við sveitarfélög eða samtök. Uppgjörskröfur vegna þessara skóla hafa farið vaxandi og þeim hefur ávallt verið mætt með aukafjárveitingu. Nú er lagt til að framvegis verði áætlað fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum hverju sinni. Einnig er um 3.000 þús. kr. framlag vegna óvissu um nemendafjölda. Tilfærslur nema 3.187 þús. kr. Þar af eru 937 þús. kr. vegna endurmenntunarnámskeiða og námskeiða í uppeldis- og kennslufræðum en 2.250 þús. kr. eru vegna réttindanámskeiða skipstjórnarmanna og er það nýr liður, en til þessa verkefnis var veitt aukafjárveiting 1985 að fjárhæð 2.290 þús. kr. Framlag til viðhalds hækkar um 800 þús. kr. og er samtals 5.000 þús. kr. og til hugbúnaðar og tölvukaupa eru áætlaðar 4.000 þús. kr.

321 Kennaraháskóli Íslands

Framlag til skólans nemur alls 71.921 þús. kr. og hækkar um 14.723 þús. kr. eða 25,7% frá gildandi fjárlögum. Vegna launa áætlast 53.652 þús. kr. sem er um 4.000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Er það allt vegna nýrrar starfsemi, *framhaldsnám fyrir sérkennara.* Við fjárlagagerð 1985 veitti fjárveitinganefnd Alþingis framlag til nýrrar stöðu vegna þessarar kennslu og hefur þegar verið ráðinn breskur gistiprófessor. Önnur rekstrargjöld nema 13.163 þús. og hækka um 817 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til millifærslu á öðrum rekstrargjöldum frá Kennaraháskóla Íslands til Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskólans, en skýr skil hafa fram til þessa ekki verið þar á milli. Framlag til viðhalds er 950 þús. kr. og til stofnkostnaðar 5.625 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna tækjakaupa, 2.225 þús. kr. eru vegna lóðarframkvæmda og lyftu og 1.400 þús. kr. eru vegna endurbyggingar hússins við Laufásveg. Loks eru sértekjur áætlaðar 1.469 þús.kr. en það er 362 þús.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985.

322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans

Framlag til skólans nemur 16.299 þús. kr. Hækkun frá gildandi fjárlögum er samtals 5.989 þús. kr. og er langt umfram almennar launa- og verðlagsbreytingar. Skýringar eru eftirfarandi: Frá Kennaraháskóla Íslands hafa verið millifærðar um 1.350 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda en launa. Í ríkisreikningi fyrir árið 1984 er í fyrsta sinn greint á milli rekstrargjalda þessara skóla og lágu því haldgóðar upplýsingar fyrir um raunveruleg rekstrargjöld hvors skóla um sig. Auk þessa er nú áætlað fyrir framlagi til viðhalds, 1.000 þús. kr., sem er hrein aukning frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka hins vegar í samræmi við almennar launahækkanir.

331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Heildarfjárveiting til Íþróttakennaraskóla Íslands nemur 24.803 þús. kr. og hækkar um 5.690 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Áætlun vegna rekstrar miðast við óbreytta starfsemi og er hækkun milli ára í samræmi við almennar launa- og verðlagsforsendur. Til viðhalds áætlast 300 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag nemur alls 17.438 þús. kr. Þar af eru 14.200 þús. kr. vegna framkvæmda við annan áfanga nýbyggingar íþróttahúss og 3.238 þús. kr. eru til frágangs innanhúss o. fl.

422 Námsgagnastofnun

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 19.126 þús. kr., sem er 32,5% hækkun frá fjárlögum 1985. Laun hækka um 4.508 þús. kr. sem er 30,7% hækkun. Fastráðnum starfsmönnum fjölgar úr 10 í 24,5 en lausráðnum starfsmönnum fækkar að sama skapi, þannig að starfsmenn eru alls 39 eins og í fjárlögum 1985. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 14.327 þús. kr. eða 26,8% frá fjárlögum 1985. Hækkunin skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Kaup á myndböndum	2.597	3.000	403
Útáfa kennsluefnis	42.911	55.450	12.539
Almennur rekstur	7.943	9.328	1.385
Samtals	53.451	67.778	14.327

Af fjárveitingu til útgáfu á kennsluefni eru 6.750 þús. kr. vegna skyldunáms 9. bekkjar. Tekið er upp viðhaldsverkefnið *fasteign, Brautarholti 6.* Til lagfæringa

utanhúss eru ætlaðar 400 þús. kr. Fjárveiting til eignakaupa, 2.800 þús. kr., skiptist þannig að til tölvuvæðingar eru ætlaðar 2.000 þús. kr. en til kaupa á bifreið og ýmsum tækjabúnaði eru 800 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar nema alls 12.657 m. kr. en námu 9.648 m. kr. Hækkun nemur því 31% frá fjárlögum 1985.

423 Námsstjórn og þróunarverkefni

Framlag til þessa viðfangsefnis hækkar um 612 þús. kr. frá fjárlögum 1985 og er sú hækkun innan við almennar launa- og verðlagshækkanir. Ástæða þess er að verkefnið, þróunarverkefni vegna framhaldsskóla, er flutt af þessum fjárlagalið á fjárlagalið *02—319 Framhaldsskólar, almennt.* Þar með eru engin verkefni á þessum fjárlagalið tengd framhaldsskólum heldur einungis grunnskólum. Að teknu tilliti til þessarar lækkunar, sem er um 1.950 þús. kr., er hækkun framlags í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar.

501 Tækniskóli Íslands

Heildarframlag til skólans nemur 43.395 þús. kr. og hækkar um 10.770 þús. kr. frá fjárlögum 1985, eða um 33%. Rekstraráætlun miðast við óbreytta starfsemi frá fjárlögum þessa árs að undanskilinni aukningu sem verður vegna þess að röntgentæknanám færist til skólans en var áður sérstakt viðfangsefni undir fjárlagalið *08—501 Skólar heilbrigðisstétta.* Sú aukning er áætluð um 1.000 þús. kr. Framlag til kaupa á ýmsum tæjabúnaði er 2.000 þús. kr.

514 Iðnskólinn í Reykjavík

Framlög til Iðnskólans í Reykjavík nema samtals 77.642 þús. kr. Helstu breytingar frá gildandi fjárlögum er 845 þús. kr. framlag vegna starfsemi öldungadeildar við skólann og 650 þús. kr. framlag vegna námskeiða fyrir iðnaðarmenn í tengslum við hana. Að frátalinni þessari nýju starfsemi er framlag til rekstrar skólans óbreytt að teknu tilliti til launa- og verðlagsbreytinga. Framlag til viðhalds húseigna nemur 2.000 þús. kr. en samsvarandi fjárveiting nam 1.800 þús. kr. í fjárlögum 1985.

515 Iðnskólar utan Reykjavíkur

Fjárframlag til iðnskóla utan Reykjavíkur er samtals 19.730 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 5.959 þús. kr. eða 43,2%. Framlagið skiptist sem hér segir: Til Iðnskólans í Hafnarfirði fara 9.180 þús. kr., til annarra iðnskóla 6.000 þús. kr., vegna sveinsprófa 2.600 þús. kr. og vegna endurmenntunar iðnaðarmanna 1.950 þús. kr. Helstu breytingar til skýringar á auknum útgjöldum eru 156 þús. kr. framlag til Iðnskólans í Hafnarfirði vegna meistaraskóla. Er hér reiknað með að hver greiði þriðjung, ríkissjóður, sveitarfélag og nemendur. Er þetta sami háttur og hafður er á í öllum öldungadeildum við framhaldsskóla landsins. Þá er gert ráð fyrir hækkun framlags til endurmenntunar iðnaðarmanna og nemur sú hækkun 1.300 þús. kr. Að þessum sérstöku liðum frátöldum hækkar framlag um 32,7%.

516 Iðnskólar, almennt

Stofnkostnaðarframlag til iðnskóla er samtals 4.900 þús. kr. Er það 400 þús. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum og skiptist með eftirfarandi hætti: Til Iðnskólans í Reykjavík 2.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og 1.000 þús. kr. til framkvæmda. Til Iðnskólans í Hafnarfirði 1.000 þús. kr. vegna tækjakaupa og til Iðnskólans á Ísafirði 900 þús. kr. vegna tækjakaupa. Óskipt viðhaldsfé áætlast 1.000 þús. kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

518 Fiskvinnsluskólinn

Fjárveiting til Fiskvinnsluskólans nemur alls 21.139 þús. kr. en nam 15.223 þús. kr. í fjárlögum 1985. Launaliður er 4.608 þús. kr. og hækkar í samræmi við almennar launabreytingar. Önnur gjöld til rekstrar áætlast 3.938 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsbreytingar, en tekið var tillit til útkomu undanfarinna ára. Á móti kemur nokkur hækkun sértekna en þær eru alls 1.695 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag vegna byggingarframkvæmda er 14.288 þús. kr. og er það til að standa við gerðan verksamning um uppsteypu verkkennsluhúss skólans. Verkið var boðið út fyrri hluta árs 1985 og fyrirhuguð verklok þessa áfanga er 1. september 1986.

581 Verslunarskóli Íslands

Heildarfjárveiting nemur 43.519 þús. kr. sem er hækkun um 12.750 þús. kr., eða 41%, frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar um 9.078 þús. kr. Þetta er lítið eitt umfram almennar launahækkanir, en áætlun nú byggir á fleiri nemendum en verið hafa í skólanum undanfarin ár. Aðallega eru það önnur gjöld vegna rekstrar sem hækka umfram verðlagsforsendur en þau nema alls 8.345 þús. kr. og hækka um 63,1%. Hækkunin er fyrst og fremst vegna nýs samnings um þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði skólans.

601—609 Héraðsskólar

Fjallað er hér um alla héraðsskóla sameiginlega eins og fjallað er um menntaskóla og fjölbrautaskóla. Nemendum í héraðsskólum hefur fækkað á undanförnum árum og í áætlun fjárlaga 1986 eru þeir nokkru færri en í áætlun fjárlaga 1985. Hlutfall framhaldsnáms hefur þó aukist í þessum skólum á undanförnum árum og er sú kennsla dýrari á hvern nemanda en kennsla á grunnskólastigi. Hækkun launa er í hátt við almennar launahækkanir á tímabilinu en hækkun annarra rekstrargjalda er eilítið meiri en almennar verðlagshækkanir. Er hækkun þessi fyrst og fremst vegna mikils orkukostnaðar í nokkrum skólanna samkvæmt upplýsingum úr ríkisreikningi 1984. Virðist sú hækkun ekki vera í samræmi við hækkun þessa liðar annars staðar og hefur svo verið í nokkur ár. Heildarframlög eru sýnd í eftirfarandi töflu og samanburður við fjárlög 1985.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.	Breyting %
Laun	35.554	45.590	10.036	28,2
Önnur gjöld	17.721	20.859	3.138	17,7
Gjöld samtals	53.275	66.449	13.174	24,7
Sértekjur	1.963	2.342	379	19,3
Mismunur	51.312	64.107	12.795	24,9

610 Héraðsskólar, almennt

Framlag á þessum fjárlagalið nemur 14.500 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 2.000 þús. kr. Til stofnkostnaðarverkefna eru ætlaðar 11.000 þús. kr. Þar af eru 6.000 þús. kr. vegna byggingar mötuneytishúss við Héraðsskólann í Reykholti. Til viðhaldsverkefna eru veittar 3.500 þús. kr. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700–720 Grunnskólar, rekstur

Hér verður fjallað um rekstur grunnskólastigsins. Heildarkostnaður er áætlaður 1.579.167 þús. kr. sem er hækkun um 379.088 þús. kr. eða 31,6% frá fjárlögum 1985. Launagjöld eru 1.401.152 þús. kr. sem er hækkun um 339.168 þús. kr. eða 31,9% frá fjárlögum 1985.

Launagjöld skiptast í aðalatriðum þannig, í þús. kr.:

Fræðsluskrifstofur		7.199
Sálfræði- og ráðgjafarþjónusta		8.100
Almennur kennslukostnaður		1.089.107
þ. a. almenn kennaralaun	1.061.277	
einkaskólar	9.896	
óskiptur liður	13.000	
annað	4.934	
Stuðningskennsla		53.231
Forfallakennsla		33.415
Orlof kennara		9.813
Önnur laun, mötuneyti o. fl.		117.458
Sérkennsla		56.543
Námsstjórar		1.903
Framhaldsdeildir grunnskóla		21.309
Stjórnskipaðir prófdómarar		3.074
Samtals		1.401.152

Auk launahækkana í kjölfar kjarasamninga skýrist hækkun launagjalda m. a. af eftirfarandi atriðum:

- Almennur kennslukostnaður hækkar um 46.500 þús. kr., einkum vegna fjölgunar bekkjardeilda og skiptistunda. Nemendafjöldi í grunnskólum 1985–1986 er 40.200 og fjölgar um rúmlega 300 frá fyrra skólaári. Af *óskiptum lið* eru Tjarnarskóla ætlaðar 1.500 þús. kr.
- Útgjöld vegna launa í mötuneytum hækka um 5.000 þús. kr.
- Sérkennsla í grunnskólum hækkar um 11.300 þús. kr. og er gert ráð fyrir nokkurri aukningu á starfseminni.
- Laun vegna samræmdra prófa í 9. bekk á liðnum *stjórnskipaðir prófdómarar* eru 3.074 þús. kr. Þessi liður féll niður í fjárlögum 1985.

Önnur gjöld án eignakaupa nema alls 149.256 þús. kr. Þetta er hækkun um 27.701 þús. kr. eða 22,8% frá fjárlögum. Um 80–85% allra gjaldanna er vegna aksturs skólabarna. Til eignakaupa eru 5.000 þús. kr. ætlaðar til tölvu- og hugbúnaðarkaupa. Á árinu 1985 hefur menntamálaráðuneytið beitt sér fyrir samræmingu í tölvukaupum fyrir grunnskólastigið. Útboð á vélbúnaði hefur farið fram.

Tilfærslur eru 23.759 þús. kr. og hækka um 7.219 þús. kr. frá fjárlögum 1985 eða 43,6%. Undir tilfærslur falla framlög til reksturs fræðsluskrifstofa sem áætluð eru í samræmi við 85. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla. Þetta á þó ekki við um framlag til fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis sem skipt er milli launa og annarra gjalda. Auk lögbundins framlags fær fræðsluskrifstofa Reykjavíkur 1.120 þús. kr. aukaframlag vegna aukins kostnaðar í kjölfar samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Fjárveiting vegna höfundagreiðslna skv. gerðardómi 1984, að fjárhæð 3.500 þús. kr. í fjárlögum 1985 er flutt af fjárlagaliðnum *listir, framlög* á liðinn *grunnskólar, almennt* og nemur sömu fjárhæð. Þá fellur niður viðfangsefnið *FM-heyrnartæki* til notkunar við kennslu og er starfsemin felld undir liðinn *grunnskólar, óskipt.*

730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra
Fjárveiting nemur 120.000 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 3.632 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun að venju gera tillögu um skiptingu fjárveitingar til einstakra framkvæmda.

750 Skólar fyrir þroskaheft börn
Sú breyting er gerð á þessum fjárlagalið að eitt viðfangsefni, 02—750—1.20 Greiningarstöð í Kjarvalshúsi, er gert að sérstökum fjárlagalið undir félagsmálaráðuneytinu (07—750). Er þetta gert samkvæmt ákvæðum laga nr. 41/1983. Þegar tekið hefur verið tillit til þessarar breytingar hækkar fjárlagaliðurinn úr 86.474 þús. kr. í 110.890 þús. kr. og er það í samræmi við launa- og verðlagsbreytingar, enda er gert ráð fyrir nánast óbreyttri starfsemi.

799 Heyrnleysingjaskólinn
Framlag til rekstrar er svo til óbreytt frá fjárlögum 1985 að teknu tilliti til launa- og verðlagshækkana á tímabilinu. Framlag til viðhalds, 400 þús. kr., er vegna áframhaldandi viðgerða vegna alkalískemmda á skólahúsinu svo og málningar. Til stofnkostnaðar eru áætlaðar 200 þús. kr. til kaupa á textasímum fyrir heyrnarlausa.

802 Vernd barna og ungmenna
Fjárveiting til *barnaverndarráðs* nemur 3.641 þús. kr. og hækkar frá núgildandi fjárlögum um 953 þús. kr. Launaliður hækkar í samræmi við almennar launahækkanir en önnur rekstrargjöld hækka umfram verðlagsforsendur. Er sú hækkun öll vegna aukins kostnaðar af nýju húsnæði. Styrkir til sumardvalaheimila falla nú niður. Framlag til reksturs *meðferðarheimilisins Torfastöðum* er 2.034 þús. kr. og hækkar um 794 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Hækkunin er umfram launa- og verðlagsforsendur. Er hér um leiðréttingu að ræða þar sem eingöngu var miðað við almennar launahækkanir þegar verðlagsuppfærsla var gerð á s.l. ári, en miða átti að hluta til við vísitölu framfærslukostnaðar.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður
Fjárveiting nemur 40.000 þús. kr. og hækkar um 5.099 þús. kr. frá fjárveitingu í fjárlögum 1985. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda.

871 Unglingaheimili ríkisins
Framlag verður 4.660 þús. kr. sem er lækkun um 1.319 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar verði hagkvæmari í kjölfar skipulagsbreytinga og húsakaupa fyrir meðferðarheimili á árinu 1985. Launakostnaður er 13.398 þús. kr. sem er hækkun um 4.429 þús. kr. eða 49,4% og skýrist af fjölgun úr 22 í 23 starfsmenn, breytingu á tveimur stöðum uppeldisfulltrúa í deildarstjóra og almennum launahækkunum. Önnur gjöld eru 5.242 þús. kr. sem er hækkun um 2.328 þús. kr eða 79,9% frá fjárlögum 1985. Er þá tekið tillit til reiknings 1984. Sértekjur eru áætlaðar 13.980 þús. kr. sem er hækkun um 4.165 þús. kr. eða 42,4%. Fram hafa komið hugmyndir um að færa unglingaheimilið úr B-hluta fjárlaga í A-hluta, m.a. til þess að unnt verði fá betri yfirsýn yfir og auka eftirlit með starfsemi þess.

872 Lánasjóður íslenskra námsmanna
Framlag til sjóðsins nemur alls 750.000 þús. kr. og hækkar um 81.939 þús. kr. eða 12,2% frá fjárlögum. Að auki er sjóðnum ætlað tiltekið lánsfé sem í þessu frumvarpi er alls 350.000 þús. kr. Samanlagt verður því ráðstöfunarfé sjóðsins 1.100.000 þús. kr. en það var 1.008.061 þús. kr. Hækkun nemur 9,1%. Málefni sjóðsins munu koma til athugunar síðar í haust.

881 Náms- og fræðimenn, framlög

Heildarfjárveiting er 13.699 þús. kr. Helsta breyting frá framlögum í núgildandi fjárlögum er á viðfangsefninu *safngripaviðgerðir, námsvistargjöld.* Í þessu frumvarpi er miðað við tvo nemendur en áður var einungis miðað við einn nemanda. Önnur veigamikil breyting er lækkun framlags til viðfangsefnisins *Styrkur til útgáfustarfa* en í fjárlögum 1985 var 1.000 þús. kr. sérstakur styrkur vegna útgáfu ensk-íslenskrar orðabókar. Að öðru leyti breytast framlög eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum skólum	1.370	1.729	359
Menningarstofnun Bandaríkjanna á Íslandi, námsstyrkir	90	120	30
Styrkur til útgáfustarfa	1.750	750	−1.000
Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld	150	600	450
Félagsstofnun stúdenta	2.800	3.300	500
Stúdentagarðar, viðhald	6.500	7.000	500
Hjónagarðar, hönnun	200	200	0
Gjöld samtals	12.860	13.699	839

884 Jöfnun á námskostnaði

Framlög til jöfnunar á námskostnaði eru óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum eða 20.000 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um húsnæðis- og fæðisstyrki að ræða.

901 Landsbókasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins hækkar úr 11.760 þús. kr. í 15.517 þús. kr. eða um 31,9%. Laun hækka um 26,4%, rekstrargjöld um 18,6% en meiri háttar stofnkostnaður vegna bókakaupa hækkar úr 1.200 þús. kr. í 2.260 þús. kr. eða um 88,3%. Heimiluð stöðugildi voru 20,67 í fjárlögum 1985 en eru nú 22,17. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði eitt stöðugildi bókavarðar og hálft stöðugildi aðstoðarmanns í myndadeild á árinu, enda var til þess ætluð fjárveiting í fjárlögum 1985.

902 Þjóðminjasafn Íslands

Framlag til Þjóðminjasafnsins hækkar úr 13.682 þús. kr. í 16.045 þús. kr. eða um 17,3%. Skýringin á lítilli hækkun fjárveitingar milli ára er að nú er ekki áætlað fyrir framlagi til sjóminjasafns undir þessum fjárlagalið heldur á fjárlagaliðnum *02—991 Húsfriðun.* Launaliður hækkar um 36,5% og rekstrargjöld um 33,3%. Á launalið er sérstaklega áætlað fyrir launum staðgengils forstöðumanns þjóðháttadeildar til eins árs. Framlagið nemur alls 431 þús. kr. Heimiluð stöðugildi eru sem fyrr 11,5 talsins. Tilfærslur nema 175 þús. kr. og eru til Hins íslenska fornleifafélags. Til meiri háttar viðhalds eru áætlaðar 2.400 þús. kr. Af þeirri fjárhæð verði 1.400 þús. kr. varið til viðgerða á Þjóðminjasafnshúsinu og til viðhalds og hirðingar á lóð safnsins, en 1.000 þús. kr. verði varið til viðhalds gamalla bygginga í vörslu Þjóðminjasafnsins.

903 Þjóðskjalasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins hækkar úr 5.804 þús. kr. í 8.615 þús. kr. eða um 48,4%. Rekstrargjöld hækka um 52,3% og laun um 27,6%. Skýringin á mikilli hækkun rekstrargjalda og talsverðri hækkun heildarfjárveitingar er sú að samþykkt voru ný lög um Þjóðskjalasafn Íslands síðast liðið vor, lög nr. 66/1985. Lögin leggja ýmsar skyldur á safnið og er af þessum sökum tekið tillit til aukinna umsvifa við áætlun rekstrargjalda.

Heimiluð stöðugildi eru jafnmörg og í fjárlögum 1985 eða 10,5. Til meiri háttar stofnkostnaðar verður varið 600 þús. kr. sem skiptist að jöfnu til kaupa á ljósritunarvél og til kaupa á lesvél fyrir mikrófilmur.

907 Listasafn Íslands

Framlag til safnsins hækkar úr 15.369 þús. kr. og verður alls 46.764 þús. kr. Framlag til reksturs nemur alls 8.764 þús. kr. og hækkar um 3.195 þús. kr. eða 57%. Hækkunin skýrist af því að áformað er að flytja safnið úr núverandi húsakynnum við Suðurgötu í nýbyggingu safnsins við Fríkirkjuveg. Áætlað er fyrir launum 1,8 stöðu gæslumanna og 1,0 stöðu húsvarðar, svo og ræstingu og öðrum gjöldum vegna reksturs. Áætlunin nemur samtals 1.511 þús. kr. og miðast við fimm mánaða rekstur á árinu. Til launa áætlast 1.165 þús. kr. og til annarra gjalda 346 þús. kr. Til *listaverkakaupa* eru áætlaðar 3.000 þús. kr. en það er hækkun um 500 þús. kr. frá fjárlögum. Stefnt er að því að taka nýja safnhúsið í notkun á árinum 1986. Fjárveiting er 35.000 þús. kr. en var 7.300 þús. kr. í fjárlögum 1985. Með þessari fjárveitingu á að takast að koma hluta hússins í notkun, þó svo að ýmsum verkþáttum í byggingunni verði lokið.

908 Kvikmyndasafn Íslands

Fjárveiting til safnsins verður 1.126 þús. kr. og hækkar um 234 þús. kr. eða um 26,2%. Laun og önnur gjöld til rekstrar tvöfaldast og er skýringin sú að nú er áætlað fyrir einu stöðugildi en einungis var áætlað fyrir hálfu stöðugildi í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði hálft stöðugildi forstöðumanns á árinu. Hækkun annarra gjalda er vegna þess að veitt er fé til varðveislu gamalla mynda, tækjakaupa og breytinga á húsnæði safnsins.

909 Blindrabókasafn Íslands

Framlag til safnsins hækkar úr 5.576 þús. kr. í 6.746 þús. kr. eða um 21%. Launaliður hækkar úr 3.228 þús. kr. í 4.131 þús. kr. eða um 28% og rekstrargjöld hækka úr 2.348 þús. kr. í 2.615 þús. kr. eða um 11,3%. Heimiluð stöðugildi eru nú 7 en voru 6 í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1985 eitt stöðugildi aðstoðarmanns í útlánadeild, 285 þús. kr.

931 Náttúruverndarráð

Heildarfjárveiting til Náttúruverndarráðs hækkar úr 9.434 þús. kr. í 11.084 þús. kr. eða um 17,5%. Rekstrarviðfangsefni eru jafnmörg og í fjárlögum 1985, eða sjö talsins, en stofnkostnaðarviðfangsefnið *Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum* fellur brott. Nýtt viðfangsefni, *viðhald fasteigna,* er tekið upp með 800 þús. kr. fjárveitingu. Fé þetta er ætlað til viðhalds ýmsum fasteignum Náttúruverndarráðs. Gjöld vegna rekstrar hækka úr 4.835 þús. kr. í 8.130 þús. kr. eða um 68,1% og laun úr 3.783 þús. kr. í 5.237 þús. kr. eða um 38,4%. Sértekjur hafa hins vegar verið hækkaðar á móti úr 1.384 þús. kr. í 3.508 þús. kr. eða um 153%. Skýringin á mikilli hækkun launa og rekstrargjalda og sértekna er að sértekjur hafa verið gróflega vanáætlaðar undanfarin ár. Það hefur leitt til þess að stofnunin hefur haft miklu meira fé til almenns rekstrar en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Ekkert samræmi var orðið milli ríkisreiknings og fjárlaga. Í frumvarpinu nú er hins vegar fullt tillit tekið til ríkisreiknings 1984 þannig að bæði laun, rekstrargjöld og sértekjur hefur verið hækkað til samræmis við hann. Til meiri háttar stofnkostnaðar verður varið 425 þús. kr. og er sú fjárveiting til að endurnýja kjallara rannsóknastöðvarinnar við Mývatn. Þess ber sérstaklega að geta að fjárveiting til almenna rekstrarviðfangsefnisins *rannsóknastörf við Mývatn* hækkar úr 642 þús. kr. í

1.885 þús. kr. Sérstök aukafjárveiting var veitt vegna rannsókna við Mývatn síðast liðið vor að fjárhæð 1.000 þús. kr. Áætlun fyrir 1986 byggir á aukafjárveitingunni og framlagi í fjárlögum 1985.

973 Þjóðleikhús

Framlag ríkissjóðs nemur 58.962 þús. kr. en nam 50.088 þús. kr. í fjárlögum 1985. Hækkunin er því 17,8%. Í fjárlögum 1985 var tilfærslan til B-hluta í einu lagi, en er nú skipt, annars vegar 52.962 þús. kr. til almenns rekstrar og hins vegar 6.000 þús. kr. til viðhalds á sjálfri leikhúsbyggingunni.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands

Framlag er 23.070 þús. kr. sem er 3.606 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985 eða 18,5%. Laun hækka um 6.292 þús. kr. eða 21%. Miðað er við 70 stöðugildi sem er fjölgun um 0,5. Önnur rekstrargjöld hækka um 769 þús. kr. eða 7,2% og taka þau mið af reikningi 1984 og 3.000 þús. kr. framlagi af skemmtanaskatti.

977 Þjóðarbókhlaða

Framlag nemur 5.000 þús. kr. en var 7.000 þús. kr. í fjárlögum 1985. Framkvæmdir við bygginguna hafa legið niðri um nokkurt skeið en nú er áformað að síðari hluta árs 1985 verði unnið við hita- og lagnakerfi í húsinu auk múrverks.

981 Kvikmyndasjóður

Fjárveiting hækkar úr 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 32.000 þús. kr. Alls verða 28.000 þús. kr. til ráðstöfunar á árinu 1985, þ.e. 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985, 10.000 þús. kr. skv. lánsfjárlögum og 10.000 þús. kr. aukafjárveiting 1985.

982 Listir, framlög

Fjárveiting til þessa fjárlagaliðar hækkar úr 52.285 þús. kr. í 54.603 þús. kr. eða um 4,4%. Eitt viðfangsefni, *höfundagreiðslur skv. gerðardómi,* flyst af þessum fjárlagalið á fjárlagalið *02—720 Grunnskólar, almennt* og eitt nýtt viðfangsefni, *listasafn Sigurjóns Ólafssonar,* er tekið inn með 500 þús. kr. framlagi. Undir viðfangsefninu *önnur leiklistarstarfsemi* eru sérstaklega áætlaðar 250 þús. kr. vegna norrænnar leiklistarhátíðar áhugamanna í Reykjavík 1986 og undir viðfangsefninu *kynning á íslenskri list erlendis* eru 300 þús. kr. ætlaðar til listahátíðar í Feneyjum. Umrædd viðfangsefni hafa verið sérstaklega hækkuð frá fjárlögum 1985 vegna þessa. Að öðru leyti hækka viðfangsefni í þessum fjárlagalið ekki frá fjárlögum 1985 nema viðfangsefnin *launasjóður rithöfunda, höfundagreiðslur skv. 21. gr., Rithöfundasjóður Íslands, listamannalaun* og *starfslaun listamanna,* sem hækka frá fjárlögum 1985 samkvæmt launabreytingum.

983 Vísindaleg starfsemi, styrkir

Tvö viðfangsefni eru á þessum fjárlagalið, *vísinda- og fræðistörf* með 400 þús. kr. framlag (var 350 þús. kr. í fjárlögum 1985) og nýtt viðfangsefni, *samstarfsnefnd um upplýsingamál,* með 240 þús. kr. framlag. Samstarfsnefndin er í fjárlögum 1985 undir fjárlagaliðnum *Rannsóknaráð ríkisins, upplýsingamál* með 220 þús. kr. framlag. Hér er því um tilflutning að ræða en ekki viðbót. Viðfangsefnið *Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur,* sem var í fjárlögum 1985, fellur nú niður.

985 Félagsheimilasjóður

Framlag er 18.000 þús. kr. sem er hækkun um 11.000 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Nokkur skerðing er þó á lögbundnu framlagi í sjóðinn og mun verða leitað lagaheimildar í því sambandi.

986 Íþróttasjóður

Framlag til sjóðsins er 39.650 þús. kr. sem er hækkun um 6.790 þús. kr. eða 20,7% frá fjárlögum 1985.Rekstrarstyrkir hækka um 500 þús. kr. eða 33% en byggingarstyrkir um 6.290 þús. kr. eða 20%. Mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur um skiptingu byggingarstyrkjanna.

988 Æskulýðsmál. Heildarframlag nemur 9.760 þús. kr. og hækkar um 2.940 þús. kr. frá fjárlögum 1984. Hækkunin er fyrst og fremst vegna tveggja viðfangsefna: *Bandalag íslenskra skáta* er með 2.290 þús. kr. hækkun og nemur framlag 2.850 þús. kr. *Starfsemi KFUM og KFUK* hækkar um 720 þús. kr. og verður 1.000 þús. kr. Viðfangsefnið *alþjóðaár æskunnar* fellur nú niður en framlag til þess er 750 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Æskulýðsráð ríkisins	600	700	100
Æskulýðssamband Íslands	140	180	40
Ungmennafélag Íslands	4.200	4.700	500
Bandalag íslenskra skáta	560	2.850	2.290
Bandalag íslenskra skáta, Úlfljótsvatn	130	150	20
Íslenskir ungtemplarar	160	180	20
Starfsemi KFUM og KFUK	280	1.000	720
Alþjóðaár æskunnar	750	—	−750
Gjöld samtals	6.820	9.760	2.940

989 Ýmis íþróttamál

Framlög til ýmissa íþróttamála eru samtals 27.280 þús. kr. og hækka frá fjárlögum yfirstandandi árs um 6.935 þús. kr. eða 34,1%. Breytingar koma fram í eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Íþróttasamband Íslands	17.400	22.500	5.100
Ólympíunefnd	540	1.500	960
Ólympíunefnd fatlaðra	400	500	100
Íþróttamál fatlaðra	1.050	1.500	450
Farkennsla í íþróttum	75	85	10
Þrekprófun ungmenna 1985	200	—	−200
Útgáfa handbóka um skólaíþróttir	—	50	50
Skáksamband Íslands	210	250	40
Stórmeistarar í skák	300	700	400
Alþjóðaskákmót, styrkir	160	180	20
Bridgesamband Íslands	10	15	5
Gjöld samtals	20.345	27.280	6.935

991 Húsfriðun

Heildarfjárveiting er 10.053 þús. kr. og hækkar um 957 þús. kr. frá gildandi fjárlögum. Viðfangsefni eru fjögur talsins en voru fimm áður. Niður falla framlög til *Torfusamtakanna* 700 þús. kr. og til *„Hússins" Eyrarbakka* 700 þús. kr. Eitt nýtt viðfangsefni bætist við og er það *Sjóminjasafn Íslands* sem áður var undir fjárlagalið 02—902

Þjóðminjasafn Íslands. Framlag til safnsins er samtals 2.000 þús. kr. og eru 1.500 þús. kr. vegna uppbyggingar safnsins en 500 þús. kr. eru vegna gæslukostnaðar. Framlag til *Húsfriðunarsjóðs* hækkar um 364 þús. kr. og verður 1.803 þús. kr. en framlag til *Viðeyjar- og Nesstofu* er óbreytt 750 þús. kr. Framlag til *byggða- og minjasafna* er 5.500 þús. kr. en var 5.507 þús. kr. í fjárlögum 1985.

999 Ýmislegt

Fjárveiting hækkar úr 8.490 þús. kr. í 8.770 þús. kr. Eftirtalin stofnkostnaðarviðfangsefni falla brott: *Sædýrasafnið í Hafnarfirði* 180 þús. kr. og *Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum* 100 þús. kr. Viðhaldsviðfangsefnið *Hlíðardalsskóli* 300 þús. er einnig fellt niður. Rekstrarviðfangsefnið *85-nefndin* 500 þús. kr. fellur jafnframt niður. Þau viðfangsefni sem hækka eru *Landakotsskóli, rekstrarstyrkur,* sem hækkar úr 1.000 þús. kr. í 1.500 þús. kr., *Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur,* sem hækkar úr 1.200 þús. kr. í 1.450 þús. kr. eða um 20,8%, *Cornell- og Manitobaháskólar* úr 90 þús. kr. í 100 þús. kr. og viðfangsefnið *ýmis framlög* úr 2.000 þús. kr. í 2.500 þús. kr. eða um 25%. Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, *vísindastyrkir Atlantshafsbandalagsins,* með 100 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	53.391	69.719	16.328	30,6
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	44.347	62.587	18.240	41,1
Sendiráð	119.314	134.998	15.684	13,1
Alþjóðastofnanir	78.862	102.015	23.153	29,4
Samtals	295.914	369.319	73.405	24,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði ráðuneytisins til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofunnar nemur 58.584 þús. kr. en var 47.430 þús. kr. í fjárlögum 1985. Laun hækka úr 14.246 þús. kr. í 17.949 þús. kr., eða um 26%, og fjárveiting til almenns reksturs nemur 40.635 þús. kr. samanborið við 33.407 þús. kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting fjárveitingar á viðfangsefni.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	34.727	41.012	6.285	18,1
Samningar við erlend ríki	374	2.419	2.045	546,8
Alþjóðaráðstefnur	349	399	50	14,3
Kjörræðismenn	6.101	7.088	987	16,2
Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	1.370	1.541	171	12,5
Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	374	1.125	751	200,8
Markaðsmál	4.358	4.500	142	3,3
Tölvubúnaður	—	500	500	
Samtals	47.653	58.584	10.931	22,9

Starfsemi *yfirstjórnar* er með óbreyttu sniði frá fjárlögum 1985. Framlag til viðfangsefnisins *kjörræðismenn* hækkar verulega eða um 2.045 þús.kr. og verður það 2.419 þús.kr. Skýring þessa er sú að fyrirhugað er að halda ráðstefnu í Reykjavík á árinu 1986 fyrir ólaunaða erlenda kjörræðismenn Íslands. Kjörræðismenn eru nú tæplega tvö hundruð talsins, staðsettir í öllum heimsálfum. Liðurinn *kvikmyndir og myndbönd, landkynning* hækkar um 751 þús.kr. og verður 1.125 þús.kr. og er hækkun þessi vegna áformaðs landkynningarátaks. Þá er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 500 þús.kr. vegna tölvuvæðingar á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Aðrar hækkanir á þessum fjárlagalið eru samkvæmt almennum verðlagsforsendum frumvarpsins og þarfnast ekki sérstakrar umfjöllunar.

102 Varnarmálaskrifstofa

Framlag ríkissjóðs til varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 11.135 þús.kr. en framlagið er 5.961 þús.kr. í fjárlögum 1985. Hækkun framlagsins er nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og skýrist af eftirfarandi: Áætlað er fyrir þremur nýjum stöðum við skrifstofuna, þ.e. tveimur ritarastöðum og einni stöðu hermálasérfræðings. Kostnaðarauki á launalið vegna þessa er um 1.250 þús.kr. Þá er tekið upp eitt nýtt viðfangsefni sem ber heitið *fulltrúi í Brussel.* Hér er um að ræða stöðu fulltrúa með hertæknilega þekkingu er hefji störf 1. mars 1986 hjá „International Military Staff" í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Kostnaður við þessa stöðu er samtals að fjárhæð 1.475 þús.kr. og eru rekstrargjöld meðtalin í þeirri fjárhæð.

301—313 Sendiráð Íslands erlendis

Fjárveiting til sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 134.998 þús.kr. og hækkar um 15.664 þús.kr., eða 13,1%, frá fjárlögum 1985. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra sendiráða í fjárlögum 1985 og í þessu frumvarpi. Breytingar á fjárveitingum til einstakra sendiráða má rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar en miðað er við áætlað gengi í árslok 1985. Starfsmannafjöldi sendiráðanna er óbreyttur frá árinu 1985. Eins og í fjárlögum 1985 er áætlað fyrir viðhaldi og stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum *sendiráð, almennt.* Viðhald er áætlað 4.000 þús.kr., var 3.500 þús. kr. í fjárlögum 1985, og stofnkostnaður er áætlaður 3.000 þús.kr. en hann var 2.000 þús. kr. í fjárlögum 1985. Þá er ekki áætlað fyrir gengisbreytingu á árinu 1986 og því fellur viðfangsefnið *gengisbreytingar* niður nú, en í fjárlögum voru áætlaðar 5.000 þús. kr. vegna þessa.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Sendiráð Íslands í Bonn, fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu	6.997	7.592	595	8,5
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	7.591	9.102	−1.511	19,9
Sendiráð Íslands í London	9.119	11.760	2.641	29,0
Sendiráð Íslands í Moskvu	7.243	10.010	2.767	38,2
Sendiráð Íslands í Ósló	7.955	9.117	1.162	14,6
Sendiráð Íslands í París, fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	9.629	11.386	1.757	18,2
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	6.840	7.973	1.133	16,6
Sendiráð Íslands í Washington	15.241	17.523	2.282	15,0
Fastanefnd Íslands hjá S.þ., aðalræðismannsskrifstofa Íslands í New York	19.250	21.795	2.545	13,2
Sendiráð Íslands í Brussel, fastanefnd Íslands hjá NATO	9.702	10.811	1.109	11,4
Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	9.267	10.929	1.662	17,9
Sendiráð, almennt	10.500	7.000	−3.500	−33,3
Samtals	119.334	134.998	15.664	13,1

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar nemur 24.000 þús. kr., sem er 3.500 þús.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985. Fjárveitingin fer til áframhaldandi starfsemi á Grænhöfðaeyjum og til annarra þróunarverkefna sem stofnunin á aðild að. Í meðfylgjandi yfirliti eru sýnd framlög Íslands til þróunaraðstoðar í fjárlögum 1985 og frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
I Langtímaaðstoð	**62.574**	**74.381**	**11.807**	**18,9**
Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	4.788	5.000	212	4,4
Alþjóðaframfarastofnunin, IDA	20.530	27.400	6.870	33,5
Þróunarsamvinnustofnun Íslands	20.500	24.000	3.500	17,0
Alþjóðabankinn	11.856	11.856	—	—
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	4.900	6.125	1.225	25,0
II Önnur aðstoð	**14.846**	**16.666**	**1.820**	**12,3**
Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn	332	500	168	50,6
Matvælaáætlun S.þ.	552	604	52	9,4
Flóttamannastofnun S.þ.	1.208	1.379	171	14,2
Aðstoð við Palestínu-flóttamenn	380	417	37	9,7
Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	418	457	39	9,3
Alþjóðaráð Rauða krossins	558	853	295	52,9
Neyðarhjálparstofnun S.þ.	236	259	23	9,7
Mannfjöldasjóður S.þ.	104	114	10	9,6
Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn	258	283	25	9,7
Sérstök matvælaaðstoð	10.800	—	−10.800	−100,0
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	—	11.800	11.800	
Þróunaraðstoð samtals	77.420	91.047	13.627	17,6

399 Ýmis utanríkismál

Framlag ríkissjóðs nemur 18.294 þús.kr. en það er 5.300 þús.kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Lögberg-Heimskringla	184	194	10	5,4
Samskipti við Vestur-Íslendinga	166	175	9	5,4
Háskóli Sameinuðu þjóðanna	4.900	6.125	1.225	25,0
Félag S.þ. á Íslandi vegna 40 ára afmælis	50	—	−50	−100,0
Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	—	−11.800	11.800	
Samtals	5.300	18.294	12.994	245,2

Tekið er inn eitt nýtt viðfangsefni, *matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar,* að fjárhæð 11.800 þús.kr. Liður þessi er ætlaður til aðstoðar og hjálpar á þeim svæðum þar sem náttúruhamfarir og hungursneyð koma upp. Þá fellur niður liðurinn *Félag S.þ. á Íslandi vegna 40 ára afmælis samtakanna* en framlag í fjárlögum 1985 var 50 þús.kr. Ekki þykir ástæða til að fjalla um önnur framlög á þessum fjárlagalið.

401 Alþjóðastofnanir

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 53.062 þús.kr. í 59.721 þús.kr., eða um 12,5%. Þessi hækkun og breyting á framlagi til einstakra stofnana og verkefna stafar af breytingu á gengi íslensku krónunar og breyttri kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum. Framlag til *kvennaáratugarsjóðar S.þ.* fellur niður, enda er þeim áratug lokið.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	19.029	24.356	5.327	28,0
Búnaðarmál	882.140	1.096.054	213.914	24,2
Skólar	57.347	71.825	14.478	25,2
Samtals	958.516	1.192.235	233.719	24,4

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis og verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins.

171 Jarðeignir ríkisins

Framlag ríkissjóðs verður 8.700 þús.kr. sem er hækkun um 2.595 þús kr. frá fjárlögum 1985. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð. Framlagið fyrir árið 1986 er miðað við gerðar skuldbindingar.

172 Jarðasjóður

Framlag ríkissjóðs verður 1.694 þús.kr. og er það hækkun um 794 þús.kr. eða 88,2% frá fjárlögum 1985. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum. Framlagið er miðað við gerðar skuldbindingar.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins

Fjárveiting til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar úr 40.699 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 48.362 þús.kr., eða um 18,8%. Laun hækka úr 23.789 þús.kr. í 31.947 þús.kr., eða um 34,3%. Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda starfsmanna frá fjárlögum 1985. Önnur gjöld án eignakaupa vegna reksturs hækka úr 16.423 þús.kr. í 17.702 þús.kr., eða um 7,8%. Hér er um raunverulegan samdrátt að ræða sem skýrist með því að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til viðfangsefnisins *tilraunabú, óskipt,* enda var stór hluti af þeirri fjárveitingu í fjárlögum 1985 notaður til að jafna uppsafnaðan halla frá fyrri árum. Um fjárveitingar til einstakra deilda gildir að farið var að óskum stofnunarinnar um áherslubreytingar. Viðfangsefnin *ull og gærur* og *tilraunabú, óskipt* hafa verið felld niður en aukin áhersla er lögð á framlög til efnagreininga og reksturs einstakra tilraunabúa. Heildarfjárveiting til eignakaupa hækkar úr 1.596 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.100 þús.kr. Af þeirri fjárhæð eru 1.600 þús.kr. óskipt tækjakaupafé og 500 þús.kr. til tækjakaupa á Sámsstöðum. Til nýframkvæmda og viðhalds eru ætlaðar 1.800 þús.kr. en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 3.200 þús.kr. Veittar eru 300 þús.kr. til viðhalds að Möðruvöllum, 300 þús.kr. til viðhalds Gunnarshúsi að

Skriðuklaustri og 200 þús.kr. til viðhalds að Sámsstöðum. Þá eru 500 þús.kr. ætlaðar í fjósbyggingu að Stóra-Ármóti og 500 þús.kr. í fjósbyggingu að Möðruvöllum. Heimamenn hafa tekið við rekstri tilraunastöðvarinnar að Skriðuklaustri og er þá svo komið að rekstur tilraunastöðvanna að Stóra-Ármóti, Möðruvöllum og Skriðuklaustri er í höndum heimamanna. Rekstur annarra stöðva er aftur á móti í höndum ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipaði í ársbyrjun 1985 nefnd til að endurskoða markmið og skipulag Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir að nefndin skili áliti veturinn 1985—1986.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum

Framlag ríkissjóðs til þessa verkefnis nemur samtals 19.913 þús.kr. og hækkar um 4.860 þús.kr. frá fjárlögum ársins 1985. Áætlað er fyrir 60 heilsársstörfum og er það í samræmi við lög nr. 32/1979.

231 Skógrækt ríkisins

Framlag til stofnunarinnar verður 27.815 þús.kr. og hækkar um 23,9% frá fjárlögum 1985. Launaliður vegna reksturs nemur alls 23.525 þús.kr. sem er 40,1% hækkun frá fjárlögum 1985. Föstum stöðugildum fjölgar um 0,5 vegna trjáfræðings á Hólum í Hjaltadal. Á launalið *yfirstjórnar* eru 123 þús.kr. til áframhaldandi rannsókna á árhringjum trjáa og 246 þús.kr. til undirbúnings skógræktaráætlunar. Þá eru 1.900 þús.kr. ætlaðar til viðhaldsverkefna, þ.a. 250 þús.kr. til viðhalds á fasteignum að Mógilsá, 1.000 þús.kr. til endurbóta á skógræktargirðingu í Þórsmörk og 650 þús.kr. til viðhalds öðrum eignum. Stofnkostnaður nemur 2.972 þús.kr. og þar af eru 2.000 þús.kr. ætlaðar til áframhaldandi framkvæmda við byggingu bústaðar fyrir verkafólk í Þjórsárdal, 812 þús.kr. vegna plöntugeymslu að Mógilsá og 160 þús.kr. vegna smærri verkefna. Sértekjur eru áætlaðar 11.107 þús.kr. og hækka um 3.481 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 45,6%. Nokkurt ósamræmi hefur verið á milli raunverulegra umsvifa Skógræktar ríkisins og fjárlagatalna. Þetta er nú leiðrétt. Á árinu 1985 hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun aðstoðað stofnunina við endurskoðun ýmissa þátta í starfsemi hennar. Því verki er ekki lokið.

243 Sauðfjárveikivarnir

Framlag til Sauðfjárveikivarna nemur alls 26.691 þús.kr. en það var 18.757 þús.kr. í fjárlögum 1985. Launaliður er samtals að fjárhæð 6.473 þús.kr. og er það hækkun um 27,7% frá fjárlögum 1985. Á viðfangsefninu *sauðfjárveikivarnir* eru áætlaðar bætur vegna búfjárniðurskurðar og aðgerða tengdum honum að fjárhæð 16.205 þús.kr. Fjárveiting þessi er miðuð við þegar gerðar skuldbindingar. Þá eru veittar 2.100 þús.kr. til viðhalds og endurbóta á sauðfjárveikigirðingum en hliðstæð fjárhæð nam 1.920 þús.kr. í fjárlögum 1985.

246 Veiðimálaskrifstofan

Framlag til stofnunarinnar nemur alls 12.360 þús.kr. samanborið við 11.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Hækkun milli ára er 12,1%. Laun hækka úr 5.579 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.790 þús.kr., eða um 39,6%. Hækkun umfram almennar launahækkanir skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi hefur áætlun um yfirvinnu verið hækkuð frá fjárlögum 1985 í samræmi við reynslu síðustu ára. Í öðru lagi hefur stöðugildum verið fjölgað um 0,5 frá fjárlögum 1985. Við 2. umræðu um fjárlagafrumvarp 1985 var samþykkt 0,5 staða starfsmanns í Suðurlandsdeild og nú er sú staða gerð að fullu starfi. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 3.789 þús.kr. í 4.500 þús.kr., eða um 18,8%. Hækkun umfram almennar verðlagshækkanir skýrist af rekstrarkostnaði við hina nýju Suðurlandsdeild.

Sértekjur stofnunarinnar hækka um 18,4% milli ára og verða 1.130 þús.kr. Fjárveiting til tækjakaupa nemur 600 þús.kr. en er 665 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til Fiskræktarsjóðs nemur 600 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði.

247 Yfirdýralæknir

Framlag til stofnunarinnar nemur samtals 20.319 þús.kr. en var samtals að fjárhæð 15.672 þús.kr. í fjárlögum 1985, hækkunin er 29,7%. Á viðfangsefninu *héraðsdýralæknar* verður fjölgun um eina stöðu dýralæknis í fisksjúkdómum og er það skv. ákvæðum laga nr. 61/1985. Fjárveiting til viðhalds dýralæknabústaða hækkar um 700 þús.kr. og verður 2.000 þús.kr. en fjárveiting til byggingar dýralæknabústaða verður óbreytt frá fjárlögum 1985 eða 300 þús.kr. Framlag til viðfangsefnisins *búfjársjúkdómar* hækkar úr 60 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 113 þús.kr., fjárveiting til *eftirlits og eftirlitsferða* hækkar um 31 þús.kr. og verður 181 þús.kr.

270 Landgræðslu- og landverndaráætlun

Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar verður samtals að fjárhæð 40.642 þús.kr. en var 37.694 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 2.948 þús.kr. eða 7,8%. Framlagið 1986 miðast við að fjárveitingin verði óbreytt að stofni til frá árinu 1985, þó þannig að verðbótaþáttur áætlunarinnar milli áranna 1984— 1985 sem vanmetin var í fjárlögum 1985 er bætt við fjárveitingu ársins 1985. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlögum 1985 og hins vegar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986.

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting	
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	%
Landgræðsluáætlun, RALA	2.625	3.008	383	14,6
Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	4.828	4.865	37	0,8
Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	21.380	23.511	2.131	10,0
Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi	886	1.109	223	25,2
Fyrirhleðslur	6.600	6.744	144	2,2
Sjóvarnargarðar	1.375	1.405	30	2,2
Samtals	37.694	40.642	2.948	7,8

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins

Ekki er áætlað fyrir fjárveitingu til hinnar almennu starfsemi stofnlánadeildarinnar og er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Framlag ríkissjóðs er nú 36.700 þús.kr. og rennur það óskipt til Lífeyrissjóðs bænda. Með lögum nr. 20/1985, um breyting á lögum nr. 50 1984, um Lífeyrissjóð bænda, var því ákveði breytt að lífeyrissjóðurinn skyldi frá og með 1. janúar 1986 standa sjálfur undir lífeyrisgreiðslum til bænda. Samkvæmt hinum nýju lögum á sjóðurinn að standa undir lífeyrisgreiðslum frá og með 1. janúar 1990. Þangað til á ríkissjóður að standa undir 37,5% af lífeyrisgreiðslum sjóðsins.

288 Jarðræktarlög, framlög

Fjárveiting nemur samtals 143.869 þús.kr. en hún var samtals 140.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting til starfsemi ráðunauta landbúnaðarins nemur samtals 13.869 þús.kr. en framlag vegna þessa var að fjárhæð 10.029 þús.kr. í fjárlögum 1985. Liðurinn *jarðræktarframlög* verður 130.000 þús.kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Með lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, var ákveðið að á árunum 1986—1990 skuli varið fé í þágu landbúnaðarins sem svarar til 9% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Á árinu 1986 verður framlag ríkissjóðs vegna þessa 600.000 þús.kr. Til greiðslu hefðbundinna útflutningsuppbóta verður varið 467.000 þús.kr., en 133.000 þús.kr. renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973

Framlag ríkissjóðs nemur 21.695 þús.kr. og hækkar um 2.938 þús.kr., eða 15,7%, frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka um 43,5% og verða 9.695 þús.kr. Með fjárveitingunni eru greidd laun frjótækna. Tilfærslur nema 12.000 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985. Hér er um ýmsa styrki og verðlaun vegna búfjárræktar að ræða.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Fjárveiting nemur samtals 28.610 þús.kr. en hún var 93.799 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveitingin lækkar því um 65.189 þús.kr. skv. þessu frumvarpi. Lækkunin skýrist af því að liðurinn *lántökukostnaður skv. lögum nr. 13/1982* var að fjárhæð 92.049 þús.kr. í fjárlögum 1985 en verður samkvæmt þessu frumvarpi 26.640 þús.kr. Er það lækkun að fjárhæð 65.409 þús.kr. Framlag til *tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands* nemur 275 þús.kr. en var 250 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting til *Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu* hækkar um 15 þús.kr. og verður 165 þús.kr. Liðurinn *Skógræktarfélag Íslands* verður 330 þús.kr. og er það hækkun um 30 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Þá hækkar liðurinn *ýmis verkefni* um 150 þús.kr. og verður 1.200 þús.kr., þar af eru 400 þús.kr. áætlaðar til samtakanna Landverndar.

501 Bændaskólinn á Hvanneyri

Fjárveiting til skólans verður 35.913 þús.kr. og hækkar þannig um 8.885 þús.kr. eða 32,9% frá fjárlögum 1985. Ekki þykir ástæða til að fjalla sérstaklega um almennan rekstur skólans. Framlag til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna verður skv. frumvarpinu 9.220 þús.kr. en var 7.955 þús.kr. í fjárlögum 1985. Viðhaldsfé, 1.400 þús.kr., skiptist á ýmis verkefni en stofnkostnaðarfjárveitingin skiptist þannig á einstakar framkvæmdir: *Rannsóknahús* 4.720 þús.kr., *vélar og áhöld* 600 þús.kr. og *loðdýrahús* 2.500 þús.kr. Að lokum er þess að geta að sértekjur skólans eru áætlaðar 19.298 þús.kr. og hækka um 6.283 þús.kr., eða 48,3%, frá fjárlögum 1985.

502 Bændaskólinn á Hólum

Fjárveiting til skólans nemur samtals 19.304 þús.kr. en hún var 17.825 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 1.479 þús.kr., eða 8,3% frá fjárlögum 1985. Framlag til skólareksturs verður 13.784 þús.kr. en það var 10.590 þús.kr. 1985. Framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 5.520 þús.kr. og skiptist þannig: Viðgerðir á skólahúsi 3.600 þús.kr., viðhald vatnslagna 600 þús.kr., starfsmannaíbúðir 770 þús.kr. og 550 þús.kr. er varið til skipulagningar og endurbóta á staðnum.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Heildarframlag til skólans nemur 16.608 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 4.114 þús. kr. eða 32,9%. Rekstrarviðfangsefni eru nú tvö talsins, *1.01 Yfirstjórn* og *1.10 Tilraunir og rannsóknastörf.* Launaliður vegna beggja rekstrarviðfangsefnanna nemur 8.080 þús. kr. og er það hækkun frá fjárlögum um 1.818 þús. kr., eða um 29%. Önnur gjöld vegna rekstrar hækka um 1.006 þús. kr. eða 25%, sem skýrist fyrst og fremst af sérstöku framlagi til tilrauna- og rannsóknastarfa. Til viðhalds gróðurhúsa

áætlast 2.210 þús. kr. en 1.400 þús. kr. eru til þess í gildandi fjárlögum. Í stofnkostnað áætlast samtals 3.200 þús. kr. Þar af eru 2.000 þús. kr. vegna endurbyggingar gróðurhúsa, 1.000 þús. kr. eru vegna ýmissa eignakaupa fyrir yfirstjórn og 200 þús. kr. eru til eignakaupa vegna tilrauna- og rannsóknastarfa.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér greinir:

	Fjárlög 1985 Þús.kr.	Frumvarp 1986 Þús.kr.	Breyting Þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	14.310	19.790	5.480	38,3
Útvegsmál	679.561	899.817	220.256	32,4
Annað	19.751	24.367	4.616	23,4
Samtals	713.622	943.974	230.352	32,3
Þar af markaður tekjustofn	6.000	10.000	4.000	66,7

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 10.000 þús.kr. Hér á eftir verður fjallað um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokka sjávarútvegsráðuneytisins.

202 Hafrannsóknastofnun

Framlag ríkissjóðs hækkar úr 135.983 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 154.980 þús.kr., eða um 14,0%. Launagjöld vegna reksturs hækka um 27,6% og verða 77.001 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 45.912 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 77.892 þús.kr., eða um 69,7%. Fjárveiting til viðhaldsverkefna hækkar um 300 þús.kr. og verður 13.100 þús.kr. Fjárveiting til stofnkostnaðarverkefna lækkar úr 18.000 þús.kr. í 15.250 þús.kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka úr 1.055 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 28.263 þús.kr. Hækkun launagjalda umfram almennar launabreytingar milli ára má rekja til nýrrar stöðu sérfræðings í eldi sjávarlífvera á *rannsóknasviði,* nokkurrar fjölgunar yfirvinnustunda frá fjárlögum 1985 í ljósi reynslu síðustu ára og lengra úthalds eins af skipum stofnunarinnar. Aðrar breytingar, sem hafa áhrif á launatölu stofnunarinnar, eru þær að ekki er gert ráð fyrir útibúi í Vestmannaeyjum þrátt fyrir fjárveitingu í þeim tilgangi við 3. umræðu um fjárlagafrumvarp 1985. Sjávarútvegsráðuneytið telur ekki rétt að opna þar útibú að svo stöddu. Launagjöld vegna viðfangsefnisins *tímabundin verkefni* eru 4.622 þús.kr. og þar af eru 360 þús.kr. vegna verkefnisins saga fiskirannsókna við Ísland. Hækkun annarra gjalda vegna reksturs umfram verðlagsbreytingar á sér einkum fimm skýringar. Í fyrsta lagi hefur verið tekið fullt tillit til niðurstöðutalna úr reikningi 1984, auk þess sem ný staða sérfræðings kallar á aukin rekstrarútgjöld. Í öðru lagi reyndist kostnaður árið 1985 við „togaraverkefnið" svokallaða, sem fellur undir *annan skiparekstur,* mun meiri en áætlað var í fjárlögum, eða 17.640 þús.kr. í stað 9.960 þús.kr. Margir óvæntir þættir urðu til að hækka kostnaðinn. Fjárveiting til hliðstæðra athugana á árinu 1986 nemur 13.095 þús.kr. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir sérstökum hvalarannsóknum. Gjöld og sértekjur af þessu verkefni eru áætluð 13.500 þús.kr. á árinu 1986. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir lengingu úthalds eins rannsóknaskipanna um þrjá mánuði. Í fimmta lagi er 3.141 þús.kr. fjárveiting vegna uppgjörs á skuld Hafrannsóknastofnunar við rekstrardeild Ríkisskipa frá þeim árum er rekstrardeildin annaðist útgerð rannsóknaskipanna.

Sértekjur stofnunarinnar hækka um 27.208 þús.kr. milli ára og verða 28.263 þús.kr. Þegar hefur komið fram að af þessari fjárhæð eru 13.500 þús.kr. vegna hvalarannsókna. Þá eru stofnuninni færðar til tekna leigutekjur af r/s Hafþóri sem hefur verið leigður aðilum á Ísafirði næstu þrjú ár. Áætlaðar tekjur árið 1986 eru 13.560 þús.kr. og koma þær fram á viðfangsefninu *annar skiparekstur.* Gert er ráð fyrir 10 mánaða úthaldi rannsóknaskipanna r/s Bjarna Sæmundssonar og r/s Árna Friðrikssonar og 9 mánaða úthaldi hins nýja skips stofnunarinnar, r/s Drafnar, sem kemur í stað r/s Ottós Wathne. Í fjárlögum 1985 er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 6 mánaða úthaldi r/s Ottós Wathne. Til viðhalds r/s Bjarna Sæmundssonar og r/s Árna Friðrikssonar eru veittar samtals 10.000 þús.kr. og til viðhalds r/s Drafnar eru veittar 1.900 þús.kr. Veittar eru 1.850 þús.kr. til kaupa á tækjum í r/s Bjarna Sæmundsson enda var gert ráð fyrir tækjakaupum í það skip í fjárlögum 1985. Fjárveiting til tækjakaupa í r/s Árna Friðriksson hækkar úr 4.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.400 þús.kr. Loks eru veittar 500 þús.kr. til að útbúa rannsóknaaðstöðu í r/s Dröfn. Óskipt fjárveiting til viðhalds deilda og útibúa lækkar úr 1.500 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 1.200 þús.kr. og fjárveiting til ýmissa tækjakaupa stofnunarinnar er óbreytt frá fjárlögum 1985, 6.500 þús.kr.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.447 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 24.528 þús.kr., eða um 26,1%. Laun hækka úr 18.368 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 22.556 þús.kr., eða um 22,8%. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, en hins vegar tilfærslu 0,5 stöðu af *yfirstjórn* á *efnafræðideild.* Önnur gjöld án eignakaupa hækka um 44,7% og verða 9.579 þús.kr. Þessi hækkun er mun meiri en verðlagsþróun gefur tilefni til og skýrist hún af endurmati á fjárþörf í ljósi reynslu síðustu ára og auknum stuðningi við efnafræðideild stofnunarinnar, en þar hækka önnur gjöld um 78,1% milli ára. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki úr 7.440 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.607 þús.kr., eða um 29,1%.

216 Ríkismat sjávarafurða

Samkvæmt lögum nr. 53/1984 var sett á laggirnar ný stofnun, Ríkismat sjávarafurða. Þessi nýja stofnun tók við starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Fjárveiting til stofnunarinnar verður samkvæmt frumvarpinu 65.458 þús.kr. en hún var 52.254 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þetta er hækkun um 13.204 þús.kr., eða 25,3%. Launaliður er áætlaður 46.468 þús.kr. en var 38.087 þús.kr. í fjárlögum 1985. Áætlað er fyrir einni nýrri stöðu við stofnunina og er það staða fjármálafulltrúa. Að öðru leyti breytist launaliður í samræmi við forsendur frumvarpsins. Liðurinn önnur gjöld hækkar um 4.188 þús.kr. sem er 19,4% hækkun frá fjárlögum 1985. Hefur þá verið tekið mið af reikningsniðurstöðu ársins 1984. Þá er þess að geta að sértekjur lækka um 635 þús.kr. eða 8,6%. Skýring þess er sú að við áætlun sértekna stofnunarinnar fyrir árið 1985 var gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum vegna útflutnings á skreið en þær tekjur hafa alveg brugðist á þessu ári og óvíst hvort þær verði nokkrar á árinu 1986.

280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Í fjárlögum ársins 1985 var áætlað fyrir 430.000 þús. kr. til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi. Gert er ráð fyrir að endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts á árinu 1986 verði 600.000 þús.kr.

290 Veiðieftirlit

Í fjárlögum 1985 var veiðieftirlitið viðfangsefni á fjárlagalið *05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi.* Nú er það hins vegar sett á sérstakan fjárlagalið. Áætlað er fyrir

óbreyttri starfsemi frá fjárlögum 1985. Framlagið verður 16.306 þús.kr. og er það hækkun um 5.293 þús.kr., eða 48,1%, frá fjárlögum 1985. Launaliður hækkar í samræmi við launaforsendur frumvarpsins en önnur gjöld hækka nokkuð meira en almennar verðlagsbreytingar gefa tilefni til og var reikningsniðurstaða ársins 1984 höfð til hliðsjónar.

298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu

Fjárveiting til ofangreindra verkefna verður samtals að fjárhæð 5.900 þús.kr. en hún nam 5.358 þús.kr. í fjárlögum 1985. Fjárveitingin hækkar því um 542 þús.kr. eða 10,1% frá fjárlögum 1985.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi

Framlag ríkissjóðs nemur samtals 8.730 þús.kr. en var 18.188 þús.kr. í fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög 1985 Þús.kr.	Frumvarp 1986 Þús.kr.	Breyting Þús.kr.	Breyting %
Veiðieftirlit	11.013	—	−11.013	
Sjóvinnukennsla	2.000	2.200	200	10,0
Hvalvinnslustöðvar, eftirlit	175	200	25	14,3
Sjóvinnu- og rannsóknabátur	—	1.130	1.130	
Norræn fiskimálaráðstefna	—	1.200	1.200	
Mörkun fiskveiðistefnu	2.000	—	−2.000	
Stjórn fiskveiða	2.000	4.000	2.000	100,0
Sjóvinnubátur	1.000	—	−1.000	
Samtals	18.188	8.730	−9.458	−52,0

Viðfangsefnið *veiðieftirlit* hefur nú verið flutt á sérstakan fjárlagalið, *05-290 Veiðieftirlit.* Viðfangsefnið *sjóvinnukennsla* hækkar um 200 þús.kr. og verður 2.200 þús.kr., og *hvalvinnslustöðvar, eftirlit* hækkar um 25 þús.kr. og verður 200 þús.kr. Þá er fjárveiting að upphæð 1.130 þús.kr. til reksturs *sjóvinnu- og rannsóknabáts* en bátur þessi var keyptur á árinu 1985 og var fjárveiting til þeirra kaupa að fjárhæð 1.000 þús. kr. Þá er sérstök fjárveiting að upphæð 1.200 þús. kr. vegna *norrænnar fiskimálaráðstefnu* sem fyrirhugað er að halda á Akureyri næsta sumar. Viðfangsefnið *stjórn fiskveiða* verður 4.000 þús.kr. og er það hækkun um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Á móti þessarri hækkun er felld niður fjárveiting til viðfangsefnisins *mörkun fiskveiðistefnu* en fjárveiting var 2.000 þús.kr. í fjárlögum 1985.

901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 19.751 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 24.367 þús.kr., eða um 23,4%. Laun hækka um 10,9% og verða 7.903 þús.kr. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða milli ára en gert er ráð fyrir minni yfirvinnu starfsmanna á viðfangsefninu yfirstjórn á árinu 1986 en 1985 vegna óvenjulegs álags það ár í tengslum við tölvuvæðingu. Þá hefur ræsting húss Iðntæknistofnunar að Keldnaholti verið boðin út og kostnaðurinn færist því sem önnur gjöld en ekki laun, eins og verið hefur.

Framlag til viðfangsefnisins *Skúlagata 4* hækkar um 19,2% milli ára og verður 5.573 þús.kr. Hækkun umfram eðlilegar verðlagshækkanir skýrist af sífellt hærri orkureikningum vegna nýrra tækja Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Framlag til

viðfangsefnisins *Keldnaholt* hækkar um 30,9% og skýrist hækkun umfram almennar verðlagshækkanir af því að 1986 verður fyrsta heila árið sem allt hús Iðntæknistofnunar er í notkun. Til viðhalds fasteignum að Keldnaholti eru ætlaðar 600 þús.kr. en sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1985 er 370 þús.kr. Veittar eru 450 þús.kr. til kaupa á smátölvum og hugbúnaði.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	20.336	27.513	7.177	35,3
Dómgæsla, lögreglumál o.fl.	1.158.492	1.357.164	198.672	17,1
Þjóðkirkjan	121.657	152.542	30.885	25,4
Samtals	1.300.485	1.537.219	236.734	18,2

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis. Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 Aðalskrifstofa

Heildarframlag nemur 21.346 þús. kr. sem er hækkun frá fjálögum 1985 um 6.379 þús. kr. eða 42,6. Launaliður áætlast 14.403 þús. kr. og hækkar umfram almennar launahækkanir. Helstu skýringar eru fjölgun um þrjár nýjar stöður, þ.e. 1,0 staða fulltrúa vegna löggæslumála, 1,0 staða vegna sifjamála og 1,0 staða í eftirlit og fjármálaumsýslu. Alls eru útgjöld vegna þessa 1.211 þús.kr. Auk þessa vega breytingar vegna kjarasamninga og kjaradóms BHM þungt þar sem starfsaldur er að meðaltali hár á skrifstofunni. Önnur rekstrargjöld nema 6.523 þús. kr. og hækka einnig umfram verðlagsforsendur. Er það vegna aukins húsaleigukostnaðar en ráðuneytið hefur tekið á leigu ásamt embætti ríkissaksóknara húsnæði að Hverfisgötu 6.

202 Ríkissaksóknari

Fjárveiting til embættisins hækkar úr 9.299 þús. kr. í 12.754 þús. kr. eða um 37,1%. Laun hækka um 40,2% en rekstrargjöld um 86,6%. Skýringin á mikilli hækkun rekstrargjalda er sú að dómsmálaráðuneyti og ríkissaksóknaraembættið hafa í sameiningu tekið á leigu nýtt húsnæði að Hverfisgötu 6. Áætlunin byggir á því að ríkissaksóknari fái 60% af því til afnota og nema leigugjöld af þeim hluta 438 þús. kr. Sérstök 2.000 þús. kr. aukafjárveiting var veitt á árinu 1985 vegna leigu- og innréttingarkostnaðar á þessu húsnæði. Leigugjöld af eldra húsnæði hafa einnig hækkað verulega. Heimiluð stöðugildi voru 14,5 í fjárlögum 1985 en eru nú 15,5. Ríkisstjórnin heimilaði eitt stöðugildi löglærðs fulltrúa sem lið í að gera meðferð skatta- og efnahagsbrota skilvirkari í dómskerfinu. Sérstök 600 þús. kr. fjárveiting er veitt til kaupa á húsgögnum og skrifstofuáhöldum.

204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Fjárveiting nemur 26.745 þús. kr. Til rekstrar áætlast 24.245 þús. kr. og hækkar sú fjárveiting um 55% frá gildandi fjárlögum. Helstu skýringar er að finna á launalið þar sem tvær nýjar stöður lögfræðinga og tvær nýjar stöður skrifstofumanna bætast við frá

fjárlögum. Þessar stöður koma til vegna aukinna verkefna og nema útgjöld þeirra vegna um 1280 þús. kr. Auk þess hækka önnur dagvinnulaun um 570 þús. kr. vegna fjögurra staðna lausráðinna skrifstofumanna sem ráðnir eru til tveggja ára. Stöðuheimildir teljast 26 auk 4 starfsmanna sem eru ráðnir tímabundið. Þá hækka föst laun borgarfógeta umfram almennar launahækkanir, en þeir taka laun skv. úrskurði kjaradóms. Framlag til stofnkostnaðar 2.500 þús. kr. er vegna tölvuvæðingar veðmálabóka Reykjavíkur og var í fjárlögum 1985 fyrst veitt fé til þessa verks.

205 Sakadómur Reykjavíkur

Framlag ríkisjóðs hækkar úr 14.832 þús. kr. í 20.571 þús. kr. eða um 38,6%. Laun hækka um 43,3% og rekstrargjöld um 37,9%. Engin fjárveiting er til meiri háttar viðhalds nú eins og í fjárlögum 1985 og skýrir það hvers vegna framlagið hækkar minna en launa- og rekstrarliðir. Ríkisstjórnin ákvað að fjölga sakadómurum um tvo vegna sérstaks átaks gegn skatta- og efnhagsbrotum eins og fyrr hefur verið minnst á. Útgjaldaauki vegna þessa er áætlaður 1.320 þús. kr. Stöðugildi verða eftir þessa fjölgun 27,5.

206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Framlag í heild nemur 216.343 þús. kr. og hækkar um 30.335 þús. kr. eða um 16,3% frá fjárlögum. Ekki þykir ástæða til sérstakrar umfjöllunar um einstaka útgjaldaliði. Undanfarin ár hefur verið mikið ósamræmi milli fjárveitinga til embættis lögreglustjóra í Reykjavík og reikningsniðurstöðu. Starfsmannahald og rekstrarumsvif embættisins eru ótvírætt önnur en áætlað er fyrir í fjárlögum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir breytingu hér á. Á árinu 1985 hefur verið unnið að endurskoðun á skipulagi og verkaskiptingu milli lögregluembætta á höfuðborgarsvæðinu. Auk starfsmanna hlutaðeigandi embætta hafa unnið að þessu verkefni norskir ráðgjafar, dómsmálaráðuneyti og fjárlaga- og hagsýslustofnun. Niðurstöður og tillögur liggja enn ekki fyrir en til álita kemur að fyrir afgreiðslu fjárlaga þurfi að endurskoða viðfangsefnaskiptingu lögreglustjóraembættisins og e.t.v. fleiri atriði er tengjast rekstri þess.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 44.620 þús. kr. í 53.808 þús. kr. eða um 20,5%. Laun hækka um 22,9% og rekstrargjöld um 15,2%. Heimiluð stöðugildi eru nú 51 en voru 47 í fjárlögum 1985. Ríkisstjórnin ákvað að fjölga stöðugildum um fjögur vegna átaks gegn skatta- og efnahagsbrotum eins og fyrr hefur verið greint frá. Útgjöld af þessum sökum eru áætluð 2.002 þús. kr. Til meiri háttar stofnkostnaðar eru áætlaðar 4.000 þús. kr. sem skiptast þannig að 500 þús. kr. verður varið til kaupa á innréttingum og tækjum vegna fjölgunar starfsmanna og 3.500 þús. kr. til endurnýjunar bifreiða.

211-237 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta

Rekstrarfjárveitingar hækka um 116.884 þús. kr. og verða samtals 513.609 þús.kr. Fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðarverkefna hækka um 59.998 þús. kr. og verða 76.968 þús. kr. Nánari skipting á verkefni og gjaldategundir ásamt samanburði við gildandi fjárlög kemur fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Rekstrarviðfangsefni:				
Laun	288.849	366.373	77.524	26,8
Önnur gjöld með eignakaupum	115.420	156.847	41.427	35,8
Gjöld samtals	404.269	523.220	118.951	29,4
Sértekjur	7.544	9.833	2.289	30,3
Mismunur	396.725	513.387	116.662	29,4
Viðhaldsviðfangsefni	150	5.000	4.850	
Stofnkostnaðarviðfangsefni	16.820	71.968	55.148	
Fjárveiting samtals	413.695	590.355	176.660	42,7

Hækkanir þær, er fram koma á rekstrarliðum, má að miklu leyti rekja til óhjákvæmilegra leiðréttinga eigi rekstur embættanna að vera óbreyttur frá því sem verið hefur. Eins og gerð var grein fyrir í frumvarpi til fjárlaga árið 1985 var tekið upp nýtt fyrirkomulag uppgjörs sýslumanna og bæjarfógeta á ríkissjóðstekjum. Samfara þeim breytingum var rekstrarkostnaður embættanna yfirfarinn í samvinnu dómsmálaráðuneytis og fjárlaga- og hagsýslustofnunar og nauðsynlegar leiðréttingar gerðar. Frekari skoðun í ljósi fenginnar reynslu hefur leitt í ljós að fjárveitingar voru naumt skammtaðar í nokkrum tilvikum. Er leitast við að lagfæra þetta þar sem við á, og skýrir það hækkun fjárframlaga umfram það sem almennt gerist. Hér á eftir fer yfirlit yfir nýjar stöður hjá embættunum. Athuga ber að þessar stöður hafa verið setnar undanfarin ár þótt ekki hafi verið tekið tillit til þeirra við fjárlagagerð. Hér er því ekki um eiginlega aukningu umsvifa að ræða. Fjárveitinganefnd mun gerð sérstök grein fyrir starfsmannamálum allra sýslumanna- og fógetaembætta.

Fjárlaganúmer	Embætti	Fjölgun staða	Stöður samtals
06-212-20	Akranes, löggæsla	1,00	11,00
06-213-01	Borgarnes, yfirstjórn	0,50	7,50
06-216-20	Patreksfjörður, löggæsla	1,00	4,00
06-218-20	Ísafjörður, löggæsla	1,00	12,00
06-219-01	Hólmavík, yfirstjórn	0,50	3,00
06-221-01	Blönduós, yfirstjórn	1,00	7,50
06-222-01	Sauðárkrókur, yfirstjórn	0,50	8,00
06-222-20	Sauðárkrókur, löggæsla	1,00	7,00
06-225-01	Akureyri, yfirstjórn	1,00	28,50
06-225-20	Akureyri, löggæsla	3,00	30,00
06-227-01	Seyðisfjörður, yfirstjórn	0,75	7,25
06-229-01	Eskifjörður, yfirstjórn	0,50	9,00
06-229-21	Eskifjörður, löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	1,00	3,00
06-233-01	Vestmannaeyjar, yfirstjórn	−1,00	9,00
06-233-20	Vestmannaeyjar, löggæsla	1,00	10,00
06-235-01	Keflavík, yfirstjórn	2,00	23,00
06-235-20	Keflavík, löggæsla	2,00	26,00
06-236-20	Hafnarfjörður, löggæsla	1,00	37,00
06-237-01	Kópavogur, yfirstjórn	1,50	23,00
	Samtals	19,25	265,75

Útgjöld vegna þeirra 19,25 staða sem hér um ræðir nema 6.630 þús. kr. og að þeim frátöldum hækkar launaliður um 24,6%. Stöður löggæslumanna eru nálægt 570 á

landinu öllu. Þannig eru nálægt 2,4 lögreglumenn á hverja þúsund íbúa. Annars staðar á Norðurlöndum eru tilsvarandi tölur á bilinu 1,4 til 1,9 lögreglumenn á þúsund íbúa. Rétt er að geta þess að verkefni lögreglu eru misjöfn milli landa. Löggæslumenn í strjálbýlum löndum sinna gjarnan störfum er falla undir sérhæfðar stofnanir á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einstaklinga þar sem fjölmenni er meira. Það er því eðlilegt að lögreglumenn séu hér nokkru fleiri hlutfallslega en í nágrannalöndum. Hins vegar verður ekki séð að nauðsyn sé á frekari fjölgun stöðugilda löggæslumanna fyrst um sinn.

Viðhaldsverkefni. Embættisbústaðir sýslumanna og bæjarfógeta utan Reykavíkur eru 19 talsins. Sumar þessara bygginga eru komnar nokkuð til ára sinna og þarfnast verulegs viðhalds. Dómsmálaráðuneytið mun að undangenginni skoðun á viðhaldsþörf einstakra húsa ráðstafa þeim 5.000 þús. kr. sem til viðhalds eru áætlaðar.

Stofnkostnaðarverkefni. Helstu stofnkostnaðarframkvæmdir eru sem hér segir:

Embætti:	Fjárhæðir í þús. kr.
Sýslumaður Búðardal	4.600
Stjórnsýsluhús	2.600
Embættisbústaður	2.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki	4.500
Bæjarfógeti Siglufirði	2.000
Bæjarfógeti Ólafsfirði, bílskúr	370
Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri:	
Innréttingar skrifstofu	1.500
Malbikun bifreiðastæðis við lögreglustöð	500
Fasteign, Dalvík	2.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík, skrifstofa og lögreglustöð	16.000
Sýslumaður Vík í Mýrdal, bílskúr	150
Sýslumaður Hvolsvelli, búnaður í lögreglustöð	848
Bæjarfógeti Vestmannaeyjum, skrifstofa	12.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi, lögreglustöð	3.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík, skrifstofuhúsnæði	4.000
Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði, lögreglustöð	18.000
Samtals	69.468

Til skýringar við framkvæmdaliði er þetta að segja. Í Búðardal er smíði stjórnsýsluhúss langt komin og er áætlað að 2.600 þús. kr. skorti á til loka þeirrar framkvæmdar. Sýslumannsbústaður í Búðardal er gamall og mjög illa farinn og er nú verið að athuga með kaup á nýju húsi. Verði af kaupum 1985 þá þarf að endurskoða fjárveitingar í frumvarpi 1986, þ.e.a.s. 2.000 þús.kr. sem til verkefnisins eru ætlaðar. Á Sauðárkróki eru áform uppi um að kaupa hlut í nýbyggingu, ef samningar nást, til nota fyrir skrifstofu sýslumanns. Á Siglufirði hefur verið auglýst eftir embættisbústað fyrir bæjarfógeta. Niðurstaða í því máli liggur ekki fyrir og kann því að þurfa að endurskoða þá fjárveitingu sem í frumvarpinu er ætluð til húsakaupanna. Á Ólafsfirði er verið að ljúka smíði bílskúrs og fleiri smáverkefna því tengdu. Á Akureyri hefur verið unnið að innréttingu á skrifstofu fógeta í nýju húsnæði sem keypt var 1984. Verkinu er því sem næst lokið og eru ætlaðar til þess 1.500 þús. kr. Þá eru ætlaðar 500 þús. kr. til lóðarlagfæringar við lögreglustöð staðarins. Á Dalvík keypti ríkissjóður hlut í húsi til afnota fyrir lögreglustöð og var veitt til þess fé 1985. Nú er áformað að ljúka framkvæmdum og eru því ætlaðar til þess 2.000 þús. kr. Aðstaða sýslumanns og lögreglu á Húsavík hefur verið í athugun um nokkurt skeið. Leitað hefur verið án

árangurs eftir húseignum til kaups sem hentað gætu. Framkvæmdir við undirstöður nýs skrifstofuhúss, sem jafnframt er lögreglustöð, hófust 1985. Til áframhaldandi framkvæmda eru ætlaðar 16.000 þús. kr. 1986. Til embættis sýslumanns í Vík í Mýrdal og á Hvolsvelli er nokkur fjárhæð sem er til lokaframkvæmda á stöðunum. Á árinu 1983 festi ríkissjóður kaup á húseign í Vestmannaeyjum til afnota fyrir bæjarfógeta og aðra opinbera aðila í Eyjum. Samkomulag hefur nú náðst um nýtingu hússins og er stefnt að því að framkvæmdir við lagfæringu hefjist haustið 1985 og þeim verði framhaldið 1986. Til þessa verks eru ætlaðar 12.000 þús. kr. Til hönnunar og undirbúnings byggingar lögreglustöðvar á Selfossi eru ætlaðar 3.000 þús. kr. og til endurbóta á skrifstofuhúsnæði bæjarfógeta í Keflavík eru veittar 4.000 þús. kr. Húsið liggur undir skemmdum vegna vatnsleka auk þess sem þrengsli eru mikil. Þá er að nefna að veittar eru 18.000 þús. kr. til smíði innréttingar í lögreglustöð í Hafnarfirði. Árið 1983 voru fest kaup á húsi til nota fyrir lögreglustöð. Lokafrágangur hússins hefur nú verið boðinn út og eru verklok miðuð við febrúar 1987. Að síðustu er að nefna 2.500 þús. kr. fjárveitingu vegna tölvu- og hugbúnaðarkaupa fyrir embætti bæjarfógeta og sýslumanna.

241-244 Vinnuhæli, hegningarhús og fangelsi

Eðlilegt þykir að gera sameiginlega grein fyrir fjárveitingum til stofnana sem hafa að markmiði að vista og hafa eftirlit með brotamönnum eða þeim sem grunaðir eru um lögbrot. Í eftirfarandi töflu er gerður samanburður milli fjárveitinga til þessara stofnana í fjárlögum 1985 og skv. frumvarpi 1986.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breytingar þús. kr.	Breytingar %
Hegningarhúsið í Reykjavík	9.592	12.161	2.569	26,7
Vinnuhælið Litla-Hrauni	33.320	40.400	7.080	21,2
Vinnuhælið Kvíabryggju	6.959	9.051	2.092	30,0
Fangelsi við Síðumúla	7.281	10.392	3.111	42,7
Skilorðseftirlit ríkisins	1.624	1.977	353	21,7
Samtals	58.776	73.981	15.205	25,8

Þær breytingar verða á starfsmannafjölda á Vinnuhælinu Litla-Hrauni að nú er áætlað fyrir launum tveggja fangavarða sem af heilsufarsástæðum geta ekki gengið vaktir og eiga samkvæmt kjarasamningi rétt á að fá léttari störf. Að öðru leyti er ekki breyting á stöðufjölda innan þessara stofnana. Mikil hækkun framlags til Síðumúlafangelsis skýrist af því að fé er veitt til viðhalds fangaklefa og til endurnýjunar á sjónvarpsskjám, en ekkert fé var veitt til viðhalds í fjárlögum 1985. Auk þess hefur notkun fangelsisins aukist. Notkun Hegningarhússins í Reykjavík hefur einnig aukist og hefur verið tekið tillit til þess í frumvarpinu nú. Skýringin á hækkun framlags til Vinnuhælisins Kvíabryggju er sú að áætlað er að verja 1.000 þús. kr. til kaupa á fiskkössum og hausaskurðarvél til að kljúfa þorskhausa. Fangar unnu áður við að setja upp net fyrir róðrarbáta. Nú fást slík verkefni ekki lengur. Talið er að umrædd vél geti skapað vinnu fyrir fanga mest allt árið.

251 Landhelgisgæslan

Framlag til Landhelgisgæslunnar lækkar úr 304.942 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 226.756 þús.kr., eða um 25,6%. Skýring þessarar miklu breytingar milli ára er sú að í fjárlögum 1985 eru veittar 112.950 þús.kr. til kaupa á nýrri þyrlu. Sé sú fjárveiting

undanskilin hækkar framlag ríkissjóðs til Landhelgisgæslunnar úr 191.992 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 226.756 þús.kr., eða um 18,1%. Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri stofnunarinnar frá fjárlögum 1985. Fjárveiting er miðuð við 12 mánaða úthald á v/s Ægi og v/s Týr, 9 mánaða úthald á v/s Óðni og 1.200 flugtíma loftfara stofnunarinnar. Ekki þykir ástæða til að fjalla í löngu máli um einstök rekstrarviðfangsefni stofnunarinnar, hækkanir milli ára skýrast af almennum launa- og verðlagsbreytingum. Skýringar þess að fjárveitingar til skipanna hækka mismikið milli ára eru að framlag til venjubundins viðhalds einstakra skipa hækkar ekki jafnt og úthald v/s Óðins hefur verið lengt í 9 mánuði. Framlag til reksturs loftfara stofununarinnar hækkar um 40,0% milli ára. Tvennt skýrir þessa hækkun umfram eðlilegar launa- og verðlagsbreytingar. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir 1.500 þús.kr. framlagi til eignakaupa í fjárlögum 1985 en í þessu frumvarpi eru öll eignakaup stofnunarinnar færð á eitt viðfangsefni. Í öðru lagi hefur nýja þyrlan verið tryggð og er áætlað fyrir iðgjaldi ársins 1986 og nemur það 14.892 þús.kr. Í fjárlögum 1985 eru veittar 20.510 þús.kr. til klössunar hreyfla á TF-SÝN og endurbyggingar flugskýlis á Reykjavíkurflugvelli. Í þessu frumvarpi eru veittar 8.300 þús.kr. til að greiða kostnað af 10 ára skoðun á TF-SÝN. Þessi fjárhæð er miðuð við u.þ.b. 200.000 bandaríkjadali og verður að endurskoðast þegar endanlegt tilboð berst. Endurbygging flugskýlisins á Reykjavíkurflugvelli lýkur á þessu ári og verður þá aðstaða til flugrekstrar orðin vel viðunandi.

252 Bifreiðaeftirlit ríkisins

Heildarfjárveiting nemur 40.118 þús. kr. og er það 4.507 þús. kr. lækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Laun hækka um 17,9% og rekstrargjöld um 36,3%. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af því að framlög til stofnkostnaðar lækka úr 9.000 þús. kr. í 2.000 þús. kr. Sértekjur hækka einnig verulega eða úr 10.726 þús.kr. í 20.626 þús. kr. eða um 92,2%. Stöðugildi eru 49,66 en voru 49,16 í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd heimilaði hálft stöðugildi bifreiðaeftirlitsmanns á Hvolsvelli á árinu. Á árinu 1983 var tekið á leigu nýtt húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar. Var þá miðað að því að bifreiðaskoðun færi fram innan dyra. Til að koma upp aðstöðu þessari voru veittar 8.000 þús. kr. í fjárlögum 1985. Engin ákvörðun hefur verið tekin um tilhögun þessa máls og því ekki gert ráð fyrir framlagi til framkvæmda 1986.

301 Biskup Íslands

Viðfangsefni eru fjögur talsins: *Yfirstjórn, æskulýðsstarf, biskupsbústaður, almennur rekstur* og *biskupsbústaður, meiri háttar viðhald.* Síðast greinda viðfangsefnið var ekki í fjárlögum 1985 en nú er gert ráð fyrir að verja 1.000 þús. kr. til viðhalds og endurbóta á biskupsbústaðnum. Á móti lækkar almennur rekstur biskupsbústaðar úr 380 þús. kr. í 261 þús. kr. eða um 31,3%. Skýringuna er að finna í fjárlögum 1985 en þar var áætlað fyrir viðhaldi undir almennum rekstri. Hér verður fjallað um fjárlagaliðinn í heild. Launaliður nemur 5.333 þús.kr. og hækkar um 1.188 þús. kr. eða um 28,6% frá fjárlögum 1985. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu fjármálafulltrúa undir yfirstjórn. Útgjöld vegna þessarar stöðu nema 452 þús. kr. en á móti lækka önnur dagvinnulaun um 183 þús. kr. Stöður á fjárlagaliðnum verða því alls 13,5; 9,5 undir *yfirstjórn* og 4 æskulýðsfulltrúar. Rekstrargjöld á almennum rekstri hækka um 302 þús. kr. eða um 9,7%.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Fjárveiting hækkar úr 2.652 þús. kr. í 3.492 þús. kr. eða um 31,6%. Fjárlagaliðurinn skiptist í tvö viðfangsefni, *yfirstjórn og Tónskóla þjóðkirkjunnar.* Launaliður Tónskóla þjóðkirkjunnar hækkar úr 687 þús. kr. í 1.220 þús. kr. eða um 77,6%. Skýringin á þessu er sú að nú er áætlað fyrir einu og hálfu stöðugildi en í fjárlögum 1985 var vegna

mistaka einungis áætlað fyrir hálfu stöðugildi. Engin starfsmannafjölgun hefur því átt sér stað heldur er hér um leiðréttingu að ræða. Önnur gjöld hækka um 153 þús. kr. eða um 17,2%.

303 Prestaköll og prófastsdæmi

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru fimm talsins. Í eftirfarandi töflu er sýndur samanburður við fjárlög 1985.

	Fjárlög 1985 þús.kr.	Frumvarp 1986 þús.kr.	Breyting þús. kr.	%
Prestar og prófastar	70.805	92.325	21.520	30,3
Byggingar á prestsetrum	5.500	—	−5.500	−100
Kaup á eignum á kirkjujörðum	500	1.500	1.000	300
Viðhald embættisbústaða	15.000	20.000	5.000	33,3
Byggingaeftirlit	218	180	−38	−17,4
Samtals	92.023	114.005	21.982	23,9

Hækkun á viðfangsefninu *prestar og prófastar* skýrist af því að áætlað er fyrir launum fjögurra nýrra presta. Samtals er því áætlað fyrir 125 stöðugildum á þessu viðfangsefni. Heimild er fyrir 120 stöðum, þ.m.t. prestur í Kaupmannahöfn. Að auki er áætlað fyrir stöðu prests í London, stöðu sjúkrahússprests í Reykjavík, stöðu prests í Digranessöfnuði í Kópavogi, stöðu prests í Fella- og Hólasöfnuði í Reykjavík og stöðu prests í Seltjarnarnessöfnuði á Seltjarnarnesi. Laun hækka af þessum sökum um 2.066 þús. kr. en alls hækkar viðfangsefnið *prestar og prófastar* um 37,8%. Framlag til *viðhalds embættisbústaða* hækkar um 5.000 þús.kr. Hér er alls um 86 embættisbústaði að ræða. Ástand þeirra margra er mjög slæmt. Ljóst er að klæða þarf og einangra um 30 hús vegna þess að veggir leka. Eitt viðfangsefni, *byggingar á prestsetrum,* fellur niður frá fjárlögum 1985.

304 Ýmis kirkjuleg málefni

Framlag er samtals 14.720 þús. kr. og hækkar um 675 þús. kr. eða um 4,8%. Skýringin á lítilli hækkun er sú að tvö viðfangsefni falla brott, *kirkjuhús við Suðurgötu* og *kirkjuorgel, lokagreiðsla.* Til skýringar er sýndur samanburður við gildandi fjárlög í eftirfarandi töflu.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.	%
Kirkjugarðaeftirlit	425	475	50	11,7
Skálholtsstaður	560	560	—	—
Hallgrímskirkja	6.500	8.000	1.500	323
Húsmæðraskólinn að Löngumýri	564	707	143	25,3
Kirkjuhús við Suðurgötu	500	—	−500	−100
Hólar í Hjaltadal	225	225	—	—
Kirkjuorgel, lokagreiðsla	1.417	—	−1.417	−100
Ýmislegt	3.854	4.753	899	23,3
Samtals	14.045	14.720	675	4,8

Viðfangsefnið *ýmislegt* skiptist þannig: Kirkjuráð 600 þús. kr., kirkjuþing 1.298 þús. kr., alþjóðasamvinna 1.237 þús. kr., álag vegna afhendingar kirkna 166 þús. kr.,

sumarbúðir 215 þús. kr., ýmis framlög (óskipt) 339 þús. kr., fastanefndir þjóðkirkjunnar 300 þús. kr., dómprófastur í Reykjavík 98 þús. kr., prestastefna 250 þús. kr., útgáfustarfsemi 80 þús. kr. og Hið íslenska Biblíufélag 170 þús. kr.

373 Kristnisjóður

Framlag til Kristnisjóðs hækkar úr 4.600 þús. kr. í 8.390 þús. kr. eða um 82,4%. Skýringin á mikilli hækkun framlaga milli ára er sú að 3.300 þús. kr. eru nú ætlaðar til að standa undir afborgunum af skuldabréfum sem Kristnisjóður tók vegna kaupa á kirkjuhúsi við Suðurgötu í Reykjavík. Framlag til sjóðsins 1986 verður því hærra en gert er ráð fyrir í 20. gr. laga nr. 35/1970 um tekjur Kristnisjóðs.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	13.830	17.109	3.279	23,7
Húsnæðismál	904.000	1.600.000	696.000	77,0
Önnur félagsmál	418.172	601.875	183.703	43,9
Samtals	1.336.002	2.218.984	882.982	66,1
Þar af markaðir tekjustofnar	316.400	705.000	388.600	122,8

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru þessir: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs ríkisins, húsnæðisgjald sem nemur 1% af söluskattsstofni, verður 523.000 þús.kr. Aðrir markaðir tekjustofnar til húsnæðismála eru eignarskattsauki, sem nemur 82.000 þús.kr., og tekjur af sérstakri hækkun áfengis og tóbaks, sem nema 60.000 þús.kr. Skipulagsgjald, sem rennur til skipulagsstjóra ríkisins, verður 15.000 þús. kr. Tekjur af erfðafjárskatti, sem renna til Framkvæmdasjóðs fatlaðra, nema 25.000 þús.kr. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til aðalskrifstofu félagsmálaráðuneytisins nemur 17.109 þús.kr., sem er 3.279 þús.kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Í þeim er gert ráð fyrir 1.500 þús.kr. fjárveitingu til gagnavinnslu vinnumiðlunar, en ekki er gert ráð fyrir slíkri fjárveitingu í þessu frumvarpi. Sé fjárveiting til gagnavinnslunnar undanskilin hækkar framlagið um 4.779 þús.kr., eða 38,8%, milli ára. Launagjöld hækka úr 7.422 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.259 þús.kr., eða um 38,2%. Önnur gjöld vegna reksturs aðalskrifstofunnar hækka um 39,6% og verða 6.850 þús.kr. Í báðum tilvikum eru hækkanirnar meiri en þróun verðlags gefur tilefni til. Tvær ástæður valda mikilli hækkun launagjalda. Í fyrsta lagi hefur einum starfsmanni aðalskrifstofunnar verið heimilað að starfa erlendis samkvæmt samkomulagi um skiptistörf opinberra starfsmanna á Norðurlöndum. Viðkomandi starfsmaður heldur launum sínum á Íslandi og ekki verður komist hjá því að ráða staðgengil. Hækkun af þessum sökum er um 330 þús.kr. Í öðru lagi eru veittar 175 þús.kr. til að gera 0,7 stöðu fulltrúa að heilli stöðu. Starfsmaður í þessari stöðu mun vinna við fjármál og eftirlit með stofnunum sem heyra undir ráðuneytið. Aukin umsvif vegna málefna fatlaðra og vinnumála skýra hækkun annarra gjalda umfram almennar verðlagsbreytingar.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna

Gjaldfærsla í A-hluta frumvarpsins til húsnæðiskerfisins nemur alls 1.600 m.kr. sem er 696 m.kr. hærra en í fjárlögum 1985. Vorið 1985 ákvað Alþingi sérstaka fjáröflun til húsnæðismála sem gilda skal árin 1985 og 1986, sbr. lög nr. 48/1985. Áætlaðar tekjur af hinni sérstöku fjáröflun 1985 og 1986 eru sem hér segir:

	Áætlun skv. lögum 48/1985 M. kr.	Áætluð innheimta 1985 M. kr.	Áætluð innheimta 1986 M. kr.
Húsnæðisgjald	250	250	523
Eignarskattsauki:			
Einstaklingar	20	33	37
Félög	70	40	45
Sérstök hækkun á áfengi og tóbaki	30	30	60
Sérstök fjáröflun samtals	370	353	665
Framlag skv. fjárlögum 1985 og frumvarpi 1986	904	904	935
Samtals gjaldfært	1.274	1.257	1.600

Útlit er fyrir að á árinu 1985 aflist aðeins um 353 m.kr. með sérstakri fjáröflun í stað 370 m.kr. sem fyrirhugað var. Á árinu 1986 er hins vegar gert ráð fyrir 665 m.kr. fjáröflun með þessum hætti. Framlag ríkissjóðs að öðru leyti árið 1986 nemur 935 m.kr. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd heildarfjáröflun og nettó ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna.

	Endurskoðuð áætlun 1985 M. kr.	Frumvarp 1986 M. kr.
Byggingarsjóður ríkisins:		
Eigið fé, nettó	−392	−220
Lánsfé, innlent	888	820
Lánsfé, erlent	553	150
Ríkisframlag	975	1.300
Til útlána	2.024	2.050
Byggingarsjóður verkamanna:		
Eigið fé, nettó	−22	−10
Sveitarfélög	50	90
Lánsfé, innlent	345	380
Ríkisframlag	282	300
Til útlána	655	760

Einnig vísast til 6. kafla í greinargerðinni um horfur í íbúðabyggingum og lánsfjáröflun til sjóðanna.

301 Skipulagsstjóri ríkisins

Framlag til embættis skipulagsstjóra ríkisins hækkar úr 15.553 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 19.053 þús.kr. Launagjöld hækka um 21,9% og verða 5.276 þús.kr. Hækkunin stafar eingöngu af almennum launahækkunum starfsmanna. Önnur gjöld hækka um 12,5% og verða 8.277 þús.kr. Tilfærslur til sveitarfélaga vegna vinnu við skipulagsmál hækka úr 3.869 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 5.500 þús.kr., eða um 42,2%.

700–708 Málefni fatlaðra

Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðra hækkar úr 254.327 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 352.966 þús.kr. eða um 38,8%. Sú breyting er gerð á framsetningu fjárveitingar til tveggja viðfangsefna að fjárveiting samkvæmt frumvarpinu er talin með tilfærslum til einstaklinga og samtaka en ekki skipt á tegundir, þ.e. laun, önnur gjöld og sértekjur, eins og gert er í fjárlögum 1985. Þetta eru *Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins í Reykjavík (07—700—1.31)* og *vinnustofan Bjarg á Akureyri (07–706–1.31)*. Að teknu tilliti til þessa breytast kostnaðarliðir þannig að laun hækka um rúmlega 30% og verða 212.030 þús.kr. Önnur gjöld verða 93.730 þús.kr. og er það um 17% hækkun frá fjárlögum 1985. Framlag til eignakaupa lækkar úr 1.549 þús.kr. í 419 þús.kr. Tilfærslur hækka langmest eða úr 28.468 þús.kr. í 70.539 þús.kr. Munar þar mestu um hækkun á útgjöldum samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en hún fjallar um aðstoð við fötluð börn (0—18 ára) sem dvelja í heimahúsum. Greiðslur samkvæmt þessari grein eru áætlaðar 51.677 þús.kr. Er framlagið hækkað úr 15.411 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 26.248 þús.kr. og stafar hækkun umfram verðlagsforsendur af vanáætlunum undanfarin ár. Til viðbótar þessu framlagi er gert ráð fyrir greiðslu á skuld við lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins sem hefur annast þessar greiðslur til einstaklinga. Nemur skuldin 25.429 þús.kr. og hefur safnast fyrir allt frá árinu 1981 er í gildi voru lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, en í 15. gr. þeirra laga voru ákvæði sem gengu í svipaða átt og ákvæði 10. gr. núgildandi laga. Sértekjur hækka um 5.006 þús.kr. eða 26,7%.

Breytingar á viðfangsefnum eru þessar: *Dagvistun á Akranesi* (07–703–1.60) er nýtt viðfangsefni og kostnaður 851 þús.kr. Frá fjárlögum 1985 falla niður tvö viðfangsefni, *sambýli Geðverndar í Reykjavík* (07–701–1.21) og *vistheimili fyrir fjölfötluð börn í Reykjavík* (07–701–1.71). Í fyrra tilfellinu barst engin tillaga til félagsmálaráðuneytisins um fjárveitingu 1986, en í síðara tilfellinu var tillaga um fjárveitingu til rekstrar 1986 felld niður þar sem byggingarframkvæmdir við heimilið eru ekki hafnar haustið 1985. Frá fjárlögum 1985 fjölgar reiknuðum stöðugildum um 2,42 og verða 391,63. Ráðninganefnd ríkisins hefur af þessum stöðugildum heimilað 113,05 sem fastar stöður. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu fjárveitingar á viðfangsefni.

		Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals Þús. kr.	Sértekjur Þús. kr.	Fjárveiting Skv. frumvarpi Þús. kr.
700	**Málefni fatlaðra**			**58.183**		**58.183**
	Stjórnarnefnd			556		556
	Samráðsnefnd			519		519
	Samráðsnefnd um ferlimál			742		742
	Kostnaður skv. 10. gr			51.677		51.677
	Kostnaður skv. 19. gr			3.050		3.050
	Vistanir			904		904
	Starfsþjálfun			735		735
701	**Málefni fatlaðra í Reykjavík**	**97,90**	**21,30**	**76.929**	**4.348**	**72.581**
	Svæðisstjórn	3,50	3,50	3.595		3.595
	Sambýli Drekavogi 16	4,00	4,00	2.341		2.341
	Sambýli Akurgerði 20 (Reykjavíkurborg)			1.419		1.419
	Sambýli Háteigsvegi 6	1,51		879		879
	Sambýli Sigluvogi 5	3,19		1.568		1.568
	Sambýli Auðarstræti 15	3,57		2.026		2.026
	Sambýli Víðihlíð 11	4,08		2.402		2.402
	Sambýli Víðihlíð 7	2,30		1.397		1.397
	Sambýli Víðihlíð 5	2,30		1.397		1.397
	Vinnustofan Ás	4,00		7.912	3.729	4.183
	Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins			1.130		1.130
	Dagvistun Lækjarási	12,00		7.583		7.583
	Dagvistun Bjarkarási	14,00		10.639		10.639
	Dagvistun Lyngási	24,75		13.470		13.470
	Skammtímavistun Víðihlíð 9	4,90		4.275	619	3.656
	Skammtímavistun Dalbraut 12 (Rv.borg)			3.470		3.470
	Trönuhólar 1 (einhverf börn)	13,80	13,80	10.346		10.346
	Atvinnuleit			1.080		1.080
702	**Málefni fatlaðra á Reykjanesi**	**111,10**	**13,1**	**81.821**	**3.333**	**78.488**
	Svæðisstjórn	2,50	2,50	2.821		2.821
	Sambýli Vallargötu 26, Kópavogi	6,50	4,00	3.760		3.760
	Sambýli Hafnarfirði	3,50		2.204		2.204
	Nýtt sambýli	4,00		2.252		2.252
	Örvi, verndaður vinnust. í Kópavogi	5,50	3,00	6.690	1.808	4.882
	Leiktækjasafn Keflavík	0,60	0,60	338	45	293
	Skammtímavistun	4,0		5.278	714	4.564
	Dagvistun Keflavík	5,00	3,00	3.657	224	3.433
	Vistheimilið Skálatúni	57,00		39.634	542	39.092
	Vistheimilið Tjaldanesi	21,70		13.754		13.754
	Gistiheimili Þroskahjálpar Kópavogi	0,80		1.293		1.293
	Atvinnuleit			140		140
703	**Málefni fatlaðra á Vesturlandi**	**9.50**	**6,50**	**10.048**	**1.589**	**8.459**
	Svæðisstjórn	2,00	2,00	2.014		2.014
	Sambýli Akranesi	4,00	4,00	4.685	746	3.939
	Verndaðir vinnustaðir	1,00		1.905	757	1.148
	Leiktækjasafn Borgarnesi	0,50	0,50	593	86	507
	Dagvistun Akranesi	2,00		851		851
704	**Málefni fatlaðra á Vestfjörðum**	**17,00**	**8,25**	**13.049**		**13.049**
	Svæðisstjórn	1,25	1,25	1.491		1.491
	Bræðratunga, þjónustumiðstöð	15,75	7,00	11.558		11.558

		Stöðugildi Reiknuð	Þar af heimiluð	Gjöld samtals Þús. kr.	Sértekjur Þús. kr.	Fjárveiting skv. frumvarpi Þús. kr.
705	**Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra**	**9,33**	**6,00**	**7.041**	**325**	**6.716**
	Svæðisstjórn	2,00	2,00	2.462		2.462
	Sambýli Siglufirði	4,50	2,00	2.312		2.312
	Leiktækjasafn Siglufirði	1,00	1,00	735	106	629
	Leiktækjasafn Blönduósi	1,00	1,00	779	112	667
	Sumardvöl Egilsá	0,83		753	107	646
706	**Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra**	**80,10**	**35,10**	**70.522**	**6.707**	**63.815**
	Svæðisstjórn	2,50	2,50	3.185		3.185
	Sambýli Byggðavegi 91	5,00		2.537		2.537
	Sambýli Borgarhlíð 3	4,00	5,00	1.948		1.948
	Sambýli Vanabyggð 4 c	4,00		1.851		1.851
	Verndaður vinnustaður Hrísalundi	7,00	3,00	10.188	5.514	4.674
	Verndaður vinnustaður Bjargi	—		6.934		6.934
	Leiktækjasafn Akureyri	0,60	0,60	460	63	397
	Vistheimilið Sólborg	57,00	24,00	42.196	1.130	41.066
	Sumarbústaður Botni			1.223		1.223
707	**Málefni fatlaðra á Austurlandi**	**23,70**	**9,30**	**17.401**	**204**	**17.197**
	Svæðisstjórn	1,30	1,30	1.762		1.762
	Sambýli Egilsstöðum	5,00	3,00	2.707		2.707
	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	2,00		1.995	170	1.825
	Vonarland, þjónustumiðstöð	15,40	5,00	10.937	34	10.903
708	**Málefni fatlaðra á Suðurlandi**	**43,00**	**13,50**	**41.724**	**7.246**	**34.478**
	Svæðisstjórn	2,00	2,00	1.838		1.838
	Sambýli Árvegi 8, Selfossi	4,00	4,00	2.222		2.222
	Verndaður vinnustaður Selfossi	2,00	2,00	2.200	623	1.577
	Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum	2,00		5.429	5.085	344
	Leiktækjasafn Vestmannaeyjum	0,50	0,50	403	59	344
	Lambhagi, meðferðarheimili Selfossi	5,00	5,00	3.446	185	3.261
	Vistheimilið Sólheimum	27,50		25.186	1.294	23.892
	Fasteign, brunavarnir			1.000		1.000
	Samtals	391,63	113,05	376.718	23.752	352.966

750 Greiningarstöð ríkisins

Þessi starfsemi hefur þar til nú verið viðfangsefni á fjárlagaliðnum *skólar fyrir þroskaheft börn* undir menntamálaráðuneyti (02–750–1.20 í fjárlögum 1985). Er gert ráð fyrir þessari starfsemi á vegum félagsmálaráðuneytisins í lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, en breytingin ekki gerð fyrr en nú og gildir frá 1. janúar 1986. Undanfarin ár hefur verið reiknað með óbreyttri starfsemi greiningarstöðvarinnar við gerð fjárlaga nema við þriðju umræðu fjárlaga fyrir árið 1985 voru samþykktar tillögur fjárveitinganefndar um nokkra hækkun launa og annarra gjalda. Liðurinn hækkar frá fjárlögum 1985 um 4.788 þús.kr. eða 71,7%. Laun hækka um 3.064 þús.kr. og verða 8.355 þús.kr. Munar þar mestu að með öðrum dagvinnulaunum eru tekin laun fyrir þremur nýjum stöðum, þ.e. forstöðumanns, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara, og hækkar kostnaður þess vegna um 2.500 þús.kr. Á öðrum dagvinnulaunum er auk þessa gert ráð fyrir 0,5 stöðugildi sjúkraþjálfara og 0,5 stöðugildi sérkennara. Samtals 4,0 stöðugildi. Grunnheimildir hjá stofnuninni (á föstum launum) eru 13,3 stöðugildi. Önnur gjöld hækka um 1.740 þús.kr. og verða 3.060 þús.kr. Veldur mestu um þá hækkun að í fyrsta skipti er áætlað fyrir greiðslu húsaleigu, um 900 þús.kr. Aðrar hækkanir launa og annarra gjalda stafa af almennum launa- og verðhækkunum.

795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Gert er ráð fyrir að framlagið verði 80.000 þús.kr. en það er 40.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Þessi hækkun milli ára skýrist einkum af því að tekjur af erfðafjárskatti, sem áður runnu í Erfðafjársjóð, renna nú í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 35. og 44. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Áætlaðar tekjur af erfðafjárskatti á árinu 1986 eru 25.000 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs er 55.000 þús.kr.

951 Brunamálastofnun ríkisins

Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til reksturs þessarar stofnunar heldur er rekstur hennar fjármagnaður með tekjum af brunavarnaiðgjöldum. Launagjöld hækka úr 2.779 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.330 þús.kr., eða um 55,8%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af því að gert er ráð fyrir nýrri stöðu verkfræðings við stofnunina. Önnur gjöld hækka um 10,9% milli ára og verða 4.905 þús.kr. Gert er ráð fyrir tækjakaupum að fjárhæð 500 þús.kr.

953 Jafnréttisráð

Fjárveiting til Jafnréttisráðs hækkar úr 1.573 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 2.251 þús.kr., eða um 43,1%. Laun hækka um 29,9% og verða 1.312 þús.kr. Önnur gjöld án eignakaupa hækka úr 563 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 844 þús.kr., sem er 49,9% hækkun. Hækkunin skýrist með sífellt vaxandi umsvifum ráðsins og er í því sambandi minnt á nýsamþykkt lög nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnar rétt kvenna og karla. Veittar eru 95 þús.kr. til kaupa á smátölvu.

954 Vinnueftirlit ríkisins

Í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eru ákvæði um starfsemi Vinnueftirlits ríkisins. Kostnaður við rekstur þess skal greiddur af tekjum af iðgjöldum sem fyrirtæki, er lögin gilda um, greiða og tekjum af skrásetningar- og eftirlitsgjöldum. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að tekjur Vinnueftirlitsins verði jafnháar gjöldum þannig að ekki verði um framlag ríkissjóðs að ræða. Heildargjöld hækka úr 25.355 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 32.262 þús.kr., eða um 27,2%. Mestu munar um hækkun gjalda vegna tækjakaupa, úr 400 þús.kr. í 1.300 þús.kr. Af þessari fjárhæð eru um 1.000 þús.kr. vegna tölvuvæðingar stofnunarinnar og 300 þús.kr. til ýmissa tækjakaupa. Launagjöld hækka um 28,8% og verða 19.937 þús.kr.

971 Erfðafjársjóður, framlag

Gert er ráð fyrir að tekjur af erfðafjárskatti renni í Framkvæmdasjóð fatlaðra (sjá athugasemdir við fjárlagalið 07—795 hér að framan). Liðurinn fellur því niður.

972 Bjargráðasjóður Íslands

Hér er um að ræða framlag vegna greiðslu vaxta og afborgana af lánum sem tekin voru 1980—1982 vegna harðæris og þungra búsifja. Fjárveitingin er í samræmi við samþykkt fyrrverandi ríkisstjórnar.

981 Vinnumál

Framlag á þessum fjárlagalið nemur alls 18.437 þús. kr. og hækkar um 2.536 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Þar munar mest um 2.428 þús.kr. hækkun á liðnum *ýmislegt*. Ekki er gert ráð fyrir framlagi til Iðnnemasambands Íslands, en veittar voru 50 þús.kr. til sambandsins í fjárlögum 1985. Framlag til viðfangsefnisins *orlofsheimili launþegasamtakanna* er óbreytt frá fjárlögum 1985, eða 4.790 þús.kr. Framlag til viðfangsefnanna *félagsdómur, sjómannasamtök, lögskráning,* og *sjómannadagsráð* hækkar frá fjárlögum 1985 í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Gert er ráð fyrir að liðurinn *ýmislegt* skiptist sem hér segir og til samanburðar er sýnd skipting hans 1985.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi	2.387	2.910	523	21,9
ASÍ vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu	1.450	1.770	320	22,0
Félagsmálaskóli alþýðu	2.016	2.460	444	22,0
Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMS, BSRB og BHM	2.180	2.660	480	22,0
ASÍ vegna norræna verkalýðsskólans í Genf	60	75	15	25,0
Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	654	800	146	22,3
Fræðslumál BSRB	600	730	130	21,7
Fræðslumál BHM	98	120	22	22,4
Fræðslumál annarra	100	120	20	20,0
Upplýsingastarfsemi um kjaramál	150	185	35	23,3
Þátttaka í erlendu vinnumálastarfi	327	620	293	89,6
Samtals	10.022	12.450	2.428	24,2

999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Eina breytingin á viðfangsefnum þessa fjárlagaliðar frá fjárlögum 1985 er að eitt þeirra, *varnaraðgerðir við Skeiðarársand,* fellur niður enda var þar um tímabundið verkefni að ræða. Heildarfjárveiting hækkar úr 31.050 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 79.716 þús.kr. Munar þar mestu um hækkun fjárveitingar til greiðslu *meðlaga skv. lögum nr. 9/1981,* 47.154 þús.kr. Hér er um að ræða meðlög með börnum erlendra ríkisborgara og bráðabirgðameðlög sem greidd eru af Tryggingastofnun ríkisins fyrir hönd ríkissjóðs. Hingað til hafa fjárveitingar verið miðaðar við að uppgjör við Tryggingastofnunina vegna útgjalda hennar af þessum sökum fari fram ári síðar en til útgjalda var stofnað. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að þetta uppgjör fari fram á útgjaldaárinu. Áætluð útgjöld vegna meðlaga á árinu 1986 eru 27.801 þús.kr. Vegna ónógra fjárveitinga á síðustu árum til greiðslu meðlaga skuldar ríkissjóður Tryggingastofnun ríkisins 25.980 þús.kr. og gert er ráð fyrir að þessi skuld verði að fullu greidd árið 1986. Heildarfjárveiting til greiðslu meðlaga er því 60.554 þús.kr.

Fjárveiting til viðfangsefnisins *snjóflóða- og skriðufallavarnir* hækkar úr 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir kostnaðarsömum framkvæmdum víða um land og í þessum efnum er minnt á nýsamþykkt lög nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram framlag til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1985, frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 og breytingin milli ára.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Meðlög skv. 21., 22., og 23. gr. framfærslulaga	3.000	3.251	251	8,4
Meðlög skv. lögum nr. 9/1981	13.400	60.554	47.154	351,9
Slysavarnafélag Íslands	3.700	4.181	481	13,0
Sjómannastofur	350	396	46	13,1
Félagasamtök, styrkir	3.800	4.200	400	10,5
Kvennaathvarf í Reykjavík	1.400	1.582	182	13,0
Kvennaathvarf á Akureyri	400	452	52	13,0
Snjóflóða- og skriðufallavarnir	1.000	4.000	3.000	300,0
Ýmis framlög	1.000	1.100	100	10,0
Varnaraðgerðir við Skeiðarársand	3.000	—	−3.000	−100,0
Samtals	31.050	79.716	48.666	156,7

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Hækkun þús. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	17.859	22.087	4.228	23,7
Tryggingamál	7.477.582	6.989.938	−487.644	−6,5
Heilbrigðismál	2.583.165	4.927.874	2.344.709	90,8
Annað	18.356	21.535	3.179	17,3
Samtals	10.096.962	11.961.434	1.864.472	18,5
Þar af markaðir tekjustofnar	841.820	1.007.220	165.400	19,6

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru eftirfarandi: Lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda verður 730.000 þús. kr. og hækkar um 135.000 þús. kr. frá fjárlögum 1985, slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda hækka um 15.000 þús. kr. og verða 125.000 þús. kr., iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er 80.000 þús. kr. eða óbreytt frá fjárlögum 1985, hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR er 1.200 þús. kr. og hækkar um 600 þús. kr. Sérlyfjagjald verður 3.000 þús. kr. og hækkar um 2.600 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá gildandi fjárlögum eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 3.000 þús. kr. sem er 2.200 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 10.000 þús.kr. og verður 65.000 þús. kr. Verður nú vikið nánar að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Heildarfjárveiting til aðalskrifstofu nemur 22.087 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum um 4.288 þús. kr. Laun nema 13.391 þús. kr. og byggir áætlunin á 17,5 heimiluðum stöðum. Það er fjölgun um eina stöðu frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er staða tannlæknis sem hefur á undanförnum árum verið áætlað fyrir á fjárlagalið *08–391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar* og er því um tilflutning að ræða. Auk þess er áætlað fyrir launum sérfræðings vegna sérstaks verkefnis sem unnið er í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina um greiningu og eftirlit langvinnra sjúkdóma. Þetta er þriðja og síðasta árið sem fjárveiting er til þessa verkefnis. Önnur gjöld áætlast 9.113 þús. kr. og sértekjur 1.017 þús. kr. Framlag til eignakaupa er 600 þús. kr. og er til kaupa á tölvubúnaði o. fl.

271 Tryggingastofnun ríkisins

Lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. lög nr. 31 1982, var breytt með lögum nr. 84/1985. Samkvæmt þeim teljast almannatryggingar nú til A-hluta fjárlaga, en þær hafa til þessa verið í B-hluta. Önnur veigamikil breyting sem gerð hefur verið er að 15 sjúkrahús eru færð af daggjaldakerfi sjúkratrygginga á föst fjárlög. Um þá breytingu er fjallað seinna í þessari greinargerð og í greinargerð um fjárlagaliði 08–384 og 08–388. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga, auk framlags til reksturs og stjórnunar stofnunarinnar. Viðfangsefni eru því fjögur undir þessum fjárlagalið, *1.01 Yfirstjórn, 1.10 Lífeyristryggingar, 1.20 Sjúkratryggingar* og 1.30 *Slysatryggingar.* Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting milli viðfangsefna og samanburður við fjárlög 1985.

Almannatryggingar 1985 og 1986

	Fjárlög 1985 M.kr.	Frumvarp 1986 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Yfirstjórn		90	90	
Slysatryggingar	110	117	7	6,3
Lífeyristryggingar	3.470	4.350	880	25,4
Sjúkratryggingar	3.628	2.157	−1.471	−40,5
Samtals	7.208	6.714	−494	−6,9

Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatrygginga eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við fjárlagagerðina var tekin sú ákvörðun að leita ráða til sparnaðar um 150 m. kr. í tryggingakerfinu. Því hafa framlög lífeyristrygginga verið lækkuð um 80 m. kr. og framlög sjúkratrygginga um 70 m. kr. Verður nú fjallað um hvert viðfangsefni fyrir sig.

1.01 Yfirstjórn. Framlag til yfirstjórnar nemur 90.179 þús. kr. Hér er um að ræða rekstur Tryggingastofnunar og eru áætlaðar sértekjur kostnaðarhlutdeild atvinnuleysistrygginga og hinna ýmsu sjóða sem eru í vörslu stofnunarinnar í daglegum rekstri hennar.

1.10 Lífeyristryggingar. Heildarframlag nemur 4.350 m. kr. og hækkar um 25% frá gildandi fjárlögum. Við mat á áætlaðri fjárþörf til greiðslu lífeyrisbóta 1986 hefur verið farið eftir greiðslum fyrstu mánaða þessa árs að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Gert er ráð fyrir fjölgun bótaþega í samræmi við aldurssamsetningu þjóðarinnar og út frá reynslu síðustu ára. Útgjöld lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1985 og frumvarpi 1986 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti.

Lífeyristryggingar 1985 og 1986

		Fjárlög 1985 M.kr.	Frumvarp 1986 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Gjöld					
101-103	Lífeyrir og örorkubætur	2.867	3.697	830	29,0
	Elli- og örorkulífeyrir	1.233	1.522	289	23,4
	Tekjutrygging	1.109	1.540	431	38,9
	Uppbót	302	360	58	19,2
	Heimilisuppbót o.fl.	120	155	35	29,2
	Örorkustyrkur	103	120	17	16,5
104	Barnalífeyrir	80	96	16	20,0
105, 107	Ekkju-, ekkla- og makabætur	74	88	14	18,9
106	Mæðra- og feðralaun	147	239	92	62,6
108	Fæðingarorlof	200	230	30	15,0
120	Meðlög	282	200	−82	−29,1
171	Rekstrarkostnaður og vextir af sjóðsskuld	102	—	−102	—
	Samtals	3.752	4.550	798	21,3
Tekjur					
180	Framlög ríkissjóðs	3.470	4.350	880	25,4
181	Meðlög, sveitarfélög	282	200	−82	−29,1
	Samtals	3.752	4.550	798	31,1

Gert er ráð fyrir auknum útgjöldum vegna 2% fjölgunar bótaþega. Bótahækkanir hafa verið sem hér segir frá upphafi árs 1985: Frá 1. janúar hækkuðu allar bætur um 5%. Frá 1. mars hækkuðu allar bætur um 2,4%. Tekjutrygging og uppbót hækkaði um 12% 1. maí en allar aðrar bætur um 7,0%. 7,5% hækkun allra bóta varð 1. júlí og 2,4% hækkun 1. ágúst. Loks er áætlað fyrir 4,5% hækkun 1. október og er það í samræmi við umsamdar launataxtahækkanir. Í fjárlögum 1985 var áætlað fyrir 2,5% veginni meðalhækkun lífeyristryggingabóta.

1.20 Sjúkratryggingar. Heildarframlag nemur 2.157 m. kr. og skiptist á helstu útgjaldaliði sem hér segir:

Sjúkratryggingar 1985 og 1986

		Fjárlög 1985 M.kr.	Frumvarp 1986 M.kr.	Breyting M.kr.	Breyting %
Gjöld					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum ..	2.400	1.100	−1.300	−54,2
302	Heimaþjónusta við aldraða ...	25	42	17	68,0
303	Hjálpartæki	120	100	−20	−16,7
305	Útgjöld skv. 39. gr. tryggingal.		49	49	—
310	Lækniskostnaður	194	200	6	3,1
311	Tannlæknakostnaður	145	170	25	17,2
313-314	Innlendur og erlendur sjúkrak.	429	300	−129	−30,1
315	Lyfjakostnaður	688	660	−28	−4,1
316	Sjúkradagpeningar	93	110	17	18,3
370	Rekstrarkostnaður	45	40	−5	11,1
	Samtals	4.139	2.771	−1.368	−33,1
Tekjur					
380	Hlutur ríkissjóðs	3.628	2.157	−1.471	−40,5
	Hlutur sveitarfélaga	511	614	103	20,2
	Samtals	4.139	2.771	−1.368	−33,1

Meginbreyting á áætlun til sjúkratrygginga er að 15 sjúkrahús flytjast nú af daggjaldakerfi á föst fjárlög. Heildarframlag til þessara sjúkrahúsa er 1.765 m.kr. Hlutur sveitarfélaga í rekstrarkostnaði þeirra fellur niður en á móti hækkar hlutur þeirra í öðrum þáttum sjúkratrygginga. Tíðar breytingar hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa á árinu 1985. Þau hækkuðu um 1,5% frá 1. janúar að telja, 1. mars varð hækkunin 0,9 %, 1. maí varð 6,4% hækkun og 3,0% hækkun varð 1. júní. 1. júlí varð síðan 10,5% hækkun og loks er fyrirsjáanleg hækkun 1. október vegna 4,5% hækkunar launa. Innifalið í áætlun um vistgjöld er 200 m.kr. framlag til uppgjörs á halla sjúkrahúsa á árinu 1985. Á þetta við um þau sjúkrahús sem eru á daggjöldum 1985. Ekki er áætlað fyrir útgjöldum sem kunna að verða vegna fjölgunar sjúkrarúma eða nýrrar starfsemi.

Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldaþátta þeirra hækka mjög misjafnlega. Athygli er vakin á því að sá rekstrarkostnaður sem nú er áætlaður í sjúkratryggingum er eingöngu vegna rekstrar sjúkrasamlaga en rekstur Tryggingastofnunar ríkisins var einnig á þessum lið í fjárlögum 1985. Einnig má benda á lið *305 Útgjöld skv. 39. gr. tryggingalaga,* en áætlun vegna þessa var innifalin í áætlun til liðarins *302 Hjálpartæki* í fjárlögum 1985. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um aðra liði en við áætlun var tekið mið af greiðslum síðustu mánaða.

1.30 Slysatryggingar. Útgjöld slysatrygginga eru áætluð 116,7 m. kr. auk 8,3 m. kr. hlutdeildar í yfirstjórn. Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 307/1983, sbr. reglugerð nr. 234/1984 um breyting á hinni fyrri, er áætluð 125 m. kr. skv. 3. gr. frumvarpsins.

273 Atvinnuleysistryggingasjóður

Framlag til sjóðsins er áætlað 235.685 þús. kr. Framlag atvinnurekenda og sveitarfélaga skal vera til jafns við framlag ríkissjóðs. Sett voru ný lög, nr. 10/1985, um bætur atvinnuleysistrygginga. Í frumvarpi til lánsfjárlaga er leitað heimildar til takmörkunar á framlagi ríkissjóðs þannig að heildarframlag verði ekki hærri fjárhæð en 235,685 þús. kr. á árinu 1986.

274 Eftirlaunasjóður aldraðra

Framlag til sjóðsins verður 39.914 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 10.281 þús. kr. eða um 35%. Framlagið er í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1985 um framlengingu á greiðslum bóta til ársloka 1989.

301 Landlæknir

Framlag til landlæknisembættisins er 9.213 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 1.418 þús. kr. eða 18,2%. Helstu breytingar eru á launalið yfirstjórnar. Áætlun byggir nú á 6,25 stöðuheimildum þar sem ráðninganefnd heimilaði 1,25 nýjar stöður á árinu, þ.e. 0,75 stöðu bókasafnsfræðings og 0,5 stöðu ritara. Ekki kemur kostnaður við þessar stöður að fullu sem aukning þar sem áður hafði verið áætlað fyrir hluta þeirra á öðrum dagvinnulaunum. Á móti nokkurri aukningu á launalið kemur lækkun vegna þess að laun staðgengils landlæknis falla nú niður. Launaliður og önnur rekstrargjöld hækka því í hátt við almennar launa- og verðlagsbreytingar.

324 Heyrnar- og talmeinastöð

Fjárveiting nemur samtals 21.455 þús. kr. og er það 3.449 þús. kr. eða 19,2% hækkun frá gildandi fjárlögum. Laun hækka um 2.018 þús. kr. sem er í samræmi við launahækkanir á tímabilinu. Heimiluð stöðugildi eru 17,5 talsins eða óbreytt frá fjárlögum 1985. Rekstrargjöld, sem fela í sér minni háttar eignakaup, hækka um 1.308 þús. kr. eða 36,5% sem er umfram verðlagsforsendur. Nokkur hækkun verður einnig á sértekjum sem eru áætlaðar 1.808 þús. kr. en þær námu 1.271 þús. kr. í fjárlögum 1985. Tilfærslur til einstaklinga og samtaka, sem eru vegna heyrnartækjakaupa, hækka um 1.060 þús. kr., úr 7.440 þús. kr. í 8.500 þús. kr. Framlag til stofnkostnaðar er 600 þús. kr. og er til innréttingar útibús á Akureyri.

325 Hollustuvernd ríkisins

Stofnuninni er nú skipt í fimm rekstrarviðfangsefni. Þau eru *1.01 Yfirstjórn, 1.10 Heilbrigðiseftirlit, 1.20 Rannsóknastofa, 1.30 Mengunarvarnir og 1.40 Geislavarnir.* Heildarframlag til stofnunarinnar er 29.427 þús. kr. og hækkar um 12.508 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Launaáætlun byggir á 26,8 stöðum en við fjárlagagerð 1985 var byggt á 25,3 stöðum. Ráðninganefnd samþykkti 0,5 stöðu ritara við geislavarnir fyrr á þessu ári og einnig bætist við ný staða verkfræðings í mengunarvörnum. Kostnaður við þessar stöður er um 840 þús. kr. Að teknu tilliti til þeirrrar aukningar er launahækkun í samræmi við almennar launabreytingar. Hækkun annarra rekstrargjalda er umfram verðlagsforsendur en á móti kemur hækkun á sértekjum sem áætlast 3.390 þús. kr. Ýmis stofnbúnaður, tækjakaup o.fl. áætlast 300 þús. kr. og 10.000 þús. kr. eru vegna innréttingar á Skipholti 37, en ákveðið er að stofnunin hafi framtíðaraðsetur á þeim stað. Nú er starfsemin í leiguhúsnæði á nokkrum stöðum í Reykjavík.

326 Sjónstöð Íslands

Í fjárlögum 1985 var í fyrsta sinn áætlað fyrir rekstrarframlagi til Sjónstöðvar Íslands. Gert var ráð fyrir níu mánaða rekstri á árinu. Nú er um heils árs starfsemi að ræða með 4,5 stöðugildum: 1 lækni, 1 sjónþjálfa, 1 gerviaugnasmið, 1 skrifstofumanni og 0,5 sjónfræðingi. Undir liðnum önnur dagvinnulaun er jafnframt áætlað fyrir ræstingu, afleysingum o.fl. Aukning á launalið frá gildandi fjárlögum er fyrst og fremst vegna þess að nú er áætlað fyrir 12 mánaða starfsemi en einnig vegna þess að launaáætlun byggist á 4,5 stöðum í stað 3,5. Önnur gjöld vegna reksturs verða alls 2.025 þús. kr. Til stofnkostnaðar áætlast 2.000 þús. kr. vegna nauðsynlegra tækjakaupa þannig að stöðin geti hafið starfsemi.

371 Ríkisspítalar

Heildarframlag til ríkisspítala nemur 1.944.550 þús. kr. og hækkar frá gildandi fjárlögum um 351.640 þús. kr. og er það 22,1% hækkun. Helsta breyting á rekstrarstarfsemi spítalans er vegna hjartaskurðlækninga sem gert er ráð fyrir að hefjist á árinu 1986. Samtals er áætlað að verja 15.400 þús. kr. vegna hjartaskurðlækninga, þ.a. 10.300 þús. kr. vegna launa og 5.100 þús. kr. vegna annarra rekstrargjalda. Er öll sú aukning á viðfangsefninu *1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild.* Grunnheimildum fjölgar um 14 stöður vegna þessa. Að hjartaskurðlækningum frátöldum fjölgar grunnheimildum við spítalana einungis um eina stöðu frá fjárlögum 1985. Er það staða sérfræðings í frumulíffræði við meinafræðideild og nemur kostnaður við hana um 1.525 þús. kr. Sú staða kemur á viðfangsefnið *1.40 Stoðdeildir, rannsóknastofur.* Loks hækkar launaliður um 1.800 þús. kr. vegna ýmissa stöðubreytinga og er sú fjárhæð öll sett á viðfangsefnið *1.50 Þjónustudeildir* til síðari ráðstöfunar. Á heildina litið og að frátöldum þessum breytingum hækka laun um 23,7% og önnur gjöld vegna rekstrar um 14,6% sem er í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Breytingarnar koma þó ekki hlutfallslega jafnt á rekstrarviðfangsefnin og er því ekki unnt að gera beinan samanburð við fjárlög 1985 nema með heildartölum. Þetta er vegna ýmissa skipulagsbreytinga er átt hafa sér stað innan spítalanna. Framlag til meiri háttar viðhalds er 12.000 þús. kr. og er óbreytt að krónutölu frá gildandi fjárlögum. Sama er að segja um meiri háttar tækjakaup sem áætluð eru fyrir 50.000 þús. kr. en voru 49.500 þús. kr. Minni háttar tækjakaup eru hins vegar áætluð með hverju rekstrarviðfangsefni fyrir sig. Til byggingaframkvæmda spítalans er áætlað 52.000 þús. kr. framlag, 50.000 þús. kr. vegna K-byggingar og 2.000 þús. kr. vegna stjórnunar. Nýverið var boðin út uppsteypa og utanhússfrágangur þess hluta K-byggingar sem unnið er að. Áformað er að verklok verði um áramót 1986—87. Fyrir afgreiðslu fjárlaga kann að reynast nauðsynlegt að endurskoða fjárframlag til þessa verkefnis. Í eftirfarandi töflu sést hlutfallsleg skipting rekstrarframlags svo og fjöldi grunnheimilda á hverju viðfangsefni. Sértekjur viðfangsefna koma síðan til frádráttar þessu framlagi.

	Grunn-heimildir	Rekstrar-framlag þús. kr.	Hlutfallsleg skipting
Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	930,9	897.918	45%
Geðdeild	425,7	314.792	16%
Stofnanir öryrkja og þroskaheftra	191,2	106.301	5%
Stoðdeildir, rannsóknastofur	212,9	241.995	12%
Þjónustudeildir	267,9	447.520	22%
Samtals	2.028,6	2.008.526	100%

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Heildarfjárveiting nemur 110.110 þús. kr. og lækkar um 22.290 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1985. Einungis þrjú viðfangsefni eru nú á þessum fjárlagalið en þau voru fjögur í gildandi fjárlögum. Framlag til *sjúkrahúss St. Fanciskusarreglunnar* í Stykkishólmi fellur niður en það var 5.000 þús. kr. Önnur framlög eru eftirfarandi: *Heilsuverndarstöðvar, styrkir,* 3.310 þús. kr. Framlag þetta er lægra en í fjárlögum 1985 enda hafa heilsugæslustöðvar komið í stað heilsuverndarstöðva. *Byggingarstyrkur til DAS, Hrafnistu í Hafnarfirði,* er 6.800 þús. kr. og er það sjötta og síðasta greiðsla en framlagið nam 6.300 þús. kr. 1985. Loks er framlag vegna *byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða* 100.000 þús. kr. Eftirfarandi tafla sýnir framlög og breytingar frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög 1985 þús. kr.	Frumvarp 1986 þús. kr.	Breyting þús. kr.
Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða	117.100	100.000	−17.100
Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi	5.000	—	−5.000
Styrkur til heilsuverndarstöðva	4.000	3.310	−690
DAS, Hrafnista, Hafnarfirði, lokagreiðsla	6.300	6.800	500
Gjöld samtals	132.400	110.110	−22.290

Verið er að reisa hús yfir nokkrar sjúkrastofnanir þar sem verksamningar eru bundnir á árinu 1986. Þær eru: Sjúkrahús á Ísafirði 18.000 þús. kr., sjúkrahús á Sauðárkróki um 10.000 þús. kr., heilsugæslustöð á Þórshöfn um 5.300 þús. kr. og læknisbústaður á Siglufirði um 2.300 þús. kr. og hjúkrunar- og dvalarheimili á Egilsstöðum um 5.000 þús. kr. sem fjármagnast af nokkrum liðum fjárlaga. Yfirlit um stöðu einstakra verkefna mun verða lagt fyrir fjárveitinganefnd Alþingis.

384 Borgarspítalinn í Reykjavík

Samkvæmt tillögu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er nú gerð áætlun fyrir Borgarspítalann í Reykjavík á föstum fjárlögum. Vegna stærðar spítalans og sérstöðu á margan hátt er hann settur á sérstakan fjárlagalið, en 14 önnur sjúkrahús sem færast nú einnig á föst fjárlög eru sett á annan fjárlagalið, 08–388. Áætlunin nær til Borgarspítalans sjálfs í Fossvogi og eftirtalinna deilda sem reknar eru á öðrum stöðum: hjúkrunardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg, Hvítabandsins við Skólavörðustíg (hjúkrunardeild og göngudeild), fæðingarheimilis við Eiríksgötu, Arnarholts, Kjalarnesi, Grensásdeildar (endurhæfingardeildar) og geðdeildar, Templarahöll. Heildarframlag nemur 880.326 þús. kr. Til rekstrar áætlast 590.029 þús. kr. vegna launa og 414.847 þús. kr. vegna annarra gjalda. Innifalið í þeirri áætlun er framlag vegna minni háttar viðhalds og viðhalds á tækjum ásamt minni háttar stofnkostnaði. Heimiluð stöðugildi teljast 971 talsins. Til meiri háttar viðhalds áætlast 8.000 þús. kr. og til meiri háttar eignakaupa 20.000 þús. kr. Sértekjur áætlast 152.550 þús. kr. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun á haustmánuðum fara fram endurskoðun áætlunarinnar, þar sem þá liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um afkomu sjúkrahússins á yfirstandandi ári. Einhverjar breytingar gætu því orðið á áætluninni eða tilflutningur milli gjaldategunda.

385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Framlag nemur 79.000 þús. kr. og hækkar um 24.000 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Með lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna grunnfjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Markaðar tekjur eru áætlaðar 65.000 þús. kr. og koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Að auki eru veittar 14.000 þús. kr. til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila. Er þetta sama fjárhæð og veitt var undir fjárlagalið 08–381 Sjúkrahús og læknisbústaðir á árinu 1985. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að athuga hvorum megin gjaldfærslan eigi að vera.

386 St. Jósefsspítali, Landakoti

Framsetning framlaga til sjúkrahússins er nú önnur en verið hefur undanfarin ár. Heildarframlag er sett fram sem tilfærsla til einstaklinga, samtaka og heimila og er sundurliðun gerð í greinargerð. Framlag nemur samtals 395.001 þús. kr. og hækkar um 89.763 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Laun vegna rekstrar nema 290.788 þús. kr. og hækka um 34,7%. Grunnheimildir teljast nú vera 393 að frátöldum sérfræðingum sem vinna við sjúkrahúsið en í fjárlögum 1985 voru þær 379 talsins. Fjölgun þessi kemur í kjölfar endurskoðunar sem gerð var að beiðni forráðamanna sjúkrahússins á fjölda grunnheimilda. Fyrir yfirvinnu- og álagsgreiðslur er áætlað 45,6% á föst laun grunnheimilda og 20,5% fyrir afleysingar alls konar. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast nú 140.913 þús. kr. og eru minni háttar eignakaup, 3.100 þús.kr., þar með talin. Hækkun frá fjárlögum er 25% og er umfram verðlagsforsendur en hækkun sértekna vegur þar nokkuð á móti og áætlast þær 45.200 þús. kr. Meiri háttar viðhald áætlast 2.500 þús. kr.og stofnkostnaður 6.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og 1985.

387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Framlag til sjúkrahússins er nú sett fram sem tilfærsla til einstaklinga, samtaka og heimila og nemur samtals 359.478 þús. kr. Er það 75.195 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1985. Helsta breyting og aukning frá þeim fjárlögum er vegna nýrrar geðdeildar sem gert er ráð fyrir að taki til starfa í ársbyrjun 1986. Nýjar stöður vegna þessarar nýju deildar eru 13 talsins. Auk þeirra bætast eftirfarandi 4,6 stöðugildi við grunnheimildir sjúkrahússins: 1,0 staða sjúkraþjálfara, 1,0 staða iðjuþjálfara, 1,0 staða símavarðar, 1,0 staða næturvarðar og 0,6 staða meðferðarfulltrúa á barnadeild. Samtals eru grunnheimildir því 366,1 við sjúkrahúsið. Laun vegna rekstrar eru 242.283 þús. kr. og hækka þau í samræmi við almennar launahækkanir sé tekið tillit til fjölgunar sem greint er frá hér að framan, en sú fjölgun hefur í för með sér um 11.500 þús. kr. kostnaðarauka. Fyrir afleysingar, yfirvinnu- og álagsgreiðslur áætlast um 67% á föst laun grunnheimilda. Önnur gjöld vegna rekstrar áætlast 120.925 þús. kr. og eru minni háttar tækjakaup, 2.800 þús.kr., innifalin í þeirri upphæð. Sértekjur áætlast 23.730 þús. kr. Til meiri háttar viðhalds áætlast 5.000 þús. kr. og 5.000 þús. kr. til meiri háttar eignakaupa. Sambærilegar fjárhæðir í fjárlögum 1985 voru 5.000 þús. kr. vegna viðhalds og 5.500 vegna meiri háttar eignakaupa. Framlag vegna nýbyggingar er 10.000 þús. kr. en það er 15.500 þús. kr. í gildandi fjárlögum. Á árinu 1985 hefur verið unnið að framkvæmdum við innréttingu á geðdeild og lokafrágangi við slysa- og gjörgæsludeild. Engir samningar hafa verið gerðir um næstu framkvæmdaverkefni.

388 Ýmis sjúkrahús

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur gert tillögu um tilflutning 15 sjúkrahúsa af daggjaldakerfi á föst fjárlög. Áætlun fyrir 14 þessara húsa verður á þessum fjárlagalið en áætlun fyrir Borgarspítalann í Reykjavík er á fjárlagalið 08–384. Áætlunin byggir á ársreikningum sjúkrahúsanna fyrir árið 1984 ásamt bráðabirgða-

uppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði ársins 1985. Ákveðinn stöðugildafjöldi liggur að baki launaáætlun en sú tala verður þó endurskoðuð áður en fjárlög verða samþykkt. Breytingar geta því orðið á heildartölum og einnig getur orðið um tilflutning að ræða milli gjaldategunda. Í eftirfarandi yfirliti sést skipting framlaga á hvert sjúkrahús ásamt fjölda heimilla stöðugilda. Í öðrum gjöldum felst framlag til eignakaupa og viðhalds.

	Laun þús. kr.	Önnur gjöld þús. kr.	Sértekjur þús. kr.	Alls þús. kr.	Fjöldi stöðug.
Sjúkrahúsið Akranesi	101.744	61.922	15.212	148.454	154,0
Sjúkrahúsið Ísafirði	38.527	23.447	5.642	56.332	61,0
Sjúkrahúsið Húsavík	55.823	33.975	9.503	80.295	87,0
Sjúkrahúsið Sauðárkróki	52.812	32.141	3.695	81.258	84,0
Sjúkrahúsið Siglufirði	28.795	17.524	2.238	44.081	43,2
Sjúkrahúsið Neskaupstað	36.582	22.264	3.355	55.491	50,8
Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	44.030	26.797	7.966	62.861	64,7
Sjúkrahúsið Keflavík	48.243	29.361	10.449	67.155	66,2
Sjúkrahúsið Patreksfirði	17.720	9.930	303	27.347	30,1
Héraðshælið Blönduósi	30.338	17.002	2.668	44.672	53,0
Sjúkrahúsið Seyðisfirði	13.431	7.526	826	20.131	20,3
Sjúkrahúsið Egilsstöðum	20.904	11.716	816	31.804	36,5
Sjúkrahúsið Selfossi	55.998	31.381	5.656	81.723	99,4
Sólvangur, Hafnarfirði	55.908	28.658	1.756	82.810	117,2
Samtals	600.855	353.644	70.085	884.414	967,4

391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar

Framlag nemur samtals 154.084 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1985 um 36.338 þús. kr. Laun hækka um 30.496 þús. kr. eða 28%. Breyting á launalið frá gildandi fjárlögum er fjölgun um 2,0 stöður hjúkrunarfræðinga sem áður var áætlað fyrir undir menntamálaráðuneyti, skólahjúkrun, og er því um tilfærslu að ræða. Önnur breyting er tilfærsla einnar stöðu tannlæknis af þessum fjárlagalið á aðalskrifstofu ráðuneytisins, fjárlagalið *08–101–1.01*. Þriðja breytingin er heils árs áætlun fyrir launum tveggja læknisstaða sem heimilaðar voru frá miðju ári 1985. Launaáætlun byggir nú samtals á 106,0 stöðum lækna og 116,4 stöðum hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Önnur gjöld nema 7.988 þús. kr. og hefur verið tekið tillit til reiknings undanfarinna ára við áætlun þeirra. Helstu kostnaðarliðir eru vegna samningsbundinna námsferða lækna, svo og ferðakostnaður þeirra innanlands í tengslum við starfið. Einnig er ferðakostnaður vegna heimahjúkrunar aldraða og ungbarnaeftirlits mjög vaxandi þáttur. Til viðhalds áætlast 7.000 þús. kr. sem er framlag ríkissjóðs til viðhalds heilsugæslustöðva, en liður þessi fer vaxandi.

395 Lyfjamál

Á þessum fjárlagalið áætlast öll framlög vegna lyfjamála og hefur nafninu verið breytt til samræmis við það. Rekstrarviðfangsefni *1.11–1.61* voru áður undir safnliðnum *08–399 Ýmis heilbrigðismál.* Heildarframlag til þessa málaflokks er 3.334 þús. kr. en var 4.909 þús.kr. í fjárlögum 1985. Breytingin er vegna viðfangsefnisins *1.21 Lyfjanefnd.* Samkvæmt 30. gr. nýrra lyfjalaga, nr. 108/1984, skal kostnaður af starfsemi lyfjanefndar, þar á meðal laun nefndarmanna, borinn uppi af skráningar- og árgjöldum lyfja. Sértekjur eiga því að standa undir öllum rekstri lyfjanefndar.

399 Heilbrigðismál, ýmis framlög

Viðfangsefni á þessum fjárlagalið eru 18 talsins, en voru 28 í gildandi fjárlögum. Átta viðfangsefni flytjast á fjárlagalið *08–395 Lyfjamál*, en á þeim fjárlagalið eru öll framlög vegna lyfjamála. Tvö viðfangsefni falla nú niður, *1.43 Útbreiðsla atvinnusjúkdóma* og *1.92 Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál*. Á viðfangsefni *1.90 Ýmis framlög* er áætlað fyrir greiðslu til Norræna heilsugæsluskólans 3.000 þús. kr. en skuld hefur myndast vegna þátttöku íslenskra lækna á undanförnum árum. Heildarfjárveiting til hinna ýmsu viðfangsefna er 37.120 þús.kr. en var 36.125 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Í eftirfarandi töflu koma fram breytingar á framlögum til hinna ýmsu viðfangsefna.

	Fjárlög 1985	Frumvarp 1986	Breyting þús. kr.
Lyfjaverðlagsnefnd	550	—	−550
Lyfjanefnd	1.608	—	−1.608
Eiturefnanefnd	461	793	332
Daggjaldanefnd	633	956	323
Framkvæmdastjórn WHO	233	315	82
Manneldisráð	557	655	98
Áfengis- og fíkniefnanefnd	500	563	63
Krabbameinsfélag Íslands	12.000	12.000	0
Minningarsjóður Landspítalans	800	3.000	2.200
Lyfsölusjóður	250	—	−250
Hjartavernd	3.400	3.400	0
Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	542	658	116
Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir	2.319	2.500	181
Útbreiðsla atvinnusjúkdóma	250	—	−250
Matvælarannsóknir	210	236	26
Blóðrannsóknir ungbarna	623	675	52
Reykingavarnir	2.400	2.400	0
Rhesusvarnir	472	696	224
Ljósmæðralaun	4.239	2.460	−1.779
Útgáfa lyfjaverðskrár	498	—	−498
Evrópska lyfjaskráin	100	—	−100
Norræn samvinna í lyfsölumálum	80	—	−80
Sjúkraflug	1.200	1.200	0
Ýmis framlög	1.000	4.500	3.500
Kvartananefnd	100	113	13
Krabbameinsfélag Íslands, fræðslumál	500	—	−500
Stofnkostnaður vegna lyfjaverðlagsnefndar og lyfjanefndar	600	—	−600
Gjöld samtals	36.125	37.120	995

Ekki sýnist ástæða til að fjalla um einstaka liði. Margir eru óbreyttir frá fjárlögum en aðrir sem eru bundnir launum hækka í samræmi við það. Framlag vegna ljósmæðralauna lækkar þar sem þeim ljósmæðrum fer fækkandi er taka laun samkvæmt eldra fyrirkomulagi.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	57.395	71.434	14.039	24,4
Toll- og skattheimta	256.332	316.276	59.944	23,3
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	372.278	425.381	53.103	14,2
Annað	556.857	494.240	−62.617	−11,2
Gjöld samtals	1.242.862	1.307.331	64.469	5,1
Þar af markaður tekjustofn	27.500	30.000	2.500	9,1

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Nú verður fjallað um breytingar á fjárveitingum til stofnana og viðfangsefna ráðuneytisins.

101 Fjármálaráðuneyti, hið almenna ráðuneyti

Framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins hækkar úr 28.087 þús. kr. í 34.750 þús. kr. eða um 23,7%. Þar af hækka laun um 25,8% en rekstrargjöld um 14,8%. Heimiluð stöðugildi eru óbreytt frá fjárlögum 1985, 33,17, þannig að hækkun launa er eingöngu vegna almennra launahækkanna. Einnig er gert ráð fyrir 450 þús. kr. til kaupa á skrifstofubúnaði ýmiss konar.

103 Ríkisbókhald

Fjárveiting til ríkisbókhalds hækkar úr 21.023 þús. kr. í 25.878 þús. kr. eða um 23,0 %. Laun hækka um 27,3% en rekstrargjöld hækka um 106,1%. Þessi hækkun rekstrargjalda er eingöngu vegna tölvuvinnslu hjá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Fyrir þessum kostnaði hefur ekki áður verið áætlað, en sótt um heimild í fjáraukalögum. Sértekjur eru hins vegar áætlaðar 6.780 þús. kr. en voru engar í fjárlögum 1985.

105 Ríkislögmaður

Samþykkt voru á síðasta þingi ný lög um embætti ríkislögmanns, lög nr. 51/1985. Með lögum þessum verður embætti ríkislögmanns sjálfstæð stofnun en var áður hluti af fjármálaráðuneytinu. Lögin taka gildi 1. janúar n. k. Gert er ráð fyrir að ríkislögmaður flytji í nýtt húsnæði og er af þessum sökum áætlað fyrir 500 þús. kr. í stofnkostnað til kaupa á skrifstofubúnaði. Heimiluð stöðugildi eru tvö eins og í fjárlögum 1985. Af flutningi leiðir að nú er einnig áætlað fyrir launum eins ritara á *öðrum dagvinnulaunum.* Af breytingum þessum leiðir að framlög ríkissjóðs hækka úr 1.265 þús. kr. í 2.584 þús. kr.

201 Ríkisskattstjóri

Heimiluð voru s.l. vetur 5,5 ný stöðugildi hjá skattrannsóknardeild embættisins. Stöðugildum hjá skattstofum utan Reykjavíkur hefur aftur á móti verið fækkað um fjögur. Hér er því um tilflutning innan skattkerfisins að ræða. Sérstakt átak hefur verið gert til að bæta skatteftirlit, en erfiðlega hefur gengið að fá sérmenntað starfsfólk til starfa á skattstofum utan Reykjavíkur. Stöðugildi verða eftir þessa fjölgun alls 45,5 hjá embætti ríkisskattstjóra. Framlag ríkissjóðs nemur alls 37.237 þús. kr. en var 28.232 þús. kr. í fjárlögum 1985 og hækkar því um 32,0%. Ekki er gert ráð fyrir neinu

meiri háttar stofnkostnaðarverkefni í frumvarpi 1986 eins og var í fjárlögum 1985 en þá voru veittar 1.100 þús. kr. til innréttingar fasteignar. Laun vegna almenns rekstrar hækka um 38,4% og rekstrarfé hækkar um 33,6%.

201—211 Skattstofur

Heildarframlag til skattstofanna nemur 114.988 þús. kr. og hækkar um 21.141 þús. kr. frá fjárlögum 1985. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting framlagsins á einstakar skattstofur, fjöldi grunnheimilda á skattstofunum í heild og hvar stöðugildum hefur verið fækkað frá fjárlögum 1985.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting %	Breytingar á stöðufjölda
Skattstofan í Reykjavík	36.842	46.041	24,9	
Skattstofa Vesturlands	6.568	7.301	11,1	−1
Skattstofa Vestfjarða	6.112	5.406	−11,5	−1
Skattstofa Norðurlands vestra	5.620	6.524	16,0	−1
Skattstofa Norðurlands eystra	9.958	12.765	28,1	
Skattstofa Austurlands	5.742	6.684	16,4	
Skattstofa Suðurlands	5.762	7.670	33,1	−1
Skattstofa Vestmannaeyja	2.391	3.229	35,0	
Skattstofa Reykjaness	14.852	19.368	30,4	
Gjöld samtals	93.847	114.988	22,5	−4
Grunnheimildir	163,77	159,77		

Hækkun á framlagi til skattstofanna stafar fyrst og fremst af almennum launahækkunum. Eins og sést af ofangreindu yfirliti hefur starfsmönnum skattstofanna verið fækkað um fjóra frá fjárlögum 1985. Hækkun veldur sú breyting að skattstjórar taka nú laun skv. úrskurði Kjaradóms. Um stofnkostnað og meiri háttar viðhaldsverkefni er vart að ræða á skattstofunum, en þó eru veittar 220 þús. kr. til þess að mála og kaupa innréttingu fyrir skattstofu Vestfjarða, 900 þús. kr. til viðgerða á húsnæði skattstofu Suðurlands og 173 þús. kr. til kaupa á innanhússímakerfi fyrir skattstofu Norðurlands vestra.

212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Framlag ríkissjóðs nemur 24.625 þús. kr. en nam 19.920 þús. kr. í fjárlögum 1985. Fjárveiting þessi er tvískipt. Til þess að greiða ýmsan sameiginlegan kostnað skattstofanna, s.s. tölvuvinnslu og gerð skattskráa, eru áætlaðar 23.625 þús. kr. og til kaupa á tölvubúnaði fyrir skattstofurnar 1.000 þús. kr.

214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd

Útgjöld ríkissjóðs hækka úr 5.047 þús. kr. í 6.833 þús. kr. eða um 35,3%. Laun hækka um 32,7% en rekstrargjöld um 15,9%. Auk þess er áætlað að verja 300 þús. kr. til kaupa á ljósritunarvél en ekkert meiri háttar stofnkostnaðarverkefni var í fjárlögum 1985. Heimiluð stöðugildi eru nú 6,5 en voru 6 í fjárlögum 1985. Ráðninganefnd heimilaði hálft stöðugildi ritara á árinu.

251 Gjaldheimtan í Reykjavík

Gjaldheimtan í Reykjavík er rekin af ríki og Reykjavíkurborg. Framlag til stofnunarinnar hækkar um 3.111 þús. kr. og verður 20.115 þús. kr. Útgjöld vegna starfseminnar hækka um 19,3% frá fjárlögum 1985. Framlag borgarsjóðs nemur helmingi af áætluðum útgjöldum stofnunarinnar og kemur fram í áætluðum sértekjum.

261 Tollstjórinn í Reykjavík

Framlag ríkissjóðs nemur 45.941 þús. kr. en var 36.947 þús. kr. í fjárlögum 1985. Laun hækka úr 24.592 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 31.633 þús. kr., eða um 28,6%. Á árinu 1985 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun grunnheimilda um eina í eftirstöðvadeild og tvær stöður vegna launaskattsinnheimtu. Á móti lækkar áætlun á öðrum dagvinnulaunum. Einnig er áætlað fyrir stöðu yfirkennara Tollskólans á öðrum dagvinnulaunum eins og í fjárlögum 1985. Samtals er því áætlað fyrir 66 stöðugildum í frumvarpi 1986. Annað rekstrarfé hækkar um 15,6%, úr 12.155 þús. kr. í 14.058 þús. kr. Hækkun veldur m.a að gert er ráð fyrir auknum kostnaði vegna nýrrar tollskrár. Sett er upp sérstakt stofnkostnaðarviðfangsefni með 250 þús. kr. fjárveitingu og skal henni varið til kaupa á húsgögnum, skrifstofuáhöldum og búnaði fyrir Tollskólann.

282 Tollamál

Þessi fjárlagaliður skiptist í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* og lækkar fjárveiting vegna hans um 3,9% og verður 4.011 þús. kr. Er hér um að ræða kostnað vegna endurskoðunar tollskrár og útgjöld vegna greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningsskýrslna, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið, *tölvuvæðing*, er til kaupa og uppsetningar á tölvukerfi til tollafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi þessa máls. Fjárveiting til þessa liðar nemur 5.000 þús. kr. sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1985.

381 Uppbætur á lífeyri

Útgjöld nema alls 476.231 þús. kr. en samsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1985 var 412.950 þús. kr. Hækkunin er því 63.281 þús. kr., eða 15,3%. Frá dragast sértekjur sem nema 50.850 þús. kr. og þar er um að ræða vexti og verðbætur af lánum sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur veitt opinberum fjárfestingarlánasjóðum. Fjárveitingin skiptist þannig til eftirtalinna aðila: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 414.775 þús. kr., lífeyrissjóður alþingismanna 33.348 þús. kr., lífeyrissjóður ráðherra 4.092 þús. kr., lífeyrissjóður ljósmæðra 10 þús. kr., lífeyrissjóður sjómanna 950 þús. kr., eftirlaun skv. launalögum 5.056 þús. kr., styrktarfé og ýmis eftirlaun 5.676 þús. kr., lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna 11.094 þús. kr. og til Verslunarskóla Íslands 1.230 þús. kr.

402 Fasteignamat ríkisins

Framlag ríkissjóðs hækkar um 13,9% frá fjárlögum 1985, úr 15.395 þús. kr. í 17.547 þús. kr. Laun hækka úr 14.731 þús. kr. í 18.371 þús. kr. eða um 24,7% og rekstrarfé hækkar úr 9.584 þús. kr. í fjárlögum 1985 í 10.782 þús. kr. eða um 12,5%. Þá eru veittar 1.050 þús. kr. til kaupa á tveimur bifreiðum og til kaupa á ljósritunarvél og færist það sem sérstakt viðfangsefni.

481 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum

Áætluð útgjöld ríkissjóðs hækka úr 20.000 þús. kr. í 30.000 þús. kr. eða um 50%. Undir þessum fjárlagalið er áætlað m. a. fyrir kostnaði samkvæmt 6. gr. fjárlaga.

971 Ríkisábyrgðasjóður

Framlag til sjóðsins nemur 185.000 þús. kr. en nam 169.300 þús. kr. í fjárlögum 1985.

981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Í fjárlögum 1985 var varið 6.000 þús. kr. til endurbyggingar Laugavegs 166, Víðishússins. Í frumvarpi 1986 er hins vegar áætlað að verja í sama skyni 34.000 þús. kr. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefjast skuli handa um innréttingu hússins til nota fyrir aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, Námsgagnastofnun og e.t.v. fleiri aðila.

Einnig er tekið upp nýtt viðfangsefni, *bygging stjórnsýsluhúss á Ísafirði,* 12.000 þús. kr. en ríkissjóður er aðili að þeirri byggingu og mun embætti bæjarfógeta á Ísafirði, skattstofa Vestfjarða og fleiri opinberir aðilar fá þar inni.

989 Launa- og verðlagsmál

Þessi fjárlagaliður var áætlaður 189.699 í fjárlögum 1985 til að mæta launabreytingum vegna sérkjarasamninga en fellur nú brott.

999 Ýmislegt

Fjárveiting hækkar úr 156.463 þús. kr. í 215.693 þús. kr., eða um 37,8%. Í meðfylgjandi yfirliti kemur fram fjárveiting til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1985 og í þessu frumvarpi ásamt breytingum í prósentum og fjárhæðum.

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld	20.312	18.629	−1.683	−8,2
Skýrsluvélakostnaður vegna launagreiðslna	13.900	19.575	5.675	40,8
Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds	22.286	24.975	2.689	12,0
Kjarasamningar	845	1.450	605	71,5
Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum	550	690	140	25,4
Kjararannsóknir	200	220	20	10,0
Bókhaldskerfi ríkisins	5.200	5.200	—	—
Ýmis sameiginlegur kostnaður	5.030	10.300	5.270	104,7
Til blaðanna að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar	13.000	13.000	—	—
Lífeyrissjóður sjómanna	550	690	140	25,4
Lífeyrissjóður bænda	25.700	32.200	6.500	25,2
Milliþinganefndir	400	100	−300	75,0
Dómkröfur og málskostnaður	6.500	9.500	3.000	46,1
Ýmis innheimtukostnaður	9.685	9.000	−685	−7,0
Þungaskattsálagning með ökumælum	855	1.164	309	36,1
Endurgreiðsla á söluskatti vegna snjómoksturs sveitarfélaga	12.000	12.000	—	—
Til útgáfumála samkvæmt ákvörðun þingflokka	7.000	7.000	—	—
Óviss útgjöld	12.450	40.000	27.550	221,2
Símstöð fyrir Stjórnarráðið	—	10.000	10.000	100,0
Gjöld samtals	156.463	215.693	59.230	37,8

Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, *símstöð fyrir Stjórnarráðið.* Unnið er að athugun á hvernig símamál Stjórnarráðsins verði haganlegast leyst. Póst- og símamálastofnun vinnur að þessu verkefni.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	10.127	13.810	3.683	36,4
Póst- og símamál	50.000	65.000	15.000	30,0
Vegamál	1.650.400	2.037.000	386.600	23,4
Önnur samgöngumál	670.668	778.995	108.327	16,2
Samtals	2.381.195	2.894.805	513.610	21,6
Þar af markaðir tekjustofnar	1.305.000	1.998.200	693.200	53,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Tekjur af þungaskatti eru áætlaðar 675.000 þús.kr. og tekjur af innflutningsgjaldi af bensíni 1.265.000 þús.kr. Þessir tekjustofnar nema alls 1.940.000 þús.kr. og hækka um 685.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Vitagjald hækkar um 4.000 þús.kr. og verður 13.000 þús.kr. Skipaskoðunargjald lækkar úr 4.000 þús.kr. í 2.200 þús.kr. Flugvallaskattur er áætlaður 40.000 þús.kr. 1986 og er það hækkun um 4.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Þá eru tekjur af sérleyfisgjaldi, sem rennur til sérleyfissjóðs, áætlaðar 3.000 þús.kr. sem er hækkun um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa

Framlag nemur alls 13.810 þús.kr. og hækkar um 3.683 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 36,4%. Launaliður nemur alls 7.594 þús.kr., sem er hækkun um 1.825 þús.kr., eða 31,6%. Gert er ráð fyrir einni nýrri stöðu fulltrúa og hálfri stöðu ritara vegna aukinna verkefna aðalskrifstofunnar. Þá hafa önnur laun verið hækkuð í samræmi við reynslu síðustu ára. Önnur gjöld hækka úr 4.358 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 6.216 þús.kr., eða um 42,6%. Hækkun umfram eðlilega verðlagshækkun skýrist fyrst og fremst af hækkun húsaleigu en aðalskrifstofan hefur verið flutt úr Arnarhvoli í Hafnarhúsið.

211 Vegagerð ríkisins

Útgjöld til vegamála nema 2.037.000 þús.kr. Fjármögnun er að hluta með mörkuðum tekjum, þ. e. bensíngjaldi og þungaskatti, alls 1.940.000 þús.kr., og að hluta, 97.000 þús.kr., með beinu ríkisframlagi af skatttekjum. Útgjöld til vegamála á árinu 1986 nema um 2,0% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu það ár (eldri grunnur).

321 Strandferðir, framlög

Framlög á þessum fjárlagalið nema alls 159.890 þús.kr. en eru 133.364 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til Skipaútgerðar ríkisins nemur 103.526 þús.kr. og er þá gert ráð fyrir að fyrirtækið geti staðið við skuldbindingar sínar á árinu 1986 vegna reksturs og fjármagnskostnaðar. Tilsvarandi framlag í fjárlögum 1985 er 77.000 þús.kr. og hækkunin milli ára er 34,4%. Framlag til flóabáta og vöruflutninga nemur 56.364 þús.kr. sem er óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1985.

331 Vita- og hafnamálaskrifstofa

Fjárveiting til vita- og hafnamálaskrifstofunnar hækkar úr 9.152 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 14.536 þús.kr., eða um 58,8%. Launagjöld hækka um 19,7% og verða 16.003 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs stofnunarinnar hækka úr 5.180 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.425 þús.kr., eða um 43,3%. Þessi hækkun skýrist af endurmati á rekstrarkostnaði stofnunarinnar en ljóst er að hann er vanáætlaður í fjárlögum 1985. Vegna breytinga á starfsemi stofnunarinnar, úr söluverkum tengdum hafnagerð í rannsóknastörf, hefur reynst nauðsynlegt að lækka áætlun um sértekjur úr 10.900 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.492 þús.kr.

332 Vitastofnun Íslands

Framlag til stofnunarinnar hækkar úr 36.081 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 49.890 þús.kr. Mestu munar um hækkun framlags til vitabygginga úr 7.000 þús.kr. í 14.000 þús.kr. Ráðgert er að verja megninu af því fé til áframhaldandi rafvæðingar á vitum stofnunarinnar. Á móti þessari hækkun á fjárveitingu til vitabygginga kemur hækkun vitagjalds, en áætlaðar tekjur af gjaldinu árið 1986 eru 14.000 þús.kr. Ekki er ástæða til að fjölyrða um einstök viðfangsefni stofnunarinnar, en hækkun á fjárveitingum

vegna reksturs vita frá fjárlögum 1985 stafar af vanáætlun útgjalda það ár. Um rekstur vitaskipsins Árvakurs er það að segja að gert er ráð fyrir 50 daga úthaldi árið 1986 í stað 100 daga úthalds eins og verið hefur undanfarin ár.

333 Hafnamál

Fjárveiting til hafnamála lækkar um 7.416 þús. kr. og nemur 104.254 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig á viðfangsefni 1985 og 1986:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Hafnarannsóknir og mælingar	2.483	5.000	2.517
Ferjubryggjur	3.300	3.700	400
Hafnarmannvirki og lendingarbætur	69.000	70.000	1.000
Sjóvarnargarðar	9.725	10.000	275
Landshafnir, endurgreiðslur lána	13.900	4.054	−9.846
Landshöfn Rifi, framkvæmdir	3.000	—	−3.000
Landshöfn Þorlákshöfn	1.000	—	−1.000
Hafnabótasjóður, framlag	10.000	12.000	2.000
Gjöld samtals	112.408	104.754	−7.654
Sértekjur	738	500	−238
Mismunur	111.670	104.254	−7.416

Ekki er talin ástæða til að fjalla um einstök viðfangsefni umfram það sem þegar er gert.

341 Siglingamálastofnun

Fjárveiting til stofnunarinnar nemur 25.184 þús.kr. og er það hækkun um 17,5% frá fjárlögum 1985. Launagjöld hækka um 22,3% milli ára. Nú er áætlað fyrir stöðu skrifstofustjóra en ekki hefur verið áætlað fyrir launum hans í fjárlögum fyrri ára. Alls er því áætlað fyrir 35,5 stöðum á stofnuninni. Að öðru leyti skýrist hækkun launagjalda milli ára af almennri launaþróun. Önnur gjöld vegna reksturs stofnunarinnar hækka úr 8.335 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.377 þús.kr., eða um 12,5%. Í fjárlögum 1985 voru veittar 1.605 þús.kr. til tölvuvæðingar en í þessu frumvarpi eru veittar 1.307 þús.kr. til kaupa á fleytibúnaði, símakallkerfi og hljóðbylgjumælitæki.

471 Flugmálastjórn

Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar úr 253.650 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 294.161 þús.kr. Laun hækka úr 122.978 þús.kr. í 148.799 þús.kr., eða um 21,0%. Önnur gjöld án framkvæmdafjár hækka úr 101.039 þús.kr. í 123.476 þús.kr., eða um 22,2%. Framkvæmdafé er óbreytt frá fjárlögum 1985, eða 61.000 þús.kr. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki úr 31.367 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 39.114 þús.kr., eða um 24,7%. Allir útgjaldaliðir nema framkvæmdafé hækka meira en almennar verðlagshækkanir gefa tilefni til. Ráðgert er að starfsemi á árinu 1986 verði með hefðbundnu sniði, en þó er rétt að geta þess að vegna fyrirhugaðrar vinnu við endurnýjun flugleiðsögukorta er stöðugildum á viðfangsefninu *flugleiðsöguþjónusta* fjölgað um tvö frá því í fjárlögum 1985. Á móti kemur fækkun stöðugilda um eitt á viðfangsefninu *yfirstjórn* og annað á viðfangsefninu *Reykjavíkurflugvöllur*. Snemma árs 1986 eru væntanlegir til starfa átta nýir flugumferðarstjórar sem nú eru við nám í Kanada. Fyrirhugað er að þeir sinni *alþjóðaflugþjónustu* og minnki álagið á núverandi flugumferðarstjórum en yfirvinna þeirra er óhófleg. Þess er vænst að Alþjóðaflug-

málastofnunin samþykki fjölgun flugumferðarstjóra við alþjóðaflugþjónustu úr 30 í 38 og greiði kostnaðinn af starfi þeirra, eins og verið hefur. Í nóvember 1984 heimilaði ráðninganefnd ríkisins fjölgun stöðugilda við stofnunina um þrjú vegna alþjóðaflugþjónustu. Vegna fjölgunar stöðugilda í *alþjóðaflugþjónustu* hækka launagjöld þess viðfangsefnis um 26,3% sem skýrir að mestu leyti hækkun launagjalda stofnunarinnar umfram það sem má telja eðlilegt. Um helmingur af kostnaði við nám verðandi flugumferðarstjóra var greiddur með aukafjárveitingu á árinu 1985 en hinn helmingurinn, eða 6.800 þús.kr., verður gjaldfærður árið 1986. Skýrir þetta að mestu leyti 48,9% hækkun gjalda á viðfangsefninu *alþjóðaflugþjónusta* á milli ára. Aðrar skýringar á hækkun annarra gjalda á stofnuninni frá fjárlögum 1985 eru þær að nýjar flugstöðvar (á Patreksfirði, Þingeyri, Húsavík og í Stykkishólmi) og nýir áætlunarflugvellir (í Grundarfirði og á Fáskrúðsfirði) kalla á aukið rekstrarfé. Einnig má benda á að uppsetning flugleiðsögukerfa við flugvelli landsins kallar á aukinn orku- og viðhaldskostnað. Gert er ráð fyrir að sértekjur stofnunarinnar hækki milli ára umfram almennar verðlagshækkanir og er þá gert ráð fyrir hækkun lendingargjalda, sem telja verður lág hér á landi, og auknum leigutekjum af flugvél stofnunarinnar. Í meðfylgjandi yfirliti er sýnd skipting grunnheimilda, útgjalda í fjárlögum 1985 og útgjalda í þessu frumvarpi vegna einstakra viðfangsefna.

	Grunn-heimildir skv. frumvarpi	Fjárlög 1985 Þús.kr.	Frumvarp 1986 Þús.kr.	Breyting %
Yfirstjórn	13,00	19.553	20.164	3,1
Loftferðaeftirlit	4,00	4.243	5.090	20,0
Reykjavíkurflugvöllur	24,00	30.072	34.934	16,2
Flugvalladeild	33,25	51.173	60.552	18,3
Flugleiðsöguþjónusta	21,00	24.587	30.428	23,8
Flugumferðarþjónusta	44,00	38.189	44.446	16,4
Alþjóðaflugþjónusta	38,00	56.200	76.661	36,4
Flugvellir, framkvæmdir	—	61.000	61.000	—
Samtals	177,25	285.017	333.275	16,9
Sértekjur		31.367	39.114	24,7
Mismunur		253.650	294.161	16,0

485 Ýmis framlög

Ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi framlagi til viðfangsefnisins *sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip,* enda er frumhönnun lokið. Bent skal á rannsókna- og atvinnuvegasjóði til eflingar atvinnulífi í landinu sem eðlilega uppsprettu fjár til frekari hönnunar og tilrauna. Framlög til viðfangsefnanna *flugbjörgunarsveitir* og *tilkynningarskylda íslenskra skipa* hækka frá fjárlögum 1985 í samræmi við almenna verðlagsþróun. Framlag til viðfangsefnisins *fræðsluefni um öryggismál sjómanna* er óbreytt frá fjárlögum 1985, 400 þús.kr.

651 Ferðamálaráð

Vorið 1985 setti Alþingi ný lög um skipulag ferðamála, lög nr. 79/1985. Í kjölfar þess hefur verið ákveðið að gera ýmsar breytingar á þessum fjárlagalið. Sett hafa verið upp tvö viðfangsefni, *Ferðamálaráð* og *ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.* Fyrra viðfangsefnið sýnir rekstur skrifstofu Ferðamálaráðs og er gert ráð fyrir að hann sé alfarið greiddur úr ríkissjóði. Síðara viðfangsefnið sýnir fjárhæðina er Fríhöfnin í Keflavík skilar til Ferðamálaráðs, en því skal varið í samræmi við 8. gr. fyrrnefndra

laga. Fjárveiting til reksturs skrifstofu Ferðamálaráðs nemur 3.341 þús.kr. Þar af eru launagjöld 2.499 þús.kr., önnur gjöld 1.294 þús.kr. og sértekjur 452 þús.kr. Gert er ráð fyrir fjórum stöðugildum, eins og í fjárlögum 1985. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Fríhöfnin í Keflavík greiði til Ferðamálaráðs gjald sem nemur 5% af árlegri vörusölu og nemur framlagið 15.000 þús.kr. Leitað er heimildar til skerðingar á skilum Fríhafnarinnar til Ferðamálaráðs í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986, sbr. kafla 2.6 í þessari greinargerð.

656 Landmælingar Íslands

Fjárveiting til Landmælinga Íslands hækkar úr 6.267 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.459 þús.kr., eða um 66,9%. Mestu munar um hækkun framlags til tækjakaupa úr 830 þús.kr. í 4.000 þús.kr. Að frátöldu framlagi til tækjakaupa hækkar fjárveiting til almenns reksturs stofnunarinnar einungis um 1.022 þús.kr., eða 18,8%, frá fjárlögum 1985. Allir gjaldaliðir hækka umfram almennar launa- og verðlagshækkanir en á móti kemur hækkun sértekna um 75,5%. Launagjöld hækka úr 8.470 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 11.920 þús.kr., eða um 40,7%. Hækkun umfram almennar launabreytingar skýrist einkum af tvennu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir aukinni yfirvinnu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir nýrri stöðu bókara. Önnur gjöld hækka úr 12.095 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 21.094 þús.kr., eða um 74,4%. Er þetta vegna aukinna umsvifa stofnunarinnar og kostnaðar við ýmis þjónustu- og söluverk. Sértekjur hækka, eins og áður sagði, um 75,5% milli ára og verða 26.555 þús.kr. Hækkunin skýrist af stóraukinni sölu korta í kjölfar söluátaks, betra innheimtueftirlits en áður og fjölgun ýmissa söluverka.

11 Iðnaðarráðuneyti

Framlög til hinna einstöku málefnaflokka iðnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	12.844	15.801	2.957	23,0
Iðnaðarmál	205.488	283.353	77.865	37,9
Orkumál	943.210	977.694	34.484	3,7
Samtals	1.161.542	1.276.848	115.306	9,9
Þar af markaðir tekjustofnar	450.500	390.000	−60.500	−13,4

Markaðir tekjustofnar iðnaðarráðuneytisins breytast sem hér segir: Byggingariðnaðarsjóðsgjald og rafmagnseftirlitsgjald falla niður með samþykkt nýrra tollalaga. Verðjöfnunargjald af raforku lækkar um 30.000 þús.kr. og verður 390.000 þús.kr. Verður nú nánar vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á breytingum framlaga til málefna ráðuneytisins.

201 Iðntæknistofnun Íslands

Fjárveiting til Iðntæknistofnunar hækkar úr 36.826 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 44.169 þús.kr., eða um 19,9%. Launagjöld hækka um 32,0% og verða 33.720 þús.kr. Önnur gjöld án meiri háttar eignakaupa hækka úr 23.959 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 36.660 þús.kr., eða um 53,0%. Framlag til stofnkostnaðar lækkar úr 8.530 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 7.000 þús.kr. Sértekjur hækka um 42,1% frá fjárlögum 1985 og verða 33.211 þús.kr. Í fjárlögum 1985 nema tilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega vegna eftirmenntunar í iðnaði 2.176 þús.kr. en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir eflingu

eftirmenntunarinnar og að komið verði upp vísi að fræðslumiðstöð iðnaðarins. Eðli viðfangsefnisins breytist nokkuð við þetta og í staðinn fyrir gjaldategundina tilfærslur koma launagjöld, önnur gjöld og sértekjur. Ekki er um fjölgun stöðugilda á stofnuninni að ræða frá fjárlögum 1985, en ráðninganefnd ríkisins hefur heimilað að einni stöðu verkefnaráðins starfsmanns, sem hefur starfað að fræðslumálum, verði breytt í fasta stöðu. Í fjárlögum 1985 eru veittar 5.000 þús.kr. til eflingar framleiðni í iðnaði á viðfangsefninu *nýiðnaðarrannsóknir*. Einnig var stofnuninni heimilað að ráða þrjá starfsmenn í tengslum við þetta verkefni. Hér er um tveggja ára verkefni að ræða, sem lýkur í árslok 1986. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5.198 þús.kr. framlagi til þessa verkefnis.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir eflingu eftirmenntunar í iðju og iðnaði. Launagjöld nema 1.086 þús.kr. og eru vegna tveggja starfsmanna. Önnur gjöld nema 4.500 þús.kr. og verður varið til útgáfustarfs og námskeiðahalds. Sértekjur á þessu viðfangsefni eru áætlaðar 1.469 þús.kr. þannig að framlag ríkissjóðs verður 4.117 þús.kr. Í fjárlögum 1985 er fjárveiting hins vegar 2.176 þús.kr. Um önnur viðfangsefni þarf ekki að fjölyrða, enda ekki um nýbreytni í starfi að ræða.

203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins

Gert er ráð fyrir auknum stuðningi við stofnunina frá því í fjárlögum 1985. Fjárveiting hækkar úr 15.606 þús.kr. í 22.493 þús.kr., eða um 44,1%. Launagjöld hækka um 27,2% og verða 23.728 þús.kr. Ekki er gert ráð fyrir nýjum stöðum en áætlun um önnur dagvinnulaun og yfirvinnu aukin nokkuð milli ára. Önnur gjöld án meiri háttar eignakaupa hækka úr 8.872 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 10.294 þús.kr., eða um 16,0%. Sértekjur hækka hins vegar um 13,2% milli ára og verða 15.029 þús.kr. Veittar eru 3.500 þús.kr. til almennra tækjakaupa og er það hækkun um 2.140 þús.kr. frá fjárlögum 1985.

205 Stjórnunarnámskeið

Í fjárlögum 1985 eru veittar 744 þús.kr. til þessa verkefnis en í þessu frumvarpi er verkefnið fellt niður.

221 Lánasjóðir iðnaðarins

Í 9. gr. laga nr. 55/1984, um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, segir að framlag ríkissjóðs skuli vera að lágmarki jafnhátt þeim hluta iðnlánasjóðsgjalds sem rennur til vöruþróunar og markaðsdeildar sjóðsins. Það eru 4/7 hlutar gjaldsins. Samkvæmt þessu nemur áætlað framlag ríkissjóðs 40.000 þús. kr. á árinu 1986.

235 Fyrirtæki og stofnanir, framlög

Framlag til þessa fjárlagaliðar lækkar úr 6.100 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 4.500 þús.kr. Í fjárlögum 1985 er 1.600 þús.kr. fjárveiting til *Jarðefnaiðnaðar hf.* Hún fellur nú niður, enda var um lokauppgjör að ræða. Framlag til *Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins* er óbreytt frá fjárlögum 1985, 4.500 þús.kr.

240 Iðnaðarrannsóknir

Fjárveiting hækkar um 2.000 þús.kr. frá fjárlögum 1985 og verður 16.000 þús.kr. Fénu er ráðstafað til athugunar og undirbúnings á ýmsum iðnaðarkostum.

289 Jöfnunargjald

Gjaldfærsla í frumvarpinu nemur 140.000 þús.kr. sem eru 2/3 af áætluðum tekjum af jöfnunargjaldi. Hækkun frá fjárlögum 1985 er 50.000 þús.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög

Framlög til iðju og iðnaðar hækka úr 13.712 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 16.191 þús.kr., eða um 18,1%. Viðfangsefnin eru þau sömu og í fjárlögum 1985 að því frátöldu að fjárveiting til viðfangsefnisins *kynning á íslenskum iðnaðarvörum* fellur niður, enda hefur þegar verið staðið við gefin fyrirheit um fjárveitingar í þessu skyni. Lög nr. 86 1981, um iðnráðgjafa, falla úr gildi í árslok 1985 en iðnaðarráðherra mun leggja fram frumvarp til laga um sama málefni er taki gildi um áramót. Í trausti þess að frumvarpið verði samþykkt eru veittar 5.325 þús.kr. til þessa viðfangsefnis. Til viðfangsefnisins *iðnþróun og tækninýjungar* eru veittar 4.300 þús.kr. Þar af er ráðgert að verja 1.000 þús.kr. til öflunar nýrra iðnaðarverkefna með fjarlægum þjóðum. Liðurinn hækkar um 1.300 þús.kr. frá fjárlögum 1985, eða um 43,3%. Ekki þykir ástæða til að fjölyrða um önnur viðfangsefni á þessum fjárlagalið.

371 Orkusjóður

Framlag til Orkusjóðs nemur alls 185.421 þús.kr. og lækkar úr 612.100 þús.kr. frá fjárlögum 1985. Lækkunin stafar að mestu leyti af því að nú er verðjöfnunargjald af raforku gjaldfært á sérstökum fjárlagalið (11-380) undir iðnaðarráðuneyti en er viðfangsefni í Orkusjóði í fjárlögum 1985 með gjaldfærslu sem nemur 420.000 þús.kr. Þá hefur nafni viðfangsefnisins *Hólsfjallabæir* í fjárlögum 1985 verið breytt í *notendur utan samveitna* og er framlagið að hluta ætlað til áframhaldandi stuðnings við Hólsfjallabæi. Fjárveitingin er óbreytt milli ára, 1.700 þús.kr. Framlag vegna lánagreiðslna Orkusjóðs lækkar úr 156.800 þús.kr. í 124.930 þús.kr. Framlag til jarðhitaleitar tvöfaldast og verður 10.000 þús.kr. Framlög til *sveitarafvæðingar* og til *endurlána til einkarafstöðva* eru óbreytt frá fjárlögum 1985, 5.000 þús.kr. og 3.000 þús.kr. Framlag til *styrkingar dreifikerfis í sveitum* hækkar úr 20.000 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 40.000 þús.kr. Endurbótum á eldri raforkulínum hefur miðað hægt á undanförnum árum vegna forgangs annarra verkefna. En nú er talið brýnt að veita auknu fé í þetta verkefni.

380 Verðjöfnunargjald af raforku

Skv. lögum nr. 120/1985, um verðjöfnunargjald af raforku, rennur það í ríkissjóð en ekki um Orkusjóð eins og áður. Því er gjaldfærslan flutt frá Orkusjóði á sérstakan fjárlagalið nú. Skv. 2. gr. áðurnefndra laga nemur gjaldið nú 16% í stað 19% áður og gildir til ársloka 1985. Forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986 eru m.a. að gjaldinu verði haldið óbreyttu í 16%, að minnsta kosti út það ár. Samkvæmt þessu er gjaldið áætlað 390.000 þús. kr. á árinu 1986 og því er ráðstafað þannig að Rafmagnsveitur ríkisins fái 80% og Orkubú Vestfjarða 20%. Hlutur Rafmagnsveitnanna, 312.000 þús.kr., færist sem tilfærsla til B-hluta en hluti Orkubús Vestfjarða, 78.000 þús.kr., færist sem tilfærsla til fyrirtækja og atvinnuvega.

382 Olíunotkun til húshitunar, styrkur

Skv. 1. gr. laga nr. 57/1985, um breyting á lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fer iðnaðarráðherra nú með framkvæmd laganna í stað viðskiptaráðherra áður. Nýr fjárlagaliður undir iðnaðarráðuneyti kemur því í stað fjárlagaliðar 12-202 undir viðskiptaráðuneyti. Fjárveiting á árinu 1986 er miðuð við styrki til 9.000 fjölskyldna og styrki til sveitarfélaga vegna kyndingar 181.000 m^3 skólahúsnæðis. Alls nemur fjárveitingin 34.946 þús.kr. en er 50.440 þús.kr. í fjárlögum 1985. Lækkun útgjalda skýrist aðallega af færri styrkjum en áður, enda hafa sífellt fleiri heimili tengst hitaveitu eða tekið upp rafhitun.

399 Ýmis orkumál

Framlagið hækkar úr 218.100 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 232.000 þús.kr., eða um 6,4%. Helstu breytingar á einstökum viðfangsefnum eru þessar: Viðfangsefnin *jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar skv. lögum nr. 53/1980, háhitarannsóknir og vatns- og hitaveita Reykjahlíðar* falla niður. Til orkusparnaðar eru ætlaðar 10.000 þús.kr. sem er 3.000 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1985. Þess ber að geta að áformuð er lántaka Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 150.000 þús.kr. til að fjármagna lán til húseigenda sem standa í orkusparandi breytingum. Framlag til *setlagarannsókna* er áætlað 2.000 þús.kr. en er 1.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlag til *niðurgreiðslu á rafhitun* nemur 220.000 þús.kr. en er 200.000 þús.kr. í fjárlögum 1985. Framlagið miðast við það að núverandi niðurgreiðsla í aurum á kílóvattstund haldist óbreytt frá því sem gildir á síðari hluta ársins 1985. Framlagið er miðað við 4—5% aukningu raforkunotkunar milli ára.

12 Viðskiptaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	%
Yfirstjórn	15.910	21.374	5.464	34,3
Niðurgreiðslur	700.000	870.000	170.000	24,3
Annað	69.998	24.768	−45.230	−6,5
Samtals	785.908	916.142	130.234	16,6

Engir markaðir tekjustofnar teljast til þessa ráðuneytis Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til skrifstofunnar nemur 21.374 þús.kr og hækkar um 34,3% frá fjárlögum 1985. Veittar eru 19.686 þús.kr. til yfirstjórnar ráðuneytisins sem er 34,2% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1985. Laun hækka um 37,8% og verða 10.237 þús.kr. Önnur gjöld hækka úr 7.237 þús.kr. í 9.449 þús.kr. og skýrist hækkun umfram almennar verðlagshækkanir af hækkun fjárveitingar til eignakaupa, úr 150 þús.kr. í 350 þús.kr., og endurmats á fjárþörf í samræmi við útkomu síðustu ára. Þá eru veittar 845 þús.kr. til að standa straum af kostnaði við ráðherrafund EFTA sem verður haldinn hér á landi árið 1986. Fjárveiting til viðfangsefnisins *samstarfsráðherra Norðurlanda* hækkar úr 1.245 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 1.688 þús.kr., eða um 35,6%.

201 Niðurgreiðslur á vöruverði

Fjárveiting í fjárlögum 1985 nemur 700.000 þús.kr. og þar af eru 80.000 þús. kr. framlag í Lífeyrissjóð bænda. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 nemur fjárveiting alls 870.000 þús.kr. og þar af eru 90.000 þús.kr. vegna Lífeyrissjóðs bænda. Til niðurgreiðslna á vöruverði renna því 780.000 þús.kr. Hagstofa Íslands hefur metið ársútgjöld miðað við núverandi niðurgreiðslustig hina ýmsu vöruflokka. Meðfylgjandi yfirlit sýnir skiptingu ársútgjalda til niðurgreiðslu vöruverðs miðað við niðurgreiðslu á einingu í ágúst 1985.

	Áætlað magn á ári Tonn eða Ml	Niðurgreiðsla Kr. á kg eða l	Útgjöld á ári M. kr.
Dilkakjöt	7.600	19,05	144,8
Annað kindakjöt	2.000	8,10	16,2
Vaxta- og geymslukostnaður kindakjöts			306,1
Mjólk	45,6	2,60	118,6
Heimamjólk			0,2
Undanrenna	2,0	1,04	2,1
Smjör og smjörvi	1.270	72,86	92,5
Skyr	1.550	4,80	7,4
Duft úr nýmjólk og undanrennu	180		18,0
Ull (miðað við óþvegna ull)	1.400	53,34	74,7
Samtals			780,6

Miðað við verðlag í ágúst 1985 yrði hækkun framfærsluvísitölu 1% ef niðurgreiðslur á vöruverð féllu niður.

202 Olíunotkun til húshitunar, styrkur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1985, um breyting á lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fer iðnaðarráðherra með framkvæmd laganna en ekki viðskiptaráðherra eins og verið hefur. Því er áætlað fyrir útgjöldum vegna húshitunarstyrkja á lið 11–382 í iðnaðarráðuneyti.

902 Verðlagsstofnun

Fjárveiting til Verðlagsstofnunar hækkar úr 18.727 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 23.682 þús.kr., eða um 26,5%. Tæp 3% skýrast með verkefnum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum 1985, þ.e. meiri háttar viðhaldi fasteignar og kaupum á tölvubúnaði. Laun vegna reksturs hækka um 24,4% og verða 17.701 þús.kr. Önnur gjöld vegna reksturs hækka úr 4.494 þús.kr. í 5.481 þús.kr., eða um 22,0%. Hækkun fjárveitingar vegna reksturs stofnunarinnar skýrist af auknum umsvifum í kjölfar ýmissa verkefna sem stofnuninni hafa verið falin af Alþingi. Nægir í þessu sambandi að benda á lög nr. 46 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Formennska verðlagsstjóra í nefnd, sem ákveður vinnslu- og dreifingarkostnað búvara, og hlutur verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar í ákvörðunum um smásöluálagningu búvara hafa óhjákvæmilega aukið álag í för með sér. Skv. lögum nr. 81/1985, um flutningsjöfnunarsjóð og innkaupajöfnun olíu og bensíns, mun Verðlagsstofnun annast rekstur sjóðsins. Verðlagsstofnunar í ákvörðunum um smásöluálagningu búvara hafa óhjákvæmilega reikna vísitölu framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar mánaðarlega í stað þriðja hvern mánuð eykur álag á stofnuninni.

13 Hagstofa Íslands

Fjárveiting til Hagstofu Íslands hækkar úr 18.188 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 33.161 þús.kr., eða um 82,3%.

101 Aðalskrifstofa

Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar um 10.458 þús.kr. og verður 23.949 þús.kr. Laun hækka úr 10.377 þús.kr. í 14.674 þús.kr., eða um 41,4%. Önnur gjöld til reksturs hækka um 165,3% og verða 9.281 þús.kr. Sértekjur hækka úr 384 þús.kr. í 706 þús.kr., eða um 83,9%. Veittar eru 700 þús.kr. til kaupa á ýmsum skrifstofutækjum og húsgögnum á árinu 1986. Hækkun launa umfram almennar launabreytingar skýrist með því að gert er ráð fyrir tveimur nýjum stöðum, stöðum skrifstofustjóra og deildarhagfræðings. Útgjöld vegna þessa nema 1.150 þús.kr. Þá eru útgjöld vegna aðkeyptrar lausavinnu aukin og nema nú um 4 ársverkum, eða um 1.325 þús.kr. Mikil hækkun annarra gjalda stafar einkum af endurmati á nauðsynlegum kostnaði við þau verkefni sem Hagstofunni ber að annast, endurskipulagningu tölvuverkefna, eins og verslunarskýrslna, vísitöluútreiknings og fjárþarfar vegna sérstakra tímabundinna verkefna, eins og manntals og neyslukönnunar.

102 Þjóðskráin

Fjárveiting til þessa viðfangsefnis hækkar úr 4.697 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 9.212 þús.kr. Heildarútgjöld og áætlaðar sértekjur þjóðskrár eru nú færð í fjárlagafrumvarpi og skýrir það hluta af hækkuninni. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri stöðu skrifstofumanns vegna skráningar gagna og hækka launagjöld við það um 315 þús.kr. Einnig er áætlað fyrir aukinni yfirvinnu. Alls hækka því laun um 52,2% milli ára og verða 6.432 þús.kr. Önnur gjöld til reksturs hækka úr 1.887 þús.kr. í 5.850 þús.kr. og er þar að hluta um leiðréttingu að ræða. Um 1.800 þús.kr. eru vegna uppsetningar og vinnu við reglubundna uppfærslu þjóðskrár innan ársins. Á móti mikilli hækkun rekstrargjalda kemur hækkun sértekna en þær hækka úr 1.415 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 3.570 þús.kr.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

Útgjöld til málefnaflokka fjárlaga- og hagsýslustofnunar breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1985 Þús. kr.	Frumvarp 1986 Þús. kr.	Breyting Þús. kr.	Breyting %
Yfirstjórn	24.697	29.695	4.998	20,2
Ýmis lán ríkissjóðs	1.471.668	3.243.700	1.772.032	120,4
Samtals	1.496.365	3.273.395	1.777.030	118,8

Nú verður vikið að einstökum liðum til skýringar á hækkun framlaga frá fjárlögum 1985.

101 Aðalskrifstofa

Fjárveiting til rekstrar aðalskrifstofu hækkar úr 17.831 þús.kr. í fjárlögum 1985 í 21.580 þús.kr., eða um 21,0%. Ekki er um breytingu á starfsmannafjölda að ræða milli ára og gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi. Laun hækka um 31,8% og verða 11.005 þús.kr. Önnur gjöld hækka um 11,5% og verða 10.575 þús.kr. Til hagræðingarverkefna eru áætlaðar 5.625 þús.kr. en í fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir 5.000 þús.kr. í þessu skyni.

991 Ýmis lán ríkissjóðs

Þessi gjaldaliður breytist nú að efni til vegna breyttrar framsetningar fjárlaga. Alls nemur gjaldfærslan 3.243.700 þús.kr. Þar af eru 1.238.000 þús.kr. vegna vaxta sem áður fóru um endurlánareikning ríkissjóðs. Í meðfylgjandi yfirliti sést nánari sundurliðun á vaxtagjöldum í fjárlögum 1985 og frumvarpi til fjárlaga 1986.

	Fjárlög 1985 M. kr.	Frumvarp 1986 M. kr.
Innlend lán	243	251
Gengisbundin lán	890	1.254
Lán hjá Seðlabanka Íslands:		
Umsamin bréf	173	301
Yfirdráttur	166	200
Endurlánareikningur ríkissjóðs	–	1.238
Samtals	1.472	3.244

Nánar er fjallað um vexti og afborganir ríkissjóðs í 5. kafla þessarar greinargerðar.

5. Heildarskuldbindingar ríkissjóðs.

Afskipti ríkissjóðs af lánamálum eru tvíþætt: Annars vegar eru þau í formi beinnar lántöku og lánveitinga og hins vegar með veitingu ríkisábyrgða fyrir lántökum annarra aðila. Bókfærðar skuldir ríkissjóðs sýna því aðeins hluta af raunverulegum skuldbindingum hans. Lánsábyrgðir ríkissjóðs eru ekki síður athygli verðar og hafa gegnt mikilvægu hlutverki síðustu árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun heildarskuldbindinga ríkissjóðs 1980—1984 (í m.kr.):

Ár	Skuldir A- og B-hluta ríkissjóðs	Skráðar ríkisábyrgðir vegna aðila utan ríkissjóðs*)	Heildarskuldbindingar ríkissjóðs	
			Verðlag hvers árs	Verðlag í árslok 1984
1980	5.553	1.134	6.687	32.552
1981	8.408	1.800	10.208	33.523
1982	18.129	4.979	23.108	46.471
1983	33.606	9.292	42.898	52.553
1984	46.440	13.398	59.838	59.838

*) Skráðar ríkisábyrgðir vegna A- og B-hluta aðila eru ekki teknar með hér til að forðast tvítalningu. Hins vegar eru skráðar ríkisábyrgðir í heild sýndar aftar eða í kafla 5.2 um ríkisábyrgðir.

Sú mynd sem hér er dregin upp miðast við skuldbindingar ríkissjóðs í víðtækum skilningi. Í því felast skulbindingar A-hluta ríkissjóðs, Endurlána ríkissjóðs og annarra B-hluta fyrirtækja og sjóða, þ.m.t. Landsvirkjun. Í rauninni rekur ríkissjóður mun umfangsmeiri lánastarfsemi en fram hefur komið í A-hluta. Eitt af höfuðmarkmiðum lagasetningar á síðastliðnu vori um breytta framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings var að gera þessum þætti ríkisfjármálanna hærra undir höfði.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðutölur veittra og tekinna lána A-hluta og Endurlána ríkissjóðs samtals á undanförnum árum (í m.kr.):

	1981	1982	1983	1984
Tekin lán	**4.999**	**10.867**	**11.782**	**27.405**
Innlend	2.097	3.916	3.647	6.133
Erlend	2.902	6.951	8.135	21.272
Veitt lán	**3.647**	**8.526**	**13.531**	**18.770**
Tengd innlendu verðlagi	908	1.982	3.145	4.628
Gengisbundin	2.739	6.544	10.386	14.142
Mismunur	**1.352**	**2.341**	**−1.749**	**8.635**
Veitt lán í % af teknum	73,0	78,5	114,8	68,5

Þessi kafli fjallar fyrst og fremst um skuldbindingar A-hluta ríkissjóðs samkvæmt hinni nýju skilgreiningu, þ.e.a.s. að Endurlánum ríkissjóðs meðtöldum. Fyrst er gerð grein fyrir beinum afskiptum ríkissjóðs af lánastarfseminni og endurgreiðslum af áhvílandi skuldum. Síðan er fjallað um ríkisábyrgðir, en ríkissjóður hefur orðið fyrir auknum áföllum af þeim sökum síðustu árin.

5.1 Skuldir A-hluta ríkissjóðs og greiðslubyrði af lánum

Stór hluti innlendra skulda ríkissjóðs er í formi útgefinna spariskírteina. Handhafar/eigendur þeirra eru einkum bankar, lánastofnanir og einstaklingar. Árið 1985 er 22. árið sem ríkissjóður aflar sér innlends lánsfjár með þessum hætti. Á þessum tíma hafa verið

gefnir út alls 42 flokkar spariskírteina, þar af eru 13 fallnir til lokainnlausnar. Lánstími spariskírteina ríkissjóðs er ærið misjafn, en í flestum tilvikum koma þau til lokainnlausnar eftir 14—22 ár. Þessum skírteinum er það sammerkt að vera bundin í 3—5 ár frá útgáfu. Að þeim tíma liðnum eru þau innleysanleg með áföllnum vöxtum og verðbótum miðað við fasta gjalddaga árlega. Í seinni tíð hefur fjölbreytni spariskírteina verið aukin og er nú t.d. boðið upp á 18 mánaða skírteini og gengisbundin bréf til 5 ára. Útgefnir flokkar spariskírteina bera margir tiltölulega háa raunvexti. Þannig ber nýútgefinn flokkur spariskírteina á árinu frá 1985 7% raunvexti og ýmsir flokkar frá 1984 bera rúmlega 5% raunvexti. Spariskírteinaflokkar fyrir þann tíma bera almennt lægri raunvexti. Eftirfarandi yfirlit sýnir útistandandi spariskírteini og kjör þeirra (allar fjárhæðir í þús.kr.):

Flokkur og útgáfuár	Gjalddagar ár hvert	Nafnvextir % á ári	Innleyst til 30/9 1985	Verðgildi útistandandi spariskírteina 1/10 1985*)
1964 I—1970 I	—	—	261	621
1970 II	Febrúar	5	3.466	693
1971 I	September	5	111.167	18.486
1972 I	Janúar	5	58.102	275.670
1972 II	September	5	41.300	374.695
1973 IA	September	5	16.014	201.773
1973 IB	September	5	461	2.834
1973 II	Janúar	5	31.244	181.870
1974 I	September	5	24.160	211.883
1975 I	Janúar	4	196.967	193.540
1975 II	Janúar	4	45.283	36.048
1976 I	Mars	4	62.259	112.884
1976 II	Janúar	3,5	50.835	43.584
1977 I	Mars	3,5	45.062	73.586
1977 II	September	3,5	22.057	71.120
1978 I	Mars	3,5	52.792	109.933
1978 II	September	3,5	11.328	44.744
1979 I	Febrúar	3,5	98.580	78.935
1979 II	September	3,5	21.126	63.614
1980 I	Apríl	3,5	259.443	88.208
1980 II	Október	3,5	—	230.071
1981 I	Janúar	3,2	—	165.268
1981 II	Október	3,2	—	99.014
1982 I	Mars	3,2	186.071	109.658
1982 II	Október	3,53	—	172.684
1983—1985	—	—	—	2.286.030
Alls			1.337.978	5.247.446

*) Verðgildi spariskírteina í hverjum flokki miðast við verðlag 1. október 1985 ásamt áföllnum vöxtum til sama tíma. Innlausnarvirði spariskírteina ríkissjóðs nemur 2 141 m. kr.
Heimild: Ríkisábyrgðasjóður.

Á árunum 1984 og 1985 hefur innlausn spariskírteina ríkissjóðs verið afar mikil. Ástæðan er einkum að nýir ávöxtunarmöguleikar hafa boðist sparifjáreigendum samfara auknu frelsi innlánsstofnana til vaxtaákvörðunar. Einnig má ætla að almennur kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi bein áhrif á innlausnina, þannig að þegar illa árar sé gengið á sparnaðinn og öfugt í góðæri.

Mikil óvissa ríkir um innlausn og sölu spariskírteina á árinu 1986. Að mati Seðlabanka Íslands er mun meira jafnvægi á innlendum lánsfjármarkaði en verið hefur um árabil. Nú er litið á spariskírteini ríkissjóðs sem hagstæðan sparnað þrátt fyrir þriggja ára binditíma, enda

bera þau háa raunvexti. Búast má við áframhaldandi innlausn eldri spariskírteina ríkissjóðs á árinu 1986. Seðlabankinn áætlar nettó lánsfjáröflun ríkissjóðs með þessum hætti 350 m.kr., þ.e. að sala nýrra spariskírteina verði 1.850 m.kr. og innlausn eldri spariskírteina 1.500 m.kr.

Erlendar skuldir A-hluta námu 21.272 m.kr. í árslok 1984 og eru bundnar í mismunandi gjaldmiðlum. Gert er ráð fyrir að taka alls 2.724 m.kr. að láni erlendis á árinu 1986. Þar af er ráðgert að endurlána 920 m.kr. til B-hluta fyrirtækja og sjóða.

Hingað til hafa afskipti A-hluta ríkissjóðs af lánsfjármarkaðnum takmarkast næstum eingöngu við lántökur til eigin þarfa og nauðsynlegar greiðslur vaxta og afborgana tengdar þeim. Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings breytir umfangi A-hlutans í þessu tilliti og hann verður stór lánveitandi við yfirtökuna á Endurlánum ríkissjóðs. Áhrif þessa koma fram í mun hærri fjárhæðum í vöxtum og afborgunum bæði í greiðslum og innheimtu af lánum. Eftirfarandi yfirlit sýnir áætlun um þróun þessara stærða næstu þrjú árin (allar fjárhæðir í m.kr.):

	1986		1987		1988	
	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir	Afb.	Vextir
A. Greiðslur af teknum lánum						
1) Áhvílandi lán:						
Seðlabanki Íslands	805	252	565	217	639	197
Endurlán ríkissjóðs	1.435	1.120	1.265	1.006	1.185	924
Innlend lán, aðrir	130	104	252	127	422	342
Erlend lán, aðrir	219	280	591	445	773	685
2) Tekin lán 1986	—	—	330	320	—	—
3) Tekin lán 1987	—	—	—	—	445	445
4) Vextir af yfirdrætti ársins	—	250	—	250	—	250
5) Afborganir og vextir A-hluta skv. eldri skilgreiningu	2.589	2.006	3.003	2.365	3.464	2.843
6) Endurlán, nettógreiðslur [1]	−149	1.238	146	1.368	−32	1.320
7) Innlausn eldri skírteina	1.500	—	1.500	—	1.500	—
Afborganir og vextir A-hluta	**3.940**	**3.244**	**4.649**	**3.733**	**4.932**	**4.163**
B. Innheimta af veittum lánum						
1) A-hluti skv. eldri skilgrein.	279	680	341	680	281	680
2) Endurlán, nettógreiðslur[1]	1.208	1.541	1.963	1.368	1.715	1.320
3) Veitt lán til B-hluta 1986	—	—	90	90	90	80
4) Veitt lán til B-hluta 1987	—	—	—	—	100	100
Innheimtar afb. og vextir A-hluta	**1.487**	**2.221**	**2.394**	**2.138**	**2.186**	**2.180**
C. Afborganir og vextir, nettóútstreymi	**2.453**	**1.023**	**2.255**	**1.595**	**2.746**	**1.983**

1) Greiðslur A-hluta skv. eldri skilgreiningu til Endurlána eru jafnaðar út.

Áætlunin hér að ofan byggir í grófum dráttum á eftirfarandi þremur þáttum: 1) Teknum og veittum lánum ríkissjóðs samkvæmt lánaskrá, 2) horfum um lántökur 1985, þ.m.t. vegna viðbótarhalla og 3) teknum og veittum lán á árunum 1986—1987 samkvæmt þeim forsendum sem frumvarpið fyrir árið 1986 annars vegar og langtímaáætlunin fyrir árið 1987 hins vegar gera ráð fyrir. Mikil óvissa ríkir varðandi lánskjör á lánsfjármarkaðnum bæði innanlands og erlendis. Áætlun um endurgreiðslur af lánum þar sem lánskjör liggja ekki fyrir getur því aldrei orðið nákvæm en gefur vísbendingu um þróun mála. Mat á endurgreiðslum miðast við þá forsendu að innlend lán séu verðtryggð til 8 ára að meðaltali með 6% vöxtum á ári og að erlend lán beri 10% vexti á ári með 10 ára meðallánstíma. Gert er ráð fyrir jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn ári eftir lántöku.

Afborganir og vextir í útgjöldum ríkissjóðs hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Á yfirstandandi ári, þ.e. 1985, eru vaxtagjöld talin verða 1.557 m.kr. og afborganir 1.933 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 1986 eru 2.006 m.kr. í vexti og 2.589 m.kr. í afborganir. Fjárþörfin til að mæta þessum útgjöldum eykst því um 1.105 m.kr. eða 57,2% milli ára. Hækkunin á sér einkum tvær skýringar. Í fyrsta lagi yfirtekur ríkissjóður öll áhvílandi lán Kröfluvirkjunar frá ársbyrjun 1986. Greiðslur af þessum lánum eru áætlaðar alls 969 m.kr. á árinu 1986, þar af eru afborganir 572 m.kr. og vextir 397 m.kr. Í öðru lagi stefna lántökur á árinu 1985 í um 3.000 m.kr. og kemur greiðslubyrði af þeim fram þegar á næsta ári.

Að lokum er rétt að skoða yfirlitið í ljósi A-hluta ríkissjóðs frá og með 1986. Þar kemur fram að horfur eru á að greiðslur ríkissjóðs af teknum lánum muni aukast mikið á næstu þremur árum. Hins vegar má ekki einskorða sig við þær greiðslur, heldur líta á þær í samhengi við innkomnar greiðslur af veittum lánum ríkissjóðs. Að teknu tilliti til þessa þáttar er áætlað nettóútstreymi á samanlögðum afborgunum og vöxtum 3.476 m.kr. Horfur eru á að það muni aukast verulega á næstu tveim árum og nemi alls 4.850 m.kr. árið 1987 og 4.729 m.kr. á árinu 1988.

5.2 Ríkisábyrgðir

Fram hefur komið að skuldbindingar ríkissjóðs í lánamálum ná ekki aðeins til bókfærðra skulda A- og B-hluta ríkissjóðs, heldur einnig til ábyrgðaskuldbindinga sem ríkissjóður tekur á sig í samræmi við ákvæði laga.

Gróft tiltekið er stofnað til ríkisábyrgða með eftirfarandi þrem leiðum, en lagaheimild þarf ávallt að liggja til grundvallar: a) með lánsfjárlögum hverju sinni og gildir þá heimildin hlutaðeigandi fjárlagaár nema annað sé ákveðið (ýmist einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð); b) með almennri lagaheimild, t.d. lög nr. 45/1973 (Hafnalög, einföld ábyrgð), lög nr. 28/1972 um togarakaup og lög nr. 13/1974 um kaup á fiskiskipum og ferjum (sjálfskuldarábyrgð), (öll lög sem hér er vitnað til hafa verið felld úr gildi); c) með sérlögum (ýmist einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð).

Í reglugerð um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð segir í 3. gr.: „Ábyrgð skal að jafnaði því aðeins veita, að sá, sem ábyrgð óskar, þarfnist lánsfjár til nýrra framkvæmda, kaupa á rekstrartækjum eða endurbóta á mannvirkjum eða tækjum". Segja má að sumar veittar ábyrgðaheimildir orki tvímælis. Bróðurparturinn af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur þurft að leysa til sín á síðari árum, er vegna vanefnda hjá skuldurum sem fengið hafa sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs án þess að veita nægar tryggingar. Frá sjónarhóli ríkissjóðs eru einfaldar ábyrgðir æskilegri en sjálfskuldarábyrgðir, því að sjálfskuldarábyrgð veitir lánveitanda rétt til að krefja ríkissjóð þegar um greiðslu, standi lántaki ekki í skilum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir stöðu skráðra ríkisábyrgða í árslok 1980—1984 (í m.kr.):

Ár	Heildarábyrgðir í árslok hvers árs	Heildarábyrgðir Verðlag í árslok 1984
1980	1.365	6.645
1981	2.044	6.713
1982	5.622	11.906
1983	10.438	13.165
1984	14.670	14.670

Áhætta ríkissjóðs af veittum ríkisábyrgðum er mjög mismunandi eftir skuldurum. Ábyrgðirnar hafa verið veittar fjölmörgum aðilum eins og Framkvæmdasjóði Íslands, Veðdeild Landsbanka Íslands, ríkisfyrirtækjum og einkaaðilum. Með tilliti til áhættu ríkissjóðs er rétt að draga fram eftirfarandi um skiptingu veittra ábyrgða miðað við *stöðu* þeirra á hverju ári (fast verðlag í árslok 1984, í m.kr.):

Ár	Framkvæmda-sjóður Ísl.	Veðdeild Landsbanka Ísl.	Aðrir	Samtals
1980	1.597	2.409	2.639	6.645
1981	1.931	2.167	2.615	6.713
1982	3.158	4.096	4.652	11.906
1983	4.418	3.863	4.884	13.165
1984	6.288	3.738	4.644	14.670

Áhættu ríkissjóðs af greiðslufalli hjá Framkvæmdasjóði og Veðdeild Landsbankans verður að telja nánast enga.

Undir flokkinn „Aðrir" falla bæjar- og sveitarfélög (hafnargerð, vatnsveitur, hitaveitur), fyrirtæki í eigu sveitarfélaga (hitaveitur), ríkisfyrirtæki (samgöngur, fjarskipti, iðnaður), einkaaðilar (samgöngur, útgerð, fiskvinnsla, iðnaður) og sjóðir á vegum atvinnuveganna.

Áhætta ríkissjóðs af þessum ábyrgðum er vitanlega mismikil og ræðst af rekstrarformi lántaka, afkomumöguleikum í framtíðinni, formi veittrar ábyrgðar (einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð) og þeim tryggingum sem lántaki veitir.

Í þessum ábyrgðaflokki hafa orðið umtalsverð vanskil á undanförnum árum. Helst á þetta við vegna togarakaupa, samgangna, iðnaðar og sjóða atvinnuveganna, en í minna mæli vegna hafnargerðar.

Fjárveiting ríkissjóðs á árinu 1986 nemur 185 m.kr. og nemur þá áætlað ráðstöfunarfé Ríkisábyrgðasjóðs um 234 m.kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir nettógreiðslur Ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila á síðustu árum (í m.kr.):

	1980	1981	1982	1983	1984
Innleystar kröfur	42,7	60,6	89,1	193,1	248,1
Endurgreiðslur skuldara	36,5	60,6	66,6	91,1	121,5
Nettógreiðslur	6,2	0,0	22,5	102,0	126,6

Í árslok 1984 námu kröfur vegna vanskila ýmissa aðila við Ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkissjóðs alls 353 m.kr. Í grófum dráttum skiptast þessar kröfur þannig eftir málaflokkum (í m.kr.):

Hafnarlán	13,0
Raforkulán	13,7
Fiskiðnaður	3,4
Togaralán	90,5
Samgöngur	77,4
Hitaveitulán	15,2
Landbúnaður	63,0
Aðrir	76,5
Alls	352,7

Skuldir fyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs nema 69,3 m.kr. af heildinni. Til samanburðar námu heildarvanskil við Ríkisábyrgðasjóð og Endurlán ríkissjóðs alls 202,5 m.kr. í árslok 1983, þar af voru skuldir B-hluta fyrirtækja 36,4 m.kr.

Hér að framan hefur verið dregið upp yfirlit um ríkisábyrgðir. Beinar lántökur ríkissjóðs fá árlega ítarlega umfjöllun við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga. Hins vegar er skuldbindingum sem lagðar eru á ríkissjóð með ábyrgðaveitingum minni gaumur gefinn.

Í áætlun fyrir árið 1986 er gengið út frá að erlendar lántökur opinberra aðila dragist verulega saman. Sama gildir um veitingu ríkisábyrgða. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1986 gerir ráð fyrir að veittar verði sjálfskuldarábyrgðir fyrir erlendum lántökum að fjárhæð alls 1.005 m.kr. Þar af eru 910 m.kr. vegna fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og 95 m.kr. vegna hitaveitna. Bróðurpartur ríkisábyrgða til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs er vegna Landsvirkjunar eða 740 m.kr. Afgangurinn er vegna Orkubús Vestfjarða, 20 m.kr., og Þróunarfélags 150 m.kr. Skipting ábyrgða vegna hitaveitna að fjárhæð 95 m.kr. liggur ekki fyrir, en gert er ráð fyrir að hún komi fram við endanlega afgreiðslu Alþingis á lánsfjárlögum fyrir árið 1986.

6. Lánsfjáráætlun.

Efni hliðstætt lánsfjáráætlun fyrri ára er nú lagt fram sem hluti af greinargerð fjárlagafrumvarpsins. Eins og áður hafa Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun og Framkvæmdasjóður Íslands lagt til efnivið í þennan þátt frumvarpsins. Í athugasemdum hér að neðan er fyrst gerð grein fyrir horfum um heildarfjárfestingu, síðan er fjallað um áformaða ráðstöfun þess lánsfjár sem aflað verður. Þá er fjallað um innlenda og erlenda lánsfjáröflun og loks gerð grein fyrir skuldum þjóðarbúsins og greiðslubyrði af erlendum lánum.

6.1 Heildarfjárfesting

Í þjóðhagsspá fyrir árið 1985, sem gerð var í júlí síðast liðnum, var gert ráð fyrir að fjárfesting ykist um 0,5%. Fjárfestingarspáin var endurskoðuð í september og var heildarniðurstaðan hin sama, þ.e. aukning er nemur 0,5%. Samdráttur í íbúðarhúsabyggingum er nú áætlaður 10% en var áætlaður 5% í júlí. Aukning fjárfestingar í öðrum greinum er talin vega upp meiri samdrátt í íbúðabyggingum en áður var reiknað með. Árið 1984 varð 10% aukning í byggingu íbúðarhúsa.

Áætlaðar framkvæmdir við íbúðarhús 1985 eru því taldar verða svipaðar og þær voru á árinu 1983. Fjárfesting atvinnuveganna er talin aukast um 12,8% árið 1985, en framkvæmdir hins opinbera eru taldar dragast saman um 7,9%. Heildarfjármunamyndunin er áætluð 23.700 m.kr. og talin nema 22,8% af þjóðarframleiðslu. Hækkun byggingarvísitölu frá 1984 til 1985 er áætluð 30%. Erlendur kostnaður er einnig talinn hækka um 30%.

Fjármunamyndun 1985—1986

	Áætluð útkoma 1985 Verðlag ársins m.kr.	Áætlun 1986 Verðlag í árslok 1985 m.kr.	Magnbreytingar frá fyrra ári Áætluð útkoma 1985 %	Áætlun 1986 %
1. Atvinnuvegir	11.480	11.980	12,8	−2,7
2. Íbúðarhús	5.500	6.000	−10,0	0,0
3. Opinberar framkvæmdir	6.720	7.020	−7,9	−4,2
Þ. a. orkuframkvæmdir	(2.190)	(1.960)	−19,0	−17,9
4. Samtals	23.700	25.000	0,5	−2,5
5. Fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu	22,8%	21,4%		

Áætlað er að fjármunamyndun á árinu 1986 muni dragast saman um 2,5% frá fyrra ári og nema 25.000 m.kr. á áætluðu verðlagi í árslok 1985. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu er áætlað 21,4%. Byggingarvísitala er talin hækka um 9—10% frá meðaltali 1985 til ársloka en hækkun erlends kostnaðar er áætluð tæp 7%. Samdráttur fjárfestingar á árinu 1986 stafar allur af minni innflutningi skipa og flugvéla og minni stórframkvæmdum, en sveiflur í þessum þáttum fjárfestingar eru oft miklar og stundum óvæntar, m.a. þannig að kaup skipa og flugvéla færast milli ára. Hin almenna fjármunamyndun er talin aukast um 1,8%. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 2,7%. Stafar allur samdrátturinn af minni innflutningi skipa og flugvéla. Framkvæmdir hins opinbera eru taldar dragast saman um 4,2%. Áætlað er að íbúðarhúsabyggingar verði jafnmiklar árin 1985 og 1986.

Atvinnuvegir. Fjárfesting atvinnuveganna er talin dragast saman um 2,7% árið 1986. Eins og áður getur stafar samdrátturinn allur af minni innflutningi skipa og flugvéla. Áætlað er að fjámunamyndun í landbúnaði aukist um 10%. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í hefðbundnum búgreinum dragist saman en aukist í loðdýrarækt og fiskeldi.

Talið er að fjárfesting í fiskveiðum á næsta ári verði álíka mikil og í ár, en samdráttur fjárfestingar er talinn verða tæplega 30% milli áranna 1984 og 1985. Á árinu 1986 er ekki gert ráð fyrir neinum innflutningi fiskiskipa. Verkefni innlendra skipasmíðastöðva verða aðallega endurbætur og breytingar eldri skipa, m.a. verður nokkrum skuttogurum breytt í frystitogara á þessu og næsta ári. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fiskvinnslufyrirtækja verði 5% meiri en á þessu ári.

Enn þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um byggingu kísilmálmverksmiðju. Í öðrum iðnaði verða framkvæmdir með mesta móti á þessu ári. Nýlega er lokið byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Miklar framkvæmdir verða við smíði mjólkurstöðvar í Reykjavík á þessu ári, en smíði stöðvarinnar lýkur á næsta ári. Árið 1986 er áætlað að framkvæmdir í öðrum iðnaði dragist saman um 5%. Samdrátturinn á rætur sínar að rekja til loka á byggingarframkvæmdum við steinullarverksmiðjuna og minni framkvæmda við mjólkurstöðina.

Fjármunamyndun í flutningatækjum er áætluð fjórðungi minni 1986 en í ár. Innflutningur flutningaskipa og flugvéla er talinn verða rúmlega helmingi minni, en kaup á bifreiðum til atvinnurekstrar eru áætluð álíka mikil bæði árin 1985 og 1986. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús o.fl. verði svipaðar og í ár. Fjárfesting í ýmsum vélum og tækjum er talin verða 10% meiri á næsta ári en í ár, en hér er aðallega um að ræða vinnuvélar hvers konar og tölvubúnað.

Íbúðabyggingar. Í ár er gert ráð fyrir 10% samdrætti í íbúðabyggingum eftir 10% aukningu 1984. Á árinu 1986 er á hinn bóginn gert ráð fyrir, að íbúðabyggingar verði álíka miklar og á þessu ári. Gangi sú spá eftir yrðu íbúðabyggingar svipaðar 1986 og þær voru 1983. Á höfuðborgarsvæðinu var mikið byggt af íbúðarhúsnæði á árunum 1982—1984 eftir verulega lægð árin 1977—1981. Annars staðar á landinu voru íbúðabyggingar yfirleitt með mesta móti árin 1973—1980 en úr þeim hefur dregið síðan.

Í ár verður hafin smíði mun færri íbúða á höfðuðborgarsvæðinu en í fyrra, en þá voru hafnar framkvæmdir við um 1200 íbúðir. Var það með mesta móti. Á árunum 1982—1984 var að meðaltali hafin smíði á um 1170 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu en aðeins um 840 að meðaltali árin 1979—1981.

Opinberar framkvæmdir. Talið er að framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera dragist saman um 4,2% 1986 eftir um 8% samdrátt á þessu ári. Áætlað er að raforkuframkvæmdir dragist saman um fjórðung. Reiknað er með að fresta verklokum við Blönduvirkjun frá fyrri áætlun og munu framkvæmdir Landsvirkjunar því væntanlega dragast saman um þriðjung. Nokkur aukning er talin verða í hitaveitufamkvæmdum, eða 3—4%. Hluti Hitaveitu Reykjavíkur í framkvæmdunum er áætlaður um 80%. Vatnsveituframkvæmdir eru áætlaðar svipaðar bæði árin 1985 og 1986.

Samgönguframkvæmdir munu aukast um 6,8% á árinu 1986 frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir 15% aukningu í vegagerð en á móti verður dregið úr framkvæmdum við flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli frá upphaflegri áætlun. Áætlað er, að byggingar hins opinbera dragist saman um 5% á árinu 1986.

Fjárfesting og atvinnuhorfur. Í fjárfestingarspánni fyrir árið 1986 felst samdráttur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er nemur 1—2%. Kemur það í kjölfar 5% minnkunar sem spáð er á þessu ári. Á árinu 1984 er aftur á móti talin hafa orðið 6—7% aukning. Heildaratvinna við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð á árinu 1986 ætti því að verða álíka mikil og hún var á árinu 1983.

6.2 Opinberar framkvæmdir — opinber lánsfjárþörf

Til framkvæmda á vegum opinberra aðila er áformað að verja í heild 7.020 m. kr. á árinu 1986. Þessi áætlun felur í sér um 4,2% samdrátt opinberra framkvæmda samanborið við 1,1% samdrátt 1984 og 7,9% samdrátt 1985 samkvæmt bráðabirgðatölum. Á flestum sviðum opinberrar mannvirkjagerðar er áætlaður nokkur samdráttur 1986 nema í samgöngumannvirkjum. Þar er útlit fyrir verulega magnaukningu eða um 6,8%. Í töflu 10 í töfluviðauka sést að opinberar framkvæmdir eru rúm 28% af heildarframkvæmdum ársins 1986 og er það svipað hlutfall og spáð er í ár. Töflur 12—16 sýna sundurliðun á opinberum framkvæmdum á árinu 1986.

Fjármögnun opinberra framkvæmda er með ýmsu móti. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu á fjármögnun opinberra framkvæmda 1984—86, annars vegar í fjárhæðum og hins vegar í hlutföllum.

Opinberar framkvæmdir 1984 — 1986

	Framlög úr A-hluta		Fé úr rekstri		Lánsfé		Alls	
	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
1984	1.201	21	2.658	48	1.751	31	5.610	100
1985	1.859	28	3.213	48	1.648	24	6.720	100
1986	2.254	32	3.451	49	1.315	19	7.020	100

Yfirlitið ber með sér samdrátt í opinberum framkvæmdum. Að auki hefur verið og er markvisst stefnt að því að draga úr lánsfjármögnun framkvæmda til að lækka erlendar skuldir.

Auk lántöku til framkvæmda ráðgera opinberir aðilar lántökur til annarra verkefna en framkvæmda. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila er alls metin 5.579 m.kr. 1986 og skiptist þannig:

Ráðstöfun lánsfjár 1985 og 1986

	Lánfjár-lög 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
1. Ríkissjóður	**3.373**	**4.574**
Þ. a. til B-hluta fyrirtækja	1.847	920
Byggðasjóður	120	0
Byggingarsjóður ríkisins	403	0
Byggingarsjóður ríkisins, orkusparnaður	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	5	0
Lánasjóður íslenskra námsmanna	340	350
Laxeldisstöðin í Kollafirði	5	0
RARIK, almennar framkvæmdir	169	100
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	500	0
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10
Póstur og sími	32	0
Umferðarmiðstöð	3	0
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	100	300
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**1.415**	**910**
Landsvirkjun	1.036	740
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	20
Steinullarverksmiðja	75	0
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	50	0
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	12	0
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	12	0
Þróunarfélag	190	150
3. Sveitarfélög	**326**	**95**
4. Heildarlánsfjárráðstöfun (1+2+3=5)	**5.114**	**5.579**
5. Fjármögnun	**5.114**	**5.579**
Innlent lánsfé	600	1.850
Endurlán, skuldbreyting	180	—
Erlent lánsfé	4.334	3.729

Heildarlántaka ríkissjóðs nemur 4.574 m. kr. Þar af er 920 m.kr. ráðstafað til B-hluta fyrirtækja og sjóða. Eiginleg lánsfjárþörf A-hluta nemur því 3.654 m. kr. samanborið við 1.526 m. kr. skv. lánsfjárlögum 1985. Hækkun á lánsfjárþörf stafar fyrst og fremst af stórauknum fjármagnskostnaði ríkissjóðs. Um það atriði er fjallað annars staðar í athugasemdunum.

Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða á árinu 1986 nemur 920 m.kr. samanborið við 1.847 m.kr. 1985. Lækkunin skýrist að hluta af tilfærslum á verkefnum úr B-hluta á milli ára. Þannig færist Byggðasjóður, sem nú kallast Byggðastofnun, úr B-hluta ríkissjóðs og telst með lánastofnunum. Þá fer Kröfluvirkjun úr B-hluta ríkissjóðs þar sem Landsvirkjun hefur keypt virkjunina og yfirtekur reksturinn frá ársbyrjun 1986.

Aðrar veigamiklar breytingar eru að erlend lántaka Byggingarsjóðs ríkisins lækkar úr 553 m. kr. í 150 m.kr. á árinu 1986. Lántaka sjóðsins 1986 er eingöngu til útlána í orkusparandi breytingar á húsnæði og er sama fjárhæð og í ár. Ekki er gert ráð fyrir öðrum erlendum lántökuheimildum Byggingarsjóðs ríkisins, enda litið svo á að nýsett lög um sérstaka fjáröflun til húsnæðismála tryggi fjárhag sjóðsins.

Lántaka til framkvæmda við flugstöð á Keflavíkurflugvelli er aukin úr 100 m.kr. í 300 m.kr. á árinu 1986. Samkvæmt framkvæmdaáætlun stöðvarinnar þyrfti rúmlega 500 m.kr.

lántökuheimild á árinu 1986 og er þar miðað við verklok vorið 1987. Lækkun á lántökum kann að fresta verklokum á húsinu.

Lántaka Rafmagnsveitna ríkisins til almennra framkvæmda er 100 m.kr. á árinu 1986. Framkvæmdir eru alls fyrirhugaðar fyrir 200 m.kr., fjármögnun úr rekstri nemur því 100 m.kr., sbr. töflu 16.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um lántökur annarra B-hluta aðila á árinu 1986 en gert er ráð fyrir að Lánasjóður íslenskra námsmanna taki 350 m. kr. að láni og Orkusjóður 20 m.kr.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara aðila eru áætlaðar alls 910 m.kr. á árinu 1986, en í ár eru samsvarandi lántökur áformaðar 1.415 m.kr. samkvæmt lánsfjárlögum.

Lántaka Landsvirkjunar er fyrirhuguð 740 m.kr. Þegar hefur gangsetningu Blönduvirkjunar verið frestað, a.m.k. til ársins 1989, og athugað er hvaða áhrif það hafi að fresta framkvæmdum enn lengur. Þá lækkar lántökuheimild Orkubús Vestfjarða úr 40 m.kr. í 20 m.kr. og verður fjármagnið nýtt til framkvæmda.

Þróunarfélaginu er ætluð 150 m.kr. lántökuheimild, en félagið hefur heimild til 190 m.kr. lántöku á árinu 1985. Óvissa ríkir um hvort heimild ársins 1985 verði nýtt. Það sem ekki verður nýtt í ár flyst til ársins 1986. Til viðbótar því fé sem Þróunarfélaginu er ætlað með lántökum kemur hlutafé eignaraðila.

Sveitarfélög. Erlendar lántökur sveitarfélaga á undanförnum árum hafa verið nær eingöngu til framkvæmda og skuldbreytinga hjá hitaveitum. Víða um land eiga hitaveitur í miklum rekstrarerfiðleikum vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi lánum. Ljóst er að víða þarf að endurskoða fjármál þessara veitna.

Beiðnir hitaveitna um lántökuheimildir á árinu 1986 nema um 200 m.kr. Leitað er heimildar til 95 m.kr. lántöku en ráðstöfun þessa fjár er ekki ákveðin. Fjármál nokkurra hitaveitna eru einkar erfið og í ljósi þess verða ríkisábyrgðir ekki veittar nema fyrir liggi athugun og aðgerðir sem tryggi afkomu hlutaðeigandi veitna.

6.3 Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir sem hér er greint frá eru 15 að tölu, en þar af eru 13 sem lánsfjár er aflað til. Eru þetta svo til sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar í lánsfjáráætlunum fyrri ára.

Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 6.028 m. kr. á árinu 1986, þar af íbúðalánasjóðir 2.810 m. kr. eða 47% og atvinnuvegasjóðir 3.218 m. kr. eða 53%. Er þetta 16% hærri fjárhæð en áætluð útlán 1985 samkvæmt lánsfjáráætlun það ár eftir umfjöllun og breytingar Alþingis. Hækkun íbúðalánasjóðanna milli ára verður 4,1%, en hækkun atvinnuvegasjóða nemur 28,7%.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóða, sem útlánastarfsemi þeirra byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti; a) eigin fjármögnun af fé er losnar úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) lánsfé eins og ákveðið er í lánsfjárlögum. Hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða er eins og á undanförnum árum stærsti þátturinn í framangreindri fjármögnun. Þannig er gert ráð fyrir að hluti lánsfjár í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóðanna muni nema 67,4% á árinu 1986. Má því segja að starfsemi sjóðanna byggi í höfuðdráttum á lánsfé. Að sjálfsögðu er þetta afar mismunandi milli hinna einstöku sjóða, en í þessu efni sker Fiskveiðasjóður sig algerlega úr þar sem eigið ráðstöfunarfé hans verður neikvætt á árinu 1986 um 770 m. kr. Önnur

fjármögnun sjóðanna er að öllu leyti opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun skilar engu til nýrrar ráðstöfunar þegar á heildina er litið.

Eins og að framan greinir eru heildarútlán fjárfestingarlánasjóðanna 1986 áætluð 6.028 m.kr. Til að standa undir þeim útlánum þurfa sjóðirnir að taka að láni 4.062 m.kr. Þeir fá framlög og skatttekjur er nema 2.345 m.kr., en eigin fjármögnun þeirra verður neikvæð um 379 m.kr. þegar á heildina er litið.

Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár. Jafnframt hefur að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til nánast allra útlána. Samræming útlánakjara er komin í viðunandi horf.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1985 er áætlað að lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða nemi 1.450 m.kr. Á árinu 1986 er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir láni til fjárfestingarlánasjóða 1.680 m.kr. sem skiptist þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 150 m.kr., íbúðarlánasjóðir 1.200 m. kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. og spáð er að aðrir fjárfestingarlánasjóðir taki að láni 290 m.kr. Samtals eru þetta 1.680 m.kr. sem talið er jafngilda 38% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Fjárþörf íbúðarlánasjóðanna er mjög mikil á árinu 1986. Framlag úr ríkissjóði er samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1.600 m. kr. Lánsfjáröflun til sjóðanna er fyrirhuguð þannig að 1.200 m. kr. verði aflað hjá lífeyrissjóðum og tekið verði erlent lán að fjárhæð 150 m. kr. vegna orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði. Alls nemur því lántaka byggingarsjóðanna 1.350 m. kr. Útlán íbúðarlánasjóðanna 1986 er áætluð 2.810 m. kr., eins og fyrr greinir, sem skiptist þannig að Byggingarsjóður ríkisins lánar 2.050 m. kr. og Byggingarsjóður verkamanna 760 m. kr., sbr. töflur 19 og 20 í viðauka.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs af innlánsaukningu ársins 1986 eins og á liðnum árum. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 19 ár og taka bankarnir á þennan veg þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 2.022 m. kr. á árinu 1986, þar af 1.872 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er sú fjárhæð miðuð við að lágmarksútlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nema 1.242 m. kr.

Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs er afar erfið. Samkvæmt áætlun ársins 1985 er hún neikvæð um 495 m. kr. og 1986 um 770 m. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða að fjárhæð 450 m. kr., láni Framkvæmdasjóðs að fjárhæð 870 m. kr. og 250 m. kr. skatttekjum af FOB-verði útfluttra sjávarafurða verða útlán Fiskveiðasjóðs 800 m. kr. á árinu 1986 til vinnslustöðva og tækja, viðgerða og breytinga skipa. Tekið skal fram, að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum í áætlun Fiskveiðasjóðs vegna raðsmíðaverkefna eða annarrar nýsmíði fiskiskipa, né heldur nokkurs innflutnings á fiskiskipum. Þá skal einnig á það bent, að ekki er gert ráð fyrir neinum lánveitingum til fiskeldis, þrátt fyrir heimild í lögum frá 1. júlí 1985 til Fiskveiðasjóðs.

Samkvæmt áætlun mun Iðnlánasjóður geta lánað um 715 m. kr. 1986 samanborið við 645 m. kr. árið 1985. Þegar með eru tekin lán Iðnþróunarsjóðs að fjárhæð 290 m. kr. og lán og styrkir vöruþróunar- og markaðskönnunardeildar Iðnlánasjóðs, um 100 m. kr., geta lán

þessara þriggja sjóða til iðnaðar numið um 1.105 m. kr. á árinu 1986. Þessu til viðbótar koma síðan lán Byggðastofnunar og Þróunarfélags til iðnaðar.

Erlend lántaka Byggðasjóðs vegna almennra lána er samkvæmt lánsfjárlögum 1985 120 m. kr. Samkvæmt nýsettum lögum um Byggðastofnun er við það miðað að ráðstöfunarfé stofnunarinnar nemi 1/2% af þjóðarframleiðslu. Að frádregnu framlagi á fjárlögum og eigin ráðstöfunarfé þarf lántaka Byggðastofnunar að nema um 350 m. kr. miðað við framangreint ákvæði.

Lán Framkvæmdasjóðs til Ferðamálasjóðs og Hótel Sögu 1985 munu væntanlega nema 100 m. kr. sem skiptast jafnt milli þessara aðila. Útlán Ferðamálasjóðs á ári hverju byggjast nálega einvörðungu á lánsfé frá Framkvæmdasjóði. Framkvæmdasjóður hefur að mestu leyti séð um lánveitingar til stækkunar á Hótel Sögu.

Á árinu 1986 er gert ráð fyrir 60 m. kr. lánveitingu til Ferðamálasjóðs til hinna ýmsu meðalstóru og smærri framkvæmda víðs vegar um landið. Hins vegar er ekki í áætluninni fjárútvegun til stækkunar Hótel Sögu. Á árinu 1986 mun þurfa til þessarar framkvæmdar um 160 m. kr. miðað við að byggingin verði að stórum hluta tekin í notkun á fyrra helmingi þess árs.

6.4 Innlend lánsfjáröflun

Að ýmsu leyti hefur lánsfjármarkaðurinn undanfarin tvö ár ekki verið í því jafnvægi sem skyldi. Eftirspurn einkaaðila og hins opinberra eftir lánsfé hefur verið umfram framboð. Má rekja þetta til mikillar verðbólgu á árunum 1982-83 og óstöðugleika í efnahagsmálum. Erfiðleikar af þessu tagi draga eftir sér langan slóða fjárhagsörðugleika fyrir atvinnuvegi og lánastofnanir. Afleiðingarnar hafa komið fram í alvarlegu misvægi á lánamarkaði og þurrð á sparifé til varanlegrar fjárfestingar. Snúist hefur verið við þessum vanda með raunhæfari ávöxtunarkjörum af hálfu opinberra aðila og auknu frjálsræði til samkeppni um kjörin. Aukin og harðnandi samkeppni um sparifé, sem af þessu hefur leitt, hefur um sinn gert opinberum aðilum sérstaklega erfitt fyrir um lánsfjáröflun. Ástandið virðist þó smám saman vera að færast til betri vegar með ört vaxandi peningalegum sparnaði og betra jafnvægi milli innlána og útlána, bæði á vegum bankakerfisins og almennt á lánamarkaði.

Þrengingar hins opinbera á innlendum lánamarkaði koma glöggt fram þegar litið er á áform og útkomu á árinu 1984. Þá afladist aðeins helmingur þess sem áformað var með lánsfjárlögum. Þetta er nærri fjórðungi lægri fjárhæð en árið 1983, þrátt fyrir verulega verðhækkun milli áranna. Erfiðleikar hins opinbera birtast einnig í því hve illa hefur gengið að fá ný spariskírteini með fullnægjandi ávöxtun tekin í stað innleystra eldri skírteina.

Endurbati á innlenda lánsfjármarkaðinum kemur m.a. fram í því að áætlun um innlenda lánsfjáröflun opinberra aðila virðist ætla að standast í ár þegar á heildina er litið. Að óbreyttri þróun virðist stefna í enn frekari bata á komandi ári, svo að nemi 26% hækkun að krónutölu frá yfirstandandi ári.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka flokka innlendrar lánsfjáröflunar.

Spariskírteini ríkissjóðs komu í fyrsta sinn út með nettóútstreymi á árinu 1984. Á yfirstandandi ári hefur markaður þeirra einkennst af mikilli innlausn eldri skírteina með óhagstæða ávöxtun, en jafnframt hafa verið tekin ný skírteini upp í meginhluta andvirðisins. Fram til aprílloka var niðurstaða þessara skipta neikvæð, en síðan jákvæð, en þó ekki í meira mæli en svo, að heildarútkoman er enn neikvæð. Er reiknað með að svo verði fyrir árið í heild. Á árinu 1986 gera menn sér vonir um talsverða sölu umfram innlausn, eða um 350 m. kr. Að meðtöldu innheimtufé endurlánaðra spariskírteinalána má ætla að fjármögnun af þessum toga aukist úr 400 m. kr. árið 1985 í 1.150 m. kr. á árinu 1986, eða nálægt því þrefaldist. Með þessu er jöfnum höndum gert ráð fyrir því að spariskírteini verði látin bera

þá ávöxtun sem dugi í samkeppni við önnur ávöxtunarkjör sem og að kynning þeirra takist svo sem efni standa til. Breytt framsetning fjárlaga og ríkisreiknings gerir að verkum að innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé telst til innheimtra afborgana ríkissjóðs á árinu 1986 en ekki sem innlend lánsfjáröflun eins og áður.

Í lánsfjáráætlunum síðustu tveggja ára hefur verið gert ráð fyrir nýrri verðbréfaútgáfu eða sparnaðarformum af ótilteknu tagi. Framkvæmd þessara áforma hefur þó fyrst og fremst tekið á sig mynd fjölbreytilegri spariskírteina svo og útgáfu ríkisvíxla, sem gáfu 47 m. kr. yfir árið 1984, en hafa legið niðri í ár. Ný fjármögnunarleið fyrir húsbyggjendur er nú reynd í formi skattfríðinda. Þess er vænst að það sparnaðarform muni létta róður einstaklinga í þessum efnum, en það fjármagnar hins vegar ekki lánastarfsemi hins opinbera.

Verðbréfakaup bankakerfis hafa verið léttvæg síðustu árin sökum erfiðrar stöðu innlánsstofnana. Þau námu upphaflega 10% af innlánaaukningu viðskiptabanka en lækkuðu síðar niður í 4%. Á yfirstandandi ári skyldi miðað við 5% en í reynd hefur framkvæmdin verið sveigjanleg, m.a. með tilliti til endurgreiðslna á sams konar lánum. Ríkissjóður hefur síðustu tvö árin sleppt tilkalli til þessa fjár og hefur það eingöngu runnið til Framkvæmdasjóðs, sem var upphaflegur viðtakandi þess. Á árinu 1986 er er gert ráð fyrir að með vaxandi styrk gæti bankakerfið í auknum mæli staðið undir fjármögnun á útlánum Framkvæmdasjóðs. Því er gert ráð fyrir lántöku sjóðsins hjá bankakerfi að fjárhæð alls 350 m. kr.

Verðbréfakaup lífeyrissjóða eru enn sem fyrr veigamesti og traustasti stofn innlendrar lánsfjármögnunar. Þó hefur ekki tekist að framfylgja til fulls lagaskyldu um verðbréfakaup fyrir 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna, heldur hafa kaupin sveiflast milli 33 og 36% undanfarin ár. Auk þess hefur opinber ráðstöfun innan lánsfjáráætlunar skerst við bein verðbréfakaup af ýmsum fjárfestingarlánasjóðum, svo sem þó er heimilt skv. kaupskylduákvæðunum.

Á þessu ári hefur lífeyrissjóðunum verið gefinn kostur á mismunandi lánskjörum á opinberum verðbréfum, m.a. kaupum spariskírteina og eru þau kaup innifalin í þessum lið en ekki í hinni almennu spariskírteinasölu. Enn fremur veita kjör beinna útlána nú aukið aðhald að lánum til félagsmanna o.fl. Horfur eru á að markmið opinberra aðila um verðbréfakaup lífeyrissjóðanna verði uppfyllt á árinu 1985. Spáð er sömu þróun 1986 þannig að heildarkaup aukist úr tæpum 37% af ráðstöfunarfé í ár upp í 38% á næsta ári. Ekki er annað raunhæft en að ætla að ýmsir fjárfestingarlánasjóðir taki til sín eðlilegt hlutfall þeirrar aukningar.

Önnur fjáröflun er af ýmsu tagi og oft ekki fyrirsjáanleg. Í ár er um að ræða skuldbreytingu á vegum Endurlána ríkissjóðs að fjárhæð 180 m. kr. og væntanlegan afgang á þeim reikningi sem nemur um 300 m. kr. Gengur þessi fjáröflun á móti fjáröflunaráformum sem bregðast.

Aðrir liðir hafa reynst léttvægir eða neikvæðir að undanförnu. Lánsframlag Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins féll niður í 16 m. kr. 1984 og er ekki gert ráð fyrir neinu fé þaðan í ár eða á næsta ári. Skyldusparnaður ungmenna hefur að undanförnu skilað neikvæðri nettóútkomu. Virðist því ekki lengur ástæða til að uppfæra þann lið sem opinbera lánsfjáröflunarleið og honum því sleppt í töflunni hér á eftir. Á hitt má þó minna, að bráttóinnkoma á skyldusparnaðarreikningi hefur enn sem fyrr mikla þýðingu. Bráttóinnstreymi nam t.d. 509 m. kr. á árinu 1984 en útstreymi alls 589 m. kr.

Innlend lánsfjáröflun 1984 — 1986

	Lánsfjár-lög 1984 m.kr.	Útkoma 1984 m.kr.	Lánsfjár-lög 1985 m.kr.	Áætluð útkoma 1985 m.kr.	Lánsfjár-áætlun 1986 m.kr.
Spariskírteini ríkissjóðs, nettó	**667**	**−143**	**400**	**400**	**350**
Ný útgáfa	200	374	400	1.315	1.850
Innheimta spariskírteinalána	637	901	650	685	—
Innlausn	−170	−1.418	−650	−1.600	−1.500
Ný verðbréfaútgáfa eða sparnaðarform	**480**	**—**	**388**	**0**	**—**
Vegna ríkissjóðs	158	—	200	0	—
Vegna húsnæðislána	322	—	188	0	—
Verðbréfakaup bankakerfis	**250**	**212**	**200**	**200**	**350**
Af Framkvæmdasjóði	250	212	200	200	350
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	**1.000**	**967**	**1.225**	**1.450**	**1.680**
Af ríkissjóði	120	127	—	—	—
Af Framkvæmdasjóði	110	91	150	150	150
Af húsnæðislánakerfi	690	490	1.045	1.045	1.200
Af öðrum sjóðum	80	259	30	255	330
Önnur fjáröflun ríkissjóðs	**—**	**255**	**180**	**480**	**—**
Atvinnuleysistryggingasjóður til Byggingarsjóðs ríkisins	**115**	**16**	**0**	**0**	**—**
Samtals	2.512	1.307	2.393	2.530	2.380

6.5 Bankakerfið

Í þjóðhagsáætlun er lýst þeirri stefnu að peningamálin veiti aðhald að almennri eftirspurn á árinu 1986. Bankar og sparisjóðir hafa nú rýmri heimildir til vaxtaákvörðunar en áður, sem í raun þýðir að vextir ráðast af markaðsaðstæðum hverju sinni. Með sveigjanleika í vaxtamálum og verðtryggingu fjárskuldbindinga upp á síðkastið hefur vaxtastefnan smám saman nálgast þetta mark. Verulegur árangur hefur þegar náðst þar sem innlent ráðstöfunarfé bankakerfisins hefur aukist.

Meðaltal peningamagns og sparifjár svaraði til 18,5% af vergri landsframleiðslu árið 1978, en hefur aukist stöðugt síðan. Áætlað er að hlutfallið verði 30,7% í ár og eigi enn fyrir sér að hækka. Bankakerfið er því betur í stakk búið en áður til að veita atvinnuvegum og einstaklingum nauðsynlega lánafyrirgreiðslu. Í þeim efnum verður þó að gæta hófs svo að ekki komi til eftirspurnarþenslu af völdum útlánaaukningar. Mikilvægt er að innlánsstofnanir veiti fyrirgreiðslu til nauðsynlegra rekstrarlána og að lán sem veitt eru til lengri tíma fari til arðbærra verkefna eða komi í stað erlendra lána.

Vegna skuldbindinga sinna við sparifjáreigendur er innlánsstofnunum mikilvægt að ávaxta ráðstöfunarfé sitt, m.a. í tryggum verðbréfum og hljóta þá spariskírteini ríkissjóðs og verðbréf opinberra sjóða að vera álitlegur kostur.

Eftirfarandi tafla sýnir m.a. dæmi um nokkrar peningamálastærðir 1986 miðað við að verðbólga verði um 15% frá upphafi til loka ársins og að gjaldeyrisstaða breytist ekki nema sem svarar gengisuppfærslu. Dæmið sýnir að 18% aukning lána og annarra innlendra liða bankakerfisins samræmist slíkum forsendum. Ef hins vegar væri stefnt að því að draga svo úr viðskiptahalla að gjaldeyrisstaða batnaði þyrfti að gæta meira aðhalds um útlán en dæmið sýnir.

Peningamálaáætlun 1985 og 1986

	Staða 31.12.84 m.kr.	Hreyfingar frá upphafi til loka árs: Áætlun 1985 m.kr.	Dæmi 1986 m.kr.
1. Erlend skammtímastaða bankakerfisins, nettó	1.069	520	300
2. Innlendir liðir, nettó	36.068	16.600	9.700
Samtals 1+2=3+4	37.137	17.120	10.000
3. Peningamagn og sparifé	26.581	11.920	7.700
4. Endurlánað erlent lánsfé	10.556	5.200	2.300
		— Hreyfingar í % —	
Innlendir liðir bankakerfisins		46,0	18,4
Peningamagn og sparifé		44,8	20,0

Peningamálaáætlun fyrir árið 1986 þarf að endurskoða, eins og aðra efnahagsþætti, þegar stefna stjórnvalda í verðlags- og gengismálum liggur skýrar fyrir.

6.6 Erlend lán og greiðslujöfnuður

Á árinu 1985 er áætlað að innkomin erlend lán til lengri tíma en eins árs muni nema 7.825 m. kr. á áætluðu meðalgengi ársins á móti 7.196 m. kr. samkvæmt lánsfjárlögum. Stafar aukningin einkum af meiri lántökum atvinnufyrirtækja og sveitarfélaga en fyrirhugað var. Afborganir af löngum lánum á árinu 1985 eru áætlaðar 4.500 m. kr. og verður því nettóaukning þeirra 3.325 m. kr. og er það um 7% af áætluðum útflutningstekjum og 3% af áætlaðri landsframleiðslu.

Horfur eru á að halli á viðskiptajöfnuði 1985 verði um 5.100 m. kr., eða sem nemur 4,6% af áætlaðri landsframleiðslu samanborið við 5,1% árið áður, 2,0% 1983 og 8,4% 1982. Nettóaukning langra erlendra lána er eins og áður segir áætluð 3.325 m. kr. Að viðbættum nettóhreyfingum á öðrum fjármagnsliðum að fjárhæð 5.275 m. kr., þar af er fjármögnun á afurðalánum viðskiptabanka talin aukast um 3.200 m. kr., mun fjármagnsjöfnuður koma út með fjármagnsinnstreymi nettó um 8.600 m. kr. Af þeirri fjárhæð fara 5.100 m. kr. til þess að jafna viðskiptahalla ársins og verður þá heildargreiðslujöfnuður hagstæður um 3.500 m. kr. Kemur það fram sem bati á gjaldeyrisstöðu Seðlabankans, sbr. töflu 23 í töfluviðauka. Gjaldeyrisforðinn mun ekki aukast að sama skapi þar sem Seðlabankinn hefur endurgreitt gjaldeyrislán sem tekin voru til að mæta óhagstæðum greiðslujöfnuði fyrri ára.

Áform um erlendar lántökur á árinu 1986 nema nú 7.936 m. kr. og afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 5.870 m. kr. Skuldir gagnvart útlöndum aukast því um 2.066 m. kr. Þessi aukning jafngildir um 4% af áætluðum útflutningstekjum og 1,7% af áætlaðri landsframleiðslu. Viðskiptahalli á árinu 1986 er í þjóðhagsspá talinn geta orðið um 4.300 m. kr. Því þarf nettóinnstreymi á öðrum liðum fjármagnsjafnaðar en löngum lántökum að nema 2.234 m. kr. til þess að jafna viðskiptahallann án þess að rýra gjaldeyrisstöðuna.

Samtals er áætlað að erlend skammtímalán aukist um 4.300 m.kr. á árinu 1985 og verði alls um 13.000 m.kr. í árslok. Erlendar skammtímaskuldir verða því um 12% af vergri landsframleiðslu á árinu 1985, en voru 8,3% 1984. Ógreiddur útflutningur hefur verið mikill síðustu tvö árin og er gert ráð fyrir að hann verði óbreyttur að raungildi, um 5% vergrar landsframleiðslu á árinu 1985. Skuldavandinn, sem oftast hefur verið túlkaður í formi langra erlendra lána, verður ekki leystur án markvissrar umfjöllunar um skammtímalántökur

þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að ná jöfnuði í utanríkisviðskiptum og skapa svigrúm í framtíðinni til að greiða niður erlendu skuldirnar.

Langtímaskuldir erlendis eru taldar verða í árslok 1985 um 58.070 m. kr. á meðalgengi ársins. Það er um 53% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir nokkra aukningu lána á árinu 1986 mun hlutfall erlendra langtímaskulda lækka í rúm 51% af landsframleiðslu. Skýrist lækkunin af aukinni landsframleiðslu sem metin er um 2%. Ef hins vegar litið er á nettóstöðuna við útlönd, þ.e. langtímalán að viðbættum skammtímaskuldum en að frádregnum ógreiddum útflutningi og gjaldeyriseign, er nettóskuld við útlönd áætluð rúmlega 60.000 m. kr. í árslok 1985. Þetta jafngildir 55% af landsframleiðslu og mun það hlutfall lítið breytast á árinu 1986.

Auknar erlendar skuldir á undanförnum árum má að miklu leyti rekja til opinberra aðila. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum sem hlutfall af útflutningstekjum hefur farið hækkandi og verið undanfarin þrjú ár á bilinu 20—24%, sbr. töflur 24 og 25.

Stjórnvöld hafa sett sér það markmið að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila fari ekki yfir afborganir þeirra af erlendum lánum. Þessu markmiði verður að vísu ekki að fullu náð á árinu 1986 þar sem lántökur opinberra aðila eru áætlaðar 3.729 m. kr. en afborganir 2.935 m. kr., en sé afborgunum af gengisbundnum lánum ríkissjóðs m.a. hjá Seðlabanka bætt við nema afborganir um 3.600 m. kr. og er þá ekki umtalsverður munur á nýjum lántökum og afborgunum opinberra aðila. Svipuðu máli gegnir um lántökur atvinnufyrirtækja þegar tekið hefur verið tillit til lækkunar skammtímalána, en aukinna langtímalána á móti.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur (innkomin lán eftir lánnotendum) á árinu 1986 og til samanburðar áætlaðar tölur fyrir 1985.

Erlend langtímalán 1985—1986 flokkuð eftir lánnotanda

	Lánsfjárlög 1985 m.kr.	Endurskoðuð áætlun 1985 m.kr.	Frumvarp 1986 m.kr.
Opinberir aðilar	**4.334**	**4.731**	**3.729**
Ríkissjóður A-hluti	926	926	1.804
Ríkissjóður B-hluti	1.667	1.667	920
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	1.415	1.543	910
Sveitarfélög	326	595	95
Lánastofnanir	**1.262**	**1.262**	**1.672**
Framkvæmdasjóður	1.092	1.092	1.242
Byggðastofnun	—	—	350
Iðnþróunarsjóður	50	50	80
Útflutningslánasjóður	120	120	—
Atvinnufyrirtæki	**1.600**	**1.832**	**2.535**
Samtals	7.196	7.825	7.936

Það skal tekið fram að ofangreint yfirlit er spá um ný erlend lán innkomin á viðkomandi ári en ekki þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er til framkvæmda. Í fyrsta lagi getur lán sem tekið er á tilteknu ári staðið ónotað, að hluta eða öllu leyti, á innlendum gjaldeyrisreikningi yfir áramót til síðari ráðstöfunar. Í ársbyrjun 1985 voru ónotaðar um 1.700 m. kr. af fyrra árs lántökum opinberra aðila og lánastofnana og eru þær til ráðstöfunar til viðbótar innkomnum langtímalántökum á árinu 1985. Að því er opinbera aðila varðar er ráðstöfun háð samþykki fjármálaráðuneytis. Í öðru lagi er oft um það að ræða að tekin séu skammtímalán vegna framkvæmda á viðkomandi ári, en síðan breytt í langtímalán. Á árinu 1985 er gert ráð fyrir að skammtímalán, sem talin eru fyrirrennarar langtímalána, lækki um 300 m. kr. vegna breytinga í langtímalán.

Að því er varðar lántökur atvinnufyrirtækja árið 1986 er áætlað að langtímalántaka vegna innlendrar skipasmíði að fjárhæð 460 m. kr. gangi til endurgreiðslu á áður teknum skammtímalánum. Hér er um svonefnd raðsmíðaverkefni að ræða. Lækkar þá ráðstöfunarfé innkominna langra lána um þá fjárhæð. Einnig er undir liðnum *atvinnufyrirtæki,* hugsað fyrir lántökum vegna endurbóta á elstu skuttogurunum, alls 150 m. kr., ef af framkvæmdum verður.

6.7 Erlend skuldastaða og greiðslubyrði

Tilgangur þessa kafla er að gefa yfirlit um erlendar skuldir og áætlaða greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum á komandi árum. Höfuðáhersla er lögð á umfjöllun um erlendar skuldir til langs tíma. Jafnframt er leitast við að greina skuldirnar nánar með tilliti til lánskjara og samsetningar eftir gjaldmiðlum.

Erlendar skuldir þjóðarbúsins.

Efnahagsmálin síðustu ár hafa m.a. einkennst af sveiflukenndum hagvexti og viðvarandi viðskiptahalla, sem var í hámarki á árunum 1974 og 1975 eða um 11% af vergri landsframleiðslu. Aðeins einu sinni á undanförnum 14 árum hefur verið afgangur á viðskiptajöfnuðinum, en það var árið 1978. Viðskiptahalla þarf að fjármagna annað tveggja með erlendum lánum eða með því að ganga tímabundið á gjaldeyrisforðann. Hins vegar verður langvarandi halli aðeins fjármagnaður með erlendri skuldasöfnun. Erlend skuldasöfnun hefur síðan keðjuverkandi neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuðinn, því að óhjákvæmilega þyngist greiðslubyrðin af erlendum lánum og vaxtagjöld af þeim koma inn í viðskiptajöfnuðinn með auknum þunga. Eftirfarandi yfirlit sýnir viðskiptajöfnuð, vaxtajöfnuð og nettóskuldastöðu Íslendinga á árunum 1974—1984, ásamt áætlun 1985 og spá fyrir árið 1986, í m.kr. á meðalgengi hvers árs og í hlutfalli við verga landsframleiðslu.

Ár	Viðskiptajöfnuður		Vaxtajöfnuður		Nettóstaða erlendra skulda	
	m.kr.	% af VLF	m.kr.	% af VLF	m.kr.	% af VLF
1974	−155	−11,0	−18	−1,3	−346	−24,5
1976	−44	−1,5	−72	−2,5	−940	−32,9
1978	+79	+1,2	−158	−2,5	−1.873	−29,3
1980	−313	−2,0	−405	−2,6	−4.233	−27,3
1982	−3.110	−8,4	−1.475	−4,0	−15.025	−40,7
1983	−1.263	−2,0	−3.050	−4,9	−31.140	−49,7
1984	−4.130	−5,1	−4.555	−5,6	−43.477	−53,3
1985	−5.100	−4,6	−5.800	−5,3	−60.070	−54,8
1986	−4.300	**−3,5**	−6.000	**−4,9**	−66.800	**−54,4**

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Yfirlitið sýnir að langvarandi viðskiptahalli leiðir til erlendrar skuldasöfnunar. Þá er og eftirtektarvert hversu mjög vaxtabyrðin hefur þyngst á þessu tímabili.

Gjaldmiðlar.

Á undanförnum árum hafa erlendir lánsfjármarkaðir einkennst af óstöðugleika, bæði vegna óvissu um innbyrðis afstöðu milli gjaldmiðla og breytilegra lánskjara. Hér hafa komið til áhrif olíukreppu í tvígang og hátt gengi bandaríkjadollars síðustu árin. Augljóslega er mikilvægt fyrir skuldug ríki að draga úr óvissu og óæskilegum ytri áhrifum sem þau verða fyrir af þessum orsökum. Skipting erlendu skuldarinnar á gjaldmiðla er því mjög mikilvæg í þessu tilliti.

Það þykir jafnan æskilegt að haga samsetningu erlendu skuldanna þannig að hún sé svipuð skiptingu útflutningstekna. Með því móti er dregið úr hættunni á áföllum vegna hræringa á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Þetta sjónarmið hefur verið haft að leiðarljósi hérlendis eins og kemur fram í meðfylgjandi töflu. Taflan sýnir hlutfallslega samsetningu í erlendum skuldum annars vegar og í gjaldeyrisskilum af útflutningstekjum hins vegar.

Gjaldmiðlar	Erlendar skuldir			Útflutningstekjur		
	1980	1982	1984	1980	1982	1984
Bandaríkjadollar	54,0	60,8	54,6	79,8	77,2	68,2
Sterlingspund	0,7	3,4	6,1	8,9	8,6	9,2
V.-þýsk mörk	14,7	12,7	9,1	4,6	5,0	8,0
Svissn. frankar	5,2	5,1	7,4	0,6	2,0	3,4
Japönsk yen	3,9	7,2	15,4	0,1	0,3	0,8
Norðurlandamyntir	6,9	3,9	2,3	4,7	4,8	6,1
Aðrir gjaldmiðlar	14,6	6,9	5,1	1,3	2,1	4,3
	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Tilgangur þessa yfirlits er að sýna tvíþætt áhrif breyttrar gengisskráningar erlendra gjaldmiðla á íslenskan þjóðarbúskap. Hér kemur fram að bandaríkjadollar vegur langþyngst bæði í erlendrum skuldum og í gjaldeyristekjum af útflutningi. Áhrif lækkunar á gengi dollars koma því fram með því móti að kaupmáttur útflutningstekna lækkar, en hins vegar léttist erlenda skuldabyrðin vegna hlutfallslegrar rýrnunar dollars.

Mikilvægt atriði til að draga úr greiðslubyrði erlendra skulda er að nýta hagstæð lánskjör þegar þau bjóðast á lánsfjármarkaðnum til að greiða upp eldri óhagstæðari lán. Ríkissjóður hefur tekið eitt erlent lán á árinu 1985, 125 milljóna dollara skuldabréfalán. Nálægt helmingi lánsfjárhæðarinnar verður varið til framkvæmda samkvæmt lánsfjárlögum, en að öðru leyti var lánsfénu varið til þess að greiða inn á eldri lán með óhagstæðari kjörum. Með því móti er dregið úr vaxtakostnaði ríkisins af erlendum skuldum.

Skuldasöfnun — framkvæmdir.

Á síðast liðnum áratug hafa erlendar skuldir ekki aðeins aukist heldur hefur skipting þeirra milli opinberra aðila, lánastofnana og einkaaðila einnig tekið breytingum.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu langra erlendra skulda til langs tíma eftir helstu lánnotendum í árslok 1974—1985 og spá 1986 í m. kr. á meðalgengi hvers árs og í hlutfalli við verga landsframleiðslu:

Ár	Opinberir aðilar % af VLF	Lánastofnanir % af VLF	Einkaaðilar % af VLF	Samtals % af VLF
1974	13,3	5,2	5,4	23,9
1976	18,3	5,4	7,8	31,5
1978	18,1	5,4	7,3	30,8
1980	17,8	4,2	7,8	29,8
1982	25,2	5,0	10,2	40,4
1983	33,4	6,5	11,4	51,3
1984	34,8	8,1	9,3	52,2
1985	35,8	8,1	9,0	52,9
1986	34,4	8,3	8,8	51,2

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Hér kemur fram að erlendar skuldir hafa aukist verulega á þessu tímabili og þá einkum hjá opinberum aðilum. Þar vega þyngst lántökur til framkvæmda í orkumálum. Í árslok 1984 námu erlendar skuldir orkugeirans tæpum 70% af skuldum opinberra aðila og um 47% af erlendum skuldum þjóðarbúsins til langs tíma. Í framhaldi af þessu er áhugavert að athuga erlendar langtímalántökur nettó í samhengi við fjárfestinguna í landinu.

Í töflu 26 má sjá að fjármunamyndunin hefur verið afar sveiflukennd hér á landi síðasta áratug. Á hinn bóginn kemur þar einnig fram að hlutfallsleg skipting fjárfestingar milli atvinnuvega, íbúðarhúsabygginga og opinberra framkvæmda hefur haldist nokkuð stöðug. Samtímis hefur hlutdeild opinberra aðila í erlendum lántökum aukist verulega. Það er athyglisvert að síðustu árin hafa einkaaðilar verið að greiða niður löng erlend lán sín án þess að hlutdeild þeirra í fjármunamynduninni hafi dregist saman. Ef til vill má þó skýra þetta með meiri erlendum skammtímalántökum hjá einkaaðilum en opinberum.

Það er óþarfi að skýra frekar að þegar útgjöld eru umfram það sem aflað er þá þarf annaðhvort að ganga á fyrri sparnað eða taka lán. Með þetta í huga er forvitnilegt að líta á nokkrar þjóðhagsstærðir í samhengi:

	1975	1978	1981	1984	1986
Heildarfjárfesting í % af VÞF	33,0	26,1	27,0	24,2	21,4
Viðskiptahalli í % af VÞF	11,0	1,4	5,0	6,0	3,7
Hreinar erlendar lántökur í % af heildarfjárfestingu	22,8	12,3	19,2	19,4	8,3

Viðskiptahalli kemur fram þegar neysla og fjárfesting innanlands er meiri en nemur innlendri framleiðslu. Ljóst er að náið samband er á milli fjárfestingarumsvifa, viðskiptahalla og erlendrar lántöku. Þegar fjárfesting vex meira en nemur hagvexti, þá koma áhrifin fram í óhagstæðari viðskiptajöfnuði komi ekki á móti minni neysla til að vega upp mismuninn. Yfirlitið hér að framan gefur nokkra mynd af þeim samböndum sem hér er lýst. Til að mynda er fjárfestingarstigið mjög hátt á árinu 1975 og viðskiptahalli mikill sem gerir kröfur til fjármögnunar af erlendum uppruna. Árið 1978 er hins vegar mun lægra fjárfestingarstig, minni viðskiptahalli og erlendar lántökur lægri.

Lántökur opinberra aðila s.l. áratug hafa að miklu leyti gengið til raforkuframkvæmda. Í fyrstu til framkvæmda við Sigölduvirkjun, byggðalínur og Kröfluvirkjun, en síðar til framkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, Kvíslaveitu og Blönduvirkjun. Þá hefur einnig verið ráðist í ýmsar fjárfrekar hitaveitur á þessu tímabili sem hafa verið fjármagnaðar með erlendum lánum, t.d. Hitaveita Akureyrar, Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar. Hins vegar hafa framkvæmdir á vegum Hitaveitu Reykjavíkur verið fjármagnaðar beint úr rekstri.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af erlendum skuldum þjóðarinnar með tilliti til samsetningar eftir gjaldmiðlum og hverjir hafa stofnað til þeirra. Hins vegar er slíkt yfirlit takmarkað því að vissulega skiptir lánstími og endurgreiðslubyrði skuldarinnar mestu máli fyrir afkomuhorfurnar. Hér á eftir er fjallað um þennan þátt skuldavandans.

Endurgreiðslur af erlendum lánum.

Erlend lán þjóðarinnar til langs tíma falla eðlilega í gjalddaga á mismunandi tímum. Sum á að endurgreiða innan fárra ára, en önnur ekki fyrr en að liðnum 25—31 ári.

Yfirleitt hafa lán opinberra aðila lengri endurgreiðslutíma en lán einkaaðila. Langtímaskuldir erlendis eru taldar verða 58,1 milljarðar króna í árslok 1985 á meðalgengi ársins. Endurgreiðslur af þessum lánum eru áætlaðar eftirfarandi miðað við umsamin lánskjör:

Ár	Endurgreiðslur erlendra skulda til langs tíma							
	Opinberir aðilar		Lánastofnanir		Einkaaðilar		Heildargreiðslur	
	milljarðar kr.	% af skuld	milljarðar kr.	% af skuld	milljarðar kr.	% af skuld	milljarðar kr.	% af skuld
1986—1987	6,0	**15**	1,6	**18**	4,0	**40**	11,6	**20**
1988—1990	10,8	**28**	2,8	**32**	4,3	**44**	17,9	**31**
1991—1995	16,9	**43**	3,6	**40**	1,5	**15**	22,0	**38**
1996—2016	5,6	**14**	0,9	**10**	0,1	**1**	6,6	**11**
Samtals	39,3	**100**	8,9	**100**	9,9	**100**	58,1	**100**

Heimild: Seðlabanki, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Um 50% umsaminna lána koma til endurgreiðslu á næstu fimm árum, en þetta hlutfall hækkar í um 90% sé litið til næstu tíu ára. Endurgreiðslur af erlendum lánum opinberra aðila dreifast á lengri tíma en hjá öðrum, einkum samanborið við einkaaðila. Þannig koma um 43% af skuldum opinberra aðila til greiðslu á næstu 5 árum samanborið við 84% hjá einkaaðilum. Ástæður hagstæðari dreifingar og endurgreiðslutíma hjá opinberum aðilum og lánastofnunum geta verið margvíslegar, svo sem sterkari staða á erlendum lánsfjármörkuðum vegna stærðar sinnar og lánstrausts. Þá þarf einnig að hafa í huga að undanfarin ár hefur endurgreiðsla einkaaðila af erlendum lánum verið umfram lántökur. Þetta þýðir að minna stendur eftir af lánum hjá einkaaðilum og meðallánstími verður því styttri. Greiðslubyrði af löngum erlendum skuldum opinberra aðila og lánastofnana dreifist þannig á tiltölulega langan tíma, en vægi þeirra nemur um 90% af langtímaskuldum þjóðarbúsins við útlönd.

Vaxtakjör.

Endurgreiðslutíma og vaxtakjör erlendra lána þarf að skoða í samhengi. Ætla má að lán opinberra aðila og lánastofnana beri hærri vexti en lán einkaaðila vegna lengri lánstíma. Á móti vegur að stórir lántakendur komast gjarnan að betri lánskjörum. Eftirfarandi yfirlit sýnir meðalnafnvexti og raunvexti af erlendum lánum til langs tíma árin 1978—1984:

Vaxtakjör	Nafnvextir							Raunvextir[1])						
	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Fastir vextir	8,4	8,1	8,4	8,6	9,3	9,3	9,2	1,1	−2,6	−2,6	−0,6	3,2	4,1	4,6
Breytilegir vextir	8,9	12,2	15,1	17,6	14,4	10,7	12,0	1,6	1,1	3,4	7,4	8,0	5,4	7,3
þ.a. LIBOR-USD	9,0	12,5	15,5	17,6	14,4	10,8	12,5	−0,1	1,4	2,4	8,4	10,1	6,7	8,2
Erlend lán alls	8,5	9,6	10,6	12,3	11,8	9,9	10,4	1,2	−1,5	−0,6	2,7	5,6	4,7	5,7

1) Raunvextir eru reiknaðir hér út frá hækkun framfærsluvísitölu í helstu iðnríkjum heims samkvæmt upplýsingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Raunvextir af erlendum skuldum hafa farið hækkandi á síðustu árum og er ekkert sem bendir til að þeir lækki á næstunni. Fram undir miðjan áttunda áratuginn voru raunvextir neikvæðir af erlendum lánum, en upp frá því urðu þeir jákvæðir og hafa farið hækkandi.

Á árunum 1978 til 1981 hækkuðu breytilegir vextir mikið á erlendum lánsfjármörkuðum. Fastir vextir hækkuðu einnig, en ekki í jafn miklum stökkum og það var ekki fyrr en á árinu 1983 sem nokkurt jafnvægi virtist komast á aftur milli fastra og breytilegra vaxta.

Á árunum 1978—1982 var stór hluti tekinna erlendra lána háður breytilegum vöxtum, en frá og með 1983 var aukin áhersla lögð á töku lána með föstum vöxtum. Erlend lán til

þess að mæta þörfum opinberra aðila og atvinnuvega veljast ekki eingöngu út frá vaxtakjörum heldur þarf einnig að líta til endurgreiðsluákvæða og þess sem býðst á erlendum mörkuðum.

Á árinu 1978 var einungis fjórðungur erlendra skulda þjóðarinnar með breytilegum vöxtum. Hlutdeild slíkra lána jókst mjög á næstu árum og í árslok 1984 námu þau um 46% af skuldinni. Stærsti hluti lána með breytilegum vöxtum eru lán í bandaríkjadollurum (EURO-dollar) og eru þau með vaxtakjörum sem tengd eru LIBOR, en það eru millibankavextir sem ákvarðast á fjármagnsmarkaði í London. Þessi lán hafa numið 85—95% af þeim erlendu skuldum okkar sem bera breytilega vexti. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun erlendu skuldanna eftir vaxtakjörum á árabilinu 1978—1984:

Vaxtakjör	1978	1980	1982	1984	1978	1980	1982	1984
	Í milljörðum króna				Hlutfallsleg skipting			
Fastir vextir	1,8	3,7	10,4	28,1	73	62	52	54
Breytilegir vextir	0,6	2,2	9,5	24,2	27	38	48	46
þ. a. LIBOR-USD	0,6	2,2	9,5	20,2	25	37	45	39
Erlend lán alls	2,4	5,9	19,9	52,3	100	100	100	100

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Af ofansögðu má t.d. ályktа að 1% hækkun erlendra vaxta kemur fram í aukinni vaxtabyrði af lánum með breytilegum vöxtum. Slík hækkun mundi þýða 242 m.kr. kostnaðarauka á árinu 1985. Á hinn bóginn mundi 1% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla fela í sér 523 m.kr. hækkun vaxtakostnaðar og 45 m.kr. hækkun afborgana.

Yfirlýst stefna stjórnvalda er að sporna við erlendri skuldasöfnun með því að takmarka erlendar lántökur við afborganir af eldri lánum. Í þessu felst að engu er fórnað af nútíðargæðum með innlendum sparnaði til að greiða niður útgjöld fyrri ára. Hins vegar verður ekki komist hjá því að standa undir vöxtum af þeim skuldum sem safnað hefur verið. Til að mynda eru nettó-vaxtagreiðslur til útlanda áætlaðar 6.000 m. kr. á árinu 1986, en það jafngildir 4,9% af áætlaðri vergri landsframleiðslu ársins. Vaxtakjör og heildarvaxta-greiðslur af erlendum skuldum hafa því veigamikil áhrif á það hvað þjóðfélagið þarf að leggja til hliðar hverju sinni og er ekki til skiptanna.

7. Horfur í fjármálum ríkisins 1986—1988.

7.1 Inngangur og forsendur

Í 12. grein laga nr. 84/1985, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, segir að leggja skuli fram með fjárlagafrumvarpi ár hvert áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin. Í slíkri áætlun skal eftirfarandi m. a. koma fram:

- Meginstefna í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
- Samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum.
- Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
- Stefnumótun um framlög í fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

Hér eru sýndar horfur í ríkisfjármálum á árunum 1987 og 1988 verði fylgt þeirri stefnu sem fjárlagafrumvarp 1986 byggist á.

Helstu forsendur fyrir þróun þjóðhagsstærða eru þær sömu og í þjóðhagsáætlun fyrir árin 1987—1988. Gert er ráð fyrir 2,1% raunvexti vergrar þjóðarframleiðslu á milli áranna 1986 og 1987 og 2,4% á milli áranna 1987 og 1988. Miðað er við að viðskiptakjör breytist ekki frá því sem nú er, þannig að þjóðartekjur munu vaxa jafnmikið og þjóðarframleiðslan. Stefnt er að jöfnuði í viðskiptunum við útlönd í lok tímabilsins, þannig að þjóðarútgjöld munu vaxa hægar en þjóðarframleiðslan, eða um 1% á ári. Þetta svarar til þess að þjóðarútgjöld á mann standi í stað á tímabilinu.

Helstu forsendur fyrir þróun ríkisfjármála eru þær að byggt er á stefnu fjármálaráðherra og ríkisstjórnar sem birtist í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986. Tillit er tekið til ákvæða ýmissa laga um tekjur og útgjöld og þróunar þeirra þátta er mest áhrif hafa.

Allar fjárhæðir sem taka til áranna 1987 og 1988 eru miðaðar við áætlað verðlag í árslok 1985, þ.e. verðlag fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986.

7.2 Tekjur

Tekjur, fremur en útgjöld ríkissjóðs, eru mjög háðar þróun efnahagsmála í landinu. Almennur kaupmáttur, viðskiptavelta og viðskiptajöfnuður við útlönd skipta þar mestu máli. Ákvarðanir stjórnvalda um skatta og gjöld eru ekki síður mikilvægar. Í þessari spá er gert ráð fyrir að öll frumvörp um skattheimtu og tekjur til ríkissjóðs, sem fjármálaráðherra mun leggja fram í þingbyrjun haustið 1985 og frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1986 er byggt á, verði að lögum. Einnig er gert ráð fyrir að staðið verði við þau fyrirheit að fella niður tekjuskatt einstaklinga af almennum launatekjum. Fyrsta skrefið í þá átt var stigið í fjárlögum 1985 með 600 m.kr. lækkun. Annað skref er tekið í frumvapi til fjárlaga fyrir árið 1986 og áætlaðar tekjur lækkaðar um 400 m.kr. Í þessari spá er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti verði lækkaðar enn frekar, eða um 600 m.kr. árið 1987 og 600 m.kr. árið 1988.

2128	02 989 121	Skuld sambandsins við Póst og síma
2129	07 795 000	Framkvæmdir
2130	07 999 130	Sjómannastofan Ísafirði, innrétting
2131	08 385 000	B-álma Borgarspítala
2132	10 101 000	Biðlaun fyrrverandi starfsmanns Landmælinga Íslands
2133	08 501 110	Framhaldsnámskeið fyrir sjúkraliða
2134	11 399 114	Greiðsla á skuld Ólafsfjarðarkaupstaðar
2135	10 332 140	Laun lausráðins skipstjóra
2136	09 263 601	Tæki til leitar að fíkniefnum og öðrum smyglvarningi
2137	04 299 123	Stofnskipti á minkum á Böggvisstaðabúinu
2138	11 321 000	Byggðalínur, uppgjör
2139	01 101 123	Einangrun á íbúðarhúsi að Hrafnseyri
2140	02 903 101	Staðgengilslaun vegna rannsóknaleyfis
2141	02 931 633	Ónotuð fjárveiting frá 1984 úr Þjóðhátíðarsjóði
2142	02 981 101	Aukið framlag til sjóðsins
2143	03 101 101	Laun flóttamanns frá Póllandi
2144	04 247 151	Búnaður til rannsókna á sjúkdómum í eldisfiski
2145	04 201 000	Rekstrarhalli frá 1984
2146	06 232 650	Lokafrágangur húsnæðis
2147	06 251 630	Viðgerðir á flugmótorum, ónotuð fjárveiting frá 1984
2148	08 399 126	Neyslukönnun
2149	08 350 140	Rekstrarhalli frá 1984
2150	04 503 501	Endurbygging gróðurhúsa, viðhald gróðurhúsa
2151	10 321 110	Tjónagreiðsla vegna missis gáma af m/s Esju
2152	08 386 101	Rekstrarhalli frá 1984
2153	05 216 000	Húsaleigugreiðslur
2154	09 999 190	Könnun á atvinnusjúkdómum
2156	11 298 000	Verður endurgreitt af álgjaldi óskiptu
2157	02 730 690	Skv. ákvæðum samnings um byggingu Seljaskóla
2158	06 301 101	Flutningur í nýtt húsnæði
2159	02 989 122	Starfslaun til Helga Ólafssonar stórmeistara

Fjárheimild	Fjárlagaliður	Skýringar
2160	02 982 177	Styrkur, háður skilyrði um jafnhátt framlag Reykjavíkurborgar
2161	02 231 000	Vanáætlun í fjárlögum 1985
2162	04 501 000	Halli frá 1984, viðskiptaskuldir
2163	04 206 000	Rekstrarhalli frá 1984
2164	04 206 186	Uppgjör lausaskulda, breytt rekstrarfyrirkomulag
2165	05 299 120	Rekstrarhalli frá 1984
2166	05 202 000	Afborgun af láni, ónotuð fjárveiting frá 1984
2167	05 216 000	Aukning á húsnæði
2168	06 225 650	Verksamningur vegna innréttingar skrifstofuhúsnæðis
2169	02 909 000	Búnaður til að útbúa bækur á blindraletri
2170	04 246 000	Tjón af völdum nýrnaveiki
2171	09 999 190	Úttekt á launamálum kvenna
2172	08 399 193	Aðgerðir gegn ónæmisbæklun
2173	02 977 000	Áframhald framkvæmda
2174	08 399 194	Lues-rannsóknir
2175	06 252 000	Kaup á húsnæði á Ísafirði
2176	06 241 000	Starfsmaður ekki látinn vinna út uppsagnarfrest
2177	10 471 160	Kostnaður við nám flugumferðarstjóra
2178	10 332 000	Skuld stofnunarinnar frá fyrra ári
2179	02 354 000	Launagreiðslur sem ekki var áætlað fyrir
2180	02 506 000	Skv. lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga
2181	02 989 114	Styrkur
2182	03 101 120	Prentun á hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna
2183	04 243 000	Girðing til viðnámsaðgerða gegn riðuveiki í Eldhrauni
2184	10 333 630	Viðgerð á hafnargarði í Súðavík
2185	10 485 111	Styrkur
2186	11 399 115	Eftirstöðvar frá 1984
2187	02 885 190	Námskeið fyrir ófaglært starfsfólk
2188	11 221 620	Áhættulán sjóðsins til fyrirtækisins Ísmats
2189	06 202 000	Leiga og innréttingakostnaður að Hverfisgötu 6
2190	08 271 000	Hækkun á lífeyrisbótum
2191	02 989 130	Þátttaka í Evrópumóti á Ítalíu
2192	10 651 000	Hótel Ísafjörður, sbr. 6. gr. fjárlaga
2193	09 989 000	Launahækkanir vegna kjaradóms BHM
2194	09 989 000	Kjarasamningar BSRB
2195	02 207 000	Aukin starfsemi
2196	10 333 670	Viðgerð á bryggjunni að Hellnum, Snæfellsnesi
2197	06 101 000	Gerð skýrslu um réttarstöðu norrænna ríkisborgara
2198	04 286 000	Búnaður í pökkunarstöð kartöflubænda í Þykkvabæ
2199	12 201 000	Hækkun niðurgreiðslna
2200	09 999 190	Friðarhreyfing íslenskra kvenna
2201	04 238 000	Skuld v/Stórholts
2202	09 999 190	Styrkur til Pólýfónkórsins
2203	02 991 640	Endurbætur amtmannsseturs að Arnarstapa á Snæfellsnesi
2204	09 999 190	Styrkur til Úlfljótsvatnsráðs
2205	04 206 586	Lagfæring á húsi Gunnars Gunnarssonar, Skriðuklaustri
2206	02 885 185	Réttindanám sjómanna skv. lögum nr. 113/1984

Fjárheimild	Fjárlagaliður	Skýringar
2207	02 983 120	Prentun á ritinu Nordens Museer
2208	02 989 140	Þátttaka HSÍ í HM í handknattleik
2209	02 907 000	Námsdvöl forstöðumanns
2210	02 730 000	Kaup á tveimur kennarabústöðum á Þórshöfn
2211	04 502 000	Bygging starfsmannahúss
2212	04 501 000	Greiðsla vegna húsakaupa skv. kaupsamningi
2213	04 299 132	Bætur vegna tjóns
2214	06 236 000	Húsgagnakaup fyrir tollgæslu vegna flutnings í nýtt húsnæði
2215	06 211 000	Neikvæð greiðslustaða embætta
2216	06 237 000	Lokaframkvæmdir
2217	06 232 000	Löggæsla í Þórsmörk um helgar
2218	06 208 000	Fjölgun um fjóra fulltrúa
2219	10 101 000	Flutningur og framkvæmdir í nýju húsnæði
2220	10 471 000	Lokauppgjör vegna kaupa á ratsjárbúnaði
2221	10 321 110	Sjótjón á m/s Esju
2222	10 656 000	Endurskipulagning á starfsemi
2223	10 333 000	Framkvæmdir á Bakkafirði
2224	05 299 621	Kaup á báti til rannsókna og sjóvinnslukennslu
2225	11 399 000	Rannsóknir fyrir Norðurlandi
2226	02 730 000	Siglufjörður, Sauðárkrókur, áframhald framkvæmda
2227	06 303 000	Bústaður á Siglufirði, framkvæmdir
2228	09 999 190	Langholtssöfnuður, endurgreiðsla á stimpilgjöldum
2229	09 999 190	Menningar- og friðarsamband alþýðu
2230	02 205 120	Útgáfa á þremur ritverkum
2231	06 304 000	Greiðsla á skuldum vegna kaupa á kirkjuhúsi
2232	06 304 190	Uppgjör á ýmsum rekstrarþáttum hjá kirkjunni
2233	03 102 000	Aukning á starfsemi
2234	09 999 190	Viðgerðir á Kristskirkju
2235	02 983 610	Bygging vísinda- og björgunarskýlis í Surtsey
2236	09 999 190	Framboð JC-hreyfingarinnar til heimsforseta hreyfingarinnar
2237	02 203 125	Lokaframkvæmdir á tilraunavindmyllu
2238	04 247 130	Skv. lögum nr. 61/1985, um dýralækni í fisksjúkdómum
2239	06 251 000	Ónotuð fjárveiting frá 1984
2244	03 101 101	Koma eins Víetnama, skv. fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar
2245	02 931 131	Rannsóknir á áhrifum kíslilgúrnáms úr Mývatni
2246	02 982 175	Listahátíð kvenna
2247	02 991 640	Viðgerðir á smíðahúsinu Skipalóni
2248	09 999 190	Félagssamtökin Vernd, rekstrarerfiðleikar
2249	08 325 101	Fjölgun um eina stöðu
2250	10 485 120	Uppgjör vegna 1984
2251	06 206 120	Sektir vegna fíkniefnabrota, sbr. heimild í fjárlögum
2252	07 795 000	Húsnæði fyrir svæðisstjórn fatlaðra á Norðurlandi vestra
2253	02 610 690	Framkvæmdir við mötuneyti í Reykholti
2254	09 999 190	Styrkur til norrænu ljóðlistarhátíðarinnar
2255	08 301 000	Rannsóknir á Bláa lóninu
2256	06 101 000	Kynnisferð dómara til nágrannalandanna
2257	02 989 122	Starfslaun til Jóhanns Hjartarsonar stórmeistara

Fjárheimild	Fjárlagaliður	Skýringar
2258	06 252 000	Rekstrarerfiðleikar
2259	07 953 000	Húsaleigugreiðslur
2260	07 953 142	Þátttaka Íslands í kvennaráðstefnu S.Þ.
2261	05 216 000	Ofáætlun sértekna í fjárlögum 1985
2262	04 205 000	Fjölgun um einn starfsmann
2263	01 101 620	Snjóbræðslukerfi við stjórnarráðshúsið
2264	02 518 000	Leigugreiðslur og standsetning leiguhúsnæðis
2265	07 301 000	Eftirstöðvar lögbundins framlags frá 1984
2266	10 341 000	Afgreiðsla á undanþágum til yfirmanna á skipum
2267	10 341 000	Málskostnaður og dómkröfur
2268	13 101 000	Skráning manntalsgagna, neyslukönnun og þjóðskrá
2269	08 381 690	Tækjabúnaður við heilsugæslustöðina að Reykjalundi
2270	06 206 125	Lögregluskóli, ferðakostnaður, dagpeningar, afleysingamenn
2271	11 299 150	Endurgreiðsla á hluta hagkvæmnisathugunar skv. samningi
2272	11 298 000	Kostnaður við samningsgerð og fleira

Ed. 2. Frumvarp til lánsfjárlaga [2. mál]

fyrir árið 1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 2.724.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 1.850.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 740.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 20.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

5. gr.

Þróunarfélaginu er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 150.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

6. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sveitarfélaga að fjárhæð allt að 95.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 242.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 80.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6. og 8. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs íslenskra námsmanna eigi nema hærri fjárhæð en 1.100.000 þús. kr.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 36.700 þús. kr. á árinu 1986 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1986.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1986.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18.200 þús. kr. á árinu 1986.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 80.000 þús. kr. á árinu 1986.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1986.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12.000 þús. kr. á árinu 1986.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. c-hluta 3. gr. laga nr. 55/1984, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 40.000 þús. kr. á árinu 1986.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15.000 þús. kr. á árinu 1986.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 18.000 þús. kr. á árinu 1986.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 120.000 þús. kr. á árinu 1986.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, sbr. lög nr. 10/1985, skal framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 235. 685 þús. kr.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 730.000 þús. kr.

III. KAFLI

25. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

26. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1985 og taka nauðsynleg erlend lán að fjárhæð allt að 1.500.000 þús. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1986 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og sveitarfélaga. Í frumvarpinu eru breytingar á lögum fjárfestingarlánasjóða og ákvæði um hámarksframlög til nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986.

Um 1. og 2. gr.

Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verður á árinu 1986 4.574.000 þús. kr. Í 6. gr. fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986 er ekki lengur heimildarákvæði til innlendrar lánsfjáröflunar eins og verið hefur í fjárlögum. Nú er leitað heimildar til innlendrar lánsfjáröflunar í þessu frumvarpi. Sótt er um heimild til 1.850.000 þús. kr. útgáfu verðbréfa innanlands, þar af er áætlað að 1.500.000 þús. kr. verði varið til innlausnar eldri bréfa. Erlend lánsfjáröflun er áætluð alls 2.724.000 þús. kr. Í fjárlagafrumvarpi 1986 er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárins.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að lántökur Landsvirkjunar til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum nemi alls 740.000 þús. kr. Fyrirhugað er að verja fénu til framkvæmda við Blönduvirkjun, Kvíslaveitu o. fl. Við þessar lántökur verði gætt ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 um fyrirtækið, en þar segir:

„Landsvirkjun er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Að því leyti sem nýjar skuldbindingar og ábyrgðir fara fram úr 5% af höfuðstól (bókfærðu eigin fé í lok næstliðins árs) á ári hverju, þarf Landsvirkjun að leita samþykkis eignaraðila.

Af hálfu ríkisins þurfa iðnaðar- og fjármálaráðherra að staðfesta slíkt samþykki."

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Þróunarfélag er heimilt að stofna á grundvelli laga nr. 69/1985. Þróunarfélaginu er ætluð 150.000 þús. kr. lántökuheimild á árinu 1986 en á árinu 1985 hefur félagið 190.000 þús. kr. lántökuheimild. Óvíst er hvort lántökuheimild ársins 1985 verður nýtt að fullu og verður heimilt að flytja það sem ekki er nýtt í ár til ársins 1986.

Um 6. gr.

Erlend lánsfjáröflun hitaveitna er áformuð alls 95.000 þús. kr. Fénu er ekki skipt í frumvarpi þessu til einstakra hitaveitna. Lánsfénu verður aðallega ráðstafað til framlengingar eldri lána og minni háttar framkvæmda. Víða um land eiga hitaveitur í miklum rekstrarerfiðleikum vegna þungrar greiðslubyrði af áhvílandi lánum. Fjármálaráðherra mun ekki veita hlutaðeigandi hitaveitum ábyrgðir fyrr en rekstrarstaða þeirra hefur verið könnuð.

Um 7. gr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs Íslands eru fyrirhugaðar alls 2.022.000 þús. kr. á árinu 1986. Ráðgert er að mæta fjárþörf sjóðsins með 280.000 þús. kr. af eigin fé, 350.000 þús. kr. verði fengnar að láni hjá bankakerfinu og að skuldabréfakaup lífeyrissjóða nemi 150.000 þús. kr. Að auki nemur heimild til erlendrar lántöku Framkvæmdasjóðs Íslands samkvæmt þessari grein 1.242.000 þús. kr.

Um 8. gr.

Lánveitingar Byggðastofnunar eru fyrirhugaðar alls 530.000 þús. kr. á árinu 1986. Ráðgert er að lánveitingum stofnunarinnar verði mætt með 100.000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé, 80.000 þús. kr. ríkisframlagi og heimiluð verði erlend lántaka að fjárhæð 350.000 þús. kr.

Um 9. gr.

Heildarlánveitingar Iðnþróunarsjóðs á árinu 1986 eru áætlaðar 290.000 þús. kr. Fyrirhugað er að lánveitingum sjóðsins verði mætt með 210.000 þús. kr. af eigin ráðstöfunarfé hans og heimiluð verði erlend lántaka að fjárhæð 80.000 þús. kr.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11.—23. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986, um skerðingu lögboðinna framlaga, er nauðsynlegt að ákvæðum hlutaðeigandi laga sé breytt.

Um 24. gr.

Í lánsfjárlögum 1985 voru greiðslur ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum bundnar við eigi hærri fjárhæð en 635.000 þús. kr. Með þessari grein eru þessar greiðslur einnig skertar á árinu 1986 og settar að hámarki 730.000 þús. kr.

Um 25. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Sérstaklega hefur þetta komið illa niður á ýmsum orkufyrirtækjum með langan afskriftartíma.

Um 26. gr.

Fyrirsjáanlegt er að útgjöld verða meiri á árinu 1985 heldur en gert var ráð fyrir í fjárlögum, og því er hér leitað heimildar til nauðsynlegrar lántöku.

Sþ. 3. Tillaga til þingsályktunar [3. mál]

um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að marka nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja nú þegar aðgerðir til að snúa sem fyrst við fólksflótta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins.

Í þessu skyni verði m. a. komið á meiri valddreifingu en nú er með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar. Jafnframt verði greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er. Með opinberum fjárveitingum og stjórnvaldsaðgerðum verði þannig hlúð að byggðarlögum um land allt og stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda til lands og sjávar.

Bent er m. a. á eftirfarandi þætti í byggðastefnu til að árangur náist sem fyrst:

Að koma rekstrarstöðu frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, í það horf að þessir atvinnuvegir hafi forsendur til endurnýjunar og þróunar.

Að tryggja landsbyggðinni vaxandi hlut í þjónustugreinum og nýsköpun í atvinnulífi.

Að auka ráðgjöf í atvinnulífi og um stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðsluþátta úti um land.

Að færa hluta af stjórnsýslu- og þjónustuþáttum ríkisins með skipulegum hætti út í landshlutana.

Að velja stofnunum á vegum ríkisins stað á landsbyggðinni í auknum mæli.

Að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, m. a. orku og fjarskipti.

Að flytja verkefni Byggðasjóðs til sérstakra þróunarsjóða landshlutanna er fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Ríkisstjórnin gefi Alþingi haustið 1986 skýrslu um stöðu byggðamála og leggi fyrir þingið tillögur um nýja byggðastefnu og valddreifingu er taki mið af þessari þingsályktun.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari um nýja byggðastefnu og valddreifingu er gert ráð fyrir róttækri breytingu í byggðamálum með það að markmiði að efnaleg staða landsbyggðarinnar styrkist sem fyrst og sjálfræði einstakra landshluta og sveitarfélaga í eigin málum vaxi til muna frá því sem nú er.

Tillagan gerir ráð fyrir að þessum markmiðum verði m. a. náð með eftirtöldum hætti:

1. Rekstrarstaða frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, verði strax leiðrétt og milliliðir og þeir sem sitja í yfirbyggingunni í þjóðfélaginu komist ekki upp með að blóðmjólka þær lengur.
2. Hlutur landsbyggðarinnar í þjónustustarfsemi verði markvisst aukinn, m. a. með tilfærslu opinberra þjónustuþátta og viðskiptastarfsemi út í landshlutana.
3. Nýsköpun í atvinnumálum verði að verulegu leyti miðuð við eflingu atvinnulífs út um land, reist á góðu skipulagi, virkri ráðgjafarþjónustu og frumkvæði heimamanna.
4. Aðstaða heimila og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni verði bætt með því að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, svo sem orku og fjarskipti.

5. Komið verði á héraðsstjórnum er kjörnar verði með lýðræðislegum hætti í hlutfallskosningum innan viðkomandi þjónustusvæða eða kjördæma.
6. Héraðsstjórnir fái tekjustofna til að ráðstafa í verkefni í ýmsum málaflokkum á viðkomandi svæði. Slíkir tekjustofnar taki m. a. mið af framleiðslustarfsemi á svæðinu og athugað verði að veita til héraða í samræmi við íbúafjölda ákveðnum hundraðshluta af söluskatti eða öðrum tekjustofnum sem ríkið hefur notað.
7. Ýtt verði undir stækkun sveitarfélaga með samruna þannig að lífvænlegar einingar myndist í atvinnumálum, félagsmálum og daglegri þjónustu.
8. Sveitarfélögin fái aukið sjálfræði í tekjuöflun, svo og nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum frá ríkinu.
9. Sjálfsstjórn fámennra byggða varðandi sérmálefni haldist að miklu leyti þótt sveitarfélögin stækki. Í því skyni verði kosin hreppsráð í stað hreppsnefndar er fari með heimamálefni í samvinnu við sveitarstjórn.
10. Verkefni Byggðasjóðs verði flutt út í landshlutana þar sem stofnaðir verði þróunarsjóðir og þróunarstofur er vinni að hagrænum málum og áætlanagerð á vegum héraðsstjórna.

Hér verður á eftir lýst ríkjandi ástandi og helstu ástæðum fyrir því byggðahruni sem nú blasir við að öllu óbreyttu. Síðan er gerð nánari grein fyrir þeim aðgerðum í byggðamálum og valddreifingu sem tillagan gerir ráð fyrir.

1. YFIRLIT UM RÍKJANDI ÁSTAND.

Á undanförnum árum hefur hallað mjög undan fæti í byggðamálum hérlendis. Eftir tímabundið jafnvægi í fólksflutningum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins á síðasta áratug hefur orðið mikil breyting til hins verra vegna fólksflótta af landsbyggðinni og keyrt hefur um þverbak í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þannig reyndist brottflutningur fólks af landsbyggðinni umfram aðflutta nema 1071 manni á árinu 1984 sem er óhagstæðasta niðurstaða frá því að skráning á slíkum flutningum hófst árið 1961. Flest bendir til að þetta sé upphafið að kollsteypu í þróun búsetu í landinu nema strax verði spyrnt á móti með gjörbreyttri stjórnarstefnu og samþættum aðgerðum til að treysta búsetu um land allt.

Óeðlileg byggðaröskun er eitt stærsta þjóðfélagsvandamál hérlendis og það er sameiginlegur hagur landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að ná tökum á því áður en það verður um seinan. Á höfuðborgarsvæðinu fylgja margháttuð vandamál hinu öra aðstreymi fólks þangað, bæði frá atvinnulegu og félagslegu sjónarmiði. Líkur eru á að verulegur og vaxandi hluti fjölgunar íbúa á höfuðborgarsvæðinu leiði til brottflutnings fólks úr landi. Fyrir landsbyggðina er hér um að ræða undirstöðuna undir tilverurétti hennar því að víða blasir nú við byggðahrun ef fram heldur sem horfir og er það engan veginn einskorðað við útkjálka eða svonefnd jaðarsvæði.

Í töflu I hér á eftir er brugðið upp tölum sem sýna árlega nettótilfærslu fólks milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis á árunum 1971—1984.

Á línuritinu hér fyrir neðan er dregin upp mynd af fólksflutningum innanlands á árunum 1961—1984 til og frá landsbyggðinni. Þar kemur m. a. glöggt fram mikill munur á brottflutningi fólks frá landsbyggðinni og flutningi fólks út á land á árunum 1961—1970 en á þessum áratug „viðreisnarstjórnar" Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks missti landsbyggðin yfir 7000 manns suður, eða 9% íbúafjöldans eins og hann var árið 1960. Á árunum 1970—71 eykst búsetutilfærsla hér innanlands mjög skyndilega, í fyrstu er hún neikvæð fyrir landsbyggðina en á árunum1975-1978 var komið á jafnvægi þar sem aðflutningur og brottflutningur héldust nær alveg í hendur. Ekki er vafi á að hér skipti sú uppbygging atvinnu, sem grunnur var lagður að af vinstri stjórninni 1971—74, mestu máli ásamt útfærslu landhelginnar. Á sama tíma var Byggðasjóður efldur og miklu fjármagni varið í uppbyggingu opinberrar þjónustu á sviði skólamála og heilsugæslu. Frá árinu 1980 að telja hefur á ný dregið sundur með þessum svæðum landsbyggðinni í óhag þannig að við blasir byggðahrun á mörgum stöðum.

Tafla I Fólksflutningar innanlands

1971 - 84

Ár	Landsbyggð % af íbúafj.	Suðurnes % af íbúafj.	Höfuðborgarsvæði % af íbúafj.
1971	-1.0%	0.7%	0.7%
1972	-0.7%	0.9%	0.4%
1973	-0.1%	0.7%	0.0%
1974	-0.4%	1.6%	0.2%
1975	0.0%	0.2%	0.0%
1976	0.0%	0.8%	-0.1%
1977	0.0%	2.0%	-0.2%
1978	0.1%	0.8%	-0.2%
1979	0.0%	0.0%	0.0%
1980	-0.1%	0.7%	0.0%
1981	-0.7%	0.4%	0.5%
1982	-0.8%	-0.3%	0.6%
1983	-1.0%	0.6%	0.7%
1984	-1.1%	-0.3%	0.9%
Alls	-5.8%	8.4%	3.6%

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild Apríl 1985

Búseta og atvinnuþróun.

Hin neikvæða búsetuþróun síðustu ára hefur orðið á sama tíma og mjög hefur verið þrengt að frumvinnslugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, sem eru undirstaðan í atvinnulífi víðast hvar á landsbyggðinni. Jafnframt hefur dregið þar úr hlutdeild þjónustugreina í atvinnusköpun miðað við landið í heild en hún vaxið að sama skapi á höfuðborgarsvæðinu, sbr. töflu II.

Tafla II.

Hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum.

	1964—1970	1971—1974	1975—1979	1980—1982
Útvegsgreinar	136%	131%	81%	69%
Iðngreinar	32%	49%	56%	48%
Þjónustugreinar	19%	25%	36%	23%
Alls	31%	36%	49%	33%

Í þessari töflu er ekki tekið tillit til landbúnaðar en á sama tímabili (1964—82) fækkaði störfum í landbúnaði um 2677. Það eru hins vegar aðrar greinar og þá einkum þjónustugreinar sem skipta sköpum þegar um vöxt þéttbýlis er að ræða sem er ráðandi í þróun byggðar á þessum áratugum.

Stórfelld eignatilfærsla frá frumvinnslugreinum.

Það er ekki aðeins að höfuðborgarsvæðið hirði lungann úr nýjum störfum í þjónustugreinum og í síauknum mæli hin síðustu ár heldur hefur á sama tíma verið þrengt að frumvinnslugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, með stjórnvaldsaðgerðum. Miðað við þær rekstraraðstæður sem þeim hafa verið búnar, einkum í tíð núverandi ríkisstjórnar, er ekki ofmælt að þessum burðarásum í atvinnulífi landsbyggðarinnar sé að blæða út í fjárhagslegu tilliti.

Þannig liggur það fyrir að á síðustu tveimur árum hefur eiginfjárstaða sjávarútvegsins, þ. e. útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja, versnað sem svarar til 6000 milljóna króna reiknað á föstu verðlagi. Skuldir þessara fyrirtækja eru orðnar yfir $^2/_3$ af eignunum og eigið fé sem hlutfall af eignum komið niður í þriðjung. Hjá útgerðarfyrirtækjum er þetta hlutfall enn verra eða $^4/_5$ skuldir á móti $^1/_5$ í eigin fé en fyrir fjórum árum stóð þetta hlutfall jafnt 50:50.

Þessar staðreyndir byggjast á gögnum frá Seðlabanka Íslands. Það var Kjartan Ólafsson, varaþingmaður Alþýðubandalagsins, sem dró þær fram í dagsljósið í grein í blaðinu Vestfirðingi 4. mars 1985 og er hún birt sem fylgiskjal IV með þessari tillögu.

Þessi gífurlega eignatilfærsla frá helsta undirstöðuatvinnuvegi landsmanna til þjónustugreina og viðskiptalífs er um leið að langmestu leyti eignatilfærsla frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hún verður ekki nema að óverulegu leyti skýrð með breyttum ytri aðstæðum og er því fyrst og fremst til komin vegna pólitískra aðgerða ráðandi afla í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki sem nú fara með stjórn landsins.

Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í landbúnaði þó að sams konar gögn í tölum hafi enn ekki verið dregin fram í dagsljósið því til staðfestingar.

Ekkert vegur þyngra í byggðamálum en þessi fjármagnstilflutningur vegna stjórnarstefnu síðustu ára og það er langt frá því að afleiðingar hans séu enn komnar í ljós nema að litlu leyti. Honum fylgja ekki aðeins þrengingar og samdráttur í viðkomandi greinum heldur kreppuboðar á öllum sviðum á landsbyggðinni: Tekjur viðkomandi sveitarfélaga dragast stórlega saman, íbúðaverð snarlækkar og atvinna minnkar og um leið tekjur til viðbótar við almenna kjaraskerðingu.


ÞÚSUND
FÓLKSFLUTNINGAR INNANLANDS 1961-1984
6
5
4
3
2
1
0
FRÁ
LANDSBYGGÐIN
SAMTALS
TIL
FRÁ
JAÐARSVÆÐI
TIL
FRÁ
MIÐSVÆÐI
TIL
61
63
65
67
69
71
73
75
77
79
81
83
84
ÁR

Samdráttur í opinberum framkvæmdum.

Annar þáttur, sem harðar bitnar á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu, er hinn mikli samdráttur að undanförnu í framlögum ríkisins til opinberra framkvæmda skv. fjárlögum. Þótt fjárlög hafi hækkað ár frá ári í tíð núverandi ríkisstjórnar og skuldir ríkissjóðs vaxið hröðum skrefum hefur framkvæmdafé rýrnað stórlega. Sá mikli samdráttur birtist í lækkuðum fjárveitingum, m. a. til skólabygginga, heilbrigðismála og hafnagerðar. Í samgönguþáttum, sem fyrst og fremst snerta landsbyggðina, er sömu sögu að segja. Framlög til vegamála á yfirstandandi ári eru um hálfum milljarði lægri en vera ætti skv. stefnumörkun Alþingis sem samþykkt var árið 1982, er nú aðeins 1,87% í stað 2,47% af þjóðartekjum, og enn er stefnt að miklum niðurskurði skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986.

Til framkvæmda á flugvöllum vegna innanlandsflugs er í ár aðeins veitt 69 milljónum króna en á sama tíma eru teknar 100 milljónir króna að láni erlendis til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli.

Fátt skiptir landsbyggðina meira máli en bættar samgöngur til að tengja saman byggðirnar og á það jafnt við um uppbyggingu atvinnulífs og félagsleg samskipti. Því er stefnan í fjárveitingum til þessara mála afar afdrifarík og talar sínu máli um hug stjórnvalda til byggðaþróunar hverju sinni.

Rýrnun Byggðasjóðs.

Hér hefur verið vakin athygli á hinni almennu stefnu stjórnvalda í atvinnumálum og minnkandi framlögum til opinberra framkvæmda sem mestu skiptir um byggðaþróun hverju sinni. Fyrir liggur að aldrei hefur þessum málum verið verr komið frá því á sjöunda áratugnum en í tíð núverandi ríkisstjórnar. En hvernig skyldi þá vera háttað afkomu Byggðasjóðs og öðrum sértækum ráðstöfunum til stuðnings landsbyggðinni? Það verður best sýnt á meðfylgjandi súluriti þar sem fram kemur heildarráðstöfunarfé Byggðasjóðs á föstu verðlagi á tímabilinu 1972—1985. (Sjá súlurit hér á eftir.)

Þar kemur fram sílækkandi framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs á undanförnum árum og að mikið vantar á það í ár að heildarráðstöfunarfé sjóðsins nái þeirri viðmiðun að vera eigi lægra en 2% af útgjöldum fjárlaga hvað þá að ríkisframlag nái því marki eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Staða Byggðasjóðs (nú Byggðastofnunar) hefur aldrei verið eins bág og skv. áætlun yfirstandandi árs þar sem eigið fé er neikvætt í fyrsta sinn og mikið vantar á að náð sé 2%-markinu þótt allt tiltækt fjármagn sé meðtalið.

2. AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA.

Leiðrétting á rekstrarstöðu frumvinnslugreina.

Skjótvirkasta aðgerðin til að breyta aðstæðum til bóta á landsbyggðinni er að leiðrétta nú þegar rekstrargrundvöll í sjávarútvegi og landbúnaði þannig að vel rekin fyrirtæki í frumvinnslugreinum og fiskvinnslu skili hagnaði og geti staðið undir lífvænlegum launum og keppt um gott vinnuafl við aðrar greinar.

Meðal aðgerða, sem grípa þarf til í þessu skyni, eru tafarlaus lækkun vaxta samhliða lengingu lána, lækkun á orkukostnaði, farmgjöldum og endurskoðun á milliliðakostnaði vegna aðfanga, sölu og dreifingar afurða.

Jafnhliða slíkum ráðstöfunum þarf að hvetja til og taka ákvarðanir um ýmsar grunnbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi og stjórnun í frumvinnslugreinunum. Þar er m. a. um að ræða framleiðslustjórnun í landbúnaði með það að markmiði að jafna aðstöðu meðal bænda og fella framleiðslu að landgæðum og markaðsaðstæðum á ákveðnu tímabili. Í sjávarútvegi þarf að þróa kostnaðarminni veiðiaðferðir sem jafnframt skila betra hráefni til vinnslu og nýta hráefni sem sumpart er nú hent eða er vannýtt. Endurskoða þarf tilhögun fiskveiðistjórnunar í ljósi fenginnar reynslu, m. a. varðandi handfæraveiðar og gæðakröfur.

BYGGÐASJÓÐUR MARS 1985

RÍKISFRAMLÖG, "EIGIÐ FÉ" OG LÁNTÖKUR BYGGÐASJÓÐS Á VERÐLAGI 1984 M.V. BYGGINGARVÍSITÖLU



Í fiskvinnslu þarf sérstaklega að kanna þá þróun sem nú er hafin með útgerð frystitogara og áhrif hennar á vinnslu í landinu og á nýtingu frystihúsa.

Nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Um leið og tryggja verður viðunandi rekstrarstöðu sjávarútvegs og landbúnaðar þarf að leggja ríka áherslu á nýsköpun atvinnulífs í sveitum og þéttbýli um land allt. Mikið veltur á að nýta vel takmarkað fjármagn í þessu skyni og gera sér fyrir fram sem ljósastar rekstrarforsendur nýrra framleiðsluþátta og atvinnugreina. Auknu fjármagni verður að verja í rannsóknir, ráðgjöf, vöruþróun og markaðsstarfsemi. Vegna aðstæðna skiptir samstarf og samhæfing á sem flestum sviðum enn meira máli fyrir nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, m. a. vegna flutningskostnaðar og fleiri íþyngjandi þátta.

Endurbætur og gott skipulag samgöngumála er eitt af undirstöðuatriðum til að skapa forsendur fyrir atvinnuþróun út um land. Sama máli gegnir um orkuverð og orkuafhendingu sem verður að vera á hliðstæðum kjörum og á höfuðborgarsvæðinu ef búa á nýrri atvinnustarfsemi svipuð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði og á landsbyggðinni.

Ýta þarf undir frumkvæði heimamanna sem víðast með ráðgjöf og aðstoð við að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi. Í þeim efnum voru mikilvæg skref stigin á árunum 1979—83, m. a. með löggjöf um iðnráðgjafa og smáfyrirtækjaverkefni undir kjörorðinu: „Taktu þér tak".

Sem sýnishorn af frekari hugmyndum um atvinnuþróun á landsbyggðinni er á fylgiskjali V birt yfirlit um „Þróunarverkefni — leið til að efla atvinnu- og byggðaþróun —" tekið saman á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Það skiptir á sama hátt höfuðmáli fyrir landsbyggðina að í tíð fyrri ríkisstjórna var unnið að hringtengingu raforkukerfisins, sama raforkuverð var lögboðið í heildsölu til allra landshluta og ákvörðun tekin um stórar virkjanir á Norður- og Austurlandi. Jafnframt var við það miðað að innlend stórfyrirtæki, sem hagnýta innlenda orku og hráefni, skuli rísa úti í landshlutunum en ekki einvörðungu á Faxaflóasvæðinu.

Núverandi ríkisstjórn hefur reynt að víkja frá þessari stefnu og tekið á ný upp þjónkun við erlend auðfélög sem engu vilja til kosta að stuðla að byggðaþróun hérlendis en hugsa einvörðungu um að ná hámarksgróða út úr viðskiptum við Íslendinga.

Landsbyggðin sæki á í þjónustustarfsemi.

Vöxtur margháttaðrar þjónustustarfsemi hefur sett svip sinn á atvinnuþróun hérlendis síðustu áratugi eins og í löndum á svipuðu hagþróunarstigi. Undir heitinu þjónustustarfsemi rúmast fjölmargar atvinnugreinar sem eiga það helst sammerkt að vera ekki bein vöruframleiðsla. Hér falla undir verslun og viðskipti, flutningastarfsemi, opinber stjórnsýsla og mennta- og heilbrigðiskerfi svo að nokkuð sé nefnt.

Menn getur greint á um gildi einstakra þátta í þjónustustarfsemi og um æskilegan vöxt þeirra, m. a. í verslun og bankastarfsemi. Flestir gera ráð fyrir fjölgun starfa í þjónustu en samdrætti eða óbreyttum mannafla í frumvinnslugreinum og iðnaði. Þessu veldur aukin framleiðni, m. a. vegna vélvæðingar og sjálfvirkni.

Í meðfylgjandi töflu III er að finna yfirlit frá Framkvæmdastofnun um fjölgun ársverka á öllu landinu á árunum 1974—82, sundurliðað í einstök tímabil.

Tafla III.

Meðalfjölgun ársverka á ári í landinu öllu.

	1964—1970	1971—1974	1975—1979	1980—1982
Landbúnaður	74	−108	−469	−139
Fiskveiðar og fiskiðnaður	93	97	439	506
Annar iðnaður og veitur	331	420	528	349
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	220	592	−154	471
Þjónustugreinar	1 223	1 934	1 289	2 584
Samtals	1 941	2 935	1 632	3 771
Þjónustugreinar sem hlutfall af heild	63%	66%	79%	69%

Í greinargerð Framkvæmdastofnunar segir um þetta m. a.:

„Atvinnusköpun alls tímabilsins var 44 799 störf sem var 2,7% fjölgun starfa að meðaltali á ári. Lítill hluti þessarar aukningar varð í þeim atvinnugreinum, sem mest tengjast landsbyggðinni, landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Í landbúnaði fækkaði störfum um 2 677, fjölgaði í fiskveiðum um 1 281 og í fiskvinnslu um 3 468. Fjölgun starfa í þessum greinum samanlagt var 2 072 eða 4,6% af heildarfjölgun starfa. Stærsti hluti aukningarinnar var í þjónustugreinum. Þar bættust við 30 490 ný störf eða 68% heildaraukningarinnar."

Í töflu II hér á undan kom fram að hlutur þjónustugreina á landsbyggðinni fór minnkandi á árunum 1980—82 en vaxandi á höfuðborgarsvæðinu. Nánari athugun varðandi árabilið 1976—82 sést í töflu IV skv. gögnum Framkvæmdastofnunar.

Tafla IV.

Fjölgun ársverka 1976—1982.

	Aðalþéttbýli höfuðborgar-svæðisins	Aðrir hlutar Suðvestur-lands	Lands-byggðin	Ísland
Grunngreinar	+817	+795	+1 736	+3 348
Þjónustugreinar	+7 563	+1 720	+2 097	+11 380
Margföldun	7 563 :817 = 9,26	1 720 :795 = 2,16	2 097 :1 736 = 1,21	11 380 :3 348 = 3,40

Hér kemur það fram að á móti hverju einu starfi í framleiðslugreinum (grunngreinum) koma rúmlega níu störf í þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu en einungis rúmlega eitt úti á landi.

Það er við þessari þróun sem sérstaklega verður að sporna vilji menn í raun stöðva fólksstrauminn frá landsbyggðinni. Það verður ekki gert með því einu að rétta við rekstrarstöðu frumvinnslugreinanna, að auki verður landsbyggðin að taka til sín langtum meiri hlut í þjónustustörfum. Þar reynir á að ríkisvald og sveitarfélög veiti skynsamlega forustu um breytingar á stjórnsýslu og marki nýja farvegi fyrir það fjármagn sem að miklu leyti verður til í undirstöðugreinum á landsbyggðinni.

Einn þáttur, sem miklu skiptir, er innflutningsverslunin sem landshlutarnir þyrftu að taka í eigin hendur að verulegu leyti, svo og aðflutning á vörum, m. a. með beinum siglingum frá útlöndum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins dregur upp eftirfarandi mynd af skiptingu fólksfjölda og aldursskiptingu milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar miðað við árslok 1984 skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands:

Höfuðborgarsvæðið	130 485	54%
Aðrir landshlutar	109 600	46%
Ísland	240 085	100%

Eftirfarandi tafla gefur einfalda mynd af aldursskiptingu svæðanna:

Aldursskipting 1984.

	Höfuðborgar-svæðið	Aðrir landshlutar	Ísland
Undir 20 ára	33%	38%	36%
20—69 ára	60%	55%	57%
70 ára og eldri	7%	7%	7%

Um þetta segir í drögum að ársskýrslu byggðadeildar:

„Hlutfallslega fleira ungt fólk býr utan höfuðborgarsvæðisins, sjötugir og eldri eru í sama hlutfalli. Vegna þessarar aldursskiptingar kemur hlutfallslega fleira fólk inn á vinnumarkaðinn úti á landi, þ. e. a. s. sé ekki reiknað með flutningum. Framreikningur á atvinnumannafla gefur eftirtaldar niðurstöður:

Fjöldi nýliða á vinnumarkaði 1985—1994 miðað við óbreytt landsmeðaltal atvinnuþátttöku.

	Fjöldi nýliða	Meðalfjölgun á ári
Höfuðborgarsvæðið	7 315	1,0%
Aðrir landshlutar	9 370	1,7%
Ísland	16 685	1,4%

Vegna mismunar á aldursskiptingu eru nýliðar meira en tveimur þúsundum fleiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan. Markmið byggðaþróunaraðgerða er m. a. að skapa atvinnu nærri heimahögum fyrir eins mikinn hluta þessa fólks og unnt er. Reynslan hefur sýnt að þegar þetta er mögulegt hefur fólk valið nálæga þéttbýlisstaði til búsetu. Hér er gengið út frá því að það sé ósk mikils hluta þessa unga fólks að eiga kost á framtíðarvinnu innan síns héraðs eða landshluta."

Þessar tölur tala skýru máli um það stóra verkefni sem við blasir á vettvangi byggðamála.

Ný tök á stjórnsýslu.

Þeir þættir eru margir þar sem opinberir aðilar geta haft áhrif á byggðaþróun ef fylgt er skilmerkilegri stefnu, ekki aðeins í atvinnuþróun heldur einnig á sviði stjórnsýslu.

Þar er hægt að breyta til með róttækum hætti og hafa með því veruleg áhrif á byggðaþróunina. Verður hér bent á nokkur atriði sem til álita koma:

a. Nýjum ríkisstofnunum og stjórnsýsluþáttum ríkisins verði í vaxandi mæli komið á fót utan höfuðborgarsvæðisins og ekki bætt við mannafla á Reykjavíkursvæðinu á vegum ríkisins eða ríkisstofnana nema í litlum mæli. Ákvörðun um slíka stefnu verði tekin í fyrstu til 10 ára og endurskoðuð að fenginni 5 ára reynslu.

b. Starfsemi stjórnarráðs og ríkisstofnana verði endurskoðuð á vegum Alþingis með það að markmiði að flytja á næstu 5 árum marga stjórnsýslu- og þjónustuþætti, sem ríkið nú hefur með höndum að hluta til, út í byggðarlögin (útibú), þar sem þeim verði komið fyrir á vegum ríkisins eða héraðsstjórna í samstarfi við sveitarfélög í landshlutunum.

Meðal málaflokka, sem athuga ætti í þessu sambandi, eru eftirtaldir:
húsnæðismál,
almannatryggingar,
skipulagsmál,
byggðamál,
menntamál,
málefni safna,
heilbrigðiseftirlit,
rafmagnseftirlit.

c. Ýmis verkefni, sem ríkið nú hefur með höndum eða að hluta til, verði alfarið færð til sveitarfélaga í tengslum við markvissa stækkun þeirra. Endurskoðun á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga haldist í hendur við slíka uppstokkun ríkiskerfisins.

Við gerð áætlunar um tilfærslu opinberrar þjónustu og ríkisstofnana verði m. a. höfð hliðsjón af áliti stofnananefndar sem skilaði af sér til stjórnvalda á árinu 1975, sbr. fylgiskjal VII.

Ekki er vafi á að tilfærsla á verkefnum og mannafla skv. lið a—c hér að ofan mundi hafa veruleg áhrif, bæði beint með fjölgun starfa svo og til að efla sjálfstraust og atgervi innan héraða og viðkomandi byggðarlaga.

Nýtt stjórnsýslustig.

Tillagan gerir ráð fyrir að komið verði á héraðsstjórnum sem kosið verði til beint með lýðræðislegum hætti samhliða sveitarstjórnarkosningum. Fái héruðin sjálfsstjórn og umsýslu í ýmsum málaflokkum sem nú eru í höndum ríkis eða ríkis og sveitarfélaga.

Héraðsstjórnirnar fái ákvörðunarvald í málum sem varða viðkomandi svæði, þar á meðal skiptingu fjármagns sem Alþingi veitir til tiltekinna málaflokka, t. d. fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála.

Þá fari héruðin með ráðgefandi vald í málum sem sameiginleg eru með ríki og sveitarfélögum á viðkomandi svæði. Á vettvangi héraðsstjórna yrði einnig um að ræða margs konar samráð í málum sem varða sveitarfélög einvörðungu.

Álitamál er hversu vítt héruðin eiga að spanna landfræðilega. Kemur þar einkum til greina að miða þau við skiptingu landsins í þjónustusvæði sem samkvæmt hugmyndum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar gætu orðið rúmlega tuttugu talsins eða að miða við núverandi kjördæmaskiptingu, þ. e. utan Suðvesturlands (Reykjanes- og Reykjavíkurkjördæmi). Hvor kosturinn, sem valinn væri, er að mati flutningsmanna þessarar tillögu líklegur til að auka sjálfstæði landsbyggðarinnar og ýta undir samruna sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið.

Tekjuöflun héraða og sveitarfélaga.

Hverju héraði verði ætlaðir tekjustofnar til að standa undir þeim verkefnum er verða á valdi héraðsstjórna, svo og sameiginlegum verkefnum skv. ákvörðun sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Tekjur, sem héraðsstjórnir fengju til ráðstöfunar, gætu komið m. a. frá eftirtöldum aðilum:

a. frá ríki skv. ákvörðun Alþingis, m. a. með hliðsjón af framleiðslustarfsemi á viðkomandi svæði miðað við verðmætasköpun næsta ár á undan;
b. frá ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti og þá í samræmi við íbúatölu á svæðinu;
c. frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni á svæðinu;
d. frá aðilum sem hafa stóran hluta tekna sinna af viðskiptum við landsbyggðina en greiða nú aðstöðugjald til þess staðar þar sem þeir hafa heimili og varnarþing (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar o. s. frv.).

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög afli áfram tekna með útsvari en skv. eigin ákvörðun um álagningarhlutfall. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga koma því aðeins til álita að nýtt hafi verið tiltekið lágmarkshlutfall við álagningu útsvars. Taka þarf tillit til aðstæðna sveitarfélaga til tekjuöflunar, m. a. að sjávarpláss þurfa að jafnaði að leggja í mun meiri tilkostnað til að afla tekna en staðir sem byggja fyrst og fremst á iðnaði og þjónustu.

Þróunarsjóðir og þróunarstofur landshluta.

Í tengslum við héraðsstjórnir innan hvers landshluta (kjördæmis) verði komið á fót **þróunarsjóðum** er taki við verkefnum Byggðasjóðs og fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og stórfyrirtækjum sem að meiri hluta eru í eigu ríkisins og staðsett eru í viðkomandi landshluta (orkuver, orkufrek iðnfyrirtæki). — Héraðsstjórnir í hverjum landshluta (kjördæmi) ættu sameiginlega að starfrækja **þróunarstofur** sem ætlað sé það hlutverk að safna upplýsingum og gera tillögur um hagþróun og sameiginleg langtímaverkefni í viðkomandi landshluta.

Rétt er að gera ráð fyrir að sett verði á fót Byggðastofnun um leið og Framkvæmdastofnun er lögð niður. Byggðastofnunin ætti að verða þjónustu- og stuðningsaðili við þróunarstofur og þróunarsjóði landshlutanna.

Hérösstjórnirnar tækju ákvörðun um verkefnaval þróunarstofa og settu reglur um úthlutun fjármagns úr þróunarsjóði landshlutans til nýsköpunar í atvinnulífi og brýnna sameiginlegra viðfangsefna, þar á meðal fjárveitingar til viðbótar öðrum framlögum skv. fjárhagsáætlun fyrir einstök svæði eða skv. fjárlögum Alþingis. Gera verður ráð fyrir að héraðsstjórnir komi saman nokkrum sinnum á ári og starfræki skrifstofu sem m. a. hafi umsjón með fjárreiðum og eftirlit með störfum þróunarstofu og þróunarsjóðs.

Stækkun sveitarfélaga — þjónustusvæði.

Að mati flutningsmanna er eðlilegt að stefnt sé að auknu samstarfi og sameiningu sveitarfélaga frá því sem nú er þannig að þau nái því sem víðast að mynda lífvænlegar heildir sem rækt geti lágmarksþjónustu við íbúana og skyldur sem sveitarfélögunum eru lagðar á herðar af löggjafanum.

Slíkt samstarf og samruni sveitarfélaga hlýtur ekki síst að fara eftir landfræðilegum aðstæðum og samgöngum þannig að úr verði starfhæf þjónustusvæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Við sameiningu fámennra sveitarfélaga innbyrðis eða við fjölmennari sveitarfélög er eðlilegt að gera áfram ráð fyrir sjálfsstjórn hreppanna í þeim málum er snerta fyrst og fremst íbúa innan þeirra, svo sem barnafræðslu (skólasel), fjallskil og félagsheimili. Þannig verði kosin sérstök **hreppsráð** í dreifbýli í stað hreppsnefnda samhliða sveitarstjórnarkosningum og fari þau með sérstök málefni er varða íbúa hreppsins skv. framansögðu í samráði við sveitarstjórn svæðisins.

Með þessari sveigjanlegu skipan á í senn að vera unnt að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og viðhalda með eðlilegum hætti þeirri valddreifingu sem nú er innan fámennra sveitarfélaga.

Eðlilegt er að ríki og héraðsstjórnin hvetji til sameiningar sveitarfélaga með félagslegum og fjármálalegum ráðstöfunum án þess að til valdboðs þurfi að koma. Þýðingarmikið atriði í þeirri nýskipan byggðamála, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er sameining sveitarfélaga þannig að ákveðin lágmarksstærð náist innan landfræðilega skynsamlegra marka.

Byggðanefnd þingflokkanna.

Vorið 1984 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra svonefnda byggðanefnd þingflokkanna undir forustu Lárusar Jónssonar, bankastjóra Útvegsbankans, og eiga fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum sæti í henni.

Nefnd þessi hafði haldið 12 fundi í lok febrúar 1985 og safnað nokkru efni og hugmyndum, m. a. frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Hins vegar bólar lítið á tillögum frá nefndinni utan erindi sem beint var til þingflokka 27. febr. s. l. og birt er sem fylgiskjal IX með þessari þingsályktunartillögu.

Þannig er ljóst að ekki er að vænta mikils frumkvæðis af þessari nefnd eða af ríkisstjórninni nema Alþingi láti þessi brýnu mál til sín taka. Með hliðsjón af þessari stöðu og nauðsyn aðgerða hið fyrsta er þingsályktunartillaga þessi nú flutt.

Fylgiskjöl:

I. Fólksflutningar innanlands 1971—1984. Framkvæmdastofnun — byggðadeild, apríl 1985.
II. Ársverk og meðallaun eftir kyni, svo og atvinnuþátttaka á árinu 1983. Framkvæmdastofnun — áætlanadeild, febrúar 1985.
III. Byggðasjóður: Skipting samþykktra lána og styrkja árið 1984. Framkvæmdastofnun, 1985.
IV. Sjávarútvegurinn rændur 6000 milljónum á tveimur árum. Grein Kjartans Ólafssonar í Vestfirðingi 4. mars 1985.
V. Þróunarverkefni — Leið til að efla atvinnu- og byggðaþróun. Iðnaðarráðuneytið, september 1984.
VI. Álit nefndar forsætisráðuneytisins „til að kanna staðarval ríkisstofnana . . .", október 1975 — útdráttur.
VII. Afstaða ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar til nefndarálits um flutning ríkisstofnana, apríl 1978.
VIII. Helstu niðurstöður úr skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ágúst 1983.
IX. Byggðanefnd þingflokkanna — erindi til formanna þingflokka frá 27. febrúar 1985.

Fylgiskjal I.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Höfuðborgarsvæði

INNANLANDSFLUTNINGAR 1971-84

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	4856	4100	756	0.7%
1972	5111	4638	473	0.4%
1973	4561	4589	-28	0.0%
1974	5739	5540	199	0.2%
1975	5496	5510	-14	0.0%
1976	5349	5446	-97	-0.1%
1977	5859	6065	-206	-0.2%
1978	5527	5709	-182	-0.2%
1979	5333	5312	21	0.0%
1980	5581	5552	29	0.0%
1981	6001	5428	573	0.5%
1982	5916	5148	768	0.6%
1983	6153	5289	864	0.7%
1984	6520	5407	1113	0.9%
ALLS	78002	73733	4269	3.6%

Sveitarfélaganúmer : 0-1604,2603-2604.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Landsbyggð

INNANLANDSFLUTNINGAR 1971-84

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	3334	4165	-831	-1.0%
1972	3547	4120	-573	-0.7%
1973	4216	4270	-54	-0.1%
1974	4374	4766	-392	-0.4%
1975	4197	4208	-11	0.0%
1976	4298	4294	4	0.0%
1977	4457	4501	-44	0.0%
1978	4193	4112	81	0.1%
1979	4266	4290	-24	0.0%
1980	4371	4498	-127	-0.1%
1981	4327	4948	-621	-0.7%
1982	4392	5114	-722	-0.8%
1983	4039	4988	-949	-1.0%
1984	4308	5373	-1065	-1.1%
ALLS	58319	63647	-5328	-5.8%

Sveitarfélaganúmer : 3000-8718.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Suðurnes

INNANLANDSFLUTNINGAR 1971-84

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	605	530	75	0.7%
1972	583	483	100	0.9%
A) höfuðborgarsvæðis, B) nágrannasvæða þess, C) annarra svæða. Nefndin hefur sett fram skrá yfir íbúafjölda hvers svæðis og bent á þá kosti sem fjölmennari svæðin, B-svæðin og um þriðjungur C-svæðanna, hafa fram yfir fámennari svæðin til að taka við meiriháttar ríkisstofnunum. B-svæðin eru: B1 Borgarfjarðarsvæði, B2 Selfosssvæði, B3 Suðurnesjasvæði. C-svæðin eru: C1 Snæfellsnessvæði, C2 Patreksfjarðarsvæði, C3 Ísafjarðarsvæði, C4 Húnaflóasvæði, C5 Skagafjarðarsvæði, C6 Eyjafjarðarsvæði, C7 Þingeyjarsvæði, C8 Austfjarðasvæði, C9 Hafnarsvæði, C10 Rangárvallasvæði, C11 Vestmannaeyjar.

Nefndin fjallar um ýmiss vankvæði við flutning ríkisstofnana, aðgerðir gagnvart starfsfólki til að auðvelda því að fylgja stofnun til nýrra heimkynna, kostnað við stofnanaflutning og almenn efnahagsáhrif hans. Nefndin gerir einnig grein fyrir því hvernig breyttir samgönguhættir á landi, á sjó og í lofti hafi þegar og muni enn frekar í næstu framtíð gera flutning stofnana frá höfuðborgarsvæðinu og starfsemi þeirra utan þess mun auðveldari. Í lok annars hluta nefndarálitsins er lýst störfum sams konar nefnda á Norðurlöndum og rakin framkvæmd stofnanaflutnings í Svíþjóð og Noregi.

Í þriðja hluta nefndarálitsins eru tillögur. Þær skiptast í nokkra flokka: tillögur um hvaða stofnanir verði áfram í Reykjavík, tillögur um heildarflutning, deildaflutning, útibúastofnun og útibúaeflingu; einnig eru nokkrar aðrar tillögur. Þessum tillögum verður hér lýst í stórum dráttum. Tölur innan sviga merkja þau aðsetursssvæði sem lagt er til að verði heimkynni, sbr. upptalningu að framan á B-svæðum og C-svæðum; á bls. 130-141 í nefndarálitinu er hins vegar að finna skrá yfir hvernig tillögugerðin í heild snertir hvert svæði. Kjarninn í hverjum tillöguflokki er þannig:

1) Nefndin telur eðlilegt og óhjákvæmilegt að margar ríkisstofnanir verði áfram á höfuðborgarsvæðinu og verði því hvorki fluttar í heild, einstakar deildir þeirra fluttar, stofnsett útibú eða núverandi útibú efld.

Þessar stofnanir eru: (a) Aðalstjórnstofnanir og nokkrar aðrar stjórnstofnanir: Forseti Íslands, Alþingi, Stjórnarráð, Hæstiréttur, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun, Flugmálastjórn, Saksóknaraembættið, Ríkisskattstjóraembættið, Landlæknisembættið; (b) Fámennar stjórnstofnanir sem lítil eða engin áhrif hefðu á þróun nýrra heimkynna eða þjónustuaðstöðu þegnanna: Iðnþróunarnefnd, Rannsóknaráð ríkisins, Áfengisvarnaráð, Barnaverndarráð, Endurhæfingarráð, Ferðamálaráð, Iðnfræðsluráð, Menntamálaráð ásamt Menningarsjóði og Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Náttúruverndarráð, Umferðarráð, Verðlagsráð sjávarútvegsins, Skilorðseftirlit ríkisins, Tryggingaeftirlit ríkisins, Yfirdýralæknisembættið; (c) Ýmsar fjármálastofnanir og þjónustustofnanir sem einkum eiga viðskiptaaðila á höfuðborgarsvæðinu: Fiskimálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnrekstrarsjóður, Iðnþróunarsjóður, Lánasjóður ísl. námsmanna, Tryggingasjóður fiskiskipa, Viðlagasjóður, Blóðbankinn, Skrifstofa ríkisspítalanna, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins; (d) Smærri skólar sem lítil áhrif hefðu á byggðaþróun og skólar sem eru sérstaklega tengdir annarri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu: Blindraskólinn, Fóstruskóli Íslands, Hótel-og veitingaskóli Íslands, Heyrnleysingjaskólinn, Ljósmæðraskóli Íslands, Röntgentæknaskólinn, Þroskaþjálfaskólinn; (e) Menningarstofnanir, einkum sérhæfð söfn, sem vegna starfsemi sinnar, húsakynna og starfsaðstöðu eru bundnar við þetta svæði: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Landsbókasafn Íslands, Listasafn Ásgríms Jónssonar, Listasafn Einars Jónssonar, Þjóðskjalasafn Íslands; (f) Ýmis fyrirtæki og stofnanir sem vegna fjárfestingar og viðskipa yrðu annars staðar mjög óhagkvæm í rekstri: Veðurstofa Íslands, Áburðarverksmiðja ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sala varnarliðseigna, Samábyrgð Ísl.á fiskiskipum, Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar, Sjómælingar Íslands, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, Grænmetisverslun ríkisins.

2) Nefndin leggur til að eftirtaldar 25 stofnanir verði fluttar í heild frá höfuðborgarsvæðinu: Búnaðarfélag Íslands (B1), Búreikningastofa landbúnaðarins (B1), Framleiðsluráð landbúnaðarins (B1), Landnám ríkisins (B1), Rannsóknastofnun landbúnaðarins (B1), Sauðfjárveikivarnir (B1), Veiðimálastofnunin (B1), Veiðistjóraembættið (B1), Orkustofnun ásamt Jarðborunum ríkisins, Jarðvarmaveitum ríkisins og Gufuborunum ríkisins og Reykjavíkurborgar (B2), Landsvirkjun (B2), Rafmagnsveitur ríkisins (C8), Kennaraháskóli Íslands ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum (C6), Húsmæðrakennaraskóli Íslands (C6), Tækniskóli Íslands (C6), Fiskvinnsluskólinn (C3),

Biskupsembættið ásamt Hjálparstofnun kirkjunnar (B2), Landhelgisgæslan (B3), Landmælingar Íslands (C8), Skógrækt ríkisins (C8), Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (B1).

3) Nefndin leggur til að deildir eftirtalinna stofnana verði fluttar frá höfuðborgarsvæðinu þótt aðalstöðvar þeirra verði þar áfram: Verkfræði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (C6), Raunvísindastofnun háskólans (C6), Guðfræðideild, að hluta (B2), Stofnun Árna Magnússonar (C6), svif- og botndýradeild Hafrannsóknastofnunarinnar (C3), grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands (C6), hluti málmiðnaðardeildar, skipasmíðadeild og vefjaiðnaðardeild Rannsóknastofnunar iðnaðarins (C6), strandferðadeild Skipaútgerðar ríkisins verði skipt í Vestfjarðadeild (C3) og Austfjarðadeild (C8)

4) Nefndin leggur til að eftirtaldar 36 stofnanir setji á stofn sérstök útibú utan höfuðborgarsvæðisins: Fiskifélag Íslands (C1-C9, C11), Framkvæmdastofnun ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Húsnæðismálastofnun ríkisins (B1-B3, C1-C11), Iðnþróunarstofnun Íslands (C6), Landhelgisgæslan (C3, C8), Siglingamálastofnun ríkisins (C3, C6, C8, C11), Skipulagsstjóraembættið (B1, B2, C3, C6, C8), Vita- og hafnarmálaskrifstofan (C3, C6, C8); eftirtaldar eftirlitsstofnanir: Almannavarnir ríkisins, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Geislavarnir ríkisins, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Löggildingarstofan, Rafmagnseftirlit ríkisins, Verðlagsskrifstofan, Öryggiseftirlit ríkisins (B1-B3, C1-C11); Fasteignamat ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Fiskmat ríkisins og Síldarmat ríkisins, nú Framleiðslueftirlit sjávarafurða (C1-C9, C11), Húsameistaraembættið (C6), Innkaupastofnun ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Fiskvinnsluskólinn (C1, C2, C5-C9, C11), Hjúkrunarskóli Íslands (C6), Myndlista- og handíðaskólinn (C3, C6, C8), Tækniskóli Íslands (C3, C8), Ríkisútvarpið (B1-B3, C3, C5, C6, C8), Þjóðleikhús (C3, C5, C7, C8), Fræðslumyndasafn ríkisins (B1, B2, C3, C5, C6, C8), Listasafn Íslands (B1-B3, C1, C3, C5-C8), Þjóðminjasafn Íslands (B1, B2, C3, C5, C6, C8, C11), Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins (C3, C6, C8) Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (C1, C3, C5, C6, C8, C11), Hafrannsóknastofnunin (C1, C7, C9), Ferðaskrifstofa ríkisins (C6), Ríkisútgáfa námsbóka (B1, B2, C3, C4, C6, C8)

5) Nefndin leggur til að eftirtaldar stofnanir efli núverandi útibúastarfsemi sína utan höfuðborgarsvæðisins: Póstur og sími (B1, B2, C1, C3-C8, C10-C11), Vegagerð ríkisins (B1, B2, C3, C5, C6, C8), Bankastofnanir (B1-B3, C1-C11), Tryggingastofnun ríkisins (B1-B3, C1-C11), Stýrimannaskólinn (C3, C6, C8, C11), Vélskóli Íslands (C1, C3, C6, C8, C11), Áfengis- og tóbaksverslun

ríkisins, Brunabótafélag Íslands (B1-B3, C1, C3, C5, C6, C8, C11).

6) Auk framangreindra tillagna um aðsetur ríkisstofnana setur nefndin fram nokkrar aðrar tillögur: Tillögu um stofnsetningu Flutningsráðs ríkisstofnana sem annist heildarskipulagningu og yfirumsjón með flutningi ríkisstofnana; tillögu um aðgerðir til að draga úr vandamálum starfsfólks vegna flutnings viðkomandi stofnana; tillögu um skipun samstarfsnefnda vegna hvers einstaks stofnanaflutnings. Nefndin setur einnig fram ábendingar um þrjú framkvæmdatímabil fyrir fyrrgreindar tillögur um flutning og skipar hverri tillögu niður á ákveðið tímabil: I. 1977-1978, II. 1979-1980, III. 1981-1982.

Á grundvelli tiltekinna forsendna má áætla að tillögur nefndarinnar feli í sér flutning á samtals 3700 íbúum frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta. Þessi tala tekur til starfsmanna stofnana, fjölskyldna þeirra og nemenda þeirra menntastofnana sem nefndin leggur til að verði fluttar. Þessi íbúafjöldi samsvarar samanlögðum íbúafjölda Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Seyðisfjarðar eða tæplega samanlögðum íbúafjölda Siglufjarðar og Sauðárkróks.

Nefndin leggur fram þrjú fylgiskjöl með álitinu: A. Frumvarp til laga um Flutningsráð ríkisstofnana; B. Aðsetur ríkisstofnana: Störf nefndar 1958-1962, C. Akureyri og menntaskólinn - Áhrif stofnunar á þróun bæjarfélags.

Fyrirvari

Þar eð aðalgagnasöfnun nefndarinnar fór fram á tímabilinu frá hausti 1972 til vors 1974 er mögulegt að einstök atriði varðandi skipulag, starfsmannafjölda, húsakost og aðra þætti í aðbúnaði einstakra stofna kunni að hafa breyst lítilsháttar frá því sem lýst er í álitinu. Þótt nefndin telji að slíkar breytingar myndu ekki hafa áhrif á meginniðurstöður þykir henni rétt að taka fram að nefndarálitið er birt með fyrirvara um slíkar breytingar.

Fylgiskjal A

Flutningsráð ríkisstofnana

Frumvarp til laga

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

(a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana.

(b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

(c) að annast a.m.k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar sbr. lið (b),

(d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að mál

5. gr.

Flutningsáði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forstætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal VII.

AFSTAÐA RÍKISSTJÓRNAR GEIRS HALLGRÍMSSONAR TIL NEFNDARÁLITS UM FLUTNING RÍKISSTOFNANA

(Apríl 1978.)

25. apríl 1972 skipaði forsætisráðuneytið nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar koma helst til greina í því efni". Ráðuneytinu barst álit nefndarinnar 29. nóvember 1975. Þann 9. desember 1975 ritaði ráðuneytið nefndinni bréf þar sem segir að fallist sé á það sjónarmið sem fram komi í bréfi nefndarinnar frá 19. maí 1975 „að tillögur nefndarinnar verði til almennrar og opinberrar umfjöllunar í a. m. k. nokkra mánuði eða missiri áður en stjórnvöld taka afstöðu til einstakra tillagna". Í samræmi við þetta muni ráðuneytið hafa forgöngu um að áliti nefndarinnar verði dreift til þingmanna, landshlutasamtaka, fjölmiðla, viðeigandi stofnana og fleiri. Þegar þessir aðilar hafi mótað afstöðu sína til málsins og viðtækar opinberar umræður farið fram um tillögur nefndarinnar hafi mótast forsenda fyrir því að stjórnvöld taki ákvarðanir sínar.

Þann 7. maí 1976 var málið til umræðu á Alþingi vegna fyrirspurna frá Sigurlaugu Bjarnadóttur alþingismanni. Í svari sínu sagði forsætisráðherra m. a.:

„Ríkisstjórnin hefur ekki enn talið tímabært að taka afstöðu til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina og af hálfu ríkisvaldsins er ekki hafinn undirbúningur að slíkum flutningi. Ákvarðana í þessu efni er ekki að vænta fyrr en þeir mörgu aðilar, sem fengið hafa nefndarálitið um flutning ríkisstofnana til skoðunar, hafa sett fram sjónarmið sín að þessu leyti."

Þann 16. september 1976 sendi ráðuneytið svohljóðandi bréf til fjölmargra aðila (sbr. meðfylgjandi yfirlit):

„Í desember s. l. sendi forsætisráðuneytið yður nefndarálit um flutning ríkisstofnana.

Ekki hefur enn verið tekin afstaða til þeirra hugmynda sem fram koma í álitinu af hálfu stjórnvalda. Með þessu bréfi er þess farið á leit við yður að þér greinið forsætisráðuneytinu frá skoðunum þeim sem þér kunnið að hafa á nefndarálitinu — sérstaklega hvað yður varðar.

Svars við þessu bréfi er óskað fyrir lok október n. k."

Með bréfi 26. nóvember 1976 var ítrekað við þá aðila sem ekki höfðu svarað bréfinu frá 16. september að þeir létu ráðuneytinu í té álit sitt. Á meðfylgjandi yfirliti kemur fram hverjar endanlegar heimtur urðu.

Enn kom málið til umræðu á Alþingi 1. mars 1977 vegna fyrirspurnar frá Helga F. Seljan alþingismanni og í svari sínu sagði forsætisráðherra m. a.:

„Telja verður eðlilegt að lögð sé vinna í það, þegar forsætisráðuneytinu hafa borist svör frá öllum þeim aðilum sem það ritaði, að vinna úr þessum svörum og e. t. v. leggja á það fjárhagslegan mælikvarða hvað framkvæmd á hugmyndum stofnananefndar kynni að kosta. Slíkt starf má vinna án þess að svonefnt flutningsráð sé sett á stofn. Þá er ekki úr vegi að hugað sé að endurútgáfu álits stofnananefndar með athugasemdum og umsögn viðkomandi stofnana eins og þær nú liggja fyrir.

Ég tel skynsamlegt að frekar sé unnið að útfærslu á hugmyndum nefndarinnar á vegum forsætisráðuneytisins áður en lengra er haldið."

Með bréfi 21. október 1977 til alþingismanna Ellerts B. Schrams og Ingvars Gíslasonar fór forsætisráðuneytið þess á leit að þeir létu ríkisstjórninni í té álit á tillögum stofnananefndar með hliðsjón af umsögnum um þær og umræðum á Alþingi.

Álit alþingismanna barst ráðuneytinu í febrúar 1976 og þar koma fram eftirfarandi tillögur um meðferð á áliti stofnananefndar og tillögum hennar:

„1. Ekki skuli ráðist í heildarflutning neinnar stofnunar án undangenginnar ítarlegrar endurskoðunar og fulls samráðs við stjórnir og forstjóra viðkomandi stofnunar.
2. Flutningsráð ríkisstofnana verði ekki sett á fót að svo stöddu.
3. Ráðherrar feli þeim ríkisstofnunum, sem undir þá heyra, að gera áætlun um uppbyggingu útibúa og/eða deilda og þær áætlanir verði síðan samræmdar og framkvæmdar í samráði við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og fjárveitinganefnd Alþingis, eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Álit stofnananefndar verði lagt fyrir Alþingi til kynningar og umræðu þannig að skoðanir og viðhorf alþingismanna til málsins í heild komi fram."

Að fenginni þessari umsögn og eftir ítarlega athugun málsins í forsætisráðuneytinu var málið borið undir ríkisstjórnina og tekið til afgreiðslu í henni og afgreitt með eftirfarandi samþykkt:

„Að fengnum umsögnum einstakra stofnana um álit stofnananefndar og eftir að hafa kynnt sér umsögn þingmannanna Ellerts B. Schrams og Ingvars Gíslasonar hefur ríkisstjórnin fallist á meginatriði umsagnarinnar.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt að áður en tekin sé ákvörðun um flutning ríkisstofnana úr höfuðborginni skuli liggja fyrir afstaða viðkomandi ráðuneytis, stjórnar stofnunar, forstöðumanns og starfsfólks til flutningsins og samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Leita skal umsagnar byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um flutning ríkisstofnunar og kannar hún viðhorf sveitarfélaga".

Fylgiskjal VIII.

Reykjavík 19. ágúst 1983.

Félagsmálaráðherra Alexander Stefánsson
Arnarhváli
101 Reykjavík.

Varðar: Starfslok samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra, í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, Svavar Gestsson, skipaði 9. júlí 1982 eftirtalda menn til að vinna að fyrirhuguðum samningum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga:

af hálfu ríkisstjórnarinnar
Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúa
Jón Orm Halldórsson, aðstoðarmann forsætisráðherra
Jón Sveinsson, lögmann

og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga
Jón G. Tómasson, formann Sambandsins
Loga Kristjánsson, bæjarstjóra
Ölvi Karlsson, oddvita
Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóra, sem varamann.

Formaður var skipaður Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur með samþykki beggja aðila. Ritari og starfsmaður nefndarinnar var ráðinn á fyrsta fundi hennar 23. júlí 1982, Hallgrímur Guðmundsson félagsfræðingur.

Jón G. Tómasson óskaði lausnar frá störfum í nefndinni 10. sept. 1982 og var Sigurgeir Sigurðsson þá skipaður aðalmaður en hann hafði setið nefndarfundi og tekið þátt í öðrum störfum hennar fram til þessa tíma.

Í skipunarbréfi segir að nefndin skuli ljúka störfum svo fljótt að unnt verði að taka tillit til niðurstöðu hennar við afgreiðslu fjárlaga 1983. Af ástæðum, sem að nokkru er frá greint í hjálagðri skýrslu um störf nefndarinnar, var starfstími hennar framlengdur til 15.03.1983.

Nefndin hélt 6 bókaða fundi, en störf hennar voru að mestu unnin af einstökum nefndarmönnum utan funda.

Nefndin hafði aðeins lokið umfjöllun nokkurra málaflokka, þegar stjórnarskipti fóru fram í maí 1983 og eftir var að ganga frá skýrslu um þá málaflokka, sem tekin höfðu verið til meðferðar, en mikið af

gögnum og upplýsingum hafði verið safnað og úr þeim unnið að mestu.

Í samráði við yður, hr. félagsmálaráðherra, var að ráði að formaður nefndarinnar og ritari gengju frá skýrslu um störf hennar, eins og þau stóðu við stjórnarskiptin og var það í samræmi við bókun í fundargerð þann 14. mars 1983.

Sú skýrsla, SKÝRSLA SAMNINGANEFNDAR UM VERKASKIPTINGU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA, dagsett í ágúst 1983, fylgir bréfi þessu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og þeim niðurstöðum sem samkomulag hafði náðst um.

Reynt er að meta með hliðsjón af útgjöldum fyrri ára, hver kostnaðarskipting yrði milli ríkis og sveitarfélaga, ef tillögur nefndarinnar kæmu til framkvæmda, en ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa af breyttri stjórnun viðkomandi málaflokks.

En aðalrök bak tillagna nefndarinnar eru, að fjárhagsleg ábyrgð og stjórnun fari saman, og að án þess að þeirri grundvallarforsendu sé fullnægt, verði allar breytingar tilgangslitlar.

Í skýrslunni er ekki tekið á því hvernig staðið skuli að því að koma í framkvæmd því, sem mælt er með en bent á hvaða lög eru í gildi um hina ýmsu málaflokka sem breyta þarf, eigi að fylgja tillögunum eftir.

Nefndin kom saman til fundar þann 19. ágúst 1983, þar sem skýrsla nefndarinnar var á dagskrá. Samstaða var um helstu niðurstöður nefndarinnar, sem birtar eru í kafla 2.0.

Virðingarfyllst

Egill Skúli Ingibergsson

Egill Skúli Ingibergsson, form.

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson.

Logi Kristjánsson.

Jón Ormur Halldórsson.

Sigurgeir Sigurðsson.

Jón Sveinsson.

Ólvir Karlsson.

1.Q. Skipunarbréf - verkefnið

Sumarið 1982 gerði ríkisstjórnin svofellda samþykkt:

> "Frá og með næstu áramótum yfirtaki sveitarfélögin verkefni af ríkinu eftir sérstökum samningi, sem unnið skal að á vegum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.
>
> Í því skyni verði einhverjir tekjustofnar sem ríkið hefur nú látnir renna til sveitarfélaganna þannig að þau fái viðbótartekjur til að standa undir nýjum verkefnum, eftir því sem um semst. Jafnframt verði svigrúm sveitarfélaganna og fyrirtækja þeirra til tekjuöflunar aukið frá því sem verið hefur.
>
> Til að vinna að samningum um þessi efni verði skipuð sérstök samninganefnd sem í eigi sæti þrír menn tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þrír menn frá ríkisstjórninni og formaður tilnefndur með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skal hafa lokið störfum svo snemma að unnt verði að taka tillit til niðurstöðu hennar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983.
>
> Auk þess sem að framan greinir, skal nefndin kanna með hvaða hætti er unnt að tryggja sveitarfélögum í þéttbýli betri möguleika til þess að leggja varanlegt slitlag á götur, t.d. með því að myndaður verði sérstakur framkvæmdasjóður í þessu skyni. Skal tekið tillit til þessa við uppgjör á verkefnum ríkis og sveitarfélaga."

Á grundvelli þessarar samþykktar skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Svavar Gestsson, nefnd þann 9. júlí 1982 til að vinna að fyrirhuguðum samningum.

Í nefndina voru skipaðir af hálfu ríkisstjórnarinnar Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúi í félagsmálaráðuneyti, Jón Ormur Halldórsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra og Jón Sveinsson, lögmaður. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru tilnefndir Jón G. Tómasson, formaður Sambandsins, Logi Kristjánsson, bæjarstjóri og Ölvir Karlsson, oddviti Ásahrepps. Varamaður þeirra var tilnefndur Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri.

Egill Skúli Ingibergsson, verkfræðingur, var skipaður formaður nefndarinnar með samþykki beggja aðila.

Með bréfi dagsettu 10. september 1982 óskaði Jón G. Tómasson eftir að verða leystur frá störfum í nefndinni, þar sem hann hafði látið af formennsku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið skipaði í hans stað Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóra, til að eiga sæti í nefndinni.

Þar sem nefndin hafði enn ekki lokið störfum í ársbyrjun 1983 óskaði félagsmálaráðherra með bréfi dagsettu 7. febrúar 1983, eftir því að nefndin héldi áfram störfum og skilaði áfangaskýrslu fyrir 15. mars 1983.

Ennfremur óskaði félagsmálaráðherra þess, "að nefndin fjallaði almennt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila og stofnana þeirra með það fyrir augum að þau verði gerð greiðari og einfaldari og skila tillögum þar að lútandi."

2.0. *Helstu niðurstöður samninganefndarinnar.*

Gatnagerð í þéttbýlissveitarfélögum.

Nefndin leggur til, að á næstu fjórum til sex árum verði stefnt að því, að 85-95% af heildarlengd gatnakerfis í þéttbýlissveitarfélögum verði lagt bundnu slitlagi og næsta nágrenni við opinberar byggingar svo sem skóla, kirkjur og félagsheimili. Þessu marki má ná verði umræddum sveitarfélögum gert kleift að leggja bundið slitlag á 10 til 15 km til viðbótar á ári frá því sem nú er. Kostnaður vegna 10 km viðbótar á ári er um 36,6 milljónir króna miðað við verðlag í ágúst 1982 eða um 21 milljón miðað við verðlag í ársbyrjun 1981

Heilbrigðisþjónusta.

Nefndin leggur til, að heilbrigðisþjónustan verði að öllu leyti í umsjá ríkisins og aðild sveitarfélaga að byggingu og rekstri sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva verði afnumin. Í kjölfar þessara breytinga verði allar sjúkrastofnanir fjármagnaðar með fjárveitingum af fjárlögum í stað daggjalda og sjúkrasamlög lögð niður. Breytingar þessar hafa í för með sér verulega aukningu útgjalda fyrir ríkissjóð. Áætlað er að heildarrekstrarútgjöld sveitarfélaganna til heilbrigðismála hafi verið um 140 milljónir króna árið 1981, sem hefðu þá komið í hlut ríkisins, ef breytingarnar hefðu verið komnar á, auk 15-20 milljóna króna, sem eru áætluð útgjöld sveitarfélaganna til stofnkostnaðar og búnaðar sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva svo og viðhalds.

Dagvistarstofnanir fyrir börn.

Nefndin leggur til, að sveitarfélögin taki að sér byggingar og rekstur dagvistarheimila fyrir börn og taki að öllu leyti við skuldbindingum ríkissjóðs gagnvart Alþýðusambandi Íslands, sem gerðar voru við lausn kjarasamninga í október 1980. Árleg meðalútgjöld sveitarfélaganna næstu 7 ár yrðu um 24,5 milljónir króna vegna umsamdra framkvæmda og er þá miðað við verðlag ársins 1981.

Félagsheimili.

Nefndin leggur til, að bygging og rekstur félagsheimila verði eingöngu verkefni sveitarfélaga og samtaka innan þeirra. Tekjustofn Félagsheimilasjóðs, skemmtanaskatturinn, verði þá annaðhvort lagður niður eða honum verði varið til annarra verkefna ríkisins. Framlög Félagsheimilasjóðs til einstaklinga og samtaka innan þeirra voru um 3 milljónir króna árið 1981.

Æskulýðs og íþróttamál.

Nefndin leggur til að æskulýðsmál, íþróttamál, svo og bygging og rekstur íþróttamannvirkja verði nær eingöngu verkefni sveitarfélaga. Fjárveiting Alþingis til æskulýðsmála árið 1981 var um 1.2 milljónir króna, til íþróttamála um 2.7 milljónir króna og til íþróttasjóðs 7.5 milljónir króna.

Skólakostnaður.

Nefndin samþykkti að leggja til við menntamálaráðherra að knýja á um afgreiðslu á frumvarpi til laga um skólakostnað, en það þýðir samkvæmt meðfylgjandi reksturskostnaðarathugun að kostnaðarauki ríkisins verður á verðlagi ársins '81 um 13 milljónir króna.

Gjaldskrár.

Nefndin leggur til að sveitarfélög ákveði sjálf gjaldskrár fyrir þjónustu sína, svo sem rafmagn og hita og að söluskatti af snjómokstri verði annað hvort aflétt eða hann endurgreiddur sveitafélögum. Þá var útsvarsálagning sveitarfélaga rædd og fram komu hugmyndir, um að hún yrði gefin frjáls, en slík tillaga var ekki fullgerð þegar stjórnarskipti urðu.

Tillögur nefndarinnar fela í sér allmikla aukningu útgjalda fyrir ríkissjóð, eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Fjármagnstilfærslur vegna breytingatillagna nefndarinnar.

Útgjaldaaukning ríkissjóðs

	(þús. kr.)
Heilbrigðismál	
v/sjúkrastofnana	99.022
v/heilsugæslu	42.300
v/stofnkostn. og viðhalds	20.000
	161.322
Skólamál	
v/frumvarps til laga um skólakostnað	13.000
	174.322

Útgjaldaaukning sveitarfélaga

	(þús. kr.)	
Dagvistarheimili fyrir börn	24.500	
Félagsheimili	2.961	
Íþróttasjóður	7.500	
Ýmis íþróttamál	2.680	
Æskulýðsmál	1.178	
Gatnagerð þéttbýlis-sveitarfélaga 10 km (15 km)	21.000	(31.500)
	59.819	(70.319)

Fjárhagsstaða sveitarfélaga er víða mjög slæm og ber brýna nauðsyn til að auka tekjustofna þeirra eða létta af þeim verkefnum, eins og t.d. hlutdeild þeirra í heilbrigðisþjónustu, enda bendir margt til þess, að samaðild ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði sé að mörgu leyti óhagkvæm. Með þessari tilfærslu yrði verulegri byrði létt af sveitarfélögum og það myndi skapa þeim aukið svigrúm til

framkvæmda á öðrum sviðum, eins og t.d. í gatnagerð.
Eins og fram kemur í framangreindu yfirliti er gert ráð fyrir að tillögur nefndarinnar hefðu haft í för með sér rúmlega 100 milljón króna útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð árið 1981, ef tillögurnar hefðu þá verið komnar til framkvæmda. Þó má ætla að mismunurinn verði nokkru minni, þegar til lengdar lætur, því að þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á skipan heilbrigðismála ætti að skapa ríkissjóði tækifæri til að tryggja betri nýtingu fjármuna í heilbrigðiskerfinu.
Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að útgjöld sveitarfélaganna til félagsheimila, æskulýðs- og íþróttamála aukist meira en reiknað er með í framangreindu yfirliti, þar sem fjárveitingar á fjárlögum hafa hvergi náð að standa undir mótframlögum ríkisins, á undanförnum árum, sem heimiluð eru í lögum.
Æskilegt væri þó að sveitarfélögin tækju á sínar herðar fleiri verkefni en nefndin leggur til. Nefndinni vannst hins vegar ekki tími til að leggja fram tillögur þar að lútandi.
Svo langt sem skýrsla þessi nær eru nefndarmenn henni sammála og staðfesta það með undirskrift sinni. Nefndin vill þó vekja athygli á þeirri forsendu, sem liggur þar að baki. Í starfi sínu gekk nefndin út frá ríkjandi skiptingu landsins í sveitarfélög og leit svo á, að það væri utan hennar verksviðs að fjalla um þetta grundvallaratriði.
Nefndarmenn voru hins vegar sammála um, að skipting landsins í svo mörg og svo fámenn sveitarfélög kæmi beinlínis í veg fyrir yfirlýst markmið með starfi nefndarinnar þ.e. flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Því lítur nefndin svo á, að tillögur hennar séu ekki annað en lítill áfangi í mikilvægu máli, en að raunverulegur árangur náist ekki án þess að fyrst verði gerðar breytingar, sem geri sveitarfélögum landsins kleift að fást við fleiri og stærri verkefni.
Nefndin vill sérstaklega vekja athygli á þessu þar sem um er að ræða þá forsendu sem liggur að baki samþykki nefndarmanna við meðfylgjandi tillögum og eins fyrir frekara starfi að þessum málum.

Virðingarfyllst

Fylgiskjal IX.

BYGGÐANEFND ÞINGFLOKKANNA — ERINDI TIL FORMANNA ÞINGFLOKKANNA

Reykjavík, 27. febrúar 1985.

Byggðanefnd þingflokkanna var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni (105. löggjafarþing, 206. mál). Markmið nefndarinnar er að fylgja eftir samkomulagi formanna þeirra stjórnmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi og sem birt var í greinargerð með frumvarpinu. Þar segir:

„Þingflokkar ... sem að frumvarpi þessu standa, hafa ... orðið ásáttir um eftirfarandi: ...

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukið, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst."

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir:
Lárus Jónsson, formaður,
Eiður Guðnason,
Helgi Seljan,
Kristín Halldórsdóttir,
Ólafur Þ. Þórðarson og
Stefán Benediktsson.

Nefndin hefur notið aðstoðar starfsmanna byggðadeildar Framkvæmdastofnunar, þeirra Bjarna Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Alls hefur nefndin haldið 12 fundi. Hún hefur meðal annars átt viðræður við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga um verkefni sitt. Þá fékk nefndin Björn Friðfinnsson á sinn fund til að kynna frumvarpsdrög svonefndrar endurskoðunarnefndar um sveitarstjórnarlöggjöfina.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að fá á þessu stigi málsins viðbrögð þingflokkanna við ákveðnum meginatriðum er varða hugsanlegar breytingar á stjórnskipun í landinu til þess að nálgast markmiðin um „aukna valddreifingu og virkara lýðræði". Nefndin vill því beina eftirtöldum spurningum til þingflokks yðar:

1. Hvað eiga stjórnsýslustig í landinu að vera mörg?
2. Við hvað eiga stærðarmörk neðsu (minnstu) stjórnsýslueiningarinnar að miðast?
3. Hvernig á að tryggja virkara lýðræði og aukna valddreifingu með skipulagi, verkefnum og kosningareglum fyrir miðstig stjórnsýslunnar?
4. Hvernig á að skipta tekjustofnum og fjárhagslegri ábyrgð milli sveitarstjórna, héraðsstjórnar og ríkis?

Byggðanefnd þingflokkanna gengur út frá þeirri meginforsendu að til þess að ná fram markmiðinu um „virkara lýðræði og aukna valddreifingu" sé nauðsynlegt að setja á stofn stjórnsýslustig milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um svæðaskiptingu eða fjölda svæða í hinu nýja stjórnsýslustigi og þaðan af síður hvað það ætti að nefnast.

Nefndarmenn eru sammála um að minnstu sveitarfélögin valdi alls ekki þeim verkefnum sem sveitarfélögum er skylt að annast samkvæmt lögum. Ekki hefur farið fram úttekt á því hversu stórt lágmarkssveitarfélag þyrfti að vera að mannfjölda eða efnahagsum-

svifum. Nefndin hefur látið gera grófan útreikning á því hversu mikil umsvif þurfa að vera í sveitarfélagi til þess að þar sé hægt að ráða sveitarstjóra í fullt starf. Er þá gengið út frá því að heildarkostnaður vegna yfirstjórnar sé ekki meiri en tíundi hluti útgjalda sveitarfélagsins, en það er ríflegt meðaltal minni þéttbýlissveitarfélaga. Sé miðað við þessi mörk þarf sveitarfélag að hafa 400—500 íbúa að lágmarki, nokkuð mismunandi eftir eðli og umfangi efnahagsstarfseminnar á staðnum. Að sjálfsögðu eru þessi mörk ekki afgerandi; þannig getur verið hægt að hafa sveitarstjóra í hlutastarfi, jafnvel sem sveitastjóra í fleiri en einu sveitarfélagi, deila kostnaði með annarri starfsemi eða eyða hærri hluta tekna til þessa verkefnis.

Nefndinni er ljóst að sameining sveitarfélaga er mjög misjafnlega til þess fallin að bæta úr þeim vandræðum sem skapast hafa vegna fólksfæðarinnar. Þannig eru nokkur lítil sveitarfélög í námunda við önnur stór og geta sameinast þeim. Annars staðar eru mannfá sveitarfélög í tiltölulega þéttbýlum sveitum með allgóðar samgöngur. Þessi sveitarfélög geta sameinast án þess að samgönguerfiðleikar hamli eðlilegum tengslum enda milli í sveitarfélaginu. En sums staðar er svo að finna fámenn sveitarfélög, jafnvel hlið við hlið, þar sem samgöngur eru erfiðar og vegalengdir miklar. Á þessum svæðum getur sameining í engu bætt aðstöðu.

Nefndin vill benda á að þau samstarfsverkefni sem sveitarfélögin hafa tekið upp hafa mörg hver gefið góða raun. Fram hjá því verður þó ekki horft að slík samvinna hefur oftast verið í því formi að einn fulltrúi hverrar sveitarstjórnar ræður mestu um stefnuna í þessum málaflokkum.

Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa beinar hlutfallskosningar til héraðsstjórna. Hins vegar koma upp álitamál varðandi stærð héraðanna og kjörgengi til héraðsþinga.

Nefndarmenn eru sammála um að í upphafi skuli héraðsstjórnum falin fá og skýrt afmörkuð verkefni og tekjustofnar í samræmi við það. Verkefnin verða þó að sjálfsögðu að skoðast í samhengi við stærð héraðanna; eftir því sem héruðin eru stærri þeim mun fleiri verkefni geta þau tekið að sér. Þannig liggur það í hlutarins eðli að héraðsstjórnir munu taka að sér þau verkefni sem sveitarfélögin hafa leyst sameiginlega til þessa. Þá sjá menn fyrir sér að eftir því sem millistiginu vex fiskur um hrygg muni það geta tekið að sér fleiri verkefni.

Það er ósk byggðanefndar þingflokkanna að þessi atriði verði nú tekin til umræðu í þingflokki yðar og mörkuð skýr stefna sem geti verið nefndinni vegarnesti til þess að halda starfi sínu áfram.

Virðingarfyllst,
Lárus Jónsson, formaður.

Sþ. 4. Tillaga til þingsályktunar [4. mál]

um sama gjald fyrir símaþjónustu á öllu landinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

a. að gera áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri það kleift að jafna gjaldskrá símans í áföngum með það að markmiði að landið verði allt eitt gjaldsvæði innan 5 ára,
b. að tryggja að kostnaður vegna símtala við stjórnsýslustofnanir verði hinn sami hvar sem er á landinu fyrir árslok 1987,
c. að gera ráðstafanir til að gjaldskrárbreyting skv. a-lið verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Greinargerð.

Ör þróun hefur verið í síma- og fjarskiptatækni undanfarin ár. Póst- og símamálastofnunin hefur fylgst vel með á þessu sviði og miklar hagsbætur náðst fram fyrir notendur með sjálfvirku sambandi.

Undanfarin ár hefur verið unnið markvisst að því að koma sveitabæjum í sjálfvirkt samband og má heita að því verði að fullu lokið á þessu ári. Unnið hefur verið að stækkun símstöðva og samtengingu í greinistöðvum sem eru 20 í landinu auk svæðisstöðvar í Vestmannaeyjum. Stefnt hefur verið að því að jafna gjöld innan hvers svæðisnúmers en mikill munur er á gjöldum fyrir innansvæðis- og langlínusamtöl.

Þetta veldur því að íbúar landsbyggðarinnar búa almennt við mun hærri símakostnað en fólk á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt mælingum Póst- og símamálastofnunarinnar á símaumferð virðast 75% skrefa á landsbyggðinni vera vegna langlínunotkunar en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Miðað við meðalsamtalslengd, 3—3,5 mín. á langlínu, lætur nærri að mati Pósts og síma að hver mínúta í langlínusamtali kosti nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsamtali.

Mikill hluti langlínusamtala fer nú fram þráðlaust um örbylgjusambönd. Fjárfesting vegna símtala milli landshluta er þannig í engu hlutfalli við vegalengdir þótt takmörk séu fyrir því hve langt má vera á milli örbylgjustöðva. Kostnaður vegna langlínusímtala er óháður vegalengd ef á annað borð er talað út fyrir svæði viðkomandi stöðvar. Sá gífurlegi munur, sem er nú á langlínu- og innanbæjarsímtölum, er þannig mjög langt frá því að endurspegla raunkostnað vegna langlínukerfisins.

Tæknilegir möguleikar eru á því að landið allt geti orðið eitt gjaldsvæði þar sem sama gjald væri reiknað fyrir notkun óháð vegalengdum. Þannig er unnt að jafna að fullu símakostnað meðal landsmanna, óháð búsetu, og er þetta því aðeins spurning um pólitískan vilja og stefnumörkun af hálfu Alþingis.

Jöfnun símgjalda á 5 árum.

Með þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir að móta stefnu sem feli það í sér að innan fimm ára verði landið allt orðið eitt gjaldsvæði og fylgt verði áætlun um uppbyggingu símakerfisins og símaþjónustu sem geri kleift að ná þessu marki í áföngum.

Póst- og símamálastofnunin hefur að beiðni flutningsmanna þessarar tillögu áætlað kostnaðarauka fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar jöfnunar og er hann að sjálfsögðu nokkur en þó er ljóst að jöfnun á gjaldtöku fyrir langlínusamtöl kemur fólki hvar sem er á landinu til góða.

Á sama hátt er ljóst að til að koma á þessum breytingum yrði að styrkja og endurbyggja langlínukerfið. Miðað við að umferð um langlínukerfið tvöfaldist eða aukist enn meir við slíka jöfnun símakostnaðar áætlaði Póstur og sími í mars 1985 að verja þyrfti 800—1000 milljónum króna í að byggja upp kerfið „ef það á að flytja þessa aukningu á fullnægjandi hátt".

Að mati flutningsmanna þarf að leggja í verulegan hluta þess kostnaðar hvort eð er vegna núverandi og komandi álagstakmarkana, óháð gjaldskrárbreytingum. En jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að forsendur Pósts og síma standist er fyllilega réttlætanlegt að leggja í þennan kostnað á nokkru árabili eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Skv. c-lið tillögunnar er gert ráð fyrir sérstökum aðgerðum til að umrædd gjaldskrárbreyting verði ekki íþyngjandi fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en nokkur hluti þess hóps nýtur nú þegar undanþágu frá greiðslu afnotagjalda.

Sama gjald fyrir símtöl við stjórnsýslustofnanir innan tveggja ára.

Með svonefndum stafrænum símstöðvum, sem nú eru óðum að leysa eldri kerfi af hólmi, er auðvelt að velja úr tiltekin númer þar sem gjald yrði hið sama fyrir notanda óháð því hvaðan af landinu er hringt. Samkvæmt b-lið þingsályktunartillögunnar er gert ráð fyrir að slíkri jöfnun verði komið á vegna símtala við stjórnsýslustofnanir hvar sem er á landinu á næstu tveimur árum og haldist sú jöfnun í hendur við breytingu símstöðva yfir í stafræn kerfi. Slíkt getur létt undir með fólki, einkum á landsbyggðinni, sem miklu kostar til í samtöl við opinbera aðila á höfuðborgarsvæðinu. Því virðist sjálfsagt réttlætismál að koma á slíkri jöfnun strax og það er tæknilega viðráðanlegt án teljandi kostnaðarauka.

Rétt er að benda á að sú jöfnun símakostnaðar, sem tillagan gerir ráð fyrir, gagnast ekki aðeins einstaklingum heldur og atvinnurekstri og er því liður í jöfnun á starfsaðstöðu fyrirtækja um allt land. Gildir þetta einnig um tölvuþjónustu og upplýsingamiðlun sem mjög mun færast í vöxt um símakerfi landsins á næstu árum og skiptir miklu að í þeim greinum verði mönnum ekki mismunað eftir búsetu.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um jarðhitaréttindi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

I. KAFLI

1. gr.

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á og undir yfirborði hennar í allt að 100 metra dýpi.

Landeiganda er rétt að bora eftir og hagnýta sér jarðhita með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Með rétti til umráða og hagnýtingar jarðhita samkvæmt lögum þessum fylgir réttur til uppleystra efna og gastegunda sem heitu vatni og gufu fylgja.

3. gr.

Nú eiga fleiri en einn rétthafi heimild til að hagnýta jarðhita úr sama jarðhitasvæði, þannig að ekki verði aðskilið þegar hagnýtt er og skal þá skera úr því með mati dómkvaddra matsmanna á hvern hátt hagkvæmast er að hagnýta jarðhitann og hver sé hlutfallslegur réttur hvers þeirra til hans.

Ef rétthafar verða ekki ásáttir að öðru leyti um rétt til hagnýtingar jarðhita skal á sama hátt úr því skorið með mati.

4. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja í neinn kostnað til hagnýtingar jarðhita á jörðinni og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Ekki má byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum skv. ábúðarlögum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför ábúanda að innleysa þau mannvirki er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

5. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra, sbr. þó 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976. Um sölu jarða er jarðhitaréttindi fylgja fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum. Nú hefur sveitar- eða bæjarfélag notað forkaupsrétt sinn til slíkra jarðeigna, en selur aftur, og skal þá ríkissjóður eiga forkaupsrétt er svo stendur á.

II. KAFLI

6. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur dýpra en 100 metra undir yfirborði landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

Íslenska ríkið á allan rétt til jarðhita sem liggur utan landareigna skv. 1. mgr. 1. gr.

7. gr.

Óheimilt er að bora eftir eða hagnýta jarðhita skv. 6. gr. nema með leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr.

8. gr.

Sá sem borað hefur eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans með réttri heimild fyrir 1. janúar 1986 hefur rétt til notkunar þess jarðhita áfram án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds skv. 12. gr. Hann skal og hafa forgangsrétt til frekari borana og hagnýtingar jarðhitans á því jarðhitasvæði til sama fyrirtækis.

9. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til rannsókna, þar með taldar boranir á afmörkuðum jarðhitasvæðum hvar sem er á landi hér. Slík leyfi nefnast jarðhitarannsóknarleyfi og skulu vera til fyrir fram ákveðins tíma.

10. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum aðilum leyfi til nýtingar jarðhita á afmörkuðu jarðhitasvæði hvar sem er á landi hér. Slík leyfi kallast jarðhitaleyfi.

Rétt er ráðherra að krefjast þess að umsóknum um leyfi skv. 9. og 10. gr. fylgi ítarlegar upplýsingar um umsækjandann, fyrirhugaðar rannsóknir hans og jarðhitanýtingu.

11. gr.

Sveitarfélag, sem á land á jarðhitasvæði við gildistöku laga þessara, skal hafa forgangsrétt til jarðhitarannsóknarleyfis og jarðhitaleyfis skv. 9. og 10. gr. á landi sínu og vera undanþegið leyfisgjaldi skv. 12. gr.

12. gr.

Í leyfi skv. 9. og 10. gr. skulu greind þau skilyrði sem leyfishafa eru sett, þar á meðal um gildistíma leyfis, skýrslugjöf leyfishafa, skyldu hans til að hlíta eftirliti og greiða kostnað af því, um öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir og greiðslu leyfisgjalds.

Við ákvörðun leyfisgjalds skal m. a. taka tillit til verðmætis orkunnar fyrir leyfishafa eða notanda, kostnaðar við orkuöflun með öðrum hætti svo og kostnaðar við öflun og afhendingu orkunnar til notanda.

Áður en leyfi skv. 9. og 10. gr. er veitt skal leita umsagnar Orkustofnunar. Jafnframt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs skv. 29. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.

13. gr.

Ráðherra getur heimilað þeim sem fengið hefur leyfi skv. 9. eða 10. gr. að taka eignarnámi lönd, mannvirki, rétt til jarðhita samkv. 1. mgr. 1. gr. og önnur verðmæti og réttindi sem nauðsynleg eru til rannsókna og nýtingar jarðhitans, þar með talin dreifing jarðvarmans.

Ráðherra getur enn fremur heimilað að jarðhiti sé tekinn eignarnámi í vinnsluskyni eða til að afstýra því að borun á jarðhitasvæði spilli verðmæti hagnýtingar sem hafin er á jarðhita í námunda við svæðið.

Um eignarnám skv. þessari grein skal fara að lögum um framkvæmd eignarnáms og 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

14. gr.

Til rannsókna, hagnýtingar eða hvers konar ráðstöfunar á jarðhita á jörðum í opinberri eigu og öðru ríkiseignalandi þarf leyfi ráðherra skv. 9. eða 10. gr., sbr. þó 2. mgr. 4. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, og 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976.

III. KAFLI

15. gr.

Óheimilt er að spilla jarðhitasvæðum hvort sem það er með ofaníburði, framræslu eða með öðrum hætti svo og að breyta farvegi þess vatns er frá jarðhitasvæði rennur, nema talið sé nauðsynlegt að mati dómkvaddra matsmanna til varnar landi eða landsnytjum eða til þeirrar hagnýtingar jarðhita sem heimil er að lögum.

16. gr.

Mannvirki öll til hagnýtingar jarðhita skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, nema skylt sé að hlíta skv. sérstakri heimild.

17. gr.

Skylt er umráðamanni að girða jarðhitasvæði sem hætta stafar af. Þó skal nægilegt að merkja slík svæði sem eru fjarri byggð með aðvörunarmerkjum.

18. gr.

Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbók er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess að boranir og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir er þeim sem lætur bora skylt að tilkynna henni þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu.

19. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi III. og VII. kafli orkulaga, nr. 58/1967.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp hefur verið flutt á tveimur síðustu þingum af sama flutningsmanni en varð þá ekki útrætt. Áður var það lagt fram á 105. löggjafarþingi 1983 og þá sem stjórnarfrumvarp. Þar sagði í upphafi athugasemda:

„Frumvarp þetta hefur verið í undirbúningi á vegum iðnaðarráðuneytisins frá því árið 1979 og er nú flutt sem stjórnarfrumvarp. Aðilar að ríkisstjórninni hafa þó fyrirvara um afstöðu sína til einstakra greina frumvarpsins og ráðherrar sjálfstæðismanna í ríkisstjórninni tilgreina sérstaklega fyrirvara við þau ákvæði frumvarpsins, sem fela í sér skerðingu eignarréttar. Í stjórnarsáttmála frá 8. febrúar 1980 er gert ráð fyrir, að sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita og ríkisstjórnin telur mikilvægt, m. a. vegna nauðsynlegra rannsókna á háhitasvæðum, að hið fyrsta verði kveðið á um þessi efni í löggjöf."

Hvati að undirbúningi málsins var m. a. ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 1. september 1978, þess efnis að djúphiti í jörðu skuli vera þjóðareign.

Eins og fram kemur síðar í greinargerðinni hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til að setja heildarlög um jarðhita allt frá árinu 1937 að telja. Á tíma ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1971—74 beitti Magnús Kjartansson, þáverandi iðnaðarráðherra, sér fyrir flutningi frumvarps til laga um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, varðandi rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum. Var frumvarp um þetta efni flutt sem stjórnarfrumvarp á þingunum 1972 og 1973 og á sumarþinginu 1974 og síðan af Magnúsi Kjartanssyni o. fl. sem þingmannafrumvarp þrívegis 1974—1976, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er víðtækara, þar eð það tekur til alls jarðhita, hvort sem um er að ræða svonefnd lághita- eða háhitasvæði.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði reglur um umráðarétt og hagnýtingarrétt jarðhita. Lagt er til að landeigendur hafi umráð jarðhita á yfirborði landsins og undir því í 100 metra dýpi, en umráð alls annars jarðhita, hvort sem er á landssvæðum sem ekki eru háð einkaeignarrétti eða undir yfirborði einkaeignarlanda í meira en 100 metra dýpi, skulu vera í höndum ríkisins, þ. e. almannaeign.

Þá er lagt til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna, borana og hagnýtingar jarðhita sem er almannaeign samkvæmt lögunum og sett verði reglugerð með nánari fyrirmælum um framkvæmd laganna, þar á meðal um umsóknir um jarðhitaleyfi og jarðhitarannsóknarleyfi svo og leyfin sjálf, en í þeim er eðlilegt að ákveða leyfisgjöld sem leyfishafi greiðir þegar við á.

Enn fremur er lagt til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita dýpra en 100 metra í einkaeignarlandi skuli halda rétti sínum til nýtingar jarðhitans án sérstaks leyfis og án greiðslu leyfisgjalds. Slíkir aðilar skulu og hafa forgangsrétt til frekari nýtingar á jarðhitasvæðinu, þó ekki til nýrra fyrirtækja.

Lagt er til að sveitarfélög, sem land eiga á jarðhitasvæði við gildistöku laganna, skuli hafa forgang að nýtingu jarðhitans á landi sínu og vera undanþegin leyfisgjaldi.

Þá er með frumvarpinu lagt til að veitt verði heimild til eignarnáms vegna rannsókna, borunar og vinnslu jarðhita. Loks eru tekin upp í frumvarp þetta núverandi ákvæði orkulaga nr. 58/1967 um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða ásamt smávægilegum breytingum.

I.

Í núgildandi löggjöf eru helstu ákvæði um jarðhita í 9. og 10. gr. vatnalaga nr. 15/1923 og III., V. og VII. kafla orkulaga nr. 58/1967.

Í ákvæðum vatnalaga er á því byggt að hverir og laugar fylgi landareign þeirri sem hver eða laug er á, en nokkrar takmarkanir eru þó á umráðaréttinum.

Ákvæðin í orkulögum leystu af hólmi lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita, en í 1. gr. þeirra laga sagði að landareign hverri fylgdi „réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina“.

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 9. gr. orkulaga frá 1967 en greinin hljóðar þannig: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.“ Í greinargerð með frumvarpi til orkulaga var tekið fram að ekki væru ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum er giltu um orkumál, heldur væru þau samræmd þannig að unnt væri að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu sem frumvarpið ráðgerði á stjórn orkumálanna.

Í þriðja kafla laganna sem ber yfirskriftina „Um vinnslu jarðhita“ er að finna þau ákvæði sem áður voru í lögum nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Eina efnislega nýmælið er að í 14. gr. er almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku. Þá er í lagatextanum talað einungis um jarðhita í stað hvera og lauga eða hveraorku. Í athugasemdum um 9. gr. frumvarpsins er tekið fram að greinin sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

Auk ákvæðanna um rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í 9. gr. orkulaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um jarðhitasvæði á landamerkjum, um rétt ábúanda til að hagnýta sér jarðhita á jörð, um bann við því að landeigandi undanskilji landareign sinni jarðhitaréttindi, um forkaupsrétt að jörðum er jarðhitaréttindi fylgja, um heimild til að taka jarðhita eignarnámi, um rétt ríkisins til að láta rannsaka jarðhita hvar sem er á landi hér, um skyldur landeiganda til að láta af hendi land og mannvirki þegar jarðhiti er tekinn eignarnámi og um skyldu til að leita umsagnar Orkustofnunar um hagnýtingu og ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins.

Í V. kafla laganna eru ákvæði um hitaveitur, þ. á m. um heimild ráðherra til að veita sveitarfélögum eða samtökum þeirra einkarétt til þess að starfrækja hitaveitur.

Í VII. kafla orkulaga eru ákvæði um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim og í VIII. kafla laganna eru ákvæði um Jarðboranir ríkisins.

Með frv. þessu er ekki gert ráð fyrir breytingum á ákvæðum vatnalaga. Lagt er til að ákvæðum orkulaga verði haldið efnislega, að undanteknu því að kveðið verði á um að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita takmarkist við 100 m dýpi. Nokkrar lítils háttar orðalagsbreytingar eru gerðar þessu samfara, auk þess sem kveðið er á um skyldur ríkisins til ákveðinna ráðstafana og eftirlits vegna hættu sem stafar af jarðhitasvæðum.

Meðal ákvæða í yngri lögum um jarðhita má nefna 4. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem vatnsréttindi, þar með talinn jarðhiti, eru undanskilin leiguliðaafnotum. Þó á leiguliði rétt á vatni til upphitunar á húsum jarðar, þar með talin gróðurhús til eigin atvinnurekstrar.

Í 3. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, er tekið fram að ríkið skuli við sölu á ríkisjörðum undanskilja námaréttindi og rétt til efnistöku, svo og vatns- og jarðhitaréttindi umfram heimilisþörf.

Eins og ljóst er af framangreindu er fyrsta tilraun til að setja heildarlög um jarðhita, lögin nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greinargerð með frumvarpi til laganna, er það var lagt fram á síðara þingi 1937, segir m. a.: „Frumvarp þetta er flutt með það fyrir augum að tryggja almenningi, eftir því sem hægt er, not þessara verðmæta og vernda þau fyrir því, að þeim verði spillt." (Alþingistíðindi 1937, síðara þing, A bls. 124). Í umræðum um frumvarpið (Alþingistíðindi 1940 B d. 553—572) var á það lögð áhersla að hætta væri á að meira og meira af jarðhitanum lenti í höndum þeirra manna sem eru að reyna að ná eignarhaldi á verðmætum þessum í því skyni að græða á þeim. Sagt er að það sé þetta sem lagasetningin eigi að fyrirbyggja.

Efnisákvæði laganna frá 1940 voru tekin upp í orkulög frá 1967 án þess að nokkur veruleg endurskoðun færi fram.

II.

Eins og fram kemur í lýsingu á settum lögum um jarðhita hér að framan hefur í löggjöf verið byggt á þeirri meginstefnu, að landeigendur hefðu umráða- og eignarrétt á jarðhita bæði á og í jörðu. Þessum rétti hafa verið sett ýmis takmörk en enga reglu eða ábendingu er að finna í löggjöf um það hversu djúpt í jörðu niður forræði landeiganda á jarðhita nær né heldur er í íslenskum rétti að finna reglu sem kveður á um takmörk eignarráða landeiganda niður á við. Fræðimenn hafa talið að þau nái svo langt niður sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að landeigandinn geti haft þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. (Sjá t. d. Ólafur Lárusson: Eignaréttur bls. 46).

Í frumvarpi þessu er á því byggt að eignarrétti að landi geti löggjafinn sett almennar takmarkanir, þó þannig að ekki brjóti í bága við rétt landeiganda til að hafa þau not af landi sínu sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á landi. Í frumvarpinu er annars vegar fjallað um umráða- og hagnýtingarrétt á jarðhita, á eða undir landi sem ekki er háð einkaeignarrétti og hins vegar jarðhita sem sækja verður í meira en 100 metra dýpi undir yfirborð lands í einkaeign. Er á því byggt að sú takmörkun, sem eignarrétti landeiganda er sett með því að kveða á um það í löggjöf að heimildir landeiganda til að nota og ráðstafa jarðhita nái aðeins til jarðhita á landi hans og jarðhita sem bora verður eftir á dýpi sem er 100 metrar eða minna, sé almenn takmörkun á eignarrétti og sé ekki þess háttar eignarskerðing að bótaskyldu varði samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Áður hefur verið vísað til þess sem Ólafur Lárusson sagði í ritinu Eignaréttur. Árið 1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita í 66 greinum og 9 köflum. Í 8. gr. frumvarpsins var svohljóðandi ákvæði: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar, sbr. þó 14. gr." Með frumvarpi þessu fylgdi ritgerð eftir Ólaf Jóhannesson sem bar nafnið: Um eignar- og umráðarétt að jarðhita. Ritgerð þessi er ítarlegasta lögfræðilega greinargerðin um þessi efni sem rituð hefur verið á íslensku. Í henni er fjallað um hversu háttað sé að íslenskum lögum eignar- og umráðarétti að jarðhita, hver stefna muni í þeim efnum hallkvæmust hagsmunum bæði einstaklinga og þjóðarheildar og skipun löggjafar á þessu sviði hjá öðrum þjóðum.

Niðurstöður Ólafs Jóhannessonar voru þær að þrátt fyrir að réttur landeigenda til umráða og hagnýtingar jarðhita á landi sínu sé, að því er virðist, litlum skorðum bundinn að

núgildandi lögum þá megi auðvitað setja honum ýmis takmörk með nýrri löggjöf ef ástæða þykir til. Enn fremur segir Ólafur að það sé sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar. Með löggjöf þeirri, sem gerð var tillaga um, væri ekki gengið of nærri hagsmunum landeigenda. Þeir héldu eftir nægilegri orku til sinna eðlilegu þarfa. Lokaorð ritgerðar Ólafs um ákvæði frumvarpsins um umráðarétt ríkisins neðan 100 metra dýpis eru þessi: „Og slík löggjafarákvæði mundu ekki brjóta í bág við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Er það augljóst þegar litið er til þeirrar löggjafar, sem sett hefur verið í öðrum löndum um hliðstæð efni, enda þótt þar séu svipuð eða samhljóða ákvæði um friðhelgi eignarréttar, sbr. það, sem sagt er hér að framan um Danmörk.“

Rétt er og að vitna til ummæla dr. Bjarna Benediktssonar í greinargerð með frumvarpi til laga sem hann flutti á Alþingi 1945, um viðauka við lög nr. 98/1940 um eignar- og notkunarrétt jarðhita (Alþingistíðindi 1945 A bls. 434–435). Var lagt til að jarðboranir er ná dýpra en 10 metra megi ekki framkvæma án leyfis ráðherra, sem skyldi synja leyfis, ef hætta kynni að vera á því að með jarðborunum væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns sem þegar er hafin eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú hagnýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun.

Ekki var í frumvarpinu ákvæði um bætur, enda segir í greinargerð með frumvarpinu m. a.: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja, þrátt fyrir ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins.“ Í frumvarpi þessu var því lagt til að unnt væri að svipta landeiganda rétti til hagnýtingar jarðhita neðan 10 metra dýpis ef hætta kynni að vera á því að það spillti byrjaðri eða væntanlegri hagnýtingu jarðhita á landi annars manns. Taldi dr. Bjarni Benediktsson þetta almenna takmörkun eignarréttar sem heimil væri án bóta. Virðast því fræðimennirnir Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson hafa verið sammála í aðalatriðum um þetta efni.

III.

Svo sem fyrr er getið fjallaði Ólafur Jóhannesson um skipan þessara mála hjá öðrum þjóðum og lýsti hann löggjöf í Nýja Sjálandi, Ítalíu, Mexíkó, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Frakklandi og Sviss. Vísast til ritgerðar Ólafs sem fylgdi fyrrgreindu frumvarpi og einnig er að finna í Tímariti lögfræðinga 1956 bls. 134–157. Því til viðbótar er þó rétt að geta eftirfarandi atriða um erlenda löggjöf:

Á vegum OECD var árið 1962 gerð könnun á eignar- og umráðarétti yfir olíu í jörðu og var niðurstaðan sú að nánast hvarvetna, þar sem rannsóknir hefðu farið fram á því hvort olíu væri að finna neðanjarðar, væri hún háð eignarráðum eða umráðum ríkisins og virðast Bandaríki Norður-Ameríku vera eina ríkið þar sem olía á landi er háð einkaeignarrétti og landeigendur fá því greiðslur fyrir olíu úr landi sínu.

Í Noregi voru árið 1973 sett lög um rannsókn og vinnslu olíu neðanjarðar undir norsku landssvæði og með þeim kveðið á um skýlausan eignarrétt ríkisins til olíu innan yfirráðasvæðis þess. Ekki var talið að um væri að ræða þess háttar eignarskerðingu að leitt gæti til bóta skv. eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar norsku.

Í Danmörku hefur verið úrskurðað að lög um rannsókn og vinnslu hráefna neðanjarðar nái til jarðhita og er hann því ríkiseign.

Í Bandaríkjunum hafa verið sett lög um jarðhita, annars vegar Geothermal Steam Act 1970 og hins vegar Geothermal Energy Research Development and Demonstration Act 1974. Í Bandaríkjunum hafa stjórnvöld um langan aldur undanskilið verðmæti í jörðu við sölu landareigna. Þetta hefur leitt til þess að langmestur hluti jarðhita þar í landi er í umráðum ríkisins.

Í Nýja-Sjálandi gilda lög frá 1953, með síðari breytingum, um jarðhita og nefnast þau The Geothermal Energy Act 1953. Í 14. gr. laganna segir: „No compensation in respect of geothermal energy. Notwithstanding anything in this Act or any other Act, compensation shall not be payable in respect of any geothermal energy on or below the surface of any land except so far as, at the commencement of this Act, the existence of the geothermal energy on or below the surface of the land is of actual benefit to the owners or occupiers of the land."

Með þessum lögum er allur jarðhiti í Nýja-Sjálandi lýstur almannaeign án bóta til landeiganda, nema því aðeins að landeigandi hafi þegar byrjað að nota jarðhitann og hann hafi því beinan hag af honum. Augljóst er að í öðrum löndum þar sem löggjafar nýtur hefur verið gengið miklu lengra í þá átt að takmarka rétt landeigenda til jarðhita en gerðar eru tillögur um í frumvarpi þessu.

Löggjöf annars staðar virðist og benda til þess að ekki sé talið að ákvæði í almennum lögum um eignarrétt eða umráðarétt ríkisins á náttúruauðæfum undir yfirborði einkaeignarlanda brjóti í bága við stjórnarskrárbundna vernd einkaeignarréttarins. Þetta á jafnt við um ríki sem búa við mjög svipaða löggjöf og við sem og önnur ríki sem búa við ólíka stjórnskipun.

IV.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort ákvæði frumvarps þessa, sem lýsa ónotaðan jarðhita neðan 100 metra dýpis undir einkaeignarlöndum í umráð ríkisins, brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Þeirri spurningu verður ekki svarað nema fyrst sé kannað hvort öll náttúruauðæfi undir yfirborði jarðar tilheyri landareign. Hvorki í vatnalögum frá 1923, lögunum um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 né í orkulögunum frá 1967 er þess getið hversu djúpt í jörð niður réttur landeiganda nái að þessu leyti. Í lögunum frá 1940 er talað um að landareign fylgi réttur til hvera og lauga (jarðhita) sem á landareign eru (1. gr.) og að landeiganda sé heimilt að hagnýta sér hveri og laugar til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar. Í orkulögunum frá 1967 er hins vegar talað um jarðhita úr landareign og að landeiganda sé rétt að bora á landareign sinni eftir jarðhita og vinna hann til hvers konar nota. Enda þótt ákvæði orkulaga séu þannig nokkuð ítarlegri, mun ekki hafa verið ætlunin að breyta neinu um eignar- og notkunarrétt jarðhita með setningu III. kafla orkulaganna.

Hvorki vatnalög, orkulög né önnur lög eða réttarheimildir virðast hafa veitt landeiganda heimildir á öllum jarðhita sem finna má undir landareign hans. Ekki verður heldur séð að landeigendur hafi með öðrum hætti eignast slíkar heimildir á jarðhita, sem finnst djúpt í jörðu niðri, að varðað geti bótum skv. stjórnarskrárákvæðum að lýsa jarðhita þennan í umráð ríkisins. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á eignarrétti felst í honum einkaréttur eigandans til að ráða yfir eign innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af óbeinum réttindum annarra sem til hefur verið stofnað yfir eigninni. Jafnvel þótt því mætti halda fram að með ákvæðum vatnalaga frá 1923, laganna um eignar- og notkunarrétt jarðhita frá 1940 og orkulaganna frá 1967 hafi landeigendum, af löggjafarvaldsins hálfu, verið falinn eignarréttur að öllum jarðhita undir einkaeignarlandi, þá er ekkert því til fyrirstöðu að breyta þessum reglum nú. Eignarrétturinn er að þessu leyti breytilegur. Heimildir hans geta ýmist verið rýmri eða þrengri, allt eftir því hve almenn takmörk honum eru sett í lögum hverju sinni.

Niðurstaðan er því sú að með ákvæðum frumvarps þessa sé einungis verið að setja eignarréttinum almenn takmörk. Ekki verði séð að stofnast hafi til eignarréttar með jarðhita djúpt í jörðu sem girði fyrir að almenni löggjafinn geti mælt fyrir um umráða- og hagnýtingarrétt til handa ríkinu á jarðhita sem ekki hefur verið virkjaður og er neðan 100 metra dýpis í landi sem er háð einkaeignarrétti.

Um rétt ríkisins til að setja reglur um meðferð jarðhita utan einkaeignarlanda og neðan við 100 metra dýpi undir einkaeignarlöndum, má vísa til dóms Hæstaréttar 19. febrúar 1981 um eignarrétt að botni Mývatns utan netlaga og dóms Hæstaréttar 28. desember 1981 um eignarrétt að Landmannaafrétti. Í báðum tilvikum var einkaeignarréttarkröfum landeigenda hafnað, en kveðið á um rétt handhafa ríkisvaldsins til að setja reglur um yfirráð, meðferð og nýtingu náttúruauðæfa þessara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að umráðaréttur og hagnýtingarréttur landeigenda takmarkist við jarðhita á landi og þann jarðhita sem sóttur verður á dýpi allt að 100 metrum. Talið er að með ákvæði þessu sé tryggt að landeigandi á jarðhitasvæði verði ekki sviptur neinum þeim jarðhitanotum sem teljast til venjulegrar nýtingar á landi.

Um 2. gr.

Með gufu og heitu vatni berast úr jörðu uppleyst efni og gastegundir sem ekki verða skilin frá á auðveldan hátt. Lagt er til að með umráða- og hagnýtingarrétti jarðhita fylgi réttur til þessara uppleystu efna og gastegunda. Þetta er í samræmi við erlenda löggjöf á sviði jarðhita.

Um 3. gr.

Greinin svarar efnislega til 11. gr. orkulaga, nr. 58/1967, þó þannig að orðalagi er breytt til samræmis við frumvarp þetta. Einnig er kveðið á um að matsmenn skuli skera úr um hvernig hagkvæmast sé að hagnýta jarðhitann ef ágreiningur verður. Ekki er talið rétt að lögfesta ítarlegri reglur um skiptingu og hagnýtingu jarðhita þar sem tilvikin sem upp geta komið eru mörg og verða sanngirnisrök oft að ráða skiptingunni. Ef ekki næst samkomulag um hagnýtingu jarðhita er heimilt að beita ákvæðum 13. gr.

Um 4. gr.

Greinin er sama efnis og 12. gr. orkulaga nr. 58/1967. Tekið er fram að matsmenn þeir, sem vitnað er til, skuli vera hinir sömu og starfa skv. ábúðarlögum nr. 64/1976.

Um 5. gr.

Grein þessi svarar til 13. gr. orkulaga nr. 58/1967, með lítils háttar breytingum. Vitnað er í hin nýju jarðalög nr. 65/1976, auk þess sem ekki er kveðið á um að forkaupsréttur ríkisins takmarkist við 5 ára tímabil eftir að sveitarfélag neytir forkaupsréttar síns.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kveðið verði á um að allur jarðhiti undir yfirborði einkaeignarlanda og sóttur verður í meira en 100 metra dýpi skuli vera í umráðum ríkisins.

Í 2. mgr. er lagt til að kveðið verði á um í lögum að jarðhiti, sem finnst utan fullkominna eignarlanda, skuli vera háður umráðum ríkisins. Ekki er að finna slíkt ákvæði í gildandi löggjöf en það hefur út af fyrir sig ekki verið dregið í efa að jarðhiti á afréttum og almenningum sé almannaeign.

Um 7. gr.

Lagt er til að ætíð þurfi leyfi til að hagnýta jarðhita neðan við 100 metra undir einkaeignarlandi og utan einkaeignarlanda.

Um 8. gr.

Lagt er til að þeir sem þegar hafa borað eftir jarðhita og byrjað hagnýtingu hans eða munu hafa gert það fyrir 1. janúar 1986 skuli halda rétti til þess jarðhita án sérstaks leyfis og án greiðslu gjalds. Hér er að sjálfsögðu átt við hagnýtingu á jarðhita sem ella þyrfti leyfi til skv. frumvarpinu. Þá er og lagt til að slíkir aðilar hafi forgangsrétt til frekari hagnýtingar sama jarðhitasvæðis til sama fyrirtækis. Þykir sanngjarnt að þeim fyrirtækjum, sem nota jarðhita, verði tryggð aukin not ef nægur jarðhiti er á því jarðhitasvæði sem hagnýtt hefur verið.

Um 9. gr.

Lagt er til að ráðherra veiti leyfi til rannsókna og borana á jarðhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að slík leyfi nái til jarðhitasvæðis sem afmarkað er í leyfi.

Um 10. gr.

Á sama hátt og með jarðhitarannsóknarleyfi er lagt til að ráðherra veiti leyfi til hagnýtingar á jarðhita eða vinnslu hans. Kveðið er á um skyldu þess er sækir um leyfi skv. 9. eða 10. gr. að láta í té hvers kyns upplýsingar sem ráðherra telur máli skipta við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að sveitarfélög sem eignast hafa land á jarðhitasvæðum við gildistöku laganna skuli hafa betri rétt en aðrir til að hagnýta jarðhita sem á landi þeirra finnst. Þau verða samt sem áður háð ákvæðum laganna um leyfisveitingar en eru undanþegin greiðslu gjalds. Á því er byggt í ákvæði þessu að jarðhiti í umráðum sveitarfélags verði notaður til almenningsheilla og rétt sé að tryggja með löggjöf að réttur sveitarfélagsins til að nýta jarðhitann sé betri en réttur annarra sem kunna að sækja eftir hagnýtingu jarðhita í landi sem sveitarfélag hefur eignast fyrir gildistöku laganna.

Um 12. gr.

Hér er getið nokkurra þeirra atriða sem koma verða fram í leyfi skv. 9. og 10. gr. en að sjálfsögðu er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Gert er ráð fyrir að ítarlegri fyrirmæli um framkvæmd laganna verði sett með reglugerð.

Rétt þykir að kveða á um að leita skuli umsagnar Orkustofnunar og eftir atvikum Náttúruverndarráðs áður en leyfi skv. 9. eða 10. gr. er veitt.

Um 13. gr.

Ákvæði þetta samsvarar 14.—16. gr. orkulaga, nr. 58/1967.

Um 14. gr.

Með þessu ákvæði er skýrt kveðið á um að ráðstöfun á jarðhita ríkisins heyri undir einn og sama aðila til að tryggja samræmda ákvarðanatöku um slík mál.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 46. gr. orkulaga nr. 58/1967, nema að því leyti að skýrt er kveðið á um skipun matsmanna skv. greininni.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 47. gr. orkulaga.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um sama efni og 48. gr. orkulaga. Tekið er fram að umráðamanni sé nægilegt að merkja með aðvörunarmerkjum jarðhitasvæði sem eru fjarri byggð og hætta stafar af.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 49. gr. orkulaga.

Um 19. gr.

Í þessu ákvæði er almenn heimild til reglugerðarsetningar fyrir lögin í heild.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 21. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 6. Tillaga til þingsályktunar [6. mál]

um stofnun landsnefndar til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa frumkvæði að því að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúar helstu fjöldasamtaka í landinu. Nefndin skal gera tillögur um hvernig Íslendingar geti best orðið við tilmælum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um ýmiss konar refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku. Nefndin skal enn fremur hafa það hlutverk að kynna íslensku þjóðinni ástand og þróun mála í Suður-Afríku og þær hörmungar sem kynþáttaaðskilnaðarstefnan (apartheid) hefur leitt yfir þorra manna þar í landi, svo og að fræða almenning á Íslandi um stöðu Namibíu og þá sjálfstæðisbaráttu sem þar er nú háð gegn ólöglegum yfirráðum Suður-Afríku yfir landinu.

Greinargerð.

Þessi tillaga var áður flutt síðla þings árið 1982, en allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna helgaði það ár sérstaklega auknum refsiaðgerðum gegn kynþáttahatursstjórninni í Suður-Afríku. Tillagan varð þá eigi útrædd. Flm. þykir nú tímabært að vekja máls á þessu að nýju.

Nefndir, eins og tillagan gerir ráð fyrir, eru nú starfandi í ýmsum grannlöndum okkar og gegna veigamiklu hlutverki að því er miðlun upplýsinga og fræðslustarfsemi varðar.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur lengi starfað sérstök nefnd er fjallar um mál er varða apartheid-stefnu stjórnar Suður-Afríku. Þessi nefnd er venjulega kölluð „sérstaka apartheid-nefndin“. Í mörgum samþykktum og yfirlýsingum hennar eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hvött til að beita refsiaðgerðum gegn Suður-Afríku og til þess að hætta hvers konar samvinnu við stjórn landsins, ekki aðeins á stjórnmálasviðinu, heldur og að því er varðar viðskipti almennt og samskipti á sviði vísinda, menningarmála, lista og íþrótta.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1984 voru gerðar sjö ályktanir um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnarinnar í Suður-Afríku. Norðurlandaþjóðirnar fimm höfðu frumkvæði að einni þessara ályktana (ályktun 39/72 G) og fluttu hana ásamt Ástralíu, Ghana, Grikklandi, Írlandi, Máretaníu, Nígeríu, Nýja-Sjálandi, Tanzaníu, Zambíu og Zimbabwe.

Samkvæmt skýrslu um þátttöku Íslands í 39. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er efni ályktunarinnar í stuttu máli þetta: Kynþáttaaðskilnaðarstefnan er harðlega fordæmd þar sem hún komi í veg fyrir að meiri hluti Suður-Afríkumanna njóti frelsis og borgararéttinda. Þar er lýst fordæmingu á morðum, handtökum og fangelsun manna úr ýmsum samtökum fyrir að hafa mótmælt kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og nýjum stjórnarskrárákvæðum. Enn fremur eru í ályktuninni fordæmdar árásir Suður-Afríku á grannríki og flóttamenn frá Suður-Afríku og Namibíu. Skorað er á stjórnvöld í Suður-Afríku að sleppa Nelson Mandela og öðrum pólitískum föngum úr haldi þegar í stað og fella úr gildi lög um misrétti og létta banni af félögum, fjölmiðlum og einstaklingum er berjast gegn kynþáttaaðskilnaði. Þá er skorað á öryggisráðið að fjalla þegar í stað um bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku.

Þessi ályktun fékk flest atkvæði þeirra sjö sem samþykktar voru, en atkvæði um hana féllu á þann veg að hún var samþykkt með 146 atkvæðum gegn 2, en 6 ríki sátu hjá. Bandaríkin og Bretland greiddu atkvæði gegn ályktuninni. Belgía, Frakkland, Ítalía, Lúxemborg, Malawi og Vestur-Þýskaland sátu hjá. Fjarverandi við atkvæðagreiðsluna voru: Antigua og Barbuda, Ísrael, Paraguay og Swaziland.

Þrjár síðustu málsgreinar ályktunarinnar eru á þessa leið í íslenskri þýðingu:

„Allsherjarþingið heitir á allar ríkisstjórnir og samtök að gera viðhlítandi ráðstafanir til að binda enda á öll samskipti á sviði menntamála, menningarmála, vísinda og íþrótta sem fela í sér stuðning við apartheid-stjórnina í Suður-Afríku, svo og samskipti við einstaklinga, stofnanir og aðra sem styðja eða styðjast við kynþáttaaðskilnaðarstefnuna og hvetur einnig til frekari tengsla við þá sem berjast gegn apartheid-stefnunni;

ítrekar lögmæti baráttu hinnar kúguðu þjóðar Suður-Afríku fyrir algjöru afnámi apartheid-stefnunnar og fyrir stofnun lýðræðislegs þjóðfélags þar sem ríki jafnrétti kynþáttanna, þar sem allir menn án tillits til kynþáttar, litar eða trúarbragða geta notið mannréttinda og almenns frelsis;

þakkar og lýsir samstöðu með samtökum og einstaklingum sem berjast gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni og fyrir lýðræðislegu þjóðfélagi þar sem ríkir jafnrétti kynþáttanna í samræmi við mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna."

Samkvæmt tillögunni skal það einnig vera hlutverk þeirrar landsnefndar, sem ráðgert er að skipuð verði, að kynna landsmönnum og fræða þá um ástandið í Namibíu. Sjálfstæði Namibíu, eða Suðvestur-Afríku, hefur verið á dagskrá allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna allt frá fyrsta þinginu árið 1946, segir í skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um síðasta allsherjarþing. Þar kemur einnig fram að öryggisráðið fjalli árlega um þetta mál og að sérstakt Namibíuráð vinni stöðugt að lausn þess. Árið 1978 samþykkti öryggisráðið ályktun sem hefur að geyma sérstaka áætlun um frjálsar kosningar í Namibíu undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og um ráðstafanir til þess að landið geti öðlast sjálfstæði með friðsamlegum hætti. Ekki hefur tekist að hrinda áætluninni í framkvæmd og Suður-Afríkumenn sitja sem fastast í Namibíu og frelsisbaráttumenn heyja við þá vopnaða baráttu, svo að notuð séu óbreytt orð úr skýrslu íslensku fastanefndarinnar.

Frelsisbarátta Namibíumanna hefur litla umfjöllun fengið í fjölmiðlum hér á landi og lítt verið fjallað um ólöglega stjórn Suður-Afríku á landinu. Flm. telja eðlilegt að nefnd, eins og tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði, skuli einnig kynna almenningi á Íslandi þessi mál.

Um ástandið í Suður-Afríku þessa dagana og vikurnar mætti skrifa langt mál. Flm. leyfa sér að ljúka þessari greinargerð með tilvitnun í forustugrein Alþýðublaðsins 31. ágúst s.l. en hún var á þessa leið:

Á barmi glötunar.

Fréttir af manndrápum og misþyrmingum ógnarstjórnar hvíta minnihlutans, sem ræður ríkjum í Suður-Afríku, eru þessa dagana fastir liðir í fréttum íslenskra fjölmiðla. Nærfellt hvert einasta kvöld opnast á íslenskum heimilum skjár sjónvarpsins þar sem við okkur blasa

barsmíðar og linnulausar misþyrmingar á saklausu fólki sem ekkert hefur til saka unnið annað en ef til vill það eitt að vilja safnast saman til friðsamlegra mótmæla — og svo auðvitað það sem öllu máli skiptir í augum valdhafa Suður-Afríku, nefnilega að fólkið er af öðrum litarhætti en þeir sem landinu ráða. Lýðveldið Suður-Afríka rambar nú á barmi glötunar.

Fólk um víða veröld stendur höggdofa andspænis þeim harmleik sem ríkisstjórnin í Suður-Afríku hefur með aðgerðum sínum sett á svið á undanförnum vikum og virðist staðráðin í að leika til sinna eigin endaloka sem með sama áframhaldi og atburðarás geta vart verið langt undan.

Margra ára viðleitni Sameinuðu þjóðanna til þess að fá ríkisstjórn Suður-Afríku með góðu eða illu til að láta af kynþáttaofsóknum hefur ekki borið árangur. Samtök heimsþjóðanna hafa þar reynst vanmáttugt verkfæri. Skýring þess er ef til vill sú helst að stórveldin svonefndu hafa ekki beitt sér í málinu. Afstaða Bandaríkjastjórnar til dæmis hefur verið linkuleg gagnvart Suður-Afríku að ekki sé meira sagt.

En hvað er til ráða? Eigum við að horfa aðgerðalaus úr stofunum okkar hér heima á harmleikinn sem er að gerast í Suður-Afríku, þótt í órafjarlægð sé? Ástandið í Suður-Afríku kemur okkur við. Það kemur öllum mönnum við.

Einhverjir kunna að segja að orð og athafnir smáþjóða megi sín ekki mikils í þessu sambandi. Það er rétt, en aðeins að hluta. Við Íslendingar gætum til dæmis beitt okkur fyrir því að utanríkisráðherrar Norðurlanda kæmu saman til sérstaks fundar til þess að fjalla um þetta mál. Norðurlöndin eru virt afl á alþjóðavettvangi og geta þar haft veruleg áhrif ef vilji og samstaða er fyrir hendi. Hér geta Íslendingar tekið frumkvæði og það er ekki eftir neinu að bíða.

Jafnframt þessu eigum við að sjálfsögðu þegar í stað að hætta öllum viðskiptum við Suður-Afríku og hefðum átt að gera það fyrir löngu. Þau eru reyndar ekki mikil og væru þetta því nánast táknræn mótmæli, en mótmæli samt. Þaðan fluttum við inn í fyrra vörur fyrir tæpar tuttugu og átta milljónir króna. Einkum ávexti. Þeir eru auðfengnir annars staðar. Þangað seldum við í fyrra vörur fyrir rúmar fjórar milljónir króna, einkum veiðarfæri og útgerðarvörur. Þeim útflutningi ætti að vera auðfundinn annar markaður. Alþýðublaðið skorar á íslensk stjórnvöld að beita sér fyrir því að hætt verði þegar í stað öllum viðskiptum við ofbeldis- og kúgunarstjórnina í Suður-Afríku.

Sþ. 7. Tillaga til þingsályktunar [7. mál]

um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi. Jafnframt verði hafin vinna við heildarskipulag svæðisins og undirbúin kaup á þeim jörðum og landspildum á svæðinu sem ekki eru þegar í eigu ríkisins.

Frumvarp til laga um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði eigi fram að ganga og því er hún nú endurflutt, efnislega óbreytt, en með lítið eitt breyttu orðalagi.

Efni tillögunnar er einfalt og skýrt: Að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun þjóðgarðs á svæðinu umhverfis Gullfoss og Geysi, einhverjar þekktustu perlur íslenskrar náttúru, og leggja frumvarp þess efnis fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Það er með ráðnum hug að flm. gera ekki ákveðnar tillögur um stærð eða mörk hins fyrirhugaða þjóðgarðs. Þar koma svo margir kostir til greina að eðlilegt er að þeir, sem fá það verkefni að vinna að undirbúningi málsins, hafi þar nokkurt svigrúm. Þó mætti hugsa sér að fyrirhugaður þjóðgarður yrði að minnsta kosti 40 ferkílómetrar að stærð. Innan hans yrðu þá jarðirnar Haukadalur, Torta, Bryggja, Laug, Helludalur, Brú, Kjóastaðir, Hólar og skógræktin í Haukadal. Af þessum jörðum á ríkið tvær, Haukadal og Laug, en þrjár eru í eyði, Hólar, Torta og Bryggja. Mætti þá hugsa sér að mörk þjóðgarðsins yrðu eins og sýnt er á meðfylgjandi korti sem prentað er sem fylgiskjal. Ítrekað skal að hér er aðeins um einn kost af mörgum að ræða og ef til vill væri ákjósanlegt að þjóðgarðurinn yrði töluvert stærri.

Þegar tillagan var flutt upphaflega fylgdi henni greinargerð sem hér fer á eftir að mestu óbreytt:

Gullfoss og Geysir eru oftlega nefndir í sömu andrá. Fáir staðir á Íslandi eru jafnþekktir og víðkunnir, ekki aðeins meðal Íslendinga sjálfra, heldur og um víða veröld meðal þeirra erlendu gesta er landið sækja heim. Um mikilvægi þessara staða í hugum Íslendinga er óþarft að fjölyrða frekar.

Vaxandi straumur ferðamanna ár frá ári, innlendra sem erlendra, á svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi gerir að verkum að nauðsyn ber nú til að grípa til sérstakra ráðstafana svæðinu og náttúru þess til verndar. Slíkum ráðstöfunum fylgir eðlilega nokkur kostnaður og sýnist sjálfsagt og eðlilegt í ljósi staðreynda málsins að hann komi úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Með því að skipuleggja betur en nú er móttöku ferðamanna á þessu svæði væri unnt að skapa fleiri störf í þeirri grein heimamönnum til handa. Ferðamönnum þarf að standa til boða margvísleg þjónusta á svæðinu, svo sem veitinga- og gistiþjónusta, leiðsögn í skoðunarferðum sem farnar væru, ýmist fótgangandi eða á hestum.

Vegna þess hve skammt er milli Gullfoss og Geysis má segja að þessir tveir staðir séu nánast samliggjandi og því sé eðlilegt að ferðamannaþjónusta fyrir svæðið yrði aðeins á öðrum staðnum, en vel skipulögð og ætluð þeim sem heimsækja báða staðina. Ekki er vandalaust að skipuleggja þjónustu af þessu tagi í jafnviðkvæmu umhverfi og hér um ræðir.

Að mati flm. þessarar tillögu eiga Gullfoss og Geysir, þessar perlur íslenskrar náttúru, að vera í sama þjóðgarði þar sem ferðamenn, jafnt innlendir sem erlendir, eiga þess kost að njóta þessara einstæðu náttúruundra. Stofnun þjóðgarðs á þessu svæði þarf að undirbúa vandlega í samvinnu við sveitarstjórnir, landeigendur, Náttúruverndarráð, Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna, skipulagsyfirvöld og aðra þá er málinu tengjast. Flm. telja nauðsynlegt að undirbúningur hefjist sem fyrst þannig að leggja megi frumvarp um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Fylgiskjal.

Umræðutillaga um mörk þjóðgarðs umhverfis Gullfoss og Geysi.



Sþ. 8. Tillaga til þingsályktunar [8. mál]

um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka aðstæður barna að 12 ára aldri.

Eftirfarandi atriði verði m.a. höfð til hliðsjónar við athugunina:

1. Fyrirliggjandi úttekt á launakjörum forgangshópa sem aðgang hafa að dagvistarheimilum.
2. Gerð verði ítarleg könnun á hlutfalli vinnu beggja foreldra þessara barna utan heimilis.
3. Fram komi í rannsókninni á hve mörgum stöðum (hjá dagmæðrum eða á dagvistarheimilum) og hjá hve mörgum aðilum börnin hafa notið umönnunar og uppeldis á meðan foreldrar vinna utan heimilis.
4. Hvort rekja megi hin mörgu slys á börnum í umferðinni til þeirra aðstæðna sem þau búa við á þessu aldursskeiði.

Greinargerð.

Þau atriði, sem tiltekin eru í tillögunni, eru í sjálfu sér nægur rökstuðningur fyrir því að sú athugun, sem þáltill. þessi fjallar um, verði gerð. Flm. telja eðlilegt að svo viðamikil úttekt, sem hér er lagt til að fari fram, verði falin félagsvísindadeild Háskóla Íslands sem sérstakt verkefni.

S.l. vetur fór fram mikil umræða um aðstæður barna á þeim aldri þegar þau eru hvað mest á mótunarskeiði. Tilefni þeirrar umræðu var að þegar yfirvofandi voru lokanir deilda á dagvistarheimilum vegna manneklu kom í ljós hve lítil festa virtist vera í umhverfi barna á þessu viðkvæma aldursskeiði.

Það er þess vegna nauðsynlegt að mati flm. að Alþingi taki af skarið og skori á ríkisstjórnina að hún láti fara fram ítarlega athugun á þessum málum sem síðar geti leitt til raunhæfra og markvissra aðgerða.

Nd. 9. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [9. mál]

um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Kristín S. Kvaran.

1. gr.

51. gr. orðist svo:

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi en eiga þar ekki atkvæðisrétt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bandalag jafnaðarmanna hefur lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að styrkja löggjafarstarfsemi þingsins og auka sjálfstæði þess.

Hlutverk löggjafans á að vera að setja leikreglur og hafa með því strangt eftirlit að þeim sé framfylgt.

Sú breyting, sem hér er lögð til, mundi að mati flm. styrkja löggjafarstarfsemi þingsins. Það gengur auðvitað ekki að það sé hlutverk eins og sama mannsins annars vegar að setja lög og hins vegar að hrinda þeim í framkvæmd, — auk þess sem það getur ekki talist eðlilegt að ætla nokkrum að hafa eftirlit með sjálfum sér.

Það er á hinn bóginn mjög æskilegt að æðstu menn framkvæmdarvaldsins eigi sæti á Alþingi og öðlist þannig af eigin reynslu innsýn í tilurð almennra leikreglna. Á sama hátt er það afar óæskilegt og óeðlilegt að þeir hafi þar nokkur áhrif með atkvæði sínu.

Árið 1971 varð breyting á launakjörum alþingismanna sem fól í sér viðurkenningu á því að þingmennska er mikið starf að umfangi og ábyrgð og að hún er fullt starf.

Til þess að styrkja virðingu Alþingis, sem þótt hefur í mörgu fara þverrandi undangengin ár, er nauðsynlegt að mati flm. að binda störf þingmanna við þingmennsku eingöngu þannig að hún teljist fullt starf og að ráðherradómur teljist að sama skapi einnig vera fullt starf.

Það segir sig sjálft að ráðherrar geta á engan hátt gegnt þingmennsku þannig að fullnægjandi sé. Ráðherrar taka t.d. ekki þátt í nefndastörfum þingsins sem er þó afar mikilvægur og tímafrekur þáttur í starfi þingmanna. Benda má á að verði frv. þetta samþykkt og ráðherradómur viðurkenndur sem fullt starf mætti fækka aðstoðarmönnum ráðherra sem sífellt fjölgar með hverri nýrri ríkisstjórn.

Í þessu sambandi má minna á þá skipan mála sem viðhöfð er í norska þinginu. Þar tekur varaþingmaður sæti um leið og þingmaður gerist ráðherra og situr svo lengi sem ráðherradómur hans varir. Um þetta atriði eru skýr ákvæði í 12. gr. norsku stjórnarskrárinnar, en þar segir m.a. að sérhver norskur ríkisborgari geti tekið við ráðherraembætti, þó því aðeins að hann sé ekki jafnframt þingmaður.

Það er skoðun flm. að með þessu frv. séu tekin af öll tvímæli um það hvert sé hlutverk Alþingis og að þessi tilhögun stuðli að virkari og betri starfsháttum þingsins.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Kristín Halldórsdóttir, Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi samþykkir að kjósa níu manna rannsóknarnefnd, skipaða þingmönnum frá öllum þingflokkum, til þess að kanna rekstur Innkaupastofnunar ríkisins.

Greinargerð.

Margítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að löggjafarvaldið gegni með ótvíræðum hætti eftirlitshlutverki sínu með framkvæmdarvaldinu. Þessi ályktunartillaga er liður í því að leggja beri áherslu á það hlutverk þingsins þegar tilefni gefast.

Nýverið varð uppvíst um fjársvik sem tengdust Innkaupastofnun ríkisins. Maður nokkur var kærður, grunaður um að hafa um átta mánaða skeið falsað svo milljónum króna skipti ávísanir sem hann hafði tekið við sem greiðslu fyrir verktakastörf fyrir stofnunina. Greint var frá því í fréttum af þessu máli að bókhald verktakafyrirtækisins yrði tekið til rannsóknar og endurskoðunar. Það er sjálfsagt atriði og hefði ekki vakið athygli ef jafnframt hefði komið fram að bókhald Innkaupastofnunarinnar yrði líka tekið til rannsóknar og endurskoðunar.

Það er skylda Alþingis að bregðast skjótt við í máli sem þessu og láta rannsaka fjárhag stofnunarinnar og bókhald ofan í kjölinn. Það verður að koma í ljós í slíkri rannsókn hvernig fjárveitingar til stofnunarinnar nýtast og hvernig stjórn stofnunarinnar almennt er háttað þegar litið er til þess að svo stórar fjárhæðir, sem hér um ræðir, geta verið útistandandi svo mánuðum skiptir án þess að hafa nokkur áhrif á fjárhag stofnunarinnar.

Gagnsemi þessarar stofnunar hefur verið dregin mjög í efa og flutt var um það þingsályktunartillaga af hálfu Bandalags jafnaðarmanna á síðasta þingi að leggja bæri niður starfsemi framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins.

Atburðir þeir, sem nú hafa átt sér stað í tengslum við rekstur þessarar stofnunar, hafa sannað, svo að ekki verður um villst, réttmæti orða flm. tillögunnar, en hann sagði m. a.:

„En í heild má segja að áhrifin af starfsemi þessa fyrirtækis séu þau að framkvæmdir á vegum hins opinbera fara fram með þeim hætti að enginn aðili hefur í raun nokkra yfirsýn yfir það hvaða peningar fara í hvað og með hvaða hætti þeir skila sér."

Þessi tillaga hlaut aldrei afgreiðslu úr nefnd og segir það sína sögu um vilja þingsins.

Hins vegar getur Alþingi ekki að mati flm. látið sér fátt um finnast, þegar stofnun, sem starfar eftir fyrirmælum þingsins, bregst illilega í því hlutverki sem henni er ætlað. Alþingi verður að hlutast til um að rannsókn fari fram á starfsemi þessarar stofnunar, og þannig mætti jafnframt komast að niðurstöðu um hvort stofnunin eigi í raun nokkurn rétt á sér.

Fylgiskjal.

ÚR LÖGUM NR. 63/1970, UM SKIPAN OPINBERRA FRAMKVÆMDA

14. gr. Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka svo og reikningshald og greiðslur vegna verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 23. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.

Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags, annast sveitarfélag útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka og reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir getur áskilið, að sveitarfélag, er sér um útboð vegna framkvæmdar, skuli fá samþykki Innkaupastofnunar ríkisins á útboðslýsingu, áður en útboð fer fram.

Þegar framlög til sameiginlegra framkvæmda ríkis og sveitarfélags eru miðuð við ákveðið einingarverð, sbr. II. kafla laga nr. 49/1967, um skólakostnað, annast sveitarfélag útboð og verklega framkvæmd, nema öðruvísi um semjist.

15. gr. Framkvæmdadeild gerir tillögur til aðila um það, hverju þeirra tilboða, sem borist hafa, skuli tekið eða hvort öllum skuli hafnað, en þá koma til ákvæði 2. mgr. 13. gr.

16. gr. Samningur við verktaka skal undirritaður af hlutaðeigandi ráðuneyti. Þegar um er að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags eða annars eignaraðila, skal samningur undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema öðruvísi um semjist, sbr. þó 4. mgr. 14. gr.

17. gr. Við hvert verk skal framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ráða einn eða fleiri sérfróða eftirlitsmenn eftir þörfum, er hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Eftirlitsmenn skulu samþykktir af eignaraðila eða eignaraðilum sameiginlega, ef um fleiri er að ræða. Í sérstöku erindisbréfi skal kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna ber að senda öllum aðilum að framkvæmdum og ríkisendurskoðun. Framkvæmdadeildin ber ábyrgð á störfum eftirlitsmanna gagnvart eignaraðilum.

18. gr. Allur kostnaður vegna starfa eftirlitsmanns telst til stofnkostnaðar opinberra framkvæmda.

19. gr. Nú raskast kostnaðar- eða tímaáætlun verks vegna verðlagsbreytinga eða af tæknilegum orsökum, og skal þá hlutaðeigandi ráðuneyti svo fljótt sem auðið er gera tillögur til fjármálaráðuneytisins um breytta greiðsluáætlun. Samþykki fjármálaráðuneytið hina breyttu greiðsluáætlun, skal miða við hana í frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Sé um að ræða sameiginlega framkvæmd ríkis og annars aðila, komi einnig til samþykki þess aðila á breyttri greiðsluáætlun.

V. kafli. Skilamat.

20. gr. Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Sþ. 11. Tillaga til þingsályktunar [11. mál]

um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að sjá til þess að í kjarasamningum ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði starfsreynsla við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, framvegis metin á sama hátt og starfsreynsla hjá opinberum aðilum við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem nú falla undir kjarasamning ríkisins og BSRB, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður.

Greinargerð.

Þessi tillaga var áður flutt á 107. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Tillagan miðar að því að hið opinbera sem atvinnurekandi meti til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Hún felur í sér að þeir sem haft hafa ólaunuð heimilisstörf að aðalstarfi njóti sama réttar til starfsaldurshækkana og þeir sem fengið hafa starfsreynslu sína við launuð störf hjá hinu opinbera ráðist þeir, sem heimilisstörf hafa stundað, til launaðra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum. Tillagan tekur einnig til þeirra opinberra starfsmanna sem rétt ættu til starfsaldurshækkana samkvæmt tillögunni en hafa ekki þegar notið fullra starfsaldurshækkana.

Í aðalkjarasamningi ríkisins og BSRB eru nú ákvæði um starfsaldurshækkanir á þann veg að til fulls starfsaldurs teljist sá tími sem starfsmaður hefur tekið laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna og unnið hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum sem styrktar eru af almannafé. Það er einnig ljóst af samningum að ráðist húsmóðir án starfsreynslu til starfa hjá hinu opinbera tekur það hana 5 ár að ná þriðja launaþrepi þess launaflokks sem hún tekur laun samkvæmt nema hún sé 32 ára eða eldri þegar hún hefur störf hjá hinu opinbera. Tillagan miðar að því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að hið opinbera meti jafngilda starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf og þá reynslu sem störf á vegum hins opinbera veita til starfsaldurshækkana. Í tillögunni er því gert ráð fyrir að hið opinbera viðurkenni starfsreynslu við heimilisstörf án tillits til eðlis þess starfs sem unnið er hjá hinu opinbera.

Það skal einnig tekið fram að starfsmaður telst hafa heimilisstörf sem aðalstarf á meðan hún eða hann gegnir ekki hálfu starfi eða meira úti á vinnumarkaðinum.

Í heimilisstörfum felst margvísleg reynsla sem ekki nýtist síður við launuð störf en almenn reynsla fengin á vinnumarkaðinum. Má þar nefna þætti eins og frumkvæði, sjálfstæði, ábyrgð og meðferð fjármuna en það eru þættir í launuðum störfum sem einna hæst eru metnir til launa á vinnumarkaðinum. Í annan stað sæta þeir, sem inna af hendi ólaunuð heimilisstörf, stórlega skertum ævitekjum miðað við þá sem geta óhindrað gegnt launuðum störfum alla starfsævi sína. Í þessu er m. a. fólgin efnahagsleg mismunun kynjanna en í langflestum tilvikum eru ólaunuð heimilisstörf unnin af konum. Það kemur þó vitaskuld ekki í veg fyrir að karlar, sem sinna ólaunuðum heimilisstörfum sem aðalstarfi, njóti þeirra réttinda sem tillagan kveður á um.

Ekki liggja fyrir neinar tölur sem sýna fram á hversu þjóðhagslega mikilvæg heimilisstörf eru. Fæstum blandast þó hugur um að heimilisstörf eru ekki síður mikilvæg en önnur störf sem unnin eru í þjóðfélaginu. Tillagan er því réttlætismál og gefur tilefni til að sýna í verki, þó í litlu sé, að ríkið meti í raun einhvers þjóðhagslegt mikilvægi ólaunaðs vinnuframlags kvenna.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 2. tl. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

c. Ferðakostnað að fullu með áætlunarbíl, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni í sjúkrahúsi eða á sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á 12 mánaða tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og réttur skv. 1. gr. tekur til allra tilvika frá og með 1. maí 1982.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Þá fylgdi því svofelld greinargerð:

Samkvæmt b-lið 2. tl. 1. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar er einungis greiddur ferðakostnaður þegar vegalengd er meiri en 15 km. Augljóslega getur sjúklingur orðið fyrir mjög verulegum og tilfinnanlegum útgjöldum þótt hver ferð sé skemmri en 15 km, ef fara þarf mjög margar ferðir. Því frumvarpi, sem hér er flutt, er ætlað að ná til slíkra tilvika.

Til marks um hvað hér um ræðir skal tekið dæmi af hafnfirskri stúlku sem þarfnaðist ítrekaðrar meðferðar sem var reyndar óumdeilanlega hluti af heildaraðgerð. Stúlkan festi hönd í snigli í sælgætisgerðarvél þannig að hana tók í sundur frá litlafingri um þvert handarbak að þumalfingri. Til þess að endurskapa höndina gekkst stúlkan undir fjölda skurðaðgerða þar sem hver áfanginn rak annan. Það var hins vegar órjúfanlegur hluti

aðgerðarinnar að hún nyti þjálfunar milli skurðaðgerða, annars yrðu þær gagnslausar. Sótt var um endurgreiðslu vegna ferða í þessa þjálfun. Kostnaður af þeim var umtalsverður. Alls voru ferðirnar nokkuð yfir eitt hundrað. Ef venjulegar strætisvagnaferðir hefðu verið notaðar nam kostnaðurinn yfir 10 þús. krónum eins og verðlag er núna. Stúlkan var hins vegar staðráðin í að láta ekki slysið hindra sig í námi, en til þess að það mætti takast dugði ekki að láta mikinn tíma fara til spillis í ferðir og bið eftir þeim. Þetta tókst með því að fjölskyldan lagði á sig að útvega henni bifreið til afnota. Hér var lagt í mikinn kostnað til þess að aðgerðin tækist sem best og slysið bitnaði ekki á náminu.

Þess má að lokum geta að sú stúlka, sem hér um ræðir, var fyrir slysið Íslandsmeistari í fimleikum og hún hóf aftur æfingar og er nú þjálfari í fimleikum.

Umsókninni um endurgreiðslu ferðakostnaðar svaraði Tryggingastofnunin þannig:

„Mál yðar varðandi endurgreiðslu á ferðakostnaði vegna þjálfunar eftir slys var tekið fyrir á fundi tryggingaráðs 14. desember s. l.

Tryggingaráð staðfesti þá fyrri synjun slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins á greiðslu ofangreinds kostnaðar með vísan til 2. töluliðar 1. málsgreinar 32. gr. almannatryggingalaga.

Yðar tilvik virðist því miður ekki heldur geta fallið undir endurgreiðslureglur sjúkrasamlaga um ferðakostnað sjúklinga innanlands, sbr. 6. gr. reglnanna."

Þetta mál er einungis rakið til sannindamerkis um hversu óréttlátt núverandi kerfi er. Í þessu dæmi er um að ræða einstakling sem hefur farið í ferðir, sem samtals eru yfir 2000 km, til þess að endurheimta heilsuna en nýtur engrar aðstoðar frá tryggingunum til greiðslu á ferðakostnaði á sama tíma og aðrir fá endurgreiddan ferðakostnað sem er einungis lítið brot af því sem hér um ræðir.

Vafalaust eru mörg tilvik hliðstæð þessu og þeim fer fjölgandi með nýrri tækni í læknisfræði. Ákvæði laganna eru því bæði óréttlát og úrelt. Tilgangur almannatrygginganna er að jafna aðstöðu og hindra að efnahagslegt misrétti komi í veg fyrir að fólk njóti læknishjálpar. Af þessum sökum er sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögunum, bæði sanngjörn og nauðsynleg.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að greiddur sé allur ferðakostnaður þegar ferðir á 12 mánaða tímabili eru fleiri en tiltekið lágmark, 30 ferðir.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir að rétturinn til þess að njóta endurgreiðslu á ferðakostnaði skv. 1. gr. nái til þeirra sem hafa sannanlega lent í þessum miklu útgjöldum á s. l. þremur árum. Er þetta sanngjarnt með tilliti til þess að því óréttlæti, sem nú ríkir, hefði átt að vera búið að breyta og lagfæra lagaákvæðin fyrir löngu, svo úrelt sem þau eru orðin.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um athugun á vaxtafrádrætti til jöfnunar á húsnæðiskostnaði.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvernig skattfrádráttur vegna vaxtagjalda nýtist húsbyggjendum og íbúðakaupendum til jöfnunar á húsnæðiskostnaði með tilliti til mismunandi tekna og frádráttarbærra vaxtagjalda.

Jafnframt skal á grundvelli könnunarinnar lagt á það mat hvort þennan frádrátt megi nýta betur eftir öðrum leiðum með það að markmiði að ná meiri jöfnun í húsnæðiskostnaði húsbyggjenda og íbúðakaupenda.

Niðurstöður skulu lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við upphaf næsta þings.

Greinargerð.

Flestir eru sammála um að rétt og eðlilegt sé að veita skattaívilnanir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Ljóst er að vaxtabyrði er gífurleg hjá húsbyggjendum og íbúðakaupendum, ekki síst fyrstu árin þegar oft þarf að brúa mikinn hluta af kostnaðinum með skammtímalánum úr bankakerfinu. Þótt ekki sé um það deilt að þessi leið sé eðlileg til að auðvelda fólki að eignast eigið húsnæði hefur minna verið hugsað um hversu áhrifarík eða réttlát þessi leið sé til til að jafna húsnæðiskostnað.

Eins og kunnugt er eru vextir af fasteignaveðlánum til tveggja ára eða lengri tíma, sem tekin eru vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða til endurbóta á því, frádráttarbærir til skatts. Sama gildir um vaxtagjöld af öðrum skuldum sem stofnað er til í sama tilgangi; þau má draga frá á næstu 3 árum frá og með kaupári eða næstu 6 árum frá og með byggingarári íbúðarhúsnæðis. Frádráttur þessi takmarkast við þá upphæð sem vaxtagjöld eru hærri en vaxtatekjur. Frádráttur má þó eigi vera hærri en 159 380 kr. hjá einstaklingi og 318 760 kr. hjá hjónum.

Sú spurning hlýtur að vakna hvort þessi aðstoð við íbúðaöflun sé hin hagkvæmasta og réttlátasta eða hvort völ sé á betri leiðum. Þessi tillaga er flutt vegna þessara sjónarmiða og spurninga. Hér er í raun um að ræða opinberan stuðning í formi skattalækkunar við þá sem eru að afla sér íbúðarhúsnæðis.

Að beiðni 1. flm. þessarar þáltill. var þess farið á leit við Húsnæðisstofnun ríkisins að fá lýsingu af fyrirkomulagi fjármögnunar og kostum í húsnæðismálum á Norðurlöndum. Sérstaklega var þess óskað að fá samanburð á milli landa um áætlaða styrki til húsnæðismála úr opinberum sjóðum.

Húsnæðisstofnun fól Inga Val Jóhannssyni að svara beiðninni en við vinnslu hans úr upplýsingum um þetta mál kemur margt athyglisvert í ljós að því er þennan þátt varðar og reyndar fleiri þætti sem snerta fyrirkomulag húsnæðisfjármögnunar á Norðurlöndum.

Skv. upplýsingum Inga Vals Jóhannssonar er varið umtalsverðu fjármagni á Norðurlöndum til að greiða niður húsnæðiskostnað. Miðað við þjóðarframleiðslu er hlutfallið lægst í Finnlandi og hæst í Danmörku. Danir veita jafnframt hlutfallslega mest af sinni aðstoð í formi skattalækkunar vegna vaxta af húsnæðislánum, eða full 78% af heildarstyrkjum ársins 1978. Samsvarandi hlutfall fyrir Noreg var 60%, 41% í Svíþjóð og 26% í Finnlandi. Til glöggvunar fylgir tafla um áætlaðar framlög vegna jöfnunar húsnæðiskostnaðar 1979.

Óafturkræf framlög ríkisins til jöfnunar húsnæðiskostnaðar 1979.

Tegund niðurgreiðslu:	Danmörk Dkr.	Finnland Fmk.	Noregur Nkr.	Svíþjóð Skr.
Niðurgreiddir vextir	1 840	987	1 132	3 688
Styrkir:				
framleiðslustyrkir	71	123	928	608
húsaleigustyrkir	1 276	648	376	5 007
Niðurgreiðsla húsnæðiskostnaðar með skattalækkun	11 600	607	3 598	6 400
Samtals	14 787	2 365	6 030	15 703
Heildarniðurgreiðslur sem				
hlutfall af þjóðarframleiðslu	4,2	1,5	2,6	3,4
hlutfall af húsnæðisneyslu, skv. þjóðhagsreikn.	29,4	14,6	32,6	26,9
hlutfall af opinberum aðgerðum til kjarajöfnunar	27,6	15,5	16,3	18,3

Rannsóknir á skattalækkunum annars staðar á Norðurlöndum vegna vaxta af húsnæðislánum sýna að þessi óbeina aðstoð fer að mestu leyti til hátekjufólks. Vegna aukinnar verðbólgu víðast hvar hefur vaxtaprósentan hækkað og leitt til meiri skattalækkunar. Niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði með skattafslætti er í raun orðin umfangsmesti liður aðstoðar við húsnæðisneysluna á Norðurlöndum. Í yfirliti yfir tekju- og frádráttarliði á skattframtölum frá ríkisskattstjóra vegna álagningar 1985 kemur fram að vaxtagjöld til frádráttar vegna álagningar 1985 nema samtals 1 519 465 þús. kr. og nær til 16619 framteljenda. Vaxtagjöld til frádráttar eru vextir af fasteignaveðskuldum teknum til tveggja ára eða lengur vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eða til endurbóta á því eins og áður er rakið.

Hér er um gífurlega mikla fjárhæð að ræða. Þeirri könnun, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða í ljós hvort þessi niðurgreiðsla á húsnæðiskostnaði í formi skattfrádráttar vegna vaxtagjalda fari að miklu leyti til hátekjufólks eins og rannsóknir hafa sýnt að á sér stað annars staðar á Norðurlöndum. Komi það í ljós hlýtur að vera eðlilegt að leitað sé annarra leiða til að nýta þetta fjármagn í því skyni að ná fram meiri jöfnuði í niðurgreiðslu húsnæðiskostnaðar fyrir húsbyggjendur og íbúðakaupendur. Þessi tillaga er flutt til þess annars vegar að leiddur verði í ljós sannleikurinn um hvernig vaxtafrádráttur nýtist í raun einstökum tekjuhópum og hins vegar til þess að hugað verði að því hvort þessi leið, eða aðrar leiðir, sé líkleg til þess að skila okkur nær því markmiði sem ætla verður að flestir vilji stefna að, þ. e. að opinber aðstoð við öflun íbúðarhúsnæðis nýtist sem best til jöfnunar á húsnæðiskostnaði og skapi þannig farsæld sem flestra.

Þáltill. þessi var flutt á síðasta Alþingi en varð þá eigi útrædd. Umsagnir um hana bárust þá m. a. frá ASÍ og ríkisskattstjóra sem mæltu með samþykki tillögunnar. Ríkisskattstjóri mælti með samþykkt tillögunnar með orðalagsbreytingu við 1. mgr. og hefur verið tekið tillit til þess nú við endurflutning þáltill.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd sem hafi það verkefni að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Öllum er ljóst í orði þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Má í því sambandi benda á umönnun ungra barna og aldraðra á heimilunum sem ella tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Einnig má benda á uppeldislegt gildi sem ekki verður metið til fjár þegar til lengri tíma er litið. Störf heimavinnandi fólks hafa því í för með sér beinan fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélagið.

Ýmis félagsleg réttindi, sem öðrum þykja sjálfsögð, eru ýmist mjög takmörkuð fyrir heimavinnandi fólk eða alls engin.

1. Ekki liggur ljóst fyrir um hve stóran hóp þjóðfélagsþegna er að ræða sem eingöngu vinnur heimilisstörf, en á árinu 1982 voru 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverja vinnu utan heimilis.
2. Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.
3. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir, og sjálfsögð félagsleg réttindi eins og orlof, lögskipaður hvíldartími og fleira fyrirfinnst ekki.
4. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð hvað varðar skattlagningu og aðrir þegnar þjóðfélagsins og lýsir það sér m. a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.
5. Heimavinnandi fólk þarf að tryggja sérstaklega á skattaskýrslu og er eini hópur þjóðfélagsins sem slíkt gildir um.
6. Heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt til sjúkradagpeninga og aðrir.
7. Hafi einstaklingur varið mestum hluta ævi sinnar til heimilisstarfa en kýs síðan að halda út á vinnumarkaðinn að nýju er fyrra starf mjög lítils metið í launum eða starfsaldurshækkunum.
8. Heimavinnandi konur sitja ekki við sama borð og útivinnandi hvað varðar fæðingarorlof sem greitt er úr almannatryggingum. — Hér er hið opinbera að skipta konum í verðflokka.
9. Heimavinnandi fólk, sem er í hlutastarfi á vinnumarkaði, missir einnig ýmis félagsleg réttindi.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem sýna ljóslega réttleysi heimavinnandi fólks sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Auðvitað kemur margt annað til greina, svo sem menntunarmál heimavinnandi fólks, en staðreynd er að atvinnumöguleikar kvenna eru takmarkaðri en annarra þegar þær koma á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru við heimilisstörf og barnauppeldi. Mikið skortir á að þessu hafi verið mætt með skipulagðri fullorðinsfræðslu, endurmenntun og starfsþjálfun sem opni heimavinnandi fólki fleiri möguleika til atvinnu.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að beita sér fyrir því að þeim, sem eingöngu sinna heimilisstörfum, verði tryggð lífeyrisréttindi eigi síðar en 1. júní 1986.

Sérstaklega skal athuga aðild þeirra að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda.

Greinargerð.

Ljóst er að heimavinnandi fólk fer varhluta af ýmsum félagslegum réttindum þar sem það er ekki úti á vinnumarkaðnum. Á það ekki síst við um lífeyrisréttindi.

Þó að um þetta mál hafi löngum verið fjallað á vettvangi Alþingis og víðar í þjóðfélaginu og flestum beri saman um að til vansa sé fyrir þjóðfélagið að heimavinnandi fólki séu ekki tryggð lífeyrisréttindi á við aðra situr allt við það sama í því efni.

Þeir sem eru heimavinnandi, en það eru einkum konur sem ekki hafa verið á vinnumarkaðnum eða hafa aðeins verið þar um skamman tíma, búa því við mikla óvissu og öryggisleysi varðandi lífeyrisgreiðslur og afkomu sína í ellinni.

Varla er um það deilt að störf heimavinnandi fólks eru þjóðfélaginu mjög mikilvæg þó að þau séu ekki að sama skapi mikils metin, t. a. m. til félagslegra réttinda, samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu.

Þó að oft sé í þjóðfélagsumræðunni talað um hin efnislegu verðmæti og þeim gefið vægi fram yfir mannleg verðmæti er grunnurinn að velferð og hamingju fjölskyldunnar ekki síður falinn í hinum mannlegu verðmætum en hinum efnislegu. Það er ekki síst hlutskipti þeirra, sem eingöngu stunda heimilisstörf, að hlúa að hinum mannlegu verðmætum og er gildi umönnunar og uppeldis ungu kynslóðarinnar þar hvað mikilvægast bæði fyrir einstaklinginn, fjölskylduna og þjóðfélagið í heild. Vegna þess ástands, sem ríkt hefur í vistunarmálum aldraðra, hefur hlutur þeirra, sem eru heimavinnandi, einnig verið mikill í að leysa brýnasta vandann í því efni, jafnframt því að stuðla að því að aldraðir geti dvalist sem lengst í heimahúsum.

Varla verður því á móti mælt að störf heimavinnandi fólks hafa með þessum hætti og ýmsum öðrum leitt af sér ýmsan fjárhagslegan sparnað, bæði beinan og óbeinan, fyrir þjóðfélagið. Erfiðlega hefur þó gengið að fá viðurkennt á borði mikilvægi starfa heimavinnandi fólks og sést það best á því að langt er í land með að heimavinnandi fólk njóti ýmissa félagslegra réttinda sem öðrum þykja sjálfsögð, enda er með réttu oft talað um heimavinnandi fólk sem réttindalausan hóp í þjóðfélaginu. Auk þess að hafa ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi má einnig nefna að almannatryggingalöggjöfin tryggir heimavinnandi fólki ekki sama rétt og öðrum á ýmsum sviðum. Er þar skemmst að minnast að heimavinnandi fólk hefur ekki fengið sama rétt og aðrir til fæðingarorlofs eða sjúkradagpeninga. Einnig má með nokkrum rétti segja að í mörgum tilfellum sé heimavinnandi fólki refsað en ekki umbunað fyrir störf sín. Það lýsir sér einna best í því að skattbyrði heimilis, þar sem annar maki sinnir eingöngu heimilisstörfum, er oft þyngri en heimilis þar sem tekjur eru afrakstur af vinnu beggja hjóna eða sambúðaraðila, jafnvel þó að um sömu heildartekjur heimila sé að ræða.

Með þingsályktunartillögu þessari er tekið á einum þætti þessa misréttis sem heimavinnandi fólk hefur þurft að búa við, þ. e. lífeyrisréttindum þess.

Frá því árið 1976 hefur verið að störfum nefnd til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins. Á síðasta Alþingi (107. löggjafarþingi) var lögð fram skýrsla fjármálaráðherra um störf þessarar nefndar. Ekki verður séð af því sem fram kom í skýrslunni að á næsta leiti sé að tryggja heimavinnandi fólki lífeyrisréttindi á við aðra í þjóðfélaginu.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að við svo búið megi ekki standa lengur og að löggjafarvaldinu beri skylda til að sjá svo um að lífeyrisréttindi heimavinnandi fólks verði færð í viðunandi horf.

Í nafnaskrá lífeyrissjóða, sem gefin var út af fjármálaráðuneytinu í nóvember 1984, kemur fram að um stóran hóp er að ræða sem er utan lífeyrissjóðs. — Fjöldi þeirra, sem utan lífeyrissjóða standa, er rúmlega 25 þúsundir manna fæddar 1967 eða fyrr. Þar af eru konur rúmlega 17 þúsundir og karlar tæpar 8 þúsundir.

Í þessum hópi er fjöldi 67 ára og eldri 8723, þar af 6607 konur og 2116 karlar.

Ef skoðuð er hjúskaparstétt fólks 67 ára og eldri sem utan lífeyrissjóða standa kemur eftirfarandi í ljós:

	Karlar	Konur
Ógift(ur)	426	1017
Gift(ur)	1045	2278
Ekkill, ekkja	551	3070
Skilin(n) að borði og sæng	6	15
Skilin(n) að lögum	79	210
Samvistum slitið	8	14
Annað	2116	6607

Í þáltill. þessari er sérstaklega bent á að athugun fari fram á því að tryggja heimavinnandi fólki aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda sem stofnaður var með lögum árið 1980. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda tók við af Biðreikningi lífeyrisréttinda, en tilgangur hans er að vera samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóði. Sýnist því nærtækt að heimavinnandi fólk fengi aðild að slíkum sjóði.

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breytingu á lögum nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talinn eignarhluti í íbúð með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, þá skal innistæðan laus. Úttektarfjárhæð má

ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhluta í íbúð. Innistæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í athugasemdum með frumvarpi til laga um húsnæðissparnaðarreikninga, sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í júní s. l., kemur fram að meginreglur frumvarpsins séu þær að reglubundinn sparnaður manna á húsnæðissparnaðarreikningum í bönkum og sparisjóðum skapi rétt til skattafsláttar. Fram kemur einnig í athugasemdum með frumvarpinu að nauðsynlegt sé að hvetja til sparnaðar áður en hafist er handa um öflun íbúðarhúsnæðis eða meiri háttar endurbætur, auk þess sem almenn þjóðhagsleg rök hníga að auknum sparnaði innanlands.

Ljóst er að það gengur þvert á ofangreind markmið laganna ef túlkun og framkvæmd þeirra er svo þröng að þeim, sem stofna húsnæðissparnaðarreikninga vegna öflunar húsnæðis, er mismunað allt eftir því hvernig eignaraðild eða eignarhaldi húsnæðis er háttað þó að ákvæði laganna séu að öðru leyti uppfyllt.

Megintilgangur laganna hlýtur að vera að hvetja til sparnaðar vegna öflunar húsnæðis. Verður að telja að það sé ekki í samræmi við vilja Alþingis eða anda laganna ef útiloka á stóra hópa frá þeim rétti sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita, jafnvel þó að eignarhald eða ráðstöfunarréttur á húsnæði sé á einhvern hátt takmarkaður eins og oftast er um félagslegar íbúðarbyggingar.

Á þetta hefur þegar reynt því að fyrir liggur að fjármálaráðuneytið hefur synjað félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélaginu Búseta um þann rétt sem lögin um húsnæðissparnaðarreikninga veita þó að ekki verði annað séð en að félagsmenn í Búseta uppfylli ákvæði laganna.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af allan vafa í þessu efni og tryggja að sparnaður vegna öflunar húsnæðis, hvort sem er hjá húsnæðissamvinnufélögum eða öðrum félagslegum íbúðarbyggingum, veiti sama rétt samkvæmt ákvæðum laga um húsnæðissparnaðarreikninga og önnur kaup á húsnæði til eigin nota.

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um gerð frumvarps til stjórnarskipunarlaga um fylkisstjórnir.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela stjórnarskrárnefnd að semja frumvarp til stjórnarskipunarlaga sem feli í sér eftirfarandi meginatriði:

1. Landinu verði skipt í fylki. Skiptingin taki einkum mið af hefðbundnum samskiptum fólks, en einnig náttúrulegum staðháttum.
2. Í hverju fylki verði kosin fylkisstjórn í almennum kosningum á fjögurra ára fresti. Um kosningarrétt og kjörgengi gildi sömu reglur og við alþingiskosningar.
3. Fylkisstjórnir hafi víðtæk völd er efli sjálfsforræði íbúanna, styrki heimastjórn þeirra og vinni gegn núverandi miðstýringu efnahagslífs. Þær hafi fjárveitingavald, bæði af eigin skattfé og fjárframlögum frá Alþingi.
4. Hvert fylki verði sjálfstætt lögsagnarumdæmi og komið verði á embættum fylkisdómara og fylkislögreglustjóra.

Frumvarpinu fylgi nánari tillögur um framkvæmd einstakra atriða sem að framan greinir.

Greinargerð.

Inngangur.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en kom ekki til umræðu. Hún er því endurflutt.

Á landsfundi Bandalags jafnaðarmanna í nóvember 1983 var samþykkt tillaga þess efnis að taka skyldi upp fylkjaskipulag á Íslandi. Þessi stefna var síðan ítrekuð á landsfundi Bandalagsins í febrúar 1985.

Mikilvægasta verkefni íslenskra stjórnmála nú er að brjóta upp áratugagamalt stjórnkerfi miðstýringar og hagsmunavörslu. Þrátt fyrir einhverja mestu verðmætasköpun á Vesturlöndum eru Íslendingar í lægstu sætunum að því er varðar kaupmátt venjulegra launa. Skýringanna er að leita í stjórnarháttum sem eyðileggja og sóa afrakstri af vinnu landsmanna og auðlindum fremur en að byggja upp og bæta. Þetta stjórnarfar virðir niðurstöður kosninga að vettugi, kallar enga til ábyrgðar á mistökum og snýst um það eitt að verja hagsmuni stærstu valdaklíknanna í samfélaginu. Þetta stjórnarfar hlustar aldrei á fólk, drepur sjálfsbjargarviðleitni þess og fyrirlítur frumkvæði þess.

Í stað þess að hvetja til sjálfsbjargar er efnahagslífi stjórnað með almennum stórvirkum ráðstöfunum sem taka ekkert tillit til raunverulegrar afkomu fólks og fyrirtækja. Þar má nefna kjarasamninga, fiskverðssamninga, búvöruverðsákvarðanir og gengisskráningar sem eru líflausar reiknitölur úr meðaltalsmaskínum ríkisstofnananna en koma hvergi nærri kviku þjóðlífsins. Með þessum aðgerðum hefur fólk verið svipt völdum yfir lífi sínu og afkomu.

Valdaræningjar stjórnmála- og efnahagslífs okkar eru víða. Þeir eru á Alþingi, í ríkisstjórn, í stjórnmálaflokkum, verkalýðshreyfingu, samtökum vinnuveitenda, stjórnarráði og fjármálastofnunum, svo að dæmi séu nefnd. Milli allra þessara stofnana liggja leyndir og ljósir þræðir peningalegra og stjórnmálalegra hagsmuna. Á Íslandi ríkir því fámenn stétt miðstýringarpostula.

Fólk verður nú að rísa gegn þessum úreltu stjórnarháttum. Bændur verða að krefjast breytinga á starfsemi samtaka sinna. SÍS-auðhringinn verður að brjóta upp. Launafólk verður að ná völdum í verkalýðshreyfingunni og steypa forustuklíkunum. Hrista verður upp í einokunarbælum sölusamtaka og olíuverslunar. Banka- og peningastofnanir þurfa að losna undan skóhælum fjórflokkanna og fara að sinna fólki og fyrirtækjum án tillits til pólitískra hagsmuna. Fólkið verður að ná völdum.

Óvíða eru tilhneigingar miðstýringarinnar augljósari og afleiðingarnar skelfilegri en þegar litið er til sambands hinna dreifðu byggða landsins við valdastofnanir miðstýringarinnar. Smákóngar Alþingis, stórfurstar bankakerfisins og aðrir handhafar miðstjórnarvaldsins hafa gert heimafólk að bónbjargamönnum. Hvorki smáum málum né stórum er hægt að hreyfa án þess að fara betlileiðina suður. Þar verða menn að láta sér lynda að hlýða á úrskurði manna sem enga ábyrgð bera á verkum sínum og enga þekkingu hafa á verkefnum. Bönkum á heimaslóð er fjarstýrt úr aðalstöðvunum. Útibússtjórarnir eru valdalausir og peningalausir og eru í rauninni aðeins sæmilega launaðir rukkarar sem beina aflafé heimafólks í aðalbankana í Reykjavík. Innheimtukerfi ríkisstofnana og stórfyrirtækja, svo sem tryggingafélaga, verka á sama hátt, safna saman fjármunum landsmanna og senda þá „suður".

Þetta umhverfi frelsisskerðingar og valdaráns er paradís fyrirgreiðslufurstanna. Fólki er meinað að ganga upprétt og njóta eðlilegs afraksturs verka sinna og hugvits, en er neytt til að krjúpa við borð fámennisstjórnarinnar og þiggja molana sem falla þar á gólfið.

Alþingismenn telja miðstýringuna af hinu góða. Hún festir þá í sessi. Það hentar pólitískum hagsmunum þeirra að auka fjárveitingahlutverk þingsins og færa meira forræði til stofnana og sjóða ríkisvaldsins. Með áhrifum á fjárveitingar í þinginu og setu í stjórnum stofnana og sjóða ná þeir að tryggja völd sín yfir kjósendum sínum. Þannig verða alþingismenn helstu vörslumenn þessa miðstýrða kerfis því að á því byggjast eiginhagsmunir þeirra, þ. e. lykilstaðan gagnvart kjósendum. Ef þetta vald verður flutt á heimaslóð verða alþingismenn sviptir þessari leið til endurkjörs og áhrifa.

Afleiðingar miðstýringar — landshlutar.

Það er undirstöðuatriði í stefnu Bandalags jafnaðarmanna að fólk hafi rétt til sjálfsstjórnar og frumkvæðis og að miðstýringarstefna síðustu áratuganna sé í grundvallaratriðum röng og hættuleg.

Í fyrsta lagi hefur þessi stefna drepið fjölbreytileika, frumkvæði og tilraunir. Íslenskar ríkisstjórnir gera ráð fyrir því að reglur, sem þykja góðar í stjórnarráðinu, þyki líka góðar um landið allt og það sé nauðsynlegt að reisa ríkisstofnun til að framfylgja þeim út á ystu annes. Aldrei dettur mönnum í hug að fólk á Kópaskeri kunni að vilja haga málum sínum öðruvísi en fólk í Kópavogi. Fyrirkomulag, sem gengur vel í Reykjavík, þarf ekki að ganga vel á Raufarhöfn. Í rauninni virðist stjórnkerfið telja að ráðherrar og starfsmenn þeirra í kringum Arnarhólstúnið viti meira um málefni sveita og héraða heldur en heimafólkið sjálft. Árangurinn er sá að þarfir svæða og héraða eru hundsaðar og frumkvæði heimamanna kæft.

Annað einkenni miðstýringarinnar er að sveitarfélög eru algjörlega háð duttlungum ríkisvalds. Völd, verkefni og tekjur sveitarfélaga sveiflast til eftir geðþótta ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis hverju sinni. Þó að talað sé um nauðsyn á sjálfsstjórn og frumkvæði sveitarfélaga hefur það farið minnkandi síðustu árin.

Þriðja einkennið á miðstjórnartilhneigingum síðustu áratuga er að ríkisstjórn og stofnanir hennar hafa kaffært sig í smáverkefnum. Pósthólf og skrifborð ráðherra, opinberra embættismanna og þingmanna eru full af smáverkefnum úr heimahéruðum, verkefnum sem augljóslega á að vinna á heimavelli. Yfirleitt eru þar á ferðinni vandamál sem einmitt eru til orðin vegna þess að verkum er stýrt frá ráðuneytum og opinberum stofnunum frekar en af

heimamönnum. Ákvarðanir ráðuneytanna verða iðulega rangar af því að þær eru teknar án nokkurrar snertingar við verkefnin. Smámálaþrasið eyðileggur langtímaaðgerðir og stefnumótun í þjóðmálum.

Uppbygging ráðuneytanna er eftir greinum en ekki eftir svæðum. Sérstökum þörfum einstakra svæða eða héraða er ekki hægt að mæta nema breyta uppbyggingu stjórnkerfisins á þann hátt að veita heimafólki sjálfsstjórn.

Í fjórða lagi veldur miðstýring undanfarinna áratuga því að ákvarðanir eru teknar af skömmtunarstjórum sem ekki eru ábyrgir gagnvart kjósendum. Með samþjöppun valdsins og samtryggingu flokkakerfisins í kringum það veitist þegnunum ómögulegt að ná til þeirra embættismanna sem eru þó að taka ákvarðanir sem varða líf fólksins. Opnar, lýðræðislegar kosningar til fylkisstjórna mundu auka möguleika fólks til að hafa áhrif á störf þeirra sem að stjórnsýslunni vinna. Einnig þarf að taka upp atkvæðagreiðslur í sveitarfélögum og fylkjum um verkefni og þjónustu.

Í fimmta lagi birtist miðstýringin gagnvart landshlutum þannig að í mörg ár hafa ríkisstjórnir rekið svokallaða byggðastefnu. Alþingi og ríkisstjórnir hafa tekið fé af þegnunum í ríkiskassann og dreift því þaðan aftur eftir pólitískum línum. Þetta er ágætt dæmi um hugsunarhátt miðstýringarinnar. Hugtakið „byggðastefna" er fundið upp af forsjárhyggjupostulunum sjálfum. Hin eina raunverulega byggðastefna er sú að tryggja sjálfræði þegnanna. Ef fólk fær að njóta þess sem það aflar og ef svæði og héruð eru sjálfstæð um uppbyggingu atvinnulífs þarf engar aumingjabætur frá ríkisstjórninni og Alþingi. Í stað bóta- og styrkjastefnunnar þarf að gera fólki, fyrirtækjum og héruðum kleift að standa á eigin fótum, að ná eigin vexti og viðgangi.

Í sjötta lagi verður miðstýringin fjarlæg og einkennist af þungu skrifræði. Áhrifum sínum kemur hún til skila með stórum og þunglamalegum stofnunum, svo sem Rafmagnsveitum ríkisins, Vegagerð ríkisins, skipulagsstjóra, Skógrækt ríkisins, Húsnæðisstofnun ríkisins svo að nokkur dæmi séu nefnd. Önnur starfsemi í landinu hefur fallið í sama farveg, svo sem banka- og fjármálastarfsemi. Allri bankastarfsemi er miðstýrt og bankar úti í landshlutunum eru ónýtar innheimtustofnanir. Allar fjármálaákvarðanir, sem máli skipta, eru teknar í aðalstöðvunum.

Valddreifing og landshlutar.

Valddreifing er mikilvæg í augum Bandalags jafnaðarmanna af ýmsum grundvallarástæðum. Valddreifingartillögur byggjast á trausti á mannlega náttúru og þeirri staðföstu trú að fólk leiði samfélagið í átt til góðs fái það sjálft að ráða. Það á að tryggja fólki möguleika á því að eiga hlut að ákvörðunum sem varða það sjálft. Þannig munu framfarir spretta af fjölbreytileika og tilraunastarfsemi — sem ekki þrífst í miðstýringu. Valddreifing er svar við þeirri deyfð efnahags- og stjórnmálalífs sem verður vegna miðstýringarinnar. Landssvæði verða fátækari vegna þess að hæfileikar og auðlindir streyma til miðstjórnarinnar. Valddreifingarstefnan er ekki takmörkuð við Ísland heldur gætir hennar víða á Vesturlöndum. Þar sem landshlutar hafa nokkurt sjálfstjórnarvald eru stjórnarráðin í höfuðborginni minni og fást aðallega við að leggja heildarlínur, bæði um lagasetningu og stefnumál fyrir þjóðina.

Fylkisstjórnir, sem eru kosnar í almennum kosningum, eru lýðræðislega ábyrgar fyrir gerðum sínum. Þær hafa veruleg efnahagsleg áhrif því að þær geta skipulagt notkun fjármagns í samræmi við þarfir hvers svæðis. Fylkisstjórnir eiga að hafa mikilvægt hlutverk við að skapa möguleika fyrir efnahagslega þróun og sjálfstæði á heimaslóð. Um verkefni þeirra á því sviði vísast til tillagna Bandalags jafnaðarmanna um **þróunarstofur landshluta** og **stuðning við stofnun smáfyrirtækja.** Í kringum aðsetur raunverulegs héraðsvalds mun rísa ýmiss konar þjónusta og starfsemi sem örvar efnahagslíf og eykur stöðugleika í héruðum.

Flutningur valds út til fylkjanna mun hafa mikil áhrif á stjórnmálaumræðu í landinu. Málefni, sem nú eru hluti af landsmálaumræðunni, verða frekar rædd heima í héruðum. Stjórnmálaflokkar, sem nú leggja fram stefnu á Alþingi í ýmsum málaflokkum, munu leggja þá stefnu fram í fylkisstjórnarkosningum. Þá verður t. d. lögð áhersla á þá þjónustu sem frambjóðendur til fylkisstjórna vilja að fylkið veiti. Fylki verða frjáls að því að breyta til í opinberri þjónustu eftir því sem hugur héraðsbúa stendur til. Af þessum valddreifingaráformum leiðir að mismunandi áherslur einstakra hluta þjóðarinnar á ýmis mál verða viðurkenndar. Þannig getur þjónusta verið mismunandi eftir fylkjum. Þetta stangast á við skoðanir ýmissa umbótasinna sem telja að nauðsynlegt sé að miðstýra þjónustunni til að tryggja að hún verði hin sama fyrir alla þegna. Alþingi mun að sjálfsögðu setja lágmarkskröfur um opinbera þjónustu og það verður síðan á valdi fylkjanna að framfylgja þeim og bæta við ef fólkið svo kýs. Ný héraðsbundin stjórnmálaleg umræða verður til á þennan hátt. Umræður á Alþingi og í kringum ríkisstjórn taka hins vegar á sig meiri blæ almennrar stefnumörkunar og lagasetningar í þágu alþjóðar. Í þessari greinargerð er lögð megináhersla á fylkisstjórnir og umræðu um starfsemi þeirra og völd. Valddreifingarstefnan þarf einnig að ná til sveitarstjórna. Markmiðið er að færa fólkinu sjálfu völd. Áhrif íbúa á starfsemi ýmiss konar þjónustustofnana þarf að stórauka. Það má nefna skóla, heilsugæslustöðvar, skipulagsyfirvöld og verslunar- og þjónustumiðstöðvar. Í stórum sveitarfélögum, svo sem Reykjavík, Kópvogi og Akureyri, þarf að stofna hverfaráð.

Fylkjaskipulag.

1. Svæðaskipting.

Til að fylkin myndi þær stjórnmálalegu heildir sem til er ætlast er nauðsynlegt að svæðaskipting tengist þeim hefðum sem þegar eru í samskiptum íbúanna. Reynsla frá öðrum löndum bendir til að ný héraðsskipan, sem ekki styðst við neinar eldri forsendur, félagslegar eða landfræðilegar, mæti yfirleitt tortryggni hjá fólki.

Til að ákvarða meginlínur í fylkjaskiptingu er rétt að leggja meiri áherslu á lífs- og atvinnuhætti í landinu heldur en gömul landfræðileg mörk. Þau miðast gjarnan við gamla farartálma, ár eða fjallvegi, sem ekki eru neinum til trafala lengur.

Margir möguleikar eru til skiptingar á landinu í fylki. Fylki þurfa að vera nægilega stór til að standa undir nýju valdi og verkum. Þau mega hins vegar ekki vera svo stór að stjórnvöld verði fjarlæg fólki og verkefnum.

Hér verður rakið dæmi um skiptingu sem deilir landsbyggðinni utan höfuðborgarsvæðisins í þrjú næstum jafnfjölmenn svæði.

Fyrsta svæði nær frá Hvalfirði að sýslumörkum Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Innan þess eru Vesturland, Vestfirðir, Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla. Íbúar á þessu svæði voru um 36 þúsund í desember 1983.

Annað svæði nær frá sýslumörkum Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslna að mörkum Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna. Íbúar á því svæði voru um 39 þúsund í desember 1983.

Þriðja svæði nær frá Skeiðarársandi um Suðurland og Reykjanes. Íbúar á því svæði voru 34 þúsund í desember 1983.

Fjórða svæði er höfuðborgarsvæðið með Reykjavík og nágrannabyggðum með um 128 þúsund íbúa.

Þessi svæði eru meira en nægilega stór til að standa undir þeim verkefnum sem nýjum fylkisstjórnvöldum yrðu falin. Margir mundu hins vegar telja þau of stór til að hið raunverulega návígi fólks og stjórnvalda nái að myndast.

Aðrar tillögur miða t. d. við að fylki yrðu fimm talsins, þ. e. fjórðungarnir og höfuðborgarsvæðið. Enn fremur eru uppi hugmyndir um að gera núverandi kjördæmi að fylkjum í hinu nýja skipulagi. Gagnrýnisraddir telja að sum kjördæmin séu of fámenn til að standa undir valdi og verkefnum sem færu á heimaslóð.

Á þessu stigi er raunar óráð að beina umræðunum um of að útfærðri svæðaskiptingu. Aðalatriði þessa máls er að fá umræður um sjálfa valddreifinguna út til héraða og fyrirkomulag hennar. Endanleg ákvörðun um nákvæmar markalínur fylkjanna er flókin og verður ekki tekin án undangenginnar umræðu heima í héruðum og atkvæðagreiðslu meðal íbúa þar sem þörf krefur.

2. Völd og verkefni.

Mikilvægast er að gera glöggan greinarmun á dreifingu valds annars vegar og dreifingu verkefna hins vegar. Dreifing valdsins er aðalmarkmið tillagna Bandalags jafnaðarmanna og í þeim felst hin stórvirka stjórnarfarslega breyting. Möguleikar á vald- og verkefnaflutningi til fylkisstjórna eru mjög margir og í öllum helstu málaflokkum. Nefna má húsnæðismál, heilbrigðismál, almannatryggingar, samgöngumál, skólamál, frárennslismál, skipulagsmál, atvinnumál, orkumál (dreifing og vinnsla) og umhverfismál. Hér er alls staðar rúm fyrir eigin hugmyndir og sjálfstæða stefnumörkun fylkja í samræmi við möguleika og staðhætti á heimaslóð og áhuga og óskir íbúanna. Verkefni hinna nýju stjórnvalda munu koma bæði frá sveitarstjórnum og ríki.

Ef nokkur dæmi eru tekin af handahófi má nefna að á Reykjanesi er forræði heimamanna yfir vatnsbúskap svæðisins frumskilyrði fyrir skynsamlegri nýtingu heita og kalda vatnsins og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Það er löngu tímabært að Akureyringar og nærsveitarmenn taki frumkvæði í atvinnumálum sínum. Í áratug hefur þess verið beðið að björgin bærist að sunnan, annaðhvort í formi álverksmiðju eða einhvers konar byggðaáætlunar og meðfylgjandi styrkja. Nú blæðir heimamönnum fyrir aðgerðaleysi undanfarinna ára. Hin langdregna stóriðjuumræða hefur orðið þess valdandi að ekki hefur orðið úr framkvæmdum á neinum sviðum og Akureyringar flytja í stórum stíl burt í atvinnuleit.

Austfirskt forræði í atvinnumálum mundi vafalaust leiða til meiri áherslu á skógrækt á Héraði heldur en nú er.

Dæmi um verkefni, sem nauðsynlegt er að leysa sameiginlega á höfuðborgarsvæðinu, eru skipulagsmál, umferðarmál og skolpræsamál.

3. Fjármál.

Þegar hugað er að fjárhagslegum grundvelli fylkja þarf að gæta að eftirtöldum meginreglum.

1. Markmið tillagnanna um fylki er ekki að einangra landshlutana í peningalegu og efnahagslegu tilliti. Markmiðið er að auka sjálfsstjórn og forræði heimafólks, m. a. yfir eigin aflafé.
2. Sérhverju fylki þarf að tryggja nægilegt fé til að það geti staðið undir tiltekinni þjónustu í mikilvægustu málaflokkum.
3. Fjárhagslegt fyrirkomulag verður að vera í samræmi við hin almennu stjórnarfarslegu markmið tillagnanna, þ. e. að gera fylkisstjórnum kleift að haga fjárveitingum í samræmi við aðstæður í héraðinu og þarfir og áhugamál héraðsbúa eins og þau birtast í niðurstöðum kosninga og kannana á viðhorfum íbúa til framkvæmda og þjónustu.
4. Völd og ábyrgð í fjármálum verða að fara saman, m. a. með því að gera ljósa ábyrgð einstakra embættismanna og forsvarsmanna ákveðinna framkvæmda- og þjónustugreina og með því að augljóst samband verði milli skattbyrði annars vegar og veittrar þjónustu innan fylkisins hins vegar.

Þegar talað er um fjármál fylkis á að gera greinarmun á tvennu. **Í fyrsta lagi** eru það peningamál sjálfrar fylkisstjórnarinnar, þ. e. eigin tekjustofnar og tekjur frá ríkisvaldi. **Í öðru lagi** er síðan almennt fjármálalíf í landinu. Þar má nefna starfsemi banka og ýmsar almennar ákvarðanir í efnahagsmálum svo sem gengisskráningu, launastefnu, lánskjör, frystingu innstæðna og aðrar almennar stjórnvaldsaðgerðir sem gilda á landsvísu.

Ef fyrst er vikið að fjármálum sjálfrar fylkisstjórnarinnar er augljóst að hún á að ráða yfir eigin tekjustofnum, óháðum ríkisstjórn og Alþingi. Þeir gætu t. d. verið ákveðinn hluti af söluskatti, annaðhvort í hlutfalli við fólksfjölda fylkis eða sá hlutinn sem innheimtur er af vörum og þjónustu í viðkomandi fylki. Að auki er eðlilegt að fylkisstjórnir leggi á tekjuskatta og álagningarprósenta mætti vera mismunandi eftir fylkjum, samkvæmt niðurstöðum kosninga. Augljóst er að til fylkjanna ættu að koma framlög úr ríkissjóði, t. d. af tolltekjum. Þessum framlögum ætti Alþingi að úthluta eftir ákveðnum reglum og gæta þess þá einnig að tryggt sé að fylkin geti séð íbúum sínum fyrir þeirri þjónustu í tilteknum málaflokkum sem Alþingi gerir að skilyrði fyrir alla þjóðina.

Ef fylkisskiptingu yrði komið á við núverandi aðstæður mundi öllu efnahagslífi fylkisins í raun og veru vera stjórnað frá Reykjavík. Eins og áður segir er bönkum landsbyggðarinnar stjórnað frá aðalstöðvum í Reykjavík, innheimtukerfi ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja safna öllu fé suður, ýmis stórfyrirtæki í einkaeigu eru með útibú um land allt en soga til sín peninga landsbyggðarinnar og þannig mætti lengi telja. Ákvarðanir ríkisvaldsins í efnahagsmálum, eins og um gengisskráningu, orkuverð, launastefnu, innstæðufrystingu, lánskjör á erlendum lánum, búvöruverð og fiskverð o. s. frv., mundu allar hafa veruleg áhrif á efnahagslíf fylkjanna.

Það er því grundvallarskilyrði að um leið og fylkjaskipun yrði komið á verði breytt um stefnu í efnahagsstjórn ríkisins almennt. Þannig ætti að gefa gengisskráningu frjálsa og koma upp gjaldeyrismarkaði. Fyrirtæki ættu sjálf að geta fengið lán hjá erlendum bönkum og samið um lánskjör í stað þess að eiga nú lánskjörin undir því hvernig misvitrir sjóðsstjórar á Íslandi semja við erlendar fjármálastofnanir og velta afleiðingum af óskynsamlegum lántökum sínum yfir á varnarlausan atvinnurekstur í þessu landi. Gjörbreyting þarf að verða á bankastarfsemi í landinu, þannig að í landshlutum verði til raunverulegar fjármálastofnanir en ekki innheimtulúgur eins og nú tíðkast.

Bankastjórar með staðarþekkingu og viðskiptalegar og siðferðilegar skyldur gagnvart heimamönnum verða að taka við rekstri bankastofnananna á landsbyggðinni.

Þannig mætti telja fleiri dæmi um nauðsynina á að aflétta hinu stranga taumhaldi frá miðstjórninni og gefa fólki og fyrirtækjum aukið sjálfræði og möguleika til þess að laga sig að aðstæðum á heimaslóð.

Stjórnarskrárbreytingar í átt til fylkjaskipulags verða einskis nýtar ef ríkisvaldið sleppir ekki ofstjórnartaumunum í þeim atriðum sem talin hafa verið upp hér að framan.

4. Kosningar o. fl.

Lagt er til að kosið sé til fylkisstjórna í hlutbundnum kosningum. Kosningarrétt og kjörgengi ættu þeir að hafa sem lögheimili eiga innan fylkismarka.

Fylkisstjórn ætti að starfa á líkan hátt og bæjarstjórn í stóru sveitarfélagi gerir nú. Þannig yrði ráðinn fylkisstjóri sem starfaði í umboði meiri hluta fylkisstjórnar. Einnig yrðu ráðnir forsvarsmenn fyrir helstu framkvæmda- og þjónustugreinar. Mikilvægt er að ráðningartími fylkisstjóra og helstu deildarstjóra verði takmarkaður til að koma í veg fyrir að upp komi stétt ráðríkra, æviráðinna embættismanna.

5. Lögsagnarumdæmi.

Lagt er til að hvert fylki verði eitt lögsagnarumdæmi. Þá yrðu aflögð núverandi embætti sýslumanna. Sýslumenn hafa skipað einkennilegan sess í ljósi ákvæða stjórnarskrárinnar um þrígreiningu ríkisvaldsins. Þeir hafa verið handhafar dóms- og framkvæmdarvalds sem héraðsdómarar, innheimtumenn og lögreglustjórar. Hér er lagt til að skilið verði á milli þannig að sett verði á fót sérstök embætti fylkisdómara og fylkislögreglustjóra. Umboðsstörf, svo sem innheimtur á vegum ríkisins í héraði, mætti fela fylkisstjórnum í umboði ríkisvalds.

Sþ. 18. Tillaga til þingsályktunar [18. mál]

um rannsókn á innflutningsversluninni.

Flm.: Svavar Gestsson, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson, Garðar Sigurðsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðmundur J. Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd níu þingmanna hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þess að rannsaka málefni innflutningsverslunarinnar og til þess að gera tillögur til úrbóta. Nefndin skal beina rannsókn sinni að eftirfarandi atriðum:

1. Til hvaða ráðstafana er unnt að grípa í því skyni að tryggja að innflutningur til landsins verði hagkvæmari en nú er um að ræða?
2. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir misnotkun gjaldeyris í innflutningsverslun?
3. Hvað má ætla að stór hluti þjóðartekna tapist vegna óhagkvæmrar innflutningsverslunar?
4. Hvaða ráðstafanir er unnt að gera til þess að koma í veg fyrir að þeir, sem brotið hafa reglur um innflutnings- og gjaldeyrismál, fái verslunarleyfi á ný?
5. Hvernig er unnt að koma í veg fyrir að innflutningsverslun skipti við milliliði, heildsala, erlendis sem taka álagningu og umboðslaun af vörum sem seldar eru til Íslands?
6. Hvernig háttar innflutningsverði til annarra norrænna landa, þó einkum til Færeyja sem ætla má að séu á margan hátt sambærilegar við Ísland?

Nefndin skili skýrslu til Alþingis haustið 1985.

Nefndin kýs sér sjálf formann og varaformann.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist af Alþingi, svo og sérfræðiaðstoð sem nauðsynleg kann að reynast.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu. Tillagan er nú endurflutt. Henni fylgdi svofelld greinargerð:

Það hefur lengi legið fyrir að innflutningur til Íslands er miklum mun dýrari en til grannlanda okkar. Þetta kom meðal annars fram í könnun á innflutningsversluninni sem gerð var árin 1978 og 1979. Þessari könnun var ekki fylgt eftir á árunum 1980—1983 þegar viðskiptaráðherra Framsóknarflokksins fór með þetta mál, og að sjálfsögðu hefur viðskiptaráðherra núverandi ríkisstjórnar ekki sinnt þessu máli. Rannsóknin á högum innflutningsverslunarinnar var fyrsta heildstæða úttektin á vinnubrögðum heildverslunarinnar og er enn í fullu gildi.

Af og til koma svo upp mál sem staðfesta það hvað innflutningsverslunin er dýr fyrir þjóðarbúið. Þessi kostnaður veldur lífskjaraskerðingu svo nemur hundruðum milljóna króna, jafnvel milljörðum, eins og auðvelt er að sýna fram á.

Nýjasta málið, sem hér hefur komið upp, er kaffibaunasvindlið sem sagt var frá í blöðum í þinghléinu. Þar kemur fram að mismunurinn á raunverulegu verði og gjaldeyrisúthlutun nemur um 220 milljónum króna. Það er svipuð upphæð og tekjur allra íbúa í Þorlákshöfn á árinu 1984. Allt það strit, sem íbúarnir þar lögðu á sig á síðasta ári, á sjó og til lands, skilaði álíka tekjum og skrifborðsákvörðun um fáeinar faktúrur! Það þurfti heilt byggðarlag til þess að vinna fyrir þessu — sem þó er auðvitað aðeins eins og toppurinn á ísjakanum sem enn marar í kafi frjálshyggjunnar.

Gróðamyndun og sjálftaka innflutningsverslunarinnar á fjármunum almennings er í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Þess vegna er ekki við því að búast að hún taki á þessum hrikalegu vandamálum. Tillaga þessi er því flutt til þess að gefa Alþingi kost á því að taka málin í eigin hendur. Ef alþingismenn vilja ná í peningana sem þeir ríku hafa margfaldað á síðustu missirum samþykkir þingið þessa tillögu um rannsókn á innflutningsversluninni, gjaldeyrisnotkun hennar og skattframtölum.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA
verðlagsstjóra til viðskiptaráðherra um athugun á innflutningsverslun.
Janúar 1979.

INNGANGUR

28. september 1978 barst mér frá viðskiptaráðuneytinu eftirfarandi bréf:

„Í samstarfsyfirlýsingu núverandi stjórnarflokka er gert ráð fyrir því, að fram fari rækileg rannsókn á innflutningsversluninni. Er hér um að ræða framhald af þeirri rannsókn, sem verðlagsstjóri beitti sér fyrir, á innkaupsverði til Íslands annars vegar og annarra Norðurlanda hins vegar, en hún leiddi í ljós, að innkaupsverð þeirra vörutegunda, sem könnunin náði til, var hærra til Íslands en til annarra Norðurlanda.

Þessi niðurstaða gefur vísbendingu um alvarleg vandamál í verslunarháttum hér á landi. Þess vegna, og í samræmi við samstarfsyfirlýsinguna, telur viðskiptaráðuneytið nauðsynlegt, að fram fari athugun, sem beinist einkum að eftirfarandi atriðum:

1. Rannsakaðar verði allar hugsanlegar orsakir þess verðmunar, sem fram kom í könnun verðlagsstjóra.
2. Rannsakað verði sérstaklega, hver er þáttur umboðslauna í þessum verðmismun svo og umboðslaunaskil.
3. Gerð verði úttekt á áhrifum hins háa innkaupsverðs á verðlag, lífskjör, verðbólguþróun og gjaldeyrisstöðu landsmanna.
4. Gerðar verði tillögur um lagfæringu á verslunarháttum, eftir því sem nauðsynlegt kann að virðast.

Ráðuneytið felur yður, herra verðlagsstjóri, að annast þessa athugun og gera tillögur til ráðherra fyrir áramót um úrbætur í þessum efnum. Þar sem könnunin er umfangsmikil og spannar yfir mörg svið stjórnsýslu, hefur ráðuneytið óskað þess, að eftirfarandi menn vinni að athuguninni, ásamt yður:

Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri, Sigurmar Albertsson lögfræðingur, Tollstjóraskrifstofan, Sveinn Sveinsson lögfræðingur, Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans, og Gylfi Knudsen deildarstjóri, viðskiptaráðuneytinu.

Jafnframt vill ráðuneytið leggja áherslu á, að samstarfi við verðlagsyfirvöld annarra Norðurlanda verði haldið áfram, þannig að slíkt samstarf um verslunarmál verði framvegis fastur þáttur í starfi verðlagsyfirvalda hér á landi."

Við skýrslugerðina hef ég m. a. stuðst við upplýsingar frá Félagi íslenskra stórkaupmanna, Sambandi íslenskra samvinnufélaga og allmörgum einstökum innflytjendum. Einnig hef ég stuðst við upplýsingar erlendis frá.

Sá starfshópur, sem vann að þessari athugun, hélt marga fundi og í skýrslunni koma fram upplýsingar og hugmyndir sem hver einstakur lagði fram án þess að það sé tilgreint sérstaklega.

Þá tók ráðgjafarfyrirtækið Rekstrarstofan að sér að vinna að ákveðnum þáttum athugunarinnar og vann Þórður Vigfússon hagverkfræðingur aðallega að verkefninu fyrir hennar hönd.

Loks naut ég aðstoðar ritara verðlagsnefndar, Kristjáns Andréssonar.

Við mat á niðurstöðum skýrslunnar ber að hafa í huga, að sá tími sem ætlaður var til þess að ljúka athuguninni var mjög skammur og þess vegna gafst ekki svigrúm til að gera hana eins ítarlega og æskilegt hefði verið.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

1. Niðurstöður þessarar athugunar gefa til kynna, að sú vísbending um hærra innkaupsverð til Íslands en til hinna Norðurlandanna, sem fram kom í samnorrænu verðkönnuninni á s. l. ári, eigi við rök að styðjast.
2. Þær orsakir eða áhrifaþættir, sem virðast einkum valda þessum verðmun, má flokka í umboðslaun, milliliði, óhagkvæmni, fjármagnskostnað og sérstöðu landsins.
3. Verulega virðist vanta á, að erlend umboðslaun skili sér til íslenskra gjaldeyrisbanka, og þar sem mikil fylgni er almennt á milli þeirra umboðslauna, sem skilað er í banka og þeirra sem talin eru fram til skatts, má ætla að vanskil á umboðslaunum hafi í för með sér undanskot á tekjum til skatts.
4. Með markvissum skammtíma- og langtímaaðgerðum má bæta þá óheilbrigðu viðskiptahætti sem viðgengist hafa í innflutningsversluninni og lækka með því vöruverð og draga úr gjaldeyriseyðslu.

SAMNORRÆNA VERÐKÖNNUNIN

Eins og fram kemur í erindisbréfi viðskiptaráðuneytisins er hvatinn að þessari athugun á innflutningsversluninni niðurstöður samnorrænu verðkönnunarinnar, sem gerð var á s. l. sumri. Tel ég því rétt að fara nokkrum orðum um þá verðkönnun og aðdraganda hennar.

Eftirliti með verðlagi innfluttra vara hefur verið hagað á þann veg hérlendis um margra áratuga skeið, að innflytjendur hafa sent verðlagsskrifstofunni verðútreikninga yfir innfluttar vörur, ásamt fylgigögnum, m. a. erlendum innkaupareikningum. Verðlagsskrifstofan hefur yfirfarið þessa verðútreikninga og gengið úr skugga um, að þeir væru í samræmi við fylgiskjöl og heimilaðar álagningarreglur. Ýmsir höfðu bent á, að þetta kerfi sem unnið hefur verið eftir væri hvergi nærri fullnægjandi, þar sem eftirlitið byggðist fyrst og fremst á því að kanna, hvort álagning væri innan þeirra marka, sem verðlagsnefnd hefði ákveðið hverju sinni. Hins vegar væri ekki athugað, hvort innkaup væru í samræmi við eðlilegt markaðsverð erlendis.

Til þess að fá einhverja hugmynd um innkaupsverð erlendis fór ég þess á leit, haustið 1976, við þáverandi viðskiptaráðherra, að hann heimilaði verðlagsskrifstofunni að gera tilraun til að kanna innkaup til Íslands frá Englandi. Könnun þessi leiddi í ljós, að umtalsverður munur virtist vera á innkaupum íslenskra innflytjenda og enskra starfsbræðra þeirra. Þessi könnun var mjög einföld en gaf þó ákveðnar vísbendingar.

Á árinu 1975 hóf verðlagsskrifstofan þátttöku í samstarfi norrænna verðlagsyfirvalda. Fljótlega eftir Londonarkönnunina gerði ég norrænum verðlagsyfirvöldum grein fyrir þessari tilraun okkar og fór þess á leit við þau, að gerð yrði samnorræn verðkönnun á innkaupsverði í því skyni að fá upplýst hvort við hefðum einhverja sérstöðu í þeim málum. Nokkur dráttur varð þá á því, að samstaða yrði um gerð slíkrar könnunar, en eftir að ósk kom fram í norska stórþinginu um nauðsyn verðkönnunar milli landanna var loks ákveðið á fundi verðlagsyfirvalda, sem haldinn var á Íslandi í apríl s. l., að gerð yrði reynslukönnun á þessu sviði og skyldi henni lokið fyrir haustfund í september.

Könnun þessi náði aðeins til 30—40 vörutegunda, sem fluttar voru inn til allra Norðurlandanna, og voru þær af sömu gerð og stærð. Þarna var samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar eingöngu um neysluvörur að ræða en ekki fjárfestingarvörur, hrávörur eða rekstrarvörur né skip og flugvélar. En þrátt fyrir, að hér væri um fyrstu reynslukönnun að ræða og hún næði til mjög fárra vörutegunda, gaf hún ákveðna vísbendingu um hærra innkaupsverð til Íslands en hinna Norðurlandanna.

STAÐA INNFLUTNINGSVERSLUNAR

Áður en leitað verður orsaka þess verðmunar, sem hér er til athugunar, tel ég rétt að gera nokkra grein fyrir stöðu innflutningsverslunar um þessar mundir.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var vergur hagnaður heildverslunar (án olíuverslunar, byggingarvöruverslunar og bifreiðaverslunar) að meðaltali 4,2% árið 1971—1976. Fyrir árið 1977 er vergur hagnaður áætlaður 3,7% af tekjum, en á árinu 1978 áætlar Þjóðhagsstofnunin að vergur hagnaður af tekjum verði um 2%. Þjóðhagsstofnun hefur þann fyrirvara, að hér sé um lauslegar áætlanir að ræða, en telur þær þó gefa vísbendingu um afkomubreytingar.

Verslunarráð Íslands álítur afkomu heildverslunar lakari en tölur Þjóðhagsstofnunar gefa til kynna og telur að hún sé nú rekin með halla. Í útreikningum Verslunarráðsins kemur m. a. fram að meðalálagning í heildverslun (atkvgr. 616) hafi lækkað úr 18,8% 1974 í 15,5% á s. l. ári.

Hafa verður í huga, að niðurstöður Þjóðhagsstofnunar og Verslunarráðsins eru byggðar á meðaltölum og segja því lítið um afkomu einstakra greina innan heildverslunar, en hún er

afar misjöfn. Vitað er að nokkrar greinar heildverslunar eru reknar með hagnaði, en ýmsar aðrar virðast berjast í bökkum. Sem dæmi um greinar sem virðast komast vel af má nefna þær sem búa við rúm verðlagsákvæði eins og lyfjaheildverslun, véla-, varahluta- og veiðarfæraverslun fyrir sjávarútveginn, og greinar sem eru að mestu undanþegnar verðlagsákvæðum, svo sem optikvörur, úr, gull, silfur, leikföng og filmur. Flestar greinar, sem eru undir hámarksálagningu, þ. á m. matvörur, nýlenduvörur, hreinlætisvörur, snyrtivörur, hjúkrunarvörur, búsáhöld, járnvörur, skófatnaður, vefnaðarvörur, byggingarvörur, hjólbarðar, varahlutir og fleiri, virðast hins vegar hafa átt í rekstrarerfiðleikum á s. l. ári og að sögn talsmanna verslunarinnar eru fyrirsjáanlegir enn frekari erfiðleikar í þessum greinum á árinu 1979.

algengt, er að komast hjá hindrunum af þessu tagi með forinnflutningi til EFTA- og EBE-landa og síðan til Íslands.

Aðrar vörutegundir koma vafalaust einnig til greina í þessu samhengi og e. t. v. í vaxandi mæli á næstu árum. Um það liggja þó ekki fyrir haldgóð gögn á þessu stigi.

Tillaga:

Lagt er til, að viðkomandi ráðuneytum verði falið að kanna þennan kost í einstökum atriðum og gera ríkisstjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum og tillögum innan fjögurra vikna.

2. **Beiting jöfnunartolla** þegar ástæða þykir til að ætla að samkeppnisvörur séu fluttar inn á óeðlilega lágu verði vegna stuðningsaðgerða í útflutningslandinu.

Lögð er áhersla á, að kerfisbundin notkun á jöfnunartollum verði tekin upp hér á landi. Slíkt er heimilt samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum landsmanna. Vert er að benda á, að stuðnings- og styrktaraðgerðir í öðrum löndum geta haft sérstaklega skaðvænleg áhrif á þróun innlendrar framleiðslu vegna smæðar fyrirtækja og markaða hér á landi miðað við hina erlendu samkeppnisaðila og vegna þess að ýmsar innlendar iðngreinar, sem verða fyrir samkeppni af þessu tagi, hafa enn ekki náð þeim þroska og styrk, sem að er stefnt.

Tillaga:

Lagt er til, að hafin verði kerfisbundin vinna á þessu sviði. Eðlilegast virðist, að viðskiptaráðuneyti, í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og innlenda aðila, annist framkvæmdir. Ekkert virðist því til fyrirstöðu að aðgerðir hefjist tafarlaust.

3. **Beiting undirboðstolla** á vörur og vörutegundir, sem eru fluttar inn á undirboðsverði.

Um þetta atriði gildir að mörgu leyti það sama og í lið 2 hér á undan. Innlendir framleiðendur eru sérstaklega viðkvæmir fyrir undirboðum vegna þess hversu lítil fyrirtæki eru hér og oft á viðkvæmu þroskastigi. Enn fremur er markaðurinn lítill og því fylgir tiltölulega lítill kostnaður fyrir stór fyrirtæki erlendis að undirbjóða meðan þau eru að ná fótfestu á markaðnum.

Tillaga:

Lagt er til, að fjármálaráðuneytinu, í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og innlenda aðila, verði falið að annast virkt kerfisbundið eftirlit og tollaaðhald á þessu sviði. Í því sambandi virðist æskilegt að flytja sönnunarbyrðina í ríkari mæli yfir á innflytjendur og erlenda framleiðendur en verið hefur.

4. **Sérstakt tímabundið þróunargjald.**

Rökin fyrir slíku gjaldi eru fjölmörg. Hér verða aðeins nefnd hin helstu. Í fyrsta lagi er við verulega greiðslujafnaðarerfiðleika að etja vegna mikils samdráttar í þjóðarframleiðslu. Í slíkum tilvikum er heimilt að beita mun harðari aðgerðum en álagningu tímabundins þróunargjalds samkvæmt 19. og 20. gr. viðskiptasamnings við Fríverslunarbandalagið og svipuðum ákvæðum, sem fullnægjandi virðast, í samningum við Efnahagsbandalagið. Í öðru lagi reyndist aðlögunartími íslensks iðnaðar að fríverslun vera á ófyrirséðum ólgutímum í alþjóðaefnahagsmálum sem olli margvíslegum erfiðleikum og því illa nýttur til uppbyggingar á íslenskum iðnaði. Í þriðja lagi eru í undirbúningi aðgerðir til að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna, sem hafa skekkt samkeppnisskilyrði íslensks iðnaðar.

Áherslu ber að leggja á, að þessi aðgerð, sérstakt tímabundið þróunargjald, er mun vægari en heimilt er að beita við þá efnahagserfiðleika, sem nú er við að etja á Íslandi, skv. samningum okkar við EFTA og EBE. Því er góð von til þess, að þessi samtök fallist á eða mótmæli a. m. k. ekki þessu gjaldi.

Það eru enn fremur góð rök fyrir því, að álagning þróunargjalds sé betri kostur með tilliti til þróunar hagkerfisins en sértækar ráðstafanir og muni því skila betri árangri fyrir þjóðarbúið.

Tillaga:

Lagt er til að sem fyrst verði lagt tímabundið þróunargjald á sömu vöruflokka innfluttra iðnaðarvara og aðlögunargjaldið var lagt á á sínum tíma. Sérstakri sendinefnd verði nú þegar falið að ræða um álagningu þróunargjaldsins við fulltrúa EFTA- og EBE-landa. Gjaldið verði 3—4% í upphafi en lækki að 6—12 mánuðum liðnum stig af stigi uns það falli úr gildi 18—24 mánuðum eftir að það var upphaflega lagt á.

T. d. má nefna að nánari útfærsla gæti verið sem hér segir:
1. maí 1983 4% þróunargjald.
1. jan. 1984 3% þróunargjald.
1. júlí 1984 2% þróunargjald.
1. jan. 1985 1% þróunargjald.
1. júlí 1985 þróunargjaldið fellt niður.

5. **Tímabundin og sveigjanleg innborgunarskylda.**

Talið er að innborgunarskylda hefði tiltölulega lítil áhrif, nema fyrst eftir að hún er lögð á. Einnig gerir hún upp á milli fjársterkra fyrirtækja í innflutningsverslun og fyrirtækja með takmarkaðra lausafé og hefur að þessu leyti óæskileg áhrif, a. m. k. þegar til lengdar lætur. Þess má geta, að vafasamt er talið, að innborgunarskyldan samrýmist viðskiptasamningum Íslendinga þó henni hafi oft verið beitt, m. a. af ýmsum aðildarlöndum EFTA og EBE.

Tillaga:

Að því gefnu, að samkomulag náist um árangursríkari aðgerðir og þær komist skjótt til framkvæmda, er hér ekki gerð tillaga um upptöku innborgunarskyldu. Ef dráttur verður á aðgerðum skv. liðum 2, 3 og 4 hér að framan, eða þær ná ekki tilgangi sínum, er lagt til að alvarlega verði íhugað að beita sérstakri innborgunarskyldu sem bráðabirgðaráðstöfun þar til endanlegri lausn finnst.

6. **Takmarkanir svonefndra vörukaupalána.**

Vörukaupalán ná nú einkum til innfluttra hráefna og fjárfestingarvara. Annar innflutningur, s. s. einkabílar, heimilistæki, unnin vefnaðarvara og almennar neysluvörur, er ekki heimilaður með gjaldfresti. Samstarfsnefnd um gjaldeyrismál setur reglur um vörukaupalán.

Tillaga:

Lagt er til, að samstarfsnefnd um gjaldeyrismál verði falið í samráði við viðkomandi ráðuneyti að kanna framkvæmd ákvæða um gjaldfresti og möguleika á að þrengja slíkar heimildir að því er varðar fullunnar vörur. Niðurstöður þeirrar athugunar skulu lagðar fyrir ríkisstjórn innan fjögurra vikna.

7. **Innflutningskvótar.**

Beinar magntakmarkanir á innflutningi geta með ýmsum hætti haft neikvæð áhrif á efnahagslífið. Við þær aðstæður, sem nú er við að etja í þjóðarbúskapnum, kunna þær þó að vera réttlætanlegar til bráðabirgða. Slíkar aðgerðir eru heimilar skv. ákvæðum 19. gr. viðskiptasamningsins við EFTA.

Tillaga:

Miðað við, að aðrar heppilegri aðgerðir, sem að framan hefur verið lýst, verði framkvæmdar, er ekki gerð tillaga um beitingu innflutningskvóta.

Ef þróunargjaldið (liður 4) verður hins vegar ekki samþykkt verður að endurskoða þessa afstöðu.

8. **Sérstakar aðgerðir** til að styrkja samkeppnisstöðu einstakra framleiðslugreina, sem eiga í erfiðleikum.

Í 20. gr. EFTA-samningsins eru heimildir fyrir slíkum aðgerðum. Almennt er þó varhugavert að beita sértækum aðgerðum, nema þegar við umtalsverða erfiðleika er að etja í tilteknum innlendum framleiðslugreinum.

Tillaga:

Lagt er til að gerð verði úttekt á þeim iðngreinum, sem verst eru settar með tilliti til samkeppnisstöðu, og í framhaldi af því tekin afstaða til, hvort beita beri þessum heimildum. Iðnaðarráðuneytið annist þessa athugun í samráði við önnur viðkomandi ráðuneyti og stofnanir. Niðurstöður verði lagðar fyrir ríkisstjórn innan 8 vikna.

Aðgerðir samkvæmt þessum lið verði ákveðnar með hliðsjón af því, hvernig þróunargjaldinu reiðir af.

9. **Auknar kröfur um gæði, vörumerkingar, upprunamerkingar, staðla o. þ. h.**

Í gildi eru margvísleg lög og reglugerðir um þessi efni, sem íslenskir eftirlitsaðilar hafa ekki framfylgt sem skyldi og er því flutt inn mikið magn af varningi, sem annaðhvort uppfyllir ekki núverandi skilyrði eða eðlilegt er að setja frekari reglur um. Jafnframt kemur til greina að setja nýjar reglur og auknar kröfur í þessu efni. Alþekkt er að ýmsar þjóðir beita reglum af þessu tagi til að vernda iðngreinar sínar með góðum árangri. Sjálfsagt virðist því fyrir Ísland að kanna þessar leiðir og beita þeim eins og sanngjarnt virðist.

Hins vegar ber þess að geta, að kröfur af þessu tagi geta auðveldlega haft neikvæð áhrif á efnahagslífið í heild líkt og aðrar innflutningstakmarkanir. Kröfur af þessu tagi þurfa því að vera í sífelldri endurskoðun og í þeim má ekki ofgera.

Tillaga:

Lagt er til, að viðkomandi ráðuneytum verði falið að hefjast þegar handa um ráðstafanir á þessu sviði. Jafnframt verði samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu falið að flýta úttekt sinni á þessum málum og leggja tillögur sínar fram innan fjögurra vikna.

10. **Óformlegt samkomulag um takmarkanir á innflutningi.**

Til greina kemur að reyna að fá innflytjendur, bæði hina erlendu framleiðendur og innflutningsfyrirtækin, til að takmarka innflutning á tilteknum vörum. Þessi aðgerð tíðkast nú mjög í viðskiptum þjóða, þar sem iðngreinar innflutningsþjóðarinnar standa verulega illa að vígi gagnvart innflutningi. En þess ber að geta, að slíkar aðgerðir hafa yfirleitt ekki átt sér stað í viðskiptum EFTA- og EBE-þjóða innbyrðis. Í meginatriðum er um það að ræða, að innflytjandanum er gert það ljóst, með hótunum um harðari aðgerðir, að hagsmunir hans felist í því að takmarka innflutninginn „sjálfviljugur". Ekki er þess að vænta að aðrar aðferðir dygðu hér á landi. Vegna smæðar markaðarins hér á landi og skuldbindingar okkar gagnvart EFTA og EBE er þó ólíklegt, að áhrifamáttur hótana af okkar hálfu reyndist mikill, nema í sérstökum tilfellum. Sennilega yrðu innlendu innflutningsfyrirtækin næmari að þessu leyti en erlendu framleiðslufyrirtækin.

Undir þennan lið má einnig fella — og e. t. v. ekki síður — sérstakar aðgerðir til að hvetja stofnanir og fyrirtæki, ekki síst opinber, ásamt neytendum til að kaupa íslenskar framleiðsluvörur öðrum fremur. Hér er í rauninni um að ræða afbrigði af auglýsingaherferð. Hvað óopinbera aðila snertir er ólíklegt, að árangur yrði teljandi, nema því aðeins að innlendar vörur hafi kosti, sem markaðurinn hefur ekki áttað sig fyllilega á.

Tillaga:

Lagt er til, að viðskiptaráðuneytinu verði falið að kanna möguleika að þessu leyti í samvinnu við önnur viðkomandi ráðuneyti og leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórn innan fjögurra vikna.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, má nefna hér tvö atriði til viðbótar, sem gætu haft talsverð áhrif á innflutning og samkeppnisstöðu innlendra iðngreina, þó að viðfang þeirra sé ekki beinlínis innflutningurinn.

11. **Auglýsingar.**

Með afnotum af erlendum auglýsingum, að stofni til, sem hannaðar eru fyrir miklu stærri markaði, hafa innflytjendur verulegt hagræði umfram innlenda samkeppnisaðila. Einkum á þetta við hvað snertir auglýsingar í sjónvarpi, þar sem kostnaðurinn við gerð auglýsingar er oft helmingur eða meira af heildarauglýsingakostnaðinum.

Til greina kemur því að jafna þennan mun að nokkru með því að lækka álögur á aðföng til innlendrar auglýsingagerðar eða með sérstöku gjaldi á notkun erlendra stofnauglýsinga í innlendum auglýsingum. Með því að auglýsingar yfir vissu marki eru varasamar frá hagfræðilegu sjónarmiði kemur einnig til greina að leggja á almennan auglýsingaskatt, þar sem gert væri upp á milli innlendra og erlendra auglýsinga.

Tillaga:

Lagt er til, að þetta mál, sem er margslungið, verði tekið til sérstakrar athugunar á vegum ríkisstjórnarinnar og m. a. með þátttöku fjármála- og menntamálaráðuneytis og hagsmunaaðila.

12. **Gjaldfrestir í smásölu.**

Til greina kemur að takmarka gjaldfresti þá og afborgunarskilmála, sem veittir eru í smásölu margs konar innfluttra vara, einkum varanlegra neysluvara. Margar þjóðir hafa sett reglur hér að lútandi, einkum til að vernda hagsmuni neytenda. Reglur af þessu tagi kunna þó greinilega að hafa áhrif á sölu og síðan innflutning, sérstaklega þegar til skamms tíma er litið.

Miðað við þau markmið, sem lýst er í inngangi, er æskilegt, að reglur af þessu tagi taki fullt tillit til þess, að innlendir framleiðendur bjóða í vissum tilvikum, t. d. húsgagnaiðnaði, betur að þessu leyti en hinir erlendu samkeppnisaðilar.

Flest bendir til þess, að áhrif aðgerða að þessu leyti yrðu skammæ, mest fyrst, og hyrfu fljótlega þegar viðkomandi aðilar fyndu söluleiðir sem næðu svipuðum tilgangi. Takmarkanir á gjaldfresti gætu því haft svipuð áhrif og innborgunarskyldan, sem um var rætt hér að framan, og hefur hliðstæða kosti.

Tillaga:

Lagt er til, að á vegum viðskiptaráðuneytisins og með þátttöku annarra viðkomandi ráðuneyta og stofnana verði þetta atriði tekið til athugunar og niðurstöður lagðar fyrir ríkisstjórn innan átta vikna.

III. Ráðstöfun tekna.

Búast má við að ofangreindar aðgerðir, sem tillögur hafa verið gerðar um, muni skila umtalsverðum tekjum, einkum þróunargjaldið. Áætla má, að það skili nálægt 80—100 millj. kr. á einu ári. Gerð er tillaga um, að ráðstöfun þessara tekna verði í samræmi við markmiðin með aðgerðunum og raunar liður í þeim. Nánar tiltekið er lagt til að tekjunum verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

1) Til þróunar og tæknivæðingar iðngreina. Þar á meðal má sérstaklega nefna framlög til:
   a) Iðnrekstrarsjóðs.
   b) Iðnlánasjóðs.
   c) Útflutningslánasjóðs.
   d) Sérstakra verkefna til að efla iðnað í samráði við samtök iðnrekenda og starfsfólks í iðnaði.
2) Til að lækka tolla og önnur aðflutningsgjöld á aðföngum íslenskra iðngreina eftir því sem við á og slíkt er fyrir hendi.
3) Til ráðstafana til að draga úr verðlagsáhrifum aðgerðanna.

IV. Lokaorð.

Ítreka ber að lokum, að innflutningstakmarkanir af því tagi, sem um hefur verið rætt, eru tvíeggjað vopn. Meðfylgjandi tillögur helgast fyrst og fremst af þeim erfiðu aðstæðum, sem þjóðarbúið og vissar iðngreinar búa nú við. Tillögur okkar eru því um bráðabirgðaráðstafanir. Með því er þó ekki sagt, að einhverjir þættir þeirra eigi ekki rétt á sér til lengri tíma. Þvert á móti kann svo vel að vera, einkum hvað snertir liði 2, 3 og 9 í kafla II. Áherslan hér er hins vegar á það, að langvarandi innflutningstakmarkanir, hverju nafni sem þær nefnast, hafa auðvitað áhrif á þróunarstefnu hagkerfisins og þeim mun meira sem þær eru langvinnari. Þessi áhrif geta verið bæði jákvæð og neikvæð, en fyrst og fremst er torvelt að sjá þau fyrir. Innflutningstakmarkanir til frambúðar þurfa því miklu meiri undirbúningstíma en hér hefur gefist kostur á. Þær þurfa enn fremur að vera í stöðugri endurskoðun í ljósi breytilegra aðstæðna.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um málefni myndlistarmanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa í samvinnu við Samband íslenskra myndlistarmanna nefnd er vinni að tillögum um úrbætur í hagsmunamálum myndlistarmanna.

Bendir Alþingi á eftirfarandi atriði sem rétt er að nefndin hafi til hliðsjónar:

1. Að undirbúin verði stofnun Launasjóðs myndlistarmanna með tekjum eins og bent var á í ályktun myndlistarþings 1985.
2. Að fullgild aðild Íslands að Flórens-sáttmála varðandi flutning listaverka milli landa verði tekin til athugunar og ákveðin á næsta þingi.
3. Að samin verði drög að lagafrumvarpi sem tryggi betur en nú er gert að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum.
4. Að ákveðið verði hvernig ríkið styður framvegis Listasafn Sigurjóns Ólafssonar.
5. Að sveitarfélög taki fullan þátt í átaki til að efla myndlistarstarfsemi.
6. Að Listskreytingasjóður fái það fjármagn sem honum er ætlað samkvæmt lögum.
7. Að farið verði yfir tillögugerð myndlistarmanna frá síðustu árum og þær tillögur hagnýttar sem nefndin kemur sér saman um.

   Nefndin ljúki störfum svo fljótt að unnt verði að taka álit hennar til meðferðar á næsta löggjafarþingi.

Greinargerð.

Samband íslenskra myndlistarmanna efndi til myndlistarþings vorið 1985 undir yfirskriftinni „Myndlist sem atvinna“. Á þinginu komu fram margar ábendingar og tillögur um hagsmunamál myndlistarmanna sem nauðsynlegt er að Alþingi gefi gaum. Þess vegna er þessi tillaga til þingsályktunar flutt á ný, en hún hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi.

Hér fara á eftir í heild ályktanir þær og ábendingar sem samþykktar voru á myndlistarþinginu vorið 1985:

MYNDLISTARÞING 1985

„Myndlist sem atvinna"

Ályktanir og ábendingar þingsins.

Myndlistarþing 1985 telur hag myndlistar standa höllum fæti miðað við aðrar listgreinar.

Þrátt fyrir einstæðan áhuga almennings á myndlistum eru listasöfn enn í fjársvelti og geta því ekki framfylgt lögum sínum.

Hráefni og tæki til myndlista hafa verið tolluð árum saman meðan aðrar listgreinar fá niðurfellingu gjalda.

Höfundarréttur er enn ekki virtur sem skyldi og ekki tekið tillit til myndlista í gerðardómi vegna ljósritunar kennsluefnis í skólum.

Þörfum fyrir vinnustofur hefur lítið sem ekki verið sinnt.

Myndlistarþing telur þó brýnast mála, að stofnaður verði Launasjóður myndlistarmanna til að jafna hag þeirra svo að fleiri geti nýtt menntun sína og kunnáttu að fullu.

Nú vinnur þingskipuð nefnd að heildarendurskoðun sjóða vegna lista. Bindur þingið vonir við starf hennar og væntir leiðréttinga fyrir myndlistarmenn.

Sjóðir og laun.

Vegna kröfu um stofnun Launasjóðs myndlistarmanna vísar þingið til hliðstæðra sjóða í öðrum listgreinum og beitir sömu rökum og voru fyrir stofnun þeirra. Bendir þingið á ýmsar leiðir til fjáröflunar í slíkan sjóð, m. a. söluskatt af endursölu listaverka á uppboðum og söluskatt af efni til listiðju. Öðrum tillögum til tekjuöflunar í sjóðinn, svo sem ákveðnum hundraðshluta af sölu listaverka á sýningum og greiðslum fyrir höfundarrétt verka í opinberri eigu, vísar þingið til nánari umfjöllunar SÍM.

Myndlistarþing lýsir ánægju sinni vegna stofnunar menningarsjóða sveitarstjórna og fyrirtækja. Jafnframt hvetur þingið þau bæjar- og sveitarfélög, sem bolmagn hafa til, til að taka upp þann hátt Reykjavíkurborgar að veita árlega starfslaun listamanns.

Þingið lýsir ánægju sinni yfir starfslaunum Reykjavíkurborgar til myndlistarmanns en mælist til að þeim verði fjölgað og með þau farið að lögum varðandi launatengd gjöld.

Þingið telur að Íslandi beri nú þegar að gerast fullgildur aðili að Flórens-sáttmálanum um tollfrjálsan flutning listaverka milli landa en tollhömlur hafa skapað mikinn vanda í sýningum íslenskra listamanna erlendis.

Höfundarréttur.

Myndlistarþing ítrekar ályktun frá þinginu 1981 að of hægt miði til þess að myndlistarmenn fái notið réttar síns samkvæmt höfundalögum.

Enn búa myndlistarmenn við það óréttlæti, einir listamanna, að ekkert fast umsamið endurgjald er fyrir birtingu hugverka þeirra á opinberum vegum. Við slíkt verður ekki unað öllu lengur.

Myndlistarþing beinir þeim tilmælum til stjórnar Sambands íslenskra myndlistarmanna að könnuð verði réttarstaða myndlistarmanna varðandi greiðslur fyrir ljósritun á hugverkum þeirra í skólum, í kjölfar gerðardóms þess er féll hinn 4. maí 1984 um greiðslur ríkisins til höfunda vegna ljósritunar.

Söfn og gallerí.

Myndlistarþing knýr á um það að við stjórnun og rekstur listasafna skuli sérfræðileg menntun á sviði myndlistar gerð að skilyrði. Forstöðumenn séu ráðnir tímabundinni ráðningu og til stjórnunar og stefnumótunar en ekki sem framkvæmdastjórar stjórnar heldur hafi sér til fulltingis ráðgjafarnefnd.

Rekstur sölu- og sýningasala myndlista má heita nýr hérlendis en þeir hafa þegar sannað hlutverk sitt í menningarlífi og listmiðlun. Þess er vænst að viðkomandi yfirvöld veiti nauðsynlega fyrirgreiðslu svo að þeir megi gegna hlutverki sínu.

Myndlistarþing 1985 fagnar stofnun Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og skorar jafnframt á stjórnvöld ríkis og borgar að styðja þetta merka framtak einart og afdráttarlaust svo að hús Sigurjóns Ólafssonar fái að standa óhögguð á sínum stað á Laugarnesi með því safni listaverka er hann skildi þar eftir sig. Því aðeins væri það þjóðinni til sæmdar að hér væri vel stutt að, svo sem sæmir minningu þessa mikla listamanns og brautryðjanda.

Listskreytingar.

Myndlistarþing 1985 fagnar stofnun Listskreytingasjóðs ríkisins en að gefnu tilefni skorar þingið jafnframt á stjórnvöld að þau virði lög um að 1% af byggingarkostnaði ríkisins fari til sjóðsins og gæti þess að fé til sjóðsins verði ekki skert.

Jafnframt er skorað á sveitarfélög að taka fullan þátt í fjármögnun sjóðsins enda eiga þau hagsmuna að gæta og eiga fulltrúa í stjórn Listskreytingasjóðs.

Jafnframt er athygli borgar- og bæjaryfirvalda vakin á því að á síðustu árum hefur mjög dregið úr kaupum höggmynda fyrir opinbera staði.

Húsnæðismál.

Myndlistarþing mælist til þess að skipuð verði nefnd til að kanna hvaða kostir séu á húsnæði fyrir vinnustofur listamanna í eldri hverfum borgarinnar. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Arkitektafélagi Íslands, menntamálaráðuneyti og Reykjavíkurborg.

Því er beint til skipulagsyfirvalda að þau geri ráð fyrir lóðum á nýbyggingasvæðum þar sem reist verði íbúðarhús með vinnustofum fyrir listamenn.

Myndlistarþing krefst þess af viðkomandi aðilum að heiðursbústað Jóhannesar Kjarvals á Seltjarnarnesi verði skilað aftur og húsið nýtt svo að sem bestum notum komi fyrir myndlist. Aðeins þannig verði upphaflegri ætlun hússins fullnægt. Jafnframt gerir þingið þá kröfu að greitt verði fyrir afnot hússins aftur í tímann og gæti féð verið framlag til Launasjóðs myndlistarmanna.

Myndhöggvarafélagið í Reykjavík hefur lengi stefnt að því að innrétta gestavinnustofu í húsnæði sínu að Korpúlfsstöðum. Sakir fjárskorts hefur ekki verið unnt að ganga svo frá húsnæðinu að sæmandi sé að bjóða það gestum. Því ályktar myndlistarþing að borgaryfirvöld ættu að veita styrk til þessa verkefnis.

Stjórn myndlistarþings vill koma því á framfæri að bygging gestavinnustofu fyrir erlendan listamann á vegum Norrænu myndlistarmiðstöðvarinnar er vel á veg komin í Hafnarborg í Hafnarfirði og talsverðu fé hefur verið varið til hennar frá Norræna menningarsjóðnum. Ísland hefur verið nokkuð seint á sér að fullnægja þessari kvöð sem nú er létt af ríkissjóði. Hlýtur því að teljast eðlilegt að nokkuð komi frá opinberum aðilum á móti.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna hljóði svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum sem hafa börn sín undir 18 ára aldri á framfæri sínu og eiga lögheimili hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mæðra- og feðralaun eru nú greidd til 16 ára aldurs, en frumvarp þetta felur í sér þá breytingu að hækka skuli aldursmark barnanna, sem greitt er með, í 18 ára aldur. Meðlag og barnalífeyrir eru greidd með börnum til 18 ára aldurs svo að eðlilegt verður að telja að mæðralaun og feðralaun miðist við sama aldursmark.

Ljóst er að fleiri unglingar stunda nú skólanám eftir 16 ára aldur en áður var og eru því á framfæri foreldra mun lengur en tíðkaðist fyrr á árum. Sívaxandi þörf þjóðfélagsins fyrir menntun og starfsþjálfun þeirrar kynslóðar, sem bera mun uppi atvinnulíf þjóðarinnar í framtíðinni, veldur því að æ færri unglingar hætta námi 16 ára. Löggjafinn hefur komið til móts við þessa þróun með því að lengja meðlagsskyldu, fyrst til 17 ára aldurs, en síðan til 18 ára aldurs. Sama gildir um greiðslur barnalífeyris. Er ljóst að þær breytingar hafa orðið umtalsverð kjarabót einstæðum foreldrum og börnum þeirra.

Með setningu barnalaga, nr. 9/1981, var framfærendum, sem eru einir með börn sín, heimilað að sækja um framlengingu greiðslna frá því foreldri sem ekki býr með börnum sínum ef börnin eru við nám. Sú breyting miðar einnig að sama marki: að börn einstæðra foreldra hafi sömu aðstöðu og önnur börn til náms og starfs.

Mæðra- og feðralaun hafa hins vegar orðið eftir við áðurnefndar lagabreytingar og því telur flm. að tími sé til þess kominn að hér verði ráðin bót á.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breytingu á lögræðislögum, nr. 68/1984.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna komi ný mgr. sem hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytis, sbr. 17. gr., skal fjalla um alla úrskurði um sjálfræðis-, fjárræðis- eða lögræðissviptingu sem fallið hafa á grundvelli a-, c-, d- og e-liða fyrri mgr. 3. gr. laga þessara. Skal sú umfjöllun fara fyrst fram sex mánuðum eftir uppkvaðningu

úrskurðar og síðan á eins árs fresti eftir það. Sé það álit nefndarinnar að forsendur sviptingar séu úr gildi fallnar skal hún bera fram tilmæli til héraðsdómara um að svipting verði felld úr gildi, sbr. 1. mgr.

2. gr.

17. gr. laganna hljóði svo:

Á vegum dómsmálaráðuneytisins starfar trúnaðarnefnd sem ráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa lögmaður, sem er formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt er trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi tilnefndur af samtökum um málefni geðsjúkra.

Dómsmálaráðuneytið leitar umsagnar hjá trúnaðarnefndinni er þörf krefur áður en það veitir heimild til vistunar manna samkvæmt 13. gr. Dómsmálaráðuneytið skal tilkynna trúnaðarnefndinni þegar heimild hefur verið veitt til vistunar og skal trúnaðarnefndin kanna ástand og aðstæður sjúklings er dvelst á sjúkrahúsi eða hliðstæðri stofnun gegn vilja sínum svo fljótt sem auðið er og eigi seinna en innan viku frá innlagningu.

Nefndin setur sér vinnureglur sem samþykktar eru af ráðherra.

3. gr.

1. mgr. 18. gr. laganna hljóði svo:

Heimilt er þeim, sem vistaður hefur verið í sjúkrahúsi án samþykkis síns skv. 14.–17. gr. hér að framan, að leita úrlausnar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistunina.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo:

Trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins skal veita þeim, sem vistaður er á sjúkrahúsi, sbr. 14.–17.gr., gegn vilja sínum, nauðsynlegar upplýsingar um réttarstöðu sína og hvernig leita má úrskurðar dómstóla um ákvörðun ráðuneytisins um vistun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 106. löggjafarþingi voru samþykkt lögræðislög, nr. 68/1984, eftir mjög svo sögulega meðferð á Alþingi sem hér skal rakin í stuttu máli.

Frumvarp til lögræðislaga var borið fram í efri deild og allsherjarnefnd efri deildar samþykkti að leggja til að það yrði afgreitt frá deildinni óbreytt. Var það og gert. Frumvarpið kom þá til neðri deildar og til umfjöllunar í allsherjarnefnd. Á fund nefndarinnar komu formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frumvarpið hafði samið, svo og ritari þeirrar nefndar, en bent var á að önnur stjórnskipuð nefnd væri einnig að ljúka störfum, þ. e. nefnd er gera átti tillögur um úrbætur í geðheilbrigðismálum. Þótti rétt að óska eftir að sú nefnd kæmi til fundar við allsherjarnefnd þar eð nokkur ágreiningur var þar um viðkvæm atriði í frumvarpinu, þ. e. ákvæði um vistun manna í sjúkrahúsi gegn vilja sínum og sjálfræðis-, fjárræðis- og lögræðissviptingu. Ingvar Kristjánsson geðlæknir og formaður nefndarinnar um úrbætur í geðheilbrigðismálum og nokkrir meðnefndarmenn hans komu og lögðu fram breytingartillögur þær er hér liggja fyrir. Allsherjarnefnd féllst á breytingartillögurnar og neðri deild einnig.

Frumvarpið fór því aftur til efri deildar sem hafnaði breytingartillögum neðri deildar og samþykkti frumvarpið enn eins og það var lagt fram í upphafi. Einn þingmaður, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, lagði til að það yrði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Enn kom því frumvarpið til neðri deildar. Mjög var þá tekið að líða á þingtímann og vinnuálag á þingheimi mikið. Boðað var til fundar í allsherjarnefnd deildarinnar enn á ný, en áður en sá fundur yrði haldinn kom málið á dagskrá og var afgreitt sem lög frá Alþingi án þess að nefndin fengi um það að fjalla. Í umræðum um þingsköp var bent á að nefndin ætti eftir að fjalla um frumvarpið. Varð nokkur umræða um þessa afgreiðslu og voru margir þingmenn sammála um að hér hefðu orðið mistök. Bæði forsætisráðherra og forseti neðri deildar hörmuðu mistökin, en ekki þótti gerlegt að ógilda afgreiðslu frumvarps sem forseti hefði lýst sem lög frá Alþingi. Og þar við sat.

Aldrei varð því ljóst hver vilji meiri hl. þingmanna var í þessu máli, en sameinað þing hefði átt um það að fjalla. Því telja flm. ástæðu til að fá nú úr því skorið.

Önnur rök eru þó mikilvægari fyrir flutningi frumvarpsins, en það eru réttindi þeirra sem vistaðir eru í sjúkrahúsi gegn vilja sínum eða sviptir sjálfræði, fjárræði eða lögræði. Þau réttindi hafa engan veginn verið tryggð, og einkum hefur orðið misbrestur á að sviptingu væri aflétt eftir að lækningu var lokið og hagur hins svipta á þann veg að ekki var ástæða til sviptingar lengur. Hafa orðið um slík tilvik blaðaskrif sem engan mann láta ósnortinn.

Svipting mannréttinda er erfið ákvörðun, ekki síst fyrir aðstandendur sem oft verða að óska hennar. Og það er mikil ábyrgð lögð á herðar einum manni, í þessu tilviki trúnaðarlækni dómsmálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður og varla unnt að fela honum að fylgjast með hvernig lækningu allra þeirra, sem sviptir eru þessum réttindum, reiðir af. Fyrir hefur komið að þeir, sem engan eiga að til að fylgjast með þróun mála og lækningu, hafa lifað án mannréttinda áratugum saman vegna þess að aldrei var gengið frá því að aflétta sviptingu.

Mál sem þessi eru svo viðkvæm hverri manneskju að tryggja verður að hvert einasta mál fái viðunandi afgreiðslu og málalok sem hinum svipta eru fyrir bestu. Og aldrei má til þess koma að unnt sé að beita sviptingu mannréttinda nokkurrar manneskju í þágu annarra en hins svipta. Flm. telja að breytingartillögur nefndar þeirrar, sem gert hefur tillögur til úrbóta í geðheilbrigðismálum, séu tryggari en þau ákvæði sem nú eru í lögræðislögum og því nauðsynlegt að færa þau til betri vegar.

Geta má þess að enginn hefur verið fastráðinn til að gegna stöðu trúnaðarlæknis dómsmálaráðuneytisins þó að rúmt ár sé liðið frá setningu lögræðislaga. Því starfi hefur verið sinnt sem aukastarfi. Flm. telja að þetta ástand sé með öllu óviðunandi og engin von til þess að með málum sé fylgst eins og rétt og skylt væri.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Lagt er til að trúnaðarnefnd dómsmálaráðuneytisins, sbr. 2. gr., fjalli reglubundið um málefni allra þeirra einstaklinga sem sviptir hafa verið sjálfræði, fjárræði eða lögræði eða verið vistaðir gegn vilja sínum í sjúkrahúsi og skuli nefndin sjá til þess að sjúklingur fái mannréttindi sín aftur svo fljótt sem aðstæður leyfa.

Við 2. gr.

Lagt er til að í stað embættis trúnaðarlæknis við dómsmálaráðuneytið komi trúnaðarnefnd er starfi á þess vegum. Nefndina skipi lögmaður, og sé hann formaður hennar, geðlæknir, sem jafnframt sé trúnaðarlæknir ráðuneytisins um læknisfræðileg málsatriði, og fulltrúi samtaka um málefni geðsjúkra sem ráðuneytið skipaði samkvæmt tilnefningu. Eðlilegt verður að telja að nefndarmenn taki föst laun fyrir störf sín.

Við 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Salome Þorkelsdóttir, Stefán Benediktsson, Haraldur Ólafsson, Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á kirkjumálaráðherra að skipa nú þegar sjö manna nefnd til að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra skipi einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Alþingi lýsir vilja sínum til að leggja fram fé á fjárlögum þeirra ára sem verkið yrði unnið og bera kostnað af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á 107. löggjafarþingi en varð ekki útrædd. Hún er nú endurflutt nokkuð breytt, en flm. eru hinir sömu. Áætlun byggingarnefndar Hallgrímskirkju um lok kirkjusmíðarinnar hefur nú verið endurskoðuð og er óbreytt frá síðasta ári og flm. telja öll hin sömu rök og áður hníga að flutningi tillögunnar. Greinargerð sú sem fylgdi tillögunni á síðasta Alþingi er því endurbirt hér:

Hvaða afstöðu, sem menn kunna að hafa persónulega til guðdómsins og kristninnar, og í þeim efnum eru skoðanir Íslendinga mjög skiptar, getur enginn maður neitað því að kristin menning hefur haft ómælanleg og mikilsverð áhrif á íslenska menningu og listsköpun. Þegar Íslendingar rituðu þær miðaldabókmenntir, sem lengur en nokkuð annað mun halda nafni þessarar dvergþjóðar á lofti, gerðist það fyrir þann sköpunarmátt er leystist úr læðingi þegar heiðin norræn menning og kristin Evrópumenning mættust á endimörkum heimsins.

Náin tengsl hafa ævinlega verið milli trúar og listar og nægir í því tilliti að nefna evrópskar miðaldakirkjur og listskraut þeirra, einhver mest völundarsmíð á byggðu bóli, ellegar alla þá dýrlegu tónlist sem orðið hefur til kringum trúariðkanir. Á þeim öldum, þegar kristnin átti hvað sterkust ítök í hugum Evrópumanna og konungar, furstar og kirkjuhöfðingjar gengust fyrir því að eyða stórfelldum fjármunum til að reisa voldugar kirkjur, gera stórfengleg myndverk og semja göfuga tónlist guði til dýrðar, þá áttu Íslendingar ekki þann veraldlega auð sem þurfti til að reisa óbrotgjarna minnisvarða af áþreifanlegu tagi. En við áttum samt andann og það efni sem kannski er öllu dýrara, orðin. Og við áttum menn sem gátu sett saman úr þessu efni þau listaverk sem munu standa meðan einhver kann íslensku og metur list. Sá maður, sem best kvað á íslensku, var auðvitað séra Hallgrímur Pétursson.

Nú eru breyttir tímar. Íslendingar eiga nú veraldarauð nægan til að reisa guði voldugar byggingar og undanfarna áratugi hefur verið unnið af mikilli atorku og ósérhlífni við að koma upp mannvirki á Skólavörðuholti í minningu hins mikla skálds. Um þessa kirkju hefur að vísu staðið nokkur styr þá áratugi sem hún hefur verið í smíðum, en nú er byggingu hennar að ljúka og hún er óumdeilanleg staðreynd og því mál að prætum linni og menn taki höndum saman um að gera kirkju séra Hallgríms sem veglegasta og fegursta. Engin ytri vandkvæði ættu að vera á slíku þar sem þjóðin á nú orðið valinn hóp manna sem getur unnið

fagra hluti úr margvíslegustu efnum: litum, gleri, mósaík, steini, bronsi o. s. frv. Það sem hins vegar þarf að koma til er sú stærð í hugsun, sú efling andans, sem fyrri tíma furstar og höfðingjar höfðu til að bera þegar þeir létu gera miðaldakirkjur að ódauðlegum listaverkum, og einnig var aflvaki séra Hallgríms Péturssonar þegar hann orti sín ódauðlegu ljóð.

Íslendingar greiða seint skuld sína við séra Hallgrím Pétursson. En minningu hans verður vart meiri sómi sýndur en með því að fela íslenskum listamönnum að gera kirkju hans að musteri listar og fegurðar í hjarta höfuðborgar landsins þar sem menn mega eiga griðastað til að hlýða á það sem hann unni mest, orð guðs, skáldskap og tónlist.

Á árinu 1986 er áætlað að ljúka byggingu hinnar miklu kirkju séra Hallgríms. Hallgrímskirkja hefur algjöra sérstöðu meðal kirkna landsins sem landskirkja, eign allrar þjóðarinnar og mest guðshús á Íslandi. Það væri því mjög við hæfi að Alþingi gæfi höfuðborg landsins og kirkju þá gjöf sem hér er lagt til, gjöf sem standa mun meðan land byggist, bornum og óbornum til friðar og gleði.

Byggingarsaga Hallgrímskirkju.

Fyrsta tillagan um kirkjubyggingu á Skólavörðuholti kom fram árið 1916, um svipað leyti og hafist var handa við byggingu safnhúss Einars Jónssonar, Hnitbjarga. Guðjón Samúelsson, hinn mikli húsameistari sem síðar varð, var þá nemi í húsagerðarlist við listaakademíuna í Kaupmannahöfn og var að vinna að fyrsta stórverkefni sínu, húsi Nathans og Olsens.

Sjálfur segir Guðjón Samúelsson í viðtali við Morgunblaðið 14. desember 1924:

„Árið 1916 kom til orða að farið yrði að hugsa fyrir byggingu handa þjóðminja-, náttúrugripa- og málverkasafninu, og bað Einar Arnórsson mig um að gera uppdrátt að húsi fyrir þessi söfn. Var þá helst talað um að það yrði byggt á Skólavörðuhæðinni. Uppdrátt þann gerði ég, og datt mér þá í hug að vel væri við eigandi að reisa kirkju þarna líka og gerði ég uppdrátt að henni um leið. Mynd af uppdrættinum er í síðasta hefti Óðins."

Guðjón Samúelsson lauk námi árið 1919 og var ári síðar skipaður húsameistari ríkisins. Því starfi gegndi hann til dauðadags árið 1950 og hafa fáir menn haft jafnmikil áhrif á íslenska húsagerðarlist og hann. Meðal helstu verka hans eru Þjóðleikhúsið, Háskóli Íslands, Landspítalinn, Sundhöll Reykjavíkur, Akureyrarkirkja — og síðast en ekki síst Hallgrímskirkja í Reykjavík.

Árið 1924 var skipuð nefnd til að vinna að fyrsta skipulagsuppdrætti af Reykjavík. Í nefndinni sátu Geir G. Zoëga vegamálastjóri, Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, Knud Zimsen borgarstjóri og Matthías Þórðarson þjóðminjavörður. Guðjón Samúelsson lagði fram tvær tillögur að skipulagi Skólavörðuholtsins og hafði þá hugmyndir um að þar stæði í framtíðinni „háborg íslenskrar menningar". Á miðju torgi skyldi standa dómkirkja landsins, en allt um kring hana helstu menningarstofnanir þjóðarinnar. Urðu á sínum tíma miklar umræður og deilur um þessar hugmyndir, en uppdrættir að skipulagi holtsins bera vott um stórhug húsameistara og metnað og eru menningarsöguleg skjöl. Og vel má vera að menn hefðu betur farið að tillögum Guðjóns Samúelssonar.

Fyrstu þrjá áratugi þessarar aldar áttu íbúar Reykjavíkur aðeins eina þjóðkirkju, en Fríkirkjan hafði verið stækkuð og vígð að nýju árið 1924. Því var farið að huga að byggingu nýrrar kirkju þegar íbúatala höfuðborgarinnar óx. Á sóknarfundi í Dómkirkjunni 5. desember 1926 var samþykkt tillaga um að reisa nýja kirkju í austurbænum, „til dæmis á Skólavörðuholtinu" eins og segir í fundargerð.

Árið 1929 veitti stjórnin fé til að efna til samkeppni á vegum sóknarnefndar Dómkirkjunnar um uppdrætti að nýrri kirkju sem vera skyldi veglegasta kirkja landsins. Tillögur bárust fáar og þótti engin aðgengileg. Ágúst Pálsson, síðar arkitekt, vann til fyrstu verðlauna, en önnur verðlaun hlaut Hafliði Jóhannsson húsasmíðameistari. Hvorugur uppdrátturinn var notaður.

Árið 1937 ritaði ríkisstjórnin Guðjóni Samúelssyni bréf fyrir áeggjan safnaðarnefndar Dómkirkjunnar og fól honum að teikna og standa fyrir byggingu Hallgrímskirkju á Skólavörðuhæð, en þá höfðu þegar verið samþykkt lög á Alþingi um stofnun Hallgrímsprestakalls. Guðjón Samúelsson varð við þessari beiðni og 11. júní 1942 mátti í fyrsta sinn líta líkan af hinni nýju kirkju. Viðbrögð manna urðu á ýmsa lund, en að mestu lofsamleg í fyrstu. Jólablað Tímans árið 1942 var helgað nýrri Hallgrímskirkju og Jónas Jónsson frá Hriflu var ákafur stuðningsmaður hennar og færði fyrir byggingu hennar þjóðernisleg og tilfinningaleg rök. Síðar stóðu heiftúðugar deilur um kirkjuna í dagblöðum og öðrum ritum áratugum saman sem nú er mál að linni þegar séð er fyrir endann á byggingu þessa mikla mannvirkis á árinu 1986.

Séra Ragnar Fjalar Lárusson hefur bent á að kirkjan hafi nú verið rúm 40 ár í smíðum, eða jafnlengi og það tók Móse að leiða Ísraelsmenn yfir eyðimörkina til fyrirheitna landsins. Þegar litið er á þetta mikla mannvirki er það næsta ótrúlegt að það skuli að mestu hafa verið byggt fyrir frjáls framlög velunnara kirkjunnar og óbilandi elju safnaðarins. Framlög ríkis og borgar eru aðeins óverulegur hluti byggingarkostnaðar og víst er að mismikils skilnings var að mæta þegar talsmenn byggingarinnar komu á fund yfirvalda með beiðni um fjárstyrk á þessum fjórum áratugum, þó að nokkuð hafi þar úr ræst á allra síðustu árum þegar séð varð að byggingunni yrði lokið. Sú óbilandi elja, sem borið hefur framkvæmdina uppi, er án efa einsdæmi. Á þar ekki minnstan þátt Hermann Þorsteinsson, framkvæmdastjóri byggingarsjóðs, sem hefur gegnt því starfi í meira en 20 ár. En ótalmargir aðrir hafa lagt hönd á plóginn og mikið starf má þakka Kvenfélagi Hallgrímskirkju, safnaðarprestum fyrr og nú og fjölmörgum öðrum.

Það er ljóst að nú þegar kirkja séra Hallgríms er risin fyrir þrotlaust starf safnaðarins er það vart á færi hans að ganga þannig frá kirkjunni að innan að sómi sé að nema til komi aðstoð frá allri þjóðinni. Það sem hér þarf til getur Alþingi Íslendinga lagt fram svo að hinu mikla skáldi, séra Hallgrími Péturssyni, frumherja íslenskrar húsagerðarlistar, Guðjóni Samúelssyni, og íslenskum listamönnum, sem nú eru á meðal okkar, sé sómi að um aldur og alla tíð.

Hlutverk nefndar þeirrar er skipa skal.

Flutningsmönnum er ljóst að listskreyting Hallgrímskirkju er mikið verk sem óhjákvæmilega tekur langan tíma og krefst vinnu fjölmenns hóps listamanna. Þetta umfangsmikla verk þarfnast góðs og skipulegs undirbúnings og því er brýnt að hann geti hafist sem fyrst. Án efa er nauðsynlegt að efna til einhvers konar ráðstefnu með listamönnum þjóðarinnar um vinnubrögð, t. d. um hvort efna skuli til samkeppni um hugmyndir að heildarskipulagi skreytingar, eða hvort annan hátt megi hafa á. Hlutverk nefndarinnar hlýtur að vera að ná sem bestu samstarfi við íslenska listamenn og sjá til þess að þeir fjármunir, sem veittir eru í þessu skyni, nýtist sem best.

Sþ. 23. Beiðni um skýrslu [23. mál]

frá fjármálaráðherra um aukafjárveitingar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur, Geir Gunnarssyni, Svavari Gestssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Steingrími Sigfússyni, Skúla Alexanderssyni, Ragnari Arnalds, Helga Seljan, Garðari Sigurðssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um aukafjárveitingar frá 15. júlí s. l. sem ekki eiga rætur að rekja til breytinga á forsendum fjárlaga. Í skýrslunni verði framlögin sundurliðuð og tekið fram hverjum framlögin voru veitt og til hvaða verkefna.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 14. október 1985.

Guðrún Helgadóttir.	Geir Gunnarsson.	Svavar Gestsson.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Skúli Alexandersson.
Ragnar Arnalds.	Helgi Seljan.	Garðar Sigurðsson.
	Hjörleifur Guttormsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 24. Þjóðhagsáætlun [24. mál]

fyrir árið 1986.

(Lögð fram af forsætisráðherra 15. október 1985.)

Inngangur

Fyrstu tvö ár kjörtímabilsins hefur ríkisstjórnin lagt megináherslu á að draga úr verðbólgu og tryggja næga atvinnu. Mikilsverður árangur hefur náðst, hvað þessi tvö markmið varðar. Á fyrri hluta árs 1983 var verðbólga um og yfir 130% og stefndi hærra. Nú er árshraði verðbreytinga um 30% og fer minnkandi. Ennfremur hefur tekist að tryggja næga atvinnu.

Jafnframt því að vinna að þessum tveimur markmiðum hófst ríkisstjórnin handa um ýmsar endurbætur á efnahagsgerðinni með það að leiðarljósi að greiða fyrir meiri fjölbreytni og aukinni framleiðni í atvinnulífinu. Þegar hafa margvíslegar ráðstafanir verið gerðar í þessu skyni og fleiri eru í undirbúningi. Má þar nefna breytingar á skipulagi peninga- og lánamála, bæði að því er varðar almenna peningamálastjórn og fjárfestingarlánasjóði. Þessar ráðstafanir miða að því, að fjármagn renni til arðbærari framkvæmda en áður.

Nú eru tímamót í starfi ríkisstjórnarinnar. Vandamálin, sem yfirskyggðu önnur við upphaf kjörtímabilsins, óðaverðbólga og hætta á atvinnuleysi, eru ekki sama ógnunin og fyrr. Betra svigrúm er því nú en oftast áður til að líta lengra fram í tímann og móta heildstæða efnahagsstefnu til nokkurra ára. Slík stefnumótun er mikilvæg vegna þeirra viðfangsefna, sem nú eru brýnust: Að auka þjóðartekjurnar og stöðva vöxt erlendra skulda. Þessi verkefni eru bæði þess eðlis, að verulegur árangur næst ekki á skömmum tíma, heldur þarf að vinna að þeim samfellt með skipulegum hætti í nokkur ár og jafnframt tryggja nægilega samstöðu í þjóðfélaginu um þær ráðstafanir, sem gera verður.

Af þessum ástæðum hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fram stefnumótandi áætlun fyrir næstu tvö ár, samhliða þjóðhagsáætlun fyrir árið, sem í hönd fer. Ríkisstjórnin mun vinna í samræmi við þessa áætlun út kjörtímabilið. Þar sem hér er í reynd um langtímaverkefni að ræða, er ennfremur birt áætlun fyrir þriðja árið, sem sýnir líklega framvindu miðað við að slíkri stefnu yrði fram haldið þannig að viðunandi jafnvægi komist á í utanríkisviðskiptum. Í þessari stefnumótun er höfuðáhersla lögð á ráðstafanir til að auka þjóðartekjurnar og stöðva vöxt erlendra skulda. Um þetta er nánar fjallað í kaflanum hér á eftir, um efnahagsstefnuna, og í lokakafla skýrslunnar, um horfur næstu árin, en áður verður markmiðum ríkisstjórnarinnar lýst í almennum atriðum.

I.
Markmið

Auknar þjóðartekjur — aukin framleiðsla.

Ekki eru horfur á örum hagvexti á næsta ári. Spáð er um 2% vexti, sem er heldur minna en stefnir í á þessu ári. Þjóðarframleiðslan yrði þá orðin 1½—2% meiri en hún var árið 1980. Til samanburðar má nefna, að talið er að á sama tímabili hafi þjóðarframleiðsla OECD–ríkja í heild aukist um 15%, í Bandaríkjunum um 18 % og í Japan um 30%. Afturkippurinn hér á landi 1982 og 1983, sem átti einkum rætur sínar að rekja til aflabrests, skýrir að vísu að miklu leyti þennan óhagstæða samanburð. En þótt tekist hafi að nokkru leyti að snúa vörn í sókn 1984, er sú sókn enn of hægfara til að geta staðið undir bættum lífskjörum.

Að teknu tilliti til fólksfjölgunar verður þjóðarframleiðslan á næsta ári minni en 1980, þótt hún hafi vaxið lítillega á þennan mælikvarða á síðustu tveimur árum. Það er mikilvægt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því, hvað valdið hafi hægum hagvexti hér á landi síðustu ár. Jafnvægisleysi, verðbólga og endalausar deilur um tekjuskiptingu hafa orðið til þess, að kröftum þjóðarinnar hefur verið eytt til ónýtis. Lífskjör Íslendinga batna ekki nema þessu verði breytt. Vilji menn, að lífskjörin hér á landi standist samjöfnuð við það sem best gerist með öðrum þjóðum, verður að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu. Þetta er tvímælalaust brýnasta verkefni hagstjórnar á næstu árum. Að þessu verkefni þarf að vinna skipulega og horfa fram á við til nokkurra ára í senn, því að þetta er ekki skammtímaverkefni. Þess vegna leggur ríkisstjórnin nú fram efnahagsstefnu til næstu tveggja ára, sem felur í sér margvíslegar ráðstafanir til að efla íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Viðunandi almennt jafnvægi í efnahagslífinu og markvissar aðgerðir til að örva framleiðslu á næstu árum munu skila sér í auknum tekjum og framleiðslu. Snögg umskipti til hins betra verða þó ekki, nema sjávarafli stóraukist eða verð á útflutningsvörum landsmanna hækki verulega. Þótt gera megi ráð fyrir, að sjávarafli fari nokkuð vaxandi, er

óvarlegt að reikna með miklum hagvexti næstu 2—3 árin. Í þessari áætlun er þó byggt á því, að hagvöxturinn verði nægilega mikill til að standa undir óbreyttum þjóðarútgjöldum á mann á sama tíma og jafnvægi náist í viðskiptum við önnur lönd og erlend skuldasöfnun verði stöðvuð. Á þann hátt er unnt að leggja traustan grunn að frekari hagvexti í framtíðinni.

Vöxtur erlendra skulda stöðvaður.

Það er mikið áhyggjuefni, að mörg undanfarin ár hafa erlendar skuldir landsmanna farið vaxandi. Ástæðan er sú, að eytt hefur verið um efni fram. Viðskiptahalli og skuldasöfnun endurspegla þessa staðreynd. Sífellt stærri hluti tekna þjóðarbúsins fer af þessum sökum til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum og svigrúm til að bæta lífskjör þjóðarinnar minnkar að sama skapi. Ennfremur hljóta sívaxandi erlendar skuldir á endanum að skerða lánstraust þjóðarinnar út á við, sem kæmi fram í versnandi lánskjörum og örðugleikum á lántökum. Það varðar því í reynd fjárhagslegt öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar að stöðva skuldasöfnunina. Í raun og veru má líta á endurgreiðslur erlendra skulda sem fjárfestingu, sem keppir við aðra fjárfestingarkosti. Við ríkjandi aðstæður, þar sem vextir á alþjóðafjármagnsmarkaði eru mjög háir, eru það aðeins arðbærustu framkvæmdir og fyrirtæki, sem geta skilað sömu vöxtum og sparast við það að lækka erlendu skuldirnar — eða koma í veg fyrir að þær aukist. Þegar á þetta er litið, sést málið í sínu rétta samhengi, þ.e. til hvers konar framkvæmda og útgjalda borgar sig að taka erlend lán við ríkjandi aðstæður.

Það er því óhjákvæmilegt forgangsverkefni að stöðva vöxt erlendra skulda. Það felur í sér mjög ákveðið aðhald að útgjöldum þjóðarbúsins á næstu árum. Gangi áætlanir um framleiðsluaukningu eftir og verði viðunandi stöðugleiki í efnahagslífinu, telur ríkisstjórnin þó að þetta megi takast, án þess að útgjöld þjóðarbúsins á mann dragist saman. Áætlun ríkisstjórnarinnar miðar að því að halda þjóðarútgjöldum á mann óbreyttum á næstu árum. Að öðru óbreyttu felur það í sér, að skuldasöfnunin stöðvist þegar á næsta ári, og eftir það fari skuldirnar lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu.

Næg atvinna — traust atvinnulíf.

Ríkisstjórnin leggur eins og áður megináherslu á næga og örugga atvinnu. Atvinnuástand hefur verið gott á þessu ári og horfur eru á, að atvinnuleysi verði um 1% af heildarmannafla á árinu öllu, samanborið við 1,3% í fyrra. Mikil eftirspurn eftir vinnuafli, einkum á höfuðborgarsvæðinu og í sumum greinum atvinnulífsins, hefur ekki síður sett svip sinn á efnahagslífið en einstök staðbundin vandamál í atvinnulífinu. Má reyndar ganga svo langt að segja, að umframeftirspurn eftir vinnuafli hafi ógnað því jafnvægi, sem náðst hefur í efnahagslífinu.

Ljóst er, að stjórnvöld geta ekki ein tryggt næga atvinnu og þann stöðugleika í efnahagslífi, sem er forsenda framfara og hagvaxtar. Til þess að það megi takast, þarf samvinnu þeirra aðila, sem mestu ráða um gang efnahagslífsins. Áætlunin, sem hér er lögð fram, er hugsuð sem grundvöllur slíks samstarfs.

Kaupmáttur — lífskjör.

Þegar öllu er á botninn hvolft, ráðast lífskjör almennings af þjóðartekjunum, sköpun raunverulegra verðmæta á þjóðarbúinu. Þess vegna er brýnast að einbeita kröftunum að því að auka þjóðartekjurnar. Eins og nú horfir eru litlar líkur á, að ytri skilyrði þjóðarbúsins

breytist landsmönnum í hag með svipuðum hætti og til dæmis í byrjun sjöunda áratugarins og einnig þess áttunda, sem skapaði forsendur fyrir örum hagvexti. Til þess að það gæti orðið, þyrfti annaðhvort stóraukinn sjávarafla eða mikla hækkun verðs á útfluttum sjávarafurðum. Að vísu mun sjávarafli að öllum líkindum fara vaxandi, en engar líkur eru á því, að afli verði á næstu árum aukinn umfram það, sem hann varð mestur á árunum 1980 og 1981. Ekki er því heldur spáð, að viðskiptakjör Íslendinga batni verulega. Lífskjörin verður því að bæta eftir öðrum leiðum, sem hvorki eru auðfundnar né auðfarnar.

Alhliða uppbygging atvinnu- og efnahagslífs er forsenda hagvaxtar við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslenskum þjóðarbúskap. Þetta er langtímaverkefni, sem krefst þolinmæði og þrautseigju. Með hóflegri bjartsýni um árangur aðgerða til að auka þjóðarframleiðslu, einkum útflutningsframleiðslu, og sé jafnframt gert ráð fyrir viðunandi stöðugleika í efnahagslífinu og að ekki komi til alvarlegra ytri áfalla, má reikna með, að þjóðarframleiðsla aukist á næstu árum, um 2% á ári til jafnaðar. Þessi aukning gæti nægt til að stöðva vöxt erlendra skulda, án þess að lífskjör rýrnuðu. Takist hins vegar ekki að viðhalda sæmilegu jafnvægi í efnahagslífinu, er hætt við, að ráðstafanir til að auka þjóðartekjurnar færu til ónýtis, sem leiddi óhjákvæmilega til rýrnunar lífskjara almennings á næstu árum.

Ríkisstjórnin mun gera það sem mögulegt er til að varðveita lífskjörin. Áætlun ríkisstjórnarinnar byggist á því, að þjóðarútgjöld á mann haldist óbreytt, en það felur í sér 1% árlega aukningu þjóðarútgjalda í heild. Með tilliti til horfanna í fjárfestingarmálum á næsta ári og þess aðhalds að útgjöldum ríkisins, sem í fjárlagafrumvarpinu felst, gæti þetta veitt svigrúm til 1½% aukningar einkaneyslu 1986.

Þótt með þessu sé ekki beinlínis sett markmið um kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna eða vöxt einkaneyslu á næstu árum, eru þessum stærðum þannig sett ákveðin takmörk, sem einnig tengjast því, að þörf er fyrir fjárfestingu og sparnað til að tryggja hagvöxt í framtíðinni.

Áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.

Verðbólguþróun undanfarinna ára og áratuga hefur verið hemill á hagvöxtinn, bæði vegna þess að hún dró úr frjálsum sparnaði innanlands, meðan raunvextir voru neikvæðir, og eins brenglaði hún undirstöðu ákvarðana um fjárfestingar landsmanna. Ein af meginforsendum varanlegs árangurs í efnahagsmálum er því sú, að það takist að ýta verðbólgu áfram niður á við. Í ár eru horfur á, að verðbólgan verði um 30% frá upphafi til loka árs. Árshraði verðbreytinga er hins vegar talinn verða um 20% í árslok. Enda þótt þau markmið, sem að var stefnt í þessu efni, hafi ekki náðst að fullu, eru þetta mikil umskipti til hins betra frá því að glímt var við þriggja tölustafa verðbólgu fyrir tveimur árum.

Enn þarf þó að stíga ákveðin skref til lækkunar verðbólgu. Við ríkjandi aðstæður virðist varla unnt að ganga lengra en stefna að því, að verðbreytingar verði ekki meiri en 12—14% frá upphafi til loka næsta árs og árshraði þeirra verði innan við 10% í árslok 1986. Til samanburðar eru spár alþjóðastofnana um verðbreytingar yfirleitt á bilinu 4—6% fyrir iðnríkin á næsta ári. Í Evrópuríkjum innan OECD er til dæmis spáð um 5% verðbólgu og líkar spár eru gerðar fyrir 2—3 næstu ár í flestum þessara ríkja. Bandaríkin, Japan og V-Þýskaland búa þó við minni verðbólgu og eru spárnar þar yfirleitt neðan við 4% á ári. Ef takast á að koma á festu í efnahags- og gengismálum hér á landi, þarf enn verulegt átak til þess að komast niður á það verðbólgustig, sem ríkir í helstu viðskiptalöndum okkar.

Samkvæmt síðustu spám er talið, að verðlag hér á landi í lok þessa árs verði um 13% hærra en meðalverðlag ársins, og hefur þá verið reiknað með 1—2% hækkun innflutningsverðlags á sama tíma. Rétt er þó að benda á, að miklar breytingar hafa orðið á gengi

erlendra gjaldmiðla á alþjóðagjaldeyrismarkaði að undanförnu, þannig að Evrópumyntir hafa hækkað og þar með innflutningsverðlag. Nokkrar líkur eru taldar á því, að þessi þróun haldi áfram. Spár um verðbólgu í helstu viðskiptalöndum okkar fela í sér 2—3% hækkun verðlags frá næstu áramótum fram til miðs næsta árs. Í fjárlagafrumvarpinu eru ennfremur tillögur um breytingar á óbeinum sköttum, sem valdið gætu um 1½% verðhækkun á fyrstu mánuðum ársins 1986. Meðal annars með tilliti til þessara atriða verður hér reiknað með því, að meðalverðlag ársins 1986 verði 20% hærra en meðalverðlag ársins 1985.

Stefna ríkisstjórnarinnar í gengis-, launa- og verðlagsmálum mun taka mið af þessum horfum. Ríkisfjármálum og peningamálum mun verða beitt að því marki að tryggja áframhaldandi hjöðnun verðbólgu.

Þær hugmyndir um verðlagsþróun á næsta ári, sem hér eru settar fram, eru ekki hugsaðar sem forspá eða forskrift fyrir ákvarðanir einstakra aðila eða hagsmunasamtaka á næsta ári. Miklu fremur er hér reynt að leggja á það raunhæft mat, hvaða árangri megi ná í baráttunni við verðbólgu á næsta ári, ef samstaða næst um þau grundvallarmarkmið, sem lýst er í þessari þjóðhagsáætlun. Áætluninni er þannig fyrst og fremst ætlað að vera leiðarvísir stjórnvalda, peningastofnana og samtakanna á vinnumarkaðnum um markvissa stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem miði að áframhaldandi uppbyggingu atvinnuveganna um land allt og hagkvæmri nýtingu á náttúruauðlindum landsins.

II.
Stefna

Í upphafi kjörtímabilsins lýsti ríkisstjórnin því yfir, að hún mundi byggja efnahagsstefnu sína á raunhæfri —og sem stöðugastri— gengisskráningu og aðhaldssamri peninga- og fjármálastjórn. Almennar aðgerðir skyldu þannig móta umgjörð fyrir efnahagsstarfsemina. Jafnframt er það höfuðatriði í stefnu stjórnarinnar, að einstaklingar, fyrirtæki og samtök þeirra hafi sem mest frelsi til ákvarðana um eigin hag og beri jafnframt ábyrgð á eigin ákvörðunum. Í samræmi við þetta voru lagaákvæðin um bann við verðtryggingu launa, sem giltu til maíloka 1985, og almenn ákvæði laga nr. 13/1979, um verðtryggingu launa, numin úr gildi á síðastliðnu vori. Þannig var horfið frá stjórnarháttum, sem byggðust á fortölum og beinum afskiptum af atvinnulífi og vinnumarkaðsmálum, að hagstjórn, sem treystir á almenna jafnvægisstjórn og frjálsari verðmyndun. Efnahagsstefnan þarf einnig að skapa svigrúm fyrir og örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þar sem arðsemi ráði fjárfestingu.

Ríkisstjórnin ítrekar nú þessi undirstöðuatriði og mun áfram haga stjórn efnahagsmála á næsta og næstu árum í samræmi við þau, þannig að stefnt sé að þeim markmiðum, sem lýst var hér að framan.

Ríkisfjármál.

Hallalaus ríkisbúskapur á grundvelli aðhalds í útgjöldum og án óhóflegrar skattheimtu er mikilvæg forsenda jafnvægisbúskapar í efnahagsmálum. Þegar ríkisstjórnin kom til valda, var staða ríkissjóðs afar slæm og varð því verulegur halli á rekstri hans árið 1983. Árið 1984 tókst hins vegar að koma á betra jafnvægi í ríkisfjármálum og varð þá nokkur rekstrarafgangur á ríkissjóði.

Horfur eru á, að afkoma ríkissjóðs á árinu 1985 verði lakari en að var stefnt með fjárlögum ársins. Brýnt er því að taka þegar í taumana, hamla gegn útgjöldum og tryggja eftir föngum hallalausan ríkisbúskap. Að þessum vanda er ráðist í fjárlagafrumvarpi fyrir

árið 1986, en í frumvarpinu felst, að ríkissjóður verður sem næst hallalaus og ríkisfjármálunum beitt sem lið í heildarstefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Nánari grein er gerð fyrir stefnunni í ríkisfjármálum í greinargerð fjárlagafrumvarpsins, en nokkur atriði skulu ítrekuð hér:

1. Erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila fara ekki fram úr afborgunum af erlendum og gengisbundnum lánum. Skuldasöfnun ríkisins er því stöðvuð.
2. Ríkissjóður verður sem næst án rekstrarhalla árið 1986.
3. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu hækkar ekki árið 1986 og lækkar raunar, ef vaxtagjöld eru frátalin.
4. Annar áfangi lækkunar tekjuskatts af almennum launatekjum kemur til framkvæmda, með því að tekjuskattur einstaklinga verður lækkaður um 400 milljónir króna miðað við núverandi álagningu. Á móti kemur skattlagning eyðslu og jafnframt verður tollskrá og vörugjaldsálagning einfölduð og samræmi aukið í álagningu óbeinna skatta.

Ríkisfjármálastefnan fyrir 1986 einkennist af þeim skorðum, sem hér er lýst.

Gengi.

Ríkisstjórnin hyggst fylgja sömu stefnu í gengismálum og að undanförnu, þ. e. stefnt verður að sem mestum stöðugleika. Ljóst er, að þróun gengis og verðlags á þessu ári hefur falið í sér strangt aðhald að íslenskum atvinnuvegum, sem í sumum greinum hefur þrengt hag fyrirtækjanna. Að nokkru hefur þetta orðið vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla, sem Íslendingar fá engu um ráðið en verða að laga sig að, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Undanlátssöm gengisstefna færir hins vegar atvinnuvegunum engar varanlegar úrbætur. Gengisstefnan verður því óbreytt. Þetta felur í sér, að raungengi krónunnar verður svipað á næsta ári og á síðari hluta þessa árs. Þó getur vitaskuld þurft að endurskoða þessa stefnu, ef óvæntar breytingar verða á ytri skilyrðum þjóðarbúsins, ekki síst ef verulegar breytingar verða á gengi erlendra gjaldmiðla á alþjóðagjaldeyrismarkaði.

Vextir og útlán bankanna.

Brýnt er að veita aðhald almennri eftirspurn til að árangur náist í hjöðnun verðbólgu og bættum viðskiptajöfnuði við útlönd. Í þessu sambandi skiptir stefnan í peningamálum miklu máli, ásamt aðhaldi í erlendum lántökum og ríkisfjármálum. Stefnt er að því, að raunvextir almennra útlána bankanna verði hóflega jákvæðir, þ. e. á bilinu 3—5%. Vaxtastigið verður þó að mótast af aðstæðum og kunna hærri vextir að verða óhjákvæmilegir.

Í fyrra komst á nokkurt vaxtafrelsi banka og sparisjóða. Um næstu áramót, er lög um viðskiptabanka og sparisjóði ganga í gildi, verða ákvarðanir um vexti við þessar stofnanir í þeirra höndum. Innan skamms verður lagt fram frumvarp að nýjum lögum um Seðlabanka, þar sem þessi stefna er staðfest. Þá er unnið að frumvarpi um breytingu laga nr. 58/1960, um bann við okri, og frumvarpi um dráttarvexti, þar sem mið er tekið af breyttum aðstæðum í vaxtamálum. Breytingar í vaxtamálum eru liður í áformum stjórnvalda um að veita aðhald. Ljóst er, að Seðlabankinn mun aðeins hafa óbein áhrif á vextina, meðal annars með viðskiptum sínum á verðbréfaþingi, sem tekur til starfa innan skamms.

Haldið verður áfram að veita bönkum og sparisjóðum þannig aðhald, að útlánaaukning þeirra verði hófleg. Þessar stofnanir fara með meginhlutverk í lánamiðlun og lausafjármyndun í landinu, þótt ljóst sé, að lánsfjármiðlun fer nú í vaxandi mæli fram utan þeirra.

Stjórn fiskveiða.

Fiskveiðistefnan er ein mikilvægasta forsenda þjóðhagsáætlunar ríkisstjórnarinnar. Sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða árin 1986—

1988. Í því felst, að Alþingi taki ákvarðanir um meginatriði fiskveiðistefnunnar. Lagt er til, að veiðar úr öllum helstu nytjastofnum verði áfram háðar takmörkunum, en veiðileyfin miðist við rýmri mörk en síðustu tvö árin. Í tillögunum felst, að sjávarafli Íslendinga gæti aukist um 4—5% árið 1986 og um svipað hlutfall næstu tvö ár, án þess að gengið sé of nærri helstu nytjastofnunum. Þessa áætlun þarf vitaskuld að endurskoða árlega. Jafnframt felur frumvarpið í sér rýmri möguleika þeirra, sem útveginn stunda, til þess að velja milli aflamarks og sóknarmarks við stjórn veiðanna. Þá er lagt til, að þeir, sem velja sóknarmark, fái að njóta eigin aflareynslu á þessu og næstu tveimur árum við úthlutun aflakvóta á næstu þremur árum, en séu ekki bundnir af aflabrögðum á árunum 1981 til 1983. Til þess að þetta sé unnt, þurfa reglurnar að gilda til lengri tíma en eins árs í senn. Allt horfir þetta til þess að auka aflamöguleika, en áfram verður þó nauðsynlegt að stjórna veiðunum með ákveðnu aðhaldi að heildarafla. Það er meðal annars aðhaldssamri fiskveiðistefnu síðustu árin að þakka, að nú er bjartara fram undan í sjávarútvegi.

Á vettvangi sjávarútvegsins er nú unnið að því að semja tillögur til þess að einfalda og minnka umsvif sjóðakerfis sjávarútvegsins og einnig að auka sveigjanleika við ákvörðun fiskverðs. Hvort tveggja mun þegar til lengdar lætur auka hagkvæmni í rekstri sjávarútvegsins, og þar með tekjur þeirra, sem við hann vinna.

Verðlags- og launamál.

Stefnan í verðlags- og launamálum tekur í höfuðatriðum mið af þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin hefur sett útgjöldum þjóðarbúsins, og nauðsyn þess að áfram dragi úr verðbólgu. Megináhersla verður því lögð á að ná sem mestum árangri í baráttunni við verðbólgu án þess að raska þeim grundvallarmarkmiðum, sem lýst er í þessari þjóðhagsáætlun. Í því efni er þó ljóst, að ráðstafanir stjórnvalda geta ekki einar sér tryggt árangur, heldur skipta ákvarðanir einstaklinga, félaga og hagsmunasamtaka, svo og vitaskuld ytri skilyrði þjóðarbúsins, ekki síður máli. Ríkisstjórnin mun því kappkosta að hafa sem best samstarf við þá aðila efnahagslífsins, sem sameiginlega geta tryggt árangur í glímunni við verðbólguna.

Ef samstaða tekst í almennum atriðum um þau grundvallarmarkmið í efnahagsmálum, sem hér hefur verið lýst, telur ríkisstjórnin að koma megi verðbólgu niður í 12—14% frá upphafi til loka næsta árs og að árshraði verðbreytinga verði innan við 10% í árslok 1986. Ríkisstjórnin mun gera það, sem í hennar valdi stendur, til að ná þessum árangri.

Eins og áður hefur komið fram, felur efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar í sér svigrúm til 1% árlegrar aukningar þjóðarútgjalda á næstu árum. Samkvæmt þessari stefnu haldast þjóðarútgjöld á mann því óbreytt á árinu 1986. Vegna aðhalds að samneyslu og fjárfestingu er svigrúm til aukningar einkaneyslu heldur meira. Gert er ráð fyrir því, að einkaneysla geti vaxið um 1½% á næsta ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna gæti aukist heldur meira, enda væri þá gert ráð fyrir auknum sparnaði á næsta ári.

Nýsköpun í atvinnulífinu.

Ein mikilvægasta forsenda nýsköpunar í atvinnulífinu er almennt jafnvægi í efnahagsmálum. Takist ekki að tryggja viðunandi jafnvægi í efnahagslífinu, er hætt við, að kraftar atvinnulífsins beinist fyrst og fremst að verkefnum líðandi stundar en ekki framtíðaruppbyggingu atvinnustarfseminnar. Ríkisstjórnin leggur því höfuðáherslu á að skapa stöðug starfsskilyrði með fastmótaðri peninga- og fjármálastjórn. En að auki hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða með það sérstaklega fyrir augum að örva nýsköpun og fleiri eru í undirbúningi. Verður hér í stuttu máli gerð grein fyrir ráðstöfunum þessum.

Á síðasta þingi voru gerðar veigamiklar breytingar á fjárfestingarlánakerfinu. Framkvæmdastofnun var lögð niður og sett á fót sjálfstæð byggðastofnun, sem stuðla skal að

jafnvægi í byggð landsins. Þróunarfélagi Íslands h. f. er ætlað að beita sér fyrir nýsköpun í atvinnulífinu með því að leggja fram áhættufé til að hrinda í framkvæmd góðum hugmyndum. Stofnlánasjóðir atvinnuveganna hafa fengið sérstakt fjármagn til útlána vegna nýsköpunar í viðkomandi atvinnuvegum. Ennfremur hafa verið veittir sérstakir styrkir til rannsóknar- og þróunarverkefna, sem leitt geta til arðbærra nýjunga í atvinnulífi og framleiðslu. Þrátt fyrir mikla áherslu á stöðvun skuldasöfnunar erlendis munu arðvænleg verkefni á sviði nýsköpunar njóta forgangs að erlendu lánsfé. Má í því sambandi minna á, að vöxtur erlendra skulda ríkisins hefur verið stöðvaður, en í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir rýmri heimildum til erlendrar lántöku fyrir atvinnuvegina. Allar miða þessar breytingar að því að beina fjárfestingu í arðbærar framkvæmdir og að gerð verði skarpari skil en áður milli viðskiptalegs hlutverks lánastofnana og stuðningsaðgerða af opinberri hálfu á grundvelli byggðastefnu.

Hér er eingöngu um upphaf að ræða —upphaf að nýrri sókn til framfara, sem byggist á nýsköpun í öllum greinum atvinnulífsins, jafnt í vöruframleiðslu sem þjónustugreinum. Nokkrar greinar má sérstaklega nefna, sem miklar vonir eru bundnar við, s. s. fiskeldi, loðdýrarækt, rafeindaiðnað, hugbúnaðargerð fyrir tölvur og líftækni. Það er mikilvægt, að fjárfestingarlánakerfið sé opið fyrir nýjungum í þessum og öðrum greinum og mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að svo verði.

Þótt ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum til að hvetja til nýsköpunar, er ljóst, að nýsköpun verður ekki knúin fram með stjórnvaldsaðgerðum einum. Frumkvæði og úrvinnsla hugmynda hlýtur fyrst og fremst að koma frá atvinnulífinu. Ríkisstjórnin vill hins vegar gera það, sem í hennar valdi stendur, til að greiða fyrir framförum í atvinnulífinu með því að stuðla að því, að almennar aðstæður — starfsskilyrði, aðgangur að lánsfé og áhættufé o. fl. — feli í sér sem mesta hvatningu til nýsköpunar.

III.
Framvinda 1985

Efnahagsframvindan það sem af er þessu ári hefur öðru fremur einkennst af vaxandi umsvifum og eftirspurn í þjóðfélaginu. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Kjarasamningarnir í sumar fólu í sér meiri hækkun kauptaxta en áður var reiknað með. Jafnframt hefur gætt talsverðs launaskriðs. Fyrir vikið hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á þessu ári orðið talsvert meiri en gert var ráð fyrir í þjóðhagsspám fyrr á árinu. Á bak við þessa þróun má einnig greina halla á ríkisbúskapnum og áframhaldandi erlenda skuldasöfnun og þenslu innanlands. Afleiðingin er sú, að horfur í þróun ýmissa hagstærða á árinu hafa breyst nokkuð frá því í vor. Þannig er nú gert ráð fyrir meiri þjóðarútgjöldum og innflutningi en áður og jafnframt heldur meiri halla á viðskiptum við útlönd. Einnig hafa horfur vegna verðbólgu á árinu versnað frá því sem þær voru í vor. Verðbólga, þrálátur viðskiptahalli, ásamt skuldasöfnun erlendis, sem honum fylgir, og hægur hagvöxtur eru enn erfiðustu vandamálin, sem við er að glíma í íslenskum þjóðarbúskap.

Í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1985, sem lögð var fram um líkt leyti í fyrra, var gert ráð fyrir því, að landsframleiðslan ykist um rösklega 2% á þessu ári. Jafnframt var því spáð, að þessum hagvexti fylgdi verulegur halli á viðskiptum við útlönd og þar af leiðandi auknar erlendar skuldir. Þótt aðstæður hafi þróast nokkuð á annan veg en gengið var út frá í forsendum síðustu þjóðhagsáætlunar, virðist þessi spá í meginatriðum ætla að rætast. Nýleg endurskoðun á þjóðhagsspá fyrir árið 1985 bendir til þess, að hagvöxtur, mældur sem breyting landsframleiðslu milli ára, verði um 2½% á þessu ári, en það er hálfu prósentustigi minna en árið 1984. Ennfremur er nú talið, að viðskiptahallinn á árinu muni

nema rúmlega 5 milljörðum króna, sem svarar til 4½% af landsframleiðslu. Að hluta verður þessi halli jafnaður með erlendum lánum til langs tíma og munu því erlendar skuldir enn aukast á þessu ári. Hér á eftir verður farið nokkrum orðum um framvinduna það sem af er árinu og horfurnar til ársloka.

Tekjur og verðlag.

Síðustu verðlagsspár fyrir árið 1985 benda til þess, að framfærsluvísitalan muni hækka um 31—32% að meðaltali frá fyrra ári, en um 30% frá upphafi til loka árs. Þetta eru meiri verðhækkanir en reiknað var með í vor. Árshraði verðbólgunnar á grundvelli þriggja mánaða breytinga framfærsluvísitölunnar náði hámarki í febrúarmánuði síðastliðnum og var þá um 64%. Í júní var hann kominn niður í 25%, en tók síðan kipp í kjölfar kjarasamninganna í júní/júlí. Í árslok er gert ráð fyrir, að verðbólgan fari niður undir 20%.

Þróun verðlags 1980–1985.

Breytingar framfærsluvísitölu, %	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Frá fyrra ári	58,5	50,9	51,0	84,3	29,2	31½
Frá upphafi til loka árs ..	58,9	41,9	59,2	76,1	22,0	30½

Kjarasamningarnir, sem gerðir voru um mitt ár og gilda til næstu áramóta, fela í sér um 15% hækkun kauptaxta frá upphafi til loka samningstímans. Virðist því líklegt, að kauptaxtar hækki að meðaltali svipað og verðlag milli 1984 og 1985. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er þó talinn verða mun hærri á þessu ári en hinu síðasta, eða sem nemur að minnsta kosti 4% á mann, og er sú áætlun bæði studd tölum um breytingar launagreiðslna það sem af er árinu og ýmsum vísbendingum um raunverulega útgjaldaþróun. Þessa kaupmáttaraukningu má bæði rekja til áhrifa launaskriðs og þeirrar lækkunar beinna skatta á einstaklinga, sem ákveðin var í síðustu fjárlögum.

Tekjuþróun 1980–1985.

Breytingar milli ára, %	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Kauptaxtar	50,8	48,8	50,4	49,5	19,3	31½
Ráðstöfunartekjur á mann	57,2	59,3	55,4	59,5	28,1	36½
Kaupmáttur kauptaxta ..	-3,5	-1,1	-2,3	-17,4	-7,7	0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	0,6	5,8	0,9	-11,8	-0,7	4½

Þjóðarútgjöld.

Áhrifa kjarasamninganna frá því í sumar gætir einkum í aukningu einkaneysluútgjalda frá fyrra ári, og þar með meiri innflutningi. Upplýsingar um veltu ýmissa greina verslunar og þjónustu á fyrri helmingi ársins benda til að minnsta kosti 3—4% aukningar frá sömu mánuðum í fyrra og innheimta söluskatts það sem af er árinu bendir í sömu átt. Þessar vísbendingar styðja þær áætlanir um aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna, sem áður er getið. Meðal annars með hliðsjón af þessum upplýsingum og þeirri kaupmáttaraukningu, sem fólst í samningunum frá því í sumar, er því nú spáð, að einkaneysla í heild muni aukast um 4½% frá 1984, eða um 3½% á mann.

Nýlegar upplýsingar um samneysluútgjöld opinberra aðila, einkum ríkis, benda til talsvert meiri breytinga en áður var gert ráð fyrir. Þetta á sérstaklega við um laun, en þau

vega mjög þungt í samneyslunni. Með hliðsjón af þessu hefur samneysluspáin verið endurskoðuð, bæði hvað snertir magn- og verðbreytingar. Er nú gert ráð fyrir, að í heild muni samneysluútgjöld aukast um 3% að raunverulegu verðgildi frá 1984 í stað 1% í fyrri spám.

Framan af árinu var spáð nokkurri aukningu fjárfestingarútgjalda. Nú er hins vegar aðeins reiknað með lítils háttar aukningu, eða um ½% frá 1984. Þessi breyting á fjárfestingarspánni stafar að mestu af breyttum horfum í íbúðabyggingum, sem eru taldar geta dregist saman um allt að 10% frá fyrra ári. Opinberar framkvæmdir eru einnig taldar munu dragast saman um 8%, einkum vegna verulegs samdráttar í virkjunarframkvæmdum. Á móti vegur hins vegar tæplega 13% aukning í fjárfestingum atvinnuveganna.

Að öllu samanlögðu eru heildarútgjöld til neyslu og fjárfestingar talin munu aukast um 3—3½% á þessu ári, en að meðtöldum birgðabreytingum, að þessu sinni minnkun birgða, eru þjóðarútgjöld talin munu aukast um 2%.

Utanríkisviðskipti.

Talið er, að verðmæti sjávaraflans í heild gæti orðið um 3½% meira á þessu ári en 1984, reiknað á föstu verðlagi. Að vísu jókst heildaraflinn ekki fyrstu sex mánuði ársins frá sama tíma í fyrra, en hafa ber í huga, að í þeim aflatölum gætir mjög áhrifa sjómannaverkfalla. Það sem af er árinu hafa þorskveiðar gengið mun betur en í fyrra, en veiðar á öðrum botnfiski miður. Vitaskuld ríkir nokkur óvissa um loðnuveiðina á haustvertíð, en þó virðist ástæðulaust að ætla annað en að takist að veiða upp í kvótann fyrir áramót.

Aftur á móti virðist stefna í nokkurn samdrátt í ál- og kísiljárnframleiðslu á árinu. Einkum eru horfurnar dauflegar varðandi álið. Útflutningur almennrar iðnaðarvöru jókst hins vegar mjög á fyrri helmingi ársins miðað við sama tíma í fyrra, og er gert ráð fyrir, að hann aukist um 15% milli áranna 1984 og 1985.

Samtals er því áætlað, að útflutningsframleiðslan geti aukist um tæplega 3% frá 1984. Meiri óvissa ríkir um aukningu útflutnings, ekki síst þar sem mjög hefur gengið á birgðir sjávarafurða að undanförnu. Áhrifa þessa gætir mikið í útflutningstölum það sem af er árinu, og er aukningin mun meiri fyrstu átta mánuði ársins en spáð er fyrir árið allt. Hér er þó áfram reiknað með, að næstu mánuðina dragi nokkuð úr útflutningsaukningunni og að í heild muni útflutningur aukast um 5½% frá fyrra ári.

Fyrstu átta mánuði ársins jókst almennur vöruinnflutningur til landsins um 3–4% frá sama tíma í fyrra. Innflutningur fjárfestingarvöru jókst mun meira. Með hliðsjón af þeim horfum um þjóðarútgjöld á árinu, sem áður voru raktar, virðist ólíklegt, að úr innflutningseftirspurn dragi það sem eftir lifir árs. Er nú reiknað með, að í heild geti vöruinnflutningur aukist um 5½% frá árinu 1984.

Eftir því sem á árið hefur liðið, hafa horfur um viðskiptakjör heldur farið versnandi, þrátt fyrir nokkra verðhækkun á freðfiskmörkuðum. Veldur þar einkum gengislækkun dollarans, en einnig nokkur lækkun álverðs. Að öllu samanlögðu virðist þó líklegt, að á árinu öllu verði viðskiptakjörin óbreytt frá í fyrra. Að áli og kísiljárni undanskildu, má hins vegar búast við, að viðskiptakjörin geti heldur batnað frá árinu 1984, ef til vill um 1%.

Þær horfur um útflutning og innflutning, sem hér hafa verið raktar, fela í sér nokkru meiri halla á vöruskiptum við útlönd en fyrri spár, eða 600 m. kr. í stað 400 m. kr. áður. Þetta stafar eingöngu af meiri breytingu neysluútgjalda en áður var spáð og þar með auknum almennum vöruinnflutningi. Þótt áfram sé spáð nokkrum afgangi á þjónustuviðskiptunum á árinu, virðist engu að síður ljóst, að í verulegan halla stefnir í viðskiptunum við útlönd, eða um 5,1 milljarð króna. Hallinn stafar ekki síst af miklum vaxtagreiðslum til útlanda, sem taldar eru munu nema um 5,8 milljörðum króna á árinu nettó, þrátt fyrir nokkra lækkun vaxta á alþjóðafjármagnsmarkaði að undanförnu. Gert er ráð fyrir, að þessi

halli verði að hluta til jafnaður með löngum erlendum lánum og að þau muni því enn aukast á árinu. Einnig er líklegt, að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu verði heldur hærra á þessu ári en í fyrra, eða nálægt 53%, en hlutfall greiðslubyrðar af útflutningstekjum nokkrum prósentustigum lægra, eða tæplega 21% samanborið við rúmlega 24% árið 1984.

Yfirlit þjóðhagsspár.

Þær áætlanir og spár, sem hér hafa verið raktar, benda til þess, að landsframleiðsla muni aukast um 2½% á þessu ári. Til samanburðar má nefna, að talið er, að landsframleiðslan hafi aukist um rúmlega 3% í fyrra. Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur munu hins vegar vaxa hægar en landsframleiðslan, eða rétt um 2% frá síðasta ári. Veldur þar einkum aukinn halli á vaxtajöfnuði gagnvart útlöndum.

Rétt er að vekja athygli á því, að þessi spá er meðal annars byggð á því, að fiskað verði að fullu upp í leyfilega aflakvóta og raunar talsvert meira, hvað þorskinn varðar, en á móti vegur minni afli af öðrum botnfiski. Þess virðist því naumast að vænta, að útflutningsframleiðslan fari að marki fram úr þessari spá. Aukin umsvif í landinu, umfram það sem hér er gert ráð fyrir, gætu því aðeins orðið fyrir tilstilli aukinnar þenslu innanlands, en því hlyti að fylgja enn aukinn viðskiptahalli og erlendar lántökur, og þar með þyngri vaxta- og skuldabyrði í framtíðinni. Raunar má segja, að þær breytingar, sem felast í þessari þjóðhagsspá, sýni glöggt áhrif aukinnar útgjaldaþenslu, því að aukning landsframleiðslunnar, úr 2% samkvæmt síðustu spá í 2½% nú, stafar öll af meiri umsvifum innanlands en áður var spáð, en útflutningsframleiðsluspáin er á hinn bóginn óbreytt frá því, sem fram var sett á síðastliðnu sumri í Ágripi Þjóðhagsstofnunar úr þjóðarbúskapnum.

Peningamál.

Að undanförnu hefur talsvert dregið úr útlánaaukningu innlánsstofnana. Að hluta stafar þetta af lítilli aukningu afurðalána, í kjölfar birgðaminnkunar í sjávarútvegi. Ennfremur má ætla, að samningar Seðlabankans við einstakar innlánsstofnanir um útlánaaðhald, sem einkum beinast að öðrum lánum en afurðalánum, eigi hér nokkurn hlut að máli. Önnur lán bankakerfisins, þ. e. lán Seðlabankans til ríkisins og erlend lán, sem bankar hafa endurlánað (önnur en afurðalán), hafa hins vegar aukist verulega að undanförnu. Þannig óx skuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabanka um nær 2½ milljarð króna á 12 mánuðum til ágústloka og raunar kom sú aukning öll fram eftir síðustu áramót. Að undanförnu hefur tólf mánaða aukning heildarútlána og annarra innlendra liða bankakerfisins numið um 40%.

Peningamagn og sparifé, að meðtöldum áætluðum áföllnum vöxtum, jókst um 50% á 12 mánuðum til ágústloka, samanborið við 32% næstu 12 mánuði á undan. Talið er, að aukningin verði um 45% frá upphafi til loka þessa árs, og að meðaltal peningamagns og sparifjár, að meðtöldum áföllnum vöxtum, svari til 30½% af landsframleiðslu, samanborið við 28½% árið 1984.

Þróun útlána og innlána hefur þegar á heildina er litið verið innlánsstofnunum hagstæð að undanförnu. Heildarinnlán hafa aukist um 22% frá ársbyrjun til ágústloka, en útlán um 16%. Lausafjárstaðan batnaði um nær 800 milljónir króna fyrstu átta mánuði þessa árs, en versnaði um 2,4 milljarða á sama tíma í fyrra. Umskiptin í stöðu innlánsstofnana eru í rauninni mun meiri, ef einnig er tekið tillit til þátta, sem ekki teljast til lausafjárstöðu, svo sem endurkaupa, innlánsbindingar o. fl. Heildarstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka, ásamt lausafjárstöðu við útlönd og (að frádregnum) erlendum lánum vegna afurðalána, batnaði um 3,1 milljarð króna fyrstu átta mánuði þessa árs, en versnaði um 2,4 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Í maímánuði síðastliðnum voru vextir lækkaðir, þar sem búist var við áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Vaxtalækkunin var misjöfn, en að meðaltali voru vextir víxla, hlaupareikningslána og óverðtryggðra skuldabréfa þá um 3 prósentustigum lægri en þeir

höfðu verið mánuði fyrr. Með vaxandi verðbólgu hækkuðu vextirnir á ný í júlí og samræmdust þeim vöxtum, sem hæstir voru fyrir. Í ágústbyrjun voru meðalvextir fyrrnefndra útlána orðnir 1—2 prósentustigum hærri en í maí. Þegar litið er á árið í heild, má ætla, að raunvextir óverðtryggðra útlána og innlána verði nokkru lægri en á síðasta ári.

Ljóst virðist, að þróun innlána skýrist að verulegu leyti af þeim hagstæðu ávöxtunarkjörum, sem innlánsstofnanir bjóða, og koma nú fram áhrif af jákvæðum raunvöxtum á ýmsum sparifjárinnistæðum síðustu missirin. Þá ber þess einnig að gæta, að aukningu innlána það sem af er þessu ári og í fyrra má að nokkru rekja til innlausnar spariskírteina ríkissjóðs umfram sölu nýrra bréfa svo og innlausnar happdrættisbréfa. Þótt nokkuð hafi miðað í átt til jafnvægis á peningamarkaði að undanförnu, verður stjórn peningamála ákaflega vandasöm á næstunni. Í því sambandi skiptir einnig miklu máli, hver verður framvinda ríkisfjármálanna.

Nokkrar peningastærðir 1981—1985.

	Breytingar frá upphafi til loka árs, %				
	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Innlán innlánsstofnana	69,9	59,7	80,2	33,8	45
Útlán innlánsstofnana	73,9	87,7	77,2	46,2	34
Innlendir liðir bankakerfisins	67,3	83,8	93,5	41,7	46
Peningamagn og sparifé (M3)	70,5	58,0	78,7	33,4	45
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	74,5	47,4	73,7	50,6	·
Peningamagn (M1)	60,1	29,1	77,9	42,6	·
Seðlar og mynt í umferð	80,0	30,8	46,5	24,5	·
Grunnfé Seðlabankans	67,0	48,9	73,6	29,1	·
Lánskjaravísitalan	47,6	60,5	73,4	18,9	31
Vextir óverðtryggðra skuldabréfa	Ársmeðaltöl				
Ávöxtun	45,1	45,4	48,8	23,0	32,5
Raunvextir	–1,7	–9,4	–14,2	3,4	1,1

Ríkisfjármál.

Framvinda ríkisfjármála fyrri helming ársins var mun óhagstæðari en á sama tíma í fyrra. Þannig höfðu innheimtar tekjur ríkissjóðs hækkað um 26% frá sama tímabili í fyrra, en útgjöld um rúmlega 41%. Umtalsverður rekstrarhalli var því á ríkissjóði fyrri helming ársins, eða sem nam 15% af tekjum. Sömu mánuði í fyrra nam rekstrarhallinn hins vegar aðeins tæplega 2½% af tekjum. Mikil aukning útgjalda fyrri hluta ársins skýrist aðallega af tvennu. Annars vegar komu til á þessum tíma verulegar vaxtagreiðslur til Seðlabankans, óvenjumiklar greiðslur útflutningsbóta vegna landbúnaðarafurða og endurgreiðsla á söluskatti til sjávarútvegs, sem er nýr liður á fjárlögum. Hins vegar voru verulegar greiðslur úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins og Lánasjóðs íslenskra námsmanna umfram það, sem eðlilegt má telja, vegna þess hversu seint lánsfjárlög voru afgreidd. Þegar tekið hefur verið tillit til þessara tímabundnu skýringa, jafnast metin nokkuð milli ríkisútgjalda og tekna.

Nýleg endurskoðun á tekjuáætlun ríkissjóðs 1985 með hliðsjón af innheimtutölum fyrstu sjö til átta mánuði ársins, álagningu beinna skatta, breytingum á sköttum og nýjustu spám um veltu og verðlag bendir til þess, að tekjur muni fara um það bil 1,8 milljarða króna fram úr áætlun fjárlaga. Endurskoðun gjaldaáætlunar bendir til þess, að útgjöld ríkissjóðs muni fara mun meira fram úr fjárlagaáætlun. Síðustu áætlanir um afkomu ríkissjóðs á árinu 1985 gera því ráð fyrir, að hún verði talsvert lakari en fólst í fjárlögum ársins, sem meðal

annars má rekja til hækkunar launa og tengdra útgjalda umfram fyrri áætlanir. Fjárlögin 1985 gerðu ráð fyrir 700 milljóna króna rekstrarhalla á ríkissjóði, samanborið við 200 milljóna kr. afgang 1984. Nú virðist rekstrarhalli ríkissjóðs á þessu ári aftur á móti stefna í 1½–2 milljarða króna.

Óhagstæð þróun ríkisfjármála á árinu kemur meðal annars fram í því, að hlutfall ríkisútgjalda (A-hluti) af landsframleiðslu er nú talið hækka úr 25% 1984 í tæplega 26½% á þessu ári. Hlutfall tekna af landsframleiðslu er hins vegar talið lækka úr 25½% 1984 í 25%. Með öðrum orðum, skattheimta ríkisins hefur ekki haldið í við aukin útgjöld.

Hagur atvinnuvega.

Afkomuhorfur einstakra atvinnugreina á þessu ári eru enn í ýmsum greinum óljósar og verður að styðjast við áætlanir, sem eðli málsins samkvæmt hljóta að vera nokkurri óvissu háðar, bæði vegna kostnaðarbreytinga á árinu og breytinga á öðrum þáttum, sem varða afkomuna, til dæmis gengi, verð á erlendum mörkuðum o. fl. Þetta á ekki síst við um sjávarútveg.

Reiknað er með, að framleiðsla sjávarafurða aukist um tæplega 4% á þessu ári. Þetta er mun minni aukning en á síðasta ári, en þá ber að hafa í huga, að árið 1984 var veruleg loðnuveiði, sem var hins vegar lítil árið 1983. Fyrstu átta mánuði þessa árs er talið, að heildarframleiðsla sjávarafurða hafi aukist um 1–2% frá sama tíma í fyrra. Saltfiskframleiðsla hefur aukist mjög mikið á þessu ári, en freðfiskframleiðsla hins vegar dregist saman. Á móti samdrætti í freðfiskframleiðslu vegur hins vegar veruleg aukning í sölu ísfisks erlendis, svo og í sölu gámafisks beint á erlenda markaði.

Útflutningur sjávarafurða hefur á hinn bóginn verið mun meiri fyrstu átta mánuði ársins en svarar til framleiðslunnar. Veldur hér einkum mikil sala úr freðfiskbirgðum, en þær hafa minnkað um þriðjung frá áramótum.

Áætlanir um rekstrarafkomu sjávarútvegsins framan af þessu ári benda til þess, að botnfiskvinnslan hafi á heildina litið verið rekin með lítils háttar hagnaði, eða sem nemur um 1½—2½% af tekjum. Staða frystingar virðist þó hafa verið sýnu lakari en afkoma söltunar. Í kjölfar launahækkana um og eftir mitt ár og gengislækkunar dollars hafa rekstrarskilyrðin versnað til muna, þrátt fyrir nokkra verðhækkun afurða á erlendum mörkuðum.

Afkoma botnfiskveiðanna hefur verið erfið það sem af er þessu ári þrátt fyrir aukinn afla. Mat á stöðu helstu útgerðargreina á miðju ári bendir til þess, að botnfiskveiðiflotinn í heild hafi verið rekinn með 5—6% tapi. Í þessu mati hefur þó hvorki verið tekið fullt tillit til vaxandi ísfisksölu flotans erlendis á árinu né aukinnar frystingar afla um borð í veiðiskipum, sem nokkuð mun hafa bætt stöðu útvegsins í heild.

Hvað aðrar greinar sjávarútvegsins varðar, þá má nefna, að staða loðnuveiða og -vinnslu er um þessar mundir mjög slæm. Hér veldur einkum stórfelld verðlækkun á loðnuafurðum frá síðasta ári. Að óbreyttu markaðsverði má því ætla, að hagur greinarinnar verði áfram mjög þröngur. Afkoma síldveiða og síldarvinnslu hefur einnig versnað frá því í fyrra í kjölfar talsverðrar verðlækkunar í sölusamningum á saltsíld við Sovétríkin í haust.

Varðandi aðrar útflutningsgreinar virðist ljóst, að framleiðsla á áli dregst saman á þessu ári. Ennfremur hefur álverð lækkað talsvert frá því í fyrra. Fjárhagsafkoma álverksmiðjunnar verður því án efa með lakara móti á þessu ári. Þá er einnig gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í framleiðslu kísiljárns á þessu ári, auk þess sem afurðaverð hefur farið lækkandi, eftir því sem á árið hefur liðið. Afkoma járnblendiverksmiðjunnar verður því án efa þrengri en í fyrra og horfur á, að reksturinn standi í járnum.

Útflutningur almennrar iðnaðarvöru hefur aukist verulega það sem af er árinu og útlit fyrir, að hann geti aukist um allt að 15% frá síðasta ári. Afkoma þessara útflutningsgreina

gæti því í heild verið viðunandi, þótt hún sé misjöfn eftir greinum. Hér koma gengisbreytingar erlendis mjög við sögu.

Landbúnaðarframleiðslan er talin verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Nýjar búgreinar setja í vaxandi mæli svip á landbúnaðinn og hefur vöxtur þeirra verið umtalsverður á undanförnum árum.

Vísbendingar um hag þeirra greina, sem framleiða fyrir innlendan markað, eru af skornum skammti. Tölur um söluskattsveltu á fyrri helmingi ársins benda þó til töluverðrar veltuaukningar, ef til vill um 4—5% frá fyrra ári. Með hliðsjón af þessu má ætla, að hagur þessara greina hafi heldur vænkast á árinu. Á hinn bóginn er ljóst, að blikur eru á lofti í byggingariðnaði, sem meðal annars má marka af minnkandi eftirspurn eftir byggingarefni. Er því talið líklegt, að lítils háttar samdráttur verði í þeirri grein á þessu ári. Afkoman gæti því hafa versnað á árinu.

Í flestum greinum verslunar virðist mega búast við auknum umsvifum í kjölfar aukinnar eftirspurnar innanlands. Vísbendingar um veltubreytingar fyrri helming ársins sýna nokkra aukningu umfram almennar verðlagsbreytingar. Þetta á einkum við um smásöluverslunina. Á hinn bóginn gætir talsverðs samdráttar í verslun með byggingarvörur og bíla. Þjónustugreinarnar skera sig nokkuð úr og er veltubreytingin þar mun meiri en í verslun og iðnaði.

Að öllu samanlögðu virðist því mega ætla, að hagur þeirra atvinnugreina, sem framleiða fyrir innlendan markað, sé viðunandi, þegar á heildina er litið, ef marka má þær vísbendingar um veltu á árinu, sem fyrir liggja. Sama má segja um afkomu útflutningsiðnaðar í heild. Í nokkrum greinum gætir þó verulegs samdráttar og afkoma þeirra verður því án efa lakari en í fyrra. Sjávarútvegsfyrirtækin virðast á hinn bóginn standa mun verr að vígi en aðrar atvinnugreinar, einkum útgerðarfyrirtækin.

Ljóst er, að þróun gengis og verðlags á þessu ári hefur falið í sér allstrangt aðhald að samkeppnisatvinnuvegum, sem í sumum greinum kann að hafa þrengt hag fyrirtækjanna. Samkeppnisstaða útflutningsgreina og þeirra greina, sem keppa við innflutning, hefur versnað nokkuð á þessu ári með hækkandi raungengi krónunnar. Ennfremur er ljóst, að áframhaldandi gengislækkun dollarans mun valda því, að staða þeirra útflutningsgreina, sem selja afurðir sínar í dollurum, veikist, en hagur hinna, sem selja á Evrópumarkaði, vænkast að sama skapi.

IV.
Horfur 1986

Hér á eftir er lýst í megindráttum efnahagshorfum fyrir árið 1986 eins og þær eru nú metnar. Enn eru þó veigamikil atriði óráðin, sem skipta sköpum fyrir framvindu efnahagsmála á næstu missirum. Má þar nefna, að kjarasamningar þorra launþega gilda til ársloka 1985 og verðlags- og kaupmáttarhorfur eftir það eru því óráðnar. Einnig verður að leggja ríka áherslu á þá miklu óvissu, sem nú ríkir á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Gengi bandaríkjadollars gagnvart ýmsum öðrum myntum, þar á meðal Evrópumyntum og japönsku yeni, hefur fallið snögglega að undanförnu. Á þessari stundu er óvíst, hvort framhald verður á þessari þróun á næstunni. Þar sem stór hluti útflutnings Íslendinga er seldur í dollurum, en innflutningurinn að mestu greiddur í öðrum myntum, getur mikil gengislækkun dollarans haft afdrifarík áhrif á viðskiptakjör Íslendinga, og þar með á afkomu þjóðarbúsins.

Stefna ríkisstjórnarinnar í fjármálum og peningamálum mun, eins og lýst er hér að framan, miða að því að koma á betra jafnvægi í efnahagsmálum. Árangurinn í þeim efnum ræðst einnig af áhrifum utan að, sem Íslendingar fá lítt við ráðið. Forsenda árangurs verður þó jafnan, að innanlands sé skilningur á þeim takmörkunum, sem ytri skilyrði setja þjóðarbúskap Íslendinga.

Mikilvægustu markmið efnahagsstefnunnar á næsta ári eru að stöðva skuldasöfnun erlendis, draga úr viðskiptahalla og minnka verðbólgu. Þessum markmiðum verður ekki náð nema með verulegu aðhaldi að þjóðarútgjöldum og aukinni útflutningsframleiðslu. Ríkisstjórnin hefur nú mótað fiskveiðistefnu næsta árs, þar sem stefnt verður að aukinni sjávarafurðaframleiðslu. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að stuðla að áframhaldandi nýsköpun í atvinnulífinu til þess að renna frekari stoðum undir aukna framleiðslu atvinnuveganna. Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár stefnir að þessum markmiðum.

Afli og útflutningsframleiðsla.

Á grundvelli þeirrar fiskveiðistefnu, sem ríkisstjórnin hefur mótað fyrir næsta ár, má ætla, að sjávarafurðaframleiðslan geti aukist um 4% árið 1986, sem er svipuð aukning og spáð er fyrir árið 1985. Hvað málmverin snertir, er gert ráð fyrir lítils háttar aukningu álframleiðslu á næsta ári, í kjölfar nokkurs samdráttar á þessu ári. Hins vegar er ekki talið ráðlegt að reikna með aukinni framleiðslu kísiljárns. Horfur um aðra útflutningsframleiðslu eru á þessari stundu nokkuð óvissar, en þó er hér gert ráð fyrir verulegri aukningu iðnaðarvöruframleiðslu til útflutnings.

Á þessum forsendum gæti heildarútflutningsframleiðslan aukist um 5% á næsta ári. Útflutningur kynni þó að aukast minna, þar sem á þessu ári er reiknað með, að gengið verði á birgðir, sérstaklega af sjávarvöru. Sé gert ráð fyrir óbreyttum birgðum á næsta ári, gæti vöruútflutningur aukist um 3% milli 1985 og 1986.

Sjávarvöruframleiðsla og vöruútflutningur alls 1975–1986.

Breytingar frá fyrra ári, %	Meðaltal 1975-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985	Áætlun ríkisstj. 1986
Sjávarvöruframleiðsla ..	10,6	11,1	0,3	-15,2	-9,5	11,0	3½	4
Vöruútflutningur alls ...	10,1	9,0	-1,2	-17,1	11,5	3,7	5½	3

Þann fyrirvara verður að gera við útflutningsspána, að samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja hefur versnað á þessu ári með hækkandi raungengi krónunnar. Hér er ekki reiknað með því, að þessi þróun dragi úr framleiðslu, sem þó gæti verið nokkur hætta á.

Viðskiptakjör.

Viðskiptakjaraþróun á næsta ári er að þessu sinni óvenju óviss, ekki síst vegna óstöðugleika í gengismálum á alþjóðavettvangi að undanförnu. Með hliðsjón af þessu svo og af spám ýmissa alþjóðastofnana að undanförnu virðist fremur mega reikna með áframhaldandi lækkun á gengi dollarans gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Í þessu felst, að staða þeirra útflutningsgreina, sem selja afurðir sínar í dollurum, kann að veikjast, en hið gagnstæða getur orðið upp á teningnum í þeim greinum, sem selja í öðrum myntum. Erfitt er að meta, hver niðurstaðan af þessu verður. Við þetta bætist óvissa um áhrif tollabreytinga Evrópubandalagsins á sölu á saltfiski, sem gætu valdið verðlækkun árið 1986. Við þessar aðstæður virðist óvarlegt að reikna með hækkun á verði sjávarafurða í erlendri mynt á næsta ári og er því hér miðað við, að útflutningsverð á þeim verði til jafnaðar hið sama og á þessu ári.

Hvað verðlag á öðrum útflutningsafurðum snertir, má ef til vill gera ráð fyrir því, að það fylgi almennri verðþróun í utanríkisviðskiptum. Ennfremur eru horfur um verð á áli og kísiljárni frekar taldar benda til nokkurrar hækkunar. Innflutningsverð í erlendri mynt er jafnframt talið muni fylgja almennum verðbreytingum í alþjóðaviðskiptum.

Að öllu samanlögðu virðist því mega búast við, að viðskiptakjörin verði heldur lakari á næsta ári en spáð er fyrir þetta ár.

Verðlag.

Síðustu spár benda til þess, að framfærsluvísitalan muni hækka um 30% frá upphafi til loka þessa árs. Árshraði verðbreytinga í lok ársins er hins vegar talinn verða um 20%. Í þessum spám felst meðal annars, að í árslok muni verðlag almennt vera orðið 13% hærra en að meðaltali á þessu ári.

Sem fyrr segir, gilda kjarasamningar almennt til næstu áramóta. Tekjuhorfur á næsta ári eru því á þessari stundu óvissar og svipuðu máli gegnir um verðlagshorfur. Með hliðsjón af þegar þekktum verðbreytingartilefnum til næstu áramóta svo og spám alþjóðastofnana um 4—5% verðbólgu í helstu viðskiptalöndum Íslendinga á næsta ári virðist þó ljóst, að meðalbreyting verðlags hér á landi milli 1985 og 1986 verður naumast undir 20%.

Þjóðarútgjöld.

Sem fyrr segir, er það eitt af meginmarkmiðum ríkisstjórnarinnar, að þjóðarútgjöld á mann haldist óbreytt á næsta ári. Útgjaldaáform ríkisins eins og þau liggja fyrir í fjárlagafrumvarpi taka mið af þessu markmiði. Í ljósi þessa er nú reiknað með, að samneysluútgjöld á mann haldist óbreytt á næsta ári, en í því felst um 1% aukning í heild. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir nokkrum samdrætti í fjárfestingum ríkisins, fimmta árið í röð, og gangi þessar áætlanir eftir munu fjárfestingar hins opinbera hafa minnkað um þriðjung að raungildi frá 1981. Munar þar mestu um verulegan samdrátt í raforkuframkvæmdum. Eftir um fjórðungs aukningu fjárfestingar í atvinnuvegunum undanfarin tvö ár er nú spáð 2—3% samdrætti á næsta ári, einkum vegna samdráttar í innflutningi skipa og flugvéla. Á móti vegur töluverð aukning á öðrum sviðum, t. d. í fiskeldi. Sem fyrr ríkir veruleg óvissa um fjárfestingu í íbúðabyggingum. Að svo stöddu er hér þó reiknað með svipuðum umsvifum og á þessu ári.

Að öllu samanlögðu er heildarfjárfesting talin geta dregist saman um 2½% á næsta ári, samanborið við spá um lítils háttar aukningu á þessu ári. Samkvæmt þessari spá hefði fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu þá lækkað úr 25% í rúmlega 20% á síðustu fimm árum.

Sá þáttur þjóðarútgjalda, sem þyngst vegur, eru útgjöld heimilanna, einkaneyslan, en þau eru um 60% af heildarútgjöldum þjóðarinnar. Þar sem einkaneyslan ræðst að verulegu leyti af kaupmáttarstiginu á hverjum tíma, er ljóst, að horfur í þessum efnum á næsta ári eru fremur óvissar. Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar, sem miðast við að halda þjóðarútgjöldum á mann óbreyttum á næsta ári, má þó segja, að markaður sé ákveðinn rammi, sem —að gefnum ofangreindum forsendum um fjárfestingarútgjöld og samneyslu— felur í sér 1—2% aukningu einkaneyslu í heild. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna gæti þó aukist heldur meira, enda væri þá gert ráð fyrir auknum sparnaði á næsta ári.

Samkvæmt þessu næmi heildaraukning neyslu- og fjárfestingarútgjalda á næsta ári um ½%, en að meðtöldum birgðabreytingum fælist í þessu um 1% aukning þjóðarútgjalda í heild.

Þjóðarútgjöld 1975–1986.

Breytingar milli ára, %	Meðaltal 1975-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985	Áætlun ríkisstj. 1986
Einkaneysla	4,2	3,5	4,7	1,4	–8,3	3,0	4½	1½
Samneysla	4,7	4,0	7,2	5,5	5,5	0,0	3	1
Fjárfesting	–1,2	9,5	1,0	–0,5	–12,3	6,8	½	–2½
Þjóðarútgjöld, alls	2,3	5,7	4,7	2,8	–10,1	5,6	2	1

Utanríkisviðskipti.

Almennur vöruinnflutningur ræðst að verulegu leyti af þróun þjóðarútgjalda. Sé tekið mið af áætluðu gengi og innlendu verðlagi í lok þessa árs á grundvelli ríkjandi gengisstefnu, er ljóst, að raungengi íslensku krónunnar verður í árslok orðið talsvert hærra en á fyrri hluta ársins.

Gengisþróun 1980–1985.

% breytingar	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Meðalgengi						
Frá fyrra ári	38,6	33,8	57,5	82,8	16,6	26
Frá upphafi til loka árs .	54,3	16,4	83,3	56,5	26,4	10½
Raungengi						
Frá fyrra ári	0	5,2	-6,9	-8,0	2,7	½
Frá upphafi til loka árs .	-8,7	12,9	-13,9	1,1	-4,3	6½

Í þessu felst, að innflutningsverð hækkaði minna en almennt verðlag innanlands, þ.e. að innflutningur verði orðinn hlutfallslega „ódýrari“ en hann var, til dæmis í upphafi ársins. Slík breyting á verðhlutföllum, innlendri framleiðslu í óhag, leiðir óhjákvæmilega til meiri innflutningseftirspurnar en ella, um leið og staða útflutningsgreinanna veikist. Á framangreindum forsendum má reikna með, að almennur vöruinnflutningur gæti aukist um allt að 2½% á næsta ári. Á móti vegur væntanlega mikill samdráttur sérstaks innflutnings, svo og sú breyting, sem er að verða á gengisafstöðu inn- og útflutningsmynta. Heildarvöruinnflutningur til landsins er þannig talinn munu aukast um 1% á næsta ári.

Vöruinnflutningur 1975–1986.

Breytingar milli ára, %	Meðaltal 1975-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985	Áætlun ríkisstj. 1986
	0,5	5,9	6,8	-3,1	-7,3	8,9	5,4	1

Með hliðsjón af þeim útflutningsspám, sem settar voru fram hér að framan, gæti vöruskiptahallinn minnkað, úr 600 m. kr. á þessu ári í 200 m. kr. á næsta ári[1]). Þjónustujöfnuðurinn, að vöxtum undanskildum, gæti ennfremur orðið heldur hagstæðari en á þessu ári, og er hér spáð um 1 900 m. kr. afgangi 1986, samanborið við 1 300 m. kr. afgang 1985. Á hinn bóginn verður vaxtajöfnuðurinn áfram afar óhagstæður. Jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir nýjum lántökum, má ætla, að nettóvaxtagreiðslur til útlanda á næsta ári geti numið tæplega 5% af landsframleiðslu, sem er heldur minna en spáð er fyrir þetta ár.

Viðskiptajöfnuðurinn í heild yrði því áfram mjög óhagstæður á næsta ári, eða sem nemur um 3½% af landsframleiðslu, samanborið við 4½% í spá fyrir árið 1985.

Viðskiptajöfnuður 1975–1986.

	Meðaltal 1975-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985	Áætlun ríkisstj. 1986
% af VLF	-2,1	-2,0	-4,3	-8,4	-2,0	-5,1	-4½	-3½
% af VÞF	-2,9	-2,1	-4,4	-8,8	-2,1	-5,4	-5	-3½

1) Allar fjárhæðir fyrir árið 1986 eru miðaðar við áætlað verðlag í lok ársins 1985, þ. e. fjárlagafrumvarpsverðlag.

Niðurstaða þjóðhagsáætlunar 1986.
Þær áætlanir, sem hér hafa verið settar fram, um efnahagshorfur á næsta ári, benda til þess, að landsframleiðsla geti aukist um 2%, eða heldur minna en á þessu ári.

Hagvöxtur 1975–1986.

Breytingar milli ára, %	Meðaltal 1975-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985	Áætlun ríkisstj. 1986
Landsframleiðsla	5,3	5,5	2,6	–0,3	–5,0	3,1	2½	2
Þjóðarframleiðsla	4,9	5,4	2,1	–0,9	–5,7	2,5	2	1½

Sem fyrr segir er þessi áætlun reist á frekar björtum forsendum um aukningu útflutningsframleiðslu, einkum sjávarvöruframleiðslu, og jafnframt að það takist að stilla þjóðarútgjöldum í hóf. Með öðrum orðum, að það svigrúm, sem aukin framleiðsla myndar, verði fyrst og fremst nýtt til þess að draga úr viðskiptahalla og koma þannig í veg fyrir frekari skuldasöfnun erlendis.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það meginmarkmið í efnahagsmálum á næsta ári að stöðva skuldasöfnun erlendis. Þetta felur meðal annars í sér, að nýjar lántökur ríkisins erlendis takmarkist við afborganir af eldri lánum. Á hinn bóginn er ljóst, að sá viðskiptahalli, sem fyrirsjánlegur er, bæði á þessu ári og hinu næsta, verður ekki fjármagnaður nema með erlendum lántökum. Ef stöðva á vöxt erlendra skulda á næstu árum, þarf því að leggja áherslu á ráðstafanir til þess að örva útflutning og jafnframt hamla á móti þjóðarútgjöldum og innflutningi.

Í næsta kafla verður fjallað um hugsanlega þróun helstu þjóðhagsstærða næstu þrjú árin, sem einkum tekur mið af skuldastöðu þjóðarinnar út á við og greiðslubyrði af henni, að gefnum forsendum um vöxt útflutningstekna og vexti af erlendum lánum. Lýsingin hér að framan er miðuð við þá þróun á árinu 1986, sem ríkisstjórnin telur eftir atvikum æskilegt að stefnt sé að. Hún felur hins vegar ekki í sér fullyrðingu um það, að þróunin verði sú, sem þar er lýst. Annars vegar geta breyttar ytri aðstæður gert aðra þróun óhjákvæmilega. Hins vegar er ljóst, að takist ekki að fylgja aðhaldsstefnu í þjóðarútgjöldum geta málin snúist til verri vegar. Hér á eftir er nokkuð vikið að þeirri hættu, sem í slíkri þróun gæti falist.

V.
Áætlun ríkisstjórnarinnar 1986–1987 og horfur 1988

Eins og fram kemur í fyrsta kafla telur ríkisstjórnin mikilvægt að móta heildarstefnu í efnahagsmálum til nokkurra ára vegna eðlis þeirra viðfangsefna, sem nú eru brýnust: Að auka þjóðartekjurnar og stöðva vöxt erlendra skulda. Þessi viðfangsefni eru þannig vaxin, að ekki er við því að búast, að breytt stefna beri fullan ávöxt á skömmum tíma heldur þarf samfellt starf í nokkur ár. Mikilvægur þáttur þessa máls er að tryggja nægilega samstöðu í þjóðfélaginu um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að árangur náist. Af þessum sökum hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja nú fram stefnumótandi áætlun fyrir næstu tvö ár, sem í meginatriðum markar efnahagsstefnuna til loka kjörtímabilsins. Með hliðsjón af því, að hér er í reynd um langtímaverkefni að ræða, er einnig birt áætlun fyrir þriðja árið, sem sýnir niðurstöður miðað við, að þessari stefnu yrði fram haldið og áfram stefnt að því að ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum.

Áætlunin stefnir að þeim meginmarkmiðum, sem fyrr var lýst: Að stöðva erlenda skuldasöfnun og koma á betra jafnvægi í efnahagsmálum með því að draga úr viðskiptahalla og verðbólgu. Ef þetta á að takast, án þess að lífskjör almennings rýrni, verða þjóðartekjurnar að aukast. Ríkisstjórnin mun leggja megináherslu á það, að skapa skilyrði til alhliða uppbyggingar atvinnu- og efnahagslífs í landinu. Áætluninni er ætlað að sýna samhengi helstu þátta þjóðarbúskaparins, þ. e. þjóðartekna og -útgjalda —og þar með viðskiptajafnaðar við útlönd— í ljósi fyrrgreindra markmiða. Rétt er að leggja áherslu á það, að með áætluninni er því ekki haldið fram, að þróunin verði sú, sem hér er lýst, þar sem breyttar aðstæður, jafnt innanlands sem utan, geta gert aðra þróun óhjákvæmilega. Áætlun ríkisstjórnarinnar ber fyrst og fremst að skoða sem leiðarvísi og stefnumið fyrir þá aðila, sem mestu ráða um gang efnahagslífsins, fyrst og fremst stjórnvöld, peningastofnanir og aðila vinnumarkaðarins, sem geri þeim kleift að móta markvissa og raunhæfa efnahagsstefnu.

Áður en forsendum og niðurstöðum áætlunarinnar er lýst í nánari atriðum, er rétt að bregða upp mynd af skuldavandanum eins og hann blasir nú við og rekja í örfáum orðum aðdraganda hans.

Erlendar skuldir og greiðslubyrði hafa vaxið mjög á undanförnum árum. Á áttunda áratugnum þrefaldaðist raungildi skuldanna og á fyrri helmingi þessa áratugar jukust þær enn um nálægt 45%. Árið 1970 var hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu rúmlega 25%, árið 1980 30%, en á þessu ári er talið líklegt að það fari í tæplega 53%. Sömu sögu er að segja um hlutfall erlendra skulda af útflutningstekjum.

Þessar skuldatölur sýna erlend lán Íslendinga til lengri tíma en eins árs. Þótt þau séu langstærsti hluti skuldanna, er ekki unnt að skilja við þetta yfirlit yfir erlendar skuldir án þess að gera einnig nokkra grein fyrir skammtímalánum og gjaldeyriseign þjóðarinnar, því að þessir liðir geta haft veruleg áhrif á skuldastöðuna frá einu ári til annars. Þess vegna getur verið misvísandi að horfa eingöngu á langtímalánin, þegar staða þjóðarbúsins út á við er metin. Á síðustu tveimur árum hefur gætt tilhneigingar í þá átt að taka meira fé að láni til skamms tíma, meðal annars vegna breytingar á tilhögun afurðalánakerfisins. Að þessu atriði þarf að huga, þegar markmið eru sett um erlendar lántökur.

Erlendar skuldir 1970–1985.

	1970	1975	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Erlend lán til lengri tíma en eins árs								
1. Vísitölur 1980=100 ..	33	71	100	109	125	134	143	145
2. % af útflutningstekjum	52,0	78,8	79,5	84,8	114,2	117,1	122,5	123
3. % af VLF	25,3	32,7	30,0	31,4	40,4	51,3	52,2	53
4. Mismunur á stuttum lánum og ógreiddum útflutningi, % af VLF	·	·	–2,1	–1,9	–3,3	–2,0	–3,3	–7
5. Gjaldeyrisstaðan, % af VLF	·	·	4,5	6,1	3,0	3,6	2,2	5
6. Nettóstaða (3.-4.-5.), % af VLF	·	·	27,4	27,2	40,7	49,7	53,3	55

Skuldasöfnunina má rekja til langvarandi viðskiptahalla, sem ekki verður jafnaður með öðrum hætti en lántökum erlendis. Að baki viðskiptahallans liggja hins vegar ýmsir samverkandi þættir. Áttundi áratugurinn einkenndist af mikilli þenslu hér á landi, jafnt í neyslu sem fjárfestingum. Þessu fylgdi mikill innflutningur. Ráðist var í miklar orkuframkvæmdir jafnframt því sem fiskiskipastóllinn var að stórum hluta endurnýjaður. Á síðustu árum hefur mjög dregið úr þessum sérstöku framkvæmdum, en aflabrestur, versnandi viðskiptakjör og síðast en ekki síst miklar vaxtagreiðslur af erlendum lánum á síðustu árum, meðal annars vegna mjög hárra vaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, hafa valdið mestu um viðskiptahallann.

Viðskiptajöfnuður og erlendar lántökur 1970–1985.

	Meðaltal 1970-1979	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	–3,6	–2,0	–4,3	–8,4	–2,0	–5,1	–4½
Erlend lán, nettó, % af VLF	3,9	2,9	3,4	4,2	4,7	5,2	2½

Á fyrri hluta áttunda áratugarins voru raunvextir af erlendum lánum Íslendinga oft og tíðum neikvæðir. Upp úr 1975, þegar saman fór hjöðnun verðbólgu í umheiminum og hækkandi nafnvextir, snerist dæmið við og raunvextir urðu jákvæðir, á síðustu árum raunar svo að um munaði.

Vextir af erlendum lánum Íslendinga og verðbólga í iðnríkjunum 1975–1985.

	1975	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Alþjóðleg verðbólga (meðaltal OECD)	10,5	9,9	9,0	8,0	5,9	4,7	4
Nafnvextir af erlendum lánum	8,0	10,6	12,3	11,8	9,9	10,4	9½
Raunvextir af erlendum lánum	–2,5	0,7	3,3	3,8	4,0	5,7	5½

Auk þess sem vaxtagreiðslur af erlendum lánum valda miklu um viðskiptahallann, vega þær þungt í greiðslubyrði. Greiðslubyrðin er þó ekki einhlítur mælikvarði á þann kostnað, sem hlýst af erlendu skuldunum, því að hún er að stærstum hluta afborgun, sem oftast er unnt að greiða með nýjum erlendum lánum, án þess að skuldastaðan gagnvart útlöndum breytist. Reynist hins vegar erfitt að afla nýrra lána, er greiðslubyrðin vísbending um þann

vanda, sem þjóðarbúið hefur lent í. Raungildi vaxtagreiðslnanna, þ.e. sá hluti þeirra, sem eftir er, þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa verðbólgu á höfuðstól skuldanna, er sá mælikvarði sem næst kemst því að mæla raunverulegan kostnað af erlendu skuldunum. Miklar erlendar skuldir og háir raunvextir valda því, að raunvaxtabyrðin er nú þyngri en nokkru sinni fyrr og skerðir hún þjóðartekjurnar í umtalsverðum mæli.

Greiðslubyrði 1975—1985.

% af útflutningstekjum	1975	1980	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Vaxtagreiðslur	6,2	7,6	9,3	11,8	10,8	12,3	11½
Afborganir	7,9	6,5	7,1	9,4	9,8	12,0	9½
Greiðslubyrði	14,2	14,1	16,4	21,2	20,6	24,3	21
Raunvaxtabyrði	-1,9	0,5	2,5	3,7	4,4	6,7	6

Fremur eru taldar líkur á því, að vextir fari heldur lækkandi á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði á næstu árum og kæmi það Íslendingum til góða. Litlar líkur eru þó á, að raunvextir í heiminum verði jafnlágir á næstu árum og var á fyrri helmingi áttunda áratugarins. Um þessar mundir ríkir hins vegar mikil óvissa um þróun vaxta og gengis ýmissa gjaldmiðla, einkum bandaríkjadollars. Því er nauðsynlegt að huga að fleiru en heildarfjárhæð skuldanna, þar sem samsetning þeirra, bæði hvað varðar gjaldmiðla og vaxtakjör, getur ráðið miklu um það, hvernig skuldastaða og greiðslubyrði þróast.

Það er meginatriði í stefnu ríkisstjórnarinnar, að vöxtur erlendra skulda verði stöðvaður. Í þessu felst, að koma verður á jafnvægi í viðskiptunum við útlönd, þannig að ekki verði stofnað til nýrra skulda erlendis umfram það, sem þarf til að greiða afborganir af eldri lánum. Vegna hins mikla halla, sem nú er á viðskiptunum við útlönd, er ólíklegt, að þessu marki verði náð á næstu tveimur árum, en áætlun ríkisstjórnarinnar miðar að því, að jöfnuður geti náðst í viðskiptunum við útlönd árið 1988, verði þessari stefnumótun fylgt allan þann tíma.



Meginforsendur áætlunarinnar eru annars vegar hófleg bjartsýni um árangur aðgerða til að auka þjóðarframleiðslu, jafnt framleiðslu til útflutnings sem framleiðslu fyrir innlendan markað, og hins vegar að það takist að stilla þjóðarútgjöldunum í hóf. Að öðrum kosti er hætt við, að skuldastaðan gagnvart útlöndum fari úr böndunum.

Hér á eftir er fjallað um horfurnar á næstu árum, þar sem annars vegar er gengið út frá því, að fyrrgreindar forsendur haldi (áætlun), en hins vegar er lýst líklegri þróun, fari svo, að þjóðarútgjöld vaxi í sama mæli og útflutningsframleiðslan í landinu (áhættudæmi). Reyndar mætti segja að það, sem hér er nefnt áhættudæmi, dragi ekki upp nægilega dökka mynd af því ástandi, sem hér gæti orðið, ef áframhaldandi jafnvægisleysi ríkir í efnahagsmálum með tilheyrandi verðbólgu og kollsteypu í efnahagslífinu.

Í áætluninni er gert ráð fyrir því, að framleiðsla til útflutnings aukist um 5% á ári næstu þrjú árin. Er það á því byggt, að sjávarvöruframleiðslan geti aukist um 4—5% á ári. En til þess að 5% vöxtur náist, er efling samgangna og ferðaútvegs og þjónustuútflutnings almennt afar mikilvæg. Þar sem gengið hefur verið á birgðir á þessu ári, verður aukning vöruútflutnings á næsta ári minni en framleiðsluaukningin, eða um 3%, en um 5% hvort áranna 1987 og 1988. Reiknað er með því, að þjónustuútflutningur aukist um sama hlutfall, eða um 5% á ári næstu þrjú árin. Innflutningur til landsins ræðst að stórum hluta af þjóðarútgjöldum. Í áætluninni er gert ráð fyrir því, að þau verði óbreytt á mann næstu þrjú árin, en það þýðir um 1% aukningu á ári í heild. Þessari þróun þjóðarútgjalda fylgir líklega 1¼% aukning innflutnings vöru og þjónustu á næsta ári, en um 1½% hvort áranna 1987 og 1988; áætlaður samdráttur í sérstökum vöruinnflutningi á næsta ári veldur því, að innflutningsaukningin þá er heldur minni en hin árin tvö. Með þessu mati á innflutningsþróun er ekki reiknað með sérstökum gengisbreytingum á helstu innflutningsmyntum, sem breytt gætu þessari þróun, eða að verulegar breytingar verði á samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Frekar mætti búast við því, að markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu ykist, ef jafnvægi næðist í efnahagsmálum innanlands. Fari hins vegar svo, að þjóðarútgjöldin vaxi örar en hér er gert ráð fyrir, til dæmis um 5% hvert áranna 1986–1988, er næsta víst, að innflutningur vöru og þjónustu mun einnig vaxa örar, eða um rúmlega 4½% 1986 og tæplega 6% 1987 og 1988.

Auk þessara forsendna um þróun útflutnings og þjóðarútgjalda eru niðurstöður dæmanna tveggja byggðar á ákveðnum forsendum um verðlags- og vaxtaþróun á næstu árum. Er hér gert ráð fyrir því, að verðbólga í umheiminum verði 4% á ári næstu þrjú árin og að jafnframt hægi á verðbreytingum innanlands, úr 20% milli áranna 1985 og 1986, í 9% milli 1986 og 1987 og í 6% milli 1987 og 1988. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að vextir á erlendum fjármagnsmarkaði fari nokkuð lækkandi á þessu tímabili, eða sem svarar hálfu prósentustigi á ári. Vextir af erlendum lánum Íslendinga lækka þá einnig, en nokkru hægar, þar sem um helmingur lánanna ber fasta vexti, sem breytast ekki, þótt vextir lækki erlendis.



Miklu munar á niðurstöðum. Verði þróunin í líkingu við stefnu ríkisstjórnarinnar um eflingu útflutningsframleiðslu og aðhald að þjóðarútgjöldum, gæti hagvöxtur orðið um 2% á næsta ári og 2½% á ári 1987 og 1988. Vélrænn framreikningur á forsendum áhættudæmisins gefur til kynna nokkru meiri hagvöxt í kjölfar aukinnar útgjaldaþenslu í þjóðarbúskapnum. Á hinn bóginn er hætt við, að sú hagvaxtaraukning sé meiri í sýnd en reynd, þar sem hún stafar að verulegu leyti af meiri þenslu fremur en aukinni verðmætasköpun í landinu. Áhrifanna gætir því væntanlega fyrst og fremst í meiri viðskiptahalla gagnvart útlöndum, aukinni skuldasöfnun erlendis og vaxandi verðbólgu. Þess vegna má í reynd segja, að í áhættudæminu felist ákveðin þversögn, þar sem reiknað er út frá gefnum forsendum um verðlagsbreytingar, sem varla fá staðist í reynd. Áhættan, sem tekin er með örum vexti þjóðarútgjalda, er því í reynd líklega enn meiri en hér er nefnt.



Forsendur áætlunar ríkisstjórnarinnar fela í sér, að smám saman dregur úr viðskiptahalla, eða úr 4½% af landsframleiðslu á þessu ári í 3½% 1986 og tæplega 2% 1987. Jöfnuður næðist í viðskiptum við útlönd árið 1988, ef stefnunni yrði fylgt eftir næstu þrjú ár. Takist hins vegar ekki að sporna við aukningu þjóðarútgjalda (áhættudæmið), er líklegt, að viðskiptahallinn verði um og yfir 5% af landsframleiðslu næstu árin, og fari raunar heldur vaxandi. Slík þróun hlyti að enda með vandræðum.

Viðskiptajöfnuður 1985–1988[1]).

	Spá 1985	1986	1987	1988
Áætlun, % af VLF	–4½	–3½	–2	0
Áhættudæmi, % af VLF	–4½	–5	–5½	–5½

Þar sem áætlunin gerir ráð fyrir því, að viðskiptahallinn verði að fullu jafnaður með nýjum erlendum lánum, felst í henni nokkur aukning erlendra skulda á næsta ári, jafnt að raungildi sem í hlutfalli af landsframleiðslu. Árið 1987 ættu skuldirnar hins vegar að standa í stað að raungildi og gætu minnkað nokkuð árið 1988. Hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu lækkar hins vegar strax 1987, og enn frekar 1988, verði stefnunni fram haldið. Í

1) Athygli er vakin á því, að áætlun ríkisstjórnarinnar tekur til áranna 1986 og 1987. Niðurstöður fyrir árið 1988 byggja á því, að áfram verði stefnt að því að koma á jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Með áhættudæminu eru fyrst og fremst leiddar líkur að hugsanlegri þróun, takist ekki að halda þjóðarútgjöldum í skefjum.

áhættudæminu er þessu öfugt farið. Þar verða skuldirnar meiri en nokkru sinni fyrr, hvort sem miðað er við raungildi þeirra eða hlutfall af landsframleiðslu.

Erlendar skuldir 1985–1988.

	Spá 1985	1986	1987	1988
Áætlun				
Raungildi skuldanna, vísitölur 1980 = 100	145	149	149	142
% af landsframleiðslu	53	54	52½	49
% af útflutningstekjum	123	124	117½	107
Áhættudæmi				
Raungildi skuldanna, vísitölur 1980 = 100	145	159	174	191
% af landsframleiðslu	53	56	58½	61½
% af útflutningstekjum	123	132	137	143½

Niðurstöður um greiðslu- og raunvaxtabyrði eru á sömu lund, þótt ekki muni jafnmiklu á hlutfallstölunum. Það stafar af því, að þessar stærðir ráðast mjög af skuldastöðunni eins og hún er nú. Einnig ber þess að gæta, að þessar stærðir mæla raunverulegar greiðslur, sem inntar eru af hendi, en ekki höfuðstól, sem endurgreiða má á löngum tíma.

Greiðslubyrði 1985–1988.

	% af útflutningstekjum					
	Vaxtagreiðslur		Greiðslubyrði		Raunvaxtabyrði	
	Áætlun	Áhættu-dæmi	Áætlun	Áhættu-dæmi	Áætlun	Áhættu-dæmi
1985 Spá	11½	11½	21	21	6	6
1986	10½	10½	20½	21½	5½	5½
1987	10	10½	21½	23½	5	5½
1988	9	10½	19	22	4½	5



Í þeim horfum, sem hér hefur verið lýst, felst fyrst og fremst ábending um það, hversu brýnt það er að auka útflutningsframleiðsluna og hamla á móti útgjöldum þjóðarinnar næstu árin. En áætlunin sýnir líka, að unnt er í senn að tryggja lífskjör á næstu árum og leggja traustan grundvöll að varanlegum hagvexti.

Til þess að það takist að fylgja þeirri áætlun, sem ríkisstjórnin hefur mótað, þarf að fara saman:

1) Að veiðiþol fiskstofna leyfi 4—5% árlegan vöxt sjávarvöruframleiðslu næstu tvö til þrjú ár.
2) Að útflutningsmarkaðir Íslendinga taki við framleiðslunni í nægilega ríkum mæli og við verði, sem ekki fari lækkandi í hlutfalli við innflutningsverðlag.
3) Að vextir á alþjóðalánamörkuðum fari heldur lækkandi að raungildi á næstu árum, eða úr 5—6% í 3—4%.

Að því er best verður séð, virðist nú óhætt að reikna með þessum ytri aðstæðum, en í þeim felst þó óneitanlega nokkur bjartsýni, þegar litið er á álit fiskifræðinga og spár um þróun alþjóðaefnahagsmála. Í hvoru tveggja eru mörg álitamál og óvissuþættir.

Að því er varðar þær aðstæður, sem skapa þarf innanlands til þess að ná megi markmiðum þessarar áætlunar, ber hæst eftirfarandi atriði:

1) Að stilla þjóðarútgjöldum í hóf og auka neysluútgjöld ekki meira en svo á ári hverju, að svigrúm verði til nauðsynlegrar fjárfestingar.
2) Að jákvæðir raunvextir haldist til þess að örva innlendan sparnað og beina fjárfestingu til arðbærra framkvæmda, en séu ekki svo háir að hamli gegn þörfum framkvæmdum. Til þess að ná þessu markmiði þarf sveigjanlegar vaxtaákvarðanir.
3) Að kaupmáttur launa aukist ekki til jafnaðar meira en svarar framleiðniaukningu.
4) Að gengið sé rétt skráð og innlendar verðbreytingar stefni á það stig, sem algengast er í viðskiptalöndum Íslendinga.
5) Að skattkerfið, verðmyndunar- og fjárfestingalánakerfið hvetji til nýjunga og verðlauni framtakssemi og dugnað.
6) Að rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna verði efld.

Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti vinna að því, að þessi innri skilyrði jafnvægis og hagvaxtar í þjóðarbúskapnum verði uppfyllt.

Áætlunin, sem hér er sett fram, felur ekki í sér glæstar vonir um framtíðina, heldur raunhæft mat á möguleikum íslenska þjóðarbúsins á komandi árum, hver framleiðslugetan verði og hvað þjóðin geti veitt sér í neyslu og ráðist í af framkvæmdum. Finnist einhverjum að hér sé þjóðinni þröngur stakkur skorinn, er á það að líta, hvað gæti gert hann rýmri. Þar virðist fátt koma til greina, sem allir vildu þýðast. Það er viðurkennt markmið í þjóðmálum að tryggja þurfi fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Ef ekki á að fjármagna frekari framkvæmdir með auknum erlendum skuldum, er einungis um tvennt að velja: Innlendan sparnað á kostnað samtímaneyslu eða aukið áhættufé og eignaraðild erlendra aðila að fyrirtækjum á Íslandi. Við ríkjandi aðstæður virðist full ástæða til að kanna viðhorfin til beggja þessara leiða mjög vandlega.

Þótt í þessari áætlun sé stefnt að mikilvægum árangri í efnahagsmálum á næstu tveimur til þremur árum, telur ríkisstjórnin brýnt að draga örar úr viðskiptahalla og ná þar með fyrr því markmiði að stöðva vöxt erlendra skulda. Ríkisstjórnin mun því á næstu vikum undirbúa ráðstafanir í þessu skyni. Verður einkum lögð áhersla á að draga enn meira úr útgjaldaáformum ríkisins en gert er ráð fyrir í því fjárlagafrumvarpi, sem lagt hefur verið fram, og á aðgerðir í peningamálum, sem tryggja áframhaldandi aukinn innlendan sparnað. Slíkar ráðstafanir mundu leiða til minni viðskiptahalla á næsta ári en greinir í þessari áætlun.

Þjóðhagsyfirlit 1984—1986[1]).

	Milljónir króna					
	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1985	Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhags-áætlun 1986	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhags-áætlun 1986
1. Einkaneysla	48 185	66 200	74 200	3,0	4,5	1,5
2. Samneysla	14 132	19 600	21 900	0,0	3,0	1,0
3. Fjárfesting	18 130	23 700	25 000	6,8	0,5	−2,5
4. Neysla og fjárfesting alls	80 447	109 500	121 100	3,3	3,3	0,5
5. Birgðabreytingar[2])	695	−500	—	2,3	.	.
6. Þjóðarútgjöld, alls	81 142	109 000	121 100	5,6	2,0	1,0
7. Útflutningur vöru og þjónustu	34 295	46 700	51 300	2,2	5,7	3,6
8. Innflutningur vöru og þjónustu	33 871	46 000	49 600	8,7	4,9	1,3
9. Verg landsframleiðsla	81 566	109 700	122 800	3,1	2,4	2,0
10. Vaxtajöfnuður o. fl.	−4 554	−5 800	−6 000	.	.	.
11. Viðskiptajöfnuður (7.−8.+10)	−4 130	−5 100	−4 300	.	.	.
12. Verg þjóðarframleiðsla (9.+10.)	77 012	103 900	116 800	2,5	2,0	1,6
13. Viðskiptakjaraáhrif[3])	.	.	.	0,1	0,0	−0,3
14. Vergar þjóðartekjur (12.+13.)	.	.	.	2,6	2,0	1,3
15. Viðskiptajöfnuður sem % af VLF	.	.	.	−5,1	−4,6	−3,5
16. Viðskiptajöfnuður sem % af VÞF	.	.	.	−5,4	−4,9	−3,7

1) Magnbreytingar árin 1983—1984 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar í spá fyrir 1985 og 1986 við verðlag næstliðins árs.
2) Hlutfallstölur um birgðabreytingar sýna breytingar milli ára sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.
3. Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Utanríkisviðskipti 1984—1986.

	Milljónir króna (fob.)					
	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1985	Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhags-áætlun 1986	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhags-áætlun 1986
Útflutningsframleiðsla						
Sjávarafurðir	16 469	22 150	24 200	11,0	3,5	4,0
Ál	3 444	3 900	4 400	5,6	−6,0	5,0
Kísiljárn	1 065	1 300	1 400	21,7	−2,0	0,0
Annað	2 763	4 050	4 800	28,8	10,7	11,5
Samtals	23 741	31 400	34 800	12,6	2,7	5,0
Útflutningur gamalla skipa og flugvéla	511	100	—	.	.	.
Birgðabreytingar	695	−500	—	.	.	.
Vöruútflutningur, alls	23 557	32 000	34 800	3,7	5,4	3,0
Vöruinnflutningur, alls	23 889	32 600	35 000	8,9	5,4	1,0
Sérstakur vöruinnflutningur	2 588	3 900	3 700	0,0	17,0	−10,0
Almennur vöruinnflutningur	21 301	28 700	31 300	10,2	4,0	2,4
Þar af olía	3 683	4 830	5 200	2,3	2,0	2,0
Þar af annað	17 618	23 870	26 100	12,0	4,4	2,5
Vöruskiptajöfnuður	−332	−600	−200	.	.	.
Útflutt þjónusta	10 738	14 700	16 500	1,2	6,4	5,0
Innflutt þjónusta	9 982	13 400	14 600	10,3	3,7	2,2
Þjónustujöfnuður (án vaxta)	756	1 300	1 900	.	.	.
Vaxtajöfnuður o. fl.	−4 554	−5 800	−6 000	.	.	.
Viðskiptajöfnuður	−4 130	−5 100	−4 300	.	.	.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fjármunamyndun 1984—1986.

	Milljónir króna					
	Verðlag hvors árs		Verðlag í árslok 1985	Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhagsáætlun 1986	Bráðab. tölur 1984	Spá 1985	Þjóðhagsáætlun 1986
Fjármunamyndun alls	**18 130**	**23 700**	**25 000**	**6,8**	**0,5**	**−2,5**
Þar af:						
Landsvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 162	1 190	800	−15,9	−21,3	−38,3
Innflutt skip og flugvélar	654	1 200	620	−9,0	41,1	−51,7
Útflutt skip og flugvélar	−511	−100				
Önnur fjármunamyndun	16 825	21 410	23 580	11,7	−2,2	1,8
I Atvinnuvegirnir	**7 820**	**11 480**	**11 980**	**11,2**	**12,8**	**−2,7**
1. Landbúnaður	950	1 350	1 620	33,6	9,3	10,0
2. Fiskveiðar	820	760	830	−13,8	−28,7	0,0
3. Vinnsla sjávarafurða	800	940	1 060	23,7	−10,0	5,0
4. Álverksmiðja	27	70	—	0,0	100,0	—
5. Járnblendiverksmiðja	23	50	60	150,0	65,2	10,0
6. Annar iðnaður (en 3.—5.)	1 910	2 670	2 730	24,9	7,4	−5,0
7. Flutningatæki	790	2 000	1 580	−25,1	94,7	−25,5
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	1 220	1 590	1 730	−8,2	0,0	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	1 280	2 050	2 370	49,7	23,1	10,0
II Íbúðarhús	**4 700**	**5 500**	**6 000**	**10,0**	**−10,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**5 610**	**6 720**	**7 020**	**−1,1**	**−7,9**	**−4,2**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 550	1 570	1 260	−15,0	−22,1	−26,4
2. Hita- og vatnsveitur	670	800	900	46,2	−8,2	3,3
Þar af hitaveitur	(530)	(620)	(700)	57,8	−10,0	3,5
3. Samgöngumannvirki	2 190	2 800	3 260	6,4	−1,6	6,8
4. Byggingar hins opinbera	1 200	1 550	1 600	−10,3	−0,7	−5,3

Aths.: Magnbreytingar 1984 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1985 og 1986 eru miðaðar við verðlag áranna 1984 og 1985.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fiskaflinn 1981—1985.

	1981	1982	1983	1984	Spá 1985
Í þús. lesta					
1. Þorskur	461	382	294	281	316
2. Annar botnfiskur	254	308	311	284	272
3. Síld	40	56	59	50	50
4. Loðna	642	13	133	867	845
5. Humar	3	3	3	2	2
6. Rækja	8	9	13	24	26
7. Hörpudiskur	10	12	15	16	16
8. Annað	23	5	11	12	8
Samtals	1 441	788	839	1 536	1 535
Magnbreytingar frá fyrra ári á föstu verði, %					
Samtals	−0,2	−12,0	−5,2	14,1	3,5
Samtals án loðnu	2,0	−2,6	−7,1	−0,7	4,7

Heimild: Fiskifélag Íslands og Þjóðhagsstofnun.

Sþ. 25. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um umbætur í málefnum aldraða.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Pétur Sigurðsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í áætlanagerð um málefni aldraða fyrir landið í heild samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga um málefni aldraða, nr. 91 1982, verði lögð til grundvallar úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraða sem nái til eftirtalinna þátta:

1. húsnæðis- og vistunarmála,
2. félagslegrar stöðu,
3. framfærslukostnaðar og fjárhagslegrar afkomu,
4. atvinnu með tilliti til hlutastarfa.

Úttekt þessi skal unnin af samstarfsnefnd um málefni aldraða í samráði við Tryggingastofnun ríkisins. Á grundvelli hennar skal leggja fram heildaráætlun um skipulegt átak og forgangsverkefni í hagsmunamálum aldraða á næstu árum sem tryggi betur en nú er félagslegt öryggi og fjárhagsafkomu aldraða, sem og húsnæðisaðstöðu og atvinnu við hæfi aldraða sem þess óska.

Kostnaður greiðist af Tryggingastofnun ríkisins og Framkvæmdasjóði aldraða að fengnu samþykki heilbrigðisráðherra, sbr. 6. tölul. 12. gr. laga um málefni aldraða.

Greinargerð.

Meginmarkmið þessarar þingsályktunartillögu er að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraða hér á landi og slík úttekt yrði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlanagerð um umbætur í hagsmunamálum aldraða á næstu árum.

Mikil breyting hefur orðið á allri þjóðfélagsgerðinni á undanförnum árum, svo sem atvinnuháttum, samfara síauknum kröfum um endurmenntun í atvinnulífinu, erfiðleikum í

framfærslu heimilanna, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og kröfunni um jafnrétti kynjanna, svo að eitthvað sé nefnt. Þessi þróun hefur á margvíslegan hátt breytt stöðu aldraðra í þjóðfélaginu. Ýmsir þættir í þjóðfélagsgerð liðinna ára, sem áður veittu öldruðum stuðning og öryggi og gáfu lífinu gildi á elliárum, hafa því breyst og þótt annað hafi komið í staðinn og ýmislegt hafi áunnist er margt sem bendir til þess að öryggisleysi aldraðra á ýmsum sviðum í þjóðfélaginu hafi vaxið og uppbyggingin í málefnum aldraðra hafi ekki fylgt eftir sem skyldi breyttri þjóðfélagsgerð.

Á vettvangi frjálsra félagasamtaka, svo og af hálfu stjórnvalda, hafa unnist áfangasigrar í baráttumálum aldraðra og skref verið stigin sem ætlað er að tryggja velferð aldraðra. Má þar einkum nefna nokkra uppbyggingu og þjónustu á dvalarstofnunum aldraðra, svo og lög um málefni aldraðra sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 1982, en markmið þeirrar löggjafar var einkum að tryggja betra skipulag heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu við aldraða.

Þó að ýmis mikilvæg ákvæði sé að finna í þeirri löggjöf verður ekki sagt að hún hafi enn markað í framkvæmd nein þáttaskil í málefnum aldraðra þar sem ýmis mikilvæg ákvæði hennar hafa ekki komið til framkvæmda og ekki verður séð að nein breyting sé þar í vændum.

Þar sem markmið þessarar þingsályktunartillögu er að gera heildarúttekt á stöðunni í málefnum aldraðra og leggja hana til grundvallar í heildaráætlanagerð um skipulag og bætt kjör aldraðra er nauðsynlegt að gera hér nokkra grein fyrir núverandi skipulagi þessara mála, svo og stöðunni eins og hún verður best skilgreind.

Núverandi skipulag.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sem stofnsett var með samþykkt laga um málefni aldraðra 1982, er sá aðili af hálfu hins opinbera sem hefur það verkefni með höndum að vera skipulags- og samræmingaraðili í málefnum aldraðra. Verkefni samstarfsnefndarinnar er að hafa frumkvæði að áætlanagerð og stefnumótun er lýtur að heilbrigðis- og félagslegri þjónustu og vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka er starfa að málum aldraðra. Auk þess má nefna að samstarfsnefndin hefur með höndum að gera tillögur hverju sinni um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra sem ætlað er að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða.

Skipulag þjónustu er einnig í höndum stjórnar heilsugæslustöðvar og félagsmálaráða í hverju heilsugæsluumdæmi en verkefni þeirra er m. a. að skipuleggja öldrunarþjónustu í umdæmi sínu í samráði við forstöðumenn einstakra þátta þjónustunnar.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra á að vera starfandi við hverja heilsugæslustöð þjónustuhópur aldraðra sem hefur það verkefni að meta vistunarþörf aldraðra í umdæminu, að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra og sjá til þess að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.

Þá má nefna til sögunnar Öldrunarráð Íslands sem starfar á vettvangi frjálsra félagasamtaka en aðild að því eiga landssamtök sem vinna m. a. að bættum kjörum aldraðra, stofnanir sem vinna að úrlausnum öldrunarmála um land allt og félög og stofnanir sem starfa innan landshluta, m.a. að hagsmunamálum aldraðra.

Fjárhagsleg staða.

Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar er hækkun framfærslukostnaðar 1. janúar 1983 til 1. september 1984 82,8%. Grunnlífeyrir almannatrygginga hefur á sama tíma hækkað um 44,9%. Ellilífeyrir og tekjutrygging hafa á þessu tímabili hækkað um 60,3%. Svo mikil skerðing, sem orðið hefur á framfærslueyri þeirra öldruðu sem við verst kjör búa, getur vissulega haft víðtæk áhrif á hag og afkomu þessa fólks.

Ótrúlega stór hópur aldraðra hefur ekki úr neinu að spila nema lífeyri almannatrygginga. Það sést best á eftirfarandi upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í september s.l. voru greiðslur tekjutryggingar til aldraðra hjá Tryggingastofnuninni með eftirfarandi hætti:

Reykjavík:

2335 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.

3292 fengu óskerta tekjutryggingu.

3534 fengu enga tekjutryggingu.

Landið í heild:

5202 aldraðir fengu skerta tekjutryggingu.

8198 fengu óskerta tekjutryggingu.

5888 fengu enga tekjutryggingu.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var fjöldi 67 ára og eldri í árslok 1983 20 796. Ef litið er á tölur Tryggingastofnunar ríkisins **má ráða af þeim að tæplega 40% 67 ára og eldri á Íslandi hafa einungis til framfærslu lífeyri almannatrygginga.** Sem dæmi um hvað lítið er í raun vitað um þennan stóra hóp aldraðra, sem einungis hefur lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu, má nefna eftirfarandi:

Til að fá óskerta tekjutryggingu mátti einstaklingur þann 1. sept. s.l. hafa að hámarki launatekjur eða lífeyrissjóðsgreiðslur að upphæð kr. 41 670 kr. á ári. Tryggingastofnun ríkisins hefur engar upplýsingar um hve margir af þessum 8200 einstaklingum hafa tekjur upp að frítekjumarkinu (41 670 kr. eða 3472 kr. á mánuði) eða þá hvernig sú tekjuskipting er innbyrðis milli þessa hóps. Engin úttekt hefur verið gerð á félagslegri stöðu þessa fólks, til að mynda húsnæðisaðstöðu, hve stór hluti þessara 8200 ellilífeyrisþega býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði eða hvernig afkomu þeirra eða framfærslumöguleikum sé að öðru leyti háttað en úttekt þeirri, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir, er ætlað að leiða það í ljós.

Vistunarmál.

Óhætt er að fullyrða að neyðarástand ríki í vistunarmálum aldraðra, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Það segir sína sögu að á sama tíma 900 umsóknir liggja fyrir hjá Reykjavíkurborg um vistunarrými fyrir aldraða skuli aðeins vera í byggingu eitt vistheimili í Hjallaseli sem áætlað er að taka í notkun á árinu 1985 eða 1986. Það veitir aðeins 70—80 öldruðum úrlausn. Talið er að af 900 öldruðum, sem bíða eftir vistunarrými á höfuðborgarsvæðinu, séu 300 þeirra í mjög brýnni þörf fyrir úrræði og mál þeirra þoli enga bið. Athyglisvert er einnig að tæplega 150 þeirra, sem á biðlista eru eftir vistunarrými, eru 86 ára og eldri.

Í grein, sem Þórir S. Guðbergsson, ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar, ritar í Morgunblaðið 31. maí 1984, kemur fram að um 320 þeirra, sem á biðlista eru, búi enn í leiguhúsnæði á almennum markaði og tugir manna í þessum aldurshópi eigi sífellt á hættu á hverju ári að verða sagt upp húsnæði og búi því við stöðugt atvinnuleysi. Að auki má ætla að húsaleigan vegi þungt í framfærslubyrði aldraðra, ekki síst á almenna markaðinum og ekki er óvarlegt að áætla að 50—70% af lífeyri aldraðra úr almannatryggingum fari í húsnæðiskostnað.

Í sömu grein Þóris S. Guðbergssonar kemur einnig fram að margir, sem á biðlista eru, eigi sínar eigin íbúðir eða sitji í óskiptu búi en geti nánast ekki lengur verið heima vegna lasleika eða öryggisleysis.

Starfslok.

Í riti Þóris S. Guðbergssonar, „Þegar ég eldist“, er vitnað til könnunar sem gerð var af Jóni Björnssyni sálfræðingi fyrir félagsmálaráð Reykjavíkur á árunum 1974—1975. Þar segir svo:

„Þá kom fram í áðurnefndri könnun að flestir virðast hætta að stunda launavinnu af illri nauðsyn en ekki samkvæmt eigin ósk. Eldra fólk heldur í vinnuna dauðahaldi af ýmsum ástæðum. Bætur almannatrygginga duga ekki til lífsframfæris nema við bestu aðstæður svo að margt eldra fólk er beinlínis nauðbeygt til þess að halda í nokkrar vinnutekjur.

Tekjuskattur knýr marga til þess að halda áfram vinnu. Ýmsar félagslegar og sálrænar ástæður eru þó síst léttvægari heldur en hinar fjárhagslegu. Eldra fólki, sem vissulega er af mjög vinnusamri kynslóð sem lítið hefur þekkt til tómstunda, finnst að drjúgur hluti manngildisins felist í því að geta séð fyrir sér sjálfur og vera ekki upp á aðra kominn. Margir óttast einangrunina þegar litið er á vinnuna o.s.frv., sakna vinnufélaganna, tilbreytingarinnar og þeirrar lífsfyllingar sem vinnan gefur."

Í þessari mynd, sem Jón Björnsson dregur upp af viðhorfum eldra fólks til starfsloka, felst örugglega mikill sannleikur sem stjórnvöldum ber skylda til þess að gefa gaum. Hvaða áhrif hefur það á aldrað fólk við sæmilega heilsu og með löngun til að stunda vinnu við sitt hæfi þegar það skyndilega er rifið burt af vinnumarkaðinum vegna laga og reglna sem sveitarfélög eða einstök fyrirtæki hafa sett? Á því hefur engin könnun verið gerð.

Hlutastörf.

Í könnun Jóns Björnssonar sálfræðings á vinnugetu og atvinnumöguleikum aldraðra í Reykjavík á árunum 1974—1975, sem gefin var út 1976, eru settar fram tillögur um úrbætur í atvinnumálum aldraðra. Þar kemur fram að af fjölmörgum tillögum, sem settar eru fram til úrbóta, muni trúlega engin gagnast eins stórum hluta aldraðra í atvinnuvanda eins og ein sú kostnaðarminnsta sem þar er talin, þ.e. sú að skipta heilsdagsstörfum í hálfsdagsstörf þar sem því yrði með góðu móti við komið.

Um þann þátt segir svo í umræddri könnun:

„Skipting heilsdagsstarfs í tvö hálfsdags- eða hlutastörf er í fjölmörgum tilvikum einungis einfalt skipulagsatriði og unnt væri að margfalda framboð á hálfsdagsvinnu án þess að það á neinn hátt rýrði afköst. Hið eina, sem á skortir að af þessu verði, er oft einungis frumkvæði. Með slíkri skiptingu starfa, þar sem því yrði með góðu móti við komið, væri stigið gífurlegt skref í þá átt að leysa atvinnuvanda aldraðs fólks og auka atvinnumöguleika því til handa. Tilkostnaður við slíka aðgerð miðað við gagnsemi hennar og notagildi er lítill sem enginn."

Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að þegar hugað er að þáttum, sem snúa að velferð og högum aldraðra, hljóti þessi þáttur einnig að þurfa að koma inn í myndina og það hljóti að verða kannað hvort ekki séu möguleikar, í samráði við aðila vinnumarkaðarins, að leita leiða til að auka möguleika aldraðra á hlutastörfum, t.a.m. með endurskipulagningu starfa með þarfir aldraðra í huga. Með þeim hætti geta aldraðir með eðlilegri hætti en nú er aðlagast því að hætta þátttöku í störfum á vinnumarkaðinum og að auki verið þar lengur en ella en það gæti ekki síður verið verðmætt fyrir samfélagið en þá öldruðu.

Það er skoðun flm. þessarar þáltill. að fallist Alþingi á að fela ríkisstjórninni ítarlega úttekt á fjárhagsstöðu, afkomu og félagslegri stöðu aldraðra mundi slík úttekt auðvelda allar ákvarðanir og stuðla að aukinni velferð aldraðra í þjóðfélaginu.

Nauðsyn á heildarúttekt.

Ljóst er að ef vel á til að takast um uppbyggingu í málefnum aldraðra og tryggja á betur en nú er gert félagslegt öryggi og afkomu aldraðra er nauðsynlegt að þessir aðilar og aðrir þeir, sem að málefnum aldraðra starfa, hafi heildaryfirsýn yfir alla þá þætti sem lúta að velferð aldraðra í þjóðfélaginu til að markvisst og á skipulegan hátt sé hægt að leggja grunn að allri áætlanagerð sem tryggi betur öryggi og afkomu aldraðra í þjóðfélaginu. Þó að nokkur úttekt hafi verið gerð á stöðunni í vistunarmálum aldraðra, svo og ýmsum þjónustuþáttum sem oftast eru staðbundnir, hefur engin samræmd heildarúttekt verið gerð á vistunarþörf aldraðra á landinu öllu eða forgangsverkefnum á því sviði.

Sum sveitarfélög hafa reynt að glöggva sig almennt á stöðunni í málefnum aldraðra bæði fjárhagsafkomu og vistunar- og þjónustustörfum aldraðra, en engin heildarúttekt hefur þó

verið gerð á fjárhagsstöðu, afkomu, framfærslukostnaði né félagslegri stöðu aldraðra. Hér er þó um að ræða grundvallaratriði ef vinna á á farsælan hátt að málefnum aldraðra því að glögg yfirsýn og vitneskja verður að liggja fyrir um alla þætti sem lúta að kjörum og velferð aldraðra og um þær aðstæður sem aldraðir búa við hverju sinni.

Nú má segja sem svo að þeir sem gerst þekkja aðstæður aldraðra og helst hafa að þeim málum unnið telji sig þekkja það vel aðbúnað og kjör aldraðra að enga úttekt þurfi til leiðbeiningar og samræmingar á því sem gera þarf. Vitað sé að vistunarþörfin sé mikil og henni hvergi nærri fullnægt, lífeyrir almannatrygginga nægi hvergi nærri til framfærslu og húsnæðisaðstaða margra aldraðra sé bágborin. Vissulega er þetta sú mynd sem blasir við mörgum, bæði öldruðum, fjölskyldum þeirra og þeim sem að málefnum aldraðra vinna. Engu síður er það mat flutningsmanna að brýn nauðsyn sé ítarlegrar úttektar á þessum málum eins og þessi tillaga gerir ráð fyrir til að hægt sé á markvissari hátt en verið hefur að leggja drög að skipulagi í áætlanagerð og forgangsverkefnum næstu ára og bættum kjörum og aðbúnaði aldraðra.

Tillaga þessi um umbætur í málefnum aldraðra var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrædd. Tillögugreinin nú er nokkuð breytt að því leyti að lagt er til að úttektin verði unnin í samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra og verði tengd þeirri áætlanagerð sem nefndin á að vinna að samkvæmt lögum um málefni aldraðra. Nokkur könnun hefur farið fram á vegum nefndarinnar að því er vistunar- og húsnæðismál varðar, en ekki að því er varðar aðra þá þætti sem tillagan gerir ráð fyrir að kannaðir verði.

Ástæða er til að geta þess að á s.l. ári kom út skýrsla um málefni aldraðra á Norðurlöndum, en það er fyrsta skýrslan af þremur um víðtæka athugun á málefnum aldraðra á Norðurlöndum. Skýrsla þessi er unnin á vegum Norðurlandaráðs og stjórnað af embættismönnum í heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytum viðkomandi landa. Í fréttatilkynningu sem gefin var út á s.l. ári, þegar fyrsta skýrslan kom út, kemur eftirfarandi fram:

„Í þessari skýrslu er lýst ástandi í húsnæðismálum aldraðra, fjölskyldugerð hjá þessum aldurshópi og þjónustu innan og utan stofnana. Þetta er fyrsta athugun sinnar tegundar á þessu sviði þar sem gerður er samanburður á heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu fyrir aldraða á Norðurlöndum. Niðurstöður skýrslunnar sýna að talsverður munur er á öldrunarþjónustu á Norðurlöndum. Hvað Ísland varðar kemur fram að mjög skortir á allar upplýsingar um þau atriði sem athuguð voru og gerir það allan samanburð mjög erfiðan."

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á því sem þarna kemur fram að *mjög skorti á allar upplýsingar um þessi mál hér á landi.*

Á síðasta Alþingi fékk allsherjarnefnd sameinaðs þings, sem hafði tillöguna til meðferðar, umsagnir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Tryggingastofnun ríkisins, Samtökum aldraðra, Húsnæðisstofnun ríkisins og Öldrunarráði Íslands. Þessar umsagnir eru birtar til upplýsingar í fylgiskjölum með tillögunni en allir þessir aðilar mæltu með samþykkt tillögunnar á síðasta Alþingi.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 12. jan. 1985.

Eggert Haukdal alþm.,
Alþingi við Austurvöll.

Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra.

Undirritaður fagnar framkominni þáltill. vegna umbóta í málefnum aldraðra og telur að hraða þurfi framkvæmd margra ákvæða sem sett voru með lögum um málefni aldraðra fyrir tveimur árum.

Til áréttingar.

1. **Húsnæðis- og vistunarmál**

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra hefur að undanförnu kannað framkvæmdir í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra víðs vegar um landið.

Margt hefur áunnist á þessu sviði í sveitarfélögum en nauðsynlegt er að gera ítarlega áætlun um framtíð þessara mála og kanna þróun með tilliti til fjölda aldraðra, þarfa þeirra, t.d. hvaða tegund húsnæðis og vistunar er þörf í umdæminu, hvernig standa dagvistarmál, heimaþjónusta o.s.frv.?

Rétt er einnig að athuga mjög gaumgæfilega reynslu annarra, eins og t.d. Grundar, Hrafnistu og Reykjavíkurborgar, af vernduðum íbúðum og vernduðum þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Hvað hefur tekist vel? Hvaða reynslu hafa íbúarnir sjálfir?

Á frekar að byggja þjónustuíbúðir en vistheimili? Hvernig er reynsla nágrannaþjóða okkar á þessu sviði? O.s.frv.

Alkunna er t.d. að á höfuðborgarsvæðinu ríkir mikil neyð meðal margra aldraðra í húsnæðis- og vistunarmálum. En hve mikil er hún? Hversu mörg rúm á hjúkrunarheimili vantar til þess að sinna eftirspurn: Eftir hvaða upplýsingum á að fara og hvernig á að meta þörfina? O.s.frv.

2. **Félagsleg staða**

Félagsleg staða aldraðra hefur batnað á margan hátt á undanförnum árum og umræða á ári aldraðra m.a. breytt viðhorfi margra til efri áranna.

Félagsmiðstöðvar aldraðra hafa risið víða um land og á s.l. ári voru 15 ár síðan Reykjavíkurborg hóf félags- og tómstundastarf fyrir aldraða með margvíslegri félagslegri þjónustu. Hefur því ríkuleg reynsla fengist á þessu sviði eftir því sem árin líða.

En er þörf á fleiri þáttum? Er þörf á öðrum greinum? Hvað vilja aldraðir sjálfir?

Nauðsynlegt er að kanna nákvæmlega hvernig hefur gengið, hvað hefur tekist vel eða illa o.s.frv.

3. **Framfærslukostnaður og fjárhagsleg afkoma**

Óþarfi er að bæta miklu við þennan þátt þáltill. Algengt er á almennum leigumarkaði í Reykjavík að litlar tveggja herbergja íbúðir séu leigðar á bilinu 8—12 000 kr. og oft með fyrirframgreiðslu.

Stundum verður slæm fjárhagsafkoma aldraðra til þess að þeir fá lélegasta húsnæðið á markaðnum, risíbúðir, kjallaraíbúðir, herbergi með lélegri hreinlætisaðstöðu, bílskúra o.fl.

Skv. upplýsingum Tryggingastofnunarinnar fengu um 33% af öldruðum í Reykjavík á s.l. sumri óskerta tekjutryggingu og segir það sína sögu. Ellimáladeild FR fær einnig fjölda mála á hverju ári þar sem um einhverjar leiðréttingar er að ræða gagnvart TR.

Talsvert hefur verið um það á undanförnum árum að aldraðir hafa fengið afslátt á ýmsum sviðum. Þær raddir verða þó æ háværari sem vilja betri fjárhagslega afkomu en „minna með afslætti."

Mörgum finnst vægast sagt óþægilegt að þurfa að sanna í tíma og ótíma hver maður sé, hvað maður sé gamall og hvað maður sé „fátækur".

Margir telja því eðlilegt að eigi að breyta viðhorfi til aldraðra og efri áranna þurfi einnig breytingu á þessu sviði.

En hér eins og á svo mörgum sviðum höfum við aðeins „tilfinningu fyrir" þessu, við „vitum hér um bil". Hér þarf að athuga nánar.

4. **Atvinna aldraðra og hlutastörf**

Athyglisverð könnun Jóns Björnssonar sálfræðings bendir á afar marga þætti sem nauðsynlegt er að gefa nánari gaum.

Reynsla starfsmanna í öldrunarþjónustu styður einnig niðurstöður könnunarinnar úr Reykjavík, þ.e. að margir aldraðir eru lítt undirbúnir verkalokum og kvíða þeim jafnvel fremur en hitt eins og fram kemur einnig í könnun sem VR lét gera meðal aldraðra félagsmanna sinna árið 1983.

Nauðsynlegt má teljast að gera átak á þessu sviði og draga einnig lærdóm af reynslu og þekkingu nágrannalanda okkar í þessum efnum.

5. **Ýmis atriði**

Ýmis önnur atriði má benda á sem staðfesta nauðsyn þess að fram fari ítarleg könnun á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra.

A. Nauðsynlegt er að kanna hvaða atriði nýju laganna hafa öðlast gildi og komið að gagni.

B. Rétt er að benda á að ýmis ákvæði í lögunum t.d. um ráðstöfunarfé í almennri vistdeild og sjúkradeild hafa ekki tekið gildi enn eftir tvö ár frá setningu laganna.

C. Enn eru ýmis ákvæði í lögum almannatrygginga um örorku og ellilífeyri sem breyta þyrfti til hagsbóta fyrir aldraða eins og t.d.:

1. Ekkjur/ekklar fá ekki ekkna/ekklabætur þegar maki deyr þegar þær/þeir eru ellilífeyrisþegar.
2. Ellilífeyrisþegi, sem legið hefur fjóra mánuði samtals á sjúkrahúsi s.l. 24 mánuði, missir lífeyri sinn, jafnvel þó að hann þurfi áfram að greiða fyrir húsnæði og opinber gjöld og sé eða hafi verið fyrirvinna heimilisins. Oft er þetta einnig erfið tilhugsun fyrir deyjandi fólk.
3. Nefna má einnig vistmenn á vistheimilum sem e.t.v. hafa haft niðurfellingu á gjaldi fyrir síma en verða að greiða afnotagjöld að fullu vilji þeir hafa síma á vistheimilum.
4. Breyta þarf sem fyrst reglum um ráðstöfunarfé á vistdeildum og sjúkradeildum.
5. Setja þarf félags- og tómstundastarf aldraðra undir ákvæði um endurgreiðslur ríkisins til jafns við heimaþjónustu, svo mikilvægur forverndarþáttur sem félagsstarfið er í raun.

D. Koma þarf í lög ákvæðum um endurmenntun og námsflokkakerfi aldraðra þar sem sveitarfélögum og félögum eða einstaklingum er gert kleift að standa fyrir ýmiss konar menningar- og menntunarstarfsemi fyrir aldraða.
Lögð er mikil áhersla og réttmæt á að leysa málefni þeirra sem verst eru settir en ekki má gleyma meiri hlutanum.

E. Kanna þarf hvort eigi væri mögulegt og rétt meðan enn eru svo margir aldraðir sem ekki eiga sitt eigið húsnæði að húsaleigustyrkur fengist frá Tryggingastofnun ríkisins enda yrði það aðeins tímabundið.

F. Nauðsynlegt má teljast að taka mið af reynslu starfsmanna í öldrunarþjónustu þegar lög og breytingar verða skoðaðar að nýju en ekki síður að leita ráða hjá öldruðum sjálfum og setja t.d. á laggirnar þriggja til fimm manna öldungaráð sem ráðgjafarnefnd.

Að ofansögðu vil ég leggja áherslu á að þáltill. fái afgreiðslu sem allra fyrst og sendi hér með niðurstöður á könnun á högum aldraðra 65 ára og eldri í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem sýnir glögglega að margt er enn ógert í málefnum aldraðra og ber að hraða úrbótum.

Virðingarfyllst,
Þórir S. Guðbergsson,
ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 17. jan. 1985.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
b/t Eggerts Haukdals alþm.,
Alþingishúsinu.

Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrisdeild, hefur athugað tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra, 64. mál, 107. löggjafarþing 1984.

Eins og segir í greinargerð er meginmarkmið þingsályktunartillögunnar það að fram fari ítarleg úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra hér á landi og slík úttekt verði síðan grundvöllur að skipulagðri áætlunargerð um umbætur í hagsmunamálum aldraðra á næstu árum.

Á grundvelli úttektarinnar verði síðan unnið að því að bæta kjör aldraðra í landinu.

Lífeyrisdeildin telur að mikill fræðilegur fengur verði að slíkri úttekt. Niðurstöður verði síðan notaðar við endurskoðun á lífeyristryggingakafla almannatryggingalaga.

Virðingarfyllst,
f.h. lífeyrisdeildar
Tryggingastofnunar ríkisins,
Hilmar Björgvinsson deildarstjóri.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, 17. des. 1984.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
Eggert Haukdal alþm.,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Við höfum móttekið bréf ykkar, dags. 4. des., þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka aldraðra um tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram ítarlega úttekt á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra og nái hún a.m.k. til fjögurra mikilvægra þátta sem fram eru dregnir.

Við höfum nú rætt ítarlega um tillöguna ásamt greinargerð hennar, mælum eindregið með henni og væntum, að hún verði sem fyrst samþykkt og nái fram að ganga. Teljum við þá öruggt að málefni aldraðra mundu brátt horfa betur á ýmsum sviðum.

Tvennt er það sem við vildum gjarna mega bæta hér við. Hið fyrra er um *starfslok* og *hlutastörf* sem vikið er ágætlega að og af næmum skilningi í greinargerð.

Stjórn okkar hefur einmitt oft rætt um þessi atriði og telur að eitt af því allra mikilvægasta sem vinna þarf markvisst að fyrir alla lífeyrisþega, sem heilsu hafa og þess óska, sé að tryggja þeim hlutastörf við hæfi.

Í nokkrum tilfellum höfum við getað komið til móts við félaga okkar í þessum efnum og höfum skrifað skeleggar greinar sem birst hafa í blöðum og tímaritum um þessi mál.

Hið síðara er að þegar samin verður reglugerð um framlög til málefna aldraðra má það ekki gleymast að frjáls félagasamtök eigi engu að síður skilið en sveitarfélög að þeim sé rétt hjálparhönd til þjónustuaðstöðu fyrir aldraða þegar hægt er að sanna að þau starfa á félagslegum grunni.

Með virðingu og þökk.

F.h. stjórnar SA,
Hans Jörgensson, formaður.
Sigurður Gunnarsson,
gjaldkeri.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 28. febr. 1985.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.
Eggert Haukdal alþm.

Erindi yðar í bréfi dags. 4. des. s.l. varðandi tillögu til þingsályktunar um umbætur í málefnum aldraðra var fram lagt á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 12. des. s.l. Á fundi hennar í gær var það tekið fyrir öðru sinni og neðangreind bókun samþykkt:

„Í tillögunni er lagt til, að ítarleg úttekt verði gerð á fjárhagslegri og félagslegri stöðu aldraðra, m.a. á sviði húsnæðis- og vistunarmála. Sjálfsagt hafa ýmsar sveitarstjórnir vitneskju um stöðu þeirra mála, hver hjá sér, en tæpast þekkja þær allar til hlítar hver staðan er í húsnæðis- og vistunarmálum aldraðra. Og mikið vantar á, að ríkisvaldið hafi fullkomnar upplýsingar þar að lútandi. Það er hins vegar mikilsvert, á þessu sviði húsnæðismálanna sem öðrum, að sem fullkomnastar upplýsingar liggi fyrir, bæði vegna þess fólks sem í hlut á og eins vegna þeirra miklu fjármuna sem tengjast því og mikilvægt er að ráðstafað sé með sem hagkvæmustum hætti. Með tilliti til þessa er mælt með samþykkt tillögunnar."

Þetta tilkynnist yður hér með.
Virðingarfyllst,
f. h. húsnæðismálastjórnar,
Sigurður E. Guðmundsson.

Fylgiskjal V.

Reykjavík, 28. des. 1984.

Til allsherjarnefndar
sameinaðs Alþingis.
b/t Eggerts Haukdals alþm.

Varðandi tillögu til þingsályktunar í málefnum aldraðra.

Eftir að bréf allsherjarnefndar, dags. 4. þ.m., barst Öldrunarráði Íslands þar sem óskað var umsagnar ráðsins um ofangreinda þingsályktunartillögu var ákveðið að ræða efni tillögunnar við Þorbjörn Broddason, lektor í félagsvísindadeild Háskóla Íslands, og leita umsagnar hans. Í dag afhenti Þorbjörn álitsgerð sína og fylgir hún hér með.

Ráðið er Þorbirni sammála um nauðsyn þess að allsherjarúttekt sé nú gerð á högum aldraðra hér á landi. Að undanförnu hafa allmargar staðbundnar kannanir verið gerðar á högum aldraðra að frumkvæði sveitarstjórna eða félaga, t.d. Rauða krossins og nú síðast Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Enda þótt kannanir þessar eigi margt sameiginlegt þá eru frávik þeirra svo mikil að af þeim væri naumast unnt að fá glögga heildarmynd. Vegna þess er nú mjög æskilegt að gerð verði samtímis á öllu landinu heildarkönnun á nægilega fjölmennu úrtaki aldraðra til þess að niðurstöður geti gefið glögga vísbendingu um kjör þeirra.

Nánar aðspurður um hugsanlega könnun taldi Þorbjörn Broddason að um 600 manna úrtak yrði talið nægilegt. Hann taldi að félagsvísindadeild Háskólans mundi geta framkvæmt könnunina fyrir fjármuni sem væru að lágmarki 500 þúsund krónur en milljón að hámarki. Enda þótt hér sé um lauslegar ágiskunartölur að ræða virðist auðsætt að marktæk heildarkönnun á lífsaðstöðu aldraðra Íslendinga verður ekki framkvæmd án þess að til hennar sé varið verulegum fjárhæðum. Það er einnig ljóst að þrátt fyrir þær afmörkuðu kannanir, sem gerðar hafa verið á ýmsum tímum á félagslegri stöðu aldraðra, þá er nú tími til þess kominn að heildarkönnun verði gerð þar sem reynt verði að fá óyggjandi svör við þeim fjórum meginatriðum sem flutningsmenn tillögunnar nefna, auk annarra sem einnig hlýtur að verða fróðlegt að fá vitneskju um frá hinum öldruðu sjálfum.

Sívaxandi hópur aldraðra bíður þess nú að þeir sem yngri eru sameinist um leiðir til þess að létta byrði elliáranna. Enda þótt þeir, sem enn eru í blóma lífsins, geti oft farið nærri um hvar einkum sé þörf liðveislu þá er áreiðanlega öruggara að spyrja hina öldnu sjálfa hvaðan þeir telji sig einkum þurfa á hjálp að halda til að geta notið elliáranna. Þess vegna er könnun á högum þeirra nauðsynleg. Að henni lokinni þarf að taka til við að sameina kraftana um að veita þá aðstoð sem eftir verður leitað.

Virðingarfyllst,
f. h. Öldrunarráðs Íslands,
Sigurður H. Guðmundsson,
formaður.

Álitsgerð Þorbjarnar Broddasonar.

Tillaga þingmanna Alþýðuflokksins til þingsályktunar um málefni aldraðra á rætur að rekja til þess að raunverulegur og hlutfallslegur fjöldi aldraðra fer ört vaxandi vegna aukins langlífis þjóðarinnar. Jafnframt hefur þróun atvinnumála verið á þann veg að sífellt verður óhægara fyrir aldraða að ganga til starfa með öðrum þegnum þjóðfélagsins. Loks hafa fjölskyldu- og heimilishættir breyst þannig að heita má að einkabústöðum mikils hluta þjóðarinnar sé lokað á morgnana á virkum dögum en þeir síðan opnaðir aftur á kvöldin. Þannig hafa hinir fullfrísku í hópi aldraðra glatað stöðu sinni á vinnumarkaði, en hinir hafa glatað því skjóli sem heimilin voru á þeim tíma þegar þau voru rekin allan sólarhringinn.

Full nauðsyn er á úttekt af því tagi sem gert er ráð fyrir í tillögunni og slík úttekt er vel framkvæmanleg. Henni mætti skipta í þrjá meginátanga: i) rækilega könnun á fyrirliggjandi staðtölulegum gögnum; ii) yfirlit um fyrri kannanir meðal aldraðra og helstu niðurstöður þeirra; iii) umfangsmikla viðtalakönnun sem tæki til nokkur hundruð einstaklinga á öllu landinu.

Fyrsti áfanginn er nauðsynlegur til þess að menn geti glöggvað sig á því sem vitað er nú þegar. Annar áfanginn mun fyrst og fremst nýtast til að leiða í ljós þau svið sem mestu máli skipta, skapa hugmyndir að aðferðum og spurningum og hindra tvíverknað og mistök. Fjöldi kannana hefur verið gerður sem hafa má mikil not af. Sem dæmi má nefna tvær mjög nýlegar kannanir, aðra á vegum Verslunarmannafélags Reykjavíkur en hina á vegum Borgarneshrepps. Við þessar kannanir virðast sömu meginsjónarmið hafa verið höfð að leiðarljósi og koma fram í umræddri þingsályktunartillögu. Þriðji áfanginn er mikilvægastur og tímafrekastur. En hann er óumflýjanlegur vegna þess að naumast verður með nokkrum öðrum hætti grafist fyrir um þau vandamál sem þingsályktunartillagan fjallar um. Skilyrði aldraðra eru geysimismunandi, e.t.v. í ríkari mæli en nokkurs annars þjóðfélagshóps. Til hliðsjónar má hafa ýmsa aðra flokka sem okkur eru tungutamir svo sem „kona“, „Íslendingur“, „sjúklingur“ og okkur verður ljóst að flokkunarheitið „aldraður“ eitt sér er ákaflega lítið lýsandi.

Til þess að könnun nái tilgangi sínum verður hún að vera í formi persónulegra viðtala á heimilum þeirra sem lenda í úrtaki, en úrtakið verður að vera þannig valið að allir aldraðir hafi haft jafna möguleika til að lenda í því. Könnunin þarf að vera viðamikil í tvennum skilningi. Annars vegar verða spurningarnar að vera allítarlegar og spyrjandinn verður að geta gefið sér góðan tíma með hverjum viðmælanda, hins vegar verður úrtakið að vera allstórt sem stafar m.a. af því hversu sundurleitur hópur aldraðir eru svo sem fyrr greinir.

Undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar ætti að fela sérfróðum aðilum með reynslu á sviði kannana og tölvuvinnslu.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1978, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Gunnar G. Schram.

1. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

Það telst óvígð sambúð samkv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og skal þeim beitt við skipti á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er snertir fjármálauppgjör við sambúðarslit. Margsinnis hefur komið fram mikið misrétti við slíkt uppgjör og oft risið upp vandasöm mál sem mörg ár hefur tekið að leysa vegna þess að alla lagavernd vantar við slit á óvígðri sambúð. Eignamyndun er oftast sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint þegar kona vinnur á heimili og stuðlar þannig að bættri aðstöðu karlmannsins til tekjuöflunar.

Nefna má að stundum stendur sambúð svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Ef um eignamyndun í húsnæði er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit þegar aðeins annar aðilinn er skráður eigandi fasteigna. Í hæstaréttardómum má sjá að oft hefur verið farin sú leið, til að draga úr mesta óréttlætinu, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. Það liggur þó í augum uppi, ef eignamyndun hefur verið mikil á sambúðartímanum, að slík þóknun getur verið hverfandi í samanburði við eignirnar. Hin síðari ár hefur þó niðurstaða dómstóla um slit óvígðrar sambúðar í auknum mæli verið sú, til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu, að farið er að dæma um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum eða viðurkenna sameign aðila. Með þeirri stefnubreytingu er að nokkru leyti tekið tillit til framlags beggja til eignamyndunar sem orðið hefur á sambúðartímanum. Ljóst er þó að dómstólaleiðin er bæði erfið, dýr og oft seinvirk. Það getur því tekið nokkur ár að fá niðurstöðu um fjárskipti við slit á óvígðri sambúð. Með þeirri leið, sem hér er lögð til í þessu frumvarpi — að skiptarétti verði heimilt að skipta búi sambúðarfólks, — yrði komið í veg fyrir löng og erfið málaferli fyrir almennum dómstólum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á athyglisverðar upplýsingar sem komu fram í erindi sem Guðrún Erlendsdóttir dósent flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 og sýna ljóslega hve brýnt er að tryggja réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð við sambúðarslit að því er varðar fjármálauppgjör. Þar kemur fram að þingfest mál varðandi fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar í bæjarþingi Reykjavíkur voru milli 80—90 árið 1982, en á milli 90—100 á árinu 1983.

Sú breyting, sem hér er lögð til um skipti á dánarbúum og félagsbúum, mundi tvímælalaust gera fjármálauppgjör við slit á óvígðri sambúð auðveldara viðfangs og koma í veg fyrir fjárhagstjón annars aðilans sem því miður hefur orðið raunin á undanförnum árum.

Ljóst er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, hefur vaxið ár frá ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fram koma í Hagtíðindum í janúar 1985, er fjöldi þeirra, sem eru í óvígðri sambúð, 10 594. Börn foreldra, sem búa í óvígðri sambúð, eru 5 147. Sennilegt er að fjöldi þeirra, sem búa í óvígðri sambúð, sé mun meiri en upplýsingar eru um hjá Hagstofu.

Á það skal bent að Alþingi lét þetta mál til sín taka á árinu 1980, en þá var lögð fram þingsályktunartillaga frá þingmönnum Alþýðuflokksins um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Þessi þingsályktunartillaga var samþykkt 17. febrúar 1981 og hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Þó að á 5. ár sé liðið frá samþykkt þessarar tillögu situr allt við það sama í þessu hagsmunamáli fólks í óvígðri sambúð. Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, einkum efnahagsleg, einkennist því áfram af öryggisleysi og óvissu við slit sambúðar. — Allt að einu liggur þó fyrir vilji Alþingis um að tryggja beri réttarstöðu þessa fólks með tilliti til eignar- og erfðaréttar.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps að mikið sé í húfi og að Alþingi eigi að taka þegar af skarið til að tryggja eignarrétt í óvígðri sambúð. Verði skiptarétti heimilt að skipta búi sambúðarfólks yrði hvort tveggja í senn hægt að koma í veg fyrir tímafrekan málarekstur við slit á óvígðri sambúð og — það sem ekki er minna um vert — að hindra að annar sambúðaraðilinn bíði mikið fjárhagslegt tjón þegar upp úr sambúð slitnar.

Norrænar sifjalaganefndir, bæði í Danmörku og Noregi, hafa lagt til að þessi leið verði farin og í Svíþjóð liggur fyrir frumvarp þar um.

Í fylgiskjali I með þessu frumvarpi er kafli úr ritgerð Guðrúnar Erlendsdóttur dósents í Tímariti lögfræðinga, 3. hefti, nóvember 1981, um „Fjármál hjóna og sambúðarfólks". Er þar greint frá norrænni samvinnu á þessu sviði og umfjöllun dönsku og norsku sifjalaganefndanna um þetta mál, svo og dómum um sameign. — Sérstaklega skal bent á álit dönsku sifjalaganefndarinnar sem telur mikilvægt að fjárskipti við slit óvígðrar sambúðar geti komið fyrir skiptarétt. Að auki má benda sérstaklega á þann kafla í ritgerðinni sem ber heitið „Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?" Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að breyta skiptalögum á þann veg að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Í fylgiskjali II er birtur hluti erindis Guðrúnar Erlendsdóttur sem hún flutti á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984 þar sem raktir eru íslenskir dómar sem gengið hafa vegna slita á óvígðri sambúð.

Fylgiskjal I.

Guðrún Erlendsdóttir dósent:

FJÁRMÁL HJÓNA OG SAMBÚÐARFÓLKS

(Úr grein í Tímariti lögfræðinga 1981, 3. hefti, bls. 137—144.)

Dómar um sameign.

Í íslenskum dómum hafa verið gerðar mjög strangar kröfur til sönnunar á því, að eign, sem hefur myndast á sambúðartíma, verði talin sameign aðila. Slíkt var þó talið í einum dómi frá 1967, og í hæstaréttardómi 1978 (bls. 895), sem var um fjárskipti sambúðarfólks, er búið hafði saman í 4 ár. Sagði í sératkvæði eins dómara, að lagarök stæðu til þess, að konan öðlaðist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúðinni stóð. Í hrd. frá 4. febrúar 1981, sem fjallaði um fjárskipti milli karls og konu, sem búið höfðu saman í 2½ ár, var konunni dæmd peningaupphæð fyrir hlutdeild hennar í eignamynduninni. Er þetta athyglisverður dómur og virðist fela í sér stefnubreytingu hjá Hæstarétti í þessum málum. Að öðru leyti hefur ekki verið viðurkennt í íslenskum dómum, að sameign myndist á sambúðartíma.

Í Svíþjóð hefur verið tilhneiging til að líta svo á, að íbúð og innbú séu sameign við slit sambúðar, en dómar veita þó ekki glögg svör um þetta. Þarna er ekki átt við sameign í fjármunalegum skilningi, heldur er þetta skiptaregla.

Tveir sænskir dómar, hofréttardómar, fjölluðu um hjón, sem fengið höfðu skilnað að borði og sæng (hemskillnad), en bjuggu áfram saman. Keypt var eign sem samkvæmt skilnaðardóminum var séreign þess, sem keypti, þannig að aðstæður voru svipaðar og hjá sambúðarfólki. Var talið, að sameign gæti myndast, ef eignin væri keypt til sameiginlegra nota, og sá, sem ekki keypti, hefði gert kaupin möguleg með fjárhagsaðstoð sinni, annaðhvort eigin tekjum eða vinnu á heimili, og loks mátti enginn samningur vera á milli aðila þess efnis, að kaupandi hlutar skuli einn talinn eigandi hans.

Í Danmörku hafa gengið margir dómar um sameign við slit sambúðar. Eru margir þeirra reifaðir í bók Inger Margrete Pedersen, Papirløse samlivsforhold, bls. 83—94, og í Betænkning 915, 1980, bls. 104—112. Eins og þar kemur fram, eru dómarnir margbreytilegir og sýna ljóslega, að sambúðarformin eru ákaflega mismunandi. Af dómunum má ráða, að tilhneiging er til að ætla, að sameign verði um innbú, ef báðir aðilar hafa haft tekjur og sambúð hefur ekki verið stutt. Í öllum dómunum hafa báðir aðilar haft einhverjar tekjur, og virðist ekki vera tekin afstaða til þess, hvort sameign geti myndast, ef annar aðilinn er heimavinnandi; einnig virðist vinna á heimilinu vera metin á mismunandi hátt í dómunum.

Það er rétt að benda á, að skiptaréttur í Danmörku hefur tekið bú sambúðaraðila til skipta, þegar erfitt hefur verið að greina í sundur eignir aðila. Þegar mörgum eignum er blandað saman, er talið fyrir hendi bú, sem hægt er að slíta hjá skiptarétti samkvæmt 82. gr. skiptalaga.

Í norskum rétti er ekki hægt að láta skiptarétt skipta búi sambúðarfólks, og ekki heldur á Íslandi, og gekk um það hæstaréttardómur 1980 (bls. 1489), þar sem ekki var fallist á, að 90. gr. íslensku skiptalaganna, sem fjallar um skipti á öðrum búum en dánarbúum, verði beitt um skipti vegna slita á óvígðri sambúð.

Í Noregi hafa dómstólar viðurkennt sameign í ríkum mæli, bæði þegar báðir aðilar hafa haft tekjur, sem farið hafa til kaupa á hlut, án þess að unnt sé að sanna hlutföll hvors um sig, svo og þegar annar aðili notar sínar tekjur til heimilisútgjalda en hinn notar tekjurnar til fjárfestingar, sérstaklega, ef um er að ræða hluti til sameiginlegra nota, íbúð og innbú. Þótt aðeins annar aðilinn hafi tekjur en hinn sé heimavinnandi hefur sameign verið viðurkennd,

og er það í samræmi við „húsmóður"-dóminn. Í dómi í Rt. 1978:1352 er fjallað um óvígða sambúð. Þar virðist lagt til grundvallar, að hægt sé að nota sömu sjónarmið um sambúð og hjúskap að því er snertir heimavinnu konu. Það er þó talið, að sambúðin verði að vera varanleg og fjárhagsleg samstaða með aðilum til þess að sameign myndist. Þeir dómar, sem dæmt hafa sameign í hjúskap, hafa takmarkað sameignina við sameiginlegan bústað og innbú. Ef um sambúð er að ræða, er talið hugsanlegt, að sameign myndist í öllu búinu, en ekki bara einstökum hlutum. Sambúð hefur einnig verið talin ná til hluta, sem aflað var fyrir sambúðina, ef þeir hafa raunverulega blandast saman við aðrar eignir. Í fyrrgreindum dómi (Rt. 1978: 1352) taldi hæstiréttur, að sameign hefði líka myndast um hluti, sem til voru fyrir sambúðina, því að þeir höfðu blandast öðrum eignum. Dómurinn fjallaði um slit á sambúð vegna andláts annars aðila, og taldi hæstiréttur að 63. gr. norsku skiptalaganna um rétt eftirlifandi maka til útlagningar væri eftir atvikum hægt að nota um eftirlifandi sambúðaraðila.

Samkvæmt norskri lagaframkvæmd er sameign einnig virk meðan sambúðin varir, en er ekki eingöngu skiptaregla. Að því er varðar hlut aðila í sameigninni, virðast dómar ganga langt í þá átt að líta á aðila sem sameigendur að jöfnu.

— — —

Framangreindir dómar sýna, að dómstólar á Norðurlöndum fara mismunandi leiðir við fjárskipti vegna sambúðarslita. Þeir leiða einnig í ljós að fjárhagsleg réttarstaða sambúðarfólks er óörugg.

Þó að aðalreglan sé sú, að sambúðaraðilar hafi sjálfstæðan fjárhag geta ýmsar réttarreglur valdið því, að um viðtæka fjárhagssamstöðu verður að ræða með þeim. Þótt aðilar hafi enga samninga gert um fjármál sín, getur það haft þýðingu samkvæmt almennum reglum fjármunaréttarins, að í raun hafa þau haft sameiginlegan fjárhag. Þetta verður að meta hverju sinni. Taka verður tillit til þess, hvort annar aðilinn hafi lagt eitthvað af mörkum til eignaaukningar hins og það gæti orðið álitaefni, hvort annar aðili eigi skaðabótakröfu eða auðgunarkröfu á hendur hinum. Aðstæður geta vitanlega einnig verið þannig, að báðir aðilar hafi lagt fjármuni af mörkum til kaupa á hlut, á þann hátt að um sameign sé að ræða eftir almennum reglum fjármunaréttarins.

Hugmyndir um, að heimavinnandi sambúðaraðili verði virkur sameigandi að öllum eignum, sem myndast í sambúðinni, finnst mér ganga nokkuð langt.

Samvinna Norðurlanda o. fl.

Á Norðurlöndum hefur hin síðari ár verið fjallað um vandamál fólks í óvígðri sambúð. Fyrirmæli þau, sem sænska sifjalaganefndin fékk 1969, voru á þá leið, að ný hjúskaparlöggjöf ætti að vera hlutlaus gagnvart öðrum sambúðarformum. Hjónabandið ætti að skipa aðalsætið innan sifjaréttarins, en það ætti að reyna að láta engin þau ákvæði vera í hjúskaparlöggjöfinni, sem sköpuðu vandræði fyrir þá, sem byggju saman ógift. Tilgangurinn með hjúskaparlöggjöfinni ætti að vera sá að leysa raunhæf vandamál og reglurnar ætti að orða þannig, að allir gætu verið þeim fylgjandi. Þá væri hægt að varðveita hjónabandið sem hið almenna sambúðarform fyrir yfirgnæfandi meiri hluta fólks.

Eitt af umræðuefnunum á 27. norræna lögfræðingaþinginu í Reykjavík 1975 var óvígð sambúð (Den papirløse familie), og voru framsögumenn Inger Margrete Pedersen og Kirsti Bull. Niðurstaðan af þeim umræðum var sú, að ekki væri rétt að hafa algert jafnrétti milli þessara tveggja sambúðarforma. Miklar umræður urðu um það, við hvað ætti að miða sambúðina, ákveðinn árafjölda, börn, skráningu. Var talið, að þetta yrði að athuga í hverju samhengi fyrir sig, og gæti það verið breytilegt eftir því, um hvaða svið væri að ræða.

Aðalframsögumaðurinn var mótfallinn sameignarfyrirkomulagi og lagði fram drög að frumvarpi, sem byggðist á því, að unnt væri að dæma annan aðilann til að greiða hinum

fjárhæð við skiptin til að tryggja að hann yrði ekki bersýnilega illa settur fjárhagslega. Hinn framsögumaðurinn var aftur á móti fylgjandi sameignartilhögun.

Sumarið 1979 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Uppsölum um „Family Living in a Changing Society", og var þar mikið fjallað um óvígða sambúð og þau vandamál, sem hún hefur í för með sér. Ekki virtist þar vera um neina alþjóðlega tilhneigingu að ræða til að setja yfirgripsmikla löggjöf um óvígða sambúð.

Norðurlandaráð hefur fjallað um nauðsyn þess að setja reglur um óvígða sambúð á fundum sínum 1976, 1978 og 1979. Samþykkt var ályktun til ráðherranefndarinnar um norræna samvinnu í þessu efni, að stefnt yrði að sem líkustum lausnum í löndunum.

Sifjalaganefndir Norðurlanda hafa haft málefni sambúðarfólks til meðferðar, og hafa verið gefnar út álitsgerðir um það efni í Danmörku og Noregi. Skýrslur þessar eru mjög ítarlegar, og mun ég í stuttu máli gera grein fyrir niðurstöðum þeim, sem að var komist með tilliti til nauðsynlegrar löggjafar um fjármál sambúðarfólks.

Danska nefndin.

Nefndin mælir ekki með því að lögfesta almennar reglur um fjármál sambúðarfólks, meðan allt leikur í lyndi hjá þeim, en telur þörf vera á því að vernda þann aðila sem verr stendur að vígi við slit sambúðar. Einnig telur nefndin mikilvægt, að fjárskiptin geti komið undir skiptarétt. Eftirfarandi tillaga kom fram sem viðbót við 82. gr. skiptalaga:

a) „Opløses et samliv mellem to personer, kan skifteretten foretage deling af deres formue."
b) „Ved opløsning af et samliv mellem to personer kan skifteretten pålægge den ene part at yde den anden et beløb for at sikre at denne ikke stilles åbenbart urimeligt (væsenligt ringere end stemmende med billighed), navnlig når hensyn tages til parternes økonomiske forhold og samlivets varighed. Hensyn kan også tages til den insats, den pågældende har ydet til det fælles hjem gennem arbejde, bidrag til det fælles underhold, afsavn eller på en anden måde."

Þessi ákvæði eru ekki einskorðuð við sambúðarfólk, en miðast þó fyrst og fremst við fjárskipti þeirra.

Nefndin er sammála um, að ekki eigi að lögfesta lögerfðarétt milli sambúðarfólks. Helmingur nefndarmanna telur, að sanngirnisreglan, sem lýst er hér að framan (b) eigi að koma til við skipti, þegar sambúð lýkur vegna andláts annars aðila, en hinn helmingurinn er andvígur því. Nefndin er sammála um, að eftirlifandi sambúðaraðili eigi ekki að hafa rétt til útlagningar eftir virðingu á eignum hins látna.

Danska sifjalaganefndin hefur í fyrri álitsgerð nr. 4 um skilyrði skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðar (719/1974) lagt til, að lögfest verði regla þess efnis að skylda til að greiða fyrrverandi maka framfærslueyri falli niður, ef sá sem réttinn á, stofnar til óvígðrar sambúðar, alveg á sama hátt og hann fellur niður ef hann gengur í hjúskap.

Meiri hluti nefndarinnar vill breyta erfðalögum á þann veg, að erfingi geti krafist skipta, ef eftirlifandi maki í óskiptu búi hefur verið í sambúð í tvö ár.

Meiri hluti nefndarinnar leggur einnig til, að ráðherra fái aukna heimild til að lækka erfðafjárskatt til hagsbóta fyrir sambúðaraðila.

Norska nefndin.

Nefndin var sammála um að mæla ekki með yfirgripsmikilli löggjöf um óvígða sambúð heldur takmarkaðri löggjöf á sviðum þar sem sérstök þörf er fyrir löggjöf, en tilgangurinn væri fyrst og fremst að vernda veikara aðilann í sambúðinni og börnin. Að öðru leyti yrði að treysta á almennar reglur fjármunaréttarins, þ. á m. reglurnar um sameign og þann dómapraksis, sem orðið hefur um sameign milli sambúðarfólks.

Nefndin leggur til, að við ákvæðið í hjúskaparlögunum um brottfall framfærslueyris, ef það hjóna, sem hans nýtur, giftist að nýju, verði bætt þessum orðum:

„Det samme gjelder dersom den berettigede har bodd og leved sammen med en person av motsatt kjønn i minst ett år."

Nefndin leggur einnig til, að heimild til setu í óskiptu búi falli niður, ekki einungis ef langlífari maki giftir sig að nýju, heldur einnig ef hann stofnar til sambúðar og hefur búið a. m. k. í eitt ár með persónu af gagnstæðu kyni.

Nefndin mælir með því, að sett verði löggjöf um rétt sambúðaraðila til sameiginlegs bústaðar við slit sambúðar, hvort sem er fyrir andlát eða önnur atvik. Lögin eiga eingöngu að gilda, þegar sambúðaraðilar eiga barn saman eða barn í vændum, eða þegar sambúðin hefur staðið í 3 ár hið skemmsta.

Nefndin gerir enga tillögu um lögfestingu lögerfðaréttar til handa sambúðarfólki.

— — —

Álitsgerðir sænsku og finnsku sifjalaganefndanna liggja ekki fyrir, en talið er að verulegur áhugi sé á því, að leysa fjárskiptamál sambúðarfólks á grundvelli sameignarreglna.

Íslenska sifjalaganefndin hefur aðeins að litlu leyti fjallað um vandamál sambúðarfólks og er ekki tilbúin með tillögur um lausn þeirra.

Er þörf á lagareglum um fjármál sambúðarfólks?

Margs konar sjónarmið eru uppi um það, hvort lögfesta eigi reglur um óvígða sambúð.

Þeir, sem eru á móti sambúð af siðrænum eða trúarlegum ástæðum, telja, að með því að setja lagareglur um óvígða sambúð, sé verið að viðurkenna hana sem eitthvað eftirsóknarvert, fleiri muni velja það sambúðarform, sem annars hefðu gengið í hjúskap, og myndi þetta því veikja hjónabandið sem þjóðfélagsstofnun.

Margir telja, að löggjafinn eigi sem allra minnst að skipta sér af óvígðri sambúð. Ekki sé þörf á að setja reglur milli fullorðinna sjálfstæðra einstaklinga, sem hafa sjálfir valið sitt sambúðarform.

Svo eru það aðrir, sem telja, að um lagalegt jafnrétti eigi að vera að ræða milli giftra og ógiftra sem búa saman. Hér sé um að ræða tvö sambúðarform, sem hafi sama þjóðfélagslega hlutverki að gegna, sérstaklega þegar aðilar eiga börn saman.

Að mínu mati er hjúskapur einfaldasta lausnin og best til þess fallin að mynda ramma um fjölskyldulífið og tryggja best öryggi fólks bæði tilfinningalega og fjárhagslega. Reglur um hjúskap verða því að vera í samræmi við breytt viðhorf í þjóðfélaginu, þannig að fólk velji hann frekar en sambúð.

Ég tel útilokað að láta reglur hjúskaparlaganna ná yfir sambúðarfólk. Hjúskapur er samningur tveggja einstaklinga, sem fær staðfestingu yfirvalda. Með þessum samningi gangast hjónin undir réttaráhrif þau, sem hjúskaparlöggjöfin segir til um. Sambúðarfólk gengst ekki undir neinn slíkan samning, og ef réttaráhrif hjúskapar ættu einnig að ná til sambúðarfólks, bryti það líklega í bága við 16. gr. Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem kveður á um samþykki hjónaefna til hjónavígslu.

Ég er einnig mótfallin því að sett verði sérlöggjöf um sambúðarfólk. Með því skapast sú hætta, að litið verði á sambúð sem annars flokks hjúskap.

Það sem talar gegn löggjöf er, að hún er alls ekki nauðsynleg og hefur í för með sér fleiri ókosti en kosti. Eins og minnst var á hér að framan, er ákaflega erfitt að komast að niðurstöðu um það, hvaða tegund sambúðar eigi að hafa réttaráhrif, og sambúðartilvikin eru ákaflega mismunandi. Verulegur hluti þess fólks, sem býr saman ógift, gengur síðar í hjúskap. Það má ekki heldur gleyma þeim, sem gagngert hafa valið sambúð í þeim tilgangi að losna við réttaráhrif hjúskapar. Lagareglur myndu því aðeins hafa þýðingu fyrir tiltölulega lítinn hluta sambúðarfólks, og tel ég ekki rétt að lögfesta reglur, sem eiga aðeins hljómgrunn hjá litlum hluta þeirra, sem þær eiga að gilda um.

Á þá löggjafinn að láta sambúðarfólk alveg afskiptalaust? Nei, ekki get ég fallist á það. Það er ekki hægt að líta fram hjá því, að verulegur hluti sambúðarfólks býr saman í lengri tíma og aðeins lítill hluti þeirra hefur reynt að leysa fjárhagsvandamál sín með samningum eða erfðaskrám. Mikil vandamál geta því risið, þegar slík sambúð endar eftir langan tíma, og þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt að setja lagareglur um afmarkað svið, sem byggja á hagsmunalegri samstöðu og verndarsjónarmiðum hjúskaparlöggjafarinnar til að koma í veg fyrir ósanngjarna niðurstöðu við fjárskiptin.

Þá kemur aðallega tvennt til greina. Annars vegar að lögfesta reglu um, að þær eignir, sem myndast í sambúðinni og ætlaðar eru til sameiginlegra nota, verði sameign aðila og skiptist samkvæmt því, og hins vegar að lögfesta reglu, sem heimilar að dæma annan aðilann til að greiða hinum fé við skiptin til að koma í veg fyrir, að hann verði illa settur.

Ég hallast frekar að síðari kostinum og tel, að með honum sé hægt að koma í veg fyrir ósanngjörn úrslit fjárskipta milli sambúðarfólks. Að því er fyrri kostinn varðar, þá tel ég hættu á, að þetta sé ekki nægilega sveigjanleg regla og alls ekki sanngjörn í öllum tilvikum.

Ég tel einnig nauðsynlegt að breyta skiptalögum á þann veg, að skiptaréttur geti skipt búi sambúðarfólks.

Þá tel ég, að ekki eigi að vera fjárhagslega hagkvæmara fyrir fólk að búa saman ógift en gift, og sé því rétt að breyta þeim reglum, sem hafa þau áhrif. Því tel ég rétt, að réttur til framfærslueyris úr hendi fyrrverandi maka falli niður, ef rétthafi er í varanlegri sambúð, svo og réttur langlífari maka til setu í óskiptu búi. Rétt er að láta sömu reglur gilda í þessum tilvikum, hvort sem gengið er í hjúskap eða sambúð, því að svipuð sjónarmið koma til greina.

Fylgiskjal II.

Guðrún Erlendsdóttir dósent:

ÓVÍGÐ SAMBÚÐ

(Úr erindi sem flutt var á fundi Dómarafélags Íslands 25. október 1984.)

Í íslenskum dómum hafa verið gerðar strangar kröfur til sönnunar á því, að eign, sem myndast hefur á sambúðartíma, verði talin sameign aðila. Slíkt var þó talið í hrd. 1967:631. Árið 1981 gekk dómur í Hæstarétti, hrd. 1981:128, þar sem í fyrsta skipti er vikið frá þeirri dómvenju að dæma ráðskonulaun, og var öðrum sambúðaraðila dæmd hlutdeild í þeirri eignamyndun, sem hafði átt sér stað á sambúðartímanum. (Í sératkvæði í hrd. 1978:893 taldi einn dómarinn lagarök benda til þess, að sambúðarkona öðlaðist hlutdeild í þeirri fjármunamyndun, sem varð meðan á sambúð stóð.) Frá því að sá dómur gekk hafa gengið fjórir hæstaréttardómar um fjárskipti vegna slita á óvígðri sambúð, og virðist vera unnt að lesa úr þeim dómum ákveðna stefnubreytingu hjá Hæstarétti. Að vísu er í tveimur þessara dóma, hrd. 1982:1107 og hrd. 1983:865, dæmd greiðsla vegna vinnuframlags á heimili á sambúðartíma, en hafa ber í huga, að í hvorugu málinu var höfð uppi krafa um hlutdeild í eignamyndun eða um sameign, og bæði málin voru höfðuð áður en hrd. 1981:128 gekk. Í báðum þessum dómum voru sératkvæði tveggja dómara, þar sem tekið var fram, að sambúðarkonan hafi ekki litið á sig sem ráðskonu eða gert áskilnað um launagreiðslu, og einnig var sérstaklega tekið fram, að kröfur væru ekki byggðar á því, að sambúðarkonan hafi öðlast hlutdeild í eignamyndun.

Í hrd. 1982:1141 og hrd. 1982:1412 var viðurkennt, að eign, sem myndaðist á sambúðartíma, væri sameign aðila við slit sambúðar.

Í **hrd. 1982:1141** var viðurkennt, að fasteign og söluandvirði bifreiðar væru sameign aðila að jöfnu, en ágreiningur var ekki um aðrar eignir. Sambúð hafði staðið í 3½ ár, bæði unnu fyrir launum utan heimilis og bæði fengu fé að láni. Auk þess fékk M greiddan arf og K tók út sparifé sitt. Síðan segir: „Eignir þær, sem ágreiningur aðilja tekur til, voru keyptar á sambúðartímanum í þágu beggja. Sýnt er, að fé beggja hefur gengið til kaupa á eignum þessum beint eða óbeint, þótt ekki verði séð með vissu, hversu mikið hvort um sig lagði fram. Verður því að telja, að eignir þessar hafi orðið sameign þeirra, þó að þær væru skráðar á nafni áfrýjanda. Þegar þess er gætt, sem nú er rakið, höfð hliðsjón af tekjum aðilja á sambúðartímanum og annarri fjáröflun og litið til yfirlýsingar áfrýjanda í niðurlagi bréfs hans til stefndu 21. júní 1977, sem greind er í héraðsdómi, þykir mega við það miða, að eignarhlutdeild aðilja í hinum umdeildu eignum sé jöfn."

Í **hrd. 1982:1412** var viðurkennd sameign um fasteign, en sambúð aðila hafði staðið árin 1952—1960 og aftur 1962—1973. Á hinu síðara sambúðarskeiði reistu aðilar hús til íbúðar fjölskyldunni, en virðast ekki hafa haft hjúskap í huga. Bygginguna kostuðu þau með söluverði íbúðar, sem var eign K, áður en sambúð hófst, og að öðru leyti af tekjum sínum og með vinnu sinni. Taldi Hæstiréttur, að M hefði öðlast eignarhlutdeild í fasteigninni, þótt hún væri skráð á nafni K. Var litið svo á, að meira en helmingur af byggingarkostnaði hússins hefði verið greiddur með söluverði íbúðar K, en að öðru leyti yrði að gera ráð fyrir, að báðir aðilar hafi staðið straum af byggingarkostnaðinum, en bæði höfðu tekjur af vinnu utan heimilis, og M vann töluvert við bygginguna, en K lagði fram vinnu við sameiginlegt heimilishald. Var eignarhluti M í fasteigninni talinn 20% en hlutur K 80%.

Hrd. 1981:128 — M og K voru í óvígðri sambúð frá því haustið 1970 þar til í apríl 1973, er slitnaði upp úr sambúðinni. M vann úti allan tímann en K frá því um sumarið 1971. Á sambúðartímanum fékk M lóð og hófst handa um að reisa íbúðarhús fyrir þau. Er sambúðin slitnaði, var húsbyggingin skammt á veg komin, og seldi M eignina skömmu eftir sambúðarslit í skiptum fyrir bifreið, sem hann taldi á skattframtali vera andvirði gkr. 350 000. K taldi nettóverðmæti eignarinnar ekki hafa numið lægri fjárhæð en gkr. 1 500 000 og höfðaði hún mál á hendur M til heimtu á gkr. 750 000. Kröfu sína byggði K aðallega á því, að allar eignir, sem myndast hefðu á sambúðartímanum, hafi verið í óskiptri sameign þeirra K og M, og ættu þau tilkall til þeirra að jöfnu. Veruleg eignamyndun hafi átt sér stað á sambúðartímanum, en þau hafi verið eignalaus í upphafi sambúðar. K kvaðst hafa lagt til bæði vinnu og fé til byggingarinnar, en auk þess keypt nær allt til heimilishalds og séð ein um heimilisstörfin. Til vara byggði K kröfu sína á því, að hún ætti rétt á endurgjaldi fyrir vinnu og framlög í þágu sameiginlegs heimilishalds og eignamyndunar á sambúðartímanum. — M krafðist sýknu á þeim grundvelli, að K hafi hvorki lagt fé né vinnu til byggingar hússins, eignin hafi verið skráð á nafn M og talin hans eign á skattframtali. M mótmælti því, að andvirði eignarinnar væri meira en hann hafi gefið upp til skatts. Jafnframt byggði M á því, að við sambúðarslitin hafi K fengið nær allt innbú í sinn hlut, og benti á, að heimilishaldið hafi verið mjög smátt í sniðum, auk þess sem hann hafi haft miklu hærri tekjur en K á sambúðartímanum. Héraðsdómur taldi, að K hefði með vinnu við sameiginlegt heimilishald lagt til vinnuframlag í þágu M og ætti rétt á greiðslu endurgjalds fyrir það vinnuframlag, sem ákveðin var gkr. 80 000. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms, en á öðrum forsendum. Þar er m. a. vísað til lengdar sambúðar og skiptingar vinnutekna á sambúðartímanum. Einnig er bent á, að íbúðarhúsið hafi átt að reisa í þarfir beggja og að í lánsumsókn til húsnæðismálastjórnar ríkisins hafi þess verið getið, að aðilar væru í sambúð og hjúskapur fyrirhugaður. Síðan segir: „Líkur eru að því færðar, að stefnda hafi innt af hendi nokkurt fé vegna byggingarstarfsemi þessarar og unnið eitthvað við bygginguna. Þykir henni bera nokkur fjárgreiðsla vegna hlutdeildar sinnar í eign þessari, sem áfrýjandi ráðstafaði eftir

sambúðarslitin.“ Tveir dómaranna skiluðu sératkvæði þess efnis, að staðfesta bæri héraðsdóminn, sem ekki hefði verið gagnáfrýjað með vísan til forsendna hans.

Samkvæmt framangreindum dómum þá fer það eftir atvikum hve mikið þarf til að koma til þess að sameign verði talin hafa myndast, og láta dómarnir mörgu ósvarað. Það er þó ljóst, að tekið er tillit til lengdar sambúðar, fjárhagslegrar samstöðu aðila, sameiginlegra nota af eigninni og tekna aðila, þótt ekki sé fullljóst, hvort báðir aðilar verði að leggja fram fé til eignamyndunarinnar. Það þurfa að ganga fleiri hæstaréttardómar um fjárskipti vegna slita sambúðar, þar sem m. a. er tekin afstaða til mismunandi lengdar sambúðar og mismunandi fjárhagslegrar samstöðu aðila, áður en unnt er að leiða almenna reglu af afstöðu Hæstaréttar til þessara mála.

Slit sambúðar vegna andláts.

Þegar sambúðarslit verða vegna andláts annars aðila, þá fer um fjárskiptin milli þeirra eftir sömu reglum og þegar skipt er eftir slit sambúðar í lifandi lífi. Skipta verður búinu milli sambúðaraðila eftir almennum reglum fjármunaréttarins, og á eftirlifandi sambúðaraðili enga kröfu á helmingaskiptum. Við andlát sambúðaraðila geta vaknað efasemdir um eignarétt að vissum eignum alveg eins og við slit sambúðar í lifandi lífi, og verða erfingjar hins látna að virða það, ef sameign er talin hafa myndast milli aðila. Þegar búið er að finna út, hverjar eru eignir hins látna, þá skiptast þær milli erfingja hans. Enginn lögerfðaréttur er milli sambúðarfólks. — Eins og tekið var fram hér að framan, er ekki hægt að skipta eignum sambúðarfólks í skiptarétti, er slitnar upp úr sambúð í lifandi lífi, á grundvelli 90. gr. skiptalaga, sbr. hrd. 1980:1489. Slitni sambúðin hins vegar vegna andláts annars sambúðaraðila og ágreiningur verður milli langlífara sambúðaraðila og erfingja hins skammlífara, þá er leyst úr þeim ágreiningi í skiptarétti. — Samkvæmt upplýsingum frá skiptarétti Reykjavíkur eru það ekki mörg dánarbú, sem koma til opinberra skipta, þar sem um óvígða sambúð hefur verið að ræða. Á árinu 1981 komu 83 dánarbú til opinberra skipta og í 3 tilvikum var þar um óvígða sambúð að ræða. Á árinu 1982 komu 94 dánarbú til opinberra skipta, þar sem í 2 tilvikum var um óvígða sambúð að ræða, og á árinu 1983 komu 89 dánarbú til opinberra skipta, og var um óvígða sambúð að ræða í 4 tilvikum. Í engu þessara tilvika þurfti að leysa úr ágreiningi um tilkall sambúðaraðila með úrskurði réttarins.

Þar sem enginn lögerfðaréttur er milli sambúðarfólks, verður erfðaréttur milli þeirra að byggjast á **erfðaskrá.** Hjón geta gert erfðaskrá, þótt þau séu ekki orðin 18 ára, sbr. 1. mgr. 34. gr. erfðalaga. Ekki er hægt að líta svo á, að unnt sé að beita þessu ákvæði með lögjöfnun um óvígða sambúð. — Hafi eftirlifandi sambúðaraðili verið settur sem erfingi í erfðaskrá, þá hefur hann útlagningarrétt samkvæmt 46. gr. skiptalaga ásamt öðrum erfingjum, en það virðist verða að tiltaka þá hluti sérstaklega í erfðaskrá, sem eftirlifandi sambúðaraðili á að hafa forgangsrétt til. (Dómur í UfR 1959, 427 H: M gerði erfðaskrá, þar sem hann arfleiddi sambúðarkonu sína K, að öllu, sem hann mátti, en hann átti tvær dætur. Í erfðaskránni var einnig tekið fram, að K ætti forgangsrétt að þeim hlutum, sem hún óskaði, samkvæmt mati. Meirihluti Hæstaréttar ógilti það ákvæði.)

Í nýjum lögum um **erfðafjárskatt,** nr. 83/1984, er kveðið svo á, að arfur sambúðaraðila verði skattlagður eins og ef um hjúskap væri að ræða, enda hafi arftaka verið getið sem sambúðarmanns í erfðaskrá. Í 4. gr. laganna segir, að af arfi sem fellur til þess hjóna, sem lifir hitt, svo og arfi sambýlismanns, skuli engan erfðafjárskatt greiða. Í 2. gr. er skýrgreint hugtakið sambýlismaður, eins og það er notað í lögunum, að það sé sá, sem stofnað hefur til óvígðrar sambúðar við persónu af gagnstæðu kyni og tekur arf eftir hana samkvæmt arfleiðsluskrá þar sem stöðu hans sem sambýlismanns arfleiðandans sé ótvírætt getið.

Ekkert er því til fyrirstöðu, að maður taki **líftryggingu** til hagsbóta fyrir sambúðaraðila sinn, en regla 2. mgr. 104. gr. vátryggingarsamningalaga hefur í för með sér, að krafa til búshluta og skylduarfs gengur fyrir líftryggingarkröfunni, nema tilnefning rétthafa hafi verið

gerð óafturtæk, og einnig verður að greiða erfðafjárskatt af líftryggingarfénu. Þess vegna er heppilegra fyrir sambúðarfólk að taka út gagnkvæma líftryggingu á líf hins, þ. e. hvor um sig tekur tryggingu á líf hins, og þar sem það er sá, sem lengur lifir, sem hefur greitt iðgjaldið, er ekki greiddur erfðafjárskattur.

Í hrd. 1978:255 reyndi á skýringu á orðunum „nánustu vandamönnum". M, sem farist hafði á sjó, bjó í óvígðri sambúð með K, sem hann hafði áður verið giftur. Í tryggingarskilmálum slysatryggingar skipsins var ákvæði um, að dánarbætur skyldu greiðast „nánustu vandamönnum" (erfingjum) hins látna. K og dóttir M kröfðust báðar bótanna. Talið var, að orðin „nánustu vandamenn" bæri að skýra með hliðsjón af ákvæðum 5. mgr. 105. gr. laga nr. 20/1954, og tæki það ákvæði ekki samkvæmt beinum orðum til K, þar sem hún var ekki í hjúskap með M, er hann fórst. Ekki var heldur talið, að unnt væri að beita ákvæði 5. mgr. 105. gr. um maka með lögjöfnun um sambúðarkonu. — Í dönskum dómi, UfR 1978:979 VL, voru orðin „nánustu vandamenn" (nærmeste pårörende) túlkuð á þann veg, að unnt væri að líkja sambúðarkonu við eiginkonu.

Þótt engin gagnkvæm framfærsluskylda sé milli fólks í óvígðri sambúð og ekki sé unnt að úrskurða annan aðilann til að greiða hinum framfærslueyri við slit sambúðar, þá hafa dómstólar dæmt sambúðaraðila bætur vegna missis framfæranda, sbr. t. d. hrd. 1957:158. Við ákvörðun bóta var þó litið til þess að sambandi aðila varð ekki að fullu jafnað til hjúskapar. Ákvæði 2. mgr. 264. gr. alm. hgl. hefur verið skýrt á þann veg, að átt sé við raunverulegan framfæranda, þótt ekki sé um lagaskyldu að ræða.

Um 1. gr.

Þau nýmæli, sem í þessari grein felast, eru að skiptarétti verði heimilað að skipta búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð.

Þar sem lög nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., hafa nánast eingöngu að geyma verklagsreglur um skipti á þeim búum, en ekki efnisreglur, þ.e. reglur um efnislegan rétt þeirra sem í hlut eiga, þykir rétt að hafa sama háttinn á varðandi skipti á búum sambýlisfólks. Eðlilegt verður þó að telja að skiptaréttur hafi við skipti á búi sambúðarfólks hliðsjón af fjárhag aðila, hve lengi sambúð hefur staðið og öðru sem varðar hag aðila, m. a. framlagi hvors um sig til sameiginlegs heimilis á sambúðartíma með vinnu, fé til framfærslu eða á annan hátt.

Nd. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný mgr. svohljóðandi:

Valdsmanni er heimilt að úrskurða að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr., svo og vegna barna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris hafa norið samkvæmt 14. gr. laga um almannatryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 17. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, er heimild til að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs. Ljóst er að þessi ákvæði barnalaganna eru mjög mikilvæg og geta oft ráðið úrslitum um framhaldsmenntun eða starfsþjálfun barna einstæðra foreldra.

Þegar ofangreind ákvæði voru lögfest var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslu skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunun í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra. Með þessu frumvarpi er leitast við að leiðrétta það. Einnig er lagt til að börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem ekki hafa annan framfærslueyri en bætur almannatrygginga, fái sama rétt.

Fjöldi þeirra, sem fengu greitt meðlag með börnum sínum 1. desember 1984, er 8452 einstæðir foreldrar með 10 329 börn á framfæri sínu.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu í september 1985 983 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með 1472 börnum vegna andláts annars foreldris. Fjöldi þeirra, sem barnalífeyris njóta þegar um er að ræða ófeðruð börn, er 90 með 92 börn á framfæri en sá hópur ætti einnig rétt til framlags samkvæmt ákvæðum þessa frv. *Samtals er því um að ræða 1073 einstæða foreldra með 1564 börn á framfæri sínu sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila með framlag vegna menntunar barna sinna eftir 18 ára aldur.* Barnalögin veita aftur á móti þeim, sem til meðlagsskylds aðila geta leitað, slíkan rétt. Samkvæmt þessu er það um 12-13% einstæðra foreldra sem ekki geta leitað eftir rétti til framlaga vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna sinna samkvæmt ákvæðum barnalaganna.

Ef reynt er að meta hve stór hópur öryrkja og ellilífeyrisþega fá greiddan barnalífeyri, og hefðu því rétt til að leita eftir framlagi vegna menntunar barna sinna, 18-20 ára, samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, kemur eftirfarandi í ljós:

Barnalífeyrir	**Fjöldi bótaþega:**	**Fjöldi barna á framfæri:**
Ellilífeyrisþegar	33	49
Öryrkjar	584	918
	617	967

Hér er því um að ræða *samtals 617 öryrkja og ellilífeyrisþega með 967 börn á framfæri sínu.*

Í 17. gr. barnalaganna eru heimildarákvæði til greiðslu framlags vegna menntunar og starfsþjálfunar barns. Valdsmaður metur í hverju tilfelli aðstæður þar sem m.a. er tekið mið af efnahag og öðrum aðstæðum meðlagsskylds aðila og þess foreldris sem forsjá barns hefur. Með tilliti til þess er rétt að líta á um hve stóran hóp öryrkja og ellilífeyrisþega er að ræða sem einungis hefur sér til framfærslu bætur almannatrygginga en það gefur nokkra vísbendingu um útgjöld ríkissjóðs vegna þessa hóps yrði frumvarp þetta að lögum:

Barnalífeyrir	**Fjöldi bótaþega með óskertar tekjur**
Ellilífeyrisþegar	11
Öryrkjar	118
	129

Samkvæmt þessu eru það 129 af 617 öryrkjum og ellilífeyrisþegum með barnalífeyri sem hafa óskerta tekjutryggingu og því einungis sér til framfærslu bætur almannatrygginga.

Nokkuð erfitt er þó að áætla kostnað ríkissjóðs, yrði frumvarp þetta að lögum, þar sem um er að ræða heimildarákvæði og úrskurður valdsmanns byggðist hverju sinni á efnahag og aðstæðum þeirra sem hlut eiga að máli.

Upphæð menntunarframlags er miðuð við meðalmeðlag með óskilgetnum börnum eins og það er ákveðið á hverjum tíma af Tryggingastofnun ríkisins en 1. október s.l. var sú upphæð 3278 kr. á mánuði.

Athyglisvert er hve fáir einstæðir foreldrar, sem falla undir 17. gr. barnalaganna, hafa sótt eftir þeim rétti frá því að lögin tóku gildi. Samkvæmt upplýsingum sakadóms Reykjavíkur, sem fer með úrskurð þessara mála í Reykjavík, kemur eftirfarandi í ljós:

17. gr. barnalaga, framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna til 20 ára aldurs:

1. jan. – 31. des. 1982: 10 úrskurðir.
1. jan. – 31. des. 1983: 17 úrskurðir.
1. jan. – 31. des. 1984: 19 úrskurðir.
1. jan. – 9. okt. 1985: 21 úrskurður.

Beiðni varðandi menn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, er send viðeigandi embættum og beiðni á hendur mönnum búsettum erlendis er send dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu. Undirstrika skal að hér er einungis um að ræða framkvæmd 17. gr. barnalaganna *í Reykjavík* en það gefur eigi að síður nokkuð góða mynd af því hve fáir einstæðir foreldrar hafa leitað réttar síns samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna. Það gefur tilefni til að ætla að betur þurfi að kynna og koma á framfæri þeim rétti sem einstæðir foreldrar eiga samkvæmt ákvæðum laganna.

Þegar á heildina er litið gæfu ákvæði frv. 1690 einstæðum foreldrum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum með samtals 2531 barn á framfæri sínu möguleika á að leita eftir framlagi til menntunar barna sinna 18–20 ára. Gera verður þó ráð fyrir að fjöldi þeirra, sem úrskurðuð yrðu menntunarframlög samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, yrði töluvert minni þar sem valdsmaður metur efnahag og aðstæður þeirra sem í hlut eiga hverju sinni.

Af því sem hér hefur verið tilgreint og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um fyrri úrskurði samkvæmt 17. gr. barnalaganna, verður ekki ráðið að hér sé um stórar fjárhæðir að tefla fyrir ríkissjóð.

Það mikilvæga er að með samþykkt þessa frv. yrði tryggt að börn, sem aðeins eiga annað foreldri á lífi, hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra þannig að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. gr. barnalaganna veitir einstæðum foreldrum. Að auki mundu börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem eingöngu hafa sér til framfærslu bætur almannatrygginga, njóta sama réttar.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um skattfrádrátt fyrir fiskvinnslufólk.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

Fiskvinnslufólk með starfsstéttamerkingu 35, þ.e. ófaglært verkafólk, 34, þ.e. faglært starfsfólk í fiskiðnaði, og 33, þ.e. fólk við verkstjórnarstörf í fiskiðnaði, skal við álagningu

tekjuskatts eiga rétt á frádrætti sem nema skal 10% af beinum tekjum af störfum við fiskvinnslu, sbr. C-lið 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta þingi af sömu flm. en hlaut þá ekki afgreiðslu þótt áskoranir bærust frá fjölmörgum aðilum um að Alþingi samþykkti frv. Er frv. nú endurflutt, með smávægilegri formbreytingu, í upphafi þings þannig að tímaskortur í störfum Alþingis torveldi ekki afgreiðslu málsins að þessu sinni.

Frv. því, sem flutt var í fyrra, fylgdi grg. og eru röksemdir þær fyrir samþykkt frv., sem þá komu fram, enn í fullu gildi. Í grg. sagði:

„Að undanförnu hefur bilið milli tekjuhópa farið breikkandi á Íslandi. Talsvert stórir hópar fólks í landinu geta a.m.k. að verulegu leyti ráðið tekjum sínum sjálfir og er þar í mörgum tilvikum um að ræða sömu aðila og komist geta hjá því að greiða sinn skerf til sameiginlegra þarfa. Þrátt fyrir margumtalaða efnahagserfiðleika þjóðarinnar virðast þessir hópar landsmanna hafa fullar hendur fjár og rúm fjárráð þeirra koma m.a. fram í gífurlegum innflutningi og þenslu. Það er ekki venjulegt verkafólk eða opinberir starfsmenn sem standa undir metinnflutningi á munaðarvörum til landsins eða mikilli eftirspurn sem síðan veldur þenslu heldur eru það hinir sem skammta sér launin sjálfir og hafa getað velt af sér öllum þeim byrðum sem stjórnvöld hafa lagt á landsmenn og hafa leitast við að dreifa á þegnana alla.

Aðgerðir núverandi ríkisstjórnar í kjaramálum hafa sérstaklega vakið athygli á þeim mikla kjaramun og mun á lífsstíl sem orðinn er á milli þessara tveggja hópa Íslendinga; annars vegar þeirra sem þurfa að lifa af launagreiðslum í samræmi við opinbera launataxta og standa þar að auki undir rekstri þjóðarbúsins og hins vegar hinna sem nánast geta skammtað sér laun sjálfir og um leið komið sér undan skyldum sínum við samborgarana. Þessir tveir hópar landsmanna eru nánast eins og tvær óskyldar þjóðir í einu og sama landinu sem fátt eiga sameiginlegt nema tungumálið.

Til viðbótar við þann almenna vanda, sem landsmenn glíma nú við vegna afkomu sinnar og steðjar að flestum þeim sem þiggja laun samkvæmt opinberum launatöxtum og þurfa að bera byrðar samfélagsins, kemur sérstakur vandi hjá einstökum starfsstéttum. Fiskimenn og fiskverkunarfólk eru slík starfsstétt. Með síauknum hömlum á fiskveiðum vegna rangrar fjárfestingarstefnu stjórnvalda hafa möguleikar fiskimanna til þess að sjá sér farborða versnað jafnt og þétt uns nú þegar tekið hefur verið fyrsta skrefið með kvótakerfinu til opinberrar stjórnar í fiskveiðum sem um margt minnir á þá stjórnarhætti sem viðgengist hafa í málefnum landbúnaðarins á Íslandi.

En kvótakerfið hefur ekki aðeins bitnað á fiskimönnum heldur einnig á fiskverkunarfólki. Við lág laun hefur nú bæst vaxandi öryggisleysi í atvinnumálum vegna atvinnuleysis fjölda manna um lengri eða skemmri tíma á sífellt fleiri stöðum. Ásamt með sjómönnum hefur verkafólk í fiskvinnslu þannig orðið að taka á sig kjaraskerðingu umfram þá almennu kjaraskerðingu sem orðið hefur hjá því fólki sem vinnur á opinberum launatöxtum og hefur ekki getað velt vanda þjóðarbúsins af sér og yfir á annarra herðar eins og sumir aðrir þegnar þjóðfélagsins hafa gert.

Fiskimenn berjast einmitt nú fyrir bættum kjörum í launamálum og þessi barátta tekur sérstaklega mið af þeirri sérstöðu sem launafólk á sjó og við fiskvinnslustörf býr við. Eðlilegt er að sameiginleg sérstaða þessara tveggja starfshópa – fiskimanna og fiskverkunarfólks – í kjaramálum sé tekin til athugunar samtímis. Tilgangur þessa frumvarps er einmitt sá að leysa hinn sérstaka vanda fiskverkunarfólks í kjaramálum með svipuðum hætti og fordæmi er þegar fyrir bæði í gildandi lögum í sambandi við fiskimannafrádrátt og sömuleiðis í umræðum og tilboðum stjórnvalda sem iðulega hafa rætt um aðgerðir í skattamálum til þess að koma til móts við sérstakan vanda í kjaramálum.

Tillaga flutningsmanna frumvarpsins er sú að fólki, sem vinnur að fiskverkun, þ.e. ófaglærðu verkafólki, faglærðu fólki, s.s. eins og fólki úr fiskvinnsluskóla, og verkstjórum í fiskvinnslu, verði veittur sérstakur frádráttur frá tekjum við álagningu tekjuskatts og nemi sá frádráttur 10% af þeim launum sem þetta fólk hefur fengið greidd fyrir fiskvinnslustörf en það er um sama hundraðshluta að ræða og fiskimannafrádrátturinn nemur skv. gildandi lögum. Hér er um tiltölulega einfalda aðgerð að ræða sem tryggir varanlegar kjarabætur og gæti komið nokkuð til móts við þá sérstöku kjaraskerðingu sem fiskverkunarfólk hefur orðið fyrir að undanförnu og auk þess getur þetta orðið til þess að gera störf við fiskvinnslu meira aðlaðandi. Nú er einmitt brýn þörf á því að starfskjör fólks í þeirri undirstöðuatvinnugrein, sem fiskveiðar og fiskvinnsla er fyrir afkomu þjóðarbúsins, séu með þeim hætti að það sé eftirsóknarvert að starfa í þessum starfsgreinum. Það er alvörumál – ekki aðeins fyrir starfsgreinina heldur einnig þjóðarheildina – þegar fólk leitar unnvörpum úr fiskveiðum og fiskvinnslu í aðrar starfsgreinar sem flestar eða allar eiga í raun vöxt sinn og viðgang undir því að undirstöðustörfin í landinu, fiskveiðar og fiskvinnsla, geti gengið eðlilega fyrir sig. Það getur ekki orðið nema þær starfsgreinar geti boðið launakjör og starfsaðstöðu sem gerir það eftirsóknarvert að leita starfa einmitt þar. Langur vegur er nú frá því að svo sé.“

Við það sem hér er sagt má svo bæta því að s.l. ár hefur staðfest þá ófugþróun sem flm. töldu sig sjá fyrir í málefnum fiskverkunarfólks. Vegna lélegra launakjara hefur orðið slíkur skortur á fólki til fiskvinnslustarfa að stórfelldir erfiðleikar hafa orðið á því að tryggja erlendum kaupendum verkaðan fisk og eru fiskmarkaðir okkar erlendis komnir í hættu af þeim sökum. Í stað aukinnar vinnslu hráefnis frá sjávarútveginum í landinu sjálfu hefur verið um að ræða samdrátt í vinnslu en vaxandi hráefnisútflutning, jafnvel til samkeppnisaðila í fiskvinnslu sem selja síðan þennan afla af Íslandsmiðum verkaðan í samkeppni við fyrirtæki Íslendinga sjálfra. Þannig má segja að Bretar séu að hefja á ný sínar gömlu úthafsveiðar á Íslandsmiðum til verkunar heima fyrir; að vísu undir íslensku flaggi svona að nafninu til. Þessi öfugþróun, sem á rætur sínar að rekja til lélegra launakjara í fiskverkun samanborið við önnur störf, er ekki aðeins hættuleg sjávarútveginum heldur og þjóðarbúskapnum í heild, því að verslunar og þjónustustörf, sem fólkið virðist flýja í, geta aldrei tryggt þjóðarbúinu þá afkomu sem sjávarútvegur og fiskvinnsla hafa staðið undir.

Vissulega kemur til greina að fara aðrar leiðir í sambandi við fiskvinnslufrádrátt frá skatti en hér er gerð tillaga um – t.d. að veita fiskvinnslufólki, sem skilar tilteknum lágmarksstarfstíma í greininni, fastan skattafslátt í krónutölu, en einnig sú framkvæmd er tiltölulega einföld frá skatttæknilegu sjónarmiði. Flm. eru reiðubúnir til þess að skoða slíkar ábendingar. Meginatriðið er að þær aðgerðir þjóni sama tilgangi og vakir fyrir flm. þessa frv. – þ.e. að bæta kjör fiskvinnslufólks með varanlegum aðgerðum sem koma því ótvírætt til góða og geta komið til viðbótar hefðbundnum samningum um kaup og kjör.

Sþ. 29. Fyrirspurn [29. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fé tannverndarsjóðs.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig hefur fé tannverndarsjóðs verið varið á s.l. ári og hvernig verður því varið á næsta ári?

Sþ. 30. Fyrirspurn [30. mál]

til menntamálaráðherra um kennsluréttindi kennara í grunnskólum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvert er hlutfallið milli fjölda kennara með kennsluréttindi og réttindalausra kennara í grunnskólum:
   a. í 1.–6. bekk,
   b. í 7.–9. bekk,
   c. í hverju fræðsluumdæmi fyrir sig miðað við fullt stöðugildi annars vegar og fjölda kennara hins vegar?
2. Hve margar stöður í grunnskólum eru skipaðar eða settar kennurum með kennsluréttindi?
3. Hve margir stundakennarar við grunnskóla eru með kennsluréttindi?

Sþ. 31. Fyrirspurn [31. mál]

til menntamálaráðherra um lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hvað líður störfum þeirrar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði haustið 1984 til að semja frumvarp um lögverndun á starfsheiti kennara?
2. Hvenær má vænta þess að nefndin ljúki störfum og frumvarpið verði lagt fram?

Sþ. 32. Fyrirspurn [32. mál]

til menntamálaráðherra um Tjarnarskóla.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ástæður lágu til þess að menntamálaráðuneytið veitti heimild til stofnunar Tjarnarskóla?
2. Telur menntamálaráðherra rétt að ríkið stuðli að því að mismuna nemendum á grunnskólastigi með stofnun skóla af þessu tagi?
3. Hvert er framlag ríkisins, Reykjavíkurborgar og annarra aðila til reksturs Tjarnarskóla?
4. Hversu margar kennarastöður hafa verið heimilaðar af ráðuneytinu vegna Tjarnarskóla?
5. Hver eru launakjör kennara við Tjarnarskóla samanborið við laun grunnskólakennara samkvæmt kjarasamningum?

Sþ. 33. Fyrirspurn [33. mál]

til menntamálaráðherra um ráðningu í kennarastöður og um starfsréttindi kennara.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hversu margir réttindalausir menn hafa verið ráðnir í kennarastöður í grunnskólum á nýbyrjuðu skólaári á landinu öllu, sundurliðað eftir fræðsluumdæmum?
2. Hversu margir réttindalausir starfsmenn voru ráðnir í fyrsta sinn að grunnskólum frá byrjun þessa skólaárs?
3. Hvaða ráðstafanir hyggst menntamálaráðuneytið gera til að greiða fyrir því að eingöngu kennarar með full réttindi ráðist til starfa í skólum landsins?
4. Hvað líður undirbúningi á vegum ráðuneytisins að frumvarpi til laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara?

Sþ. 34. Fyrirspurn [34. mál]

til forsætisráðherra um sölu á hlutabréfum ríkisins í Flugleiðum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Telur forsætisráðherra að það samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að láta þau boð út ganga að hlutabréfaeign ríkisins í Flugleiðum sé til sölu á um það bil níföldu nafnverði en ganga síðan frá sölu bréfanna á mun lægra verði án þess að gera opinbert að fallið hafi verið frá fyrri verðhugmyndum?
2. Telur forsætisráðherra að það fái staðist eða samrýmist eðlilegum viðskiptaháttum af hálfu ríkisins að ganga frá sölu hlutabréfaeignar ríkisins til Flugleiða eins og gert var þegar réttmætur grunur var uppi um að Flugleiðum hefði borist vitneskja frá aðilum innan stjórnkerfis ríkisins um fyrirliggjandi tilboð annars aðila?
3. Hversu stór fjárhæð nettó mun renna til ríkisins af sölu nefndra hlutabréfa að teknu tilliti til skattalækkunar hjá nýjum eigendum bréfanna skv. hugmyndum Flugleiða um endursölu þeirra?
4. Hvenær hyggst forsætisráðherra taka afstöðu til rannsóknar á vinnubrögðum við sölu ofangreindra hlutabréfa ríkisins í Flugleiðum, sbr. erindi fyrirspyrjanda í bréfi til ráðherra dagsett 28. ágúst s.l.?

Sþ. 35. Fyrirspurn [35. mál]

til forsætisráðherra um kjötinnflutning til varnarliðsins.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Nú þegar fyrir liggur að dómstólar munu ekki úrskurða um stjórnarstefnuna, eins og ríkisstjórnin hafði óskað eftir, varðandi innflutning á kjöti til varnarliðsins, hvaða tökum hyggst þá ríkisstjórnin taka þessi mál, eða er þess að vænta að áfram verði sú skipan að kjötinnflutningur þessi sé bannaður með skipum en leyfður með flugvélum?

Sþ. 36. Fyrirspurn [36. mál]

til viðskiptaráðherra um innflutningstolla Efnahagsbandalagsins á saltfiski og skreið.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Með hvaða hætti hefur viðskiptaráðherra beitt sér til þess að knýja á um að Efnahagsbandalagið falli frá ákvörðun sinni frá því í desember s.l. um að leggja innflutningstoll á saltfisk og skreið?
2. Hver eru áform ráðherra um áframhaldandi meðferð málsins af hálfu Íslands?

Sþ. 37. Fyrirspurn [37. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilsugæslu á Vopnafirði.

Frá Helga Seljan.

Hvaða ráðstafanir hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gert til að leysa heilsugæsluvandann í Vopnafjarðarhéraði?

Sþ. 38. Fyrirspurn [38. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um einkarekstur á heilsugæslustöðvum.

Frá Svavari Gestssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og Guðrúnu Helgadóttur.

Hver er afstaða heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins til áforma borgaryfirvalda í Reykjavík um einkarekstur á heilsugæslustöðvum?

Sþ. 39. Fyrirspurn [39. mál]

til utanríkisráðherra um viðbrögð íslensku ríkisstjórnarinnar við kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað hefur íslenska ríkisstjórnin gert á alþjóðavettvangi til að mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku?
2. Hyggst ríkisstjórnin grípa til aðgerða, svo sem að banna innflutning á vörum frá Suður-Afríku, til þess að sýna í verki andúð á kynþáttaaðskilnaðarstefnunni?

Sþ. 40. Fyrirspurn [40. mál]

til dómsmálaráðherra um framkvæmd breytingar á erfðalögum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Hvað hefur verið gert, eða er áætlað að gera, til þess að kynna fólki þau réttindi til setu í óskiptu búi sem fengust með lögum nr. 29/1985?

Sþ. 41. Fyrirspurn [41. mál]

til menntamálaráðherra um kennsluréttindi kennara í framhaldsskólum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hve margar stöður í framhaldsskólum landsins eru skipaðar kennurum með kennsluréttindi og hve margar réttindalausum kennurum miðað við
a. full stöðugildi,
b. fjölda kennara?

Sþ. 42. Fyrirspurn [42. mál]

til dómsmálaráðherra um úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Salome Þorkelsdóttur og Ólafi G. Einarssyni.

1. Hvað líður úttekt á löggæslu á höfuðborgarsvæðinu á vegum dómsmálaráðuneytisins?
2. Er þess að vænta að niðurstöður leiði til þess að komið verði upp lögregluvarðstöð í:
   a. Mosfellshreppi sem þjóni jafnframt Kjalarnes- og Kjósarhreppum,
   b. Garðabæ?

Sþ. 43. Fyrirspurn [43. mál]

til fjármálaráðherra um aukafjárveitingar.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hvaða aukafjárveitingar hafa verið veittar á tímabilinu 1. janúar til 15. október 1985 og hvenær var hver einstök aukafjárveiting ákveðin? Auk fjárhæðar og dagsetningar ákvörðunarinnar óskast tilgreint til hvaða verkefnis hver einstök fjárveiting hafi farið og hvaða aðili hafi verið viðtakandi greiðslunnar. Jafnframt sé þess getið hvort sá fagráðherra, sem fer með viðkomandi verkefni eða málefni, hafi óskað eftir aukafjárveitingunni.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 44. Fyrirspurn [44. mál]

til viðskiptaráðherra um vaxtaálagningu bankastofnana á veðskuldabréf í innheimtu.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hverjir voru vextir hverrar einstakrar bankastofnunar í landinu hinn 1. október s.l. af skuldabréfum í innheimtu sem bundin eru hæstu lögleyfðum fasteignalánavöxtum?
2. Hyggst viðskiptaráðherra beita sér fyrir samræmingu vaxtaálagningar ef í ljós kemur að vextir af ofangreindum veðskuldabréfum eru misháir eins og fram kom á síðasta Alþingi?

Sþ. 45. Fyrirspurn [45. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um leit að brjóstakrabbameini með röntgenmyndatöku.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður undirbúningi að skipulagðri leit að brjóstakrabbameini meðal kvenna með röntgenmyndatöku (mammografi)?

Sþ. 46. Fyrirspurn [46. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hefur undirnefnd þeirrar nefndar um geðheilbrigðismál, er skipuð var af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 15. júlí 1981 og hefur fjallað sérstaklega um geðheilbrigðismál barna og unglinga, meðal annars vandamál vegna fíkniefnaneyslu, skilað heildartillögum eins og áætlað var?
2. Hverjar eru tillögur hennar til úrbóta varðandi athvarf fyrir unga fíkniefnaneytendur?
3. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við tillögu undirnefndarinnar í þessum efnum?

Sþ. 47. Fyrirspurn [47. mál]

til menntamálaráðherra um kynlífsfræðslu í skólum.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Á hvern hátt er unnið að því að gera kennara landsins hæfa til að annast lögboðna ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og foreldrahlutverk?
2. Hefur menntamálaráðuneytið haldbærar upplýsingar um hvernig þessari fræðslu er sinnt í skólum landsins?

Sþ. 48. Fyrirspurn [48. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvað líður störfum samstarfsnefndar landlæknisembættis og menntamálaráðuneytis um kynfræðslu?
2. Er von á einhverjum aðgerðum heilbrigðisyfirvalda til framkvæmdar I. kafla laga nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir?
3. Eru áform um að láta sjúkrasamlög greiða hluta af kostnaði vegna getnaðarvarna?
4. Hvernig var varið þeim 445 þús. kr. sem veittar voru á fjárlögum ársins 1984 vegna laga nr. 25/1975? Og hvernig hefur verið varið þeim 542 þús. kr. sem veittar voru á fjárlögum ársins 1985 til sama liðar?

Sþ. 49. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að kanna hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar eru orsakir þess.

Nefndin skili athugun sinni fyrir árslok 1986.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 107. löggjafarþinginu en varð þá ekki útrædd.

Að undanförnu hafa lífskjör hér á landi versnað verulega. Kaupmáttur kauptaxta hefur minnkað um fimmtung á síðustu þremur árum. Nú er kaupmátturinn svipaður og hann var árið 1971. Þessar upplýsingar koma fram í töflu 1 sem fylgir hér með. Þar er að finna upplýsingar um þróun kaupmáttar tímakaups verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvenna frá 1971 og fram á þetta ár.

Kaupmáttur kauptaxta er vitaskuld ekki algildur mælikvarði á lífskjör launafólks þó að hann sé þýðingarmikill. En aðrir mælikvarðar sýna einnig dökka mynd þótt hún sé misdökk eftir því hvaða stærðir eru skoðaðar. Dæmi um aðra mælikvarða eru sýnd í töflu 2 hér á eftir. M. a. eru þjóðartekjur á mann nú á svipuðu stigi og árið 1973. Þær hafa dregist saman í þrjú ár í röð. Enn má nefna að ráðstöfunartekjur heimilanna eru svipaðar og þær voru upp úr miðjum síðasta áratug.

Þetta er alvarleg þróun, ekki síst með hliðsjón af því að þær þjóðir, sem Íslendingar bera sig helst saman við, hafa nú komist úr þeirri kreppu sem einkenndi alþjóðaefnahagsstarfsemi á árunum 1979—1982. Hagvöxtur í OECD-ríkjunum var 2,6% 1983, tæplega 5% 1984 og horfur eru á að hann verði 3—4% í ár. Samfara hagvextinum fara lífskjör batnandi í flestum nálægum löndum á meðan lífskjörum hrakar hér á landi.

Tafla 3, sem fylgir hér með, sýnir þróun þjóðartekna á mann í nokkrum OECD-ríkjum 1963—1982. Tölurnar, sem eru í erlendri mynt, bandaríkjadollurum, gefa allgóða vísbendingu um lífskjör hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir þó að ýmislegt þurfi að athuga nánar, m. a. áhrif örra breytinga á gengi gjaldmiðla, einkum á síðari árum. Tölurnar bera með sér að lífskjör á þennan mælikvarða hafa verið nokkuð góð, vel yfir meðaltali OECD-ríkja, svipuð og í Danmörku en lélegri en í Svíþjóð og Noregi. Enda þótt þessi samanburður sé á margan hátt ekki óhagstæður Íslendingum fram til 1982 verður ekki það sama sagt um framhaldið. Nú eru þjóðartekjur á mann hér á landi einungis 10 000 dollarar eða um 97% af því sem þær voru 1982 og 96% af þjóðartekjunum 1981. Að vísu veldur hér miklu hvað staða dollarans hefur styrkst mikið á undanförnum árum. Eigi að síður er ljóst að lífskjörum hefur hrakað verulega hér á landi samkvæmt þessum mælikvarða á síðustu árum í samanburði við OECD-ríkin þó að nákvæmar tölur liggi ekki enn fyrir í því efni.

Fleiri atriði þarf að kanna en þjóðartekjur á mann á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Sú nefnd, sem fær það verkefni að framfylgja þingsályktunartillögunni, mun að sjálfsögðu leggja mat á hvaða þættir skipta mestu máli í því sambandi. Rétt er þó að nefna

hér örfá mikilvæg atriði. Nauðsynlegt er að könnunin nái m.a. til samanburðar að því er varðar:

1. hlut launþega í þjóðartekjum,
2. kauptaxta og launaþróun, bæði almenna og eftir atvinnugreinum, jafnt atvinnutekjur, heildartekjur og ráðstöfunartekjur; enn fremur vægi annarra tekna en launa, t. d. tilfærslutekjur, eignatekjur o. fl.,
3. vinnutíma og atvinnuöryggi,
4. beina og óbeina skatta og opinbera þjónustu,
5. greiðslubyrði og skuldastöðu gagnvart öðrum löndum,
6. fjárfestingarþróun,
7. gengisþróun, t. d. dollara og SDR,
8. hagsveiflur í einstökum löndum.

Þeirri nefnd, sem fær það verkefni að gera þessa könnun, er einnig ætlað að skýra niðurstöður sínar að því er varðar lífskjaraþróun hér á landi í samanburði við nálæg lönd. Hafa ytri aðstæður ráðið mestu um þróunina, s. s. aflabrögð og staða alþjóðaefnahagsmála? Eða er skýringanna að leita í okkar eigin efnahagslífi, skipan þess og stjórn? Það er ákaflega mikilvægt að draga þann lærdóm af reynslunni sem unnt er. Þess vegna er þetta mjög þýðingarmikið atriði. Ef mistök hafa orðið ber að viðurkenna þau og einbeita kröftunum að því að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig.

Það verkefni, sem hér liggur fyrir, er afar brýnt með tilliti til þess að hætt er við að Íslendingar fari í vaxandi mæli að flytja úr landi og setjast að þar sem betri kjör bjóðast ef svo heldur fram sem horfir að bilið breikki milli lífskjara hér á landi og í nágrannalöndunum.

Tafla 1. Kaupmáttur tímakaups verkamanna, iðnaðarmanna og verkakvenna 1973—1984.

	Vísitölur 1980 = 100		
Ár	Verkamenn	Iðnaðarmenn	Verkakonur
1971	81	83	74
1972	95	97	89
1973	97	98	88
1974	104	109	92
1975	92	94	82
1976	91	93	83
1977	98	100	91
1978	103	102	101
1979	102	103	100
1980	100	100	100
1981	103	103	103
1982	105	104	104
1983	87	88	86
1984	83	83	81

(Heimild: Fréttabréf kjararannsóknarnefndar.)

Tafla 2. Breytingar þjóðartekna og ráðstöfunartekna heimilanna á mann 1971—1984.

	Vísitölur 1971—100	
	Þjóðartekjur	Ráðstöfunartekjur heimilanna
1971	100	100
1972	104	110
1973	112	119
1974	114	127
1975	108	112
1976	115	115
1977	128	129
1978	135	140
1979	135	142
1980	139	142
1981	141	151
1982	138	152
1983	130	135
1984	132	133

(Heimild: Þjóðhagsstofnun.)

Tafla 3. Þjóðartekjur á mann í nokkrum OECD-ríkjum 1963—1982. (Reiknað í dollurum.)

	Ísland	*Danmörk*	*Svíþjóð*	*Noregur*	*Finnland*	*V-Þýskal.*	*Bretland*	*Bandaríkin*	*OECD alls*	*Evrópuríki OECD*	*Efnahagsbandalag Evrópu*
1963	1.744	1.693	2.316	1.590	1.442	1.671	1.582	3.143	1.761	1.268	1.458
1964	2.181	1.918	2.582	1.734	1.619	1.824	1.710	3.312	1.898	1.386	1.595
1965	2.592	2.138	2.810	1.899	1.782	1.961	1.828	3.544	2.041	1.493	1.713
1966	3.045	2.329	3.024	2.033	1.901	2.064	1.938	3.834	2.209	1.599	1.827
1967	2.952	2.508	3.259	2.206	1.941	2.092	1.998	4.012	2.336	1.683	1.917
1968	2.281	2.590	3.435	2.337	1.818	2.245	1.883	4.336	2.504	1.749	2.000
1969	1.946	2.917	3.703	2.523	2.070	2.532	2.005	4.641	2.725	1.914	2.192
1970	2.418	3.209	4.096	2.881	2.330	3.053	2.198	4.822	2.944	2.127	2.453
1971	3.065	3.567	4.482	3.241	2.558	3.517	2.507	5.168	3.234	2.393	2.769
1972	3.755	4.345	5.246	3.798	2.984	4.189	2.828	5.622	3.715	2.838	3.274
1973	5.119	5.690	6.357	4.898	3.917	5.538	3.187	6.207	4.450	3.566	4.095
1974	6.654	6.297	7.051	5.877	4.979	6.131	3.461	6.644	4.893	3.972	4.490
1975	5.900	7.438	8.814	7.100	5.878	6.748	4.129	7.125	5.430	4.623	5.224
1976	6.818	8.192	9.454	7.771	6.297	7.227	3.990	7.824	5.837	4.787	5.390
1977	8.841	9.144	9.932	8.899	6.654	8.389	4.473	8.641	6.537	5.374	6.102
1978	9.820	11.063	10.945	10.011	7.150	10.433	5.658	9.616	7.799	6.555	7.535
1979	10.923	12.836	12.885	11.571	8.726	12.381	7.304	10.585	8.855	7.920	9.101
1980	12.653	12.929	14.851	14.045	10.479	13.234	9.358	11.416	9.689	8.899	10.345
1981	12.791	11.350	13.505	13.937	10.238	11.076	8.886	12.647	9.679	7.827	9.025
1982	10.761	10.998	11.756	13.630	10.070	10.700	8.413	13.037	9.522	7.475	8.656
Meðaltöl:											
1963–1967	2.503	2.117	2.798	1.892	1.737	1.922	1.811	3.569	2.049	1.486	1.702
1968–1972	2.693	3.326	4.192	2.956	2.352	3.107	2.284	4.918	3.024	2.204	2.538
1973–1977	6.666	7.352	8.322	6.909	5.545	6.807	3.848	7.288	5.429	4.464	5.060
1978–1982	11.390	11.845	12.788	12.639	9.333	11.565	7.924	11.460	9.109	7.735	8.932

Þjóðartekjur eru hér metnar á markaðsvirði á verðlagi hvers árs miðað við meðalgengi á hverjum tíma gagnvart Bandaríkjadollar. Við þennan samanburð þarf að setja talsverðan fyrirvara. Í fyrsta lagi er gengið eitt sér mjög ófullkomið tæki til að bera saman hagstærðir í ólíkum gjaldmiðli og getur hending um tímasetningu oft ráðið miklu um niðurstöður. Þetta á ekki hvað síst við um lönd, þar sem gengisskilyrði eru afar óstöðug eins og raunin hefur orðið hér á landi. Í öðru lagi má nefna, að gengi dollars hefur verið býsna óstöðugt á síðari hluta þess tímabils, sem hér er sýnt, og sveiflur í dollaragengi á alþjóðamarkaði geta einar sér valdið sveiflum í þjóðartekjum án nokkurs annars tilefnis. Loks má nefna, að sá mælikvarði, sem hér er sýndur, er einungis ein vísbending af mörgum tiltækum um hagsæld ríkja; til þess að fá fyllri mynd þyrfti að horfa á aðra þætti, svo sem fjárfestingu, erlenda skuldastöðu, framfærslukostnað o.fl.

Heimild: Bolli Þ. Bollason, Lífskjör á Íslandi, *Íslensk haglýsing*, greinasafn. Ritstj. Þórður Friðjónsson, AB 1984.

Sþ. 50. Fyrirspurn [50. mál]

til menntamálaráðherra um námaleyfi og rannsóknir við Mývatn.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hyggst menntamálaráðherra fyrir hönd Náttúruverndarráðs höfða mál gegn iðnaðarráðherra vegna útgáfu námaleyfis og forræðis yfir rannsóknum við Mývatn?

Sþ. 51. Fyrirspurn [51. mál]

til iðnaðarráðherra um stöðu Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvað líður niðurstöðu úr úttekt þeirri og athugun á stöðu og rekstrarhorfum Sjóefnavinnslunnar sem iðnaðarráðherra ákvað að láta gera og fól Sigmundi Guðbjarnasyni rektor að hafa forustu fyrir?
2. Hafa aðrar athuganir verið gerðar á síðustu missirum á stöðu og þróun Sjóefnavinnslunnar og þá hverjar og hvernig eru niðurstöður þeirra?
3. Hvaða ákvarðanir hafa verið teknar um framtíð fyrirtækisins, uppbyggingu eða fjárfestingu frá því að skýrsla um fyrirtækið var til umræðu á síðasta löggjafarþingi?
4. Hverjar eru eignir og skuldir fyrirtækisins um þessar mundir og hvað er áætlað að þær verði um næstu áramót?
5. Hver hefur rekstrarárangur fyrirtækisins verið á fyrstu 7–8 mánuðum þessa árs, þar á meðal óskast upplýst um tekjur af sölu afurða, heildarrekstrarkostnað og hagnað eða tap?
6. Hvernig eru rekstraráætlanir fyrir næsta ár, sundurliðaðar á áætlað sölumagn, heildartekjur og helstu kostnaðarliði?

Nd. 52. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. júní 1985, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Aftan við lögin komi svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. málsgr. 15. gr. laganna skal fjárveitinganefnd skipuð 10 mönnum á 108. löggjafarþingi (1985–1986).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt samkomulagi þingflokkanna.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um skipulegt átak til aukinnar sjúkra- og iðjuþjálfunar í heilsugæslunni.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir skipulegu, samræmdu átaki til þess að koma sem bestri sjúkra- og iðjuþjálfun á í heilsugæslustöðvum landsins sem allra fyrst. Kannað verði rækilega hversu tengja megi þessa þætti sem best við kennslu í heilsurækt í efstu bekkjum grunnskólans. Efldir verði möguleikar Vinnueftirlits ríkisins til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum á vinnustöðum þar sem leiðbeint yrði sem gleggst um grundvallaratriði réttra vinnubragða og vinnustellinga jafnhliða bættri vinnuaðstöðu.

Leitað skal samráðs um átak þetta við samtök launafólks og vinnuveitenda, svo og þau félög heilbrigðisstétta sem málið varðar sérstaklega.

Greinargerð.

Tillaga þessi fékkst ekki afgreidd á síðasta þingi og er því endurflutt með óbreyttri greinargerð.

Meginatriði löggjafar okkar um heilsugæslu snýr að hinum fyrirbyggjandi aðgerðum, að koma í veg fyrir sjúkdóma, hindra þá í stað þess að vera sífellt að fást við afleiðingarnar með misjöfnum árangri. Vissulega hefur þar mikið áunnist í mörgum greinum og má nefna krabbameinsleit og athuganir á þeim sjúkdómi alveg sérstaklega, svo og rannsóknir og eftirlit varðandi hjartasjúkdóma. Ómetanlegt starf hefur þar verið unnið, enda forvarnarstarfið ævinlega árangursríkast ef rétt er að staðið. Vitanlega má þó enn betur gera og virkja heilbrigðisstéttir og sjálfboðaliða, svo og fyrst og fremst allan almenning til enn stærri átaka í forvarnarstarfi og á enn fleiri sviðum en nú er.

Íslendingar vinna mikið, langan vinnudag og oft erfiðan, lífsgæðakapphlaupið á sinn þátt í því með allri sinni streitu í neyslusamfélagi okkar sem gerir sífellt meiri kröfur, og er þá oftlega gleymt að gera upp á milli raunverulegra lífsþarfa og gerviþarfa sem hinn kaldi markaður auðhyggjunnar hefur búið til handa fólki. En meginstaðreyndin er þó sú að til þess að sjá sér og sínum vel farborða og eignast sæmilegt heimili þarf hinn almenni launamaður að leggja á sig óhóflega margar vinnustundir og horfurnar nú eru þar ærið dökkar.

En það er ekki sama á hvern hátt vinnan er leyst af hendi, hversu mikið álag er að baki, hversu mikilli umframorku hefur verið sóað, hversu ranglega hefur verið að verkinu staðið, hversu vinnustellingar hafa verið óhæfar, og nátengt er þetta því hvernig vinnuaðstaðan hefur verið.

Sjúkra- og iðjuþjálfun eru tiltölulega nýjar greinar innan okkar heilsugæslu og að meginhluta til snúast þær um lækningu, um endurhæfingu, en ekki, svo sem vera þyrfti, um forvarnarstarf einnig.

Nýlega komst það fyrst í lög að sjúkraþjálfun skyldi vera ein þeirra greina er heilsugæslustöðvar sinntu, og enn er þar aðeins um dauðan lagabókstaf að ræða, því miður. Iðju- eða starfsþjálfun, sem hér er nátengd, er jafnvel enn síður inni í þessari mynd nútímaheilsugæslu, þótt í lög sé fest.

Þrátt fyrir starfsheitin er hér fyrst og síðast um stéttir að ræða sem unnið gætu ómetanlegt forvarnarstarf — hindrað ýmsa kvilla og sjúkdóma í stað þess að fást við afleiðingarnar og endurhæfinguna þó fyrst og fremst.

Ekki skal heldur gert lítið úr þeim mikilsverða þætti er lýtur að því starfi sem unnið er

við endurhæfingu þeirra sem orðið hafa fyrir slysum eða öðrum áföllum. Á slíku starfi er því miður ávallt þörf og þar hafa sannarlega mörg kraftaverkin gerst fyrir atbeina þessara og annarra heilbrigðisstétta. Bætt og aukin aðstaða til endurhæfingar sem víðast um landið þarf svo sannarlega til að koma og átaks á því sviði er beðið víða af mörgum.

En forvarnarstarf af ýmsu tagi snýr að öllum, hvaða starf sem þeir stunda, hversu vel sem þeir annars gæta heilsu sinnar að öðru leyti. Minnisstætt er mörgum frá bernsku og æsku að heyra sagt þegar fólk var eitthvað krankt, lá jafnvel rúmfast: „Þetta er bara gigt.“ Og þessi „bara gigt“ sem nú er flokkuð á aðskiljanlega vegu, m. a. sem vöðvabólga og vöðvagigt, brjósklos, slitgigt, brjóskeyðing, svo að eitthvað sé nefnt, þessi sjúkdómur hrjáir okkur tiltölulega meira en flestar ef ekki allar þjóðir. Ástæður eru: mikil vinna, veðurfar, streita og ótalmargt annað sem ófróður flm. treystir sér ekki til að fara nánar út í.

Eitt grunnatriðið í þessu sambandi er hvernig unnið er, hversu að er staðið, og gildir þar einu hvort um er að ræða störfum hlaðna húsmóðurina við heimilisverkin eða skrifstofumanninn í sæma stólnum við enn verra skrifstofuborð því að vinnuaðstæður fléttast vitanlega hér inn í. Þessi atriði vilja oft gleymast, þau eru hreinlega ekki talin með og varðandi heilsurækt okkar og heilsufræði í skólakerfinu mun þessi þáttur tæplega fyrirferðarmikill. Ef við hugsum málið út frá hagrænu sjónarmiði eingöngu, út frá töpuðum vinnustundum, verri vinnuafköstum og öðrum ámóta köldum staðreyndum, þá er hér um mikla fjármuni að tefla, ótrúlega mikla án alls efa. En hvað sem talnalegri stærð þessa líður, þá skiptir líkamleg og andleg velferð og líðan þó enn meira máli og er undirrótin að þessum tillöguflutningi, til áhersluauka á áður sett lög og ákvæði, til að vekja athygli á máli sem fáir hugsa út í almennt hve miklu skiptir.

Flm. hefur leitað í smiðju til sér fróðari aðila um þessi mál og leitað fanga til rökstuðnings og meginmáli þess verða gerð skil í framsögu.

Nokkur augljós skýringaratriði varðandi áherslur tillögugreinarinnar í lokin: Einhver mikilverðasti þáttur heilsuræktar í skólum ætti að lúta að því að kenna ungu fólki að standa rétt að verki, að þjálfa líkama sinn rétt til mismunandi vinnubragða hvaða lífsstarfi sem síðan er gegnt.

Samstarf milli skólamanna og viðkomandi heilbrigðisstétta með nauðsynlegri ráðgjöf og leiðbeiningum, m. a. varðandi beina heilsufræðikennslu, er sjálfsagt að auka, enda forsenda þessa, svo og að auka hæfni kennara til að sinna þessu sem best. (Sjálfum mun þeim ekki af veita fyrir eigin líðan og vinnu og mælir flm. þar af nokkurri reynslu.) Útfærsla þessa er án efa ekki auðveld, kostar ærna aðlögun að hinni almennu leikfimikennslu en er vel framkvæmanleg ef vel er að unnið. Og eitt er víst: Meginþorri kennara mun taka þessu opnum huga.

Vikið er eðlilega að hlutverki og möguleikum Vinnueftirlits ríkisins. Þar hafa öryggismálin og aðbúnaðurinn verið í öndvegi og ekki vanþörf á. Þar er vissulega margt ógert enn og segja má að verkefnin séu þar ærin þó að ekki sé þar bætt við svo veigamiklum þætti, en þar ríkir fullur skilningur á mikilvægi slíks forvarnarstarfs og ekki síst í beinu samhengi við ýmis öryggisatriði. Samtök launafólks og ekki síður vinnuveitendur hafa hér ótvíræðra hagsmuna að gæta og eiga svo sannarlega að taka hér á og taka um leið þátt í þeim kostnaði sem óhjákvæmilegur er, en það fjármagn skilar sér margfaldlega til baka þó að aðeins væri litið beint til þjóðhagslegra atriða. Það er því full ástæða til þess að allir taki hér höndum saman um samræmt, skipulegt átak sem heilbrigðis- og skólayfirvöld yrðu frumkvöðlar að.

Forvarnarstarf af þessu tagi er ekki síður nauðsyn en í mörgu öðru og skiptir miklu um velferð og líðan flestra. Hér ættu fjölmiðlar okkar að koma inn í myndina því að vissulega ma þar veita mikla fræðslu og auka skilning fólks á mikilvægi þess að byggja líkamann upp gegn þeirri „bara gigt“ sem hrjáir svo marga. Ef tillaga þessi mætti verða til vakningar og áherslu, til athafna þó fyrst og síðast, þá væri máli þessu ekki hreyft til einskis.

Nd. 54. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [54. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Byggðin í landinu skiptist í staðbundin sveitarfélög sem stýra sjálf málefnum sínum á eigin ábyrgð.

Sveitarfélög eru lögaðilar og nefnast hreppar, bæir eða kaupstaðir.

Hver maður er í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaga.

Engu málefni, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

3. gr.

Sveitarfélag hefur ákveðin staðarmörk. Óheimilt er að breyta þeim nema með lögum.

Þó getur ráðuneytið breytt mörkum sveitarfélaga í sambandi við sameiningu þeirra eða til staðfestingar á samkomulagi milli sveitarstjórna.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker ráðuneytið úr.

4. gr.

Eigi má breyta nafni sveitarfélags nema með staðfestingu ráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða byggðarmerki fyrir sveitarfélag. Tilkynna skal um þá ákvörðun til ráðuneytisins sem heldur sérstaka skrá um merki sveitarfélaga og setur almennar reglur um gerð þeirra.

Birta skal staðfestingu á nafnbreytingu sveitarfélags og ákvörðun um byggðarmerki í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 50 íbúar.

Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en 50 í þrjú ár samfleytt og skal ráðuneytið þá eiga frumkvæði að því að sameina það nágrannasveitarfélagi. Einnig má þá skipta hinu fámenna sveitarfélagi milli nágrannasveitarfélaga.

Undantekningu frá þessu ákvæði skal gera ef sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélags.

6. gr.

Skylt er sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum.

Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélög geta tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Sveitarfélög skulu hafa með höndum verkefni sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum og þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins.

Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til héraðsnefnda nema sveitarfélög komi sér saman um annað.

Sveitarfélög skulu hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrá eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna sem þau annast.

Meðal verkefna sveitarfélaga eru:

1. Félagsmál, þar á meðal
   framfærslumál,
   aðstoð við aldraða og fatlaða,
   barnaverndarmál,
   varnir gegn notkun vímugjafa,
   rekstur dagvista fyrir börn,
   rekstur dvalarheimila aldraðra,
   rekstur heimilishjálpar.
2. Atvinnumál, þar á meðal
   atvinnuleysisskráning,
   vinnumiðlun.
3. Menntamál, þar á meðal
   bygging og rekstur skóla,
   fullorðinsfræðsla,
   tónlistarfræðsla.
4. Húsnæðismál, þar á meðal
   bygging verkamannabústaða,
   bygging leiguíbúða sveitarfélaga,
   útrýming heilsuspillandi húsnæðis.
5. Skipulags- og byggingarmál, þar á meðal
   gerð aðal- og svæðaskipulags,
   gerð deiliskipulags,
   framkvæmd byggingarlaga og byggingareftirlit.
6. Almannavarnir og öryggismál, þar á meðal
   eldvarnir og eldvarnaeftirlit,
   staðbundnar almannavarnir.
7. Hreinlætismál, þar á meðal
   sorphreinsun og sorpeyðing,
   holræsalagnir og skolpeyðing,
   heilbrigðiseftirlit,
   meindýraeyðing.
8. Heilsugæsla, þar á meðal
   rekstur heilsugæslustöðva,
   rekstur sjúkrastofnana.
9. Menningarmál, þar á meðal
   rekstur bókasafna,
   rekstur annarra safna,
   rekstur félagsheimila,
   stuðningur við áhugamannafélög um listir og listsköpun.

10. Íþróttir og útivera, þar á meðal
bygging og rekstur íþróttavalla,
bygging og rekstur íþróttahúsa,
gerð aðstöðu fyrir vetraríþróttir og ýmsar aðrar greinar íþrótta,
rekstur fólkvanga og annarra útivistarsvæða.
11. Landbúnaðarmál, þar á meðal
umsjón með forðagæslu,
eyðing refa, minka og vargfugls,
fjallskilamál.
12. Bygging og viðhald mannvirkja, þar á meðal
gatna, vega og torga,
veitukerfa,
hafna o. s. frv.
13. Ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir almennt atvinnuleysi og bjargarskort.

II. KAFLI
Sveitarstjórnir.

7. gr.

Í hverju sveitarfélagi skal vera kjörin sveitarstjórn.

Sveitarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins skv. ákvæðum laga þessara og annarra laga.

Sveitarstjórnir skulu gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og um meðferð þeirra málefna sem sveitarfélagið annast. Slík samþykkt skal send ráðherra til staðfestingar.

8. gr.

Sveitarstjórn kýs oddvita úr sínum hópi, kýs nefndir, framkvæmdastjóra og ræður aðra starfsmenn til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins.

9. gr.

Sveitarstjórnir hafa ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna sveitarfélaga og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast, að svo miklu leyti sem ekki eru settar um það reglur í löggjöf.

Sveitarstjórn skal sjá um að lögbundin verkefni sveitarfélagsins séu rækt og að fylgt sé þeim reglum um meðferð sveitarstjórnarmála sem ákveðnar eru í samþykktum sveitarfélagsins, lögum og reglugerðum.

Sveitarstjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði sveitarfélagið.

10. gr.

Í hreppum nefnist sveitarstjórn hreppsnefnd. Ef ráðinn er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins nefnist hann sveitarstjóri og ef sett er á fót byggðarráð sveitarstjórnar nefnist það hreppsráð.

Í kaupstöðum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar bæjarráð. Sama gildir í hreppum, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í 3 ár samfellt og svo er kveðið á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Nefnist þá sveitarfélagið bær.

Í Reykjavík nefnist sveitarstjórn borgarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins borgarstjóri og byggðarráð sveitarstjórnar borgarráð.

Byggðarráð skal kjörið úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn.

Stöðuheiti oddvita sveitarstjórnar má ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

11. gr.

Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:

þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 1000–9999 7–11 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 10 000–50 000 11–15 aðalmenn,
þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri 15–27 aðalmenn.

Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

III. KAFLI

Kosning sveitarstjórna.

12. gr.

Lög um kosningar til Alþingis gilda um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á með þeim frávikum sem lög þessi ákveða.

13. gr.

Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram annan laugardag í júní.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 1. dag næsta mánaðar eftir kjördag og situr til júníloka það ár sem næstu almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram.

14. gr.

Fulltrúar í sveitarstjórnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því.

15. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru fleiri en 300, skal kjósa bundinni hlutfallskosningu.

Í öðrum sveitarfélögum skulu kosningar vera óbundnar. Þó skal einnig þar kjósa bundinni hlutfallskosningu ef 20 kjósendur eða einn tíundi hluti kjósenda krefjast þess í bréfi stíluðu til oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en sex vikum fyrir kjördag.

16. gr.

Þegar kosning er hlutbundin skal telja öll atkvæði sem hver listi hefur hlotið og er þá fundin atkvæðatala hvers lista.

Til þess að finna hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista skal fara þannig að:

1. Deila skal atkvæðatölum listanna með tölunum 1, 2, 3, 4 o. s. frv. Útkomutölur eru skráðar fyrir hvern lista.
2. Fyrsta fulltrúa fær sá listi kjörinn sem hæsta útkomutölu hefur. Sú tala er síðan felld niður. Annan fulltrúa fær sá listi sem nú hefur hæsta útkomutölu. Þessu skal fram haldið uns úthlutað hefur verið jafnmörgum fulltrúum og kjósa á.
3. Nú eru of fá nöfn á lista þegar til úthlutunar kemur samkvæmt 2. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista við frekari úthlutun.
4. Nú eru tvær eða fleiri útkomutölur jafnháar þegar að þeim kemur samkvæmt 2. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

17. gr.

Til þess að finna hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista skal kjörstjórn reikna frambjóðendum atkvæðatölu á þennan hátt:

Kjörstjórn tekur saman þá kjörseðla þar sem engin breyting hefur verið gerð á listanum. Þar telst efsta nafn listans vera í fyrsta sæti, næsta nafn í öðru sæti o. s. frv. Næst tekur kjörstjórn alla þá kjörseðla þar sem kjósendur hafa gert einhverjar breytingar á röð frambjóðenda og telur atkvæði hvers frambjóðanda í hvert sæti listans.

Nöfnum frambjóðenda á listanum er nú raðað þannig að sá sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. sæti, samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, hlýtur það sæti. Sá frambjóðandi, að þessum slepptum, sem hlotið hefur flest atkvæði í 1. og 2. sæti samanlagt, hlýtur 2. sætið o. s. frv. uns raðað hefur verið í sæti svo mörgum frambjóðendum listans að ljóst sé hverjir teljast fulltrúar hans og hverjir varafulltrúar.

18. gr.

Nú ferst fyrir kosning til sveitarstjórnar á tilskildum tíma vegna óveðurs eða af öðrum ástæðum, kosning fer fram vegna sameiningar sveitarfélaga, kjósa þarf í sveitarstjórn einn eða fleiri fulltrúa vegna varanlegra forfalla kjörinna fulltrúa eða kosning hefur verið úrskurðuð ógild og skal þá kosning fara fram svo fljótt sem við verður komið.

19. gr.

Kosningarrétt til sveitarstjórna eiga allir sem:

a. eru 18 ára þegar kosning fer fram,
b. eru íslenskir ríkisborgarar,
c. eiga lögheimili á Íslandi.

Nú eiga ákvæði 10. gr. lögheimilislaga, nr. 35/1960, við um hagi manns og telst hann þá ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar þótt hann hafi tilkynnt flutning skv. Norðurlandasamningi um almannaskráningu, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Enn fremur eiga kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem fullnægja skilyrðum a- og c-liða 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.

Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út.

20. gr.

Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu, hafa ekki verið sviptir lögræði og ekki verið dæmdir sekir um verknað sem að almannamati gerir mann óhæfan til að sitja í sveitarstjórn.

Missi fulltrúi í sveitarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórninni, sbr. þó ákvæði 33. gr.

Þeim sem er kjörgengur, heill og hraustur og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn. Ekki verður nafn manns þó sett á framboðslista án skriflegs samþykkis hans.

Þeim sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur er ekki skylt að taka kjöri fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann átti þar samfellt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum og sex dögum fyrir kjördag að hann skorist undan endurkjöri.

21. gr.

Á kjörskrá skal taka þá sem fullnægja öllum skilyrðum 17. gr. laga þessara.

Kjörskrár skulu byggðar á kjörskrárstofni sem Hagstofan lætur sveitarstjórnum í té.

Tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skal fara með eins og kjörskrárkærur.

22. gr.

Nú ber nauðsyn til að sveitarstjórnarkosningar, aðrar en almennar sveitarstjórnarkosningar, fari fram með svo stuttum fyrirvara að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja frammi eða veita þá fresti og fyrirvara sem annars er gert ráð fyrir og má þá sveitarstjórn stytta fresti hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega jafnframt því sem kosningin er auglýst.

Nú fara aukakosningar fram vegna þess að kosningar hafa verið úrskurðaðar ógildar og síðari kosningarnar fara fram innan hálfs árs frá þeim fyrri og skal þá kosið skv. fyrri kjörskrá.

Fari kosning síðar fram skal gerð ný kjörskrá skv. reglum 15. gr.

23. gr.

Kjörstjórnir skulu kosnar á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar til fjögurra ára í senn. Í hverri kjörstjórn eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn. Kjörstjórn kýs sér oddvita og ritara úr sínum hópi.

Í sveitarfélagi, sem skipt er í kjördeildir, skal kjósa eina yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir jafnmargar og fjöldi kjördeilda er. Heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar. Þar sem kosning fer fram í fleiri en einni kjördeild á sama kjörstað er rétt að kjósa hverfiskjörstjórnir til þess að hafa umsjón með kosningastarfi á kjörstaðnum í umboði yfirkjörstjórnar.

Í sveitarfélagi, sem ekki er skipt í kjördeildir, gegnir kjörstjórn störfum yfir- og undirkjörstjórna.

Sveitarstjórn getur falið kjörstjórn, sem kjörin er skv. lögum um kosningar til Alþingis, að stýra einnig kosningum til sveitarstjórnar.

24. gr.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru færri en 500, mega frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn ef það sætir ekki ágreiningi í sveitarstjórn.

25. gr.

Sveitarstjórnir skulu láta kjörstjórnum í té gerðabækur sem skulu vera gegnumdregnar og löggiltar af hlutaðeigandi lögbókanda (notario publico).

26. gr.

Yfirkjörstjórn lætur gera kjörseðla sem notaðir verða á kjörfundi. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn. Kjörseðill við bæjarstjórnar- (hreppsnefndar-) kosningar í ... kaupstað (hreppi), dagsetning og ártal.

Kjörseðlar skulu vera úr haldgóðum pappír sem skrift sést ekki í gegnum.

Ef um óbundnar kosningar er að ræða skal kjörseðill vera tvískiptur. Efri hluti kjörseðils skal ætlaður fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna en neðri hluti hans fyrir nöfn og heimilisföng varamanna. Á neðri hluta kjörseðils skal vera töluröð miðuð við fjölda þeirra sem kjósa á.

27. gr.

Til þess að framboðslisti teljist réttilega fram borinn þarf tiltekinn fjöldi kjósenda að mæla með listanum.

Lágmarksfjöldi meðmælenda skal vera sem hér segir:

í sveitarfélagi með 100–500 íbúa 10 meðmælendur,

í sveitarfélagi með 501–2000 íbúa 20 meðmælendur,

í sveitarfélagi með 2001–16 000 íbúa 40 meðmælendur,

í sveitarfélagi með 16 000 og fleiri íbúa 100 meðmælendur.

Hámarkstala meðmælenda skal vera tvöföld tilskilin lágmarkstala.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði hennar má skjóta til sveitarstjórnar. Úrskurði sveitarstjórnar má áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 37. gr. ef úrskurður fellur um að fulltrúaefni hafi misst kjörgengi.

28. gr.

Ef framboðslistar eru ekki bornir fram af stjórnmálaflokkum merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð eftir því sem þeir hafa borist henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn listanna.

Þegar yfirkjörstjórn hefur úrskurðað framboðin gerir hún þau kunn almenningi með auglýsingu sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar.

Greina skal í auglýsingu bókstaf framboðslista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í réttri röð.

Nú fer bundin hlutfallskosning fram eða framboðsfrestur framlengist skv. ákvæðum 15. gr. eða maður skorast undan endurkjöri skv. 4. mgr. 20. gr. og skal þá yfirkjörstjórn auglýsa það með sama hætti og framboð.

29. gr.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, er notuð eru við kosningar til Alþingis, er og heimilt að nota við sveitarstjórnarkosningar.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla við óbundnar kosningar fer fram með þeim hætti að kjósandi skrifar í kjörklefa á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang aðalmanna á þann hluta kjörseðilsins sem ætlaður er fyrir kjör aðalmanna.

Á þann hluta seðilsins, sem ætlaður er fyrir kjör varamanna, skal hann rita nöfn varamanna og heimilisföng þeirra í þeirri röð sem hann kýs að þeir taki sæti allt að þeirri tölu sem kjósa á.

Kjósandi skal brjóta seðilinn saman þannig að það sem á hann var ritað snúi inn og skal kjósandi sjálfur stinga kjörseðli í atkvæðakassann.

Ekki skal meta atkvæði ógilt ef greinilegt er hver vilji kjósanda er nema á kjörseðlinum séu áletranir eða annarleg merki sem ætla má að sett séu til að gera seðilinn auðkennilegan eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli sem ætla má að hafi verið sett þar í því skyni.

31. gr.

Þegar kosning er óbundin fer talning atkvæða fram með þeim hætti að formaður yfirkjörstjórnar les upp nöfnin sem á kjörseðlinum standa og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar en þeir skrá atkvæðin jafnóðum.

Þeir, sem flest atkvæði fá sem aðalmenn, eru réttkjörnir aðalmenn. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

32. gr.

Þegar kosning er óbundin skal kjósa jafnmarga varamenn sem aðalmenn. Varamenn eru þeir sem ekki hljóta atkvæðamagn sem aðalmenn þannig:

1. varamaður er sá sem flest atkvæði hlýtur samanlagt í 1. sæti á lista yfir varamenn að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns. 2. varamaður er kosinn sá sem flest atkvæði hlýtur í 2. sæti lista varamanna að viðbættum þeim atkvæðum sem hann hlaut í sæti aðalmanns og í 1. sæti á lista varamanna. Kosning annarra varamanna ákvarðast á sama hátt uns fyllt er í sæti þau sem kjósa skal í. Nú fá tveir menn jafnmörg atkvæði samanlagt í

sæti varamanns og skal þá hlutkesti ráða hvor hlýtur sætið. Sá sem ekki hlýtur sætið tekur sæti næsta varamanns og færast þá þeir varamenn sem á eftir koma um set.

Þegar kosið er bundinni hlutfallskosningu og listi fær einn eða fleiri aðalmenn kjörna verða þeir varamenn sem ekki hlutu kosningu á listanum.

33. gr.

Þegar kosning er óbundin er yfirkjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli.

Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði upp kveðnum varðandi kosninguna, ef kosning hefur verið kærð, skal yfirkjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og skrá yfirlýsingu þar um í gerðabók kjörstjórnar.

34. gr.

Kjörstjórn skal gefa út kjörbréf til aðalfulltrúa í sveitarstjórn og varamanna þeirra.

Jafnframt skal kjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna.

35. gr.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalfulltrúar þess lista, sem þeir eru kosnir af, falla frá, flytjast burtu eða forfallast varanlega á annan hátt frá því að sitja í sveitarstjórn.

Nú er framboðslisti borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum og geta þá aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsing um slíkt samkomulag skal lögð fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka, sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti skv. venjulegum reglum.

Þegar aðalmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má ákveða að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Tekur þá varamaður hans sæti skv. framangreindum reglum. Nú forfallast aðalmaður um stundarsakir vegna veikinda eða af öðrum ástæðum og er honum þá rétt að tilnefna þann af varamönnum sínum sem taka skal sæti hans á meðan. Hafi hann engan tilnefnt úr hópi varamanna skal varamaður taka sæti hans samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

36. gr.

Gallar á framboði eða kosningu leiða ekki til ógildis kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.

37. gr.

Sá sem vill kæra sveitarstjórnarkosningu skal afhenda kæru sína hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan sjö daga frá því að lýst var úrslitum kosninga. Í Reykjavík skal afhenda yfirborgardómara slíka kæru.

Viðkomandi yfirvald skal skipa þriggja manna nefnd til að úrskurða um kæruefnið þegar er því hefur borist kæra. Skal leita umsagnar yfirkjörstjórnar um kæru og skal hún láta uppi álit sitt innan viku frá því að hún fékk kæruna og kjörnefnd kveða upp úrskurð sinn innan viku þar frá.

Úrskurði nefndarinnar má skjóta til ráðuneytisins og skal tilkynning um málskotið komin til ráðuneytisins innan viku og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett í póst innan sama tíma.

Nú kemur fram kæra innan kærufrests skv. 1. mgr. og nefndin úrskurðar kosningu ógilda og lætur þá fráfarandi sveitarstjórn ekki af störfum fyrr en kosning hefur farið fram að nýju og nefndin úrskurðað kærur sem fram kunna að koma vegna þeirra.

Jafnskjótt og fráfarandi sveitarstjórn lætur af störfum tekur nýkjörin sveitarstjórn við, sbr. 2. mgr. 13. gr.

Fulltrúi í sveitarstjórn getur krafist frestunar á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar sem teknar eru frá kjördegi og þar til nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum og skal þá leggja mál að nýju fyrir hana á fyrsta fundi hennar. Nú er mál þannig vaxið að framkvæmd ákvörðunar þolir enga bið og verður þessa úrræðis þá ekki neytt, enda sé heimild til afgreiðslu málsins í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

Nú ógildir ráðuneytið kosningar eftir að nýkjörin sveitarstjórn hefur tekið við störfum og skal hún þá sitja þar til nýjar kosningar hafa farið fram og kærur sem fram kunna að koma hafa verið úrskurðaðar.

Eftir að kjörtímabili fráfarandi sveitarstjórnar er lokið og þar til löglega kjörin sveitarstjórn tekur við störfum skv. ákvæðum þessarar greinar getur starfandi sveitarstjórn ekki innt af hendi neinar greiðslur eða gengist undir nokkrar skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélagsins nema skv. heimild í fjárhagsáætlun, lögum, almennum fyrirmælum stjórnvalda eða með leyfi ráðuneytisins.

38. gr.

Sveitarstjórn úrskurðar hvort sveitarstjórnarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn.

Skjóta má úrskurði sveitarstjórnar til ráðuneytisins og úrskurði þess má skjóta til dómstóla.

39. gr.

Kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist úr sveitarsjóði.

IV. KAFLI

Skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna.

40. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundi og fundi í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Sveitarstjórnarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og honum ber að gegna störfum af alúð og samviskusemi.

Við nafnakall er sveitarstjórnarmanni skylt að greiða atkvæði nema hann færi rök fyrir undanfærslu sinni er oddviti sveitarstjórnar metur gild. Vilji sveitarstjórnarmaður eigi una úrskurði oddvita getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

Hver sveitarstjórnarmaður er skyldur til að inna af hendi störf sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar.

41. gr.

Sveitarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórna og nefnda eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum. Þeir hafa og tillögurétt, atkvæðisrétt, kjörgengi í nefndir

og aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn og nefndum hennar eiga rétt á að fá bókaðar stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru.

42. gr.

Sveitarstjórnarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, eðli máls eða samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar eða nefndar.

Kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og varamönnum þeirra er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins.

43. gr.

Sá sem verið hefur oddviti heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan sveitarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum.

Nú telur sveitarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags og getur sveitarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils.

44. gr.

Skylt er sveitarstjórn að ákveða hæfilega þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra. Sé um langan veg að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanns og fundarstaðar sveitarstjórnar getur sveitarstjórn auk þess ákveðið honum hæfilega greiðslu ferðakostnaðar.

Nú tekst sveitarstjórnarmaður ferð á hendur í þágu sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og á hann þá rétt til greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórnarmenn eiga rétt á að störfum sveitarstjórnar sé þannig hagað að þeir geti tekið sér hæfilegt orlof árlega.

45. gr.

Sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Sveitarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Sveitarstjórnarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Sveitarstjórnarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli á því.

Sveitarstjórnarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal sveitarstjórnar við afgreiðslu þess.

V. KAFLI

Sveitarstjórnarfundir.

46. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar kveður hana til fyrsta fundar fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar kýs sveitarstjórn oddvita og einn eða fleiri varaoddvita. Kjörtímabil oddvita og varaoddvita er eitt ár, en heimilt er þó sveitarstjórn að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kjörtímabilið skuli vera hið sama og sveitarstjórnar. Sá er rétt kjörinn oddviti eða varaoddviti sem hefur fengið atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn.

Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju og skal þá kjósa um þá tvo er flest fengu atkvæðin. Ef þrír eða fleiri, sem um skyldi kjósa, hafa fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær þó að hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Hinn nýkjörni oddviti skal þegar í stað tilkynna kjör sitt og varaoddvita til ráðuneytisins.

47. gr.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá sveitarstjórnarstörfum áður en kjörtími hans er á enda skal kjósa oddvita í hans stað það sem eftir er kjörtímabilsins.

48. gr.

Sveitarstjórnir skulu halda reglulega fundi eftir því sem sveitarstjórn ákveður fyrir fram eða fyrir er mælt um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Fundi skal halda eigi sjaldnar en ársfjórðungslega og sveitarstjórnir, þar sem byggðarráð er kjörið, skulu halda fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Heimilt er þó sveitarstjórn að fella niður fundi í allt að tvo mánuði á hverju sumri. Aukafundi skal halda eftir þörfum.

Skylt er að kveðja sveitarstjórn saman til fundar þegar a. m. k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess.

Sveitarstjórnarfundir skulu haldnir fyrir opnum dyrum en sveitarstjórn getur ákveðið að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum.

49. gr.

Sveitarstjórnir skulu setja sér fundarsköp. Ráðuneytið skal láta semja fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir og birta hana í Stjórnartíðindum. Gilda þau fyrir sveitarstjórn þar til staðfest hafa verið sérstök fundarsköp fyrir hana.

50. gr.

Oddviti sveitarstjórnar boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.

Kunngert skal íbúum sveitarfélags með auglýsingu hvar og hvenær sveitarstjórn heldur fundi.

Greina skal dagskrá í fundarboði.

51. gr.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það en við kosningar ræður hlutkesti. Engin tillaga hlýtur þó samþykki í sveitarstjórn nema meiri hluti viðstaddra sveitarstjórnarmanna samþykki hana.

Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa eða starfsmannaráðningar sveitarfélags, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör.

52. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa tvær umræður með a. m. k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

a. Hina árlegu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.
b. Ársreikninga sveitarfélagsins og fyrirtækja þess.
c. Reglugerðir sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

d. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
e. Beiðni um aðstoð skv. 90. gr. laga þessara.

53. gr.

Oddviti kemur fram opinberlega fyrir hönd sveitarstjórnar og stjórnar umræðum á fundum hennar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Rétt er sveitarstjórn að ráða sér fundarritara.

Allir fulltrúar, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðir sveitarstjórnar nema sveitarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

54. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að efna til almennrar atkvæðagreiðslu um einstök mál og að boða til almennra borgarafunda um málefni sveitarfélagsins.

Í sveitarfélagi með færri en 500 íbúa er skylt að halda almennan sveitarfund ef ¼ hluti atkvæðisbærra manna í sveitarfélaginu óskar þess.

Til almenns borgarafundar eða sveitarfundar skal boðað með opinberri auglýsingu og skal þar taka fram hverjir hafi kosningarrétt á fundinum ef ætlunin er að atkvæðagreiðsla fari þar fram.

Ályktanir slíkra funda eru ekki bindandi fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir sveitarstjórn nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

VI. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

55. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Í bæjum og kaupstöðum nefnist byggðarráðið bæjarráð, í hreppum hreppsráð og í Reykjavík nefnist það borgarráð.

Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru þremur eða fimm aðalfulltrúum, verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

Í sveitarstjórnum, sem skipaðar eru sjö fulltrúum, skal byggðarráð skipað þremur aðalfulltrúum en fimm eða sjö aðalfulltrúum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir.

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð, að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila, sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði, slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

56. gr.

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að reikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

57. gr.

Sveitarstjórn kýs menn í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Sveitarstjórn kýs nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu. Við kosningar í slíkar nefndir skal leitast við að þar sitji a. m. k. einn aðalmaður í sveitarstjórn í því skyni að tryggja tengsl viðkomandi nefndar við sveitarstjórnina eða meiri hluta hennar.

Þá kýs sveitarstjórn menn í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að skv. samþykktum eða lögum um viðkomandi stjórnvald.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður þegar liðin eru 4 ár frá því að nefndin var kosin.

58. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem íbúar eru færri en 400 er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins. Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í sveitarhlutanum.

59. gr.

Forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana er þeir starfa hjá.

60. gr.

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd er varanlega forfallaður, svo sem ef hann hefur látist, flust brott úr sveitarfélaginu eða fengið lausn frá nefndarstörfum, tekur varamaður sæti hans í nefnd sbr. 1. málsl., nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í nefnd, einnig tilnefna eftirmann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 35. gr.

61. gr.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Sveitarstjórn getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

62. gr.

Oddviti sveitarstjórnar boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um fundarboðun til fyrsta fundar.

Oddviti getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

63. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði IV. og V. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags, eftir því sem við á.

64. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók sem fundargerðir eru færðar í.

Þar skal greina inntak mála, málsaðila og hverja afgreiðslu mál fær.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

65. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki.

Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins með sérstöku erindi frá nefndinni. Öðlast hún eigi gildi þótt sveitarstjórn hafi fjallað um fundargerð nefndarinnar þar sem greint er frá viðkomandi ályktun.

66. gr.

Fulltrúar í nefndum, ráðum og stjórnum á vegum sveitarfélags eiga rétt á þóknun fyrir þau störf skv. almennum reglum er sveitarstjórn setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 44. gr. laga þessara.

VII. KAFLI

Framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélaga.

67. gr.

Sé eigi ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags hefur oddviti með höndum daglega stjórn sveitarfélagsins, undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs, ef kosið er, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna sveitarfélagsins, svo sem bréfaskipti, gjaldheimtu og reikningshald.

68. gr.

Laun oddvita, þar sem eigi er starfandi framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skulu ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn, og skal þá ýmist miðað við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Launin skulu endurskoðuð reglulega í samræmi við almennar launabreytingar í landinu.

Ef um er að ræða sérstakar, umfangsmiklar og tímabundnar framkvæmdir á vegum sveitarfélags sem oddviti sér um skal hann eiga rétt á sérstakri þóknun fyrir þau störf skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

Láti oddviti í té húsnæði og aðra aðstöðu vegna skrifstofuhalds og fundarhalda í þágu sveitarfélags á hann rétt á sérstakri greiðslu fyrir þá þjónustu.

69. gr.

Í þéttbýlissveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa en 400, er rétt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags. Í öðrum sveitarfélögum er sveitarstjórn heimilt að ráða slíkan starfsmann.

Heimilt er tveimur sveitarfélögum eða fleiri að ráða sameiginlega framkvæmdastjóra.

Í hreppum nefnist framkvæmdastjóri sveitarstjóri, í bæjum og kaupstöðum nefnist hann bæjarstjóri og í Reykjavík nefnist framkvæmdastjóri borgarstjóri.

70. gr.

Ráðningartími framkvæmdastjóra sveitarfélags skal að jafnaði vera hinn sami og kjörtími sveitarstjórnar.

Heimilt er að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags til óákveðins tíma en uppsagnarfrestur skal þá vera þrír mánuðir af beggja hálfu miðað við mánaðamót.

Taka skal sérstaklega fram við ráðningu framkvæmdastjóra hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

71. gr.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags skal sitja fundi sveitarstjórnar og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórninni. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélags með sömu réttindum.

Framkvæmdastjóri undirbýr fundi sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur á hendi framkvæmd þeirra ákvarðana sem sveitarstjórn tekur.

Framkvæmdastjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs og hann er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins.

Framkvæmdastjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnar þarf til.

Í samþykkt um stjórn sveitarfélags skal setja nánari ákvæði um verksvið framkvæmdastjóra og mörk milli þess og ákvörðunarvalds sveitarstjórnar og byggðarráðs hennar.

Í samþykktina skal einnig setja ákvæði um mörk milli verksviðs framkvæmdastjóra og oddvita sveitarstjórnar og má þar ákveða aðra skipan en segir í 1.–4. mgr. þessarar greinar.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal ákveða í ráðningarsamningi.

72. gr.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og stofnunum þess og veitir þeim lausn frá starfi.

Um ráðningu annarra starfsmanna fer eftir ákvæðum í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Séu þar eigi sérstök ákvæði þessa efnis gefur sveitarstjórn eða byggðarráð almenn

fyrirmæli til stjórnenda sveitarfélagsins og stofnana þess um hvernig staðið skuli að ráðningu starfsmanna.

73. gr.

Starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélags hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fer eftir ákvæðum kjarasamninga.

Uppsagnarfrestur fastráðinna starfsmanna sveitarfélags er þrír mánuðir sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða í ráðningarsamningi.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélaga.

74. gr.

Reikningsár sveitarfélaga skal vera almanaksárið.

75. gr.

Fyrir lok desembermánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins næsta reikningsár. Ráðuneytið getur veitt sveitarstjórnum lengri frest þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Fjárhagsáætlun skal rædd á tveimur fundum með a. m. k. einnar viku millibili. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, enn fremur áætlaðar fjármagnshreyfingar. Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga.

Fjárhagsáætlun skv. þessari grein skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu.

76. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um 5 ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Áætluninni er ætlað að vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins.

Ræða skal um 5 ára áætlun á tveimur fundum í sveitarstjórn með a. m. k. tveggja vikna millibili. Sama gildir um tillögur til breytinga á áætluninni sem sveitarstjórn ákveður að gera síðar á kjörtímabilinu.

Áætlun fráfarandi sveitarstjórnar til 5 ára gildir þar til henni hefur verið breytt af nýkjörinni sveitarstjórn.

77. gr.

Hyggist sveitarstjórn ráðast í eða taka þátt í framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður eða hlutur sveitarfélagsins í honum nemur hærri fjárhæð en sveitarsjóðsgjöld yfirstandandi reikningsárs er skylt að leggja fyrir sveitarstjórn umsögn sérfróðs aðila um kostnaðaráætlunina, væntanleg áhrif hennar á fjárhagsafkomu sveitarsjóðs á fyrirhuguðum verktíma, áætlun um árlegan rekstrarkostnað fyrir sveitarsjóð, sé um hann að ræða, og jafnframt skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmdin samræmist 5 ára áætlun sveitarfélagsins.

78. gr.

Hafi orðið greiðsluafgangur á rekstri fyrra árs skal færa hann sem tekjur á fjárhagsáætlun næsta árs. Hafi orðið greiðsluhalli á rekstri fyrra árs skal áætla fyrir honum á sama hátt á fjárhagsáætlun næsta árs.

79. gr.

Heimilt er að endurskoða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og gera á henni nauðsynlegar breytingar ef í ljós koma breytingar á forsendum fjárhagsáætlunarinnar. Sveitarstjórn

afgreiðir slíkar breytingar á árlegri fjárhagsáætlun við eina umræðu, enda séu breytingartillögur sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn a. m. k. fimm sólarhringum fyrir sveitarstjórnarfund.

80. gr.

Til útgjalda, sem ekki eru lögbundin, samningsbundin eða leiðir af fyrri samþykkt sveitarstjórnar, má ekki stofna nema til komi samþykki sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt kveða á um hvernig útgjöldunum skuli mætt.

81. gr.

Sveitarfélög og fyrirtæki þeirra eru bókhaldsskyld.

Um bókhald sveitarfélaga gilda lög um bókhald, eftir því sem við á.

Ráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um bókhald sveitarfélaga og ársreikning þeirra að höfðu samráði við Hagstofu Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar skal m. a. kveðið á um reglur varðandi gjaldfærslu fjárfestinga sveitarfélaga.

82. gr.

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir heildarfjárhag sveitarfélags og stofnana þess ef það rekur stofnanir með sjálfstætt reikningshald.

Ársreikningur skal sýna rekstrar- og framkvæmdayfirlit og efnahagsreikning með tilheyrandi skýringum.

Ársreikningi skal fylgja yfirlit yfir allar fjárhagsábyrgðir sem á sveitarsjóði hvíla.

Ársreikningur skal gerður skv. góðri reikningsskilavenju og reglugerð um bókhald sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 81. gr.

Í ársreikningi skal sýna til samanburðar fjárhagsáætlun um viðkomandi reikningsliði.

83. gr.

Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður fyrir lok aprílmánaðar.

84. gr.

Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo endurskoðendur til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara til að endurskoða reikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja sveitarfélagsins.

Fulltrúar í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem endurskoðendur eða varaendurskoðendur sveitarsjóðsreikninga eða reikninga stofnana eða fyrirtækja sem rekin eru af sveitarstjórn.

Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru 1000 eða fleiri, skal fela löggiltum endurskoðanda eða löggiltu endurskoðunarfélagi að annast reikningslega endurskoðun bókhalds sveitarsjóðs og stofnana hans. Sveitarstjórn er þá einnig heimilt að starfrækja sérstaka endurskoðunardeild til að annast eftirlit með starfsemi sveitarfélagsins og reikningslega endurskoðun sveitarsjóðs og stofnana hans, enda sé sjálfstæði slíkrar deildar tryggt.

85. gr.

Kjörnir endurskoðendur skulu kanna hvernig tekjur og útgjöld sveitarfélagsins eru í samanburði við fjárhagsáætlun og aðrar ákvarðanir sveitarstjórnar, lög eða ákvarðanir æðra settra stjórnvalda.

Þeir skulu fylgjast með því að bókhald sveitarfélags og innra eftirlit sé í góðu lagi og að uppgjör og uppsetning reikninga fylgi ákvæðum laga og reglugerða og góðri reikningsskilavenju.

Ef endurskoðendum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarsjóði og stofnunum hans og breytingar á stjórnsýslu sveitarfélagsins í því sambandi.

Þeir skulu kanna hvaðeina sem þeim þykir athugavert í fjármálum sveitarsjóðs og stofnana hans.

Þar sem löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag annast eigi reikningslega endurskoðun bókhalds skulu kjörnir endurskoðendur einnig annast þann þátt endurskoðunarinnar, þ. e. að staðreyna eignir og skuldir, að tölum beri saman við fylgiskjöl og að fylgiskjöl séu rétt flokkuð á reikningsliði.

86. gr.

Skylt er að veita endurskoðendum aðstöðu til þess að framkvæma þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar til að vinna verk sitt og aðgang að þeim gögnum sem þeir æskja.

Endurskoðun sé lokið fyrir maílok ár hvert.

87. gr.

Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslu sem lögð skal fyrir sveitarstjórn áður en ársreikningur er afgreiddur.

Í endurskoðunarskýrslunni skal felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram skoðun endurskoðenda á því hvort ársreikningur sé í samræmi við lagaákvæði og reglugerðir, svo og greinargerð um niðurstöður endurskoðunarinnar að öðru leyti og tillaga endurskoðenda um afgreiðslu á reikningnum eða einstökum liðum hans. Hafi verið gerð breyting frá fyrra ári á uppsetningu ársreiknings skal þess sérstaklega getið í endurskoðunarskýrslu.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðendur vilja koma á framfæri við sveitarstjórn, framkvæmdastjóra eða forstöðumenn hennar, skal færa fram skriflega.

Sveitarstjórn varðveitir gögn þessi á öruggan hátt og skal skrá þau eða tilvist þeirra í sérstaka endurskoðunarbók.

Endurskoðanda og starfsmönnum hans er ekki heimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um hag sveitarfélags eða annað það er hann kemst að í starfi sínu.

88. gr.

Sveitarstjórnir skulu hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júlímánuði. Eintak af ársreikningum skal senda ráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 31. júlí ár hvert.

Vanræki sveitarstjórn að afgreiða eða skila ársreikningum sínum innan tilskilins frests getur ráðuneytið stöðvað greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til viðkomandi sveitarfélags og með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim aðila sem ábyrgð ber á vanrækslunni.

89. gr.

Eigi má sveitarfélag veðsetja tekjur sínar. Eigi heldur fasteignir sem nauðsynlegar eru til þess að sveitarfélagið geti rækt lögskyld verkefni sín. Aðrar eignir getur sveitarfélag veðsett og heildareignir sveitarfélags standa til tryggingar skuldbindingum þess.

Eigi má framkvæma aðför í þeim eignum sveitarfélaga sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum þeirra og sveitarfélög verða eigi tekin til gjaldþrotaskipta.

Kröfur á hendur sveitarsjóði má eigi nota til skuldajafnaðar við kröfu sveitarfélags um lögboðin gjöld til sveitarsjóðs eða stofnana sveitarfélagsins.

Eigi má binda sveitarsjóð við sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum annarra aðila en stofnana sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur veitt einfalda ábyrgð til annarra aðila gegn tryggingum sem hún metur gildar, enda samþykki ⅔ hlutar fulltrúa í sveitarstjórn að veita ábyrgðina.

90. gr.

Komist sveitarfélag í fjárþröng, þannig að sveitarstjórn telur sér eigi unnt að standa í skilum, skal hún tilkynna það til ráðuneytisins.

Ákvörðun um slíka tilkynningu skal tekin eftir tvær umræður í sveitarstjórn.

Ráðuneytið skal þá tafarlaust láta fara fram rannsókn á fjárreiðum og rekstri sveitarfélagsins og leggja síðan fyrir sveitarstjórn að bæta það sem áfátt kann að reynast innan hæfilegs frests.

Komi í ljós að fjárhagur sveitarfélags er slíkur að það getur ekki með heilbrigðum rekstri staðið straum af lögboðnum útgjöldum eða öðrum skuldbindingum sínum er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarfélaginu styrk eða lán úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins á réttan kjöl með þeim skilyrðum sem ráðuneytið setur.

Ráðuneytið getur heimilað eða lagt fyrir sveitarstjórn í því tilviki sem hér um ræðir að leggja álag á útsvör, aðstöðugjöld og fasteignaskatta sem nemi allt að 25%.

91. gr.

Nú er greiðslubyrði sveitarfélags umfram greiðslugetu svo mikil að ljóst er að eigi mun úr rætast í bráð og getur ráðuneytið þá svipt sveitarstjórn fjárforráðum sveitarfélags og skipað því fjárhaldsstjórn, enda hafi fjármálastjórn sveitarfélagsins verið í ólestri, ráðstafanir skv. 90. gr. muni fyrirsjáanlega eigi duga til úrbóta eða sveitarstjórn hafi vanrækt svo skyldur sínar skv. lögum þessum að vandræði hafi af hlotist.

Áður en sveitarstjórn verður svipt fjárforráðum sveitarfélags skv. þessari grein skal ráðuneytið þó skora á sveitarstjórn að koma fjármálum sveitarfélagsins á réttan kjöl og er ráðuneytinu heimilt að veita sveitarstjórn allt að 6 mánaða frest í því skyni. Ráðuneytið getur þá jafnframt snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að þrjá mánuði í samræmi við II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6/1978, eftir því sem við á.

Fjárhaldsstjórn skal skipuð til tiltekins tíma og eigi lengur en til eins árs í senn.

Heimilt er sveitarstjórn að höfða mál fyrir dómi til ógildingar úrskurði ráðherra um sviptingu fjárforræðis.

92. gr.

Fjárhaldsstjórn sveitarfélags skal skipuð þremur mönnum, þar af einum skv. tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Formaður skal skipaður af ráðherra.

Þóknun til fjárhaldsmanna skal ákveðin af ráðuneytinu og greiðist úr ríkissjóði.

Birta skal ákvörðun um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar í Lögbirtingablaði og í B-deild Stjórnartíðinda.

93. gr.

Fjárhaldsstjórn tekur við stjórn fjármála sveitarfélags og má enga greiðslu inna af hendi úr sveitarsjóði nema með samþykki hennar. Ályktanir sveitarstjórnar og ákvarðanir lægra settra stjórnvalda hennar, sem hafa útgjöld í för með sér, eru ógildar nema til komi samþykki fjárhaldsstjórnar.

Að öðru leyti fer sveitarstjórn áfram með málefni sveitarfélagsins.

Fjárhaldsstjórn skal rannsaka fjárreiður sveitarfélagsins og allan rekstur þess og gera nýja áætlun um tekjur og gjöld sveitarfélagsins fyrir næstu tvö fjárhagsár.

Áætlun þessa skal senda ráðuneytinu til staðfestingar ásamt umsögn sveitarstjórnar. Að lokinni staðfestingu ráðuneytis gildir áætlunin sem fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, a.m.k. meðan sveitarfélagið er undir fjárhaldsstjórn.

94. gr.

Fjárhaldsstjórn getur með samþykki ráðuneytisins selt eigur sveitarfélagsins til lúkningar skuldum, þó eigi þær eigur sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á lögskyldum verkefnum, sbr. 89. gr.

Með sama móti getur fjárhaldsstjórn ákveðið að færa tiltekna starfsemi, sem rekin hefur verið á vegum sveitarfélagsins, í hendur einkaaðila.

95. gr.

Nú duga eigi framangreindar ráðstafanir til þess að koma fjárhag sveitarsjóðs og stofnana hans á réttan kjöl og getur þá ráðuneytið einnig ákveðið að leita samninga við nágrannasveitarfélög um sameiningu við það sveitarfélag, sem undir fjárhaldsstjórn er, eða hluta þess gegn yfirtöku eigna og skulda.

96. gr.

Svipting fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar fellur niður eftir ákvörðun ráðuneytisins þegar telja má að fjárhagur sveitarfélagsins sé kominn í viðunandi horf. Auglýsing þar að lútandi skal birt á sama hátt og auglýsing um sviptingu fjárforræðis.

IX. KAFLI

Lögbundið samstarf sveitarfélaga.

97. gr.

Héraðsnefndir skulu vera sem hér segir:

1. **Suðurnesjahérað:**
   Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstaði.
2. **Kjalarneshérað:**
   Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogskaupstað, Garðakaupstað og Hafnarfjarðarkaupstað.
3. **Borgarfjarðarhérað:**
   Nær yfir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu og Akraneskaupstað.
4. **Snæfellsneshérað:**
   Nær yfir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Ólafsvíkurkaupstað.
5. **Dalahérað:**
   Nær yfir Dalasýslu.
6. **Barðastrandarhérað:**
   Nær yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur.
7. **Ísafjarðarhérað:**
   Nær yfir Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstað og Bolungarvíkurkaupstað.
8. **Strandahérað:**
   Nær yfir Strandasýslu.
9. **Húnavatnshérað:**
   Nær yfir Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur.
10. **Skagafjarðarhérað:**
    Nær yfir Skagafjarðarsýslu, Sauðárkrókskaupstað og Siglufjarðarkaupstað.

11. **Eyjafjarðarhérað:**
    Nær yfir Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Dalvíkurkaupstað og Ólafsfjarðarkaupstað.
12. **Þingeyjarhérað:**
    Nær yfir Suður- og Norður-Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstað.
13. **Norður-Múlahérað:**
    Nær yfir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað.
14. **Suður-Múlahérað:**
    Nær yfir Suður-Múlasýslu, Eskifjarðarkaupstað og Neskaupstað.
15. **Austur-Skaftafellshérað:**
    Nær yfir Austur-Skaftafellssýslu.
16. **Vestur-Skaftafellshérað:**
    Nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu.
17. **Rangárvallahérað:**
    Nær yfir Rangárvallasýslu.
18. **Árneshérað:**
    Nær yfir Árnessýslu, Selfosskaupstað og Vestmannaeyjakaupstað.

98. gr.

Héraðsnefnd er sameiginlegur vettvangur sveitarstjórna í héraðinu. Hlutverk héraðsnefnda er:

1. að annast þau verkefni sem héraðsnefndum verða falin með lögum,
2. að annast þau verkefni sem einstökum sveitarfélögum eru nú falin með lögum og þau óska eftir að héraðsnefnd sjái um framkvæmd á,
3. að annast önnur verkefni sem tvö eða fleiri sveitarfélög óska að héraðsnefnd hafi með höndum.

Um fjárhagslega ábyrgð á slíkum verkefnum fer skv. 3. mgr. 104. gr.

Framkvæmd verkefna skv. 2. og 3. tölul. er háð samþykki héraðsnefndar hverju sinni.

99. gr.

Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í héraðsnefnd.

Fulltrúafjöldi í héraðsnefnd fer eftir íbúafjölda sveitarfélags.

Sveitarfélög með 2500 íbúa og færri skulu eiga einn fulltrúa í héraðsnefnd. Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja 2500 íbúa þar fram yfir.

100. gr.

Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í héraðsnefnd úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sveitarstjórnarkosningar.

Kjörtímabil héraðsnefndarfulltrúa er 4 ár.

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu við kjör fulltrúa í héraðsnefnd ef ósk kemur fram um það í sveitarstjórn.

Um forföll aðal- og varamanna fer skv. 60. gr.

101. gr.

Um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara, eftir því sem við á.

Héraðsnefnd skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti er senda skal ráðuneytinu til staðfestingar.

Á fyrsta fundi héraðsnefndar skal kjörinn oddviti hennar. Um kjör oddvita fer skv. 46. gr., eftir því sem við á.

102. gr.

Oddviti héraðsnefndar boðar hana til fundar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en hálfsárslega. Þar á meðal skal halda fund í héraðsnefnd í júní- eða júlímánuði og er það jafnframt aðalfundur héraðsnefndar.

Oddviti ákveður fundarstað hafi héraðsnefnd eigi gert það sjálf.

Aldursforseti kveður saman héraðsnefnd til fyrsta fundar og stjórnar kjöri oddvita.

103. gr.

Kostnaður af störfum héraðsnefndar greiðist af sveitarsjóðum í hlutfalli við íbúatölu einstakra sveitarfélaga í héraðinu.

Reikningsár héraðsnefndar er almanaksárið.

Héraðsnefnd kýs tvo endurskoðendur reikninga sinna og tvo til vara.

Oddviti skal sjá um að bókhald héraðsnefndar sé í góðu lagi. Fyrir árlegan aðalfund skal leggja ársreikninga næstliðins árs ásamt skýrslu endurskoðenda.

Aðalfundur skal úrskurða um ársreikninga og skulu þeir sendir ráðuneytinu þegar héraðsnefnd hefur staðfest þá. Um ársreikninga og endurskoðun þeirra gilda ákvæði 81.–88. gr., eftir því sem við á.

Sýslumönnum og bæjarfógetum er skylt að sjá um fjárreiður og bókhald héraðsnefndar sé þess óskað.

104. gr.

Héraðsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár eigi síðar en 15. október ár hvert og senda hana til kynningar öllum sveitarstjórnum héraðsins.

Ekkert gjald má greiða úr sjóði héraðsnefndar nema heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun, ákvæði um það í lögum eða fyrir liggi samþykki sveitarstjórna.

Engar samþykktir héraðsnefndar um útgjöld, önnur en til lögákveðinna verkefna, skuldbinda sveitarstjórnir nema samþykki þeirra komi til.

105. gr.

Héraðsnefnd tekur við eignum og skuldum sýslufélaga í héraðinu við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær.

X. KAFLI

Samvinna sveitarfélaga.

106. gr.

Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda eða í byggðasamlögum.

107. gr.

Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað byggðasamlag sem tekur að sér framkvæmd verkefnisins.

Í samningi, sem gera skal um byggðasamlag, skulu vera ákvæði m. a. um stjórn samlagsins og kjör fulltrúa til hennar, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.

Í samningnum skulu vera ákvæði um hvenær stjórnarfundur er ályktunarhæfur og um umboð stjórnar til að skuldbinda sveitarsjóði. Þá skulu vera ákvæði um í hvaða tilvikum þörf er staðfestingar sveitarstjórna á samþykktum sem gerðar eru í stjórn byggðasamlags.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í samþykktum byggðasamlags gilda eftir því sem við eiga meginreglur laga þessara um meðferð mála, skyldur og réttindi stjórnarmanna, starfslið, meðferð fjármála og endurskoðun reikninga.

Sveitarsjóðir bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlags sem þeir eru aðilar að en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu.

108. gr.

Sé um að ræða samvinnu sveitarfélaga um áhættusaman atvinnurekstur án hlutdeildar annarra aðila skal stofna félag í samræmi við ákvæði laga nr. 24/1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

109. gr.

Samþykktir byggðasamlaga skulu teknar til endurskoðunar í síðasta lagi þegar liðin eru 10 ár frá stofnun þeirra og síðan á a. m. k. 10 ára fresti. Við slíka endurskoðun skal meta reynslu af starfsemi viðkomandi byggðasamlags og stjórnskipulagi þess og skal við fulltrúatölu í stjórn samlagsins taka tillit til breytinga sem leiðir af breyttum aðstæðum, þar á meðal af breytingum á fólksfjölda aðildarsveitarfélaga og af breytingum á skipan þeirra eða starfsemi héraðsnefndar.

Til þess að breyting á samþykktum fyrir byggðasamlag nái fram að ganga þurfa ⅔ hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta hana eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins, en ⅔ hlutar stjórnarmanna geta krafist þess að slík atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu til breytinga á samþykktunum.

110. gr.

Nú óskar sveitarstjórn að ganga úr byggðasamlagi og er henni það þá heimilt enda fari þá jafnframt fram endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið, sbr. 109. gr.

Óski sveitarstjórnin eftir því að fá nettóeignarhluta sinn í byggðasamlagi innleystan er eigi skylt að greiða hann á skemmri tíma en 20 árum. Náist eigi samkomulag um verðmæti eignarhlutans eða greiðslukjör skal það úrskurðað af þremur dómkvöddum, hæfum og óvilhöllum mönnum sem m. a. skulu taka tillit til áframhaldandi hagræðis íbúa viðkomandi sveitarfélags af starfsemi byggðasamlagsins og greiðslugetu byggðasamlagsins eða þeirra sveitarfélaga sem halda rekstri þess áfram.

111. gr.

Tillaga um að hætta starfsemi byggðasamlags nær því aðeins fram að ganga að hún sé staðfest í samræmi við ákvæði 109. gr.

Nú er ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlags eða svo er fyrir mælt í lögum og skal þá skipa því sérstaka skiptastjórn er gerir upp eignir þess og skuldir og slítur rekstri þess. Heimilt er skiptastjórn að auglýsa eftir kröfum á hendur byggðasamlaginu með opinberri innköllun. Eftir að kröfur hafa verið greiddar skal afgangi eigna eða eftirstöðvum skulda jafnað á viðkomandi sveitarsjóði í hlutfalli við íbúatölu.

Skiptastjórn skal kjörin af stjórn byggðasamlags.

112. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að stofna til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta. Starfssvæði slíkra samtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á ársfund landshlutasamtaka eftir þeim reglum sem ákveðnar eru í lögum samtakanna.

113. gr.

Ríkisvaldið viðurkennir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sameiginlegan málsvara sveitarfélaga í landinu.

XI. KAFLI
Stækkun sveitarfélaga.

114. gr.

Með lögum þessum er stefnt að því að öll sveitarfélög verði, eftir því sem við verður komið, svo fjölmenn og styrk að þau geti rækt öll þau verkefni sem þeim eru falin með lögum þessum eða öðrum lögum og tekið að sér önnur verkefni í samræmi við óskir íbúa sinna. Stefnt er að því að dregið verði úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna og að þau verði í auknum mæli falin sveitarfélögum einum til úrlausnar.

Í því skyni skal ráðuneytið vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir.

Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og héraðsnefnd.

115. gr.

Þegar skylt er að sameina sveitarfélag öðru sveitarfélagi, sbr. 2. mgr. 5. gr., skal ráðuneytið skipa nefnd er í sitji tveir menn skv. tilnefningu sveitarstjórnar í því sveitarfélagi sem um ræðir og tvo menn skv. tilnefningu viðkomandi héraðsnefndar. Þá skipar ráðuneytið formann nefndarinnar án tilnefningar.

Nefndin skal gera tillögu um hverra kosta skuli leita varðandi sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.

Þegar tillaga nefndarinnar liggur fyrir skal ráðuneytið fara þess á leit við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög að þau tilnefni til viðbótar fulltrúa í nefndina þannig að hvort eða hvert sveitarfélag eigi þar tvo fulltrúa.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nú berst ráðuneytinu eigi tilnefning í nefndina innan tilskilins frests og skal þá ráðuneytið skipa fulltrúa í nefndina án tilnefningar.

Nefndin skal síðan gera tillögu til viðkomandi sveitarstjórna um það hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Sé um fleiri en eina tillögu að ræða getur ráðuneytið ákveðið að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa viðkomandi sveitarfélaga um tillögurnar.

Ráðuneytið skal óska eftir umsögn viðkomandi sveitarstjórna um sameiningarmálið en síðan ákveður ráðuneytið hvernig að sameiningu sveitarfélaganna skuli staðið.

Heimilt er ráðuneytinu að fresta sameiningu sveitarfélaga þar sem svo stendur á sem segir í 2. mgr. 5. gr.

116. gr.

Þegar tvær eða fleiri sveitarstjórnir hafa ákveðið að kanna möguleika á sameiningu skulu þær kjósa samstarfsnefnd til þess að annast athugun málsins.

Skal hvor eða hver sveitarstjórn kjósa tvo fulltrúa eða fleiri í nefndina eftir samkomulagi. Nefndin kýs formann úr sínum hópi.

Samstarfsnefnd skal starfa í samráði við ráðuneytið og skal það láta henni í té þá aðstoð er það telur nauðsynlega og úrskurða um vafaatriði er upp kunna að koma.

Þegar samstarfsnefnd hefur skilað áliti sínu um sameiningu skulu viðkomandi sveitarstjórnir taka málið á dagskrá. Skal hafa tvær umræður um málið án atkvæðagreiðslu.

Að lokinni umræðu sveitarstjórna skal síðan fara fram atkvæðagreiðsla innan sveitarfélaganna um sameininguna. Viðkomandi sveitarstjórnir ákveða sameiginlega hvenær atkvæðagreiðsla fer fram og skal kosið sama dag í sveitarfélögunum.

Sveitarstjórn lætur gera atkvæðaseðil til afnota við atkvæðagreiðsluna í samráði við ráðuneytið. Um atkvæðagreiðslur skv. þessari málsgrein fer eftir ákvæðum III. kafla laga þessara, eftir því sem við getur átt.

117. gr.

Ef meiri hluti atkvæðisbærra íbúa sveitarfélags hefur synjað sameiningu við atkvæðagreiðslu skv. 116. gr. verður það sveitarfélag eigi sameinað öðrum sveitarfélögum að svo stöddu.

Hafi sameiningin hlotið samþykki skulu sveitarstjórnir þær, sem hlut eiga að máli, taka ákvarðanir um fjárhagsmálefni sveitarfélaganna, fjölda fulltrúa í nýrri sveitarstjórn, nafn hins sameinaða sveitarfélags og önnur atriði. Ákvarðanir þessar skulu sendar ráðuneytinu sem ákveður hvenær sameining skuli fara fram.

Séu sveitarfélög þau, sem sameinuð eru, sitt í hvoru lögsagnarumdæmi skal ráðuneytið leita umsagnar dómsmálaráðuneytisins áður en ákvörðun um sameiningu er tekin.

118. gr.

Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma verður ekki ákveðin nema með lögum.

119. gr.

Ráðuneytið skal hlutast til um að samþykktir og reglugerðir, sem gilda í þeim sveitarfélögum sem sameina skal, verði endurskoðaðar og samræmdar og síðan lagðar fyrir sveitarstjórn í hinu sameinaða sveitarfélagi.

120. gr.

Þegar ráðuneytið hefur staðfest sameiningu sveitarfélaga skv. framanskráðu skal það gefa út tilkynningu um sameininguna sem birta skal í B-deild Stjórnartíðinda. Þar skal greint frá nafni hins nýja sveitarfélags, hvaða sveitarfélög hafi verið sameinuð, frá hvaða tíma sameiningin taki gildi, tölu sveitarstjórnarmanna, svo og hvort kosning skv. 121 gr. skuli fram fara og hvenær.

121. gr.

Ráðuneytið getur ákveðið að kosningar skuli fara fram til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags þegar við sameiningu, svo og kjördag slíkra aukakosninga.

122. gr.

Ráðuneytið getur, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Slíka aðstoð má veita í allt að fimm ár eftir sameiningu.

123. gr.

Þegar sveitarfélag í dreifbýli og sveitarfélag í þéttbýli sameinast er sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags heimilt að ákveða að um tiltekinn tíma, þó ekki lengur en 10 ár frá sameiningu, megi veita tiltekinn afslátt af fasteignaskatti af eignum í dreifbýli vegna mismunandi þjónustu við fasteignaeigendur í dreifbýli og þéttbýli.

XII. KAFLI

Samskipti ríkis og sveitarfélaga.

124. gr.

Ríkisstjórninni er rétt að koma á formlegu samstarfi við samtök sveitarfélaga með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga og með öðrum hætti. Ríkisstjórnin skal hafa náið samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um þau mál er varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila.

125. gr.

Ráðuneytið getur falið umboðsmönnum ríkisins í héraði að annast verkefni sem því eru falin með lögum þessum.

Umboðsmenn ríkisins skulu vera sveitarfélögum og samtökum þeirra til ráðuneytis við störf þeirra, eftir því sem óskað er og við verður komið. Skulu þeir veita ráðgjöf, að því leyti sem það samrýmist öðrum embættisskyldum þeirra, og aðstoða við samvinnu og stækkun sveitarfélaga.

Setja skal nánari ákvæði um þessi atriði í reglugerð.

126. gr.

Ráðuneytið skal hafa eftirlit með því að sveitarstjórnir gegni skyldum sínum skv. lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Vanræki sveitarstjórn skyldur sínar skal ráðuneytið veita henni áminningu og skora á hana að bæta úr vanrækslunni.

Verði sveitarstjórn eigi við áskorun ráðuneytisins innan frests sem ráðuneytið tiltekur er því heimilt að stöðva greiðslur til sveitarsjóðs úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar til bætt hefur verið úr vanrækslunni. Jafnframt getur ráðuneytið með lögsókn krafist dagsekta af þeim sem ábyrgð bera á vanrækslunni og mega dagsektir nema allt að fimmföldum daglaunum viðkomandi manns.

127. gr.

Ráðuneytið skal úrskurða um ýmis vafaatriði sem upp kunna að koma við framkvæmd sveitarstjórnarmálefna en það skerðir þó eigi rétt aðila til þess að höfða mál fyrir dómstólum.

Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að því berst mál til úrskurðar. Ráðuneytið skal árlega gefa út úrskurði sína í sveitarstjórnarmálefnum.

128. gr.

Ráðuneytið skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga semja fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga og senda hana öllum sveitarstjórnum.

Sveitarstjórnir skulu setja nýjar samþykktir um stjórn sveitarfélaga eða endurskoða eldri samþykktir innan eins árs frá gildistöku laga þessara.

XIII. KAFLI

Gildistökuákvæði.

129. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júní 1986.

Jafnframt falla úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 58 frá 29. mars 1961, svo og lög nr. 28 1968, 52/1972, 41/1976, 19/1978, 9/1982 og 12/1983, um breytingar á þeim lögum, lög nr. 5 frá 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, og lög nr. 5/1966, 7/1978, 8/1982, 10/1982 og 64/1984, um breytingar á þeim lögum, og lög nr. 70 frá 12. maí 1970, um sameiningu sveitarfélaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á 107. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Gildandi sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 eru nær aldarfjórðungsgömul. Að efni til eru ýmis ákvæði þeirra orðin áratugagömul og sum þeirra má rekja allt til Tilskipunar um sveitarstjórn á Íslandi frá 4. maí 1872.

Á fundum fulltrúaráðs Sambands ísl. sveitarfélaga á árunum 1976 og 1977 var fjallað um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna og ályktað um nauðsyn á endurskoðun þeirra, svo og á landsþingi sambandsins árið 1978, þar sem þeirri áskorun var beint til félagsmálaráðherra, að hann skipaði nefnd til að endurskoða lögin.

Þann 13. júní 1981 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd til að endurskoða sveitarstjórnarlögin ásamt lögum um sameiningu sveitarfélaga nr. 70/1970 og lögum um sveitarstjórnarkosningar nr. 5/1962. Í nefndina voru skipaðir Alexander Stefánsson, Jón G. Tómasson, Magnús H. Magnússon, Sigurjón Pétursson, Sturla Böðvarsson og Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem var skipaður formaður nefndarinnar. Haustið 1982 tók Björn Friðfinnsson sæti Jóns G. Tómassonar í nefndinni við formannsskipti í Sambandi ísl. sveitarfélaga og vorið 1983 tók Jóhann Einvarðsson sæti í nefndinni í stað Alexanders Stefánssonar, er hann varð félagsmálaráðherra. Endurskoðunarnefndin lauk störfum vorið 1984.

Félagsmálaráðherra sendi á síðast liðnu sumri, 1984, tillögur endurskoðunarnefndarinnar til umsagnar öllum kjörnum aðalfulltrúum í sveitarstjórnum svo og landshlutasamtökum sveitarfélaga og sýslumönnum með ósk um, að umsagnir og ábendingar um breytingar á tillögunum bærust fyrir 1. október s. l.

Umsagnir bárust frá 6 landshlutasamtökum, 11 sýslumönnum og sýslunefndum og 44 sveitarfélögum, þ. e. 40 dreifbýlishreppum og 4 kaupstöðum og þéttbýlishreppum.

Aðfinnslur og mótmæli gegn tillögum endurskoðunarnefndarinnar lúta flest að því, að „lögþvinguð sameining" sveitarfélaga komi ekki til greina og að þau umdæmi, sem um var fjallað í IX. kafla séu í mörgum tilvikum of stór.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í meginatriðum samhljóða tillögum endurskoðunarnefndarinnar, þ. e. fyrstu 8 kaflar frumvarpsins. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á X. og XI. kafla, en IX. kafla í tillögum nefndarinnar hefur verið gerbreytt.

Meðal þeirra meginsjónarmiða, sem endurskoðunarnefndin hafði að leiðarljósi við samningu frumvarpsins, má nefna:

1. að sjálfsstjórn sveitarfélaga beri að auka,
2. að réttarstaða allra sveitarfélaga verði sem líkust,
3. að stuðla beri að vald- og verkefnadreifingu,
4. að valfrelsi sveitarfélaga um stjórnarform og verkefnaval beri að auka,
5. að saman fari sem mest ákvörðun, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð, þegar sveitarfélögum eru fengin verkefni,
6. að stuðla beri að eflingu og stækkun sveitarfélaga til að þau verði færari um að valda verkefnum sínum og taka við auknum verkefnum,
7. að stuðla beri að lýðræðislegum stjórnarháttum í meðferð sveitarstjórnarmála.

Meðal helstu nýmæla í frumvarpinu eru:

1. Ákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélagi.
2. Ákvæði um, að nýkjörin sveitarstjórn taki við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag.
3. Ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna og um vanhæfi til meðferðar einstakra mála.

4. Heimild til að kjósa í almennum kosningum nefndir til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags.
5. Ítarleg ákvæði um nefndir ráð og stjórnir og tengsl þeirra við sveitarstjórn.
6. Ítarleg ákvæði um fjármál sveitarfélaga.
7. Einfaldari ákvæði en í gildandi lögum um fjárþröng sveitarfélaga.
8. Ákvæði um héruð og héraðsnefndir með aðild allra sveitarfélaga í stað sýslufélaga og sýslunefnda og um að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa í héraðsnefndir úr sínum hópi. Héraðsnefndir hafi með höndum sjálfstæð verkefni skv. lögum eða eftir ákvörðun sveitarstjórnar en fari hvorki með eftirlitsvald né yfirstjórn sveitarfélaga. Héraðsnefndir kjósi oddvita úr sínum hópi.
9. Ákvæði um frjálst samstarf sveitarfélaga um einstök verkefni.
10. Ákvæði um samstarf ríkis og sveitarfélaga.
11. Meginákvæði gildandi laga um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningar eru tekin í frumvarpið.

Athugasemdir og skýringar við einstakar greinar frumvarpsins eru eins og endurskoðunarnefndin gekk frá þeim að undanteknum IX. kafla og einstökum öðrum greinum.

Um I. KAFLA

Í þessum kafla eru ákvæði um þau efni, sem nú er að finna í I. kafla sveitarstjórnarlaga, en orðalagi einstakra greina og uppsetningu talsvert breytt.

Um 1. gr.

1. gr. frumvarpsins samsvarar 1. mgr. 1. gr. núgildandi laga. Af rökfræðilegum ástæðum telur nefndin rétt að sneiða hjá því orðalagi, að ríkið skiptist í sveitarfélög. Hins vegar þykir rétt að leggja áherslu á að sveitarfélögin bera sjálf ábyrgð á ákvörðunum og gerðum stjórnenda sinna. Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um að sveitarfélög séu sjálfstæð í þeim skilningi að þau geti borið réttindi og skyldur. Þau geta þannig m. a. verið aðilar að dómsmálum. Um hinar mismunandi gerðir sveitarfélaga vísast til aths. við 10. gr.

3. mgr. er efnislega samhljóða 9. gr. l. 58/1961.

Um 2. gr.

Hér er fjallað um efni, sem nú er fjallað um í 1. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga, þ. e. að félagsmálaráðuneytið fari með málefni sveitarfélaga og að engu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags, skuli ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnar.

Um 3. gr.

Hér er fjallað um ákvæði, sem nú eru í 2. gr. sveitarstjórnarlaga, en orðalagi er breytt. 1. og 2. mgr. samsvara 2. mgr. 2. gr. núgildandi laga og 3. mgr. samsvarar 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga, en með lítillega breyttu orðalagi varðandi afréttarsvæði. Er lagt til að miðað verði við upprekstrarrétt, en ekki eignar- og afnotarétt eins og í núgildandi lögum eins og þeim var breytt með lögum nr. 52 frá 26. maí 1972, en upprekstrarréttur er eðlilegri viðmiðun eins og eignarrétti að afréttum er háttað, sbr. dóma Hæstaréttar 1955, bls. 108, og 1981, bls. 1584.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um nafn sveitarfélags og er nýmæli. Einnig er í 2. mgr. fjallað um byggðarmerki, en á síðustu árum hefur þeim sveitarfélögum mjög fjölgað, sem tekið hafa upp sérstök einkennismerki. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið haldi sérstaka skrá um þessi

merki og setji almennar reglur um gerð þeirra og er þar átt við reglur svokallaðrar skjaldarmerkjafræði (heraldik) og reglur til að koma í veg fyrir að byggðarmerkin líkist hvert öðru um of. (Sjá um þetta efni t. d. grein Páls Líndal í 6. tbl. Sveitarstjórnarmála, árið 1977, bls. 305).

Um 5. gr.

Í 5. gr. laga nr. 58/1961 er heimild til handa ráðuneytinu að sameina hrepp nágrannahreppi að tillögu sýslunefndar hafi íbúatala í samfellt 5 ár verið lægri en 100. Þessi heimild mun aldrei hafa verið notuð.

Í árslok 1983 voru 53 sveitarfélög með færri en 100 íbúa og 16 með færri en 50 íbúa.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélög landsins hafa ekki bolmagn til þess að halda uppi þeirri starfsemi sem nú er talin nauðsynleg í hverju sveitarfélagi, og verður því ekki hjá því komist að taka af skarið um það að ráðuneytið skuli við ákveðinn lágmarksfjölda íbúa sameina sveitarfélag nágrannasveitarfélagi. Um það má lengi deila við hvaða mark þessar aðgerðir skuli miðaðar en hér er því slegið föstu að sveitarfélag með færri íbúa en 50 sé þar á vegi statt að það sé þess eigi lengur megnugt að standa undir eðlilegri starfsemi sem sveitarfélag og verði því að frumkvæði ráðuneytis sameinað öðru eða öðrum sveitarfélögum. Þrátt fyrir þetta þykir rétt að halda opinni leið til undantekningar frá þessu ef sérstakar ástæður hindra að mati ráðuneytis.

Um 6. gr.

6. gr. fjallar um verkefni sveitarfélaga og samsvarar 10. gr. núgildandi laga, en er mun ítarlegri í samræmi við þau verkefni, er sveitarfélög hafa nú með höndum. Nefndin ákvað að hafa upptalningu á helstu verkefnum sveitarfélaga í frumvarpinu í upplýsingaskyni fyrir almenning enda þótt um flesta málaflokka séu ákvæði í sérstakri löggjöf. Þá er í 4. mgr. vísiregla um hver verkefni rétt sé að fela sveitarfélögum, en þar segir að sveitarfélög skuli hafa með höndum verkefni, sem ráðast af staðbundnum þörfum og viðhorfum, þar sem ætla má að þekking á aðstæðum ásamt frumkvæði heimamanna leiði til betri þjónustu fyrir þá en miðstýring af hálfu ríkisvaldsins. Einnig er vakin athygli á því ákvæði, er segir að sveitarfélög skuli hafa sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um gjaldskrár eigin fyrirtækja og stofnana til þess að mæta kostnaði við framkvæmd þeirra verkefna, sem þau annast.

Um II. KAFLA

Í II. kafla eru ákvæði um sveitarstjórnir og samsvarar hann því A-lið II. kafla núgildandi laga. Veigamesta breytingin í þessum kafla frumvarpsins er að lagt er til að ákvæði um sveitarstjórnir séu samræmd og réttarstaða þeirra hin sama.

Um 7. gr.

Greinin samsvarar 12. gr. núgildandi laga með breyttu orðalagi og bætt er við ákvæði um að sveitarstjórnir skuli gera sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins og meðferð þeirra málefna, sem sveitarfélagið annast. Um þessa grein sjá 38. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga og einnig 128. gr. frumvarpsins.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði ákvörðunarvald sveitarstjórna varðandi tekjustofna, framkvæmd verkefna o. fl.

Um 10. gr.

Í 2. mgr. 10. gr. er enn lagt til það nýmæli, að í hreppsfélögum, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a. m. k. 1000 í þrjú ár samfleytt, geti sveitarstjórn kveðið svo á um í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, að sveitarfélagið nefnist framvegis bær, sveitarstjórn bæjarstjórn o. s. frv. Með þessu ákvæði er í raun afnumin nær 200 ára sérstaða kaupstaða hér á landi og sérstök löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga þar með óþörf. Í greininni er einnig lagt til orðið „byggðarráð" sem samheiti fyrir framkvæmda- og fjárhagsnefnd sveitarfélaga (hreppsráð, bæjarráð, borgarráð).

Um 11. gr.

Hér er gerð tillaga um breyttt ákvæði frá því sem nú er varðandi fjölda fulltrúa í sveitarstjórn, en ákvæðin skýra sig sjálf.

Um III. KAFLA

Í III. kafla er fjallað um kosningu sveitarstjórna, en um það atriði er fjallað í lögum nr. 5/1962 um sveitarstjórnarkosningar og í 15.—20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Eins og áður er getið var lagt fram sérstakt frumvarp til nýrra laga um sveitarstjórnarkosningar á 106. löggjafarþingi og eru ákvæði þess frumvarps nú felld inn í frumvarp til sveitarstjórnarlaga, en þeim nokkuð breytt, og þá tekið tillit til athugasemda, sem borist hafa við framangreint frumvarp og umræðna á Alþingi.

Ákvæði 16. og 17. gr. eru samhljóða 13. og 14. gr. laga nr. 5 frá 7. mars 1962 eftir gildistöku laga nr. 64 30. maí 1984.

Helstu breytingar og nýmæli sem frumvarpið gerir ráð fyrir í þessum kafla eru sem hér segir:

1. Kjördagur verður sá sami í öllum sveitarfélögum, annar laugardagur í júní.
2. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum fyrsta dag næsta mánaðar eftir kjördag.
3. Kosningaaldur lækkar í 18 ár.
4. Sérstök kjörnefnd fer með úrskurðarvald um gildi kosninga í stað sveitarstjórnar.
5. Sérstakar reglur eru um meðferð sveitarstjórnarmála meðan úrslit kosninga eru í óvissu. Heimild sveitarstjórnar, sem situr á óvissutímabili til að inna af hendi greiðslur og gangast undir skuldbindingar er takmörkuð.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lög um kosningar til Alþingis gildi einnig um kosningar til sveitarstjórna eftir því sem við á. Þetta ákvæði samsvarar 1. gr. laga nr. 5/1962.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að almennar sveitarstjórnarkosningar fari fram annan laugardag í júní og er hér um breytingu að ræða frá fyrri tillögu nefndarinnar. Lagt er til að sveitarstjórnarskipti fari fram 1. júlí og er sú tillaga gerð til að veita svigrúm fyrir nýkjörna sveitarstjórn t. d. til að kjósa oddvita eða ráða framkvæmdastjóra. Með þessu móti fer ekki á milli mála, að sú skipan á framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, sem verið hefur, helst fram yfir kosningarnar og ætti þetta að auðvelda stjórnarskipti. Þá er einnig haft í huga að vera má að kosningar séu kærðar til ógildingar, og skapast þá óvissuástand vegna þess að umboði fráfarandi sveitarstjórnar lýkur um leið og kosningar hafa farið fram. Sú regla, sem hér er lagt til að lögtekin verði, á sér fyrirmynd í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þannig hefst kjörtímabil nýkjörinnar sveitarstjórnar 1. janúar næstan eftir kosningar í Danmörku, þ. e. 1—1½ mánuð eftir kjördag, en kosningar eiga þar að fara fram í síðari hluta nóvembermánaðar.

Frekari ákvæði um meðferð sveitarstjórnarmála á óvissutímabili meðan ágreiningur vegna kosningakærna er ekki til lykta leiddur eru í 37. gr. frumvarpsins.

Um 14. gr.

Hér eru tekin upp orðin bundnar hlutfallskosningar um „listakosningar".

Um 15. gr.

Hér er lögð á skylda um bundna hlutfallskosningu þar sem íbúar eru fleiri en 300. Er þetta gert samkvæmt ábendingu frá fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga, en óbundnar kosningar eru ýmsum annmörkum háðar í fjölmennari sveitarfélögum. Gerð er tillaga um, að ef aðeins kemur fram einn framboðslisti skuli framboðsfrestur framlengdur. Reynslan sýnir að það getur komið mönnum á óvart, að einungis einn framboðslisti kemur fram. Vera má að sú niðurstaða, að listinn verði sjálfkjörinn, sé ekki í samræmi við vilja kjósenda í sveitarfélaginu. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til þetta úrræði til að koma í veg fyrir að reglan um að framboðslisti verði sjálfkjörinn leiði til mjög óeðlilegrar niðurstöðu í einstökum tilvikum.

Um 16. gr.

Grein þessi fjallar um aðferð við úthlutun og er samhljóða 13. gr. laga nr. 5 frá 7. mars 1962 sbr. lög nr. 64 30. maí 1984.

Um 17. gr.

Í þessari grein er kveðið á um aðferðina við að ákveða hvaða frambjóðendur af lista teljast hafa náð kjöri og er samhljóða 14. gr. laga nr. 5 7. mars 1962 sbr. lög nr. 64 30. maí 1984.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Hér er lagt til að kosningaaldur lækki í 18 ár og að lögræði falli niður sem kosningarréttarskilyrði. Að öðru leyti er frumvarpsgreinin í samræmi við 1.—3. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga eins og greinin var eftir að henni hafði verið breytt með lögum nr. 9/1982. Lagt er til að 4. mgr. 18. gr. núgildandi laga sé felld niður, þar sem þar er gert ráð fyrir að kosningar fari fram á mismunandi tíma í dreifbýli og þéttbýli.

Ýmsar ástæður geta legið til þess að menn séu sviptir lögræði, annaðhvort sjálfræði eða fjárræði, s. s. sjúkdómar. Venjulega er lögræðissvipting neyðarúrræði, mjög þungbært fyrir þá, sem fyrir því verða. Þegar þess er gætt, að óflekkað mannorð hefur verið fellt niður sem kosningarréttarskilyrði, telur nefndin eðlilegast til samræmis, að einnig þetta kosningarréttarskilyrði verði fellt niður. Hér er höfð hliðsjón af kosningarréttarskilyrðum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, en enn er það kosningarréttarskilyrði í Danmörku, að maður hafi ekki verið sviptur lögræði.

Í síðustu mgr. 17. gr. er gert ráð fyrir því, að hver maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili, þegar framboðsfrestur rennur út. Nefndin er sammála um að leggja til þetta ákvæði og er þá miðað við að íbúaskrá Hagstofunnar sé unnin í sívinnslu með nýtísku tölvutækni. Nefndinni hafa borist athugasemdir, þar sem lagt er til að miðað verði við endanlega íbúaskrá, eins og hún er 1. desember næstan á undan kjördegi, sbr. lög um alþingiskosningar, en hún fellst ekki á það sjónarmið, m. a. vegna þess að óeðlilegt þykir að mönnum sé ætlað að kjósa til sveitarstjórnar í sveitarfélagi þar sem þeir eiga ekki lengur hagsmuna að gæta.

Um 20. gr.

Þótt ekki þyki ástæða til að halda lögræði sem kosningarréttarskilyrði telur nefndin öðru máli gegna um kjörgengi, þar sem ófært þykir að maður geti setið í sveitarstjórn, sem ekki ræður persónulegum högum sínum eða fé sínu. Enn fremur telur nefndin óhæft að menn sem hafa brotið alvarlega af sér, hafi kjörgengi, og er því gerð tillaga um takmörkun kjörgengis vegna refsiverðra brota. Ákvæðið felur nánast í sér það sama og skilyrði um óflekkað mannorð áður. Ekki eru sömu vandkvæði á að skera úr um hvort þetta skilyrði sé fyrir hendi varðandi kjörgengi eins og um kosningarrétt, þar sem þess má vænta, að einungis örsjaldan komi til þess að á þetta atriði reyni. Að öðru leyti eru ákvæði 20. gr. frumvarpsins í samræmi við 19. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, 3. mgr. skýrist af ákvæðum 14. gr.—22. gr. l. 52 1959.

Um 21. gr.

Hér er fjallað um efni, sem nú er í 15. gr. alþingiskosningalaganna og 2. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarkosningalaga.

Um 22. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 4. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar. Í 2. mgr. eru tekin af tvímæli um gerð kjörskrár þegar aukakosningar fara fram. Þetta álitaefni hefur orðið tilefni réttarágreinings, sbr. hæstaréttardóm 9. febrúar 1982 (Hrd. 1982, bls. 192).

Um 23. gr.

Hér er gert ráð fyrir að kjörstjórnir séu kosnar til fjögurra ára í senn í stað eins árs eins og nú er í 2. gr. laga nr. 5/1962. Flestar fastanefndir sveitarfélaga eru nú kjörnar til fjögurra ára.

Um 24. gr.

Greinin samsvarar 3. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar, en miðað er við 500 íbúa sveitarfélag í stað hrepps.

Um 25. gr.

Greinin samsvarar efnislega 6. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar, en orðið lögbókandi er tekið upp yfir hugtakið „notarius publicus".

Um 26. gr.

Greinin samsvarar 7. gr. laga nr. 5/1962 að breyttu breytanda.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um lágmarks- og hámarksfjölda meðmælenda með framboðslista og skýrir sig sjálf, en ákvæðum er breytt þannig að tala meðmælenda ræðst af fjölda kjósenda.

Um 28. gr.

1.—3. mgr. samsvarar 9. gr. núgildandi laga, en 4. mgr. er nýmæli og kveður á um skyldur kjörstjórna í sveitarfélögum, þar sem meginreglan er að kosningar séu óbundnar, til að auglýsa það sérstaklega ef kjósa á hlutfallskosningu eða að aðeins hafi komið fram einn framboðslisti og loks að maður hafi skorast undan endurkjöri í óbundnum kosningum. Þessi atvik eru sérstæð fyrir sveitarstjórnarkosningar þar sem lög um alþingiskosningar eru alfarið miðuð við bundnar hlutfallskosningar.

Um 29. gr.

Greinin samsvarar 10. gr. núgildandi laga.

Um 30. gr.

1. mgr. samsvarar 11. gr. laga nr. 5/1962, en gerður er greinarmunur á kjöri aðal- og varamanna, sbr. 30. gr. (og 20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga).

Um 31. gr.

Greinin samsvarar 1. mgr. 12. gr. laga nr. 5/1962.

Um 32. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi óbundna kosningu að öðru leyti en því, að hér er kveðið svo á um það tilvik þegar tveir fá jafnt atkvæðamagn í sæti varamanns, að þá skuli sá, sem verður undir í hlutkesti, hljóta næsta sæti á lista varamanna. Fái t. d. tveir menn sama atkvæðastyrk í 1. sæti hljóta þeir 1. og 2. sæti eftir hlutkesti, en sú samkeppni um 2. sæti, sem kveðið er á um í 2. mgr., flyst niður í 3. sæti og þannig koll af kolli.

Samkvæmt núgildandi reglum mun niðurstaðan geta orðið sú, að sá, sem verður undir í hlutkesti, t. d. um 1. sæti, færist niður í sæti miklu neðar á listanum.

Um 33. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 5/1962.

Um 34. gr.

Eðlilegt þykir að fulltrúar í sveitarstjórnum fái útgefin kjörbréf, sbr. ákvæði laga um alþingiskosningar.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 3. mgr. 20. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en það nýmæli er í 2. mgr. að aðilar, sem standa sameiginlega að framboðslista, geta gert samkomulag um mismunandi röð varamanna, eftir því hver aðalmanna hefur forfallast, og skal þá leggja fram yfirlýsingu um samkomulag á 1. eða 2. fundi sveitarstjórnar eftir kosningar.

Um 36. gr.

Í 2. mgr. 136. gr. laga nr. 52/1959 um kosningar til Alþingis felst sú regla, að kosningu þingmanna ber að ógilda vegna galla á framboði eða kosningu, sem hann sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa átt vísvitandi sök á, þótt ekki verði ætlað að misfellurnar hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, enda séu misfellurnar verulegar. Nefndin telur ekki sömu ástæðu til þessarar reglu í sveitarstjórnarkosningum eins og í alþingiskosningum. Það leiðir þó væntanlega af eðli máls, að ekki ber að ógilda kosningar að öllu leyti, ef hægt er að bæta úr því sem áfátt er með ógildingu að hluta eða með öðrum úrræðum.

Um 37. gr.

Nefndarmenn eru á einu máli um að það fyrirkomulag, sem nú er, að nýkjörin sveitarstjórn úrskurði um lögmæti kosninga, sé óheppilegt þar sem ótryggt sé að hún fái litið hlutdrægnislaust á málavexti. Rætt hefur verið um að fela fráfarandi sveitarstjórn þetta verkefni, umboðsmanni ríkisins í héraði með eða án „meðdómenda“ eða yfirkjörstjórn samkvæmt 9. gr. laga um alþingiskosningar. Hér er gerð tillaga um að viðkomandi yfirvald, þ. e. bæjarfógeti eða sýslumaður, skipi þriggja manna nefnd til að gegna þessu starfi einungis í þeim tilvikum, þegar gildi kosninga er dregið í efa. Með þessu móti ætti að vera hægt að tryggja að þeir, sem fara með þetta úrskurðarvald, séu fullkomlega óhlutdrægir. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. eru að öðru leyti í samræmi við 1. og 2. mgr. 14. gr. núgildandi laga um sveitarstjórnarkosningar.

4. mgr.—8. mgr. eru nýmæli, sbr. 2. mgr. 13. gr. Ákvæðum þessum er ætlað að tryggja að óvissuástand, sem skapast við það að kosningar eru kærðar, valdi sem minnstum erfiðleikum.

Um 38. gr.

Greinin er samhljóða ákvæðum 15. gr. laga nr. 5/1962 að því er sveitarstjórnir varðar.

Um 39. gr.

Greinin samsvarar 16. gr. laga nr. 5/1962.

Um IV. KAFLA

IV. kafli, sem fjallar um skyldur og réttindi sveitarstjórnarmanna, kemur í stað 23. og 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Núgildandi ákvæði þykja fátækleg og því ber nauðsyn til að setja ítarlegri ákvæði um þetta atriði í sveitarstjórnarlög. Byggir nefndin tillögur sínar um þetta efni á skoðunum fræðimanna og má þar nefna Pál Líndal: Drög að greinargerð um bæjarstjórn Reykjavíkur, Úlfljótur 2. tbl. 1960, og Steingrím Gaut Kristjánsson: Réttindi og skyldur sveitarstjórnarmanna í Sveitarstjórnarmálum 6. tbl. 1973 og Úlfljóti 4. tbl. XXIV. árgangs 1973. Þau efni sem fjallað er um í þessum kafla eru meðal þeirra sem sveitarstjórnarmenn leita mest með til umsjónaryfirvalda og virðist því þörf á skýrum og nokkuð ítarlegri reglum en nú eru í sveitarstjórnarlögum. Höfð hefur verið hliðsjón af samþykktum um stjórn sveitarfélaga, sbr. t. d. 3. kafla samþykkta um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 frá 1964 og 3. kafla samþykktar um stjórn Höfðahrepps og fundarsköp hreppsnefndar nr. 484/1983. Þá hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum norskra, danskra og sænskra laga um þetta efni.

Um 40. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu sveitarstjórnarmanna til fundarsóknar. Í 2. mgr. er almenn regla um að sveitarstjórnarmaður sé einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og um það að honum beri að gegna störfum af alúð og samviskusemi. Í 3. mgr. eru tekin af tvímæli um skyldu sveitarstjórnarmanna til að greiða atkvæði og er hér lagt til að heimilt verði að leggja skyldu til þátttöku í atkvæðagreiðslu á sveitarstjórnarfulltrúa með nafnakalli, sbr. 44. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis, 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 140 frá 1964, og samsvarandi ákvæði annarra sveitarstjórnarsamþykkta svo og 47. gr. norsku sveitarstjórnarlaganna.

Um 41. gr.

Hér er kveðið á um helstu réttindi, sem sveitarstjórnarmönnum eru nauðsynleg til þess að geta gegnt starfi sínu: málfrelsi, tillögurétt, atkvæðisrétt, kjörgengi í nefndir og aðgang að bókum og skjölum, stofnunum og starfsemi sveitarfélagsins.

Um 42. gr.

Þótt ætlast sé til að störf sveitarstjórna fari sem mest fram fyrir opnum dyrum, þannig að borgararnir geti sem best fylgst með þeim, sbr. 48. gr. frumvarpsins, geta komið fyrir sveitarstjórnarmenn í starfi þeirra málefni, sem leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls vegna hagsmuna einstakra manna eða almannahagsmuna. Ber þá sveitarstjórnarmönnum að gæta þagmælsku um þess konar málefni. Sérstaklega ber þeim að gæta þagmælsku um mál, sem rædd eru á sveitarstjórnarfundum, er haldnir eru fyrir luktum dyrum samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar. Ekki er sveitarstjórnarmönnum þó skylt að gæta þagmælsku um allt, sem fram fer á fundi, sem haldinn er fyrir luktum dyrum samkvæmt sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar. Ástæðan til að dyrum er lokað kann að vera sú, að sveitarstjórn óski aðeins að umræðan geti farið fram án truflunar frá áheyrendum. Hins vegar getur verið að fram komi upplýsingar um trúnaðarmál í dagskrá, þótt enn hafi ekki verið

ákveðið að halda fund fyrir luktum dyrum. Ber þá sveitarstjórnarmönnum að gæta þagmælsku um það sem um málið greinir í dagskránni. Brot á þagnarskyldu getur varðað sveitarstjórnarmann ábyrgð samkvæmt 136. gr. hegningarlaga.

Um 43. gr.

Greinin samsvarar 2. málslið 23. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. 1. mgr. er efnislega samhljóða nefndu ákvæði laganna. Í 2. mgr. er höfð hliðsjón af 5. mgr. 6. gr. norsku sveitarstjórnarlaganna.

Um 44. gr.

Greinin samsvarar 24. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, en er nokkuð víðtækari. M. a. er kveðið á um greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar og sérstaka þóknun vegna óvenjulegrar fjarlægðar milli heimilis og fundarstaðar. Í 3. mgr. er nýmæli þess efnis að sveitarstjórnarstörfum skuli haga þannig að sveitarstjórnarmenn geti tekið sér hæfilegt orlof árlega. Þessarar reglu hefur víða verið gætt með þeim hætti að fella niður fundi í júlí og ágúst.

Um 45. gr.

Hér er leitast við að orða almennar reglur um skyldu sveitarstjórnarmanna til að víkja sæti við meðferð einstaks máls. Hér er höfð hliðsjón af skoðunum fræðimanna og ákvæðum sveitarstjórnarsamþykkta, sbr. Ólafur Jóhannesson: Stjórnarfarsréttur, almennur hluti II. 2. útgáfa endurskoðuð, Reykjavík 1974 (fjölrit, bls. 32—51), Páll Líndal: Úlfljótur 1960, bls. 38, og Steingrímur Gautur Kristjánsson: Sveitarstjórnarmál 1973, bls. 259—260, og auglýsingu um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps nr. 117 frá 1967, 12. gr. Þá hefur verið höfð hliðsjón af ákvæðum 14. gr. dönsku sveitarstjórnarlaganna, 15. gr. norsku laganna og 13. gr. II. kafla sænsku laganna.

Um V. KAFLA

Í þessum kafla er fjallað um það efni, sem nú er í 21., 22., 25.—30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 1961. Meðal nýmæla má nefna að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnarfundir séu almennt haldnir fyrir opnum dyrum, hvort sem um hreppsnefnd eða bæjarstjórn er að ræða. Þá er gert ráð fyrir að sú regla gildi sem aðalregla um allar kosningar, að meiri hluti sveitarstjórnarfulltrúa skuli standa að kjöri.

Um 46. gr.

Greinin samsvarar 21. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. mgr. 22. gr. laganna.

Um 48. gr.

Greinin samsvarar 25. gr. laganna. Skylt er að halda reglulega fundi eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, en í sveitarstjórnum þar sem byggðarráð er kjörið skulu fundir haldnir eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Um 49. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 30. gr. núgildandi laga, en nýmæli er um að ráðuneytið láti gera fyrirmynd að fundarsköpum fyrir sveitarstjórnir, sem gildi sem almenn fundarsköp þar til sveitarstjórn hefur sett sér sérstök fundarsköp.

Um 50. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 26. gr. núgildandi laga.

Um 51. gr.

Greinin samsvarar 27. gr. núgildandi laga. Ákvæði 3. mgr. er nýmæli, sem ætlað er að sporna við því að lítill minni hluti sveitarstjórnarfulltrúa geti ráðið kjöri manna til trúnaðarstarfa. Lagt er til að tekin verði upp sama regla og við oddvitakjör, sbr. 46. gr.

Um 52. gr.

Greinin samsvarar 28. gr. núgildandi laga. Ákvæði um hreppa og kaupstaði eru samræmd í samræmi við almenna stefnu frumvarpsins. Athygli er vakin á d-lið, sem kveður á um að tvær umræður þurfi um áætlanir fyrir sveitarfélagið, sem gilda eigi til lengri tíma, s. s. skipulags- og framkvæmdaáætlanir, og einnig þarf tvær umræður fyrir beiðni um aðstoð, þegar sveitarfélag lendir í alvarlegum fjárhagsvandræðum.

Um 53. gr.

Greinin samsvarar 29. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga og fjallar um stöðu oddvita. Nýmæli er að mælt er fyrir um að oddviti komi fram opinberlega fyrir hönd sveitarstjórnar.

Um 54. gr.

Í þessari grein er fjallað um sama efni og í 31. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. Dæmi eru þess í lögum að kveðið sé á um almenna atkvæðagreiðslu í sveitarfélögum, sbr. 10. gr. áfengislaga nr. 82 frá 1969. Rétt þykir að setja almennt ákvæði um slíkar atkvæðagreiðslur í sveitarstjórnarlög. Í fjölmennum sveitarfélögum verður almennum sveitarfundum illa við komið og er hér gert ráð fyrir að almennar atkvæðagreiðslur geti komið í stað sveitarfunda. 4. og 5. mgr. kveða á um að ályktanir slíkra funda og almennra atkvæðagreiðslna séu ekki bindandi fyrir sveitarstjórn, nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Um VI. KAFLA

Ákvæði um nefndir eru nú í 36.—38. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga. VI. kafli frumvarpsins hefur að geyma miklu ítarlegri ákvæði um nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélaga en er að finna í núgildandi lögum.

Um 55. gr.

Í greininni er tekið upp samheitið byggðarráð yfir framkvæmdaráð sveitarfélaga, sem í dag heita ýmist borgarráð, bæjarráð eða hreppsráð. Þar sem aðalfulltrúar í sveitarstjórn eru fimm eða færri þykir ekki ástæða til að kjósa sérstakt byggðarráð. Í 4. mgr. eru ákvæði um áheyrnarfulltrúa í byggðarráði og lögð er skylda á sveitarstjórn að heimila áheyrnarfulltrúa fundasetu þann tíma, sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

Um 56. gr.

Greinin hefur að geyma almenn ákvæði um verkefni byggðarráðs. Í 2. mgr. er heimild til að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda, þannig að sveitarstjórn geti fækkað föstum nefndum, ef henni þykir ástæða til.

Um 57. gr.

Greinin hefur að geyma almennar reglur um kjör sveitarstjórnar á fulltrúum í nefndir, ráð og stjórnir.

Um 58. gr.

Hér er sveitarstjórn heimilað að sameina nefndir, en fjöldi lögbundinna nefnda hjá sveitarfélögum er í mörgum tilvikum of mikill að mati sveitarstjórnarmanna. Í greininni er sveitarstjórnum fámennra sveitarfélaga einnig heimilað að fara sjálfar með verkefni

lögskipaðra nefnda, nema verkefni nefndanna séu ósamrýmanleg störfum sveitarstjórnar. Þá er í greininni einnig heimild til þess að kjósa nefnd, sem fari með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags, og slíka nefnd má kjósa í almennum kosningum í sveitarhlutanum. Þessi heimild kann að reynast hagkvæm í tilvikum þar sem sveitarfélög hafa verið sameinuð.

Um 59. gr.

Eigi þykir rétt að forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga séu kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana, er þeir starfa hjá.

Um 60. gr.

Greinin samsvarar efnislega 33. gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um forföll aðalmanna í sveitarstjórn.

Um 61. gr.

Greinin veitir sveitarstjórn heimild til að ákveða valdsvið nefnda, ráða og stjórna, sem hún kýs, nema slíkt sé ákveðið í lögum, og einnig að fela nefndum, ráðum og stjórnum fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli um á annan hátt.

Um 62. gr.

Hér er lögð skylda á oddvita sveitarstjórna að boða nefndir, ráð og stjórnir til fyrsta fundar, sé eigi öðruvísi ákveðið, og einnig fær oddviti rétt til að kalla saman tvær eða fleiri nefndir ef um er að ræða mál, sem varða starfssvið fleiri en einnar nefndar.

Um 63. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um störf nefnda og er nýmæli.

Um 64. gr.

Hér er fjallað um fundargerðir nefnda og um stöðu þeirra gagnvart sveitarstjórn.

Um 65. gr.

Greinin er nýmæli, en stuðst er við ákvæði sem nú er að finna í mörgum samþykktum, sem sveitarfélög hafa sett sér.

Um 66. gr.

Greinin er í samræmi við 44. gr. frumvarpsins.

Um VII. KAFLA

Um framkvæmdastjórn sveitarfélaga er nú fjallað í 39.—44. gr. sveitarstjórnarlaga, en frumvarpið hefur að geyma ýmis nýmæli hvað þetta snertir.

Um 67. gr.

Greinin fjallar um störf oddvita, þar sem ekki er ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri sveitarfélags.

Um 68. gr.

Í þessari grein er fjallað um laun oddvita og þar sett sú meginregla að þar sem eigi er starfandi sérstakur framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður við stjórn sveitarfélagsins, skuli launin ákveðin sérstaklega af sveitarstjórn og skal þá ýmist miða við fast hlutfall af tekjum sveitarfélagsins og stofnana þess, sem oddviti hefur umsjón með, eða við áætlaðan vinnutíma oddvita við stjórnsýslustörf. Launin skulu endurskoðuð reglulega.

2. og 3. mgr. 68. gr. frumvarpsins eru samhljóða 2. og 3. mgr. 40. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um 69. gr.

Sú skoðun var ráðandi í endurskoðunarnefndinni að í sveitarfélögum, sem hafa fleiri íbúa en 400, væri rétt að ráða framkvæmdastjóra sveitarfélags, en í öðrum sveitarfélögum væri það heimilt. Með þessu orðalagi er þó eigi kveðið svo á, að ráðning framkvæmdastjóra sé skylda í öllum tilvikum. Í reynd er það svo í dag, að öll þéttbýlissveitarfélög með fleiri en 300 íbúa munu hafa sérstakan framkvæmdastjóra í samræmi við ákvæði 42.—44. gr. núgildandi laga.

2. mgr. 69. gr. er í samræmi við 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. mgr. 69. gr. frumvarpsins fjallar um starfsheiti framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Meiri hluti endurskoðunarnefndarinnar lagði til að niður félli núverandi heimild í 32. gr. sveitarstjórnarlaga, þar sem borgarstjórn Reykjavíkur er heimilað að ráða fleiri en einn borgarstjóra. Minni hlutinn (S. G. K. og S. P.) leggur til að ákvæðið haldist óbreytt og verði fellt að 69. gr. frumvarpsins.

Um 70. gr.

1. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 42. gr. núgildandi laga.

Í 2. mgr. er heimild til að ráða framkvæmdastjóra til óákveðins tíma og er þá lagt til að uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir í samræmi við almennar reglur.

Í 3. mgr. er gerð krafa til þess að sérstaklega sé tekið fram við ráðningu framkvæmdastjóra, hvort ráðningin miðist við kjörtíma sveitarstjórnar eða gildi um óákveðinn tíma.

Um 71. gr.

Hér er fjallað um störf framkvæmdastjóra sveitarfélaga og er þá eigi gerður greinarmunur á hvort um er að ræða framkvæmdastjóra lítils eða stórs sveitarfélags.

Um 72. gr.

Greinin er nýmæli, en er í samræmi við margar samþykktir um stjórn sveitarfélaga.

Um 73. gr.

Greinin fjallar um starfsmenn við stjórnsýslu sveitarfélaga og þar er það almenna ákvæði í 2. mgr. að uppsagnarfrestur skal vera 3 mánuðir, sé ekki annað ákveðið í kjarasamningum eða ráðningarsamningi.

Um VIII. KAFLA

Ákvæði VIII. kafla frumvarpsins fjallar um fjármál sveitarfélaga og kemur kaflinn í stað III. kafla núgildandi laga 45.—91. gr.

Um 74. gr.

Greinin er samhljóða 45. gr. núgildandi laga. Komið hafa fram hugmyndir um að hafa reikningsár sveitarfélaga frá 1. júlí til 30. júní í stað almanaksársins. Er hugmyndin komin til vegna ýmiss konar uppgjöra, t. d. vegna fræðslumála, en nefndin er sammála um, að leggja til óbreytta skipan, hvað reikningsárið varðar.

Um 75. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 47. gr. núgildandi laga.

Um 76. gr.

Greinin er nýmæli, en á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða. Tilgangur með greininni er, að sveitarstjórnir horfi til framtíðarinnar og skipuleggi rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins með ákveðin markmið í huga.

Komið hafa fram efasemdir um að slík áætlunargerð sé möguleg í fámennum sveitarfélögum, en nefndin telur að í þeim sé áætlunargerðin það einföld, að sveitarstjórn sé engin vorkunn að marka sér í upphafi kjörtímabils stefnu til næstu ára. Breytist forsendur mundu sveitarstjórnir taka 5 ára áætlanir sínar til endurskoðunar.

Um 77. gr.

Greinin er nýmæli. Með „sérfróðum aðila" er átt við sérfræðing á viðkomandi sviði, t. d. verkfræðing, rekstrarráðgjafa eða löggiltan endurskoðanda.

Um 78. gr.

Greinin er nýmæli, en á sér hliðstæðu í löggjöf annarra Norðurlandaþjóða, t. d. í norsku sveitarstjórnarlögunum. Nauðsynlegt er að tengja saman fjárhagsáætlun komandi árs og áætlaða útkomu líðandi árs.

Um 79. gr.

Algengt er að forsendur fjárhagsáætlunar breytist t. d. þegar ljóst er hver útkoma álagningar útsvars og aðstöðugjalda er, en það er venjulega í júnímánuði. Þá geta orðið skyndilegar breytingar útgjalda, t. d. í kjölfar almennra kjarasamninga.

Í samræmi við gildandi venju er lagt til, að sveitarstjórnum sé heimilt að afgreiða breytingar á fjárhagsáætlun ársins við eina umræðu, en gerð er sú krafa, að breytingartillögur séu sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með a. m. k. 5 sólarhringa fyrirvara.

Um 80. gr.

Fyrri liður greinarinnar er samhljóða 2. mgr. 47. gr. núgildandi laga en nefndin leggur síðari liðinn til í því skyni að treysta ábyrga fjárstjórn sveitarstjórna.

Um 81. gr.

Lagt er til að öll sveitarfélög séu bókhaldsskyld og um það gildi almennar reglur eftir því sem við á, sbr. lög nr. 51/1968 um bókhald.

Þá er lagt til að sett sé reglugerð, sem kveði nánar á um ákvæði er varða bókhald sveitarfélaga sérstaklega og sem tryggi að reikningar allra sveitarfélaga séu sambærilegir.

Um 82. gr.

Greinin er samin með hliðsjón af almennum reglum og venjum um ársreikning. Hugtakið „ársreikningur" er notað sem eintöluorð, sbr. t. d. VII. kafla laga um hlutafélög nr. 32/1978.

Ársreikningur sveitarsjóðs hefur að geyma ársskýrslu, rekstrar- og framkvæmdayfirlit og efnahagsreikning. Honum skal einnig fylgja yfirlit yfir ábyrgðir, sem á sveitarsjóði hvíla.

Samstæðureikningur sveitarfélags er samandregnir ársreikningar sveitarsjóðs og þeirra stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, sem hafa sjálfstætt reikningshald.

Um 83. gr.

Í 54. gr. núgildandi laga segir að ársreikningar hreppa skuli fullgerðir fyrir febrúarlok, en ársreikningar kaupstaða fyrir lok maímánaðar.

Lagt er til að reglurnar séu nú hinar sömu fyrir öll sveitarfélög en nefndin telur að með þeirri vélvæðingu, sem nú hefur rutt sér til rúms eigi jafnvel stóru sveitarfélögin að geta lokið gerð ársreikninga sinna fyrir lok aprílmánaðar.

Um 84. gr.

Um kjör endurskoðenda eru nú ákvæði í 55. gr. sveitarstjórnarlaga. Nefndin leggur til að endurskoðendur séu kjörnir til fjögurra ára í senn.

Þá er lagt til að lögfest verði skylda til að fela löggiltum endurskoðanda eða löggiltu endurskoðunarfélagi, sbr. lög nr. 67/1976 um löggilta endurskoðendur, reikningslega endurskoðun bókhalds, ef íbúar sveitarfélags eru 1000 eða fleiri.

Í raun munu nú flest stærri sveitarfélög notfæra sér þjónustu löggiltra endurskoðenda m. a. vegna þeirra skilmála, sem lánastofnanir setja fyrir útlánum sínum.

Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórn geti starfrækt sérstaka endurskoðunardeild, sbr. 3. mgr. 55. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga, enda sé sjálfstæði slíkrar deildar gagnvart stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins tryggt.

Um 85. gr.

Greinin er nýmæli, en hún hefur að geyma verklagsreglur um störf kjörinna endurskoðenda og reglur um verkaskiptingu milli þeirra og löggiltra endurskoðenda.

Um 86. gr.

Ákvæði sama eðlis og ákvæði 1. mgr. er að finna í 56. gr. núgildandi laga.

Samkvæmt 2. mgr. hafa endurskoðendur a. m. k. einn mánuð til að ljúka starfi sínu, sbr. ákvæði 83. gr. frumvarpsins.

Um 87. gr.

Ákvæði um endurskoðunarskýrslu koma í stað ákvæða í a—f lið 56. gr. núgildandi laga, en slík skýrsla er nú lögfest í lögum nr. 32/1978 um hlutafélög og í sveitarstjórnarlöggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

Um 88. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á sveitarstjórnir að ljúka fullnaðarafgreiðslu reikninga fyrir lok júlímánaðar. Hafa sveitarstjórnir því a. m. k. 2 mánuði til að afgreiða reikningana, sbr. 86. gr.

Í raun eru sveitarstjórnir ekki að greiða atkvæði um reikninga sveitarfélagsins enda mun fátítt að sú atkvæðagreiðsla fari nema á einn veg, jafnvel þótt aðrir fulltrúar hafi haldið um stjórnvölinn, þegar þau útgjöld sköpuðust, sem reikningar greina frá og myndast hafi nýr meiri hluti í sveitarstjórn, sem var útgjöldunum andvígur.

Séu ekki uppi grunsemdir um villur í reikningshaldi, ætti sveitarstjórnin fyrst og fremst að fjalla um „endurskoðunarskýrslu“ enda þótt formlega séu það reikningarnir sem koma til atkvæðagreiðslu venju samkvæmt.

Dráttur á afgreiðslu og skilum ársreikninga sveitarfélaga hefur oft valdið verulegum vandkvæðum í sambandi við hagtölugerð og er því lagt til að hert verði viðurlög við því, sbr. 60. gr. núgildandi laga.

Öll sveitarfélög skulu samkvæmt frumvarpinu skila reikningum sínum beint til ráðuneytis og Hagstofu, en samkvæmt núgildandi lögum eiga hreppar að senda sýslunefndum ársreikninga sína.

Um 89. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sem styðjast við fyrirmyndir úr löggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Settar eru hömlur á heimildir sveitarfélaga til veðsetningar og sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta eðli máls samkvæmt.

Ákvæðið um að eigi megi nota kröfu á hendur sveitarsjóði til skuldajafnaðar við tilteknar kröfur sveitarfélags styðst við fyrirmyndir t. d. úr norsku sveitarstjórnarlögunum.

Settar eru verulegar hömlur á það, að sveitarstjórnir veiti ábyrgðir vegna skuldbindinga

óskyldra aðilja. Með frumvarpinu er lagt til að óheimilt verði að veita sjálfskuldarábyrgð í slíkum tilvikum, en heimilt sé að veita einfalda ábyrgð gegn tryggingum, enda samþykki ⅔ hlutar fulltrúa í sveitarstjórn að veita ábyrgðina.

Þegar rætt hefur verið um afnám takmarkana á ráðstafanir sveitarfélaga, sem nú er að finna í 11. gr. sveitarstjórnarlaga hefur oft borið á góma, að töluverð ásókn væri á sveitarstjórnir um að veita ábyrgðir til kaupa á fiskiskipum og til annarra fjárfestinga í atvinnurekstri á vegum einkafyrirtækja.

Sveitarstjórnir virðast oft vera berskjaldaðar fyrir slíkri ásókn, en það gefur auga leið, að ef illa fer, getur ábyrgð af þessu tagi lagt þungar byrðar á sveitarfélögin og íbúa þeirra um langan tíma og torveldað framkvæmd meginverkefna sveitarfélaganna. Nefndin er á einu máli um að takmarka beri heimildir í þessu efni.

Um 90. gr.

Í samræmi við eðli sveitarfélaga og það að þau verða eigi tekin til gjaldþrots skipta er nauðsyn að hafa ákvæði um fjárþröng sveitarfélaga, sbr. 63.—91. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Í 90. gr. er fjallað um alvarlega fjárþröng sveitarfélaga. Er lagt til að um hana verði fjallað við tvær umræður í sveitarstjórn og finnist eigi úrræði er gert ráð fyrir að leitað verði til ráðuneytisins, en greinin fjallar síðan um það, hvaða viðbrögð ráðuneytið skuli hafa í slíkum tilvikum og hvaða úrræði það hafi til þess að koma fjárhag sveitarfélagsins til betri vegar.

Um 91. gr.

Sé fjárþröng sveitarfélags mun alvarlegri en svo, að úrræði samkvæmt 90. gr. dugi, getur ráðuneytið svipt sveitarfélagið fjárforráðum og skipað því sérstaka fjárhaldsstjórn, sbr. 82. gr. núgildandi laga.

Ráðuneytið getur einnig snúið sér til skiptaráðanda og óskað eftir greiðslustöðvun sveitarsjóðs í allt að 3 mánuði í samræmi við ákvæði II. kafla laga um gjaldþrotaskipti.

Um 92. gr.

Greinin fjallar um skipan fjárhaldsstjórnar og skýrir sig sjálf. Um skipan fjárhaldsstjórnar eru nú ákvæði í 85. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um 93. — 94. gr.

Ákvæði 93.—94. gr. fjalla um störf fjárhaldsstjórnar og skýra sig sjálf.

Um 95. gr.

Hér er um að ræða ákvæði, sem gera verður ráð fyrir að eigi verði beitt fyrr en öll önnur úrræði hafa reynst ófullnægjandi. Engu að síður er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að hafa slíkt ákvæði í lögunum.

Um 96. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 90. gr. núgildandi sveitarstjórnarlaga.

Um IX. KAFLA

Fram kemur af frumvarpinu í heild að verði það að lögum þá verður fjöldi sveitarfélaga í landinu rúmlega 200. Í inngangi athugasemda með frumvarpinu er getið þeirra sjó meginsjónarmiða sem fylgt hefur verið við frumvarpsgerðina. Ef nokkur von á að vera til þess að ná þeim fram þá er nauðsynlegt að sveitarfélögin skipti sér í sveitir til þess m. a. að vera í stakk búin til að taka við verkefnum úr hendi ríkisvaldsins, kaupstaðir og hreppar sameigin-

lega. Af þessum ástæðum er lagt til að sýslufélögin sem nú hafa þjónað um 100 ára skeið verði lögð niður með öllu þar sem þau hafa ekki á síðari árum verið sá samnefnari og framkvæmdaaðili sem sveitarfélögunum var nauðsynlegur. Við tekur vettvangur sveitarstjórna, sem í frumvarpinu er nefndur héraðsnefndir. Fylgt er þeirri skiptingu innan landshluta sem helgast af sýsluumdæmum en umdæmin stækka að því marki sem aðild kaupstaðanna að héraðsnefndum markar. Réttarstaða sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu verður hin sama þar sem öll sveitarfélög eiga aðild að héraðsnefndum. Þau munu á þeim vettvangi taka við þeim verkefnum sem ríkisvaldið felur þeim sameiginlega annaðhvort samkvæmt einhliða ákvörðun eða að höfðu samráði. Skapast þannig vettvangur á jafnréttisgrundvelli til þess að taka við nýjum verkefnum og stuðla að valddreifingu í þjóðfélaginu. Sveitarfélögin geta einnig nýtt héraðsnefndirnar til samstarfs um einstök verkefni er þau koma sér saman um að vinna að en sú mikilvæga regla gildir um allar samþykktir héraðsnefnda varðandi slíkt samstarf að þær binda einungis þær sveitarstjórnir sem það samþykkja. Verður því ekki um það að ræða að meiri og minni hlutar skapist innan héraðsnefnda hvað varðar einstakar framkvæmdir eða verkefni. Þar eru allar sveitarstjórnir jafn réttháar.

Um 97. gr.

Greinin fjallar um skiptingu landsins í 18 héruð. Þykir best fara á því að viðskeytið „hérað“ sé í nafni allra hinna nýju héraða.

Um 98. gr.

Verkefni héraðsnefnda eru talin í 1.—3. tl. Grundvallaratriði varðandi þau verkefni, sem sveitarfélög kunna að leggja til að héraðsnefndin annist, er það ákvæði að ekki er mögulegt með meirihlutasamþykkt að skuldbinda sveitarfélögin til fjárútláta. Þar þarf í öllum tilvikum að koma til samþykki hverrar sveitarstjórnar um sig. Mikilvægt er einnig það ákvæði að héraðsnefndin ákveður sjálf hvort hún tekur að sér framkvæmd verkefnis samkvæmt 2.—3. tl.

Um 99. gr.

Viðurkennd er sú regla að öll sveitarfélög eigi fulltrúa í héraðsnefnd.

Fjöldi fulltrúa miðast við íbúafjölda í sveitarfélagi og verður sem hér segir:

fyrir hverja 1 til 4999 íbúa = 1 fulltrúi
fyrir hverja 5000 til 7499 íbúa = 2 fulltrúar
fyrir hverja 7500 til 9999 íbúa = 3 fulltrúar
og síðan 1 fulltrúi fyrir hverja 2500 íbúa.

Um 100. gr.

Talið er nauðsynlegt að fulltrúar í héraðsnefndum hafi sem beinust tengsl við sveitarstjórnir og er því lagt til að einungis kjörnir sveitarstjórnarmenn komi til greina sem fulltrúar í héraðsnefndum.

Um 101. gr.

Í þessari grein er kveðið á um réttindi og skyldur héraðsnefndarmanna og er talið eðlilegt að um þá gildi það sama og sveitarstjórnarmenn eftir því sem við á. Einnig er lagt til að héraðsnefnd setji sér samþykkt um starfshætti en með tilskildu samþykki ráðuneytis.

Um 102. gr.

Hér er kveðið á um aðalfund héraðsnefnda og þátt oddvita við fundarboðun og við val á fundarstað.

Um 103.—104. gr.

Kostnaður við einstök verkefni héraðsnefnda greiðist af þeim sveitarfélögum sem samþykkt hafa að taka þátt í þeim. Kostnaður við lögákveðin verkefni greiðist að sjálfsögðu í samræmi við fyrirmæli laga í hverju tilviki en kostnaður við fundi héraðsnefndar og þær framkvæmdir sem samþykktar eru af öllum þeim sem aðild eiga að nefndinni greiðist í hlutfalli við íbúafjölda aðildarsveitarfélaga.

Oddviti skal sjá um að bókhald sé í góðu lagi og heimild er til þess að njóta starfskrafta fulltrúa ríkisvaldsins í héruðunum við bókhald og sjóðfærslur sé þess óskað.

Nauðsynlegt er að fjárhagsáætlun næsta árs liggi fyrir eigi síðar en 15. október ár hvert svo að sveitarfélögin geti gert sér grein fyrir kostnaði sínum vegna hinna ýmsu verkefna við gerð fjárhagsáætlana sinna.

Um 105. gr.

Eðlilegt þykir að héraðsnefnd taki við eignum og skuldum sýslunefndanna þar sem þær eru nú lagðar niður með lögum þessum. Viðurkenndur er réttur sveitarfélaga, sem stóðu að sýslunefndum, til eigna þeirra.

Um X. KAFLA

Í ákvæðum X. kafla er fjallað um frjálsa samvinnu sveitarfélaga sín á milli, en eins og kunnugt er hefur samvinna sveitarfélaga um hin ýmsu verkefni stórlega aukist á síðari árum. Slík samvinna er ekki bundin við sveitarfélög innan sýslu eða kjördæmis heldur gengur hún í mörgum tilvikum þvert á slík mörk og er hagkvæmni af samvinnunni látin ráða.

Samvinna sveitarfélaga af þessu tagi er venjulega bundin í stofnsamningum, en ekki hafa verið sett um hana almenn ákvæði í lögum. Getur það í ýmsum tilvikum valdið vandkvæðum, t. d. þegar ágreiningur kemur upp milli sveitarstjórna, sem að slíkri samvinnu standa og þegar aðstæður breytast vegna þróunar byggðar og verkefna.

Í Svíþjóð og Finnlandi starfa svokölluð „kommunalförbund“, sem er sérstakt félagsform fyrir samvinnu sveitarfélaga um lausn einstakra sveitarstjórnarverkefna svo sem rekstur stofnana, sorphreinsun o. s. frv. Nefndin leggur til að slíkt félagsform verði hérlendis nefnt „byggðasamlag“.

Um slík félög eru t. d. ákvæði í 11. kafla finnsku sveitarstjórnarlaganna, 121.—131. gr., og hafa þau ákvæði verið höfð til hliðsjónar við gerð tillagna nefndarinnar.

Um 106.—107. gr.

Hér eru nefnd tvö form fyrir samvinnu sveitarfélaga, héraðsnefnd og byggðasamlag. Síðan eru nánari reglur um byggðasamlag sé það samningsform valið.

Um 108. gr.

Gert er ráð fyrir, að þegar um sé að ræða áhættusaman atvinnurekstur í samrekstri sveitarfélaga skuli nota félagsform það, sem lög nr. 24/1972 fjalla um.

Um 109. gr.

Hér er svo fyrir mælt, að samþykktir byggðasamlaga skuli taka reglulega til endurskoðunar, en reynslan sýnir að það er galli á núverandi samvinnuformi sveitarfélaga, hve erfitt hefur reynst að breyta ákvæðum, sem upphaflega voru sett í stofnsamning, en eru síðan úrelt orðin vegna breyttra aðstæðna.

Um 110. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja í lög ákvæði um, hvernig með skuli fara, þegar sveitarstjórn óskar þess að ganga úr byggðasamlagi.

Um 111. gr.

Í greininni er fjallað um slit byggðasamlags. Meginreglan er sú að kostnaður af uppbyggingu og rekstri byggðasamlags skiptist á sveitarfélög eftir íbúafjölda á hverjum tíma, en eignir skiptast eftir íbúafjölda þegar skipti fara fram.

Um 112.—113. gr.

Hér er fjallað um landshlutasamtök sveitarfélaga, en 7 slík staðbundin samtök eru starfandi í dag og eru flest sveitarfélaganna meðlimir þeirra.

Þá er viðurkennt að Samband íslenskra sveitarfélaga sé málsvari sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu.

Um XI. KAFLA

Í lögum nr. 70/1970 er að finna ákvæði um framkvæmd sameiningar sveitarfélaga. Eðlilegt þykir að þær reglur endurskoðaðar komi fram í sérstökum kafla í nýjum lögum um sveitarstjórnir og eru þær því teknar upp í XI. kafla frumvarpsins.

Rétt er að benda á þá breytingu frá fyrri reglum að nú er sveitarstjórnum skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningaráform nema í þeim sveitarfélögum sem falla undir ákvæði 5. gr. frumvarpsins.

Um 114. gr.

Hér er leitast við að setja almennt stefnuákvæði. Ætlast er til að stjórnvöld vinni að því með ýmsum ráðum að ná því markmiði sem greinir í 2. mgr., m. a. í samráði við samtök sveitarfélaga og héraðsnefnd.

Um 115. gr.

Í þessari grein er fjallað um það, hvernig með skuli fara, þegar íbúafjöldi sveitarfélags hefur verið lægri en 50 í 3 ár samfellt og ekki er um sérstakar aðstæður að ræða, sbr. 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins, eða í sambandi við fjárþrot sveitarfélaga, sbr. 95. gr. frumvarpsins.

Um 116.—117. gr.

Í þessum greinum er fjallað um frjálsa sameiningu sveitarfélaga og hvernig að henni skuli staðið. Greinarnar skýra sig sjálfar.

Um 118. gr.

Sameining sveitarfélaga yfir mörk kjördæma getur raskað kjördæmaskipan og verður því ekki ákveðin nema með lögum.

Um 119.—121. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar, en þær fjalla um ýmis framkvæmdaatriði í sambandi við stækkun sveitarfélaga með sameiningu þeirra.

Um 122. gr.

Í tillögum núv. formanns Sambands ísl. sveitarfélaga um sameiningarmál, sem fyrr er getið var lagt til að í ákveðnum tilvikum verði veitt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir föstum reglum, sbr. 11. gr. laga nr. 70 frá 1970, um sameiningu sveitarfélaga. Þetta hefur verið gagnrýnt af ýmsum, sem telja að ekki eigi að „kaupa" sveitarfélög til sameiningar.

Nefndin leggur engu að síður til að ákvæði 122. gr. frv. verði lögfest og komi það í stað áðurnefndrar 11. gr. laga nr. 70/1970.

Um 123. gr.

Greinin skýrir sig sjálf og er sniðin eftir 1. tl. 12. gr. laga nr. 70/1970 að breyttu breytanda.

Um XII. KAFLA

Samkvæmt 76. gr. stjórnarskrárinnar skal ríkisstjórnin hafa umsjón með stjórnsýslu sveitarfélaga og skal þessum efnum skipað með lögum. Undan því verður því ekki vikist að hafa reglur um umsjón ríkisvaldsins með sveitarstjórnum. Um þessi efni er nú fjallað í 11. gr. sveitarstjórnarlaga og er það sammæli þeirra sem til þekkja, að þau ákvæði séu nú óraunhæf.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið meðal helstu umræðuefna þeirra, sem láta sig sveitarstjórn varða bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi á undanförnum áratugum.

Sambandi ríkis og sveitarfélaga hefur verið háttað á mismunandi vegu í einstökum ríkjum.

Á síðustu fjórum áratugum hafa orðið veigamiklar breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga og samskiptin hafa aukist.

Verkefni sveitarfélaga hafa tekið grundvallarbreytingum og sveitarfélög hafa í ríkum mæli orðið stjórnsýslueiningar í lögboðnum þjónustukerfum ríkisvaldsins svo sem fræðslukerfi og félagsþjónustukerfi. Svigrúm sveitarstjórna til ákvarðana hefur þá verið takmarkað af almennum fyrirmælum laga og reglugerða og þær hafa haft lítið svigrúm til þess að sinna sérstökum áhugamálum íbúa sinna. Tekjustofnar þeirra hafa að verulegu leyti verið bundnar greiðslur úr ríkissjóði til tiltekinna lögskipaðra verkefna.

Í sumum löndum, svo sem í Frakklandi, hafa flestar ákvarðanir sveitarstjórna í reynd verið háðar samþykki og staðfestingu embættismanna ríkisins.

Nú er hins vegar hafin þróun, sem miðar að því að auka sjálfræði sveitarfélaganna og takmarka íhlutun ríkisvaldsins að sama skapi, en jafnframt verði umsjón ríkisins raunhæfari og virkari að því leyti, sem henni er haldið við.

Endurskoðun skiptingar verkefna milli ríkis og sveitarfélaga miðar að því, að sveitarfélögin fái aukið svigrúm til að velja sér verkefni og hafi meira að segja um hvernig þau skipa lögskyldum verkefnum.

Valddreifingarstefnan miðar ekki einvörðungu að því að flytja verkefni til sveitarfélaganna heldur miklu fremur annars vegar að flytja til þeirra ákvörðunarvald, sem áður var hjá stjórnvöldum ríkisins og hins vegar að flytja til umboðsstofnana ríkisins ýmis viðfangsefni, sem áður var fengist við í miðstjórnarstofnunum höfuðborga.

Nefndin, sem samið hefur þetta frumvarp, hefur haft það viðhorf, sem síðast var lýst og mótast tillögur hennar um jafnræði sveitarfélaga, um fjármál sveitarfélaga, um héruð o. fl. af því. Utan verksviðs nefndarinnar er hins vegar að gera tillögur um endurskipulagningu samfara valddreifingu í stjórnsýslu ríkisins, en það er skoðun nefndarmanna, að umboðsmenn ríkisins í hinum dreifðu byggðum landsins eigi að veita almenningi mun víðtækari þjónustu en nú er og að hafa úrskurðarvald um ýmis verkefni ríkisvaldsins, sem leyst eru fjarri miðstjórnarskrifstofum í höfuðborginni. Í þessu sambandi má nefna það, að ný tækni býður nú upp á mun fjölbreyttari og skjótvirkari boðleiðir milli miðstýringar ríkisvaldsins og umboðsmanna þess utan höfuðborgarsvæðisins.

Á fjölmörgum sviðum svo sem á sviði efnahags- og atvinnumála, launasamninga við starfsmenn, samgöngu-, mennta- og heilbrigðismála er gott og náið samstarf sveitarfélaga og ríkisvalds nauðsynlegt. Nefndin telur því nauðsynlegt að ríki og sveitarfélög hafi með sér vettvang, þar sem fulltrúar þessara aðila ræðist reglulega við og reyni að samræma stefnu sína.

Um 124. gr.

Með grein þessari er átt við samstarf eins og komið var á með gerð samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga, sem undirritaður var 20. janúar 1984.

Um 125. gr.

Með greininni er ráðuneyti veitt heimild til þess að fela umboðsmönnum ríkisins í héraði, innheimtumönnum ríkissjóðs, lögreglustjórum o. fl. ýmis verkefni, sem ráðuneytið hefur samkvæmt lögum þessum. Um þetta vísast til inngangskafla, athugasemda um XII. kafla.

Með slíku fyrirkomulagi færist þjónusta ríkisvaldsins nær sveitarstjórnunum, en jafnframt skapast möguleiki á áfrýjun stjórnsýsluúrskurða til æðra setts stjórnvalds, sem er mikilvægt meðan hér á landi eru eigi sérstakir stjórnsýsludómstólar eins og stundum hefur verið rætt um og tíðkast víða.

Um 126. gr.

Eins og vikið er að í inngangi fyrir athugasemdum um þennan kafla er gert ráð fyrir umsjón ríkisvaldsins með sveitarfélögum í 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Greinin fjallar um eftirlitsskyldu ráðuneytisins og viðurlög við vanrækslu sveitarstjórna í að gegna skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum.

Um 127. gr.

Áður er minnst á stjórnsýsludómstóla, sem tíðkast m. a. í nágrannalöndum okkar í V-Evrópu. Slíkir dómstólar starfa við hlið almenna dómstólakerfisins og úrskurða um gildi ýmiss konar stjórnsýsluákvarðana o. fl.

Svo að dæmi sé tekið, má nefna að í Finnlandi úrskurðar æðsti stjórnsýsludómstóllinn í mörg þúsund málum árlega.

Ekki þykir fært að leggja til að þess konar kerfi verði tekið upp hér að því er varðar sveitarstjórnarmálefni að svo stöddu, og ekki þykja efni til að leggja til breytingar á því, sem nú er almennt viðurkennt, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar, að dómstólar séu yfirleitt færir um að skera úr hvers kyns ágreiningi um lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalda í sambandi við ákveðið sakarefni.

Þannig má jafnan bera undir dómendur, hvort tiltekið mál skuli sæta fullnaðarúrlausn stjórnvalda eða dómstóla og hvort yfirvald hafi farið löglega að eða ekki. Undir dómstóla má bera ágreining um staðarleg og málefnisleg valdmörk stjórnvalda, hvort ákvörðun stjórnvalds sé í lögmætu formi, hvort efni hennar sé lögum samkvæmt, hvort gætt hafi verið réttra aðferð við gerð hennar, hvort stjórnvald hafi verið vanhæft til ákvörðunar o. s. frv.

Hver sá einstaklingur eða persóna að lögum, sem hefur einstaklegra, hvort heldur hugrænna eða fjárhagslegra, hagsmuna að gæta í sambandi við ákvörðun stjórnvalds, getur borið ágreining, er að henni lýtur, undir dóm.

Þegar ákvörðun stjórnvalds er undir frjálsu mati þess komin, er þó aðalreglan, að henni verði ekki haggað af dómstólum nema til þess sé sérstök heimild í lögum.

Sum lagaskilyrði eru þó svo rúm og teygjanleg að stjórnvöld verða að eiga um þau fullnaðarmat.

Mörkin eru ekki ávallt glögg. Þótt um sé að ræða ákvörðun stjórnvalds, sem byggir á frjálsu mati, dæma dómstólar allt að einu um það hvort hún sé haldin ógildingarannmörkum svo sem formgöllum, viljaágöllum eða valdníðslu, hvort gætt hafi verið réttra aðferða eða hvort um valdþurrð hafi verið að ræða. Sjá hér rit Ólafs Jóhannessonar: Stjórnskipun Íslands, 2. útg. 1978, bls. 392.

Komið hefði til álita, að ráðherra væri fengið endanlegt úrskurðarvald um sveitarstjórnarmálefni án heimildar til þess að leita endurskoðunar dómstóla, en vegna réttaröryggis hefur ekki verið talin ástæða til að skerða svo rétt manna til að leita úrlausnar dómstóla. Hins vegar kemur til greina að fela ráðherra endanlegt úrskurðarvald þegar einstakir menn eiga ekki aðild að deilu heldur er einvörðungu um að ræða réttarágreining einstakra handhafa stjórnsýsluvalds, svo sem ágreining meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórn.

Nefndin leggur það þó ekki til, en hún gerir tillögu um lögboðinn frest ráðuneytis til þess að kveða upp úrskurði sína og um opinbera birtingu úrskurðanna, sem margir hafa fordæmisgildi.

Um 128. gr.

Ef frumvarp þetta verður að lögum þarf að gera ýmsar breytingar á samþykktum um stjórn sveitarfélaga. Til að auðvelda sveitarstjórnum breytingarnar er lagt til að ráðuneytið láti útbúa fyrirmynd eða ramma fyrir slíkar samþykktir, en að sú skylda sé lögð á sveitarstjórnir að setja nýjar samþykktir eða endurskoða eldri samþykktir innan árs frá gildistöku laganna.

Um 129. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 55. Frumvarp til laga [55. mál]

um endurmenntun vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að koma á samræmdri og skipulagðri endurmenntun og starfsþjálfun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu og skapa öllum skilyrði til að aðlagast tæknivæðingu, einkum í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skipar sjö menn í endurmenntunarráð, og jafnmarga til vara, til fjögurra ára í senn, þar af sex eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
Bandalags kennarafélaga,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna og
menntamálaráðherra.

Félagsmálaráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

Endurmenntunarráð ræður sér starfsmann með staðgóða þekkingu í vinnumarkaðsmálum og endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu.

Ráðið skal kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins eftir því sem þörf krefur hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk endurmenntunarráðs er:

a. að gera heildaryfirlit yfir þá endurmenntun sem í boði er og tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu,
b. að meta á hverjum tíma þörf endurmenntunar vegna áhrifa nýrrar tækni á atvinnulífið og starfsskilyrði einstakra starfshópa,
c. að gera heildaráætlun til fjögurra ára í senn um skipulag og samræmingu endurmenntunar og forgangsverkefni á því sviði sem miði markvisst að því að aðlaga starfsgreinar og starfshópa áhrifum tæknivæðingar í samræmi við þarfir atvinnulífsins; áætlun þessa skal endurskoða árlega,

d. að gera árlega kostnaðaráætlun vegna endurmenntunar sem fjárveiting næsta árs byggist á,
e. að úthluta styrkjum úr endurmenntunarsjóði, sbr. 4. gr.

Verði ágreiningur um ákvörðun ráðsins geta þrír ráðsmenn skotið ágreiningsatriðum til úrskurðar félagsmálaráðherra.

4. gr.

Stofna skal sjóð sem nefnist endurmenntunarsjóður og skal hann vera sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn félagsmálaráðherra.

Hlutverk endurmenntunarsjóðs er annars vegar að veita styrk, sem sé að fjárhæð a. m. k. jafnhár atvinnuleysisbótum á hverjum tíma, til þeirra sem fá viðurkennda endurmenntun og hins vegar að veita styrki til

— námsgagnagerðar,
— námskeiðahalds og
— starfsþjálfunar

á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Heimilt er að endurmenntunarsjóður greiði að fullu námskeiðsgjald fyrir þá sem leita sér endurmenntunar eða starfsþjálfunar og hafa af ástæðum, sem endurmenntunarráð metur gildar, ekki verið á vinnumarkaði um lengri eða skemmri tíma. Nánari ákvæði um slíkar greiðslur skulu sett í reglugerð, svo og um skilyrði fyrir styrkveitingu og hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun, að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Ríkissjóður skal í fjárlögum ár hvert leggja sjóðnum til fé sem nemi eigi lægri upphæð en svarar helmingi af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs hverju sinni.

6. gr.

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum endurmenntunarráðs, hver skuli hafa á hendi daglegan rekstur endurmenntunarsjóðs undir eftirliti ráðsins, þar á meðal innheimtu, greiðslur, reikningsfærslu og ávöxtun inneigna.

Ríkisendurskoðun hefur á hendi endurskoðun reikninga sjóðsins.

7. gr.

Endurmenntunarráð skal gera skýrslu um starfsemi sína og senda félagsmálaráðherra ásamt ársreikningum eigi síðar en 30. mars ár hvert.

8. gr.

Félagsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum endurmenntunarráðs.

9. gr.

Ákvæði laga þessara skerða ekki betri rétt sem veittur er samkvæmt öðrum lögum eða um hefur verið samið á annan hátt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Félagsmálaráðherra skal þegar í stað hefja viðræður við aðila vinnumarkaðarins, sbr. ákvæði síðustu mgr. 4. gr. laganna, í því skyni að leita samráðs um þátttöku og fyrirkomulag á hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun vegna endurmenntunar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Greinargerð.

Markmið þessa frumvarps er að með samræmdri og skipulagðri endurmenntun hér á landi vegna tækniþróunar í atvinnulífinu verði öllum sköpuð skilyrði til að aðlagast tæknivæðingunni. Sérstök áhersla verði lögð á endurmenntun í þeim atvinnugreinum þar sem atvinnuöryggi starfsmanna er í hættu vegna tæknivæðingar.

Hér á landi hefur allt of lítil umræða enn farið fram um áhrif þeirra róttæku breytinga sem rafeindatækni og áhrif tölvuvæðingar munu hafa á vinnumarkaðinn, atvinnulíf og atvinnuhætti í landinu á komandi árum. Hvaða nýja möguleika mun hún opna og hvaða hættu mun hún hafa í för með sér ef ekki verður brugðist við í tíma á réttan hátt?

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á atvinnulífinu í heiminum og margt bendir til þess að þessar breytingar séu rétt að byrja. Breytingar þessar hafa það í för með sér að öll störf og vinnuaðferðir munu breytast og miklar tilfærslur verða á vinnuaflanum á milli atvinnuvega, starfsgreina, verkefna og vinnustaða. Sjálfvirkni og vélvæðing mun hafa það í för með sér að mörg störf munu annaðhvort taka miklum breytingum eða úreldast og ný störf taka við sem gera sífellt auknar kröfur til starfsfólks um endurmenntun. Ef ekki er brugðist við með réttum hætti í tíma er mikil hætta á því að það muni hafa í för með sér versnandi lífskjör og atvinnuleysi hér á landi.

Þær gífurlegu breytingar, sem áhrif tæknivæðingarinnar munu hafa á allt atvinnulíf á komandi árum, gera kröfu til þess að tilfærslur geti átt sér stað á mannaflanum milli verkefna og atvinnugreina með eðlilegum hætti en forsenda þess er að starfsfólki sé gert kleift að njóta endurmenntunar og starfsþjálfunar í miklu ríkara mæli en nú er.

Í allri atvinnuuppbyggingu og leiðum til að bæta lífskjör fólks er eitt brýnasta verkefnið að opna starfsfólki möguleika til að geta aðlagast með eðlilegum hætti áhrifum þeirra gífurlegu breytinga sem tæknivæðingin mun hafa í för með sér á allt atvinnulíf á komandi árum. Endurmenntun starfsfólks er því ein veigamesta forsenda þess að hægt sé að nýta sér nýjar tæknibreytingar til að auka framleiðni og hagvöxt og bæta lífskjör hér á landi.

Möguleikar hjá starfsfólki hér á landi til þess að öðlast sérhæfða endurmenntun við sitt hæfi og í samræmi við þarfir fyrirtækjanna er ýmsum takmörkunum háð.

Hér skulu tilgreindir nokkrir þættir:

1. Skólakerfið hefur ekki getað sinnt með skipulegum hætti endurmenntun í tengslum við atvinnulífið eða skólakerfið og menntunin í heild sinni hafa ekki tekið nægjanlegt mið af þörfum atvinnulífs.

2. Langur vinnudagur starfsfólks hér á landi og framfærslubyrði gera kröfur til þess að hver fjölskylda verði að geta treyst á tvær fyrirvinnur ef endar eiga að nást saman í nauðsynlegum útgjöldum. Lítill sem enginn tími er aflögu að starfsdegi loknum til að sækja endurmenntun eða þau námskeið, sem í boði eru, vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Auk þess þola fæstir þann tekjumissi sem því er samfara að öðlast endurmenntun.

3. Of lítið framboð er á námskeiðum og þau námskeið, sem boðið er upp á, eru í mörgum tilfellum of dýr fyrir einstaklinga.

4. Alla hvatningu og leiðbeiningar um nauðsyn endurmenntunar vantar og starfsfólk er því einatt ekki nægilega vel á verði um það að endurmenntun getur ráðið úrslitum um atvinnuöryggi þess í framtíðinni.

5. Engin skipulögð eða samræmd stefna er í endurmenntunarmálum og starfsfólki reynist oft erfitt að skipuleggja endurmenntunarnám upp á eigin spýtur.
6. Fyrirtækin sjálf hafa of lítið gert af því að undirbúa starfsfólk undir tæknibreytingar með því að gefa því kost á starfs- eða endurmenntun.

Víða erlendis, t. d. annars staðar á Norðurlöndum, hefur þessari þörf fyrir endurmenntun og starfsþjálfun verið mætt með mjög umfangsmiklum, fjölbreyttum og skipulögðum aðgerðum. Má til að mynda nefna að frá 1960 hefur verið í gildi í Danmörku löggjöf um endurmenntun ófaglærðs starfsfólks. Ríkisvaldið hefur í þessum og öðrum löndum talið það skyldu sína að veita ríflega styrki til endurmenntunar. Á Norðurlöndum hefur ríkisvaldið þannig um langt árabil styrkt bæði námsgagnagerðina, kennsluna eða þjálfunina, svo og veitt styrki sem samsvara atvinnuleysisbótum til að bæta það tekjutap sem fólk verður fyrir samfara endurmenntunarnámi.

Hér skulu nefnd nokkur dæmi:

1. Ríkisframlag Dana til **„arbejdsmarkedsuddannelserne“:**
   1980 687,3 millj. d. kr.
   1981 658,5 millj. d. kr.
   1982 941,2 millj. d. kr.
   (7080 d. kr. á einstakling.)
2. Ríkisframlag Norðmanna:
   1981 samtals 116,1 millj. n. kr. eða 7800 n. kr. á einstakling.
3. Ríkisframlag Svía til **„arbetsmarknadsutbildning 1981—1982“:**
   3891 millj. s. kr. eða 32 þús. s. kr. á einstakling.

   (Heimild: Þuríður Magnúsdóttir, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins: Skýrsla um kynnisferð til Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs í júní 1983.)

Ef reynt væri að gera sér grein fyrir hvað það kostaði að koma endurmenntunarmálum í sæmilegt horf hér á landi og hver sá fjöldi væri sem gagn gæti haft af endurmenntun kæmi eftirfarandi í ljós:

Gert er ráð fyrir að um 40 þús. manns muni geta haft gagn af styrkveitingum úr þeim endurmenntunarsjóði sem fyrirhugað er að stofnaður verði samkvæmt þessu frv.

Ef miðað er við að hver og einn þurfi að fá sem lágmark tveggja vikna starfsmenntun á 5 ára fresti þyrftu 8 þús. manns úr þessum hópi að sækja tveggja vikna námskeið á hverju ári.

Algeng námskeiðsgjöld á samsvarandi námskeið 1984 var 800—1200 kr. á þátttakanda.

Gera má ráð fyrir að útbúa þurfi um 30 ný námskeið að jafnaði á ári og að námsgagnagerðin kosti sem svarar um 150 þús. kr. á námskeið að meðaltali.

Áætlaður kostnaður, miðaður við þessar forsendur, gæti því orðið eftirfarandi:

	Kr.
1. **Námskeiðsgjöld.**	
10 dagar x 8000 þátttakendur x 1000 á dag =	80 000 000
2. **Atvinnuleysisbætur.**	
10 dagar x 8000 þátttakendur x 535,60 á dag =	42 848 000
3. **Þróunarkostnaður.**	
30 námskeið x 150 000 =	4 500 000
Samtals	127 348 000

Hér er um að ræða töluvert hærri fjárhæð en ráð er fyrir gert að endurmenntunarsjóður hafi til umráða skv. ákvæðum frumvarpsins. Er það gert í þeirri von að víðtæk samstaða geti náðst á Alþingi um þetta mál og verður nánar gerð grein fyrir því í framsögu.

Hér á landi, sem og annars staðar þar sem fjármagni hefur verið varið til endurmenntunarmála, er ljóst að sú fjárfesting mun skila sér margföld aftur á þann hátt að Íslendingar munu verða mun færari en ella til þess að nýta sér þá möguleika sem tæknibreytingarnar hafa í för með sér. Framtíð íslensks atvinnulífs og lífskjör hér á landi munu að verulegu leyti byggjast á því að uppbygging atvinnulífsins sé aðlöguð nýrri tækni og að starfsfólkið hafi möguleika á að tileinka sér tæknibreytingar. Ef áfram á að láta reka á reiðanum í þessu efni geta áföllin orðið stór.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvert stefnir í atvinnumálum og hvernig mannafli skiptist á einstakar atvinnugreinar og hvaða menntun og þekking er nauðsynleg vegna breyttra atvinnuhátta. Talið er að mannafli á vinnumarkaðinum muni aukast um 30 þús. manns næstu 20 árin. Helst hefur verið horft til iðnaðarins í þessu efni og talið nauðsynlegt að byggja hann upp til að taka við auknum mannafla á vinnumarkaðinum á komandi árum. Margt bendir þó til þess að iðnaðurinn muni ekki taka við auknum mannafla í jafnríkum mæli og áður var talið. Í upplýsingum um mannaflaþróun í helstu atvinnuvegum þjóðarinnar á árabilinu 1963—1979 kemur eftirfarandi í ljós:

	1963	**1979**
Iðnaður	12 040 (17,8%)	18 109 (17,9%)
Landbúnaður	9 254 (13,7%)	6 995 (6,9%)
Sjávarútvegur	11 143 (16,5%)	14 373 (14,2%)
Opinber störf	11 635 (17,2%)	25 287 (25,0%)
Annað	23 445 (34,7%)	36 238 (35,8%)

(Heimild: Mannfjöldi, mannafli og tekjur. Framkvæmdastofnun ríkisins. Ágúst 1984.)

Af ofangreindu má sjá að hlutur opinberra starfa hefur vaxið mest eða úr 17,2% í 25%, þ. e. fjölgun um rúmlega 13 þús. störf. Hlutur iðnaðar hefur staðið nokkurn veginn í stað á þessu tímabili. Fækkun hefur orðið í landbúnaði og þótt nokkur fjölgun hafi orðið í sjávarútvegi, eða um 3230 störf, hefur hlutur hans af mannaflanum minnkað á tímabilinu.

En hver hefur mannaflaþróunin orðið í öðrum löndum?

Í eftirfarandi töflum má sjá hver þróunin hefur orðið í Japan, Sviþjóð, Bretlandi, Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi borið saman við Ísland á árunum 1955—1975. Heimildarmaður er Ingjaldur Hannibalsson, forstöðumaður Iðntæknistofnunar.

DREIFING VINNUAFLS Á GREINAR (1955-1975)

	UPPLÝSINGAR		ÞJÓNUSTA		IÐNAÐUR (I.M.T. BYGGINGARIÐN. OG FISKIÐN.)		LANDBÚNAÐUR OG FISKVEIÐAR	
JAPAN	17.9	29.6	18.4	22.7	31.3	33.8	32.4	13.9
SVÍÞJÓÐ	26.0	34.9	26.8	29.8	36.5	30.6	10.7	4.7
BRETLAND	26.7	35.6	27.5	27.0	40.4	34.2	5.4	3.2
BANDARÍKIN	30.5	41.1	19.1	24.1	38.4	31.5	12.0	3.3
V-ÞÝSKALAND	18.3	33.3	20.9	25.9	38.3	35.1	22.5	5.8
FRAKKLAND	20.3	32.1	24.1	28.1	36.9	29.9	24.7	9.9
ÍSLAND (1975)	47.5				37.7		14.8	
(1981)	50.9				36.8		12.3	
(1982)	52.7				34.2		13.1	

Athyglisvert er hvað hlutur upplýsingastarfsemi og þjónustu hefur aukist í öllum þessum löndum.

Upplýsinga- og þjónustustarfsemi sem hlutfall af mannafla árið 1975 var eftirfarandi:

Svíþjóð	64,7%
Bretland	62,6%
V-Þýskaland	59,2%
Frakkland	60,2%
Japan	52,3%
Bandaríkin	65,2%
Ísland	47,5%

Á sama tíma og mannaflinn dreifist í auknum mæli á upplýsinga- og þjónustustarfsemi verður verulegur samdráttur í framleiðslugreinum, þó að framleiðsluverðmætin hafi aukist vegna framleiðniaukningar.

Hlutur landbúnaðar og fiskveiða dregst verulega saman í þessum löndum eins og sést á því að í Bretlandi er hann aðeins 3,2% af mannaflanum, í Svíþjóð 4,7% og í Bandaríkjunum 3,3%. Hlutur iðnaðar hefur í þessum löndum alls staðar minnkað nema í Japan.

Eins og sjá má af töflunni er hlutur mannaflans á Íslandi í upplýsingamiðlun og þjónustustarfsemi verulega minni en í þessum löndum á sama tíma og hlutur mannaflans í framleiðslugreinum á Íslandi er mun meiri en í þessum löndum.

Þessar tölur sýna glöggt hvert stefnir og hlýtur það að vera umhugsunarefni að þótt störf hér á landi í framleiðslugreinum séu fleiri en hjá þessum þjóðum eru framleiðni, hagvöxtur og lífskjör mun verri hér á landi en í þessum löndum og Ísland láglaunasvæði miðað við flest þessara landa.

Á því er varla vafi að Íslendingar eru orðnir verulega á eftir öðrum þjóðum í því að tileinka sér nýja tækni. Ljóst er því að hæfni okkar til samkeppni við aðrar þjóðir er undir því komin að stjórnvöld geri sér grein fyrir hvert stefnir og bregðist við með réttum hætti.

Í þeirri töflu, sem hér fer á eftir og er byggð m. a. á upplýsingum úr riti Framkvæmdastofnunar um mannfjölda, mannafla og tekjur, kemur glögglega í ljós hvert stefnir í skiptingu mannaflans á milli þjónustugreina, framleiðslugreina og úrvinnslugreina — og til samanburðar er staðan í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi á árinu 1975:



Þessi tafla sýnir ljóslega hve gífurlegum breytingum atvinnulífið hefur tekið og þau áhrif sem tæknivæðingin hefur haft á mannafla í atvinnugreinum. Ef litið er á þróunina í þeim löndum sem hér hafa verið tilgreind og eru mun lengra komin en Ísland í allri tæknivæðingu er ljóst að bætt lífskjör í þessum löndum hafa ekki byggst á auknum tækifærum í framleiðslugreinum. Það sést gleggst af því að í Bandaríkjunum eru lífskjör einna best en þar er lægst hlutfall vinnuaflans í þessum löndum við framleiðslustörf.

Í grein eftir Ingjald Hannibalsson, forstöðumann Iðntæknistofnunar, sem birtist í ritinu Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins, 1. tbl. 1984, og fjallaði um framtíð tæknivædds iðnaðar á höfuðborgarsvæðinu, kemur margt athyglisvert fram að því er varðar stöðu og framtíð íslensks iðnaðar. Þar segir orðrétt:

„Sé litið á uppbyggingu íslensks iðnaðar, kemur í ljós, að helstu greinar hans eru þær, sem erlendis eru yfirleitt taldar til láglaunaiðnaðar. Gildir þetta um ýmsar greinar matvælaframleiðslu, fataiðnaðar, húsgagnaiðnað og ýmsar greinar málmiðnaðar. Sumar þessara greina hafa á undanförnum árum átt í miklum erfiðleikum í nágrannalöndunum vegna samkeppni frá láglaunalöndum og hefur starfsmönnum í greinum eins og fataiðnaði, húsgagnaiðnaði og skipasmíðaiðnaði fækkað mjög í flestum nágrannalöndunum. Ekki er ólíklegt, að svipuð fækkun eigi eftir að verða í þessum greinum hér á landi."

Í þessari grein kemur einnig fram að ef litið er til annarra þjóða kemur í ljós að stefna svo til allra iðnaðarþjóða sé að auka til mikilla muna iðnað sem byggður er á tækni og þekkingu. Telja þessar þjóðir að sú tegund iðnaðar verði til þess að bæta lífskjör næstu áratuga með sama hætti og hefðbundinn framleiðsluiðnaður hefur gert á undanförnum áratugum.

Ljóst er af þessu að framleiðniaukningin í iðnaðarframleiðslunni erlendis vegna hagræðingaraðgerða, sjálfvirkni og nýrrar tækni í iðnaði geta fyrirvaralaust, ef ekkert er aðhafst, gert einhverjar greinar iðnaðar hér á landi ósamkeppnishæfar.

Margt bendir til þess að það sé ekki síst starfsöryggi kvenna sem er í hættu vegna tækniþróunar og mörg hin hefðbundnu kvennastörf vegna þess að störf kvenna og menntunarval eru einhæfari og því viðkvæmari fyrir tölvuþróuninni. Enn fremur má nefna ýmiss konar tækninám og tækniþjálfun sem er hagnýtt í störfum sem við koma tölvuvæðingu en höfðar lítt til kvenna og fæstar sækja í slíkt nám eða störf. Á Íslandi hefur þróunin orðið sú að á árinu 1983 voru af 174 nemendum, sem skráðir voru í tölvunarfræði í Háskóla Íslands, 140 karlar og 34 konur eða 82% karlar en 18% konur. Aftur á móti virðist svo vera að konur standi jafnfætis körlum að því er varðar aðsókn að tölvunámskeiðum.

Úttekt, sem gerð var á vegum Stjórnunarfélags Íslands sem m. a. hefur á sínu starfssviði tölvunámskeið, sýnir að konur voru tæplega helmingur þeirra sem sóttu tölvunámskeiðin. Athyglisvert var að konur voru yfir 90% allra þátttakenda í ritvinnslunámskeiðum en karlar aftur á móti í miklum meiri hluta þeirra þátttakenda sem sækja námskeið sem fjalla um stjórnun, áætlunargerð og undirbúning tölvuvæðingar.

Á ráðstefnu, sem haldin var sl. vetur hér á landi um atvinnumál með tilliti til jafnréttis kynjanna vegna tæknibreytinga, komu fram athyglisverðar upplýsingar sem vert er að benda á:

1. Ráðstefna Alþjóðasambands verslunarmanna um tölvuvæðingu benti m. a. á að 8% vöxtur sjálfvirkni á 10 ára tímabili mundi gera 20—25% skrifstofustarfa óþörf; um 5 millj. af 17—18 millj. skrifstofufólks í Vestur-Evrópu mun þá missa vinnu sína.
2. Í skýrslu „Siemens office“ er áætlað að af 5,7 millj. skrifstofustarfa í Vestur-Þýskalandi sé hægt að staðla 43% og gera 25—30% sjálfvirk.
3. Frönsk skýrsla (NORA) spáir 30% samdrætti í atvinnu hjá bönkum og tryggingafélögum á 10 árum. Áætlað er að 82% af 349 þús. vélriturum í Frakklandi muni missa atvinnu vegna tilkomu ritvinnslutækja.
4. Í Bretlandi spá sérfræðingar verkalýðssamtakanna um 20% atvinnuleysi á þessu sviði upp úr 1990.
5. Í Danmörku er reiknað með að á næstu árum hverfi um það bil 75 þús. skrifstofustörf.

Þessar upplýsingar sýna að áhrifa tölvuvæðingar mun ekki hvað síst gæta í störfum þeim þar sem konur eru fjölmennar, svo sem í almennum skrifstofu- og þjónustustörfum.

Í riti, sem gefið var út á vegum OECD 1981, kemur ýmislegt fróðlegt fram um áhrif tölvuvæðingar á störf kvenna í grein eftir J. S. Smith í viðskiptadeild háskólans í Canberra í Ástralíu. Þar er rakin skipting kvenna í einstakar atvinnugreinar í Ástralíu og kemur m. a. fram að 82% kvenna, sem gegna launuðum störfum, skiptast á 18 af 61 starfsgrein í landinu. Þessar 18 greinar kallast „kvennastarfsgreinar“. Í raun skiptast yfir 50% kvenna á vinnumarkaðinum einungis á 5 starfsgreinar, þ. e. almenn skrifstofustörf, afgreiðslustörf, hraðritun, vélritun, heimilishjálp, eldamennsku, þjónustu- og kennslustörf. Einungis 12% kvenna eru í hefðbundnum „karlastörfum“. J. S. Smith getur þess að eitt af verkefnum rannsóknarnefndar, sem sett var á laggirnar í Ástralíu, hafi verið að greina þau störf sem voru í hættu vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ný tækni hefði meiri áhrif í þjónustugreinum en iðnframleiðslu. Nánar tiltekið var þeim, sem gegna störfum sem eru tengd upplýsingamiðlun af einhverju tagi, sérstök hætta búin, t. d. skrifstofufólki, vélriturum, riturum og þeim sem gegna vissum tegundum af stjórnunarstörfum. **Niðurstaða Smiths er sú að á grundvelli fyrirliggjandi gagna muni ný tækni hafa áhrif innan starfsgreina þar sem 50% kvenna á vinnumarkaðinum vinna en 25% karla.**

Með tilliti til þess munu áhrif nýrrar tækni koma sérstaklega niður á konum.

Auk þess má benda á að atvinnuleysi ungs fólks fer vaxandi, t. d. í Vestur-Evrópu, og sérstaklega hjá stúlkum. Ástæðan fyrir því er talin sú að ráðningum í hefðbundin kvennastörf fer stöðugt fækkandi vegna aukinnar tölvuvæðingar.

Þó að hér hafi einkum verið dregin upp mynd af þeim hættum sem fylgir hefðbundnum kvennastörfum í landinu er ljóst að á öllum sviðum atvinnulífsins mun tæknivæðingin hafa meiri og minni áhrif. Má þar t. d. nefna byggingariðnað en margt bendir til að störfum muni verulega fækka í þeirri grein á komandi árum. Hlutfall byggingariðnaðar af heildarmannafla er nú 11% á Íslandi en hlutfall byggingariðnaðar í flestum öðrum þróuðum ríkjum er undir 5%.

Í eftirfarandi töflu er spáð um þróun vinnuafls í enskum málmiðnaði miðað við óbreytta framleiðslu.



Heimild: Jernets framtid (nóv. 1983).

Eins og hér sést er gert ráð fyrir að á tímabilinu 1980—1995 muni störfum fækka um u. þ. b. 50% í breskum málmiðnaði. Tæknimönnum mun samkvæmt þessu fjölga úr 6% í 40% eða fjölga hlutfallslega úr 6 í 20. Hins vegar mun skrifstofufólki fækka hlutfallslega úr 11% í 7,5%, iðnaðarmönnum úr 32% í 7,5% og ófaglærðum úr 41% í 5%.

Margt bendir til þess að svipuð þróun muni eiga sér stað víðar og hlutfallslega muni störfum ófaglærðra fækka en fjöldi tæknimanna, stjórnenda og sérhæfðra starfsmanna fara vaxandi. Einnig er líklegt að þróun sjálfvirkni í fiskvinnslu samfara framförum í flutningatækni geti haft í för með sér mikla fækkun starfa í fiskvinnslu. Ef starfsfólki í fiskvinnslugreinum verða ekki sköpuð tækifæri til endurmenntunar og aðlögunar að nýrri tækni getur starfsfólk í fiskvinnslu innan fárra ára staðið frammi fyrir miklu atvinnuleysi.

Á miklu veltur þess vegna hér á landi að brugðist verði við tæknivæðingunni með réttum hætti. Lykillinn að því að aðlagast tækniþróuninni er fyrst og fremst skipulögð endurmenntun starfsfólks. Hvernig til tekst í þeim efnum mun hafa úrslitaáhrif á hvort og hvenær einstakar atvinnugreinar taka tæknina í þjónustu sína.

Slík fjárfesting, sem stuðlar að aukinni endurmenntun starfsfólks, er því ekki síður mikilvæg en fjárfesting í ýmsum tækjabúnaði og gerir okkur ein samkeppnisfær við aðrar þjóðir og leiðir til aukinnar framleiðni, hagvaxtar og betri lífskjara.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með endurmenntun vegna tækniþróunar í atvinnulífinu er átt við þann þekkingarauka sem nauðsynlegt er að starfsmenn í fyrirtækjum fái til þess að fyrirtækið geti nýtt sér þá möguleika sem fólgnir eru í nýrri tækni. Þekkingarauka þennan er hægt að byggja upp á marga vegu, svo sem með því að senda starfsmenn á námskeið innanlands eða erlendis, fá ráðgjafa eða starfsþjálfa til að kenna starfsmönnum á vinnustað eða með því að gefa starfsmönnum kost á skipulögðu starfsnámi.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um skipan sjö manna endurmenntunarráðs en verkefni þess er skilgreint í 3. gr.

Með skipan ráðsins er leitast við að tryggja aðild stærstu heildarsamtaka á vinnumarkaðinum, auk þess sem tryggð er aðild menntakerfisins að ákvörðunum um alla framkvæmd endurmenntunar sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu.

Þar sem endurmenntunarmálum hefur verið skipað með lögum á Norðurlöndum er algengt að þau mál heyri undir atvinnumálaráðuneyti. Sjálfstætt atvinnumálaráðuneyti er ekki fyrir hendi hér og því er lagt til að yfirstjórn þessara mála sé í höndum félagsmálaráðherra sem fer með vinnumarkaðsmál, sbr. reglugerð nr. 96/1969, um Stjórnarráð Íslands, en fram kemur í 4. gr. hennar að félagsmálaráðuneytið fari með mál sem varða vinnu, þar á meðal stéttarfélög launþega og atvinnurekenda, svo og skráningu atvinnulausra, vinnumiðlun, atvinnujöfnun og hagræðingu á vinnumarkaði.

Um 3. gr.

Í þessari grein kemur fram skilgreining á hlutverki endurmenntunarráðs en a-, b- og c-liðir byggjast á því meginmarkmiði sem fram kemur í 1. grein frumvarpsins, þ. e. að komið verði á samræmingu og skipulagi á endurmenntun sem tengist tæknivæðingu í atvinnulífinu

og að forgangsverkefni á því sviði taki markvisst mið af því að tryggja atvinnuöryggi starfsmanna sem í hættu er vegna tæknivæðingar í einstökum greinum atvinnulífsins.

Nauðsynlegt er einnig að það verkefni falli í hlut endurmenntunarráðs að gera árlega kostnaðaráætlun (sbr. d-lið) enda ráðið sá aðili sem gleggsta yfirsýn hefur yfir þörfina hverju sinni.

Ljóst er að eitt vandmeðfarnasta verkefni nefndarinnar er úthlutun styrkja úr endurmenntunarsjóði enda ræðst af henni röðun forgangsverkefna á sviði endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu. Nauðsynlegt er því að tryggja úrskurðarvald ráðherra í þessum lögum komi til ágreinings í endurmenntunarráði.

Um 4. gr.

Samkvæmt ákvæðum 4. greinar er hlutverk endurmenntunarsjóðs þríþætt.

Í fyrsta lagi að veita styrki til starfsmanna sem sækja endurmenntunarnámskeið eða starfsþjálfunarnámskeið sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði. Eðlilegt þykir, og auðvelt í allri framkvæmd, að miða upphæð styrkveitingar við atvinnuleysisbætur eins og þær eru á hverjum tíma. Benda má einnig á að t. a. m. í Danmörk eru atvinnuleysisbætur notaðar til viðmiðunar þegar greiddir eru styrkir vegna endurmenntunar starfsmanna.

Ljóst er þó að sú upphæð er ekki nægjanlegur hvati til að starfsfólk sæki sér endurmenntun því að í allflestum tilfellum verður um nokkurn eða töluverðan tekjumissi að ræða. Hagur launþega og atvinnurekenda er augljós ef átak verður gert á sviði endurmenntunar starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu; því er eðlilegt að kanna grundvöll þess (sbr. ákvæði til bráðabirgða) að atvinnurekendur greiði starfsmönnum mismun á launum þeirra og atvinnuleysisbótum á meðan á starfsþjálfun stendur, svo og að aðilar vinnumarkaðarins greiði hluta af námskeiðsgjöldum. Styrkir úr endurmenntunarsjóði eru forsenda þess að endurmenntunarráð geti stuðlað að því að framboð og eftirspurn eftir endurmenntun séu nægjanleg og því mikilvægt að víðtæk samstaða náist um alla framkvæmd málsins og að samningar takist við aðila vinnumarkaðarins um hlutdeild í kostnaði við endurmenntun starfsfólks.

Í þessari grein er kveðið á um að nánari ákvæði um skilyrði fyrir styrkveitingu og um hlutdeild aðila vinnumarkaðarins í fjármögnun skuli sett í reglugerð, að uppfylltu ákvæði til bráðabirgða, en eðlilegt verður að telja að endurmenntunarráð hafi möguleika til að setja það skilyrði fyrir styrkjum og framlögum til endurmenntunar að mótframlag komi frá atvinnurekanda eða sjóðum atvinnurekenda og launþega.

Í öðru lagi er lagt til að endurmenntunarsjóði verði heimilt að greiða að fullu námskeiðsgjöld fyrir þá sem eru að koma á vinnumarkaðinn og eru ekki í stéttarfélögum. Ekki síst er þetta ákvæði sett fram til að stuðla að endurmenntun þeirra sem koma á vinnumarkaðinn að nýju, eftir stutta eða langa fjarveru.

Í þriðja lagi eru síðan ákvæði um að styrki megi veita til námsgagnagerðar, námskeiðahalds og starfsþjálfunar á sviðum sem viðurkennd eru af endurmenntunarráði.

Nauðsynlegt er einnig að frekari ákvæði verði sett í reglugerð að því er varðar viðmiðunarákvæði um forgangsröðun verkefna.

Má þar nefna:

a. Gildi verkefnisins fyrir starfsmenn.
b. Gildi verkefnisins fyrir atvinnulífið og einstök fyrirtæki.
c. Hvort verkefnið hefur gildi fyrir fleiri en eina atvinnugrein.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um framlag ríkissjóðs til endurmenntunar vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu og gert ráð fyrir að á fjárlögum ár hvert verði sjóðnum lagt til fé sem svarar a. m. k. 50% af framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Miðað við fjárlög yfirstandandi árs (1984) yrði hér um að ræða 58,5 millj. kr. en það er jafnhá upphæð og nemur framlagi atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs 1984.

Um 6.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að félagsmálaráðherra hefji þegar í stað viðræður við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað verði eftir samvinnu um þátttöku í kostnaði við endurmenntun starfsfólks vegna tæknivæðingar í atvinnulífinu.

Með lögum þessum er hlutur aðila vinnumarkaðarins tryggður varðandi allar ákvarðanir um skipulag endurmenntunar. Ljóst er að hlutdeild þessara aðila í kostnaði þeim, sem af endurmenntun leiðir, mun tvímælalaust flýta fyrir endurmenntun starfsfólks í flestum atvinnugreinum og því að markmiðum laganna verði náð. Vart þarf að tíunda að það er jafnt til hagsbóta fyrir atvinnurekendur sem launþega.

Skilyrði fyrir styrkveitingu, sem sett verða í reglugerð samkv. 4. gr. frv., hljóta síðan að taka mið af þeirri niðurstöðu sem fæst úr viðræðum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Nd. 56. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. júní 1985, um þingsköp Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Gunnar G. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. okt. 1985.

Ólafur Þ. Þórðarson, varaform., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Pálmi Jónsson.	Guðmundur Einarsson.

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um skipan nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Flm.: Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Jón Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“, þ. e. atvinnustarfsemi þar sem m. a. er komist hjá að greiða lögboðin opinber gjöld, og benda á leiðir til úrbóta.

Forsætisráðherra skipi formann nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum sínum fyrir árslok 1986.

Greinargerð.

„Svarta atvinnustarfsemi“ á Íslandi má skilgreina á tvo vegu:

1. Skattsvik þar sem fjármunum er velt án þess að gerð séu skil á opinberum gjöldum eða staðið við aðrar þær reglukvaðir sem almennur atvinnurekstur verður að hlíta.
2. Starfsemi án tilskilinna leyfa og réttinda.

Hér skal ekki fullyrt hversu stórt og víðtækt þetta vandamál er, upplýsingar um það liggja ekki fyrir. Það er hins vegar mat þeirra er um hafa fjallað að umfang þess sé mikið. Hér er um að ræða óþolandi mismunun milli einstaklinga og fyrirtækja. „Svört atvinnustarfsemi“ raskar grundvelli eðlilegrar samkeppni milli þeirra sem slíka atvinnu stunda og þeirra sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og gera skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þeirra fyrirtækja krefjast þess að samkeppnisstaðan verði í þessu efni jöfnuð.

Iðnþing Íslendinga hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um starfsemi af þessu tagi og leitað leiða til að sporna við þessari spillingu. Það er ástæða til að fagna því sérstaklega að Landssamband iðnaðarmanna hefur lýst sig reiðubúið til samstarfs ef það mætti verða til að finna orsök þessa vanda. Á 40. iðnþingi 1983 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Koma þarf á samstarfi ríkisvaldsins og samtaka fyrirtækja, sem rísa undir því nafni, til þess að uppræta svarta atvinnustarfsemi, enda eiga þessir aðilar sameiginlegra hagsmuna að gæta í þessum málum. Landssamband iðnaðarmanna vill leggja sitt af mörkum til að koma slíku samstarfi á og óskar eindregið eftir því að ríkisvaldið hafi forgöngu um þá samvinnu.“

Í stefnuskrá, sem samþykkt var á 39. iðnþingi, segir m. a.:

„Ríkisvaldið, sveitarfélög o. fl. aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eiginþjónustu“ er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af almennum fyrirtækjum sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, m. a. opinberar stofnanir, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi.

Iðnlöggjöfin er m. a. sett til að tryggja atvinnuréttindi iðnaðarmanna í löggiltum iðngreinum. Atvinnuréttindi fjölmargra annarra stétta eru nú á tímum lögvernduð og þeim lagaákvæðum virðist fylgt eftir af ríkisvaldinu. Þess er krafist að iðnréttindi njóti sama réttar í þessu efni, en verði ekki hornreka í kerfinu.

Iðnaðarlögin eru ekki síður sett í þeim tilgangi að gæta hagsmuna neytenda og tryggja þeim góða og faglega þjónustu og/eða framleiðsluvörur af hendi þeirra sem reka löggiltar

iðngreinar. Þess er krafist að ríkisvaldið takmarki starfsemi ófaglærðra á hefðbundnu starfssviði löggiltra iðngreina, enda telst slíkt liður í almennri neytendavernd. Þeir aðilar, sem lögum samkvæmt ber að fylgjast með framkvæmd iðnlöggjafarinnar, þurfa að taka á sig rögg og fara með iðnlagabrot í samræmi við það sem lög bjóða.“

Á það er skylt að benda að svört atvinnustarfsemi er ekki aðeins bundin iðnaði, hún þrífst í ýmsum atvinnugreinum. Það eru ekki aðeins atvinnurekendur sem slíka iðju stunda. Það er algengt að launþegar, sem margir stunda aðalstarf sitt hjá fyrirtækjum sem bera þær atvinnurekstrarlegu kvaðir sem ríkisvaldið leggur þeim á herðar, hverfi að reglubundnum vinnutíma loknum til starfa við „svarta atvinnustarfsemi“ í beinni samkeppni við aðalvinnuveitanda sinn.

Á það er einnig rétt að benda að ýmis starfsemi á sér stað hér á landi með innflutning, sölu og dreifingu ásamt framleiðslu á ýmiss konar varningi án þess að viðkomandi hafi aflað sér nauðsynlegra leyfa. Sú starfsemi er einnig svört.

Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er að vekja athygli á þessu margslungna vandamáli og umræður um það og leita leiða til að brjótast úr þeim vítahring spillingar sem viðgengist hefur á þessu sviði.

Sþ. 58. Fyrirspurn [57. mál]

til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður störfum nefndar um úrbætur í fangelsismálum sem sett var á laggirnar í kjölfar þingsályktunar frá Alþingi 20. apríl 1982?

Sþ. 59. Fyrirspurn [58. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um málefni bótaþega almannatrygginga.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hvaða hækkun hefur orðið á eftirtöldum bótaflokkum almannatrygginga frá 1. júní 1982 til 1. október 1985:

1. ellilífeyri,
2. tekjutryggingu,
3. heimilisuppbót,
4. barnalífeyri,
5. mæðralaunum,
6. ekkjubótum,
7. fæðingarorlofi,
8. vasapeningum?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 60. Lög [52. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. júní 1985, um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 21. okt.)

Samhljóða þskj. 52.

Nd. 61. Frumvarp til laga [59. mál]

um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðmundur Einarsson, Kristín Halldórsdóttir, Kjartan Jóhannsson.

1. gr.

Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu óskertar heimildir þeirra sem þegar hafa virkjað fallvötn til orkuframleiðslu samkvæmt gildandi lögum. Þá haldast heimildir rétthafa til virkjunar fallvatna sem hér segir:

a. til raforkuframleiðslu allt að 200 kW,
b. þeirra aðilja sem þegar hafa hafið virkjunarframkvæmdir,
c. þeirra aðilja sem virkjað hafa fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laga þessara; tefjist framkvæmdir við slíka virkjun af óviðráðanlegum ástæðum lengist frestur þessi sem þeirri töf nemur.

3. gr.

Til þess að reisa og reka vatnsaflsvirkjun, sem er stærri en 200 kW, þarf leyfi ráðherra.

Nú veitir ráðherra leyfi skv. 1. mgr. þessarar greinar og skal þá líta svo á að það nái einnig til vatnsmiðlana sem nauðsynlegar eru vegna virkjunar.

4. gr.

Áður en leyfi skv. 3. gr. er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs, sbr. lög nr. 47/1971.

5. gr.

Leyfi skv. 3. gr. má binda þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til þess að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

6. gr.

Nú er veitt leyfi til að reisa og reka vatnsaflsvirkjun og getur ráðherra þá heimilað leyfishafa að taka eignarnámi nauðsynleg landsvæði undir virkjunarmannvirki, þar með talið land undir vatnsmiðlanir, spennistöðvar og orkutaugar, enn fremur mannvirki er standa kunna í vegi fyrir virkjunarframkvæmdum, rétt til orkuframleiðslu allt að 200 kW, sbr. a-lið 2. gr., og annað sem nauðsynlegt er til framkvæmdar virkjunar og starfrækslu hennar.

Um eignarnámið skal fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

7. gr.

Í 1. tl. 49. gr. vatnalaga, nr. 15/1923, á eftir orðunum „til að vinna úr því orku“ komi: allt að 200 kW.

8. gr.

Um nýtingu orku og vatns fallvatna skulu að öðru leyti gilda ákvæði vatnalaga, nr. 15 1923, eftir því sem við á.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema hærri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum. Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er afrakstur af starfi nefndar sem skipuð var af iðnaðarráðuneytinu í apríl 1979 til að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Stefnumörkun um þetta efni var tekin inn í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar 1. september 1978 sem studd var af Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Áttu fulltrúar frá þessum flokkum sæti í nefndinni ásamt sérfræðingum. Nefndin skilaði áliti með bréfi dagsettu 22. september 1981 og fylgir það hér á eftir sem sérstakt fylgiskjal. Þar segir m. a.:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar".

Og nokkru síðar segir í sama bréfi:

„Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu."

Nefndarálit minni hlutans, Páls Pétursonar alþingismanns, og lögfræðilegt álit er því fylgdi, er birt sem fylgiskjal með þessu frumvarpi, en álit meiri hlutans fylgir hér á eftir í heild sem greinargerð með frumvarpi þessu sem nefndin samdi, svo og athugasemdir við einstakar greinar.

Gengið hefur verið úr skugga um að núverandi ríkisstjórn hyggst ekki taka þetta upp með þeim hætti sem gert er í þessu frumvarpi.

Flutningsmenn taka hins vegar undir þá stefnu að sem mest af náttúruauðlindum landsins beri að lýsa sameign þjóðarinnar, þar á meðal réttinn til virkjunar fallvatna, þó með þeim takmörkunum sem fram koma í 2. gr. frumvarpsins. Því er mál þetta nú flutt á Alþingi til að láta reyna á hvort ekki sé vilji til að lögfesta ákvæði frumvarpsins, e. t. v. með einhverjum breytingum á einstökum ákvæðum þess í meðferð þingsins.

Hér fara á eftir athugasemdir þær sem meiri hluti nefndarinnar lét fylgja með frumvarpsdrögunum í áliti sínu:

„Með bréfi dags. 9. apríl 1979 skipaði iðnaðarráðherra nefnd til þess að semja tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður. Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli

Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi hjá Orkustofnun. Þegar Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 fól hann Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn. Í byrjun júní 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi og lauk hún störfum 21. september 1981. Skoðaði hún fjölda gagna er varða virkjunarréttindi fallvatna og leitaði álits hjá sérfræðingum. Nefndin var ekki sammála um afgreiðslu málsins og skilaði Páll Pétursson alþingismaður séráliti.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt að orku fallvatna landsins og nýtingu hennar. Er kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að réttur landeiganda haldist til virkjunar allt að 200 kW. Þeir sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni halda þeim rétti að sjálfsögðu, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk. Loks er þeim, sem virkjunarheimildir hafa, veittur 10 ára aðlögunarfrestur til þess að nýta sér þær heimildir.

Í frumvarpinu er enn fremur kveðið á um að ráðherra geti veitt leyfi til þess að virkja fallvötn með þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum. Áður en virkjunarleyfi er veitt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs.

Í vatnalögum, nr. 15/1923, er kveðið á um vissar nýtingarheimildir landeigenda á virkjunarréttindum, svo og annarra sem heimildir á þeim hafa tekið. Þar segir í 2. gr.: „Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt, sem lög þessi heimila.“ Og í 1. tl. 49. gr. segir: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi.“

Forsaga vatnalaganna er í stórum dráttum sú að í byrjun aldarinnar voru sett lög nr. 55 1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi og eignarnám á þeim o. fl. Árið 1917 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um skipan nefndar til að fjalla um setningu heildarlöggjafar um nýtingu vatns hér á landi. Nefndist sú nefnd fossanefnd og skipuðu hana Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson. Varð ágreiningur í nefndinni um hversu víðtækur réttur til nýtingar á vatnsréttindum ætti að fylgja landareign. Meiri hluti (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að vatnsréttindi ættu að meginstefnu til að vera í eigu ríkisins, þar með talin virkjunarréttindi að mestu leyti, en vissar hagnýtingarheimildir ættu að fylgja landareign. Minni hlutinn taldi hins vegar að réttur til hagnýtingar á vatni ætti alfarið að fylgja landareignum.

Frumvarp, sem byggði á meirihlutaáliti fossanefndar, náði ekki fram að ganga. Niðurstaðan varð sú að sjónarmið bæði meiri og minni hlutans voru sameinuð í einu frumvarpi með þeim árangri sem að ofan greinir, þ. e. að vissar nýtingarheimildir eru taldar upp í vatnalögum varðandi virkjunarréttindi. Þær voru þó háðar verulegum takmörkunum, m. a. að leyfi ráðherra þurfti til að virkja flestöll vantsföll, þ. e. sem voru meiri en 500 eðlishestöfl (368 eðliskílówött eða 3,22 GWh/ári af náttúrulegri orku). Þessar heimildir voru síðan verulega takmarkaðar með raforkulögum, nr. 12/1946, þar sem kveðið var á um að ríkinu einu væri heimilt að reisa og reka raforkuver sem eru stærri en 100 hestöfl (74 kW). Ákvæði þessi voru rýmkuð með núverandi orkulögum, nr. 58/1967, þar sem einkarétti

ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver var aflétt, en leyfi ráðherra þarf til slíkra framkvæmda ef virkjun er stærri en 200 kW. Samkvæmt þessu er gerður greinarmunur á stærð fallvatna annars vegar (skv. vatnalögum) og stærð raforkuvers hins vegar (skv. orkulögum). Þar sem 49. gr. vatnalaga hefur ekki verið numin úr gildi þarf enn leyfi ráðherra til þess að virkja öll fallvötn sem hafa meira afl en 500 eðlishestöfl.

Margþættar ástæður leiddu til þess að Alþingi samþykkti árið 1923 að virkjunarréttur skyldi fylgja landareign. Ein ástæðan var eflaust sú að Norðmenn settu sambærilega löggjöf 14. desember 1917. Síðan hafa Noregur og Ísland haft nokkra sérstöðu í heiminum hvað þetta efni varðar. Einar Arnórsson prófessor skilaði langri og ítarlegri greinargerð um vatnsréttindi á Íslandi þar sem hann rakti helstu lagaákvæði er snertu þau mál frá upphafi byggðar. Niðurstaða hans var að landareign fylgdu ekki virkjunarréttindi utan tiltekinna þröngra nýtingarheimilda. Byggði meiri hluti fossanefndar á þeirri niðurstöðu. Ýmsir aðrir töldu hins vegar tillögu meiri hlutans vega að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar. Varla hefur það þó haft mikil áhrif á niðurstöðu Alþingis þar sem greinargerð Einars Arnórssonar prófessors virðist taka af allan vafa um að svo var ekki. Ein mikilvægasta ástæðan fyrir niðurstöðu þingsins var e. t. v. sú að Alþingi taldi að með því að láta virkjunarréttindi fylgja landareign mundi það hvetja einstaklinga til þess að virkja fallvötn landsins þjóðinni í hag en láta ekki þá skyldu hvíla á ríkinu. Frá þessum tímum hafa orðið miklar breytingar og forsendur nú allt aðrar en þá. Þróunin hefur orðið sú að virkjun fallvatna hefur fallið í hlut opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Miðar frumvarp þetta að því að auðvelda opinberum aðilum að þjóna almannahag á mikilvægu sviði orkumála með því að virkja fallvötn til raforkuframleiðslu án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga.

Samkvæmt framansögðu hafa nýtingarheimildir á virkjunarréttindum fallvatna fylgt landareignum, sem þau liggja á, frá árinu 1923 er vatnalögin voru sett. Með frumvarpi þessu takmarkast þó virkjunarréttindi við 200 kW sem samsvarar þeirri orku sem nægir til heimilis- og búsþarfa. Ráðherra er heimilt að ráðstafa því, sem umfram er, bótalaust, þó þannig að allt annað tjón sem leiðir af virkjunarframkvæmdum verði bætt.

Sú spurning hlýtur að vakna hér hvort slík tilhögun brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarnám. Í lögum hér og í öðrum löndum með sambærilegt stjórnarkerfi hefur alltaf verið talið að vissar takmarkanir á eignarréttindum einstaklinga væru heimilar án þess að um eignarnám sé að ræða. Vitna má í þessu sambandi til Ólafs Lárussonar prófessors (*Eignaréttur,* bls. 34—35) sem hefur haft mikil áhrif á íslenska löggjöf: „Af því ... er ljóst, að þeim [ákvæðum 67. gr. stjskr.] var ætlað að veita eignarréttinum víðtæka vernd ... En hér hlýtur einnig annað sjónarmið að koma til álita, það að tryggja almannahagsmuni gegn hagsmunum einstaklinganna. Einstrengingsleg vernd einkahagsmuna getur orðið þjóðfélaginu fjötur um fót og heft eðlilega þróun þess með ýmsum hætti. Þarf þar á meðalvegi að halda, er samræmi svo sem föng eru á þessi tvö sjónarmið, tryggi rétt einstaklinganna án þess að hefta athafnafrelsi þjóðfélagsins um skör fram. Heimildin til eignarnáms er þar ekki nægileg. Bótaskyldan, er því fylgir, myndi oftlega tálma ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að talið er, að löggjafarvaldið hafi rétt til að setja almennar reglur um eignarréttindi manna, er geti haft að geyma ýmiss konar takmarkanir á þeim, framar því sem ákvæði stjskr. 67. gr. heimila, og verði eigendurnir að þola þær takmarkanir bótalaust. En mörkin milli þessara almennu takmarkana annars vegar og þeirra takmarkana, sem varða bótum, hins vegar, eru engan veginn skýr.“

Þar sem skýrar reglur hafa ekki mótast um mörkin milli eignarnáms og annarra eignartakmarkana þegar ýmsum hefðbundnum skerðingum sleppir, svo sem neyðarrétti, skattlagningu, friðunarlöggjöf o. fl., hefur verið reynt að orða ýmsar leiðbeiningarreglur um þessi mörk. Um þetta segir Ólafur Lárusson (*Eignaréttur,* bls. 35): „... að takmörkunin sé

almenn, taki til allra eigna af tilteknu tagi, telja flestir að ráði því, hvort hún er heimil án bóta, og jafnframt hitt, að ástæðurnar til þess að hún er gerð séu almenns eðlis".

Telja verður að sú eignartakmörkun, sem felst í frumvarpi þessu, sé almenn þar sem hún nær til allra virkjunarheimilda sömu tegundar, bæði þar sem nú er talið hagkvæmt að virkja og annars staðar, og að ástæðurnar til takmörkunarinnar séu almenns eðlis, þ. e. að auðvelda orkuöflun í almannaþágu. Hins vegar verður að hafa í huga að framangreind vísiregla ein sker ekki úr um það hvort eignartakmörkun sé heimil án bóta. Líta verður á fleiri atriði og vega þau síðan og meta í heild, t. d. verður að skoða hvort eðlileg nýting eignar er skert, hversu umfangsmikil eða þungbær skerðingin er, hvort aðilaskipti að eignarheimildum eiga sér stað o. s. frv. Almennt séð verður að styðjast við vissan jafnréttis- og réttlætismælikvarða. Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum. Mörk eignarnáms og almennra takmarkana á eignarrétti og beitingu hans eru því breytileg eftir þjóðfélagsháttum og aðstæðum, t. d. ef styrjaldarhætta eða stríðsástand er fyrir hendi. Með öll framangreind atriði í huga verður að telja að ákvæði þessa frumvarps brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Eins og áður segir nær frumvarpið ekki til virkjunar allt að 200 kW. Til samanburðar má geta þess að meðalbýli nota aðeins um 10 kW eða þar undir. Einkarafstöðvar á landinu munu flestallar vera undir 100 kW að stærð. Í flestum tilvikum er hagkvæmara að kaupa orku frá rafveitum en að notast við einkarafstöð. Almenningsrafveitur munu nú ná til yfir 95% býla á landinu og minnkar sá fjöldi stöðugt sem ekki nýtur þess að geta keypt raforku frá þeim.

Frumvarpið nær heldur ekki til virkjaðra fallvatna né til fallvatna þar sem virkjunarframkvæmdir eru hafnar. Eru þetta sambærilegar undantekningar og gerðar voru við setningu raforkulaga, nr. 12/1946, þegar kveðið var á um einkarétt ríkisins að virkjun fallvatna yfir 100 kW.

Að auki er í frumvarpinu mikilvæg undantekning frá virkjunarheimildum ríkisins, en það eru heimildir þeirra aðila sem virkja fallvötn til orkuframleiðslu innan 10 ára frá gildistöku laganna. Þykir sanngjarnt að þeir sem hafa hug á slíkum framkvæmdum við setningu laganna haldi þeim réttindum. Einnig þykir eðlilegt að veita öðrum þennan aðlögunarfrest til þess að nýta þessi réttindi. Er þetta í samræmi við það sjónarmið að taka mið af nýtingarmöguleikum eigna, sbr. það sem áður var nefnt í sambandi við mat á mörkum eignarnáms og almennum eignartakmörkum. Tefjist framkvæmdir er gert ráð fyrir að fresturinn lengist sem töfinni nemur.

Á undanförnum árum og áratugum hafa aðrar þjóðir leitast við að ná yfirráðum yfir náttúruauðlindum sínum. Af fjölda dæma er að taka, t. d. settu Norðmenn lög nr. 21 4. maí 1973 þar sem réttur til olíu undir norsku landsvæði, og þess hluta landgrunns sem háð er einkaeignarrétti, er lýstur eign ríkisins án bóta til landeigenda. Danir settu lög nr. 181 8. maí 1950, þar sem kveðið var á um að öll hráefni neðanjarðar, sem ekki höfðu verið nýtt af einkaaðilum, tilheyrðu ríkinu án bóta til landeigenda. Lög þessi hafa verið túlkuð svo að þau nái einnig til jarðhita. Nýsjálendingar settu lög árið 1953 (The Geothermal Energy Act) þar sem jarðhiti var lýstur almannaeign án bóta til landeigenda, nema þar sem hann var beinlínis nýttur af landeigendum eða ábúendum. Fleiri dæmi mætti nefna þar sem gengið er lengra en hér er gert í því að takmarka eignarráð landeigenda.

Rétt þykir að minnast hér á skoðanir sem fram hafa komið hérlendis um rétt ríkisins til þess að lýsa með löggjöf yfir eignarrétti sínum á jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeigenda, en þar er að finna vissa hliðstæðu við virkjunarréttindi.

Í vatnalögum nr. 15/1923 segir að landeigandi megi hagnýta sér hveri og laugar á landareign sinni með þeim takmörkunum sem lögin tilgreina. Sambærileg ákvæði voru sett í lög nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, og síðar í orkulög, nr. 58/1967. Árið

1956 var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um jarðhita þar sem kveðið var á um rétt ríkisins til umráða og hagnýtingar jarðhita sem liggur dýpra eða er sóttur dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Fylgdi því ítarleg greinargerð um eignar- og umráðarétt á jarðhita eftir Ólaf Jóhannesson, prófessor í stjórnskipunarrétti. Segir þar m. a.: „Eins og lögum er háttað nú, verður réttur landeiganda til jarðhitans ekki takmarkaður við tiltekið dýpi, t. d. ákveðna metratölu, heldur verður að meta það í hverju falli, ef á reynir, með hliðsjón af réttmætri þörf landeiganda, almannahagsmunum og vandkvæðum þeim, sem á því eru að skipta jarðhita, sem djúpt liggur, á milli fleiri eigenda. Sú aðalregla, er að framan greinir, er í samræmi við það, sem gildir um vatnsréttindi og námuréttindi að íslenzkum lögum." Niðurstaða Ólafs er „....að eðlilegt er að draga mörk milli þess jarðhita, sem til landareignar heyrir [þ. e. til heimila og búsþarfa], og þess jarðhita, sem er eftir eðli sínu eins konar almenningseign ... Því verður ekki neitað, að það er sanngjörn regla og í samræmi við eðli máls, að sérstök náttúruauðæfi, sem enginn einstakur hefur átt þátt í að skapa, séu sameign þjóðarinnar allrar."

Telur hann að löggjöf, er kveði á um að eignar- og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita fyrir neðan visst dýpi, án bóta til landeiganda, brjóti ekki í bága við eignarréttarvernd stjórnarskrárinnar. Þótt nýting jarðhita og fallvatna til orkuframleiðslu sé um margt ólík eru viss meginsjónarmið varðandi eignarrétt á þeim sambærileg, svo sem þau sem fram koma hér að framan.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að lögfestur verði eignarréttur ríkisins að orku fallvatna og nýtingu hennar. Þó eru vissar nýtingarheimildir annarra aðila heimilaðar, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Í þessari grein koma fram vissar takmarkanir á eignarumráðum ríkisins yfir virkjunarréttindum fallvatna. Fyrst er þess að geta að þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvötnum, halda að sjálfsögðu þeim réttindum. Að auki eru gerðar þrjár takmarkanir á eignarráðum ríkisins:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að hér eftir sem hingað til fylgi landareignum réttur til nýtingar vatnsafls til raforkuframleiðslu vegna heimilis- og búsþarfa. Mörkin eru miðuð við 200 kW sem samsvarar því afli sem nú má virkja leyfislaust, sbr. gildandi orkulög.

Í öðru lagi halda þeir, sem hafið hafa virkjunarframkvæmdir, réttindum til nýtingar þeirri orku sem þeir hafa ætlað sér að virkja.

Í þriðja lagi er umráðamönnum virkjunarréttinda veittur viss frestur, 10 ár frá gildistöku laganna, til þess að nýta þau réttindi sem þeir hafa. Gert er ráð fyrir að þessi frestur geti í sumum tilfellum lengst fram yfir 10 ár ef hægt var að ljúka virkjunarframkvæmdunum fyrir þann tíma, en þær höfðu dregist af óviðráðanlegum ástæðum. Lengist þá fresturinn sem töfinni hefur numið. Með „óviðráðanlegum ástæðum" er hér átt við „force majeure", þ. e. náttúruhamfarir, stríð, verkföll o. s. frv.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra veiti leyfi fyrir stærri virkjunum en 200 kW með þeim skilyrðum sem hann telur eðlilegt að setja, sbr. 5. gr. Um veitingu slíkra leyfa gilda til uppfyllingar ákvæði vatnalaga, sbr. 8. gr. Tekið er fram að leyfi skv. þessari grein geri sérstakt leyfi óþarft fyrir vatnsmiðlanir vegna virkjunar, en kveðið er á um slík leyfi í vatnalögum.

Grein þessari er ekki ætlað að breyta ákvæði orkulaga, nr. 58/1967, um leyfi Alþingis fyrir stærri virkjanir en 2000 kW.

Um 4. gr.

Með þessu ákvæði er reynt að tryggja að sem fyllstar upplýsingar um umhverfis- og náttúruverndarmál liggi fyrir við ákvörðun um leyfisveitingu til byggingar virkjunar.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að leyfi skv. 3. gr. megi binda nauðsynlegum skilyrðum, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta kveður á um að landeigendur og aðrir rétthafar eigi rétt á bótum vegna tjóns er þeir verða fyrir vegna virkjunarframkvæmda og aðgerða sem þeim eru samfara, t. d. jarðrask, óþægindi o. fl. Að sjálfsögðu geta aðilar eftir atvikum samið um uppgræðslu lands vegna gróðurspjalla. Þá er kveðið á um að þeir eigi rétt á bótum fyrir virkjunarréttindi, allt að 200 kW, sbr. a-lið 2. gr. Ef eignarnám fer fram skal það fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms, nr. 11/1973.

Um 7. gr.

Hér er lögð til breyting sem nauðsynleg er á vatnalögum, nr. 15/1923, og leiðir af frumvarpi þessu. 1. tl. 49. gr. vatnalaga hljóðar svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku, enda sé enginn fyrir það sviptur því vatni, sem hann þarf að nota samkvæmt III. og IV. kafla, né neinum bakaðir óhæfilegir örðugleikar um slíka notkun, né vatni, er nota þarf með þeim hætti, spillt fyrir neinum, svo að til verulegra óþæginda horfi."

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á vatnalögum eða orkulögum.

Um 8. gr.

Grein þessi felur í sér að ákvæði vatnalaga skulu að öðru leyti en hér er kveðið á um gilda um nýtingu orku og vatns fallvatna. Má sérstaklega benda á í þessu sambandi 49. gr., VI. kafla, XIV. kafla, 140., 143. og 144. gr. laganna.

Í 49. gr. er fjallað um rétt landeiganda til að virkja á landi sínu og annarra sem við þeim heimildum hafa tekið. Hefur þetta ákvæði þýðingu fyrir virkjanir allt að 200 kW.

Í VI. kafla vatnalaga er fjallað um vatnsmiðlanir.

Í XIV. kafla laganna eru almenn ákvæði um vatnsvirki. Þar segir t. d. í 133. gr. 1. lið m. a. að áður en byrjað er að gera mannvirki eða vinna önnur verk, sem breytingum valda á vatnsborði, straumstefnu eða straummagni o. s. frv., skal tilkynna það ráðherra.

Í 143. og 144. gr. laganna er fjallað um meðferð vatnamála. Í c-lið 144. gr. segir m. a. að áður en ákvörðun er tekin um málefni þau, er í 133. gr. 1. lið segir, skal leita álits þeirra manna er ákvörðun kann að varða o. s. frv.

Í 140. gr. vatnalaga er fjallað um mat bóta fyrir eignarnumin réttindi, en ákvæði um það efni er ekki að finna í lögum um framkvæmd eignarnáms.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjal I.

NEFNDARÁLIT UM VIRKJUNARRÉTT FALLVATNA

Hr. Hjörleifur Guttormsson
iðnaðarráðherra
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

22. sept. 1981.

Með bréfi, dags. 9. apríl 1979, skipuðuð þér, hæstvirtur iðnaðarráðherra, nefnd til þess að semja „tillögu að frumvarpi til laga um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign". Í nefndina voru skipaðir: Jakob Björnsson orkumálastjóri, formaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Björn Þ. Guðmundsson prófessor, Bragi Sigurjónsson alþingismaður, Guðmundur Vigfússon deildarstjóri og Páll Pétursson alþingismaður.

Í skipunarbréfi er kveðið á um að Gísli Einarsson fulltrúi í iðnaðarráðuneytinu starfi með nefndinni. Í febrúar 1981 tók Pétur Thorsteinsson lögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu við störfum hans. Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað fulltrúi í Orkustofnun.

Bragi Sigurjónsson tók sæti í ríkisstjórn haustið 1979 og fól þá Sigþóri Jóhannessyni verkfræðingi að gegna störfum fyrir sig meðan hann sæti í ríkisstjórn.

Í byrjun júlí 1981 hætti Björn Þ. Guðmundsson formlegum störfum í nefndinni að eigin ósk.

Nefndin hélt 18 fundi frá 22. maí 1979 til 21. september 1981, en þá lauk hún störfum. Skoðaði hún fjölda gagna varðandi virkjunarréttindi fallvatna og leitaði jafnframt álits hjá sérfræðingum.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, Árni Reynisson, Bragi Sigurjónsson, Guðmundur Vigfússon og Jakob Björnsson, leggur til að lögfestar verði almennar reglur um eignarrétt á orku fallvatna landsins og nýtingu hennar á þann veg sem rakið er í meðfylgjandi drögum að „frumvarpi til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar". Er þar kveðið á um að orka fallvatna sé eign ríkisins sem eitt hafi heimild til nýtingar hennar. Frá þeirri meginreglu eru þó gerðar undantekningar sem snúa að virkjunarréttindum og koma fram í 2. gr. frumvarpsins. Meginundantekningin kveður á um að til frambúðar haldist réttur landeiganda til virkjunar allt að 200 kW. Þeir, sem þegar hafa nýtt heimildir sínar til virkjunar á fallvatni, halda þeim rétti, svo og þeir sem hafið hafa framkvæmdir við slíkt verk þegar lögin eru sett. Þeim, er virkjunarheimildir hafa, er veittur 10 ára aðlögunarfrestur til að nýta sér þær heimildir áður en virkjunarrétturinn verður eign ríkisins. Felld eru inn í frumvarpsdrögin ákvæði orkulaga um að leyfi ráðherra þurfi fyrir virkjunum stærri en 200 kW. Því til viðbótar er kveðið á um að það leyfi feli einnig í sér heimild til að gera þær vatnsmiðlanir sem nauðsynlegar eru vegna virkjunarinnar. Sömuleiðis er kveðið á um að leita skuli umsagnar Náttúruverndarráðs áður en slíkt leyfi er veitt og að ráðherra geti bundið leyfið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg til að tryggja almannahagsmuni, m. a. um uppgræðslu lands í stað gróðurlendis sem fer undir uppistöðulón, eða vegna gróðurspjalla sem leiðir af virkjunarframkvæmdum. Í frumvarpsdrögunum er einnig að finna eignarnámsákvæði. Þá er 49. grein vatnalaga samræmd ákvæðum þessara laga, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að vatnalög standi óbreytt áfram.

Minni hluti nefndarinnar, Páll Pétursson, sem vegna anna gat ekki setið nema nokkra af fundum nefndarinnar þótt hann fylgdist að öðru leyti með störfum hennar, lýsti sig í grundvallaratriðum ósammála áliti meiri hlutans. Hann skilar séráliti sem einnig fylgir bréfi þessu þar sem hann gerir grein fyrir viðhorfum sínum, en hann leggur ekki fram sérstaka frumvarpstillögu.

Nefndin ræddi ítarlega á fundum sínum mismunandi leiðir til að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign. Meðal annars var það rætt hvort lögfesta mætti að slíkur réttur

skyldi vera eign ríkisins fortakslaust og án takmarkana. Leitaði nefndin álits Gauks Jörundssonar prófessors á því hvort slíkt teldist brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Var það álit hans að slík lagaákvæði yrðu ekki samrýmd 67. grein stjórnarskrárinnar ef ekki væri gert ráð fyrir bótum til eiganda. Með hliðsjón af því áliti meðal annars taldi nefndin rétt að stefna að takmörkuðum eignarrétti ríkisins sem þó næði því meginmarkmiði að þjóðarheildin geti nýtt þá miklu auðlind, sem vatnsorka landsins er, án þess að þurfa að greiða fyrir það stórar fúlgur til einstakra manna sem oftast missa einskis í við slíka nýtingu, en hafa stundum af henni margvíslegt hagræði. Eftir ítarlegar umræður og eftir að hafa skoðað ýmsar leiðir í því efni var niðurstaða meiri hlutans á þann veg sem rakið hefur verið hér að ofan. Samkvæmt henni verður vatnsorka landsins að meginhluta eign ríkisins og rétturinn til nýtingar hennar án þess þó að torvelda á nokkurn hátt eða trufla virkjunarframkvæmdir eigenda vatnsréttinda, innan þess ramma sem slíkum aðilum eru í gildandi lögum heimilaðar virkjanir án afskipta ríkisvaldsins. Langsamlega flestar einkarafstöðvar verða t. d. óháðar þessum nýju lagaákvæðum. Með þessu móti væntir meiri hlutinn þess, að höfðu samráði við ýmsa lögfróða menn, að lagafrumvarp þetta verði skoðað sem almenn takmörkun eignarréttar á vatnsréttindum, en ekki eignarupptaka, enda skerðir það ekki þá nýtingu vatnsréttinda sem eigendur þeirra, aðrir en ríkið, hafa í reynd hér á landi möguleika á, samkvæmt gildandi lögum og við þær aðstæður sem hér ríkja.

Varðandi sjónarmið minni hluta nefndarinnar í þessu efni vísast til sérálits hans.

Með þessu telur nefndin sig hafa leyst það verkefni sem henni var falið og leyfir sér að óska þess að verða leyst frá störfum.

Allra virðingarfyllst,
f. h. nefndarinnar,
Jakob Björnsson,
formaður.

Fylgiskjal II.

ÁLIT MINNI HLUTA VIRKJUNARRÉTTINDANEFNDAR FALLVATNA

Samkvæmt meðfylgjandi texta í skipunarbréfi frá iðnaðarráðherra, dags. 9.4. 1979, tók ég undirritaður sæti í virkjunarréttindanefnd: „Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna er kveðið á um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign."

Nefndin hóf störf og aflaði ýmissa gagna varðandi fyrirhugað verkefni sitt. Fljótlega eftir að nefndin hóf störf kom þó í ljós að upphaflegur tilgangur með skipun nefndarinnar fékk ekki staðist ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um eignarréttinn, sjá m. a. greinargerð þá er dr. Gaukur Jörundsson samdi fyrir nefndina og fylgir hér með áliti minni hl. sem fylgiskjal. Greinargerð dr. Gauks sannaði það að ekki væri kleift eða réttlætanlegt að stofna til löggjafar sem svipti menn bótalaust eignum sínum, virkjunarrétti fallvatna á fullkomnum eignarlöndum, og stangaðist þannig á við eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttarins, en í greinargerð próf. Gauks segir m. a.:

„Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnalaga en þar segir meðal annars svo: „Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...""

Síðar segir í greinargerð próf. Gauks:

„Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkv. 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda".

Hins vegar hefði getað komið til álita að setja löggjöf um virkjunarrétt fallvatna „utan fullkominna eignarlanda“. Á það ber þó að líta að víða eru mörk óljós um það hvaða lönd skuli teljast „utan fullkominna eignarlanda“ og hugtakið „fullkomin eignarlönd“ er mjög teygjanlegt og ekki unnt að marka það með efalausum hætti hver þau landsvæði eru sem liggja „utan fullkominna eignarlanda“. Af þeirri ástæðu er óráðlegt að fara að setja lög um einhvern óskilgreindan hluta landsins þar sem í flestum tilfellum þyrfti að fá úr því skorið með dómi fyrst hvort lögin ættu við eða ekki og jafnvel búinn til vandi með hugtakinu „utan fullkominna eignarlanda“.

Meiri hluti nefndarinnar lét, þótt undarlegt megi virðast, hin skýru rök próf. Gauks Jörundssonar sem vind um eyru þjóta. Þess ber raunar að geta að einn nefndarmanna, próf. Björn Þ. Guðmundsson, óskaði að hætta störfum í nefndinni.

Meiri hlutinn, Jakob Björnsson, Bragi Sigurjónsson, Árni Reynisson og Guðmundur Vigfússon, tók sér fyrir hendur að setja saman frumvarp til laga, ekki samkvæmt ákvæðum samstarfsyfirlýsingar ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar sem vildi vinna að því „að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign“ heldur samdi meiri hlutinn „frumvarp til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar“ en 1. gr. hljóðar svo: „Orka fallvatna landsins er eign íslenska ríkisins sem eitt hefur heimild til nýtingar hennar, sbr. þó 2. gr. ....“ Í 2. gr. kemur svo upptalning léttvægra undantekninga. Þetta tel ég að ekki hafi falist í skipunarbréfi nefndarinnar, hvað þá í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og engan veginn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, en þar er ekkert ákvæði um vatnsréttindi, heldur einungis sagt að „sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita“.

Ekki verður um það deilt að „virkjunarréttur fallvatna“ og „orka fallvatna“ eru tvö mismunandi hugtök og tel ég því að hugsjónir sumra nefndarmanna, og þá sérstaklega Braga Sigurjónssonar, hafi teymt meiri hlutann út í ógöngur.

Meiri hluti nefndarinnar lætur ítarlegar athugasemdir fylgja frumvarpi sínu og er þar gerð tilraun til að leiðrétta gerðir meiri hlutans. Ekki getur minni hlutinn með nokkru móti fallist á það viðhorf meiri hlutans, í fyrsta lagi, að hér sé ekki verið að brjóta í bág við ákvæði 67. gr. stjórnarskrár; í öðru lagi að lög samkvæmt frumvarpi þessu geti komið til framkvæmda „án þess að skerða réttmæt réttindi einstaklinga“ og í þriðja lagi þessi ályktunarorð meiri hlutans: *„Gæta verður þess að ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar er gamalt að stofni til, eða frá 18. öld, og tekur mið af öðrum þjóðfélagsaðstæðum ...“* (sjá athugasemdir við lagafrumvarp þetta). Þetta telur minni hlutinn léttvæga afsökun, að friðhelgi eignarréttar verði ómerkari vegna þess að á 18. öld hafi menn aðhyllst svipuð viðhorf. Minni hlutinn vill raunar minna á að samkv. Gamla testamentinu, 5. Mósebók, 5. kafla, 19. og 21. versi, var sama hugsun lögð til grundvallar siðsamlegri breytni eins og býr að baki 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Þegar metin er þörf á lagasetningu eins og þessari er rétt að hafa það í huga að ef og þegar almannahagur krefst er ekkert því til fyrirstöðu að beita eignarnámi ef þurfa þykir. Hefur eignarnámi einnig verið beitt ótæpilega.

Hvað varðar almennan eignarrétt á afréttum landsins, þá tel ég að svo sé best tryggð skynsamleg og hófleg nýting og varðveisla afréttanna að eignarrétturinn sé áfram í höndum bænda eða samtaka þeirra. Þeir þekkja landið best og hafa næmasta tilfinningu fyrir því. Ég hef þess vegna aldrei verið þess fýsandi að láta undan þráfaldri ásókn þeirra manna sem hafa linnulaust reynt að ná eignarréttinum á landinu, gögnum þess og gæðum, úr höndum bænda.

Niðurstaða.

Samkvæmt framanrituðu sé ég ekki ástæðu til þess að setja lög í stíl við frv. það sem meiri hluti nefndarinnar aðhyllist. Um allar meiri háttar virkjanir þarf að setja sérstök lög hvort sem er, og þar er auðvelt að hafa eignarnámsákvæði ef þurfa þykir. Þess vegna er núverandi skipan fullnægjandi, en samkv. 54. gr. vatnalaga er ráðherra rétt að taka lögnámi sérhvert fallvatn virkjað eða óvirkjað til að virkja úr því orku til almenningsþarfa.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru enda engin áform um þessa lagasetningu.

Þá er að lokum spurningin um það hvort og hve mikið eigi að þrengja að rétti bænda á landinu til varðveislu og nýtingar þess og hvar eigi að nema staðar.

Reykjavík, 30. sept. 1981.
Páll Pétursson.

Fylgiskjal með áliti minni hluta virkjunarréttindanefndar fallvatna.

Um eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar og setningu löggjafar er lýsi réttindi til virkjunar vatna ríkiseign.

I.

Óskað hefur verið eftir því við mig undirritaðan að ég láti uppi álit mitt á því hvort 67. gr. ísl. stjórnarskrárinnar sé því til fyrirstöðu að sett verði löggjöf er lýsi rétt til virkjunar vatna ríkiseign án þess að bætur komi fyrir til landeigenda. Fer svar mitt hér á eftir.

II.

Um síðustu aldamót hófst fyrir alvöru umræða um löggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Í fyrstu snerist umræðan einkum um það hvort og þá að hve miklu leyti ætti að hindra útlendinga í að eignast vatnsréttindi hérlendis. Leiddi það til setningar laga nr. 55/1907, um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl., svonefndra fossalaga.

Fljótlega varð mönnum ljós nauðsyn á því að setja heildarlöggjöf um nýtingu vatns hér á landi. Þegar á Alþingi 1917 var samþykkt tillaga til þingsályktunar um skipun fimm manna nefndar til að íhuga fossamál landsins, sbr. Alþt. 1917, A-deild, bls. 1489—1490 og 1545—1546, og B-deild, d. 2282—2296. Í samræmi við þingsályktun þessa var hinn 22. október 1917 skipuð nefnd, svokölluð fossanefnd, en í henni áttu sæti Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson, Guðmundur Eggerz, Jón Þorláksson og Sveinn Ólafsson.

Í fossanefndinni varð ágreiningur með nefndarmönnum um hve víðtækur réttur fylgdi og ætti að fylgja landareign til hagnýtingar á vatni. Meiri og minni hluti nefndarinnar skiluðu hvor um sig ítarlegu áliti á árinu 1919. Meiri hlutinn (Bjarni Jónsson frá Vogi, Guðmundur Björnsson og Jón Þorláksson) taldi að landareign fylgdu og ættu að fylgja aðeins tilteknar hagnýtingarheimildir sem skyldu í höfuðatriðum vera afmarkaðar í vatnalögum, en að öðru leyti væri ríkið aðili vatnsréttinda. Minni hlutinn (Guðmundur Eggerz og Sveinn Ólafsson) leit hins vegar svo á að landareignum einstaklinga fylgdi og ætti að fylgja réttur til hvers konar hagnýtingar vatns. Mestu máli skiptir að réttindi til hagnýtingar vatnsorku fylgdu ekki landareignum einstaklinga samkvæmt áliti meiri hlutans, andstætt skoðun minni hlutans.

Frumvarp til vatnalaga var lagt fyrir Alþingi 1919 og var síðan til meðferðar á hverju þingi uns frv. til vatnalaga var samþykkt á Alþingi 1923. Frumvarp það, sem lagt var fram á Alþingi 1919, var byggt á áliti meiri hluta fossanefndar, en þá þegar var talið ljóst að sú skipan vatnsréttinda naut ekki meirihlutafylgis á þingi. Fór svo að árin 1921 og 1923 var lagt fyrir Alþingi nýtt frumvarp til vatnalaga sem var byggt á meginsjónarmiðum minni hluta fossanefndar um tilhögun vatnsréttinda, en að öðru leyti hafði við samningu nýja frumvarpsins verið stuðst við álit bæði meiri og minni hluta nefndarinnar. Á Alþingi 1923 var þó gerð breyting í meðferð frumvarpsins á þingi er hafði í för með sér að lögin geyma upptalningu á því hverjar hagnýtingarheimildir fylgja eignarrétti að landareign þegar um meiri háttar vötn er að ræða, en þar eru á hinn bóginn taldar allar helstu hagnýtingarheimildir, þar á meðal réttindi til orkuvinnslu.

Meginreglan um rétt landeiganda til nýtingar orku vatns kemur fram í 49. gr. vatnal., en þar segir meðal annars svo:

„Eiganda landareignar, sem vatnsréttindi fylgja, svo og öðrum, sem heimildir hafa á þeim tekið, er rétt að nota það vatn, sem um hana rennur, til að vinna úr því orku ...“

Ofangreindum réttindum landeiganda til hagnýtingar vatns til orkuvinnslu eru hins vegar ýmis veigamikil takmörk sett bæði í vatnalögum og orkulögum.

III.

Við setningu vatnalaga, nr. 15/1923, var samkvæmt framansögðu tekið af skarið um að landeigendur ættu einir rétt til að hagnýta vatnsorku þeirra vatna sem um landareign þeirra rynnu. Eru vatnsréttindi landeigenda þannig þáttur í eignarrétti þeirra sem verndar nýtur samkvæmt 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í samræmi við það hefur eignarnámi verið beitt samkvæmt vatnalögum eða sérstökum lögum og eignarnámsbætur greiddar þegar afla hefur þurft vatnsréttinda í einkaeign í þarfir virkjana. Verður að telja tvímælalaust að ekki yrðu samrýmd 67. gr. stjórnarskrárinnar lagaákvæði sem lýstu rétt til virkjunar vatna ríkiseign án endurgjalds til eigenda. Þetta á þó að sjálfsögðu aðeins við vatnsréttindi sem fylgja landareign í einstaklingseign samkvæmt gildandi lögum og getur því gegnt öðru máli um afrétti og almenninga eins og vikið verður að í kafla IV. hér á eftir.

IV.

Í löggjafarstarfi og úrlausnum dómstóla hefur stundum verið gert ráð fyrir aðgreiningu milli (fullkominna) eignarlanda og landa sem eru afréttareign. Ef um er að ræða (fullkomið) eignarland þá á eigandi landið með öllum gögnum þess og gæðum, þar á meðal vatnsréttindum. Ef land er aðeins afréttareign ákveðins aðila, þá er þessi aðili aðeins talinn eiga upprekstrarrétt (beitarrétt), lax- og siglungsveiðirétt, sbr. 5. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og ef til vill einhverjar aðrar nýtingarheimildir, sbr. t. d. 2. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en ekki vatnsréttindi almennt.

Í dómi Hæstaréttar frá 2. desember 1971 (hrd. 42.1137) kom fram að svonefndar Gullberastaðatungur á afrétti Andakílshrepps í Borgarfirði höfðu á sínum tíma verið hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi, en jörð þessi hafði verið seld Andakílshreppi á árinu 1898. Í þessum dómi Hæstaréttar var svo litið á að Andakílshreppur ætti botns-, vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni fyrir þessu landi eins og hverju öðru fullkomnu eignarlandi. Um annað land, sem einnig liggur að vatninu, er hins vegar tekið fram í dóminum að ekki verði ráðið hvort það sé fullkomið eignarland Lundarreykjadalshrepps eða aðeins afréttareign. Að svo vöxnu máli var Lundarreykjadalshreppi aðeins dæmdur veiðiréttur í vatninu en ekki lagður dómur á kröfu hreppsins um vatns- og botnsrétt. Sömu sjónarmið koma fram í dómi Hæstaréttar frá 25. febrúar 1955 (hrd. 26.108), sbr. enn fremur dóm frá 29. apríl 1960 (hrd. 40.510).

Við undirbúning vatnalaga, nr. 15/1923, var fossanefndin sammála um að ríkið ætti öll vatnsréttindi utan landareigna einstakra manna, sbr. Nefndarálit minni hluta fossanefndar, bls. IV. og 32, og Nefndarálit meiri hluta fossanefndar, sbr. 16. og 17. gr. frumvarps meiri hlutans og athugasemdir við þær greinar. Við undirbúning námulaga var byggt á því að ríkið eitt ætti rétt til jarðefna á landi í afréttareign, sbr. Alþt. 1971, A-deild, bls. 505-510 (þskj. 142).

Miðað við ofangreindar forsendur varðandi réttstöðu landa í afréttareign er 67. gr. stjórnarskrárinnar ekki því til fyrirstöðu að í löggjöf sé því slegið skilmálalaust föstu að réttur til virkjunar vatns á slíkum löndum eða í almenningum sé þjóðar- eða ríkiseign. Hins vegar verður að telja ærna ástæðu til að kanna ýmis lögfræðileg vandamál sem þarna eru á ferðinni, m. a. það hvernig draga beri mörkin milli landa sem eru afréttarlönd og eignarlanda jarða í einstaklingseign.

Reykjavík, 14. janúar 1980.

Gaukur Jörundsson.

Sþ. 62. Fyrirspurn [60. mál]

til forsætisráðherra um alþjóðasamning um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin ná markmiðum samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var á Alþingi 13. júní s. l.?

Nd. 63. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir sem:

1. eru 18 ára eða eldri þegar kosning fer fram,
2. eiga íslenskan ríkisborgararétt og
3. eiga lögheimili hér á landi eða hafa átt það á síðustu fjórum árum, talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag.

2. gr.

5. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „kosningar“ í b-lið 1. málsgr. komi: almennar alþingiskosningar.
b. Í stað „alþingiskosningum“ tvívegis í b-lið 1. málsgr. komi: almennum alþingiskosningum.
c. 2. málsgr. orðist svo:

Að loknum hverjum almennum kosningum til Alþingis auglýsir dómsmálaráðuneytið í B-deild Stjórnartíðinda hvernig þingsæti samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar skiptast milli kjördæma í næstu almennum alþingiskosningum. Með þingsætatölu kjördæmis er átt við samtölu þingsæta í kjördæminu samkvæmt a- og b-lið.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Sá, sem sæti á í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis.

4. gr.

15. gr. (sbr. lög nr. 48/1968 og nr. 66/1984) orðist svo:

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar 1. gr. og lögheimili áttu í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma er kjörskrá skal lögð fram samkvæmt 1. mgr. 19. gr.
2. Þá, sem uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar 1. gr. og áttu ekki lögheimili í sveitarfélaginu 1. desember næst á undan þeim tíma, er kjörskrá skal lögð fram, en eiga þó kosningarrétt samkvæmt 3. tölulið 1. gr., enda hafi þeir átt lögheimili í sveitarfélaginu, þegar þeir fóru af landi brott.

3. Þá, sem skortir það eitt á að uppfylla skilyrði 1. og 2. töluliðar þessarar greinar, að þeir hafa ekki náð 18 ára aldri, ef þeir ná þeim aldri fyrir lok þess árs, er kosning fer fram. Skal þess þá getið í athugasemd við nafn viðkomandi á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð þeim aldri, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt. Nafn hans skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

5. gr.

21. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Úrskurðinn skal þegar tilkynna hlutaðeigandi, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er mál getur varðað.
b. 3. mgr. (sbr. lög nr. 90/1981) falli niður.

6. gr.

Við 1. mgr. 24. gr. bætist: Skal kjörstjórn þegar tilkynna oddvita yfirkjörstjórnar niðurstöðuna, svo og hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem mál getur varðað.

7. gr.

Í stað „3 vikum og 3 dögum“ í 1. mgr. 26. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: 4 vikum.

8. gr.

Í stað „þess háttar, undirkjörstjórnir um“ í 2. mgr. 35. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: þess háttar. Undirkjörstjórnir bóka um.

9. gr.

Síðasti málsliður 2. mgr. 42. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

10. gr.

44. gr. breytist þannig:

a. Við 1. mgr. bætist: Það skal og láta í té spjöld með glugga á og vasa á bakhlið, ætluð blindum og sjóndöprum.
b. Í stað „4 vikum“ í 2. mgr. komi: 3 vikum.

11. gr.

Orðin „vegna fjarveru“ í 45. gr. falli niður.

12. gr.

2. mgr. 53. gr. orðist svo:

Þess skal getið um hvern lista fyrir hvaða stjórnmálasamtök hann er í kjöri á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: Listi ..... (nafn stjórnmálasamtakanna).

13. gr.

4. mgr. 59. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) verði 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

62. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem gerir ráð fyrir því að hann geti ekki vegna fjarveru eða af öðrum ástæðum sótt kjörfund á kjördegi á þeim stað þar sem hann er á kjörskrá, hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar eftir þeim reglum sem settar eru í lögum þessum.

15. gr.

1. mgr. 64. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Kjósandi, er neyta vill kosningarréttar síns utan kjörfundar, á rétt á að greiða atkvæði úr því að 3 vikur eru til kjördags og fram á kjördag. Fari kosning fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

16. gr.

Í stað 1.—3. mgr. 66. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áður en kjósanda, sem greiða vill atkvæði utan kjörfundar, eru afhent kjörgögn, skal hann skýra kjörstjóra frá því að hann geti ekki sótt kjörfund á kjördegi. Skal kjósandi, ef kjörstjóri óskar þess, sanna hver hann er, með því að framvísa nafnskírteini eða á annan fullnægjandi hátt. Kjörstjóri skal færa nafn og aðrar upplýsingar um kjósanda í bók, sem yfirkjörstjórn löggildir í þessu skyni.

Að þessu loknu fær kjósandi afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjörseðli og blindraspjald, ef því er að skipta, sbr. 44. gr., og skal hann síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður sjái rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt er að framan greinir, loka honum síðan þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðil sinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu, og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt né losa hann frá fylgibréfinu. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé höndin ónothæf, skal starfsmaður kjörstjóra, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í einrúmi, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Heimilt er þeim, sem aðstoð veitti, að undirrita fylgibréfið fyrir hönd kjósanda í viðurvist kjörstjóra. Um aðstoðina skal bóka í gerðabók kjörstjórna og á fylgibréfið, að tilgreindum ástæðum. Óheimilt er með öllu að bjóða þeim aðstoð sína, er þannig þarfnast hjálpar.

17. gr.

6. mgr. 71. gr. (sbr. lög nr. 37/1979) falli niður.

18. gr.

Í stað 3. málsliðar 76. gr. komi: Skal kjörstjórnin þá þegar bera bréfin saman við kjörskrá, en leggur þau að öðru leyti til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að hafa borist eða berast, meðan á atkvæðagreiðslunni stendur. Ef kjósandi er ekki á kjörskrá í kjördeildinni (sveitarfélaginu) skal kjörstjórnin kanna, hvar kjósandi er á kjörskrá, og ef unnt er, koma kjörbréfi í rétta kjördeild, en ella fer um bréfið eins og segir í 5. mgr. 71. gr.

19. gr.

92. gr. orðist svo:

Kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar vegna ráðgerðra forfalla, sem síðan reynast ekki fyrir hendi á kjördegi, getur greitt atkvæði á kjörfundi, og kemur utankjörfundarseðill hans þá ekki til greina við kosninguna.

20. gr.

Orðin „eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 92. gr.)“ í 96. gr. falli niður.

21. gr.

Við 2. mgr. 101. gr. bætist: sem geymir kjörskrárnar í tvö ár, en að því búnu skal brenna þær.

22. gr.

Í stað „sama stjórnmálaflokki“ í 103. gr. komi: sömu stjórnmálasamtökum.

23. gr.

Í stað „stjórnmálaflokks“ í 1. mgr. 106. gr. komi: stjórnmálasamtaka.

24. gr.

2. mgr. 109. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Yfirkjörstjórn skal tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslu um atkvæðatölur. Skal þar tilgreina hvernig atkvæði hafa fallið á hvern lista fyrir sig og atkvæðatölur hvers frambjóðanda, enn fremur tölu kjósenda á kjörskrá. Landskjörstjórn lætur yfirkjörstjórnum í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

25. gr.

Síðari málsliður 3. mgr. 111. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) falli niður.

26. gr.

112. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Orðið „nema“ í 3. tölulið falli niður.
b. Síðari málsliður 3. töluliðar falli niður.

27. gr.

117. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

28. gr.

Í stað „hefur“ í 1. málslið 118. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: hafa.

29. gr.

Á eftir 1. málslið 3. mgr. 120. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kemur yfirkjörstjórn kaupstaðar í stað undirkjörstjórna.

30. gr.

Í stað „sbr. 121. og 122. gr.“ í 121. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) komi: sbr. 128. og 129. gr.

31. gr.

125. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Í stað „flokksmerki“ í 4. og 5. tölul. komi: merki stjórnmálasamtaka.
b. Í stað „heimilisfastan“ í 6. tölul. komi: eiga lögheimili.

32. gr.

128. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. Á undan „yfirkjörstjórn“ í 1. mgr. komi: landskjörstjórn og.
b. 4. mgr. orðist svo:
   Ef þingmaður hefur verið í kjöri á tveimur listum í kjördæmi eða kjördæmum við hinar sömu alþingiskosningar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.
c. 5. mgr. falli niður.

33. gr.

133. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. 2. töluliður orðist svo: Ef maður býður sig fram á fleiri listum en einum.

b. 9. töluliður falli niður.

34. gr.

2. töluliður 134. gr. (sbr. lög nr. 66/1984) orðist svo:

Ef kjörstjórnarmaður eða starfsmaður utankjörfundarkjörstjóra, sem aðstoð veitir, sbr. 66. og 88. gr., segir frá því, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra, svo og ákvæði laga nr. 6 6. apríl 1966, nr. 48 30. apríl 1968, nr. 15 5. apríl 1974, nr. 90 31. desember 1981, nr. 4 15. mars 1983 og nr. 66 1. júní 1984, allra um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, inn í þau lög og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá eigi afgreiðslu. Er það nú flutt óbreytt. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög (nr. 66 1. júní 1984) um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis. Voru lögin samþykkt í kjölfar breytinga á stjórnarskránni þar sem breytt var ákvæðum um skiptingu þingsæta milli kjördæma, kosningaaldur lækkaður o. fl.

Við meðferð kosningalagafrumvarpsins í þingnefnd var af hálfu dómsmálaráðuneytisins komið á framfæri nokkrum athugasemdum og ábendingum varðandi efni frumvarpsins, þó ekki reiknireglur, svo og ábendingum um lagfæringar á nokkrum atriðum í kosningalögunum og ábendingum um atriði sem æskilegt væri að breyta eða ástæða til að íhuga nánar.

Voru athugasemdir þessar og ábendingar skoðaðar af þingnefnd og fulltrúum þingflokka og gengið frá breytingartillögum við lagafrumvarpið. Ekki vannst þó tími til að afgreiða tillögurnar, en gert var ráð fyrir því að þær yrðu lagðar fyrir Alþingi er það kæmi saman að nýju. Er frumvarp þetta í samræmi við þær tillögur.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Við 1. gr.

Með stjórnarskrárbreytingunni var ákveðið að í kosningalögum megi víkja frá því að lögheimili hér á landi sé skilyrði fyrir kosningarrétti. Með breytingu á kosningalögunum var ákveðið að kosningarrétt skyldu þeir íslenskir ríkisborgarar hafa sem átt hafa lögheimili hér á fjórum síðustu árum fyrir kjördag. Breyting frumvarpsins felur í sér að miða tímabilið við fjögur ár talið frá 1. desember næstum fyrir kjördag. Er það gert til hagræðis og öryggis við kjörskrárgerð. Kjörskrár samkvæmt 1. tölulið 15. gr. kosningalaga eru miðaðar við 1. desember. Enn fremur er íbúaskrá þjóðskrárinnar árlega færð upp miðað við 1. desember.

Við 2. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við ýmis önnur ákvæði kosningalaga, þar sem greint er á milli almennra kosninga og uppkosninga.

Við 3. gr.

Vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar er lagt til að sömu reglur verði látnar gilda um það hvenær landskjörstjórnarmaður víkur sæti og gilda um aðra kjörstjórnarmenn.

Við 4. gr.

Greinin er efnislega í samræmi við gildandi lög, en með breyttu orðalagi. Notað er orðið lögheimili í stað heimilisfastur/-festi. Er það til samræmis við ákvæði 1. gr. laganna og ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar og vísar til laga um lögheimili (nr. 35/1960). Ákvæði er svarar til niðurlags 3. töluliðar 15. gr. laganna er fellt niður, enda ákvæðið óákveðið.

Við 5. og 6. gr.

Lagt er til að efni 3. mgr. 21. gr. laganna flytjist í 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr.

Við 7. gr.

Lagt er til að framboðsfrestur renni úr 4 vikum fyrir kjördag í stað þremur vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Er það gert til að lengja þann tíma sem kjósendur geta greitt atkvæði utan kjörfundar. Verður sá tími þrjár vikur, sbr. 15. gr. frv. Jafnframt styttist í eina viku sá tími sem yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn hafa til að fjalla um framboð.

Við 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 9. gr.

Samkvæmt 15. gr. frv. er lagt til að breytt verði upphafi 1. mgr. 64. gr. laganna um það hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Verður niðurlag 2. mgr. 42. gr. laganna þá óþarft.

Við 10. gr.

Lagt er til að í 44. gr. laganna komi, til staðfestingar á framkvæmd, ákvæði um að dómsmálaráðuneytið skuli láta í té blindraspjöld vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu, sbr. 66. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er til samræmis við 15. gr. frv. um upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Við 11. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar sem áður hafa verið gerðar á 62. gr. laganna, þar sem fjarvera er ekki lengur eina skilyrðið fyrir því að fá að kjósa utan kjörstaðar.

Við 12. gr.

Breytingin er til samræmis við 27. og 41. gr. laganna eins og þær eru nú.

Við 13. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði 4. mgr. 59. gr. laganna flytjist í 83. gr.

Við 14. gr.

Lagt er til að slakað verði á skilyrðum fyrir því að kjósandi megi greiða atkvæði utan kjörfundar, þannig að nægi að kjósandi geri ráð fyrir því að geta ekki sótt kjörfund á kjördegi, þar sem hann er á kjörskrá.

Við 15. gr.

Lagt er til að fest verði í lög hvenær utankjörfundaratkvæðagreiðsla skuli hefjast, og að það skuli vera þremur vikum fyrir kjördag.

Við 16. gr.

Ákvæði 1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 1. mgr. 66. gr. laganna, en breytt til samræmis við breytta 62. gr. samkvæmt 14. gr. frv. Þar er og ákvæði um að kjósandi er

greiða vill atkvæði utan kjörfundar skuli ef þess er óskað sanna hver hann er, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laganna um atkvæðagreiðslu á kjörstað.

Ákvæði 2.—4. mgr. eru efnislega í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 66. gr. laganna, en ákvæðin umskrifuð og lagfærð.

Við 17. og 18. gr.

Gert er ráð fyrir því að efni 6. mgr. 71. gr. laganna komi í 76. gr.

Við 19. og 20. gr.

Ákvæðin tengjast breytingu á 62. gr. laganna, sbr. 14. gr. frv.

Við 21. gr.

Ákvæði hefur vantað um geymsluskyldu kjörskráa.

Við 22. og 23. gr.

Breytingarnar eru til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.

Við 24. gr.

Tekið er fram, að yfirkjörstjórnir skuli senda skýrslu um tölu kjósenda á kjörskrá. Nauðsynlegt er að kveða á um þetta atriði vegna fyrirmæla í b-lið 5. gr. laganna, þar sem tala kjósenda á kjörskrá er lögð til grundvallar við skiptingu þingsæta milli kjördæma.

Við 25. gr.

Málsliðurinn telst óþarfur.

Við 26. gr.

Ákvæði a-liðar er leiðrétting. Ákvæði sem b-lið er ætlað að fella niður telst ofaukið.

Við 27. gr.

Lagt er til að Hagstofan fái skýrslu um kosninguna, þ. e. meira en skýrslu um atkvæðatölur og úthlutun þingsæta. Er ákvæðið hliðstætt 117. gr. laganna eins og sú grein var.

Við 28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Við 29. gr.

Ákvæðið er til fyllingar vegna kaupstaða, annarra en Reykjavíkur, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, sbr. 2. mgr. 11. gr. laganna.

Við 30. gr.

Leiðrétting.

Við 31. gr.

Ákvæði a-liðar er til samræmis við áður gerðar breytingar á 27. gr. laganna.

Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 15. gr. laganna, sbr. 4. gr. frv.

Við 32. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna breytts hlutverks landskjörstjórnar.

Ákvæði b-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.

Ákvæði c-liðar er til samræmis við breytingar á 92. og 96. gr. laganna, sbr. 19. og 20. gr. frv.

Við 33. gr.

Ákvæði a-liðar er vegna áður gerðra breytinga á 27. gr. laganna.
Ákvæði b-liðar er til samræmis við breytingar á 92. gr. laganna, sbr. 19. gr. frv.

Við 34. gr.

Breytingin er til samræmis við breytingar á 66. gr. laganna, sbr. 16. gr. frv.

Við 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um könnun á fjárhagsvanda vegna húsnæðismála.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Skúli Alexandersson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram könnun á fjárhagsvanda þeirra sem byggt hafa eða keypt íbúðarhúsnæði á s. l. fimm árum.

Eftirfarandi þættir skulu rannsakaðir:

A. *Umfang vandans:*
   1. fjöldi þeirra sem skulda svo háar upphæðir að óviðráðanlegt sýnist í hlutfalli við tekjur og tekjumöguleika,
   2. fjöldi þeirra sem nú þegar eru í vanskilum vegna húsnæðislána,
   3. fjöldi þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með að standa í skilum á húsnæðislánum,
   4. hvenær bygging hófst eða kaup áttu sér stað,
   5. fjöldi þeirra sem ætla má að lendi í erfiðleikum með greiðslur húsnæðislána á næstu missirum að launum og lánskjörum óbreyttum,
   6. fjöldi auglýstra og framkvæmdra nauðungaruppboða á íbúðarhúsnæði á síðustu fimm árum,
   7. áhrif þróunar lánskjaravísitölu og launa á síðustu fimm árum á greiðslubyrði vegna húsnæðislána.

B. *Hvaða þjóðfélagshópar eiga í mestum erfiðleikum:*
   1. hvaða starfsstéttir eiga í mestum greiðsluvanda vegna húsnæðislána og
   2. hvaða aldurshópar,
   3. hvaða þjóðfélagshópar eru líklegastir til að eiga í erfiðleikum með að afla viðunandi húsnæðis á næstu árum miðað við núverandi aðstæður,
   4. hvaða tekjur eru nauðsynlegar fjölskyldu til að raunhæft sé að ætla henni að eignast hæfilegt íbúðarhúsnæði miðað við núgildandi lánskjör og greiðsluskilmála.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands verði falið að annast könnunina og ljúka henni fyrir 1. mars 1986. Niðurstöður verði tafarlaust lagðar fyrir Alþingi.

Ríkissjóður greiði kostnað við könnunina.

Greinargerð.

Íslendingar eru í þeirri séstöðu gagnvart flestum, ef ekki öllum, öðrum þjóðum að mikill meiri hluti landsmanna býr í eigin húsnæði. Skipulagðar byggingar leiguhúsnæðis eru nær óþekktar, leigumarkaðurinn byggður upp af handahófi og þess vegna ótryggur og óviðunandi. Húsaleigulög, sem sett voru fyrir nokkrum árum, hafa litlu breytt þar um. Vafalítið kjósa flestir landsmenn að eignast eigið húsnæði, enda hafa stjórnvöld ekki markað neina aðra stefnu í húsnæðismálum. Ágreiningur er um aðrar leiðir eins og viðbrögð við fyrirhuguðum búseturéttaríbúðum sýna. Byggingarsjóður verkamanna hefur um áratugaskeið verið eina von láglaunafólks til að eignast húsnæði, en hann hefur hvergi nærri getað sinnt eftirspurn. Allur þorri manna hefur því orðið að leggja á sig þunga skuldabagga í langan tíma til þess að hafa þak yfir höfuðið.

Þessi skuldabaggi hefur jafnan verið þungur, en ljóst er að nú stefnir í óefni. Um fátt er meira rætt í þjóðfélaginu um þessar mundir en fjárhagsörðugleika manna vegna húsnæðislána svo að yfir fólki vofir að missa húseignir sínar. Fjöldi nauðungaruppboða var í september s. l. orðinn meiri en allt árið 1984 og segir það sína sögu. Sé ástandið orðið á þann veg að gjaldþrot blasi við fjölmörgum fjölskyldum í landinu er vandinn ekki lengur einkamál þess fólks heldur þjóðfélagsvandamál sem stjórnvöldum ber að leysa.

En til þess að stjórnvöld fái ráðið við þetta vandamál er nauðsynlegt að þau hafi yfirsýn yfir umfang vandans, hvaða þjóðfélagshópar eru harðast leiknir vegna hans og hvað til þurfi að koma svo að hann verði leystur. Allt of oft er gripið til aðgerða hér á landi gegn vanda sem ekki er fyllilega ljóst hvers eðlis er og því verður árangur lítilsverð skammtímalausn. Til þess er þáltill. flutt að nauðsynleg vitneskja fáist um það hve alvarlegt vandamál blasir við í húsnæðismálum þjóðarinnar á næstu árum. Það er tími til kominn að mönnum verði gert kleift að hafa þak yfir sig og sína án þess að þeir hætti til þess lífi og heilsu, en vaxandi hópur fólks bugast nú undir því aukaálagi sem vonlítil eða vonlaus fjárhagsstaða einstaklingsins er og verður að leita hjálpar í heilbrigðiskerfinu. Þessari fullyrðingu er ekki mótmælt í sjúkrastofnunum.

Hér er því um að ræða vandamál sem snertir ótal þætti þjóðlífsins. Nægir að nefna börn sem ekki hljóta þá umönnun sem skyldi vegna mikillar fjarveru foreldra sem eru tilneyddir að skila óhóflega löngum vinnudegi og er ófyrirséð hver áhrif slíkt kann að hafa í framtíðinni. Menn skulu hafa í huga að vandamál og lífsflótti barna og unglinga verða ekki til að ástæðulausu. Og víst er að það væri rannsóknarefni hversu margar vinnustundir tapast í atvinnulífinu vegna hlaupa manna milli stofnana til að leita næsta haldlítilla lausna á fjárhagsvanda sínum, þó að ekki sé lagt til hér að slík rannsókn fari fram. Þá ætti dræm sala fasteigna nú að vera umhugsunarefni og er vafalítið áhyggjuefni þeim sem festu fé sitt í fasteignum í trausti þess að þannig væri ávöxtun þess best tryggð.

Flm. telja að mikilvægt sé að gera nú þegar ráðstafanir til að kanna hvert ástand þessara mála raunverulega er. Eðlilegt verður að telja að félagsvísindadeild Háskóla Íslands verði falið þetta verk og mun ekkert vera því til fyrirstöðu að því verki yrði lokið á tilsettum tíma. Minna má á að stefnt hefur verið að því að sú þekking og rannsóknaraðstaða, sem þar er fyrir hendi, verði nýtt í þágu atvinnulífs og þjóðlífs í auknum mæli. Sjálfsagt er að höfð verði samvinna við þá milliþinganefnd um úrbætur í húsnæðismálum er nú situr, og aðra þá aðila sem upplýsingar hafa er nýst gætu í könnuninni.

Mikilvægt er að þessi könnun geti hafist sem fyrst. Um það ættu allir stjórnmálaflokkar að geta verið sammála.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir, Helgi Seljan, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að undirbúin verði og framkvæmd eftirfarandi atriði til úrbóta í umhverfismálum og náttúruvernd:

1. Í tengslum við endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfisverndar sameinuð í einu ráðuneyti ekki síðar en í árslok 1986.
2. Undirbúin verði löggjöf um umhverfismál sem sérstaklega taki til mengunarvarna á landi, í sjó og í lofti, svo og framkvæmdaáætlun um að draga úr mengun frá frárennsli og verksmiðjum.
3. Endurskoðuð verði lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m. a. til samræmis við nýja löggjöf um mengunarvarnir (skv. 2. lið) og breytta yfirstjórn umhverfismála (skv. 1. lið).
4. Lagt verði fyrir yfirstandandi Alþingi í tæka tíð til afgreiðslu frumvarp til nýrra laga um náttúruvernd sem undirbúið hefur verið á vegum Náttúruverndarráðs og stjórnvalda.
5. Gripið verði til samræmdra aðgerða til verndar gróðri með friðun og hóflegri nýtingu, m. a. í tengslum við breytta búskaparhætti, og komið á virkri stjórn og eftirliti í þessu skyni. Næsta landgræðsluáætlun (1986—1990) verði mótuð með hliðsjón af slíku endurmati og nýjum viðhorfum.
6. Auknar verði rannsóknir á dýrastofnum á landi og í sjó við Ísland og tryggt að við nýtingu þeirra og verndun sé tekið mið af vistfræðilegum sjónarmiðum.
7. Gert verði átak í skipulagsmálum með lagabótum og með langtímasjónarmið í huga og tekið tillit til þess að landið allt er skipulagsskylt. Bætt verði hið fyrsta úr vöntun á kortum og öðrum undirstöðugögnum svo að unnt sé að koma við nútímalegum vinnuaðferðum við undirbúning og gerð skipulagstillagna.
8. Náttúruverndarráð undirbúi í samráði við yfirvöld orkumála áætlun um verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, fossa og hvera. Slík áætlun verði lögð fyrir Alþingi til kynningar og staðfestingar.
9. Mótuð verði opinber stefna í ferðamálum sem feli í sér nauðsynlegar verndaraðgerðir fyrir náttúru landsins með tilliti til breyttra samgönguhátta og aukins ferðamannastraums.
10. Aukin verði fræðsla um íslenska náttúru, umhverfisvernd og auðlindir í fjölmiðlum og skólum, m. a. með því að nýta söfn, friðlýst svæði og náttúrulegt umhverfi við þéttbýli með skipulegum hætti í þessu augnamiði.

Ríkisstjórnin láti gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun til næstu 10 ára um æskilegar úrbætur samkvæmt ofangreindu og leggi hana fyrir næsta reglulegt Alþingi til að auðvelda stefnumörkun og fjáröflun í þessu skyni.

Greinargerð.

Eftir mikla vakningu í umhverfismálum um 1970 og fram eftir síðasta áratug, sem m. a. birtist í lagabótum, margefldum umsvifum Náttúruverndarráðs og þróttmiklu starfi áhugafélaga um náttúruvernd, hafa umhverfis- og náttúruverndarmál lent í öldudal. Má segja að nú ríki ládeyða á þessu sviði miðað við það sem var fyrir nokkrum árum. Birtist hún m. a. í minnkandi fjárveitingum til þessara mála, svo sem til Náttúruverndarráðs og til landgræðsluáætlunar.

Að mati flutningsmanna stafar þessi öfugþróun m. a. af því að ekki hefur verið komið á nauðsynlegum endurbótum í stjórnkerfinu varðandi umhverfismál með því að sameina í einu ráðuneyti málaflokka á þessu sviði. Þannig er ábyrgð í umhverfismálum og náttúruvernd nú dreift á flest ráðuneyti og enginn einn ráðherra er öðrum fremur talsmaður umhverfismála. Nauðsynlegar lagabætur í mikilvægum málaflokkum hafa dregist úr hömlu og fjárveitingar til framkvæmda og eftirlits á grundvelli gildandi laga og reglugerða verið alls ónógar.

Í þingsályktunartillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma mörg þau atriði sem brýnust eru á sviði umhverfismála og náttúruverndar og móta áætlun um aðgerðir til næstu 10 ára. Verði sú áætlun lögð fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Tillagan tekur m. a. mið af ályktunum síðustu náttúruverndarþinga (fylgiskjal I) og ítarlegri samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóvember 1983 um umhverfisvernd og auðlindir (fylgiskjal II).

Sú leið er valin með flutningi tillögunnar að benda á marga þætti, þar sem skórinn kreppir, í stað þess að flytja um þá sjálfstæðar tillögur. Er þá haft í huga að óvíða er jafnmikil þörf á góðri yfirsýn og á sviði umhverfismála og því æskilegt að Alþingi fjalli um þessi mál í samhengi. Flutningsmönnum er ljóst að ábendingar í tillögunni eru engan veginn tæmandi og þess er að vænta að í meðferð þingsins bætist sitthvað við sem réttmætt er að taka inn í þennan áhersluramma.

1. Umhverfisráðuneyti.

Þrettán ár eru liðin frá því að náttúruverndarþing fyrst ályktaði um nauðsyn þess að meðferð umhverfismála í stjórnkerfinu yrði gerð skilvirkari og yfirstjórn helstu þátta umhverfismála sameinuð í einu ráðuneyti. Síðan hefur þetta verið áréttað á öllum náttúruverndarþingum og að stofnað verði sérstakt umhverfisráðuneyti.

Náttúruverndarráð beitti sér fyrir undirbúningi að þessu máli þegar á árunum 1974—75 og í framhaldi af því starfaði stjórnskipuð nefnd sem undirbjó frumvarp um umhverfismál. Var það fyrst flutt á Alþingi 1977—78 og hefur síðan ítrekað verið í endurskoðun innan stjórnkerfisins án þess löggjafinn hafi tekið af skarið. Á fylgiskjali III með þessari tillögu er að finna ábendingar um þá málaflokka sem eðlilegt er að mati flutningsmanna að falli undir umhverfisráðuneyti, svo og stofnanir sem eðlilegt er að tengist umhverfisráðuneyti í heild eða að hluta (fylgiskjal IV).

Á fylgiskjali III er einnig að finna skrá yfir helstu lög sem snerta umhverfisvernd og á fylgiskjali V er listi yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.

Af þessum gögnum má ljóst vera hvílík sundurvirkni nú ríkir í þessum málum og hversu brýnt er að úr verði bætt. Óhætt er að fullyrða að í samanburði við önnur lönd Vestur-Evrópu eru þessi mál í óvenjuslæmu horfi innan okkar stjórnkerfis. Í grannlöndum okkar, svo sem í Noregi, Danmörku og Englandi, voru stofnuð sjálfstæð umhverfisráðuneyti fyrir meira en áratug og varð tilkoma þeirra lyftistöng fyrir stjórn umhverfismála í þessum löndum.

Boðað er nú að flutt verði frumvarp til nýrra laga um Stjórnarráð Íslands á vegum ríkisstjórnarinnar. Hefur nefnd sú, sem fjallaði um málið, sett fram allróttækar hugmyndir

um breytingar á Stjórnarráðinu, m. a. um samruna ráðuneyta og stofnun nýrra. Þingflokkur Alþýðubandalagsins hefur komið tillögum sínum um, að yfirstjórn helstu þátta umhverfismála verði sameinuð í einu ráðuneyti, á framfæri við nefndina og að umhverfismál komi fram í heiti ráðuneytisins.

2. Mengunarlöggjöf.

Óvíða eru jafnmiklar gloppur í lögum er snerta umhverfismál og varðandi mengun á landi, sjó og í lofti. Ósamræmið í stjórnsýslunni og varðandi eftirlit er einnig hrikalegt á þessu sviði og vöntun á tengslum milli aðila sem fara með einstaka þætti mengunarmála. Þetta skýrist m. a. ef litið er á fylgiskjöl III—V.

Frárennsli frá íbúðarhúsnæði og atvinnurekstri er í miklum ólestri, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, og mengun frá iðnrekstri víða tilfinnanleg, m. a. frá fiskimjölsverksmiðjum. Sorphirðingu og sorpeyðingu er einnig víða áfátt í þéttbýli og strjálbýli.

Á þessum þáttum þarf að taka í löggjöf og með raunsæjum framkvæmdaáætlunum því að vandinn vex stöðugt á meðan ekkert er að gert. Hugsanlega þarf að marka sérstaka tekjustofna hjá sveitarfélögum til að tryggja úrbætur.

Áðurnefnt lagafrumvarp um umhverfismál, sem fyrst var flutt á Alþingi 1977—78, var viðleitni til úrbóta, svo og setning laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sem vikið er að hér á eftir.

3. Endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Með setningu laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og breytingum nr. 92/1984, var leitast við að ná fram meiri hagkvæmni á sviði hollustumála og fylla í eyður í löggjöf. Innan Hollustuverndar ríkisins er skv. lögum reynt að sameina „yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdar“ (sbr. 13. gr.). Stofnunin heyrir eins og framkvæmd laganna í heild undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti sem nýlega hefur sett reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (fylgiskjal XIV) í stað eldri reglugerðar frá 1972.

Í ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum er kveðið á um að þau skuli endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku og sérstaklega skyldi kanna innan þriggja ára frá gildistöku laganna um möguleika á frekari samræmingu löggjafar um þau mál sem lögin taka til.

Við nefnda endurskoðun laganna, sem væntanlega er nú unnið að á vegum stjórnvalda, er nauðsynlegt að hafa í huga þá endurskipan stjórnsýslunnar sem fjallað er um í 1. lið tillögunnar. Í tíð síðustu ríkisstjórnar komu í ljós verulegir annmarkar á núverandi skipan í sambandi við undirbúning að umhverfisráðuneyti.

4. Endurskoðun laga um náttúruvernd.

Á 3. náttúruverndarþingi 1978 var m. a. fjallað um endurskoðun laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og skorað á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því máli. Á 4. náttúruverndarþingi vorið 1981 var kynnt endurskoðað frumvarp að náttúruverndarlögum og samþykkti þingið samhljóða að mæla með því. Þremur hugmyndum um breytingar var vísað til athugunar Náttúruverndarráðs. — Frumvarp þetta var ekki lagt fram fyrr en seint á síðasta þingi og var vísað til nefndar. Hér er lögð áhersla á að frumvarp þetta komi fram snemma á yfirstandandi þingi þannig að unnt verði að lögfesta það fyrir þinglok.

5. Gróðurvernd.

Náttúruverndarþing 1984 samþykkti nokkrar ályktanir varðandi gróðurvernd, þar á meðal á hálendi landsins. Til staðar eru heimildir í lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, sem

ekki hefur verið beitt svo sem æskilegt væri, m. a. ákvæðum 21.—23. greinar um gróðurvernd og ítölu. Gróðurverndarnefndir, sem lögin kveða á um, hafa verið lítilvirkar með fáum undantekningum og þarfnast sú skipan gagngerrar endurskoðunar.

Þá skortir mjög á að fyrir liggi aðgengilegar upplýsingar um raunverulegt beitarþol afréttarlanda, þrátt fyrir mikið starf að kortlagningu gróðurlendis landsins á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nýting á fjármagni skv. landgræðsluáætlunum 1974—1985 hefur einnig verið gagnrýnd, og nauðsynlegt er að taka þau mál til róttækrar endurskoðunar við gerð næstu landgræðsluáætlunar (1986—1990).

Tryggja þarf að vegna breyttra aðstæðna í landbúnaði verði framar öllu tekið tillit til landgæða og ásigkomulags gróðurlendis og dregið úr eða útilokuð beit um lengri eða skemmri tíma á ofnýttum landsvæðum.

6. Nýting og verndun dýrastofna.

Fáar þjóðir eiga afkomu sína jafnmikið undir fiskveiðum og Íslendingar. Viðgangur fiskistofnanna er því eitt stærsta mál þjóðarinnar, en langtum minna fé og mannafla hefur verið varið til hafrannsókna en eðlilegt gæti talist. Sérstaklega skortir á víðtæka þekkingu á lífsskilyrðum á íslenskum hafsvæðum og vistfræði fiskimiðanna og yfirsýn varðandi einstaka nytjastofna.

Þetta á einnig við um aðra dýrastofna í sjó, t. d. bæði hvali og seli, sem mjög hafa verið umræddir hin síðari ár. Rannsóknir á þessum stofnum hafa verið ónógar og ráðist hefur verið í aðgerðir eins og fækkun sela í tengslum við hringorm í fiski án fræðilegrar undirstöðu og viðhlítandi rökstuðnings.

Svipuðu máli gegnir um fugla. Má þar nefna handahófskenndar tilraunir til að halda „vargfugli“ í skefjum, svo og gæsastofnum sem valda tjóni á ræktuðu landi.

Af landspendýrum má minna á íslenska refinn sem reynt hefur verið að halda í skefjum og útrýma með ærinni fyrirhöfn. Nú telja sumir æskilegt að friða refinn á vissum landsvæðum í tilraunaskyni og tengja þá aðgerð kerfisbundnum rannsóknum á stofninum. Átak hefur verið gert undanfarin ár til að auka þekkingu á hreindýrastofninum, en þær athuganir hafa lítil áhrif haft á stjórn veiða úr honum enn sem komið er.

Brýnt er að kerfisbundið verði fyllt í eyður á þekkingu manna á dýrastofnum og að tiltækri vitneskju sé síðan beitt við stjórn á nýtingu stofnanna. Þar þurfa vistfræðileg viðhorf að koma í stað fordóma og handahófs.

7. Skipulagsmál.

Vísað er til ítrekaðra tillagna á náttúruverndarþingum um skipulagsmál og til samþykktar síðasta Alþingis um landnýtingaráætlun (fylgiskjal VI).

Í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens hafði Svavar Gestsson félagsmálaráðherra frumkvæði að víðtækri endurskoðun á löggjöf um skipulagsmál. Þeirri endurskoðun á nú að vera lokið og frumvarp að nýjum skipulagslögum kemur væntanlega fljótlega fram á yfirstandandi Alþingi.

Til þessa hefur vinna að skipulagsmálum beinst nær eingöngu að þéttbýlisstöðum og allt of lítil tengsl verið á milli hagrænna og landfræðilegra þátta við mótun skipulags.

Náttúruverndarráð hefur með aðstoð áhugamanna um náttúruvernd lagt fram mikilsverðan skerf til skipulags utan þéttbýlis með friðlýsingum og skráningu náttúruminja (fylgiskjöl VII—VIII), en fjölda annarra þátta vantar inn í myndina til að unnt sé að móta heildstætt skipulag um landnotkun er taki til landsins alls. Þáttur í slíku skipulagi þarf að vera víðtæk landslagsvernd og reglur til að takmarka jarðrask og efnisnám og beina því á tiltekna staði sem valdir hafa verið í þessu skyni.

8. Verndun fossa og hvera.

Síðasta náttúruverndarþing ályktaði að flýta beri vinnu við forgangsröðun orkuframkvæmda. Í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif hugsanlegra virkjana og raða þeim í forgangsröð út frá víðtæku mati, m. a. varðandi áhrif á umhverfið.

Á vegum Náttúruverndarráðs hefur þegar farið fram mikil vinna og gagnaöflun til að flokka vatnsföll og fossa, jarðhitasvæði og einstaka hveri út frá verndargildi, svo og votlendissvæði og aðrar gróðurvinjar á hálendinu sem gætu orðið í hættu vegna vatnsmiðlana (sjá fylgiskjöl IX—XI). Sérstök samráðsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnaðarráðuneytis hefur fjallað um virkjanaáform og umhverfisáhrif, er þeim mundu fylgja, allt frá árinu 1972. — Þessir aðilar eiga því fljótlega að geta lagt fram áætlun um æskilega forgangsröðun virkjana og um leið verndaráætlun varðandi vatnsföll og jarðhitasvæði. Alþingi ætti síðan að staðfesta slíka áætlun og gefa þannig leiðbeiningar um rannsóknir og framkvæmdaáform til lengri tíma litið. — Í þessu sambandi má vísa til reynslu Norðmanna þar sem norska Stórþingið hefur friðlýst fjölmörg vatnsföll, sumpart um takmarkaðan tíma. Slík flokkun og mat af hálfu Alþingis á að geta komið í veg fyrir illvíg átök eins og þau sem við þekkjum m. a. úr Laxár- og Blöndudeilum.

9. Ferðamál og umhverfisvernd.

Vaxandi ferðamannastraumi fylgja margháttuð vandamál og hættur á fjölsóttum en viðkvæmum svæðum, ekki síst í óbyggðum. Vegslóðar, sem í upphafi voru lagðir fyrir smalamenn, veiðimenn eða rannsóknaraðila, eru fyrr en varir orðnir fjölfarnir af innlendum og útlendum ferðamönnum á kraftmiklum ökutækjum. Rallakstur ýtir undir aðra fullhuga að spreyta sig, einnig utan vega. Merkingum og leiðbeiningum er afar áfátt og eftirlit í molum.

Ferðamálaráð hefur lögum samkvæmt skyldum að gegna varðandi umhverfisvernd, en fjárráð eru takmörkuð og hagsmunaaðilar í ferðamálum gefa tóninn.

Að leiðsögumönnum og eftirlitsaðilum á áningarstöðum ferðamanna hefur verið illa búið og útlendir ferðahópar sniðganga sumir hverjir innlenda leiðsögumenn.

Friðlýst svæði eru víða afar illa undir það búin að taka við ferðamannastraumi, snyrtiaðstaða bágborin, gönguleiðir fáar og illa merktar.

Allt kallar þetta á stefnumörkun í ferðamálum með tilliti til umhverfisverndar. Þess þarf að gæta að uppbygging ferðamannareksturs verði ekki á kostnað viðkvæmrar náttúru landsins og fjármagn verði tryggt til nauðsynlegra aðgerða til að varna tjóni og truflun af völdum ferðamennsku.

10. Umhverfisfræðsla.

Fátt er mikilvægara til að ná árangri í umhverfisvernd en fræðsla og upplýsingar til almennings. Á undanförnum árum hefur verið gert átak í umhverfisfræðslu í grunnskólum, m. a. með bættu kennsluefni. Á þessu sviði má hins vegar ekki verða stöðnun og hlutur fjölmiðla og samtaka áhugamanna og opinberra stofnana skiptir hér miklu. Síðasta náttúruverndarþing fjallaði um umhverfisfræðslu og samþykkti allítarlega ályktun sem tekið er mið af í tillögugreininni. Nýting náttúrulegs umhverfis í byggð og óbyggð til umhverfisfræðslu er á byrjunarstigi hérlendis, en einmitt á því sviði er unnt að ná miklum árangri til að glæða skilning og móta afstöðu ungra og aldinna til umhverfisins. Tilraunir með slíka leiðsögn, sem gerðar hafa verið í þjóðgörðunum í Skaftafelli og á Þingvöllum, lofa góðu. Að sama marki beinast göngu- og skoðunarferðir á vegum ferðafélaga sem njóta vaxandi vinsælda.

Í umhverfisvernd gildir svipað og um heilsugæslu að fyrirbyggjandi aðgerðir skila bestum árangri og kosta minnst til lengri tíma litið. Sé brugðist við á þeim sviðum sem vísað

er til í þingsályktunartillögunni er unnt að bæta úr mörgu í umhverfismálum og náttúruvernd í tíð einnar kynslóðar. Alþingi þarf hér að vísa veginn og tryggja almannahagsmuni og verndun íslenskrar náttúru.

Fylgiskjöl:

1. Samþykktir náttúruverndarþings í apríl 1984.
2. Samþykkt landsfundar Alþýðubandalagsins í nóv. 1983 um umhverfisvernd og auðlindir.
3. Skrá yfir málaflokka og lög á sviði umhverfisverndar.
4. Minnisblað um frumvarpsdrög til laga um umhverfismál (30. apríl 1979).
5. Skrá yfir nokkrar stofnanir, ráð og nefndir sem fjalla um umhverfismál.
6. Þingsályktun um landnýtingaráætlun (22. maí 1984).
7. Friðlýst svæði — uppdráttur.
8. Náttúruminjaskrá — uppdráttur.
9. Fossar — verndartillögur.
10. Háhitasvæði — verndartillögur.
11. Votlendissvæði — verndartillögur.
12. Staðarvalsnefnd um iðnrekstur — skipunarbréf.
13. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum — þingsályktunartillaga, og ályktun Alþingis (13. júní 1985).
14. Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun (30. september 1985).
15. Mengun lofts og lagar — langtímabreytingar. Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn (10. apríl 1984).

Fylgiskjal I.

ÁLYKTANIR FIMMTA NÁTTÚRUVERNDARÞINGS
13.—15. apríl 1984 í Reykjavík.

Allar tillögur, sem lagðar voru fyrir þingið, voru teknar til umfjöllunar í einni eða fleiri hinna fjögurra nefnda sem störfuðu á þinginu, þ. e. mannvirkjagerðarnefnd, ferðamálanefnd, umhverfisfræðslunefnd og allsherjarnefnd, en þeirri síðastnefndu var skipt í tvennt vegna mikils fjölda tillagna er til hennar bárust. Nefndirnar ræddu þessar tillögur og lögðu síðan fyrir þingið til afgreiðslu.

Allar tillögurnar, sem lagðar voru fyrir þingið eftir umfjöllun í nefndum, voru samþykktar samhljóða utan tillögu um friðlýsingu Fossvogsdals, en hún var samþykkt með 45 atkvæðum gegn 12.

Hér á eftir fara allar ályktanir sem samþykktar voru á fimmta náttúruverndarþingi 1984.

Um beitarnýtingu hálendisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ályktar að sem best þurfi að tryggja að hinn viðkvæmi hálendisgróður verði aldrei ofnýttur. Tryggja þarf að búpeningur sé ekki rekinn á fjall fyrr en gróður er nægur og beitartími verði jafnan takmarkaður eftir árferði. Ein helsta forsenda þess er að nægilegum fjármunum verði varið til gróður- og beitarþolsrannsókna. Nú þegar liggja fyrir niðurstöður um „reiknað beitarþol“ margra hálendisvinja samkvæmt gróðurkortum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en ákvörðun á „raunverulegu beitarþoli“ er skammt á veg komin.

Náttúruverndarþing fer þess á leit við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að hún leggi sem fyrst fyrir Náttúruverndarráð yfirlit um stöðu beitarþolsrannsóknanna og áætli hversu langan tíma taki og hversu kostnaðarsamt verði að ljúka rannsóknum og ákvörðun á raunverulegu beitarþoli hálendisins, svo og annars úthaga í landinu. Sjá má árangur af ýmiss konar aðgerðum til að minnka beitarálag, t. d. með því að draga úr upprekstri stóðhrossa í afrétti og með styttingu á beitartíma, og sauðfé hefur fækkað verulega síðustu árin. Þó er rík ástæða til að vara við ofnýtingu hálendisgróðurs, ekki síst vegna hins kalda árferðis sem einkennt hefur síðustu ár.

Um landnýtingaráætlun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að flýta afgreiðslu tillögu til þingsályktunar um landnýtingaráætlun sem nú liggur fyrir þinginu (mál nr. 106, þingskjal 128).

Um verndun náttúrulegs gróðurs á friðuðum svæðum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 vekur athygli Náttúruverndarráðs á nauðsyn þess að í þjóðgörðum, á friðlöndum og fólkvöngum sé reynt að vernda náttúrulegan gróður eins og kostur er og verja hann áföllum og eyðingu.

Um sauðfjárveikivarnagirðingu á Kili.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 felur Náttúruverndarráði að kanna fyrirhugaðar breytingar á sauðfjárveikivarnagirðingunni á Kili og tryggja að hún samræmist náttúruverndarsjónarmiðum. Ef úr framkvæmd verður ber að kanna hvort unnt sé að friða hólfið sem myndast á milli gömlu girðingarinnar og hinnar nýju.

Um þjóðgarða í umsjá Náttúruverndarráðs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að þjóðgarðar, sem eru í umsjá ráðsins, njóti framvegis meiri verndar. Í því sambandi verði lögð áhersla á aukið eftirlit, betri umgengni og komið í veg fyrir búfjárbeit í þjóðgörðum.

Um náttúruvernd í landnámi Ingólfs.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að unnið verði að aukinni náttúruvernd í landnámi Ingólfs. Þingið hvetur sveitarstjórnir og samtök þeirra á svæðinu til þess að vinna skjótt að því máli í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Búnaðarfélag Íslands. Landnám Ingólfs er landfræðilega og félagslega sérstætt. Hefðbundinn landbúnaður er þar að víkja fyrir þéttbýli og öðrum landnotum. Samhliða aukinni náttúruvernd þarf að vinna að heildarskipulagi fyrir landnotkun á svæðinu og m. a. tryggja víðeðm útivistarsvæði og opnar gönguleiðir til fjalls og fjöru og koma í veg fyrir gróðureyðingu og óheft jarðrask.

Um friðlýsingu Fossvogsdals.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 samþykkir að skora á bæjaryfirvöld, sem eiga land í Fossvogsdal, að sameinast nú þegar um friðlýsingu dalsins sem útivistarsvæðis frá fjöru að vestan inn í Meltungu að austan.

Um framkvæmd laga um verndun Mývatns- og Laxársvæðisins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að veita á næsta ári nægt fé til rannsókna og verndunar Mývatns og Laxár, þannig að hægt verði að standa við lög og reglugerðir um verndun þessa svæðis. Felur þingið Náttúruverndarráði að sækja á þessu ári um fjárveitingar til ráðningar á líffræðingi við Rannsóknastöðina við Mývatn, fjárveitingar

til ákveðinna rannsókna þar og fé til að ljúka við endurbætur á gamla prestssetursbúsinu á Skútustöðum.

Um náttúruminjaskrá.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir eftirfarandi tilmælum til Náttúruverndarráðs:

Að náttúruminjaskrá verði kynnt ítarlega við næstu útgáfu og að þar komi fram m. a. hver staða skráningar náttúruminja er í landinu (eða einstökum landshlutum).

Að náttúruminjaskrá fylgi upplýsingar um tillögur til náttúruminjaskrár frá landshlutasamtökum um náttúruvernd og að Náttúruverndarráð fjalli um þær og gefi umsögn sem komi fram í skránum.

Að Náttúruverndarráð gefi umsögn um verndartillögur sem gerðar eru í framhaldi af sérstökum náttúruverndarkönnunum vegna ýmissa stórframkvæmda.

Að Náttúruverndarráð hvetji náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir enn frekar til þess að vinna að skráningu náttúruminja.

Um setningu laga um umhverfismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hraðað verði undirbúningi og setningu laga um umhverfismál og stofnun sérstaks ráðuneytis þar sem sameinuð verði yfirstjórn helstu málaflokka á sviði umhverfismála. Stefnt verði að því að slíkt ráðuneyti taki til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 1986 og fram að þeim tíma verði endurskoðaðir lagabálkar er varða umhverfisvernd.

Um friðun landsvæða fyrir beit.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að markvisst verði unnið að friðun landsvæða fyrir beit, bæði friðlýstra svæða sem til þess eru fallin og landsvæða umhverfis þéttbýlisstaði.

Um verndarlöggjöf fyrir vatnasvæði Þingvallavatns.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 hvetur til þess að sett verði hið fyrsta verndarlöggjöf um allt vatnasvæði Þingvallavatns og stjórn náttúruverndarmála á svæðinu verði samræmd í samvinnu við Þingvallanefnd.

Þingið telur eðlilegt að þjóðgarðurinn á Þingvöllum verði settur undir stjórn Náttúruverndarráðs eins og aðrir þjóðgarðar en þinghelgin verði áfram undir stjórn Alþingis.

Um eftirlit með breytingum á loft- og sjávarmengun.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að skipulega verði fylgst með langtímabreytingum á mengun í lofti og á hafsvæðum við Ísland, m. a. vegna geislavirkra efna og efna er valda súrri úrkomu.

Um vistfræðilegar rannsóknir á fjörum og grunnsævi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að lögð verði áhersla á skipulagningu og framkvæmd vistfræðilegra rannsókna á fjörum og grunnsævi.

Sérstaklega verði rannsakað lífríki þeirra innfjarða sem ætla má að verði brúaðir á næstu árum og áhrif þeirra mannvirkja á það. Þar má til nefna: Kolgrafarfjörð og Álftafjörð á Snæfellsnesi, Gilsfjörð, Þorskafjörð í A-Barð., Dýrafjörð í V-Ís. o. fl. Nauðsynlegt er að þessum rannsóknum sé hraðað og þeim lokið áður en til framkvæmda kemur.

Um frið og útrýmingu kjarnorku.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að kjarnorkuvopnum verði útrýmt úr vopnabúri heimsins.

Stærsta ógn við náttúru jarðar og allt lífkerfi hennar er kjarnorkuváin. Afleiðingar kjarnorkuátaka yrðu ekki sambærilegar við nein vistfræðileg áföll í skráðri sögu mannkyns og mundu skilja eftir jörð eitraða af geislavirkni.

Þrátt fyrir þessa vitneskju rennur gífurlegt fjármagn til vaxandi kjarnorkuvígbúnaðar. Á meðan berst mannkynið harðri baráttu við gróðureyðingu, þurrka, hungur, sjúkdóma og fátækt.

Þingið beinir því til allra, sem vettlingi geta valdið, ríkisstjórna, samtaka og almennings, að vinna að friði í smáu og stóru í sátt við líf og land, himin og jörð.

Um Friðarviku 1984.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 tekur undir málstað FRIÐARVIKU 1984 og með öllum þeim sem af einlægni vinna að friði og afvopnun.

Um útivistarsvæði í þéttbýli.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar samþykkt síðasta þings um útivistarsvæði í þéttbýli svohljóðandi (sjá bls. 4 í viðauka í Skýrslu um störf Náttúruverndarráðs 1981—1984):

„Þingið beinir þeim tilmælum til sveitarstjórna og náttúruverndarnefnda að við skipulagningu verði tekin frá í þéttbýli rúm svæði með þarfir komandi kynslóða fyrir heilbrigt umhverfi og útivist fyrir augum. Minnir þingið á að ráðstöfun lands hefur áhrif um langa framtíð og að með auknum frítíma verður meiri þörf fyrir nálæg útivistarsvæði. Varar þingið eindregið við því að gengið sé á svæði sem í skipulagi hefur verið ætlað til útivistar. Jafnframt beinir þingið því til náttúruverndarnefnda að þær komi fólkvangsfriðun skv. náttúruverndarlögum á öll stærri útivistarsvæði í eða við þéttbýli."

Um lögfestingu friðlýsinga.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á Alþingi að staðfesta með lögum mikilvægar friðlýsingar sem nú eru ákveðnar með reglugerðum. Þannig yrðu t. d. sett sérstök lög um hvern þjóðgarð og aðra mikilvæga staði.

Um landvörslu á hálendinu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hið fyrsta verði komið á hreyfanlegri landvörslu, einkum á hálendinu og öðrum viðkvæmum svæðum. Þingið felur náttúruverndarráði að leita allra leiða, m. a. með viðræðum við dómsmálaráðuneytið og ferðamálaráð um þátttöku í kostnaði, til að slík varsla geti orðið að veruleika sem allra fyrst. Einnig telur þingið að auka þurfi staðbundna vörslu á friðlýstum svæðum frá því sem nú er, m. a. til að landverðir geti betur sinnt upplýsinga- og fræðsluhlutverki sínu og öðru eftirliti.

Um takmörkun á innflutningi torfæruökutækja erlendra ferðamanna.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á viðkomandi yfirvöld að setja reglur um takmörkun á innflutningi stórra torfæruökutækja útlendinga til ferðalaga hérlendis.

Um fræðslu fyrir erlenda ferðamenn.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að gerð verði ítarleg úttekt á skipulagi og umfangi fræðslustarfsemi fyrir erlenda ferðamenn við komu til landsins. Þingið telur að í kjölfar slíkrar úttektar sé æskilegt að Náttúruverndarráð starfi að úrbótum á þessu sviði í samvinnu við ferðamálaráð og aðra aðila.

Um herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir stuðningi við herferð ferðamálaráðs Íslands til bættrar umgengni um landið. Þingið telur að setja þurfi í löggjöf skýrari ákvæði um skyldur landeigenda til góðrar umgengni.

Um varðveislu náttúrufars á hálendi landsins.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur áherslu á að auknar ráðstafanir verði gerðar til að varðveita náttúrufar á hálendi landsins. Gróður- og jarðvegseyðing verði stöðvuð og unnið að endurheimt gróðurs jafnt á hálendi sem láglendi.

Þingið telur að öll landnot, s. s. búfjárbeit, ferðamennska, orkunýting og önnur mannleg afskipti, þurfi að vera með þeim hætti að landgæðum og svipmóti landsins verði ekki spillt.

Um álver við Eyjafjörð.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur á það áherslu vegna hugmynda um álver við Eyjafjörð að fyrir slíkar stórframkvæmdir beri jafnan að rannsaka vandlega umhverfið og líkleg áhrif þeirra á það og leita til fremstu sérfræðinga á því sviði.

Þingið beinir þeirri eindregnu áskorun til stjórnvalda að engar ákvarðanir séu teknar né samningar hafnir fyrr en að fengnum niðurstöðum úr slíkum rannsóknum.

Jafnframt minnir þingið á að þær niðurstöður geta verið háðar túlkun og þess vegna leggur náttúruverndarþing á það áherslu að haft sé fullt og reglubundið samráð við náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndir í heimahéraði um rannsóknir og framkvæmdir af þessu tagi.

Um undirbúning orkumannvirkja.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að við undirbúning orkumannvirkja er nú farið að huga miklu fyrr að líklegum áhrifum þeirra á umhverfi. Þannig telur náttúruverndarþing að strax í upphafi rannsókna þurfi að ganga úr skugga um umhverfisáhrif þeirra og raða þeim í forgangsröð eftir þeim áhrifum til samanburðar við forgangsröðun eftir öðrum sjónarmiðum. Þetta ætti að tryggja að fullt tillit sé tekið til umhverfisáhrifa til jafns við önnur sjónarmið þegar valið er milli kosta til nánari rannsókna og framkvæmda. Því þarf að flýta vinnu við endurskoðun á forgangsröðun á orkunýtingarkostum með hliðsjón af umhverfis- og náttúruvernd.

Náttúruverndarþing telur að sú reynsla, sem fengist hefur af samráði Náttúruverndarráðs og þeirra sem að mannvirkjagerð standa, sé afar mikilsverð. Þingið telur því rétt að við setningu nýrrar reglugerðar um náttúruvernd komi ákvæði sem byggi á þessari reynslu.

Um skipulagsmál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að hefja stórátak í skipulagsmálum með langtímasjónarmið í huga sem taki tillit til þess að allt landið er orðið skipulagsskylt og umsvif í strjálbýli og óbyggðum fara stöðugt vaxandi. Samræma þarf framkvæmdaáform opinberra aðila sem annarra og fella þau í eina skipulagslega heild þar sem tekið verði mið af æskilegri landnýtingu. Jafnframt þarf að tryggja reglulega endurskoðun á staðfestu skipulagi.

Um kortagerð vegna skipulagsvinnu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að bætt verði úr vöntun á nauðsynlegum kortum vegna skipulagsvinnu í dreifbýli og óbyggðum og Landmælingum Íslands falið að hafa forustu um þau efni. Jafnframt verði tryggð samræming á starfi þeirra aðila sem vinna að kortagerð í landinu.

Um friðlýsingu stórra ósnortinna landsvæða.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur brýnt að kannað verði hvar enn séu til staðar stór landsvæði ósnortin af akvegum, vegslóðum og öðrum mannvirkjum. Valin verði síðan nokkur slík óbyggðasvæði og þau friðlýst.

Um umhverfisfræðslu.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar aukinni fræðslu um umhverfismál í skólum og meðal almennings. Jafnframt leggur þingið áherslu á að aukinn verði þáttur náttúru Íslands og náttúruverndar í fræðslunni. Með því móti má efla virðingu og skilning landsmanna á náttúrlegu umhverfi og stuðla að skynsamlegri nýtingu á auðlindum lands og sjávar.

Náttúruverndarþing hvetur Náttúruverndarráð til að leggja aukna áherslu á útgáfu aðgengilegra fræðslu- og upplýsingarita fyrir skóla og bókasöfn þeirra. Einnig verði fræðsla um náttúru landsins aukin í fjölmiðlum. Þingið hvetur kennara til að notfæra sér námskeið skólarannsóknadeildar og Kennaraháskóla Íslands í umhverfisfræðslu og leiðsögn um vettvangsrannsóknir í nánasta umhverfi skólanna svo að þeir megi flytja þá fræðslu áfram til nemenda sinna.

Náttúruverndarþing telur að við skipulagningu byggðar þurfi að halda eftir opnum svæðum er sýni náttúrulegt umhverfi, s. s. fjörur, votlendi, tjarnir, holt og móar. Jafnframt hvetur þingið til að þannig verði gengið frá nánasta umhverfi skóla að það rækti með nemendum virðingu fyrir umhverfi sínu. Þá beinir þingið þeirri áskorun til sveitarfélaga að umhverfisfræðsla verði veigamikill þáttur í sumarstarfi barna og unglinga.

Náttúruverndarþing hvetur sveitarstjórnir og Náttúruverndarráð til að undirbúa í samvinnu við kennara fræðslu fyrir skólanemendur og almenning um áhugaverð svæði í byggð og óbyggð. Í því skyni verði gengið frá merkingum, göngustígum, fræðsluefni, verkefnum og vakin athygli á því sem örvar skilning á náttúru þessara svæða.

Um umhverfisfræðslu í þjóðgarðinum á Þingvöllum og í Alviðru.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir eindregnum stuðningi við þau áform Þingvallanefndar að stórauka umhverfisfræðslu í þjóðgarðinuum á Þingvöllum. Þá fagnar þingið þeirri ákvörðun Landverndar og Árnessýslu að stofna til umhverfisfræðslu að Alviðru í Ölfusi.

Um endurskoðun laga um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeim tilmælum til menntamálaráðherra og Alþingis að endurskoðuð verði hið fyrsta lög nr. 48/1965, um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands, með það að markmiði að slík starfsemi verði efld, m. a. með stuðningi ríkisins við náttúrufræðistofur í tengslum við náttúrugripasöfn landshlutanna. Vísað er til álitsgerðar nefndar sem menntamálaráðherra skipaði 1972 „til að gera athugun og gefa ráðuneytinu skýrslu um hvort æskilegt muni vera að koma á formlegum tengslum milli héraða- og bæjanáttúrugripasafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með hvaða hætti".

Minnt er á eitt hundrað ára afmæli Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1989 sem verðugt tilefni þess að henni verði fengið nýtt og hentugt húsnæði fyrir starfsemina þannig að hún geti starfað sem nútímalegt náttúrugripasafn og vísindastofnun sem glæðir áhuga og eykur skilning á náttúrunni og náttúruvernd í landinu.

Um rannsóknir á smáhvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnar að fé verði veitt til grundvallarrannsókna á smáhvölum hér við land, t. d. hnísu og háhyrningi, sbr. ráðleggingar Alþjóðahvalveiðiráðsins frá 1983 (IWC/34/4, bls. 45 og 47f).

Um rannsóknir á hvölum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 fagnar því að auknar hafa verið rannsóknir á hvölum hér við land á undanförnum árum. Bent er á að utanríkismálanefnd Alþingis lagði til hinn 2. febr. 1983 að hvalarannsóknir verði stórauknar, en þessu hefur ekki enn verið fylgt eftir með nauðsynlegum fjárveitingum. Náttúruverndarþing skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að efla enn verulega þessar rannsóknir á næstu árum og nýta þannig þau tækifæri sem gefast meðan hvalveiðar eru stundaðar. Þingið leggur áherslu á að jafnframt því að byggja á rannsóknum á veiddum hvölum verði einnig stundaðar í auknum mæli alhliða rannsóknir sem unnt er að stunda án veiða.

Um friðun dýralífs í Hornstrandafriðlandi.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 beinir því til Náttúruverndarráðs að það kanni leiðir til að friða allt dýralíf í Hornstrandafriðlandi.

Um setningu laga um selveiðar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 telur núverandi ástand í selveiðum algjörlega óviðunandi og óréttlætanlegt að leyfa útgerð á sel með skotvopnum hvar sem er, svo sem á friðlýstum svæðum og í látrum.

Náttúruverndarþing telur því aðkallandi að hraðað verði setningu laga um selveiðar hér við land. Varðandi frumvarp það, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, leggur þingið eindregið til að 3. gr. frumvarpsins verði breytt. Hún hljóðar í frumvarpinu svo:

„Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samráð við eftirtalda aðila um stjórn og skipulagningu selveiða, eftir því sem við á hverju sinni: Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands."

Lagt er til að 3. gr. verði orðuð svo, og er þetta orðalag í samræmi við það sem hin stjórnskipaða nefnd, er samdi frumvarpið, lagði til:

„Til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu um stjórn og skipulagningu selveiða skipar ráðherra nefnd til tveggja ára í senn og skal hún skipuð fimm mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, en einn án tilnefningar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar úr hópi þessara fimm manna.

Tillagna nefndarinnar skal leitað vegna setningar reglna og annarra ákvarðana er varða selveiðar og ber nefndinni að gera tillögur til sjávarútvegsráðuneytisins um hvað eina er hún telur ástæðu til í sambandi við stjórn og skipulagningu selveiða."

Að öðru leyti tekur þingið ekki afstöðu til frumvarpsins, enda ekki haft tækifæri til að kynna sér það.

Um notkun eiturefna til skordýraeyðingar.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 lýsir yfir áhyggjum vegna víðtækrar notkunar hættulegra eiturefna til skordýraeyðingar og hvetur til notkunar hættuminni aðferða til að minnka tjón af völdum skordýra.

Um mikilvægi lífríkis Þjórsárvera.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 ítrekar sérstöðu og mikilvægi lífríkis Þjórsárvera og beinir þeim eindregnu tilmælum til virkjunaraðila að hlífa friðlandi veranna. Enn fremur skorar þingið á Alþingi að lögfesta friðlýsingu Þjórsárvera.

Um friðland í Þjórsárverum.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 leggur til að friðlandið í Þjórsárverum verði tilnefnt á skrá Ramsar-samþykktarinnar um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi.

Um frárennslismál.

Fimmta náttúruverndarþing 1984 skorar á sveitarstjórnir og stjórnvöld að marka heildarstefnu í frárennslismálum á sama hátt og almennt tíðkast hjá menningarþjóðum þar sem ástand í frárennslismálum á höfuðborgarsvæðinu og reyndar landinu öllu er óviðunandi.

Náttúruverndarþing bendir á að með lögum nr. 67/1981 var staðfestur alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum þar sem fjallað er um almenna skyldu aðildarríkja samningsins til að draga sem mest úr mengun sjávar, þar með talin mengun frá landi um holræsi. Áhersla verði lögð á að varðveita lífríki fjöru og fjöruborðs um leið og komið verði í veg fyrir mengun sjávar og ferskvatns.

Fylgiskjal II.

SAMÞYKKT LANDSFUNDAR ALÞÝÐUBANDALAGSINS Í NÓV. 1983 UM UMHVERFISVERND OG AUÐLINDIR

straumnum niður með Austur-Grænlandi. Talið er að það taki efnin 8—10 ár að berast þessa leið. Af hálfu Hollustuverndar ríkisins er fylgst náið með þróun þessara mála.

Í þessu svari er stuðst við upplýsingar frá Siglingamálastofnun ríkisins, mengunarvarnadeild, og geislavörnum innan Hollustuverndar ríkisins.

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem fram koma í svari hans. Þær bera í fyrsta lagi vott um að mengun geislavirkra efna og sýring sé ekki nálægt hættumörkum og er það vissulega ánægjuefni. Hitt er áhyggjuefni að um aukningu er að ræða á geislavirkum efnum á hafsvæðum sem tengjast straumakerfinu við Ísland. Við höfum lengi talið okkur í nokkrum sérflokki varðandi mengunarmál og hælst um af hreinu vatni og tæru lofti. Það eru vissulega gæði sem við þurfum að standa mjög fast vörð um, ekki síst sem matvælaframleiðsluland og einnig í ljósi þess að lífríki á norðlægum slóðum er viðkvæmara fyrir mengun en gerist á suðlægari slóðum, þar sem ýmsar aðstæður fyrir líf eru hagstæðari.

Ég tel að brýna nauðsyn beri til þess að samræma tök íslenskra stjórnvalda á þessum málum, því að eins og kom fram í svari hæstv. ráðh. þá eru það fleiri en ein og fleiri en tvær stofnanir sem sinna þessum málum. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að samvinna milli þeirra er engan veginn með þeim hætti sem æskilegast væri. Sumar þessara stofnana, eins og t. d. Veðurstofa Íslands, hafa sinnt þessum verkefnum, sumpart með tilstyrk erlendra aðila og fyrir hvatningu erlendis frá og hafa ekki fengið sérstakt fjármagn til þess að vinna að þessum málum. Það mun gilda að ég hygg um Veðurstofu Íslands.

Siglingamálastofnun, sem ber ábyrgð á eftirliti með mengun sjávar, hefur kvartað undan því að hafa ónóg ráð til þess að fylgjast með í þessum efnum enda verið leitast við að spara í rekstri stofnunarinnar að undanförnu að ég hygg.

Ég held að við þurfum að gæta þess, jafnframt því sem fullrar hagsýni er gætt, að þrengja ekki svo að þeim aðilum sem eiga að rækja eftirlit varðandi mengun lofts og lagar að ekki sé um fullkomna upplýsingasöfnun að ræða miðað við þau tæki og tækni sem við ráðum yfir í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. nefndi það, að nú væri búið að gera áætlun um athuganir á mengun í Norðurhöfum á vegum þeirra þjóða sem standa að Oslóar-samkomulaginu og Parísar-samkomulaginu um mengun sjávar og fyrirhugað sé að Íslendingar gerist aðilar að þessu starfi. Ég fagna því vissulega að svo er og vænti þess að þær athuganir verði með þeim hætti, að Íslendingar geti haft af þeim sem fyllst gagn.

Ég nefndi í inngangsorðum mínum umhverfismál og stjórnun þeirra og fyrirhugaða löggjöf. Fyrr í vetur var hæstv. félmrh. inntur eftir því hér á þingi hvenær mætti vænta frv. til laga um umhverfismál. Það mun hafa verið í öndverðum febrúarmánuði. Hæstv. ráðh. taldi þá líklegt að frv. um þetta efni kæmi fram á þingi snemma í mars eða í öllu falli í marsmánuði. Mars er nú liðinn og kominn apríl. Ég vek athygli á þessu vegna þess að með slíkri löggjöf þarf alveg sérstaklega að taka á þeim málum sem varða mengunarmálefni og fylla í þær eyður sem eru í okkar löggjöf.

Ég vil að endingu þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og treysti honum til þess að stuðla að endurbótum á þessu sviði varðandi mengunarrannsóknir, ekki síst rannsóknir til lengri tíma þannig að Ísland fái haldið stöðu sinni sem eitt af þeim tiltölulega fáu löndum jarðar, þar sem mengun er tiltölulega lítil og undir hættumörkum. Það þarf að vera okkar takmark.

Heilbr.- og trmrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil taka það fram að ég hef mikinn hug á því að þessi ráðuneyti bæði fylgist vel með í þessum efnum og við höfum í hyggju að eiga náið samstarf við erlend aðildarríki að þeim tveimur alþjóðasamningum sem fyrr er getið þannig að Ísland taki þátt í því verkefni sem ég ræddi um. Gera megi ráð fyrir að mælingar hér við land geti nokkuð endurspeglað hin náttúrlegu mörk mengunar í sjó. Við tökum þátt í þessu alþjóðasamstarfi. En það er hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þessar stofnanir sem hér eiga hlut að máli hafa ekki fengið nægilegt fjármagn á liðnum árum og ekki nú og eru illa settar til þess að auka starfsemi sína á þessu sviði. Við erum að vísu ólíkt betur settir í þessum efnum en þjóðir á meginlandi Evrópu en það breytir því ekki að okkur ber að halda vöku okkar og fylgjast með því sem er að gerast því að hættan er nálægt okkur þó að við séum ólíkt betur á vegi staddir en þessar þjóðir.

Björn Dagbjartsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargott svar. Því er ekki að neita að geislavirkni í hafi er visst áhyggjuefni hvort sem hún stafar af vinnslu geislavirkra úrgangsefna á Bretlandseyjum eða slysi sem gæti orðið t. d. á kjarnorkuknúnum kafbát einhvers staðar í hafinu. Það er ekki vegna þess að kjarnorkuknúnir kafbátar muni geta valdið sprengingu heldur getur leki af geislavirkni í hafinu í nágrenni Íslands haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sölu okkar á fiskafurðum.

Á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins höfum við reiknað með því, því að það eru fleiri en þessar tvær stofnanir sem taldar voru upp sem telji sér málið skylt, við höfum reiknað með því að fyrr eða síðar yrðum við að vera í stakk búnir til þess að geta mælt geislavirkni í fiskafurðum hvenær sem þess er krafist. Mér er ekki kunnugt um hversu mikils búnaðar er þörf en ég hef við lauslega áætlun talið að hann sé ekki mjög mikill. Hitt er alveg laukrétt að mjög nauðsynlegt er að þarna sé einhver samræmd afstaða og aðstaða og alger óþarfi að margar stofnanir séu að grautast í þessu í einu.

Við höfum, eins og reyndar kom fram, í mörg ár fylgst með þungmálmamengun og reyndar einnig í sambandi við þessar DDT-mælingar frá 1970, það litla sem gert var. Ég get fullyrt það að vottorð um að engra þungmálma sé að vænta í íslenskum fiskafurðum hafa haft sitt að segja við sölu á þessum afurðum. Þetta getur hvenær sem er átt við um geislavirkni líka.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og Jafnréttisráði í framhaldi af fullgildingu samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum að gera á því úttekt:

a. hvað einkum skorti á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast;
b. hvort og þá hvað það er í starfi skóla og annarra uppeldisstofnana, svo og fjölmiðla, sem einkum vinnur gegn jafnri stöðu kvenna og karla;
c. hvað einkum torveldar konum á vinnumarkaði að ná jafnræði á við karla og hvað veldur því að svokölluð kvennastörf eru ekki metin með eðlilegum hætti til launa;
d. hvaða breytingar á lögum, reglugerðum og öðrum opinberum tilskipunum sé rétt að gera til að markmið samningsins verði að veruleika;
e. hvaða ráðstafanir aðrar sé æskilegt að gera af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds og í dómskerfinu til að öll mismunun gagnvart konum hérlendis heyri sem fyrst fortíðinni til.

Til að fylgjast með þessari úttekt verði skipuð samráðsnefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi.

Félagsmálaráðherra skili fyrir árslok 1986 greinargerð til Alþingis um þessa úttekt og tillögum af sinni hálfu til úrbóta.

Kostnaður við þessa úttekt greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 13. júní 1985 samþykkti Alþingi að tillögu utanríkismálanefndar þingsályktunartillögu um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum og var það gert 18. júní 1985.

Í athugasemdum með tillögunni sagði m.a.:

„Samkvæmt 1. gr. samningsins er mismunun gagnvart konum skilgreind sem hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Í samningnum eru síðan ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að afnema mismunun gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum."

Samkvæmt 2. gr. samningsins er m.a. gert ráð fyrir að aðildarríkin hlutist til um án tafar „að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja" og „að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum".

Samkvæmt 3. grein skulu aðildarríkin „gera allar viðeigandi ráðstafanir á öllum sviðum, sérstaklega á sviði stjórnmála, félagsmála, efnahags og menningar, þar á meðal með lagasetningu, til þess að ábyrgjast fulla þróun og framfarir til handa konum í þeim tilgangi að

tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt og notið mannréttinda og grundvallarfrelsis".

Í 4. grein samningsins er m.a. kveðið á um svonefnda „jákvæða mismunun" sem „sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist ..." en jafnframt segir þar: „Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð."

Í 5. grein samningsins segir m.a. að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir „til að breyta félagslegum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna".

Í II. hluta samningsins er fjallað um ráðstafanir á stjórnmálavettvangi og opinberum vettvangi og í III. hluta hans um aðgerðir í menntamálum, atvinnumálum, heilsugæslu o.fl. Þar er meðal annars rætt um að tryggja konum sömu réttindi á sviði menntunar og t.d. bent á „útrýmingu viðtekinna hugmynda um hlutverk karla og kvenna á hvaða stigi sem er ... og sérstaklega með endurskoðun kennslubóka og námsáætlana og aðlögun kennsluaðferða". (10. grein). Þar er einnig rætt um „að lækka hlutfall þeirra stúlkna sem hætta námi og skipuleggja námsáætlanir fyrir stúlkur og konur sem ótímabært hafa hætt námi".

Ráðstafanir skal gera til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja m.a. „rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna" og „rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafngild og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu".

Til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og framfylgja raunverulegum rétti kvenna til vinnu eiga aðildarríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. „sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana". (11. gr.).

„Aðildarríkin skulu taka tillit til hinna sérstöku vandamála sem konur í dreifbýli eiga við að etja ... og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa séu virt gagnvart konum í dreifbýli." (14. gr.).

Þetta eru tilvitnanir í örfá atriði þessa samnings sem þó minna á fjölmargt af því sem gera þarf hérlendis og vikið er að í einstökum liðum þingsályktunartillögunnar (sbr. einnig fylgiskjöl með þessari greinargerð).

Sérstök nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (Efnahags- og félagsmálaráðsins), skipuð 23 fulltrúum frá aðildarríkjum, fylgist með og fjallar um framkvæmd samningsins og gefur árlega skýrslu til allsherjarþingsins. Eiga ríki, sem gerst hafa aðilar að þessum samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum, að leggja fyrir nefndina „skýrslu um lagalegar, réttarlegar, stjórnunarlegar og aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til að framfylgja ákvæðum samnings þessa og um þá þróun sem orðið hefur í þessu tilliti". Er gert ráð fyrir slíkri skýrslu innan eins árs frá gildistöku samningsins fyrir viðkomandi aðildarríki og síðan a.m.k. á fjögurra ára fresti. Úttekt sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, getur þannig orðið undirstaða að greinargerðum samkvæmt ákvæðum samningsins, um leið og henni er ætlað að skapa sem fyrst grundvöll og samstöðu um breytingar sem gera þarf á fjölmörgum sviðum hér innanlands til að afnema mismunun gagnvart konum.

Eðlilegt virðist að félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð hafi forustu um þá úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir og leiti álits þeirra mörgu aðila sem láta sig varða réttindamál kvenna.

Um leið og gert er ráð fyrir að úttektin verði unnin í nánum tengslum við Jafnréttisráð er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að greiða fyrir vinnu að henni með sérstöku framlagi úr ríkissjóði.

Til að tryggja samstarf við Alþingi um þessa úttekt gerir tillagan ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem í eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum. Gefa á nefndinni tækifæri til að fylgjast með vinnu að úttektinni frá byrjun og ætti það m.a. að greiða fyrir æskilegum lagabreytingum til að afnema mismunun gagnvart konum.

Svo brýnt sem það er að hraða vinnu að þessu máli virðist ekki raunsætt að gera ráð fyrir því að uppskera berist Alþingi fyrr en síðla næsta árs í formi greinargerðar og til að vinna að þessu máli til hlítar þarf eflaust lengri tíma.

Fylgiskjöl:

I. Ársverk og meðallaun eftir kyni 1983. Framkvæmdastofnun, febrúar 1985.
II. Könnun á stöðu íslenskra kvenna. Samanburður á árunum 1976 og 1984. Helstu niðurstöður. Höfundur: Fríða Björk Pálsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð. Maí 1985.
III. Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Helstu niðurstöður. Höfundar: Esther Guðmundsdóttir og Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir. Útgefandi: Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Maí 1985.
IV. Jafnrétti — eða hvað? Helstu niðurstöður könnunar jafnréttisnefndar Akureyrar. Maí 1984.
V. Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, nr. 69, 2. ársfjórðungur 1985. Helstu niðurstöður.
VI. Konur og stjórnmál. Yfirlit um fjölda kvenna í sveitarstjórnum 1982, á Alþingi eftir kosningarnar í apríl 1983 og í áhrifastöðum innan stjórnmálaflokkanna. Höfundur: Esther Guðmundsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð 1983.
VII. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 65/1985.

Fylgiskjal I.

ISLAND

ÁRSVERK OG MEÐALLAUN EFTIR KYNI 1983

NÚMER ATVGR.	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR ÁRSVERK	KARLAR M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	KONUR ÁRSVERK	KONUR M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	KARLAR+KONUR+ÓFLOKK. ÁRSVERK	KARLAR+KONUR+ÓFLOKK. M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.
11	LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
13	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
30	FISKVINNSLA	5327	284	4723	217	10171	252
31	MATVÆLAIÐNAÐUR	1997	285	1583	184	3586	240
32	VEFJARIÐNAÐUR	865	284	1506	182	2376	219
33	TRJÁVÖRUIÐNAÐUR	1429	258	146	172	1576	250
34	PAPPÍRSIÐNAÐUR	1170	319	686	215	1857	290
35	EFNAIÐNAÐUR	747	295	234	194	982	271
36	STEINEFNAIÐNAÐUR	722	306	120	195	844	290
37	ÁL OG JÁRNBLENDI	765	399	80	270	845	387
38	MÁLM- OG SKIPASMÍÐI	3164	301	265	181	3433	292
39	ÝMIS IÐNAÐUR	359	333	80	167	441	302
40	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
50	BYGGINGAR SEM ATV.REK.	7359	305	580	190	7968	297
51	BYGGINGAR Í EIGIN ÞÁGU	302	238	8	171	310	236
52	OPINBERAR FRAMKVÆMDIR	2460	288	356	156	2923	271
61	HEILDVERSLUN	3783	304	1640	209	5431	275
62	SMÁSÖLUVERSLUN	2897	276	4803	187	7722	221
63	VEITINGAR OG HÓTEL	736	267	1537	200	2291	221
71	FLUTNINGAR	5170	293	997	223	6171	285
72	PÓSTUR OG SÍMI	668	302	959	216	1627	251
81	PENINGASTOFNANIR	1061	357	1921	219	2983	268
82	TRYGGINGAR	378	376	420	214	797	291
83	ÞJÓNUSTA VIÐ ATV.REK.	1807	382	995	209	2808	320
91	OPINBER STJÓRNSÝSLA	3903	357	1853	205	5760	308
92	GÖTU- OG SORPHREINSUN	242	251	30	221	272	248
93	OPINBER ÞJÓNUSTA	5999	334	12489	216	18517	254
94	MENNINGARSTARFSEMI	1050	247	772	198	1827	226
95	PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA	2689	265	953	151	3650	235
96	VARNARLIÐIÐ	716	418	345	232	1060	358
	ATVINNUVEGIR						
	LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
	FISKVINNSLA	5327	284	4723	217	10171	252
	IÐNAÐUR	11218	301	4700	189	15940	268
	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
	BYGGINGAR	10121	299	944	177	11101	289
	VERSLUN	7417	289	7980	194	15434	240
	SAMGÖNGUR	5837	294	1956	220	7798	278
	BANKAR OG FL.	3246	373	3336	216	6588	293
	ÞJÓNUSTA	14600	324	16441	211	31087	264
	ATVINNUVEGIR ALLS	68920	308	44001	200	113579	265

Fylgiskjal II.

Fríða Björk Pálsdóttir

Könnun á stöðu íslenskra kvenna.

Samanburður á árunum 1976 og 1984.

Reykjavík 1985

12. Helstu niðurstöður könnunar Jafnréttisráðs

Almennar upplýsingar

Spurningalistar voru sendir til eða afhentir 560 konum á aldrinum 20-60 ára árið 1984. Konurnar voru úr Reykjavík, frá Patreksfirði, Húsavík, Egilsstöðum og úr dreifbýlinu. Svör bárust frá 300 konum eða 57,8%. Árið 1976 voru spurningalistar sendir til 387 kvenna á aldrinum 25-55 ára. Leitað var til kvenna á sömu stöðunum bæði árin. Heildarsvörunin árið 1976 var 73,4%.

Flestar voru konurnar 20 ára en flestir makarnir voru 35 ára eða 37 ára árið 1984.

Giftar konur voru 185, 48 konur voru í sambúð, 5 voru ekkjur og 16 fráskildar í seinni könnuninni. Þegar rætt var um sambúð var átt við vígða og óvígða sambúð. Árið 1976 voru 282 konur í vígðri eða óvígðri sambúð, ein var fráskilin og ein ekkja.

Konurnar hófu flestar búskap 20 ára og hið sama má segja um makana árið 1984.

Algengasta fjölskyldugerðin var sambúð með barn/börn og á það við um 65% kvennanna í seinni könnuninni.

Kjarnafjölskyldu tilheyrðu 82% svarenda og algengasta heimilisstærðin var 2-3ja manna heimili eða 4-5 manna heimili samkvæmt könnun Jafnréttisráðs. Ef litið er á heimilisstærðina bæði árin þá kemur í ljós að í Reykjavík var algengast að fjöldi heimilismanna væri 2-3ja manna heimili, á hinum þéttbýlisstöðunum 4-5 manna heimili og í dreifbýlinu 6-7 manna heimili.

Flestar konurnar ólust upp hjá báðum foreldrum sínum árið 1984 eða 88,6% þeirra og er það svipað hlutfall og árið 1976.

233 konur árið 1984 voru með börn á heimilinu og voru flest börnin á aldrinum 0-6 ára. Algengast var að þær væru með eitt barn á heimilinu. Árið 1976 voru flest börnin á aldrinum 11-15 ára.

Árið 1984 voru 12 aldraðir, 8 sjúklingar og 7 þroskaheftir á heimilum kvennanna. Auk þess var ein kona með aldraðan og þroskaheftan einstakling á heimilinu, ein var með sjúkling og þroskaheftan og ein svaraði því að sjálf væri hún fötluð.

Flestar konurnar voru í 100-199 fm húsnæði árið 1984 eða 55% þeirra. Einbýlishús var algengasta húsnæðisgerðin og á það við um alla staðina nema Reykjavík, en þar voru fjölbýlishús algengust. Um 74% kvennanna bjuggu í eigin húsnæði, um 15% voru í leiguhúsnæði og 8% í öðru t.d. foreldrahúsum. Húsnæði flestra þeirra var 5-14 ára gamalt. Bæði árin var algengast að konurnar væru í 100-199 fm húsnæði og í einbýlishúsum.

Árið 1984 var bifreiðaeign heimilismanna í 60,5% tilvika einn bíll á heimilinu. 87% kvennanna voru með bílpróf og 97,4% makanna. 74% svarenda óku að staðaldri árið 1984. Makinn ók oftar þegar þau fóru saman út að aka eða í um 66% tilvika. Árið 1976 voru hins vegar 72,2% svarenda með bílpróf og 76,1% kvennanna ók að staðaldri. Svipuð niðurstaða kom fram bæði árin varðandi það hvor aðilinn ekur oftar þegar þau fara saman út að aka.

Árið 1984 höfðu 48% kvennanna lokið stuttu námi fram yfir skyldu og 40,3% makanna höfðu verklegt framhaldsnám að baki. Háskólanám höfðu 9% kvennanna eða sambærilega menntun en 16,4% makanna. Einhleypar konur höfðu hlutfallslega lokið lengri skólagöngu en konur í sambúð. 30 svarendur voru í námi þegar könnunin fór fram og 4 makar. Fleiri konur reyndust árið 1984 en árið 1976 hafa lokið háskólanámi eða sambærilegri menntun (1,8% árið 1976 og 9,0% árið 1984) og mun færri konur voru með húsmæðraskólapróf í seinni könnuninni en í þeirri fyrri.

Heimilið

28,5% makanna höfðu enga undirstöðu haft fyrir heimilisstörfin en 4% svarenda árið 1984. Konurnar og makarnir lærðu í flestum tilvikum undirstöðu sína hjá móður sinni.

Flestar konurnar skipuleggja ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram eða tæplega 40% þeirra árið 1984. Svipað hlutfall kvenna skipulagði ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram árið 1976.

Árið 1984 áttu flestir svarendur hrærivél, ísskáp, frystikistu, sjálfvirka kaffikönnu, þvottavél, saumavél, ryksugu, síma, sjónvarp, útvarp og hljómflutningstæki eða höfðu aðgang að. Fáar konur áttu hins vegar eða höfðu aðgang að örbylgju-

ofni, blástursofni, myndbandstæki og heimilistölvu.

24 konur höfðu leitað til Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra og 16 konur höfðu ráðfært sig við Neytendasamtökin árið 1984.

Um 39% kvennanna saumuðu stundum til heimilisins árið 1984 og 39% saumuðu sjaldan eða aldrei. Fleiri konur prjónuðu hins vegar til heimilisins og sögðust 41% þeirra prjóna stundum og 34,3% alltaf eða oftast. Fleiri konur prjónuðu og saumuðu til heimilisins árið 1976.

88,7% kvennanna sögðust fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1984. Svipaður fjöldi sagðist fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1976 og í seinni könnuninni en verkaskipting sambýlisfólks varðandi fjármálin hefur hins vegar töluvert breyst á þessum átta árum. Konur sem sáu frekar eða alltaf um fjármál heimilisins árið 1976 voru 7,4% en árið 1984 16,4%, sem er rúmlega helmings aukning. Árið 1976 sáu 38% sambýlisfólks jafnt um fjármálin en 42% árið 1984. 49,3% makanna sáu frekar eða alltaf um fjármálin á heimilinu árið 1976 en 32,8% makanna árið 1984.

12 konur fengu utanaðkomandi hjálp við heimilisstörfin eða 4,0% árið 1984 en 9,6% árið 1976.

Konurnar leituðu oftast í bækur eða blöð ef vandamál komu upp varðandi matartilbúning. Varðandi húshald leituðu þær einkum ráða hjá móður eða maka. Flestar leituðu til makanna ef vandamál komu upp vegna barnauppeldis, persónulegra vandamála og fjölskylduvandamála.

Atvinna

Atvinnuþátttaka kvenna utan heimilis í þéttbýlinu reyndist vera árið 1984 77,7% og störfuðu hlutfallslega flestar utan heimilis á Húsavík (85,8%), en fæstar á Egilsstöðum (73,4%).

Launþegar í fullu starfi árið 1984 voru 38% og launþegar í hlutastarfi 29%. Konurnar á Húsavík voru hlutfallslega flestar í hlutastörfum, en konurnar í Reykjavík voru hins vegar hlutfallslega flestar launþegar í fullu starfi. Heimavinnandi konur voru um 15% og þar af 44,4% dreifbýliskvenna. Hlutfallslega voru fæstar heimavinnandi á Húsavík og í Reykjavík. Nemendur voru 7,7% og öryrkjar og atvinnulausar 1,6%.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á atvinnuþátttöku svarenda á þessum átta árum eins og tafla 12.1. ber með sér. Hlutfallslega hefur heimavinnandi fækkað og fleiri eru launþegar í fullu starfi og sem nemendur. Svipað hlutfall er hins vegar launþegar í hlutastarfi og sem sjálfstæðir atvinnurekendur bæði árin.

Tafla 12.1. Atvinnuþátttaka svarenda árin 1984 og 1976.

	Konur 1984		Konur 1976	
	fjöldi	%	fjöldi	%
Heimavinnandi	44	14,7	127	44,7
Launþegi í fullu st.	114	38,0	46	16,2
Launþegi í hlutast.	87	29,0	84	29,6
Sjálfst. atvinnurek.	21	7,0	22	7,7
Nemendur	23	7,7	4	1,4
Annað	5	1,6		
Ósvarað	6	2,0	1	0,4
Samtals	300	100,0	284	100,0

Flestar konurnar störfuðu sem almennt starfsfólk (39%) árið 1984, þ.e. við verslun og á skrifstofum, við skemmtanir og þjónustu, barnagæslu og heilsugæslu. Makarnir störfuðu hins vegar flestir sem faglært verkafólk eða verkstjórar (27%). Um 16% svarenda voru heimavinnandi en um 77% mæðra þeirra höfðu verið heimavinnandi þegar konurnar voru að alast upp.

58 konur sögðu tölvuvæðinguna hafa haft áhrif á störf sín árið 1984 eða 19% úrtaksins. Konurnar voru flestar hlynntar tölvuvæðingunni (44,3%), en margar konur voru einnig óákveðnar og völdu "veit ekki" valmöguleikann (33,3%).

231 kona (77%) voru í stéttarfélagi árið 1984, en 53 konur (17,7%) voru ekki í stéttarfélagi. Árið 1976 voru 68,4% kvennanna í stéttarfélögum. Fimm konur voru í búnaðarfélagi árið 1984 en þrjár konur árið 1976.

Flestum konunum líkaði vel eða mjög vel við störf sín (73,5%) árið 1984 og höfðu valið það vegna áhuga á starfinu.

105 konur tóku að sér aukavinnu og þar af tóku 19 konur aukavinnu með sér heim árið 1984. Flestar þeirra unnu yfirvinnu í tengslum við aðalstarf sitt. Árið 1976 tóku hins vegar 42 konur einhverja aukavinnu með sér heim.

Starfsaldur í núverandi starfi var hjá flestum konunum 0-5 ár (54,2%) árið 1984 og hið sama má segja um makana (38,8%).

83,3% kvennanna í seinni könnuninni sögðu útivinnuna samræmast heimilisstörfunum sæmilega eða illa eða hafa gert það.

13 konur vildu ekki vinna utan heimilis árið 1984 en 233 konur sögðust vilja vinna eða vinna utan heimilis. Árið 1984 vildu flestar þeirra vinna utan heimilis vegna tekna eða 29,2% þeirra. Árið 1976 vildu 34 konur ekki vinna utan heimilis.

Vinnutími

Vinnutími svarenda utan heimilis árið 1984 var í flestum tilvikum 26-40 klst. eða hjá 36,5% þeirra, en hjá mökunum 41-60 klst. (45,9%). Meðaltal vinnutímans utan heimilis hjá svarendum var 33,8 klst. á viku, en 46,5 klst. hjá mökunum. Meðalvinnutími kvenna starfandi utan heimilis í þéttbýli árið 1976 var 30,6 klst. á viku en 34 klst. á viku árið 1984. Meðalvinnutími maka í þéttbýli árið 1976 var hins vegar 52,9 klst. á viku en 47,4 klst. á viku árið 1984.

Vinnutíminn á heimilunum árið 1984 var yfir heildina lengri hjá konum en körlum bæði virka daga og um helgar. Meðaltalsvinnutími á heimilinu í seinni könnuninni var lengstur hjá konum í dreifbýlinu 38 klst. á viku, en stystur í Reykjavík 18 klst. á viku. Stystum tíma virtust makarnir í Reykjavík og á Patreksfirði eyða í heimilisstörf og barnauppeldi árið 1984, um 10 klst. á viku, en lengstur var vinnutíminn á Egilsstöðum um 17 klst. á viku. Árið 1976 störfuðu flestar konurnar (39 konur) 45-74 klst. á viku við heimilisstörf og barnauppeldi en árið 1984 eyddu flestar þeirra (92 konur) 1-29 klst. á viku í þau störf.

Samanlagður vinnutími kvennanna utan heimilis árið 1984 og á heimilinu var að meðaltali 58 klst. á viku, en makanna 53 klst.

Verkaskipting kynja á heimilinu árið 1984 kom í flestum tilvikum þannig út að konurnar sáu frekar eða alltaf um umönnun barna, matargerð, matarinnkaup, uppvask, þvott á fatnaði, ræstingu og hreingerningu á íbúðinni. Makarnir sáu hins vegar oftast frekar eða alltaf um umhirðu bifreiðar og smáviðgerð á húsnæðinu. Jöfnust var verkaskipting þeirra varðandi uppvask (í 32,6% tilvika) og að hátta og klæða börnin (29,2%). Ekki höfðu miklar breytingar átt sér stað að þessu leyti á þessum átta árum.

Tekjur

Flestar konurnar voru með tekjur á bilinu 10.000-20.000 kr. á mánuði árið 1984 eða 52% þeirra. Makarnir voru hins vegar flestir með 20.100-25.000 á mánuði eða 18%. 24,1% makanna voru með 30.100 eða meira á mánuði í tekjur en 1,5% kvennanna. Hæstu mánaðarlaun konu voru 39.600 en maka 100.000. Konur í þéttbýli voru að meðaltali með 47-63% af

mánaðartekjum makanna árið 1984. Árið 1976 voru þær hins vegar með 40-50% af mánaðartekjum makanna.

Árið 1984 fengu 44 konur greidda yfirborgun og 23 makar. Bílastyrki fengu 15 konur og 28 makar.

Aðrar greiðslur til kvennanna árið 1984 voru í flestum tilvikum meðlög, mæðralaun eða barnalífeyrir ef, um aðrar greiðslur var að ræða.

35% kvennanna töldu árið 1984 að ráðstöfunartekjur sínar dygðu sæmilega og 24,7% naumlega. Konur með tekjur á bilinu 15.100-20.000 svöruðu hlutfallslega oftast að ráðstöfunartekjurnar dygðu mjög illa eða illa. Konur með 25.100 eða meira voru mun ánægðari með ráðstöfunartekjur sínar en þær sem voru með lægri tekjur á mánuði.

Daggæsla

Niðurstöður seinni könnunarinnar sýndu að algengasta daggæsluformið var leikskóli (15%), leikskóli og dagmamma (14%) eða ýmis önnur ráð (29%), t.d. að barnið/börnin væru heima hjá föður og ömmu, hjá föður og í skóla, í vinnunni hjá svaranda. Var þetta þó eitthvað breytilegt eftir stöðum. Árið 1976 var algengast að barnið/börnin væru ein heima eða með öðrum (33,3%), hjá dagmömmu (15,7%) eða hjá ömmu sinni (15,7%). 41,4% barnanna voru hjá dagmömmu, í leikskóla, á dagheimili eða á gæsluvelli árið 1976 en 59,8% árið 1984. 9,6% kvennanna þurftu að nota sér ýmis önnur ráð árið 1976 en 29,3% kvennanna í seinni könnuninni.

Tómstundir

30% kvennanna vörðu 8-25 klst. í tómstundir á viku árið 1984. Flestar þeirra eyddu 6-11 klst. fyrir framan sjónvarpið, 0-6 klst. í það að hlusta á útvarpið og 0-3 klst. í dagblaðalestur á viku. 14% kvennanna sögðust nota sér myndbandstæki og vörðu þær flestar 1-3 klst. á viku í það. Um 12% kvennanna sögðust eiga myndbandstæki. Árið 1976 virtust tómstundir kvennanna almennt vera færri en í seinni könnuninni.

107 konur voru virkir þátttakendur í einhvers konar félagsstarfssemi og voru flestar þeirra í kvenfélögum. Árið 1976 voru 120 konur virkir þátttakendur í félagsstarfssemi og flestar þá einnig í kvenfélögum.

22 konur (7,3%) störfuðu í opinberum nefndum á vegum sveitarfélags síns árið 1984 og voru þær t.d. í bókasafnsnefnd, hreppsnefnd og barnaverndarnefnd. Árið 1976 voru 10,2% kvennanna í opinberum nefndum og voru þær í svipuðum nefndum og konurnar í seinni könnuninni.

Viðhorf

Árið 1984 álitu 66% kvennanna einhvers konar fræðslu æskilega fyrir heimavinnandi einstaklinga, en árið 1976 voru um 80% á þeirri skoðun.

49,3% kvennanna töldu æskilegt árið 1984 að konur í sambúð (með börn) stundi vinnu utan heimilis. Árið 1976 var hlutfallið 38% og 42,6% kvennanna álitu slíkt óæskilegt þá.

68% svarenda árið 1984 sögðu starfsþjálfun kvenna myndu auka sókn sambúðarkvenna í störf utan heimilis. Hlutfallið var svipað árið 1976 (69%). 67% kvennanna árið 1984 sögðu örugga barnagæslu myndu auka sóknina, en árið 1976 voru 72,5% kvennanna á þeirri skoðun.

Árið 1984 álitu 65% kvennanna að konur vildu taka á sig fjárhagsábyrgð til jafns við karla, en árið 1976 svöruðu 43,3% kvennanna að konur vildu taka á sig sömu ábyrgð.

83,7% svarenda árið 1984 töldu að stúlkur og piltar ættu að fá sams konar uppeldi án tillits til kyns, en 81% kvennanna voru á þeirri skoðun árið 1976.

Árið 1984 voru um 60% kvennanna á þeirri skoðun að konur og karlar væru jafn hæf til barnauppeldis og 19,3% álitu annað kynið vera hæfara. Árið 1976 töldu um 65% kvennanna kynin vera jafn hæf og um 11% þeirra sögðu annað kynið vera hæfara.

53,7% svarenda áleit konur og karla hafa sömu námsaðstöðu árið 1984, en 62% árið 1976.

Árið 1984 töldu 75% kvennanna jafnrétti kynja ekki ríkja á vinnumarkaðinum í dag varðandi vinnu og 79,3% þeirra varðandi laun. Mun færri konur voru á þessari skoðun árið 1976 eða 56% kvennanna varðandi vinnu og 51,4% varðandi laun.

Spurt var um álit kvennanna á tímabundnum forréttindum handa konum (jákvæða mismunun) varðandi störf/starfsveitingar og töldu 52% þeirra slík forréttindi vera óæskileg. Þessi spurning var ekki inni í könnun Kvennaársnefndar.

Fylgiskjal III.

STAÐREYNDIR UM STÖÐU KVENNA

Á VINNUMARKAÐNUM.

Esther Guðmundsdóttir og
Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir
tóku saman.

Útgefandi: Framkvæmdanefnd um launamál kvenna.
Vélritun: Helga Einarsdóttir.
Teikningar: Sólveig Hinriksdóttir.
Fjölritun: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar.
Reykjavík: Maí 1985.

INNGANGUR.

Allt fram til ársins 1961 var leyfilegt í sumum tilvikum að greiða konum lægri laun en körlum fyrir sömu störf en þá voru sett lög um launajöfnuð karla og kvenna, en samkvæmt þeim skyldu laun kvenna hækka í áföngum á árunum 1962-1967 til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofustörfum og skyldi fullum launajöfnuði náð 1. janúar 1967. Árið 1976 voru síðan sett lög um jafnrétti kvenna og karla þar sem m.a. er kveðið á um að þeim skuli greidd sömu laun fyrir "jafnverðmæt og sambærileg störf". Þar með var fullu lagalegu jafnrétti kynjanna náð á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir þessa lagasetningu ríkir enn töluverður launamunur milli kynja, misjafnlega mikill þó eftir aðstæðum.

Konur hafa ítrekað lýst því yfir að þær telji hlut sinn fyrir borð borinn í launamálum. Hefðbundin kvennastörf séu mun lægra metin en hefðbundin karlastörf og þar sem konur og karlar vinni sömu störf beri karlar mjög oft meira úr býtum en þær. Stofnun Framkvæmdanefndar um launamál kvenna haustið 1983 var því svar kvenna við þeirri óánægju sem ríkti þeirra á meðal með kjör sín á vinnumarkaðnum. Konur úr ýmsum áttum bundust samtökum um að gera átak og rétta hlut sinn. Að tilstuðlan Framkvæmdanefndarinnar var fljótlega hafist handa um söfnun tiltækra upplýsinga sem varpað gætu ljósi á stöðu kvenna í launamálum hér á landi og þá sérstaklega hvort og hve mikill launamunur ríkti milli kynja. Var undirrituðum falið þetta verkefni.

Það var ekki hugmyndin að gera nýjar kannanir heldur að vinna úr því efni sem fyrir lá. Efnisöflun og úrvinnsla fór að mestu leyti fram á tímabilinu október-desember 1983. Þá um áramótin voru lagðar fram bráðabirgðaniðurstöður og á grundvelli þeirra var útbúinn lítill blöðungur með nokkrum staðreyndum um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum sem dreift var á vinnustaði og víðar. Þar sem von var á nýjum upplýsingum um þessi mál þ.á.m. niðurstöðum launakönnunar Kjararannsóknarnefndar var ákveðið að bíða með að ljúka skýrslugerðinni um sinn. Meðal annars af þeim sökum hefur útkoma hennar dregist.

Við gerð þessarar skýrslu hefur verið leitað fanga víða og er hér með komið á framfæri þökkum til þeirra mörgu aðila, sem lögðu

lið við útvegun þeirra. Er hér bæði um ritaðar heimildir að ræða og óbirt efni af ýmsu tagi. Spannar það einkum tímabilið 1980-1984. Helstu heimildir eru þessar:

- Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, sem gera vinnutíma og launum verkamanna og verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks skil.
- Könnun Kjararannsóknarnefndar frá vetrinum 1983-1984.
- Rit Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn fyrir árin 1980-1982 og byggð eru á vinnslu upplýsinga af launamiðum.
- Efni frá Þjóðhagsstofnun um atvinnuþátttöku og meðalatvinnutekjur skv. skattframtölum. Svo og niðurstöður athugunar á launakjörum háskólamenntaðra manna á árinu 1983.
- Launakönnun Hagstofu Íslands, 1984.
- Ýmiss gögn frá launþegasamtökunum.
- Jafnréttiskannanir á vegum sveitarfélaga o.fl.

Úr fyrirliggjandi gögnum hafa verið unnar margvíslegar töflur og myndir, sem sýna samanburð kvenna og karla með tilliti til atvinnuþátttöku, vinnutíma, starfa og síðast en ekki síst launa. Er áhersla lögð á að töflur og myndir tali sínu máli með þeim skýringum sem þeim fylgja en jafnframt er reynt að draga fram í texta það helsta sem þar kemur fram. Hér er því aðallega um safn staðreynda að ræða án þess að lagt sé mat á það svo heitið geti.
Skýrslan skiptist í fjóra aðalkafla, atvinnuþátttöku, vinnutíma, störf og laun. Í viðauka er m.a. greint frá þróun laga er varðar launajafnrétti kynja og birt er yfirlit um þátttöku kvenna og karla í hinum ýmsu hagsmunasamtökum.
Verður hér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Atvinnuþátttaka.

Á undanförnum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna farið stöðugt vaxandi og er nú svo komið, að um 80% kvenna hafa einhverjar launatekjur, en 67% kvenna á aldrinum 15-74 ára eru virkar í atvinnulífinu, þ.e. vinna sem svarar 14 vikum eða meira á ári. Atvinnuþátttaka nær hámarki hjá giftum konum á aldrinum 45-49 ára en hjá körlum á aldrinum 35-49 ára. Athyglisvert er, að atvinnuþátttakan er mjög svipuð hjá giftum og ógiftum konum - en hvað landshluta snertir er hún heldur meiri utan Reykjavíkur en í höfuðborginni.

Fullt starf - hlutastörf - vinnutími.

Hlutastörf eru mun algengari hjá konum en körlum og árið 1982 voru 63% þeirra kvenna sem voru á vinnumarkaðinum í hlutastarfi en 37% í fullu starfi (40 vikur eða meira á ári).

Vinnutími kvenna utan heimilis er almennt styttri, eins og reyndar tölurnar um hlutastörfin bera með sér. Yfirvinna er fátíðari hjá konum (nema þeim sem vinna vaktavinnu). Á undanförnum árum hefur meðalvinnutími verkakvenna í fullu starfi verið á bilinu 43-44 klst. á viku en 51-54 hjá verkamönnum. En vinnudagur kvenna er ekki styttri en karla þegar á heildina er litið. Samkvæmt Jafnréttiskönnun í Reykjavík veturinn 1980-1981 kom fram að þegar lagður var saman vinnutími fólks heima og heiman var heildarvinnutíminn síst styttri hjá konum en körlum. Þar kom einnig fram að þáttur karla í heimilisstörfunum var litlu meiri, þegar konurnar voru í fullu starfi eða hálfu en þegar þær voru alveg heima.

Störf.

En hvaða störfum gegna konurnar á vinnumarkaðnum? Hér á landi sem víðast annars staðar einkennist vinnumarkaðurinn af tvískiptingu sem felst í því að annars vegar eru störf sem krefjast góðrar starfsþjálfunar, veita góð laun, atvinnuöryggi og framavonir. Hins vegar eru störf sem krefjast lítillar starfsþjálfunar, veita lág laun, litlar framavonir og í þeim er mikil hreyfing á fólki. Sú staðreynd, að fyrri hópinn fylli einkum karlar og þann síðari einkum konur er sjálfsagt engin tilviljun.

Með aukinni atvinnuþátttöku og menntun kvenna á síðustu árum hefur

starfssvið þeirra breikkað og konur hasla sér nú völl á æ fleiri sviðum. Af þeim gögnum sem fyrir liggja er þó ljóst að mjög stór hluti kvenna er annað hvort í ófaglærðum störfum eða almennum þjónustu- eða skrifstofustörfum. Lítill hluti þeirra er í störfum sem krefjast starfsmenntunar eða veita mannaforráð.

Laun.

Niðurstaðan af samanburði á launum kvenna og karla á grundvelli fyrirliggjandi gagna sýnir svo ekki verði um villst að verulega hallar á konurnar í launum.

Í þessari athugun hafa laun kynjanna verið borin saman á ýmsa vegu. Til að fá fram sem raunhæfasta mynd og til að draga úr þeim áhrifum sem hlutastörf kvenna og lengri vinnutími karla en kvenna geta haft á launamuninn hefur verið kappkostað t.d. að miða við þá sem eru í fullu starfi og við dagvinnulaun eftir því sem heimildirnar leyfa.

- Borin hafa verið saman dagvinnulaun (með eða án bónus) og einnig meðaltímakaup kvenna og karla meðal nokkurra starfsstétta eins og verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks og skoðað bæði með tilliti til höfuðborgarsvæðisins og utan þess.

- Þá var athugað hvernig skiptingu kynja er háttað eftir launaflokkum og í sumum tilvikum einnig eftir störfum hjá ríki, borg, bæjarfélögum og bönkum.

- Til eru ítarlegar upplýsingar um meðallaun á ársverk og hefur verið gerður samanburður á þeim eftir kynjum með hliðsjón af aldri þeirra og hjúskaparstöðu, atvinnugreinum og kjördæmum (ársverk samsvarar fullu starfi í 52 vikur).

- Bornar hafa verið saman atvinnutekjur karla og kvenna skv. skattframtölum eftir vinnuframlagi og atvinnustéttum.

- Borin hafa verið saman laun kynja eftir menntun og störfum.

- Ennfremur hafa laun háskólamenntaðra kvenna og karla verið skoðuð bæði þeirra sem starfa hjá ríkinu og hinna sem starfa á einkamarkaði.

- Loks má nefna, þó ekki sé þar með allt upp talið, að athugaður var hlutur kvenna í fastri yfirvinnu hjá hinu opinbera svo og hlutdeild þeirra í svokölluðum bílastyrkjum.

Launamunurinn sem fram kemur við allan þennan samanburð er mismunandi mikill eftir atvikum. Skulu hér tekin nokkur dæmi:

- Árið 1983 vantaði 7% á að verkakonur hefðu sambærilegt meðaltímakaup og verkamenn, en miðað við hreint tímakaup í dagvinnu (án bónus) var munurinn 13% en með bónus minnkaði hann í 2%.

- Samkvæmt launakönnun Kjararannsóknarnefndar á launakjörum meðal 14 aðildarfélaga ASÍ í lok árs 1983 voru meðaldagvinnutekjur fullvinnandi karla um 16% hærri en kvenna. Þá reyndust 44% fullvinnandi kvenna vera með dagvinnutekjur undir 13 þús. kr. á mánuði samanborið við 21% karla.

- Árið 1983 voru karlar við verslunarstörf með 29% hærra dagvinnukaup en konur.

- Árið 1983 voru karlar við skrifstofustörf með 30% hærra dagvinnukaup en konur.

- Meirihluti kvenna sem starfa hjá ríkinu, bæjarfélögum og bönkum eru í launaflokkum um eða undir miðju launastiganna.

- Meðallaun kvenna á ársverk eru hæst hjá ógiftum konum 25-44 ára og samsvara þau meðallaunum 15-19 ára pilta, 65-69 ára ókvæntra karla og 70-74 ára kvæntra karla.(1982)

- Konur ná hæstu hlutfalli af meðallaunum karla á ársverk í landbúnaði eða 86% en þar eru meðaltekjur karla langlægstar (1982).

- Árið 1982 voru meðalatvinnutekjur kvenna skv. skattframtölum 82 þús.kr. en karla 171 þús.kr. eða tvöföld laun kvenna. Aðeins 5,5% kvenna náðu þessum meðaltekjum karla.

- Af 19 atvinnustéttum framteljenda í fullu starfi árið 1982 náðu konur hæstu hlutfalli af launum karla í atvinnustéttinni kennarar og skólastjórar eða 69%.

- Meðalárstekjur kvenna í fullu starfi sem starfa á sjúkrahúsum, elliheimilum og barnaheimilum voru 136 þús.kr. eða 46% af meðaltekjum karla í sömu stétt.

- Meðal starfsmanna á einkamarkaði er launamunur kynja fyrir dagvinnu meiri hjá þeim háskólamenntuðu en hinum sem ekki hafa slíka menntun eða 47% á móti 37% skv. könnun Hagstofu Íslands árið 1984.

- "Heildarlaun" félagsmanna BHM skv. skattframtölum og eru í fullu starfi eru lægst í þeim félögum, þar sem konur eru meirihluti félagsmanna skv. könnun Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1983.

- Háskólamenntaðar konur í níu aðildarfél. BHM[1] og starfa hjá hinu opinbera eru með 68-83% af "heildarlaunum" háskólamenntaðra karla í þeim félögum en hér er eingöngu um starfsmenn í fullu starfi að ræða.

- Árið 1982 voru konur 15% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greidda fasta yfirvinnu. Fengu konur að meðaltali 13 þús.kr. en karlar 25 þús.kr.

- Þá voru konur 13,7% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greiðslu vegna bifreiða sinna árið 1982. Konur að meðaltali 6 þús.kr. en karlar 15 þús.kr.

Það vantar ekki að heimildirnar gefi til kynna verulegan launamun kynja eins og dæmin hér að framan sýna og er ljóst að það gildir einu hvort um faglærða eða ófaglærða er að ræða, háskólamenntaða eða þá sem minni menntun hafa. Konurnar standa ávallt höllum fæti.

---

[1] Önnur félög hér ekki meðtalin vegna fæðar annars hvors kyns.

Þó heimildirnar veiti mjög mikilvægar upplýsingar um hve mikill launamunur ríkir milli kynja er þeim takmörk sett með að brjóta hann til mergjar. Þær svara yfirleitt ekki spurningunni um hvernig samsetningu launanna er háttað svo fullnægjandi sé (nýjustu kannanir fara reyndar nokkuð inn á þá braut) svo að hægt sé að sjá hvert rekja megi launamuninn. Að hve miklu leyti það sé vinnutíminn, lengd starfsaldurs og menntun, mismunandi störf kvenna og karla og röðun þeirra á launaflokka, yfirvinnugreiðslur (þ.e. föst yfirvinna) yfirborganir og aðrar greiðslur umfram samningsbundna taxta sem skýri launamuninn svo dæmi séu tekin um þau atriði sem helst hafa verið nefnd til skýringar á launamuni kynjanna.

Í Noregi hafa menn reynt að nálgast launamuninn með athugun sem þar var gerð meðal hinna starfandi. Þar í landi eru laun kvenna 70% af launum karla. Niðurstaða könnunarinnar var sú að menntun skýrði fjórðung launamunarins, aldur, starfsaldur og starfsreynsla annan fjórðung og tegund starfsins og starfssvið enn einn fjórðung en svo var ekkert getið um þann fjórðung sem á vantaði.(13) Spurningin er hvort hann nái til mismunar á grundvelli kyns? Væri fróðlegt að sjá niðurstöður af sambærilegri könnun hér á landi.

Á Alþingi árið 1984 lýsti forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, sig reiðubúinn að beita sér fyrir gerð samanburðarkönnunar á launakjörum kvenna og karla í samráði við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað væri eftir upplýsingum um heildarlaun og samsetningu þeirra í einstökum atriðum svo og um starfshlutfall, starfsheiti, starfsaldur, skólagöngu o.fl. Ætti slík könnun að geta sýnt fram á í hverju launamunur kynja er fólginn en með þá vitneskju yrði hægt að vinna meira markvisst að bættri stöðu kvenna í launamálum hér á landi.

Esther Guðmundsdóttir
Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir.

Vinnutími heima og heiman.

Eins og fram hefur komið hér á undan vinna konur styttri vinnudag en karlar utan heimilis. En vinnuframlag kvenna innan heimilis er mun meira en karla. Þegar vinnutími heima og heiman er skoðaður kemur í ljós að heildarvinnutími kvenna er síst styttri en karla.

Meðal þess sem fram kemur í könnun Jafnréttisnefndar Reykjavíkur er að:

- Meiri tíma er varið í heimilisstörf eftir því sem fjölskyldan er stærri.
- Meðalvinnutími kvenna (í sambúð) á heimili var rúmar 33 stundir en karla rúmar 6 stundir á viku.
- Vinnuframlag eiginkvenna til heimilisstarfa var:
  51 klst. á viku væri hún ekki á vinnumarkaðinum
  34 " " " væri hún í hlutastarfi
  22 " " " væri hún í fullu starfi.
- Vinnuframlag eiginmanns til heimilisstarfa var:
  5 klst. á viku væri eiginkonan heima
  6 " " " væri eiginkonan í hlutastarfi
  7 " " " væri hún í fullu starfi utan heimilis.
- Um fjórðungur kvenna og karla unnu í 51-60 klst. samanlagt heima og heiman en í 61 klst. eða meira unnu 30% kvenna á móti 24% karla. (8)

Á Egilsstöðum var meðalvinnutími í atvinnulífi og við heimilisstörf hjá konum sem voru í hlutastörfum 63,0 klst. á viku, hjá konum í fullu starfi 75,2 klst. á viku og hjá mökum þessara kvenna 64,6 klst. á viku. (4)

Fylgiskjal IV.

JAFNRÉTTI — EÐA HVAÐ?

Formáli

Rit það sem hér birtist, er að mestu leyti unnið upp úr skýrslu Kristins Karlssonar félagsfræðings „Vinnumarkaðurinn á Akureyri og atvinnuþátttaka kvenna". Hún var gerð að tilhlutan jafnréttisnefndar Akureyrar árið 1983.

Tilgangurinn með útgáfu þessa rits er að setja fram helstu niðurstöður úr skýrslunni á eins aðgengilegan hátt og framast þótti unnt, m.a. með það í huga að hentaði til jafnréttisfræðslu í skólum. Einnig að stuðla að frekari umræðu á vinnustöðum og innan stéttarfélaga um það ástand á vinnumarkaðinum á Akureyri, sem skýrslan greinir frá, og tengja það við jafnréttisbaráttuna í heild.

Í þessu riti er fjallað um allar helstu niðurstöður skýrslunnar. Reynt hefur verið að gera samanburð milli kynja sem auðveldastan. Einnig hefur verið lögð áhersla á að tengja vinnumarkaðinn við þá vinnu sem unnin er á heimilunum. Skýrar myndskreytingar Sigrúnar Eldjárn myndlistarkonu eru vel til þess fallnar að auðvelda lesendum skilning á efni ritsins. Í lok hvers kafla eru settar fram spurningar í þeim tilgangi að vekja umræðu. Jafnréttisnefndin vonar að þetta rit megi koma að gagni til fræðslu og til að vekja almenna umræðu um jafnréttismál.

Jafnréttisnefnd Akureyrar þakkar eftirtöldum einstaklingum fyrir aðstoð við útgáfuna: Kristni Karlssyni, Valgerði Magnúsdóttur, Guðrúnu Hallgrímsdóttur, Sigrúnu Eldjárn og Erlingi Sigurðarsyni.

Jafnréttisnefnd Akureyrar í maí 1984.

A. Karólína Stefánsdóttir
Jóna Hr. Sólnes
Steinar Þorsteinsson
Ólöf Ámadóttir
Bergljót Rafnar

I. 2. Helstu niðurstöður könnunar Jafnréttisnefndarinnar

Síðustu ár hefur mjög færst í vöxt að konur vinni utan heimilis. Nú er svo komið að um 85% kvenna á Akureyri vinna eitthvað utan heimilis, á móti rúmlega 96% karla. Þetta er 4% yfir landsmeðaltali fyrir bæði kynin. Fjöldi kvenna í atvinnulífinu hefur meira en tvöfaldast síðan 1960. Vinnuframlag kvenna er þó minna en karla. Þær sækja meira í árstíðabundin störf og hlutastörf. 80.9% karla og 43.3% kvenna vinna meira en sem nemur 27 vikum á ári. Ef heimilisstörf eru meðtalin, þá snýst þetta hlutfall við. Þá er vinnutími kvenna að jafnaði lengri en vinnutími karla.

Skipting í karlastörf og kvennastörf er augljós. Mikill hluti kvenna vinnur við allskonar þjónustustörf, verslunarstörf, vefjar-, skó- og fataiðnað og svo fiskiðnað. Það sama á við um skiptingu fólks í vinnustéttir. Þar eru konurnar fleiri í röðum ófaglærðs fólks og verslunar- og skrifstofufólks. Karlar eru mun fleiri en konur í stéttum eigenda, sérfræðinga og stjórnenda og í stétt faglærðra. Tveir af hverjum fimm körlum eru í störfum sem krefjast sérmenntunar eða fela í sér mannaforráð (svokölluðum ábyrgðarstöðum), en aðeins ein af hverjum tíu konum.

Mikill launamismunur er milli karla og kvenna. Karlar hafa að jafnaði 49% hærri laun en konur. Laun eru þá umreiknuð og miðuð við fullt starf allt árið. Meðtalinn er sá hluti launa sem fenginn er fyrir yfirvinnu. Raunverulegur launamismunur er að sjálfsögðu miklu meiri. Meðallaun kvenna eru meira að segja lægri en meðallaun unglingspilta og karla á eftirlaunum. Það er þó athyglisverðast að launamismunur kynjanna eykst með aukinni menntun. Hann er minnstur hjá verkafólki.

Hverjar eru þá ástæður þessa mikla launamunar? Lögum samkvæmt eru greidd sömu laun fyrir sömu störf. T.d. hefur kona sem er kennari sömu laun og karl í sömu stöðu. En kennarastétt er orðin kvennastétt og láglaunastétt um leið. Þar er ef til vill kominn hluti af skýringunni. Kvennastörf eru minna metin en karlastörf og þau eru lægra launuð en sambærileg karlastörf. Konur eru einnig í lægri launaflokkum en karlar innan sömu starfsstéttar. Þær vinna mun minni yfirvinnu og eru sjaldnast í ábyrgðarstöðum.

Niðurstöður könnunarinnar bera þess merki að enn er litið á karla sem fyrirvinnur heimilanna og konur sem varavinnuafl. Þar hefur lítil breyting orðið á síðan 1960, þegar staða konunnar var nær eingöngu á heimilinu. Heimilisstörfin og uppeldi barnanna er enn að mestu leyti á ábyrgð konunnar, og vinna hennar utan heimilisins kemur sem viðbót.

Konur eru háðar gæslu fyrir börnin sín til að geta unnið utan heimilis. Þær sækja í hlutastörf og störf sem krefjast ekki of mikillar fjarveru frá heimilinu eða ábyrgðar, til viðbótar við þá ábyrgð sem þær bera fyrir. Þetta virðist vera meginorsök þess hve staða kvenna í atvinnulífinu er ótrygg.

Aukin vinna kvenna utan heimilis kemur mest niður á börnunum, eins og allar aðstæður eru nú. Könnunin leiðir í ljós að einungis 26% barna undir skólaaldri njóta dagvista eða viðurkenndra dagmæðra. Af þessum börnum er rúmlega helmingur á leikskólum. Vist á leikskóla gefur móður einungis kost á að vinna hlutastarf. Þessi mikli skortur á dagvistarrými er alvarlegur þegar hafður er í huga hinn mikli fjöldi útivinnandi mæðra hér á Akureyri. Ekki bætir úr skák að samkvæmt könnuninni vinna kvæntir karlar meira en ókvæntir og vinnuframlag kvæntra karla á heimilinu er lítið. Ekkert bendir til þess að á því séu að verða verulegar breytingar.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að nauðsynlegt er að stjórnvöld taki mið af þörfum fjölskyldunnar og breyttri þjóðfélagsstöðu kvenna. Það þarf að móta raunhæfa stefnu í jafnréttismálum kynjanna og fjölskyldupólitík. Það er til dæmis hægt að gera með sveigjanlegum vinnutíma, samfelldum skóladegi, lengra fæðingarorlofi og fleiri dagvistum. Börnin eru framtíð samfélagsins, og samfélagið hlýtur þess vegna að vera ábyrgt ásamt foreldrunum fyrir heilbrigði þeirra og þroskamöguleikum.

Fylgiskjal V.

Úr fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, 2. ársfjórðungur 1985.

1.1 Helstu niðurstöður Fréttabréfsins.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem gripið er til slíks neyðarúrræðis í kjaradeilum flugliða. Hafa allir eldri stjórnmálaflokkarnir átt hlut að slíkum aðgerðum. Samsteypustjórn Alþýðubandalags, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks 1978—1979 stóð að slíkri lagasetningu og naut þá stuðnings þingmanna allra þessara flokka.

Alþingi, 23. okt. 1985.

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 75. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

Frá 2. minni hl. samgöngunefndar.

Það hlýtur að teljast mjög óæskilegt að ríkisvaldið grípi inn í samningagerð aðila vinnumarkaðarins og slík afskipti þarf að rökstyðja mjög vel. Ekki verður með nokkrum rétti sagt að sýnt hafi verið fram á að slík aðgerð sé óhjákvæmileg í kjaradeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf. Alvarlegust er sú aðför að frjálsum samnings- og verkfallsrétti sem felst í þessari íhlutun stjórnvalda þegar á fyrsta degi vinnustöðvunar.

Þar sem það er mat undirritaðra að alls ekki hafi verið reynt sem skyldi að komast að samkomulagi eftir eðlilegum leiðum erum við andvíg þessu frumvarpi og leggjum til að það verði fellt.

Alþingi, 23. okt. 1985.

Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.

Steingrímur J. Sigfússon, frsm.

Sþ. 76. Fyrirspurn [71. mál]

til fjármálaráðherra um sveigjanlegan vinnutíma.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma í stofnunum og fyrirtækjum ríkisins?
2. Liggja fyrir upplýsingar um hvers vegna starfsmenn notfæra sér sveigjanlegan vinnutíma?
3. Hver er fjöldi karla og kvenna í hverri stofnun og fyrirtæki fyrir sig sem notfærir sér sveigjanlegan vinnutíma?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 77. Fyrirspurn [72. mál]

til félagsmálaráðherra um framkvæmd 22. gr. l. nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hefur framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna verið lögð fram í ríkisstjórn?
2. Hvenær er þess að vænta að ráðherra leggi áætlunina fyrir Alþingi til umræðu?

Ed. 78. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund hennar kom Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, til viðræðna um málið.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild.

Fjarstödd afgreiðslu málsins voru Skúli Alexandersson og Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi, 24. okt. 1985.

Egill Jónsson, form., frsm. — Karl Steinar Guðnason, fundaskr. — Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason. — Árni Johnsen.

Ed. 79. Lög [70. mál]

um kjaradóm í verkfallsdeilu Flugfreyjufélags Íslands og Flugleiða hf.

(Afgreidd frá Ed. 24. okt.)

Samhljóða þskj. 72.

Ed. 80. Frumvarp til laga [73. mál]

um varnir gegn mengun sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

1.1 Tilgangur laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun, sem stafar frá skipum, flugvélum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó eða frá landi, sem stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt þokka umhverfisins eða raskað lögmætri nýtingu hafsins.

2. gr.

2.1 Lög þessi ná yfir alla starfsemi skipa, flugvéla, palla og annarra mannvirkja á sjó og starfsemi í landi, sem hefur eða getur haft í för með sér mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands og stranda landsins, að svo miklu leyti sem það er ekki frekar bundið í sérlögum eða alþjóðasamningum í gildi. Undanþegnar þessum lögum eru aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi skipa, flugvéla, palla og annarra mannvirkja á sjó eða landi, enn fremur mengun sökum óviðráðanlegra atvika, veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.

3. gr.

3.1 „Losun" merkir að vísvitandi sé hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem falla frá við eðlilega starfrækslu skipa, flugvéla, palla eða annarra mannvirkja á sjó eða frá starfi í landi.

3.2 „Varp" merkir allt það sem ekki er losun, þ. e. a. s. að efnum eða hlutum sé vísvitandi fleygt í sjóinn frá skipum, flugvélum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, þar með talið að sökkva skipum, flugvélum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó.

3.3 Eftirfarandi telst ekki losun eða varp:

a) Að koma fyrir efnum eða hlutum í sjó í öðrum tilgangi en að farga þeim.

b) Að úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa af rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berist í sjóinn, en um slíkar rannsóknir og nýtingu skal ráðherra setja sérstakar reglur ef ástæða þykir til.

3.4 „Sérhafsvæði" merkir hafsvæði, sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.

3.5 „Hafnarsvæði" merkir það umráðasvæði á sjó sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í viðkomandi hafnarreglugerð.

3.6 „Mengunarlögsaga Íslands“ er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.

3.7 „Mengunartjón“ merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum. Mengunartjón tekur til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.

3.8 „Bráðamengun“ merkir mengun sjávar sem verður skyndilega svo sem vegna óhapps eða yfirsjónar og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.

II. KAFLI

Losun í sjó.

a. Olía

4. gr.

4.1 „Olía“ merkir vökvakennd olíuefni í hvaða formi sem er, þar með talin hráolía, svartolía, smurolía, olíuúrgangur og unnin olía.

4.2 Losun olíu í sjó, hvort sem er beint eða óbeint, er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979, nema um sé að ræða olíublandað vatn sem leiðir af eðlilegum rekstri, enda sé olíumagn blöndunnar við útrás ekki meira en 15 hlutar í 1.000.000 hlutum blöndunnar.

4.3 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun olíu og olíublandaðs vatns í sjó frá skipum utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar þ. m. t. á sérhafsvæðum, svo og frá pöllum og öðrum mannvirkjum í mengunarlögsögu Íslands utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

4.4 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í olíustöðvum, á smurstöðvum og í verksmiðjum þar sem olía er notuð í miklum mæli og hætta er á bráðamengun af þeim sökum.

b. Lýsi

5. gr.

5.1 „Lýsi“ merkir allar tegundir feitmetis sem unnið er eða kemur úr sjávarlífverum.

5.2 Losun lýsis eða grútar í sjó er óheimil.

5.3 Við löndun feitfisks með dælingu úr skipum svo og við vinnslu feitfisks í landi skal vinnsluaðili sjá svo um að ekki verði mengun í sjó vegna losunar á lýsi eða grút.

5.4 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um hreinsun á vinnsluvatni, þ. m. t. hámark fitumagns í frárennsli við útrás frá löndun og vinnslu feitfisks.

c. Önnur fljótandi efni

6. gr.

6.1 „Fljótandi efni“ merkir vökva sem hafa lægri gufuþrýsting en 2,8 kg/cm^2 við 37,8°C.

6.2 Losun fljótandi efna frá skipum að öðru leyti en kveðið er á um í gr. 4.2 og 5.3 er óheimil á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Losun ómengaðs vatns og sjávar er þó heimil.

6.3 Utan þess hafsvæðis sem tiltekið er í gr. 6.2 skal losun fljótandi efna einungis heimil samkvæmt þeim reglum sem settar verða skv. gr. 6.5.

6.4 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun fljótandi efna frá landi, annarra en olíu og lýsis.

6.5 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um flokkun fljótandi efna sem flutt eru í farmgeymum skipa til eða frá íslenskum höfnum, svo og um takmörkun á losun þeirra efna, sem hættuleg eru talin, í sjó utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum.

d. Sorp

7. gr.

7.1 „Sorp“ merkir alls konar matarleifar, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þ. m. t. umbúðir farms sem falla frá við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.

7.2 Óheimilt er að losa sorp í sjó á hafsvæði innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar.

7.3 Óheimilt er að losa í sjó öll þrávirk gerviefni, sem fljóta eða mara í sjónum, þar með talin plastílát, kaðlar og net.

7.4 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um meðferð og losun sorps frá skipum á hafsvæði utan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Reglur þessar skulu vera í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

e. Skolp

8. gr.

8.1 „Skolp“ merkir frárennsli eða annan fljótandi úrgang frá salernum, eldhúsum, þvottahúsum og böðum, þar með talið annað vatn sem blandað er við það áður en til útrásar kemur.

8.2 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

f. Losun annarra efna í sjó

9. gr.

9.1 Í samræmi við alþjóðasamning frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum er samgönguráðherra heimilt að setja reglur, er takmarka losun þeirra efna í sjó frá landi, sem upp eru talin í fylgiskjali 1 með þessum lögum, vegna mengunar sem þessi efni geta valdið í sjó.

III. KAFLI

Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang.

a. Olíuúrgangur frá skipum og starfsemi í landi

10. gr.

10.1 Einstaklingar og fyrirtæki, er annast dreifingu og sölu á olíu, skulu sjá um móttöku á olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einir eða í samvinnu við aðra einstaklinga eða fyrirtæki er til þess hafa leyfi samgönguráðherra, og tryggja viðunandi eyðingu að mati samgönguráðherra.

10.2 Eigendur eða umráðamenn hleðslustöðva fyrir olíuflutningaskip og skipaviðgerðarstöðva skulu sjá svo um að stöðvarnar hafi aðstöðu til að taka við olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi sem er eftir í skipunum þegar þau koma í stöðvarnar. Móttökuaðstaðan skal fullnægja ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar frá skipum og þeim þörfum sem eru fyrir slíka móttökuaðstöðu í viðkomandi stöð, að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

10.3 Móttakendur olíuúrgangs skv. gr. 10.1 eru skyldir til að taka við skipshlið á móti olíuúrgangi frá skipi í höfn, ef magn olíuúrgangsins er meira en 200 lítrar. Skal móttöku olíuúrgangs þannig háttað að skip tefjist eigi ótilhlýðilega af þeim sökum. Hafnaryfirvöld skulu veita upplýsingar um móttöku olíuúrgangs.

10.4 Hafnaryfirvöld skulu sjá svo um að í höfnum þeirra séu geymar sem umráðamenn skipa og báta geta losað í olíuúrgang í minna magni en 200 lítrar.

10.5 Sérhver aðili í landi, sem þarf árlega að koma fyrir meiru en 500 lítrum af olíuúrgangi

vegna eigin notkunar á olíu, skal halda sérstakt bókhald um söfnun og afhendingu olíuúrgangs til móttakenda, og skulu starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins jafnan hafa aðgang að þessu bókhaldi.
10.6 Samgönguráðherra er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

b. Sorp frá skipum.

11. gr.

11.1 Hafnaryfirvöld skulu koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á sorpi frá skipum. Aðstaðan skal miðast við þarfir skipa er koma í viðkomandi höfn.

c. Annar úrgangur frá skipum.

12. gr.

12.1 Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en þann sem fjallað er um í 10. og 11. gr. Í reglugerðinni komi fram hver sé ábyrgur fyrir móttöku þessa úrgangs og eyðingu hans.

IV. KAFLI

Varp efna í hafið.

13. gr.

13.1 Allt varp efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis stjórnvalda sbr. þó gr. 13.4.
13.2 Við veitingu leyfis til varps efna eða hluta í hafið skal taka mið af eðli og magni þeirra efna eða hluta, sem varpa skal í hafið, og aðstæðum á losunarstað.
13.3 Ef um er að ræða úrgangsefni eða annað, önnur en dýpkunarefni, sem innihalda í einhverjum mæli efni þau, sem upp eru talin í fylgiskjali 1, skal eigi veita heimild til varps í hafið nema í neyðartilvikum, enda sé heilsu manna annars stofnað í óhæfilega hætttu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi.
13.4 Varp dýpkunarefna í hafið er heimilt án leyfis, nema þau innihaldi efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2 í verulegum mæli (>0,1%).
13.5 Kostnaður við eftirlit með framkvæmd varps í hafið greiðist af leyfishafa.

V. KAFLI

Önnur mengun sjávar.

14. gr.

14.1 Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis stjórnvalda.
14.2 Við veitingu leyfa skv. gr. 14.1 skal farið eftir ákvæðum gildandi alþjóðasamninga um brennslu úrgangsefna á hafi úti og tekið tillit til þeirra áhrifa sem brennslan hefur á umhverfið.

15. gr.

15.1 Ef sýnt er að starfsemi eða framkvæmd valdi mengun sjávar af öðrum orsökum en þeim, sem fjallað er um í lögum þessum, þannig að lífsskilyrðum þeim og umhverfi því, sem lögunum er ætlað að vernda, sbr. 1. gr., er alvarlega ógnað, getur samgönguráðherra stöðvað viðkomandi starfsemi eða framkvæmd þar til tryggt er að viðunandi lausn er fundin.

VI. KAFLI
Ábyrgð.

16. gr.

16.1 Hver sá sem uppvís verður að því að valda mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands ber fulla ábyrgð á því mengunartjóni sem mengunin veldur. Eigendum skipa er þó heimilt að takmarka fjárhagslega ábyrgð sína í samræmi við gildandi lagaákvæði.

17. gr.

17.1 Ef hætta er á mengun sjávar, sem brýtur gegn ákvæðum þessara laga, skal sá sem bæri ábyrgð á menguninni gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir eða draga úr henni. Hann ber einnig ábyrgð á því tjóni sem aðgerðir hans valda öðrum.

VII. KAFLI
Viðbúnaður vegna mengunaróhappa.

18. gr.

18.1 Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skal þá sveitarstjórn tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Siglingamálastofnun ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins, utan hafnarsvæða.

19. gr.

19. Sveitarstjórnir skulu skipuleggja viðbúnað, koma upp búnaði og þjálfa lið til hreinsunar á olíu úr sjó í samráði við Siglingamálastofnun ríkisins, sem leitast við að samræma búnað einstakra sveitarfélaga með hagkvæm samnot í huga.

20. gr.

20.1 Samgönguráðherra getur með reglugerð eða í einstökum tilvikum krafist þess að fyrirtæki með starfsemi sem getur valdið bráðamengun leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

VIII. KAFLI
Tilkynningarskylda.

21. gr.

21.1 Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna til Siglingamálastofnunar ríkisins eða annarra viðkomandi yfirvalda um alla losun eða varp í hafið í mengunarlögsögu Íslands sem lög þessi ná til.

IX. KAFLI
Íhlutun.

22. gr.

22.1 Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins getur leitað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda og annarra opinberra aðila sem samgönguráðherra fullgildir til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

23. gr.

23.1 Samgönguráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Siglingamálastofnunar ríkisins, að stöðva tiltekna starfsemi tímabundið ef hætta er á mengun sjávar er brýtur gegn lögum þessum, meðal annars vegna vanbúnaðar eða annarra ástæðna, svo sem náttúruhamfara. Skal stöðvunin vara þar til eðlilegar aðstæður fyrir starfsemina eru fyrir hendi. Ákvörðun um stöðvun starfsemi skal tilkynna viðkomandi aðilum bréflega eða með símskeyti eins fljótt og kostur er ásamt ástæðum fyrir stöðvuninni og upplýsingum um hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að starfsemi megi hefja á ný.

X. KAFLI

Framkvæmd og eftirlit.

24. gr.

24.1 Í þeim tilgangi að treysta framkvæmd laganna er samgönguráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um búnað skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun sjávar, svo og með hvaða hætti reglubundið eftirlit með þessum búnaði skuli fara fram.

25. gr.

25.1 Eftirlit og framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar verða samkvæmt þeim er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, með aðstoð Landhelgisgæslu Íslands og annarra yfirvalda sem samgönguráðherra ákveður. Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði greiðist úr ríkissjóði, en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

26. gr.

26.1 Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem þeir óska eiga greiðan aðgang að öllum upplýsingum um búnað til mengunarvarna og um rekstur hans, svo og öllum mælingum eða skýrslum yfir athuganir sem gerðar hafa verið á vegum eigenda eða rekstraraðila vegna mengunarvarna, hvort sem athuganir þessar eru gerðar að kröfu opinberra aðila eða að frumkvæði eigenda eða rekstraraðila.

XI. KAFLI

Mælingar á mengunarefnum í sjó.

27. gr.

27.1 Í þeim tilgangi að meta og fylgjast með hugsanlegum breytingum á mengun hafsins skal samgönguráðherra láta fara fram reglulegar rannsóknir og mælingar á mengunarefnum í sjó, í sjávarlífverum og á hafsbotni.

27.2 Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rannsóknum þessum.

XII. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

28. gr.

28.1 Brot gegn lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má fésekt jafnframt refsivist, ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

29. gr.

29.1 Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess, hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

30. gr.

30.1 Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.
30.2 Heimilt er þó að hafnarstjóri geri sekt fyrir losun eða varp frá skipi á sínu hafnarsvæði enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiriháttar tjóni svo og að bætur skv. 16. gr. séu greiddar eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Heimild þessi er takmörkuð við sektir allt að 40 000 krónur, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað.
30.3 Heimilt er einnig að lögreglustjóri geri sekt fyrir slík brot að uppfylltum skilyrðum gr. 30.2 en þó má sekt nema allt að 100 000 krónum.
30.4 Hafnarstjóri skal ávallt tilkynna lögreglustjóra slík brot og þá hvort hann hyggst ljúka málinu eða vísa því til lögreglustjóra til afgreiðslu.
30.5 Hafnarstjórar og lögreglustjórar skulu tilkynna ríkissaksóknara og samgönguráðherra um allar slíkar sektargerðir. Nú telur ríkissaksóknari að saklaus maður hafi verið látinn gangast undir greiðslu sektar eða látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti eða að máli sem lokið er skv. gr. 30.2 eða 30.3 hefði átt að ganga til dóms, og getur ríkissaksóknari þá borið málið undir dómara til ónýtingar ákvörðunar hafnarstjóra eða lögreglustjóra.
30.6 Samgönguráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sektargerða samkvæmt þessari grein.

31. gr.

31.1 Ef brotið er gegn ákvæðum II. og IV. kafla laga þessara og brotið tengist skipi, en málinu er ekki lokið með greiðslu sektar skv. 30. gr., skal lagt löghald á skipið og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en málinu er lokið og sekt og málskostnaður greiddur að fullu svo og kostnaður skv. 16. gr.
31.2 Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging eða önnur trygging jafngild að mati dómara til greiðslu sektar og alls kostnaðar.
31.3 Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt grein þessari, málskostnaðar og kostnaðar skv. 16. gr. skal vera lögveð í skipinu.

32. gr.

32.1 Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

33. gr.

33.1 Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó eftir því sem nánar segir í reglugerð er samgönguráðherra setur.

34. gr.

34.1 Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.
34.2 Dagsektir þessar skulu ákveðnar af samgönguráðherra og renna í sjóð þann sem getið er í 33. gr.

XIII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

35.1 Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 77/1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins; lög nr. 20/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum; lög nr. 53/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það; lög nr. 67/1981 um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum; og lög nr. 14/1984 um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Fylgiskjal 1.

1. Lífræn halógen efnasambönd og efni sem geta myndað þau í hafinu, að þeim efnum undanskildum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess.
3. Kadmín og efnasambönd þess.
4. Varanleg gerviefni sem geta flotið, marað, sokkið og valdið alvarlegri röskun á lögmætum notum hafsins.
5. Olíur, olíukennd kolvetni og lýsi.
6. Geislavirk efni, þar með talinn geislavirkur úrgangur.
7. Lífræn efnasambönd fosfórs, kísils og tins og efni sem geta myndað slík efnasambönd í hafinu, að undanskildum þeim efnum sem eru líffræðilega óskaðleg eða sem breytast fljótt í sjónum í efni sem eru líffræðilega óskaðleg.
8. Óbundinn fosfór.
9. Eftirtalin frumefni og efnasambönd þeirra:

arsen	blý
króm	nikkel
eir	zink

10. Efni sem sýnt er að hafi skaðleg áhrif á bragð eða lykt fæðu úr sjónum.

Fylgiskjal 2.

1. Lífræn halógen-efnasambönd.
1.1. DDT og efni gerð þar af, svo sem DDE og DDD.
1.2. Önnur þrávirk, eitruð, lífræn halógen-efnasambönd.
2. Kvikasilfur, kadmín og sambönd þessara efna.
3. Sýra, lútur eða yfirborðsvirkt efni í miklu magni.
4. Olía og olíuúrgangur.

5. Önnur efni sem haft geta varanleg áhrif á bragð, lykt, lit, skyggni eða aðra eiginleika hafsins og sem alvarlega geta spillt þokka umhverfisins.
6. Hlutir og efni sem geta flotið, marað eða sokkið og sem alvarlega geta valdið röskun á lögmætri nýtingu hafsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Inngangur.

Með bréfi, dagsettu 20. maí 1983, skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að semja frumvarp til laga um varnir gegn mengun sjávar. Í erindisbréfi nefndarinnar segir að nefndin skuli semja frumvarp til laga um varnir gegn mengun sjávar með hliðsjón af gildandi alþjóðasamningum er Ísland hefur staðfest og heyra undir samgönguráðuneytið.

Í nefndina voru skipaðir Magnús Jóhannesson, deildarverkfræðingur, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur, og Gunnar B. Guðmundsson, hafnarstjóri. Með nefndinni starfaði sem ritari Gunnar H. Ágústsson, deildarverkfræðingur, Siglingamálastofnun ríkisins.

Frumvarp þetta er niðurstaða af störfum nefndarinnar. Samgönguráðuneytið annast framkvæmd átta alþjóðasamninga, sem varðar varnir gegn mengun sjávar, og Ísland hefur staðfest. Með sérstökum lögum hafa ákvæði sjö þeirra lagagildi hér á landi. Þeir eru:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969, sbr. lög nr. 77/1966.
2. Alþjóðasamningur frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar, vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn), sbr. lög nr. 20/1973.
3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnarsamningurinn), sbr. lög nr. 53/1973.
4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn), sbr. lög nr. 67/1981.
5. Alþjóðasamningur frá 29. nóvember 1969 um íhlutun á úthafinu þegar óhöpp koma fyrir sem valda, eða geta valdið, olíumengun, sbr. lög nr. 14/1979.
6. Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, sbr. lög nr. 14/1979.
7. Alþjóðasamningur frá 18. desember 1971 um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, sbr. lög nr. 14/1979.

Við staðfestingu áttunda samningsins, alþjóðasamnings frá 2. nóvember 1973, um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL), sbr. lög nr. 14/1984, var ekki farin sú leið að lögleiða ákvæði hans, heldur var samgönguráðherra veitt heimild með lögum nr. 14/1984 til að setja reglur um framkvæmd samningsins. Reglugerð nr. 520/1984 var síðan sett með stoð í lögunum.

Í samningum þessum er fjöldi ákvæða sem nauðsynlegt er að laga að aðstæðum. Ennfremur er nauðsynlegt að kveða nánar á um framkvæmd samninganna.

Í samningunum eru ákvæði er varða skyldur stjórnvalda sem ekki ber að kveða á um í lögum, nema ef ákveðið er að fela öðrum aðila eða aðilum að taka á sig eitthvað af þeim skyldum. Með þessi atriði í huga fór nefndin yfir ákvæði umræddra alþjóðasamninga.

Nefndin taldi að sökum mismunandi eðlis samninganna væri óhentugt að fjalla um ákvæði þeirra allra í einum lögum.

Alþjóðasamningar þeir sem taldir eru upp í liðum 1 til 4 hér að framan og MARPOL, miða að því að koma í veg fyrir mengun sjávar. Alþjóðasamningarnir, sem taldir eru upp í liðum 5 til 7, snúa hins vegar að aðgerðum og skaðabótum vegna mengunar sem orðið hefur í

sjó. Niðurstaða nefndarinnar var að hentugast væri að fjalla um ákvæði samninganna í tvennum lögum. Þetta frumvarp tekur til fyrrnefndu samninganna og MARPOL.

B. Almennt um frumvarpið.

Við samningu frumvarpsins um varnir gegn mengun sjávar hafði nefndin m. a. hliðsjón af dönskum lögum um sama efni frá 9. apríl 1980, þar sem tekin eru upp í einn lagabálk ákvæði ýmissa alþjóðasamninga, eins og hér er lagt til. Auk þessa aflaði nefndin upplýsinga um framkvæmd einstakra ákvæða samninganna í öðrum löndum.

Frumvarpi þessu er ætlað að setja nauðsynleg ákvæði til að framfylgja samningum þeim sem taldir eru upp í liðum 1 — 4 hér að framan og MARPOL og koma í stað eftirtalinna laga:

1. Lög nr. 77/1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávar.
2. Lög nr. 20/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.
3. Lög nr. 53/1973 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamning, er gerður var 29. desember 1972, um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.
4. Lög nr. 67/1981 um heimild fyrir ríkisstjórnina að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.
5. Lög nr. 14/1984 um framkvæmd alþjóðasamninga um varnir gegn mengun frá skipum.

Frumvarpið er í 35 greinum, auk tveggja fylgiskjala.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

I. kafli:	Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar
II. kafli:	Losun í sjó
III. kafli:	Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang
IV. kafli:	Varp efna í hafið
V. kafli:	Önnur mengun sjávar
VI. kafli:	Ábyrgð
VII. kafli:	Viðbúnaður vegna mengunaróhappa
VIII. kafli:	Tilkynningarskylda
IX. kafli:	Íhlutun
X. kafli:	Framkvæmd og eftirlit
XI. kafli:	Mælingar á mengunarefnum í sjó
XII. kafli:	Viðurlög og sektarákvæði
XIII. kafli:	Gildistaka

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

Um 1. og 2. gr.

Þessar greinar um markmið og gildissvið laganna eru samhljóða samsvarandi ákvæðum í alþjóðasamningunum sem um ræðir. Markmið samninganna eru nánast hin sömu. Gildissvið þeirra eru nokkuð mismunandi, en þau koma fram í 2. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Skilgreiningar hugtaka eru, að undanskildum hugtökunum „hafnarsvæði", „mengunarlögsaga Íslands" og „bráðamengun", teknar úr alþjóðasamningunum.

„Losun" og „varp" eru samsvarandi ensku hugtökunum „discharge" og „dumping". Í upphaflegri þýðingu alþjóðasamninganna úr frumtexta voru bæði hugtökin þýdd sem losun. Í frumvarpi þessu er óhjákvæmilegt að gera á þessu greinarmun enda um tvo ólíka verknaði að ræða.

„Hafnarsvæði" er nauðsynlegt að skilgreina vegna sérstöðu hafnanna m. t. t. mengunarhættu.

„Mengunarlögsaga Íslands" er skilgreind í frumvarpinu sem innsævi, landhelgi, efnahagslögsaga og landgrunn Íslands. Með lögum nr. 41/1979 er landhelgin ákveðin 12 sjómílur frá grunnlínum og efnahagslögsagan er svæði utan landhelgi sem nær 200 sjómílur frá grunnlínum. Landgrunn Íslands er skilgreint í 5. gr. laganna og nánar skilgreint í reglugerð nr. 196/1985. Í 8. gr. laga nr. 41/1979 segir:

„Skylt er að forðast allt það sem getur mengað eða á annan hátt spillt hafinu.

Íslensk stjórnvöld skulu samkvæmt sérstökum lögum og í samræmi við milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að gera ráðstafanir til að vernda hafið gegn mengun og öðrum spjöllum."

Að höfðu samráði við Íslenska málnefnd er lagt til að orðið „bráðamengun" verði notað samsvarandi enska orðasambandinu „acute pollution", sbr. norska orðasambandið „akutt forurensing".

II. KAFLI

Losun í sjó.

II. kafli frumvarpsins fjallar um losun efna og úrgangs sem verður til við rekstur. Undir þennan kafla fellur því í reynd allur úrgangur frá skipum og landstöðvum sem leiðir af eðlilegri starfrækslu. Frá skipum mætti nefna t. d. olíumengað vatn úr austri vélarrúma, olíuúrgang eða olíumengað vatn úr farmgeymum olíuskipa eða eldsneytisgeymum skipa, skolp eða sorp af öllu tagi frá skipum, sömuleiðis ónýtar umbúðir farms sem orðið hafa eftir við losun úr skipum. Losun frá landstöðvum tekur m. a. til alls frárennslis landstöðva til sjávar, bæði beint og óbeint um vatnsföll er falla til sjávar. Í frumvarpinu er einungis gert ráð fyrir því að samgönguráðherra setji takmarkandi reglur um losun ákveðinna efna og efnasambanda sem talin eru upp í fylgiskjali 1 með frumvarpinu vegna hættu á mengun sjávar af völdum þeirra. Er þetta í fullu samræmi við ákvæði alþjóðasamnings frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er losun olíu sett ákveðin takmörk innan þriggja sjómílna frá grunnlínum landhelginnar. Markgildi olíu í vatni er ákveðið hið sama og gildir almennt í öðrum löndum og er þetta gildi ekki talið valda sjáanlegri mengun (olíubrák) á sjávarfleti.

Utan þessa hafsvæðis er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglur, er taki mið af ákvæðum alþjóðasamninga er Ísland er eða gerist aðili að.

Gildandi reglur (nr. 520/1984) sem settar eru á grundvelli laga nr. 14/1984 taka mið af alþjóðasamningi frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL). Í gr. 4.4 er tekið upp ákvæði úr lögum nr. 77/1966, um heimild ráðherra til að setja reglur um meðferð olíu þar sem hún er meðhöndluð eða notuð í miklum mæli. Á grundvelli þessa lagaákvæðis hafa verið gefnar út tvær reglugerðir, nr. 8/1971 og nr. 560/1982. Þar eð lagt er til að lög nr. 77/1966 verði felld úr gildi er nauðsynlegt að taka þetta ákvæði hér upp.

Um 5. gr.

Losun lýsis og grútar í sjó hefur valdið grútarmengun í mörgum höfnum hér á landi undanfarin ár. Athuganir sem fram hafa farið á vegum Siglingamálastofnunar ríkisins á grútarmengun fjölmargra hafna undanfarin ár benda til þess að tæknilega sé einfalt að leysa þetta vandamál. Hins vegar hefur komið í ljós, að oft er erfitt að rekja hvort grútarmengun hefur orðið við löndun feitfisks eða vinnslu hans, því að yfirleitt fer löndun fram við vinnslusvæði verksmiðjanna. Því er lagt til að vinnsluaðili, sem leggur til löndunartæki, skuli ábyrgur fyrir því að ekki verði mengun í sjó meðan á löndun stendur. Ábyrgð vinnsluaðila er að þessu leyti aðeins bundin við þann tíma sem verið er að landa úr skipi til vinnsluaðila.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um losun fljótandi efna (vökva) annarra en olíu og lýsis, sem telja verður að við núverandi aðstæður hafi nokkra sérstöðu.

Losun fljótandi efna tekur ekki til losunar á vatni, nema vatnið sé blandað eða mengað öðrum fljótandi efnum, er valdið gætu mengun sjávar, ef í sjó færu. Um losun þessara efna er fjallað í tveimur alþjóðasamningum er Ísland hefur staðfest, alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) og alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ráðherra hafi heimild til að setja reglur er taki mið af þessum samningum, eftir því sem nauðsyn ber til.

Sá kafli alþjóðasamningsins um varnir gegn mengun frá skipum, sem fjallar um fljótandi efni, önnur en olíu, öðlast gildi 2. október 1986, og er því nauðsynlegt að setja reglur í samræmi við samninginn fyrir þann tíma.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum þess kafla alþjóðasamningsins um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) er fjallar um sorp. Þessi kafli samningsins hefur enn ekki öðlast gildi. Ástæða er þó talin til þess að banna losun sorps í sjó nærri landi og alls staðar losun þrávirkra gerviefna, svo sem hluta úr plasti, kaðla og netadræsna.

Mikill óþrifnaður er víða í fjörum landsins sökum sorps er borist hefur af sjó og er hér reynt að koma í veg fyrir eina uppsprettu þessa óþrifnaðar.

Sem rök fyrir banni við losun þrávirkra gerviefna má nefna fjölmörg tjón, sem net og kaðlar hafa valdið á skrúfubúnaði skipa, og „drauganet“ í sjó.

Um 8. gr.

Ekki er talin ástæða til að takmarka með lögum losun skolps frá skipum hér við land að svo stöddu enda er nánast allt skolp frá byggð leitt óhreinsað til sjávar.

Á hinn bóginn þykir rétt ef aðstæður breytast svo sem vegna ákvæða alþjóðasamþykkta, að ráðherra sé heimilt að setja reglur þar um.

Um 9. gr.

Þessi grein er byggð á ákvæðum 4. og 5. gr. alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum en samningsaðilar skuldbinda sig þar til að takmarka mjög mengun sjávar af völdum þessara efna.

III. KAFLI

Móttökuaðstaða fyrir olíuúrgang, sorp og annan úrgang.

Í þessum kafla er fjallað um móttöku á úrgangi og stuðst við ákvæði alþjóðasamninga í því efni. Nauðsyn er að tryggja þeim aðilum, sem takmarka verða losun úrgangs í sjóinn,

möguleika til losunar í land, jafnframt að tryggja að eyðing eða endurnýting úrgangs valdi ekki eftir sem áður mengun sjávar.

Æskilegt er að móttaka og eyðing séu ekki í margra höndum. Fjallað er sérstaklega um móttöku á olíuúrgangi frá skipum og landstöðvum og sorpi frá skipum. Lagt er til að móttaka og eyðing olíuúrgangs verði í höndum þeirra, er annast dreifingu og sölu olíu, en hafnaryfirvöld sjái um móttöku sorps. Í 12. gr. er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð móttökuaðstöðu fyrir annan úrgang en olíu og sorp við hafnir, vegna aðildar að MARPOL, en hér er sérstaklega átt við móttöku á úrgangi samkvæmt 6. og 8. gr. frumvarpsins þ. e. önnur fljótandi efni en olía og skolp.

Um 10. gr.

Áætlað er að magn olíuúrgangs, sem fellur til hér á landi, sé á bilinu 2500 — 3500 tonn á ári. Olíufélögin, sem annast dreifingu olíu, hafa lengi tekið við olíuúrgangi frá viðskiptavinum sínum. Frá því árið 1976 hafa olíufélögin haldið skrár um safnaðan olíuúrgang. Árið 1983 var heildarsöfnun olíufélaganna samkvæmt skrám þeirra um 1700 tonn. Ekki verður séð að aðrir aðilar en olíufélögin séu betur búnir til að taka við olíuúrgangi, meðhöndla hann endurvinna, nýta eða eyða, jafnt frá skipum og fyrirtækjum í landi.

Nauðsynlegt er talið, til þess að tryggja að eyðing olíuúrgangs valdi ekki mengun sjávar, að eyðingin sé háð eftirliti. Samkvæmt frumvarpinu skal eyðing olíuúrgangs vera með þeim hætti sem ráðherra telur viðunandi.

Í gr. 10.5 er lagt til að allir þeir aðilar í landi, sem þurfa að losna við meira en 500 lítra af olíuúrgangi á ári, haldi sérstaka skrá yfir afhendingu olíunnar til móttakenda. Hliðstæð ákvæði eru í erlendum lögum, m. a. í þýskum lögum, þar sem endurvinnsla og eyðing olíuúrgangs eru vel á vegi stödd. Þessu ákvæði er ætlað að auðvelda eftirlit með söfnun olíuúrgangs frá fyrirtækjum, svo sem verksmiðjum og verkstæðum í landi. Ákvæðið tekur ekki til skipa, enda er krafist samkvæmt gildandi alþjóðasamningi að í skipum sé sérstök olíudagbók þar sem fram kemur m. a. öll losun olíuúrgangs til móttökustöðva í landi, sbr. reglugerð nr. 520/1984.

Um 11. gr.

Móttaka sorps frá skipum verður á vegum eða í umsjá hafnanna sjálfra.

Um 12. gr.

Ef nauðsyn ber til vegna þeirra ákvæða samningsins um varnir gegn mengun sjávar frá skipum (MARPOL), er varða hættuleg fljótandi efni og skolp, að takmarka losun þessara efna í sjó frá skipum, verður að koma upp aðstöðu til móttöku á úrgangi í landi svo og eyðingu hans. Gert er ráð fyrir því að samgönguráðherra geti með reglugerð ákveðið að fela ákveðnum aðilum að sjá um móttöku á þessum úrgangi og eyðingu hans.

IV. KAFLI

Varp efna í hafið.

Um 13. gr.

Þessi grein er byggð á ákvæðum alþjóðasamninganna tveggja er fjalla um varp efna í hafið. Meginreglan er sú að varp efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis stjórnvalda. Hafið er verndað gegn mengun með því að athuga sérstaklega hvert tilvik, sem sótt er um heimild fyrir, og meta væntanlega áhrif varpsins, svo sem eitrunaráhrif á lífkerfi hafsins, þrávirkni og lífkeðjusöfnun. Við mat á þessum áhrifum er stuðst við leiðbeiningar sem samningsaðilar hafa samþykkt að farið skuli eftir. Einnig ber að velja varpstað þannig að aðgerðin hafi ekki áhrif á nýtingu hafsins, svo sem fiskveiðar eða vinnslu á hafsbotni.

Lagt er til að aðrar reglur gildi um dýpkunarefni, enda hafa þau nokkra sérstöðu, þar sem um er að ræða efni sem eru þegar á sjávarbotni. Samkvæmt gr. 13.4 þarf ekki heimild til varps á dýpkunarefnum í hafið ef þau innihalda ekki efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 2 í verulegu magni (>0,1%).

V. KAFLI

Önnur mengun sjávar.

Um 14. gr.

Í þessari grein er fjallað um varnir gegn mengun sjávar sökum brennslu úrgangsefna á hafi úti. Þessi aðferð hefur nokkuð verið notuð hin seinni ár til förgunar á hættulegum úrgangi sem erfitt og kostnaðarsamt hefur verið að farga í landi. Samkvæmt alþjóðasamningunum um varnir gegn mengun sjávar er taka til varps efna í hafið er samningasaðilum skylt að setja reglur um brennslu úrgangsefna á hafi úti. Þessar reglur eiga að tryggja að brennslan skaði ekki lífríki hafsins. Velja þarf hentugan stað þannig að ekki valdi truflun fyrir aðra umferð. Samningsaðilar hafa samið reglur um brennslu úrgangsefna þar sem kveðið er á um tækni þá sem notuð er við brennslu efna á hafi úti. Talið er rétt að íslensk stjórnvöld staðfesti þessar reglur. Vegna þess að tiltölulega minni hætta er samfara brennslu úrgangsefna í landi en á hafi úti er almennt unnið að því að bæta svo tæknibúnað við brennslu af þessu tagi að hún geti farið fram í landi án erfiðleika. Þessi atriði þarf að hafa í huga við veitingu leyfa fyrir brennslu úrgangsefna á hafi úti.

Um 15. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því að samgönguráðherra geti stöðvað hverja þá starfsemi sem sýnt er að valdi alvarlegri mengun sjávar af öðrum orsökum en þeim sem fjallað er um í 4. til 14. gr. frumvarpsins. Í þessum greinum frumvarpsins er fjallað um alla helstu þætti mengunar frá þeirri starfsemi sem lögunum er ætlað að ná til og alþjóðasamningarnir fjalla um. Ekki er óhugsandi að þessi starfsemi geti valdið mengun af öðrum toga en þeim er frumvarpið tekur til og er því nauðsynlegt að með stjórnvaldsaðgerðum megi draga úr eða koma í veg fyrir slíka mengun. Þetta er gert í samræmi við megintilgang frumvarpsins eins og fram kemur í 1. gr., þ. e. að vernda hafið og strendur landsins gegn hvers konar mengun. Án þessarar heimildar gæti reynst erfitt í reynd að tryggja að tilgangi þessa frumvarps verði náð. Í 23. gr. frumvarpsins er hliðstætt ákvæði um íhlutunarrétt stjórnvalda. Þetta ákvæði tekur hins vegar eingöngu til mengunar sem skilgreind er og frumvarpið fjallar um.

VI. KAFLI

Ábyrgð.

Um 16. og 17. gr.

Þessi kafli frumvarpsins fjallar um ábyrgð þeirra er valda mengun í sjó. Meginreglan er sú að mengunarvaldur sé ábyrgur fyrir öllu því tjóni, er mengunin veldur, og er þar með talinn allur sá kostnaður sem verður vegna aðgerða sem framkvæmdar eru til að koma í veg fyrir mengunina. Þó er gert frávik frá þessari meginreglu ef um er að ræða mengun frá skipum og er ábyrgð mengunarvalds þar miðuð við alþjóðleg ákvæði. Viðurkennt er að mengun frá skipi kann að orsakast af ástæðum sem eru skipstjóra eða eiganda skips óviðráðanlegar. Þess vegna er gert ráð fyrir því að í slíkum tilvikum geti eigandi skips takmarkað fjárhagslega ábyrgð sína á mengunartjóni í samræmi við lög og alþjóðasamning sem gilda um þetta efni. Um þetta er fjallað annars staðar í siglingalögum og hins vegar í alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar sem hefur lagagildi hér á landi samkvæmt lögum nr. 14/1979.

Í 17. gr. er fjallað sérstaklega um skyldu þeirra sem mengun valda að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun. Mjög mikilvægt er að hefja aðgerðir til varnar gegn mengun í sjó sem fyrst eftir að mengunar hefur orðið vart.

VII. KAFLI

Viðbúnaður vegna mengunaróhappa.

Um 18. og 19. gr.

Í þessum kafla er fjallað um skipulag og aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun í sjó. Mjög hefur skort á að skipulega væri unnið að því að tryggja skjót viðbrögð við mengunaróhöppum. Í alþjóðasamningunum sem frumvarpið miðast við eru ekki sérstök ákvæði, er fjalla um þennan þátt mengunarvarna, sem þó er nauðsynlegur ef tryggja á megintilgang frumvarpsins. Með stoð í lögum nr. 77/1966 gaf samgönguráðherra út reglugerð nr. 8/1971 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, þar sem fjallað er m. a. um þennan þátt. Þar segir:

„Siglingamálastjóri hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara, og skal hann hafa samráð við olíufélög, skipafélög, samtök iðnrekenda, hafnaryfirvöld, Dýraverndunarsamband Íslands og Náttúruverndarráð um ráðstafanir til að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu og framkvæmd reglna um slík efni, eftir því sem ástæða þykir til."

Í samræmi við þetta ákvæði hefur Siglingamálastofnunin kynnt hugmyndir að heildarskipulagi um hreinsun olíu úr sjó þegar slys eða óhöpp verða og haldið námskeið fyrir starfsmenn hafna, olíufélaga og aðra. Mjög mikilvægt er að hreinsunaraðgerðir vegna mengunar í sjó hefjist sem fyrst eftir að mengun verður, og því er nauðsynlegt að búnaður og mannafli sé til reiðu. Því er lagt til að sveitarstjórnir sjái um hreinsunaraðgerðir vegna mengunar á hafnarsvæði þeirra. Búist er við því að sveitarstjórnir feli hafnastjórnum þetta hlutverk. Þess má geta að samkvæmt ákvæðum hafnalaga nr. 69/1984 er stofnkostnaður mengunarvarna hafna talinn meðal framkvæmda sem styrkhæfar eru úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög hafi nokkurn viðbúnað (tæki og þjálfað lið), þannig að auðvelt verði að fást við minni háttar mengunaróhöpp er verða á staðnum og krefjast hreinsunar. Verði mengunaróhöpp umfangsmeiri geti komið til aðstoð nærliggjandi sveitarfélaga og jafnvel búnaður í eigu ríkissjóðs og aðstoð frá starfsmönnum opinberra stofnana.

Til að auðvelda m. a. samnýtingu á búnaði og tryggja eðlilegan viðbúnað á hverjum stað er lagt til að sveitarstjórnir hafi samráð við Siglingamálastofnunina um skipulag viðbúnaðar.

Einnig er gert ráð fyrir því, eins og verið hefur í reynd, að Siglingamálastofnunin hafi yfirumsjón með hreinsunaraðgerðum vegna mengunaróhappa er verða utan hafnarsvæða, og annist þær í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnun ríkisins, enda kann að vera erfitt að sjá hvaða sveitarstjórn það standi næst að stjórna hreinsunaraðgerðum í slíkum tilvikum. Ennfremur er líklegt að hreinsun verði erfiðari viðfangs og meiri og sérhæfðari búnaðar þörf en þegar mengun verður á hafnarsvæðum.

Siglingamálastofnun á nú með Reykjavíkurhöfn nokkurn stofn að slíkum búnaði til hreinsunar á olíu úr sjó. Þó er talið óhjákvæmilegt að bæta verulega þennan búnað til að geta fengist við hugsanleg meiri háttar mengunaróhöpp, svo sem ef hér strandaði olíuflutningaskip og farmur þess færi í sjó.

Hagkvæmt er talið að stofna til samstarfs um þetta mál milli Siglingamálastofnunar ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands og Hafnamálastofnunar ríkisins og nýta þannig í neyðartilvikum tækjakost og mannafla þessara stofnana auk hins sérhæfða búnaðar til hreinsunar eftir mengunaróhöpp. Til þess að sem bestur árangur náist í því samstarfi verður að skipuleggja það og útfæra og undirbúa með þjálfun og æfingum.

Um 20. gr.

Samkvæmt 17. gr. ber mengunarvaldi að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun. Í 20. gr. er lagt til að krefjast megi að starfsemi sem líklegt er að geti valdið bráðamengun leggi fram til samþykktar áætlun um viðbúnað gegn slíkri mengun.

Áætlun af þessu tagi yrði óhjákvæmilega að miðast við aðstæður og samþykkt hennar að byggjast á því að líklegt væri að ráðgerð viðbrögð komi að gagni við bráðamengun.

VIII. KAFLI

Tilkynningarskylda.

Um 21. gr.

Árangur í baráttunni við mengun sjávar er mjög undir því kominn að unnt sé að hefjast handa við hreinsun sem fyrst. Því er mikilvægt að þeir aðilar er sjá um hreinsun fái sem fyrst fregnir af menguninni. Æskilegt er að tilkynningar berist beint til Siglingamálastofnunar ríkisins eða viðkomandi sveitarstjórna (hafnaryfirvalda) verði mengun á hafnarsvæði. Þar eð erfitt kann að vera að ná sambandi við þessa aðila hvenær sólarhrings sem er, yrði talið fullnægjandi að tilkynna næstu strandstöð, tilkynningarskyldu skipa, eða Landhelgisgæslu Íslands um atburðinn.

IX. KAFLI

Íhlutun.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld geti rannsakað og kynnt sér ástand þeirrar starfsemi er frumvarpið fjallar um ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið. Athuganir eða rannsóknir af þessu tagi skulu þó ekki valda eigendum eða rekstraraðilum ónauðsynlegum útgjöldum.

Um 23. gr.

Vald til stöðvunar á starfsemi verður hjá samgönguráðherra sem tilgreinir skriflega ástæðu fyrir stöðvuninni og einnig hvað þurfi að koma til svo að hefja megi starfsemi á ný.

Í alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL) eru ákvæði um að stjórnvöld samningsaðila stöðvi skip í höfnum ef sýnt þykir að frá þeim stafi óeðlileg mengunarhætta. Skip fá í þeim tilvikum ekki að láta úr höfn fyrr en búnaður þeirra hefur verið bættur svo að hann uppfylli viðkomandi öryggiskröfur. Um þetta fjallar reglugerð um varnir gegn mengun frá skipum sem sett var samkvæmt lögum nr. 14/1984.

X. KAFLI.

Framkvæmd og eftirlit.

Eftirlit með framkvæmd mengunarlöggjafar má flokka annars vegar í eftirlit með mengunarvarnabúnaði og fyrirbyggjandi aðgerðir og hins vegar í eftirlit með losun og varpi efna í sjó. Í frumvarpinu er Siglingamálastofnun, Landhelgisgæslu Íslands og öðrum fullgildum yfirvöldum, samkvæmt ákvörðun samgönguráðherra, falið að annast eftirlitið. Gert er ráð fyrir því að Siglingamálastofnunin hafi með höndum almennt eftirlit með mengunarvarnabúnaði, eins og verið hefur, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga. Landhelgisgæslan hafi eftirlit með að lögunun sé fylgt á hafi úti, en sveitarstjórnir (hafnaryfirvöld) sjái um að lögunun verði framfylgt að því er varðar losun og varp á hafnarsvæðum. Í hafnarreglugerðum er vísað til ákvæða gildandi laga um varnir gegn mengun sjávar.

Um 24. gr.

Í alþjóðasamningum sem þetta frumvarp tekur til eru ákvæði um mengunarvarnabúnað sem tryggja á að ákvæðunum um takmörkun á losun efna í sjó sé framfylgt. Því er nauðsynlegt að skilgreina lágmarksbúnað til mengunarvarna í reglugerð.

Um 25. gr.

Lagt er til að ríkissjóður greiði kostnað af reglubundnu eftirliti með mengunarvörnum, þ. e. svipað fyrirkomulag og verið hefur. Ríkissjóður hefur kostað allt reglubundið eftirlit með mengunarvarnabúnaði, og hefur það verið framkvæmt af starfsmönnum Siglingamálastofnunarinnar. Hins vegar þykir rétt að kostnaður Siglingamálastofnunarinnar vegna athugunar og úttektar á mengunarvarnabúnaði við ný fyrirtæki eða nýja starfsemi greiðist af viðkomandi eigendum á kostnaðarverði eins og verið hefur.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

XI. KAFLI

Mælingar á mengunarefnum í sjó.

Um 27. gr.

Í alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn) og í alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn) er fjallað um kerfisbundnar athuganir og mælingar á mengun sjávar á því hafsvæði er samningarnir ná til. Þar er gert ráð fyrir því að samningsaðilar ákveði, hver um sig eða sameiginlega, kerfisbundnar mælingar á mengunarefnum í sjó.

Sameiginleg framkvæmdanefnd þessara samninga samþykkti nýlega leiðbeiningar fyrir slíkt eftirlit og framkvæmd þess að því er varðar mælingar á kvikasilfri, kadmín og fjölklórineruðum bífenýlum (PCB) í lífverum.

Mælingum þessum er ætlað að meta eftirfarandi þætti:

1. Hættu fyrir heilsu manna.
2. Hættu fyrir lífríki sjávar.
3. Mengun sjávar.
4. Áhrif þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til samkvæmt ákvæðum samninganna.

Á síðasta ársfundi framkvæmdanefndarinnar í júní 1984 komu fram óskir um að Ísland tæki þátt í þessum rannsóknum, þar eð talið er að mengun sé lítil hér við land og gagnlegur samanburður kynni að fást við önnur hafsvæði sem meira eru menguð. Eðlilegt er að Hafrannsóknastofnun sjái um skipulag og framkvæmd á eftirlits- og samanburðarrannsóknum vegna Óslóar- og Parísarsamninganna.

Hafrannsóknastofnunin mun á árinu 1985 taka þátt í samanburðarmælingum á tilvist ákveðinna efna í sjávarlífverum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Þessar mælingar ná til athugana skv. 3. lið hér á undan, um mat á mengun sjávar.

Ef þátttaka Íslands takmarkast við þann hluta verkefnisins er snýr að mati á mengunarástandi sjávar má áætla að kostnaður Íslands verði hvert fimm ára tímabil kr. 300 000 til 400 000.

XII. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

Í þessum kafla er fjallað um viðurlög og málsmeðferð vegna brota á lögunum.

Ákvæðin eru ítarleg og ströng enda oft miklir hagsmunir í húfi.

Helstu einkenni ákvæða kaflans eru eftirfarandi:

1) Ef sakir eru miklar er heimiluð beiting fangelsunar allt að 2 árum.
2) Lögaðila má ákvarða fésekt án tillits til þess hvort sök sannist á starfsmann.
3) Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmanni hans er gert að greiða.
4) Stjórnvöld hafa heimild til að ákvarða sekt upp að vissu marki.
5) Heimilað er að leggja löghald á skip og greiðsla sektar samkvæmt ákvæðum kaflans er tryggð með lögveði í skipinu.
6) Sektir samkvæmt lögunum renna í sérstakan sjóð sem verja skal til mengunarvarna á sjó.
7) Samgönguráðherra er heimilað að leggja á dagsektir ef aðili vanrækir að vinna verk sem fyrirskipað er í lögunum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Um 28. gr.

Hér er heimiluð beiting fangelsisvistar allt að 2 árum ef sakir eru miklar.

Samkvæmt því verður heimilt að setja menn í gæsluvarðhald séu þeir grunaðir um brot gegn lögunum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 29. gr.

Hér er fjallað um refsiábyrgð lögaðila.

Með lögaðila er hér átt við stofnanir, félög (atvinnufyrirtæki og önnur félög) og sjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Refsiábyrgð lögaðila samkvæmt þessari grein má flokka í þrennt:

1) Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Er þetta undantekning frá meginreglunni um sök (ásetning/gáleysi) sem refsiskilyrði, sbr. 18. gr. alm.hgl.

   Hér eru oft miklir hagsmunir í húfi og erfitt getur verið að upplýsa hvaða aðilar fyrirtækis eru brotlegir. Samkvæmt þessu ákvæði er fljótlegra og virkara að koma á refsiábyrgð en ella, auk þess sem aðhald er meira.
2) Þó að fyrir liggi að starfsmaður lögaðila hafi framið brot á lögunum má einnig leggja ábyrgð á lögaðila með sekt og sviptingu starfsréttinda. Skilyrði er þó að brotið sé drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.
3) Sektarábyrgð. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður er dæmdur til að greiða. Skilyrði er að brotið sé tengt starfi hans hjá lögaðila.

Um 30. gr.

Hér er hafnarstjórum og lögreglustjórum veitt heimild til að ákvarða sekt upp að vissu marki. Hliðstæð ákvæði er að finna í 2. mgr. 76. gr. tollalaga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 46 1984. Skilyrði þessa er að sökunautur játist undir ákvörðun sektar og greiði hana þegar í stað.

Stærri mál sæta venjulegri dómsmeðferð.

Um 31. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sambærileg við 4. og 5. mgr. 17. gr. l. nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um 32. gr.

Hér er heimiluð refsing fyrir tilraun til brots eða hlutdeild í broti sbr. III. kafli l. nr. 19 1940.

Um 33. gr.

Sektir samkvæmt lögunum skulu renna í sjóð, sem stofnaður yrði í þeim tilgangi að veita fé til mengunarvarna á sjó.

Um 34. gr.

Hér er veitt heimild fyrir samgönguráðherra til að leggja á dagsektir ef aðili vanrækir að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögunum.

Dagsektirnar skulu eins og aðrar sektir skv. lögunum renna í sjóð skv. 33. gr.

Um 35. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjöl 1 og 2.

Í þremur alþjóðasamningum, þ. e. Lundúnarsamningnum, Óslóarsamningnum og Parísarsamningnum eru sérstaklega skráð efni, efnasambönd og úrgangur, sem viðurkennt er að valdi öðru fremur alvarlegum áhrifum á lífríki og/eða nýtingu hafsins fari þau í sjó. Þessi efni og úrgangur eru talin upp í fylgiskjölum 1 og 2. Í 9. og 13. gr. frumvarpsins er vísað til fylgiskjala 1 og 2 og eru þær annarsvegar leiðbeinandi við setningu reglugerðar um varnir gegn mengun frá landstöðvum (Parísarsamningurinn) og hinsvegar við veitingu leyfa vegna varps úrgangsefna í hafið (Lundúna- og Óslóarsamningurinn). Fylgiskjal 2 vísar þó eingöngu til varps dýpkunarefna í sjó sbr. gr. 13.4 í frumvarpinu.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er varpi dýpkunarefna eigi settar eins þröngar skorður og varpi annarra úrgangsefna í sjó og tiltekur fylgiskjal 2 því eingöngu þau efni og þann úrgang í fylgiskjali 1 sem líklegt er að gæti valdið mengun sjávar ef flutt væru til á hafsbotni. Efni í 1. til 3. lið fylgiskjals 2 er hafnaryfirvöldum heimilt að losa í sjó með dýpkunarefni án sérstaks leyfis ef magn hvers efnis er minna en 0,1% af heildarmagni dýpkunarefnisins.

Við flokkun efna eftir áhrifum á umhverfi sjávar er höfð hliðsjón af þrenns konar áhrifum:

1. Þrávirkni, þ. e. hversu fljótt efnið umbreytist í óskaðlegt efni í sjónum.
2. Eitrunaráhrif, þ. e. hvort efnið valdi dauða á sjávarlífi, eða trufli viðgang þess.
3. Söfnun í lífkeðjuna (bioaccumulation), þ. e. hvort efnið safnist fyrir í líffærum dýra og geti flust til innan fæðukeðjunnar.

Efni í fylgiskjali 1 hafa a. m. k. tvo þessara eiginleika í miklum mæli, en flest þeirra hafa þá alla.

Ed. 81. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar skjal, er varðar skrásetta bifreið, er móttekið til þinglýsingar, skal þinglýsingardómari senda Bifreiðaeftirliti ríkisins tilkynningu um móttöku slíks skjals. Dómsmálaráðuneytið ákveður nánari tilhögun þessara tilkynninga og færslu í ökutækjaskrá.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla orðist svo:

Þinglýsing um skrásett skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir.

3. gr.

43. gr. orðist svo:

Skjali, er varðar skrásett skráningarskylt skip minna en 5 rúmlestir, skal þinglýst þar, sem skipið er skráð.

Eignarheimild fyrir skrásettu skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 rúmlestir, þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skrásettu skráningarskyldu skipi skal þinglýsa til þess að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

4. gr.

Orðin „og í bifreið“ í 44. gr. falli niður.

5. gr.

45. gr. orðist svo:

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 rúmlesta flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, öll skjöl, sem í gildi eru um skipið, en staðfest endurrit eða ljósrit, ef um er að ræða skjöl, sem bundin hafa verið í afsals- og veðmálabækur fyrir gildistöku laga þessara. Þinglýsing fer ekki fram á ný, en dómaranum í nýja umdæminu ber að færa skjölin í skipabók sína innan þess frests, er greinir í 5. mgr. 7. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips milli umdæma.

6. gr.

Fyrirsögn VII. kafla orðist svo: Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld og skip, sem ekki hafa verið skrásett.

7. gr.

Á eftir 2. mgr. 47. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er þinglýst skjali, er varðar skrásetta bifreið, og þarf þá ekki að þinglýsa eignarheimild, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í ökutækjaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta varðar breytingu á reglum um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir. Fer nú um það efni samkvæmt VI. kafla þinglýsingalaga með sama hætti og um þinglýsingu skjala, er varða skráð skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir. Skal slíku skjali þinglýst, þar sem bifreiðin er skráð. Ef skráð bifreið er flutt milli skráningarumdæma, skal senda skjöl, er hana varða til þinglýsingardómara í nýja umdæminu, en þinglýsing fer hins vegar ekki fram á ný.

Samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að umdæmisskráning ökutækja verði lögð niður og að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Nauðsyn ber til að aðlaga ákvæði þinglýsingalaga nýjum reglum um skráningu ökutækja, ef lögfestar verða. Felur frumvarp þetta í sér breytingar að þessu leyti og er þá gert ráð fyrir því, að um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, fari eftir sömu reglum og um lausafé almennt, svo sem ákveðið er í VII. kafla þinglýsingalaga. Verður skjali þá þinglýst á heimavarnarþingi eiganda bifreiðarinnar. Flytji eigandi úr þinglýsingarumdæmi eða eigendaskipti verða að bifreið, má þinglýsing fara fram að nýju, en hún er eigi nauðsynleg.

Til að tryggja, að tiltækar séu upplýsingar um það, hvort skjali hafi verið þinglýst á bifreið, er gert ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá bifreiðaeftirlitsins, þar sem færðar eru upplýsingar um skráð ökutæki af öllu landinu verði færðar upplýsingar um þinglýsingar á skjölum, er varða bifreiðir. Vegna tölvuvæðingar bifreiðaeftirlits og embætta þinglýsingardómara verður unnt að koma slíkum upplýsingum í ökutækjaskrá um leið og skjal er móttekið til þinglýsingar. Um tilhögun tilkynninga að þessu leyti og færslu í ökutækjaskrá verði settar nánari reglur. Gert er ráð fyrir því, að í ökutækjaskrá verði einungis færðar upplýsingar um þinglýsingu skjala, er varða skráðar bifreiðir, en ekki önnur skráð ökutæki, svo sem bifhjól, dráttarvélar, tengi- og festivagna o. fl.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að þegar skjal er varðar skráða bifreið er móttekið til þinglýsingar skuli dómari senda bifreiðaeftirlitinu tilkynningu og verði þessa getið í ökutækjaskrá, samkvæmt nánari reglum þar um. Við það er miðað að þess verði einungis getið í ökutækjaskrá að skjal hafi verið móttekið og við hvaða embætti það var, en hins vegar verði ekki færðar í skrána upplýsingar um efni skjals.

Um 2.—5. gr.

Samkvæmt gildandi þinglýsingalögum fer um þinglýsingu um skráðar bifreiðir samkvæmt reglum VI. kafla, þar sem m. a. er byggt á umdæmaskiptingu, eins og um þinglýsingu

skipa minni en 5 rúmlesta. Lagt er til að um þinglýsingu þessa fari framvegis eftir reglum VII. kafla um þinglýsingu á lausafé almennt.

Um 6. og 7. gr.

Rétt þykir að halda því ákvæði um þinglýsingu skjala er varða skráðar bifreiðir að eigi þurfi að þinglýsa eignarheimild heldur skuli sú eignarheimild sem fram kemur í ökutækjaskrá talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjals.

Um 8. gr.

Gildistaka er miðuð við gildistöku nýrra umferðarlaga samkvæmt frumvarpi til umferðarlaga sem liggur fyrir Alþingi.

Ed. 82. Frumvarp til umferðarlaga. [75. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. GILDISSVIÐ O. FL.

Gildissvið.

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um umferð á vegum.

Þar, sem vegur er fyrir sérstaka umferð, gilda ákvæði laganna, eftir því sem við á.

Ákvæði laganna gilda einnig, eftir því sem við á, um umferð ökutækja á lóðum, lendum, afréttum og almenningum.

Skilgreiningar.

2. gr.

Akbraut:

Sá hluti vegar, sem ætlaður er ökutækjum.

Akrein:

Hver og ein af samhliða reinum, sem skipta má akbraut í að endilöngu, og hver um sig er nægilega breið fyrir eina röð fjórhjóla ökutækja.

Bifhjól:

Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á tveimur hjólum — eða á þremur hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd. Sem bifhjól telst einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni.

Bifreið:

a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og er á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga á því.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki og hannað er til hraðari aksturs en 30 km á klst.
c. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg að eigin þyngd eða meira.

Dráttarvél:

Vélknúið ökutæki, sem aðallega er hannað til að draga annað ökutæki og draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki og er á hjólum og/eða beltum.

Eigin þyngd:
Þyngd ökutækis, sem tilbúið er til notkunar, að meðtöldum búnaði, sem því fylgir að jafnaði, og eldsneyti, smurolíu, kælivatni, varahjóli, verkfærum o. þ. h.

Festivagn:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og tengt er þannig við ökutækið, sem dregur það, að ökutækið og farmur þess hvílir að nokkru leyti á dráttartækinu.

Gangbraut:
Sérstaklega merktur hluti vegar, sem ætlaður er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut.

Gangstétt:
Sá hluti vegar til hliðar við akbraut, sem aðallega er ætlaður gangandi vegfarendum.

Heildarþyngd:
Raunþyngd ökutækis með ökumanni, farþegum, farmi og viðfestum vinnutækjum. Leyfð heildarþyngd ökutækis er sú heildarþyngd, sem leyfð er við skráningu þess.

Hliðarvagn:
Ökutæki á einu hjóli, sem tengt er við hlið bifhjóls á tveimur hjólum og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga.

Lagning ökutækis:
Staða ökutækis, með eða án ökumanns, lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

Létt bifhjól:
Bifhjól með aflvél eigi stærri en 2,5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetrar að slagrúmmáli, sem eigi er hannað fyrir hraðari akstur en 50 km á klst. og verður einungis ekið hraðar með verulegri breytingu á því.

Ljósatími:
Allur sólarhringurinn frá 1. október til 1. apríl, en á öðrum árstíma tíminn frá hálfri klukkustund eftir sólarlag til hálfrar klukkustundar fyrir sólarupprás, svo og á öðrum tíma í rökkri, myrkri eða ljósaskiptum eða ella, þegar birta er ófullnægjandi vegna veðurs eða af öðrum ástæðum, hvort heldur er til að ökutæki sjáist eða til að veita ökumanni nægilegt sjónsvið.

Reiðhjól:
Ökutæki, sem knúið er áfram með stig- eða sveifarbúnaði og eigi er eingöngu ætlað til leiks.

Stór fólksbifreið:
Bifreið, sem ætluð er til flutnings fleiri en 8 farþega, einnig þótt bifreiðin sé jafnframt ætluð til annarra nota.

Tengitæki:
Önnur ökutæki en festi- og tengivagnar, sem hönnuð eru til að vera dregin af öðru ökutæki, þar með talin hjólhýsi og tjaldvagnar.

Tengivagn:
Ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af öðru ökutæki og aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga, þó eigi festivagn.

Vegamót:
Þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist.

Vegfarandi:
Hver sem fer um veg eða er staddur á vegi eða í ökutæki á vegi.

Vegur:
Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar.

Vélknúið ökutæki:
Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram. Hjólastóll, sem eigi er hannaður fyrir hraðari akstur en 15 km á klst. án verulegra breytinga á honum, skal þó falla undir reglur um reiðhjól.

Vélsleði:
Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.

Vinnuvél:
a. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búið áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum.
b. Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og er á hjólum og eigi er hannað fyrir hraðari akstur en 30 km á klst., þó eigi bifhjól.
c. Vélknúið ökutæki, sem stjórnað er af gangandi manni.

Péttbýli:
Svæði afmarkað með sérstökum merkjum, sem tákna péttbýli.

Ökutæki:
Tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

Öxulþungi:
Þungi, sem flyst á veg af hjólum á einum öxli ökutækis.

II. REGLUR FYRIR ALLA UMFERÐ

Meginreglur.

3. gr.

Vegfarendur skulu sýna tillitssemi og varúð, gæta þess að trufla ekki né tefja að óþörfu aðra vegfarendur og valda eigi þeim eða öðrum, sem búa eða eru staddir við umferðarleið, hættu eða óþægindum.

Sérstaka tillitssemi skal sýna börnum, öldruðum og þeim, sem bera auðkenni fatlaðra eða eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni. Dómsmálaráðherra setur reglur um auðkenni fatlaðra.

Lögreglustjóri og veghaldari skulu í samráði við viðkomandi skólayfirvöld gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu í umferðinni á leið þeirra til og frá skóla.

Leiðbeiningar fyrir umferð.

4. gr.

Vegfarendur skulu fara eftir ábendingum og fyrirmælum um umferð, sem gefin eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum eða merkingum á vegi.

Vegfarendur skulu fara eftir fyrirmælum lögreglunnar og merkjum, sem hún notar við umferðarstjórn. Fyrirmæli lögreglumanns ganga framar merkjum samkvæmt 1. mgr.

Ábendingar og fyrirmæli samkvæmt 1. og 2. mgr. ganga framar almennum umferðarreglum.

Vegfarendur skulu fara eftir umferðarljósum á vegamótum, enda þótt merki þar kveði á um skyldu til að víkja.

Leikir o. fl.

5. gr.

Bannað er að stökkva af eða upp í ökutæki, hanga í því eða vera utan á því, þegar það er á ferð.

Bannað er að draga vagn, sleða eða þess háttar aftan í ökutæki, sbr. þó 63. gr. Þann, sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku, má eigi draga með ökutæki á vegi.

Eigi má vera að leik á vegi, þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af.

Vistgötur.

6. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um umferð á svæði, sem afmarkað er með sérstökum merkjum, sem tákna vistgötu.

Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Þar ber að aka mjög hægt, að jafnaði eigi hraðar en 15 km á klst. Ef gangandi vegfarandi er nærri má eigi aka hraðar en á venjulegum gönguhraða.

Ökumaður skal sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Gangandi vegfarandi má eigi hindra för ökutækis að óþörfu.

Óheimilt er að leggja ökutækjum nema á sérstaklega merktum stæðum. Ákvæði þetta gildir eigi um reiðhjól.

Neyðarakstur o. fl.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um neyðarakstur og getur undanþegið þann akstur frá ákvæðum laga þessara.

Þegar ökumaður lögreglubifreiðar eða bifhjóls, sjúkrabifreiðar, slökkvibifreiðar eða björgunarbifreiðar gefur sérstök hljóð- eða ljósmerki skulu aðrir vegfarendur víkja úr vegi í tæka tíð og ökumenn nema staðar, ef nauðsyn ber til. Dómsmálaráðherra ákveður, hvernig merkjum þessum skuli háttað. Þau má eingöngu nota þegar nauðsyn ber til, og er stjórnendum ökutækjanna skylt að taka tillit til annarra vegfarenda.

Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um vélknúið ökutæki, sem í einstakt skipti er notað í þjónustu lögreglu, slökkviliðs eða í lífsnauðsyn, svo sem við flutning sjúkra manna eða slasaðra. Skal ökutækið þá auðkennt greinilega með hvítri veifu. Ökumaður skal tilkynna lögreglunni um aksturinn svo fljótt sem verða má. Önnur notkun hvítrar veifu er bönnuð.

Óviðkomandi mega eigi koma svo nærri slys- eða brunastað að hamli björgunar- eða slökkvistarfi, þar á meðal akstri að og frá staðnum.

Vegfarendur skulu víkja fyrir líkfylgdum, hópgöngum skólabarna og öðrum lögmætum hópgöngum.

Skemmdir á umferðarmerkjum.

8. gr.

Án leyfis er óheimilt að nema brott eða breyta umferðarmerki.

Sá, sem á hlut að því að skemma umferðarmerki, skal strax lagfæra það, ef kostur er. Annars ber honum að tilkynna lögreglunni þegar um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar öðrum vegfarendum.

Skyldur vegfarenda við umferðaróhapp.

9. gr.

Vegfarandi, sem á hlut að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi, skal þegar nema staðar, hvort sem hann á sök á eða ekki. Veita skal hann slösuðum hverja þá hjálp og aðstoð, sem honum er unnt, og gera að öðru leyti þær ráðstafanir til öryggis umferðinni, sem óhappið gefur efni til. Hver sá, sem hlut á að umferðarslysi eða hefur verið sjónarvottur að því, skal skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er óskað af öðrum þeim, sem hlut á að slysinu eða hefur orðið fyrir tjóni.

Ef meiðsl hafa orðið á mönnum skal sá, sem slysinu hefur valdið, tilkynna lögreglunni um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef tjón hefur orðið á eignum og enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum, sem um ræðir í 1. mgr., skal tjónvaldur tilkynna það tjónþola eða lögreglunni svo fljótt sem auðið er.

Hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi, má eigi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki, sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn þess. Ef ökutæki veldur hættu fyrir umferðina skal þó færa það úr stað.

III. UMFERÐARREGLUR FYRIR GANGANDI VEGFARENDUR

10. gr.

Gangandi vegfarandi skal nota gangstétt, gangstíg eða þann hluta vegar, sem liggur utan akbrautar (vegaröxl). Ef ekki er gangstétt, gangstígur eða vegaröxl meðfram vegi má nota akbraut. Skal þá að jafnaði gengið við vinstri vegarbrún í gönguátt og ekki fleiri en tveir samhliða. Ef gangandi vegfarandi leiðir reiðhjól eða létt bifhjól skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl má gangandi vegfarandi hvorki leiða reiðhjól né létt bifhjól né flytja með sér fyrirferðarmikla hluti, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra.

11. gr.

Gangandi vegfarandi, sem ætlar yfir akbraut, skal sýna nauðsynlega aðgæslu gagnvart ökutækjum, sem nálgast, og fara yfir hana án óþarfrar tafar.

Þegar farið er yfir akbraut skal nota gangbraut, ef hún er nálæg. Sama á við um göng og brú fyrir gangandi vegfarendur. Að öðrum kosti skal ganga þvert yfir akbraut og að jafnaði sem næst vegamótum.

Þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum má einungis ganga yfir akbraut þegar grænt ljós er fyrir umferð gangandi vegfarenda eða lögreglan gefur til kynna með merkjagjöf að umferð gangandi sé heimil.

12. gr.

Til gangandi vegfarenda telst einnig sá, sem er á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku, sá, sem ekur barnavagni eða leiktæki, svo og sá, sem ýtir hjólastól, leiðir reiðhjól eða létt bifhjól.

Fatlaður maður, sem sjálfur ekur hjólastól, telst til gangandi vegfarenda, ef hann ekur á venjulegum gönguhraða.

IV. UMFERÐARREGLUR FYRIR ÖKUMENN

Notkun akbrauta.

13. gr.

Ökumaður skal nota akbraut. Bannað er að aka á gangstétt eða gangstíg.

Þar, sem sérstakar reinar eru fyrir mismunandi tegundir ökutækja, skal ökumaður nota þá rein, sem ökutæki hans er ætluð.

Staðsetning ökutækis á vegi.

14. gr.

Ökumaður skal halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er með tilliti til annarrar umferðar og aðstæðna að öðru leyti.

Á akbraut með fjórum akreinum eða fleiri má eigi aka á akrein, sem er að öllu leyti vinstra megin við miðju akbrautarinnar í akstursstefnu. Á akbraut með þremur akreinum má eigi aka á þeirri akrein, sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu. Reglur þessar gilda eigi þar sem einstefnuakstur er á akbraut.

Ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skal vera í svo mikilli fjarlægð frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Utan þéttbýlis skal ökutæki, sem háð er sérstökum hraðareglum samkvæmt 1. og 2. mgr. 38. gr., auk þess vera svo langt frá næsta ökutæki á undan, að þeir, sem fram úr aka, geti án hættu komist á milli þeirra.

Aka skal hægra megin við umferðareyju o. þ. h., sem komið er fyrir á akbraut. Þó má aka vinstra megin, ef það er gefið til kynna með merkingu eða ekið er á einstefnuakbraut.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Akstur á vegamótum og í beygjum.

15. gr.

Ökumaður, sem nálgast vegamót á akbraut með tvær eða fleiri akreinar í akstursstefnu hans, skal í tæka tíð færa ökutæki sitt á þá akrein, sem lengst er til hægri, ef hann ætlar að beygja til hægri, en á þá akrein, sem lengst er til vinstri, ef hann ætlar að beygja til vinstri. Sá, sem ætlar beint áfram, getur notað þá akrein, sem er hentugust með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumaður, sem ætlar að beygja á vegamótum, skal ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra umferð í sömu átt.

Við hægri beygju ber að halda ökutæki sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Við vinstri beygju skal halda ökutæki sem næst miðju akbrautar og á einstefnuakbraut eins nálægt vinstri brún og unnt er. Beygjuna skal taka þannig, að þegar ökutækið kemur út úr vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni, sem beygt er inn á.

Nú er akbraut, sem beygt er inn á, með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu, og skal þá beygjan, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr., tekin svo sem hentugast er með tilliti til annarrar umferðar og fyrirhugaðrar akstursleiðar.

Ökumenn, sem koma úr gagnstæðri átt inn á vegamót og ætla að beygja til vinstri, mega aka vinstra megin hvor fram hjá öðrum, ef það er unnt án hættu eða óþæginda.

16. gr.

Ákvæði 1.—3. mgr. 15. gr. gilda einnig um akstur yfir akbraut eða af henni, þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Ökutæki í vegavinnu má aka eftir því sem þörf er á vegna vinnunnar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Að snúa, aka aftur á bak eða skipta um akrein.

17. gr.

Áður en ökumaður snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak skal hann ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þegar ökutæki er snúið á vegi skal því ekið fram á við til vinstri, nema aðstæður leyfi það ekki.

Ökumaður skal, áður en hann ekur af stað frá vegarbrún, skiptir um akrein eða ekur á annan hátt til hliðar, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Sama er, ef ökumaður ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess.

Ökumaður á aðrennslisrein skal aðlaga hraða ökutækis síns umferð á akrein þeirri, sem hann ætlar inn á, og fara af aðrennslisreininni strax og það er unnt án hættu eða óþarfa óþæginda. Ökumaður á akrein, sem umferð af aðrennslisrein ætlar inn á, skal auðvelda þeirri umferð akstur inn á akreinina.

Afrennslisrein skal nota strax og hún byrjar.

Akstur við biðstöð stórra fólksbifreiða o.fl.

18. gr.

Ökumaður, sem nálgast stóra fólksbifreið á biðstöð í þéttbýli, skal draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur, til þess að bifreiðin geti yfirgefið biðstöðina, enda hafi ökumaður hennar gefið merki um þá ætlan. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann fólksbifreiðarinnar undan því að sýna sérstaka varúð til að komast hjá hættu.

Ökumaður, sem nálgast merkta skólabifreið, sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út, skal sýna sérstaka aðgæslu. Sama á við, þegar skólabifreið er ekið frá slíkum stað. Ökumaður skal sérstaklega aðgæta, hvort börn eru á akbrautinni eða á leið út á hana.

Þegar ökutæki mætast.

19. gr.

Þegar ökutæki mætast skal þeim ekið hægra megin hvoru fram hjá öðru og þess gætt, að nægilegt bil sé á milli hliða þeirra. Aka ber varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar, ef nauðsyn ber til. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin akbrautar, sem hindrunin er. Ef ökutæki mætast þar, sem vegur er svo mjór, að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak.

Mæta má ökutæki í vegavinnu eins og best hentar, enda sé sýnd full aðgæsla.

Framúrakstur.

20. gr.

Aka skal vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skal aka hægra megin fram úr ökutæki, ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Hjólreiðamaður má aka hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum.

Ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki, skal ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu, og athuga sérstaklega:

a. að akrein sú, sem nota á til framúraksturs, sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað, er hindri framúraksturinn,
b. að sá, sem á undan er, hafi ekki gefið merki um, að hann ætli að aka fram úr öðru ökutæki,
c. að enginn, sem á eftir ekur, hafi byrjað akstur fram úr honum, og
d. að hann geti komist inn í umferðarstrauminn á ný án óþæginda fyrir aðra, þegar framúrakstri lýkur. Þetta á þó eigi við um framúrakstur á akrein þar, sem mótumferð er óheimil.

Sá, sem ekur fram úr, skal hafa nægilegt bil milli hliðar ökutækis síns og þess, sem ekið er fram úr. Sá, sem ekið hefur vinstra megin fram úr, skal aka til hægri á ný, svo fljótt sem unnt er án hættu eða óþæginda. Hann þarf þó ekki að aka til hægri, ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

Aka má fram úr ökutæki í vegavinnu á þann hátt sem hentugastur er, enda sé sýnd full aðgæsla.

21. gr.

Þegar ökumaður verður þess var, að ökumaður, sem á eftir kemur, ætlar að aka fram úr vinstra megin, skal hann halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er og má ekki auka hraðann.

Ef ökutæki er ekið hægt eða er fyrirferðarmikið og akbraut er mjó eða bugðótt eða umferð kemur á móti, skal ökumaður gæta sérstaklega að umferð, sem kemur á eftir. Ef það getur auðveldað framúrakstur skal hann aka til hliðar eins fljótt og unnt er, draga úr hraða og nema staðar, ef þörf krefur.

Bann við framúrakstri.

22. gr.

Eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, nema:

a. ökutækin séu á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
b. aka skuli hægra megin fram úr vegna ökutækis, sem beygt er til vinstri,
c. umferð á vegamótum sé stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
d. umferð af hliðarvegi skuli víkja samkvæmt 2. mgr. 25. gr.

Eigi má heldur aka fram úr öðru ökutæki, þegar útsýn er takmörkuð vegna hæðar eða beygju á vegi, nema unnt sé að aka fram úr á akrein þar, sem umferð á móti er óheimil.

Ákvæði greinarinnar á ekki við um akstur fram úr reiðhjóli eða léttu bifhjóli.

Framúrakstur og akreinaskipti í þéttri umferð.

23. gr.

Í þéttri umferð ökutækja á tveimur eða fleiri akreinum í sömu akstursstefnu þar, sem hraðinn ræðst af þeim, sem á undan fara, má aka hægra megin fram úr ökutæki á annarri akrein. Þegar þannig stendur á má ekki skipta um akrein, nema þess þurfi til að beygja á vegamótum, aka af akbraut, stöðva ökutæki eða leggja því.

Aka má fram úr ökutæki, ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein, sem ætluð er sérstakri tegund umferðar.

Framúrakstur við gangbraut.

24. gr.

Eigi má aka fram úr ökutæki rétt áður en komið er að gangbraut eða á henni. Ef umferð við gangbraut er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, má þó aka fram úr ökutæki, ef það hindrar eigi útsýn yfir gangbrautina.

Skylda til að víkja.

25. gr.

Ökumaður skal sýna sérstaka aðgát við vegamót.

Ökumaður, sem ekur inn á eða yfir veg, skal víkja fyrir umferð ökutækja úr báðum áttum, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki.

Ökumaður skal víkja fyrir umferð, sem sker akstursstefnu hans, þegar hann ekur frá vistgötu, bifreiðastæði, lóð, landareign, bensínstöð eða svipuðum svæðum, frá vegarslóða, stíg, göngugötu, heimreið eða svipuðum vegi eða af vegi yfir gangstétt.

Þegar ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast á vegamótum, opnum svæðum eða svipuðum stöðum, skal sá víkja, sem hefur hinn á hægri hönd.

Ökumaður, sem á að víkja, skal gefa greinilega til kynna, að hann muni víkja, með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar. Hann má því aðeins aka áfram, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir önnur ökutæki, miðað við staðsetningu þeirra á vegi, fjarlægð til þeirra og hraða þeirra.

Þegar ökumaður ætlar að beygja á vegamótum ber honum að víkja fyrir umferð á móti, svo og gangandi vegfarendum og ökumönnum reiðhjóla og léttra bifhjóla, sem fara þvert yfir akbraut þá, sem hann ætlar inn á. Sama á við um akstur yfir eða af akbraut þar, sem eigi eru vegamót.

Ökumaður, sem nálgast eða ekur inn á vegamót, skal haga akstri sínum þannig, að ekki valdi umferð á veginum, sem hann fer yfir, óþarfa óþægindum, ef hann neyðist til að nema þar staðar. Á vegamótum þar, sem umferð er stjórnað með umferðarljósum, má ökumaður eigi aka inn á vegamótin á móti grænu ljósi, ef honum má vera ljóst af aðstæðum í umferðinni, að hann muni eigi komast yfir vegamótin áður en grænt ljós kviknar fyrir umferð, sem sker vegamótin.

Sérstakar skyldur gagnvart gangandi vegfarendum.

26. gr.

Ökumaður, sem mætir eða ekur fram hjá gangandi vegfaranda, skal gefa honum tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými á veginum.

Ökumaður, sem ekur yfir gangstétt eða gangstíg eða ekur inn á akbraut frá lóð við veginn, skal víkja fyrir gangandi vegfarendum. Sama á við um akstur inn á eða yfir göngugötu.

Við akstur á göngugötu skal ökumaður sýna sérstaka aðgát og tillitssemi gagnvart gangandi vegfarendum.

Við beygju á vegamótum má ökumaður ekki valda gangandi vegfarendum, sem fara yfir akbraut þá, sem beygt er inn á, hættu eða óþægindum. Sama á við um akstur yfir akbraut eða af henni þar, sem eigi eru vegamót.

Við gangbraut þar, sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal ökumaður bíða eftir gangandi vegfarendum á gangbrautinni á leið yfir akbrautina, þótt umferð sé að öðru leyti heimil í akursstefnu hans. Ef gangbrautin er við vegamót og ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótunum, skal hann aka hægt og víkja fyrir gangandi vegfarendum, sem eru á gangbrautinni eða á leið út á hana.

Ökumaður, sem nálgast gangbraut þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, skal haga hraða þannig að ekki valdi gangandi vegfarendum á gangbrautinni eða á leið út á hana hættu eða óþægindum. Skal ökumaður nema staðar, ef nauðsynlegt er til að hleypa hinum gangandi yfir akbrautina.

Ökumaður skal forðast, eftir því sem unnt er, að stöðva ökutæki á gangbraut.

Stöðvun og lagning ökutækis.

27. gr.

Ökutæki má ekki stöðva eða leggja á þeim stað eða þannig að valdið geti hættu eða óþarfa óþægindum fyrir umferðina.

Á vegi má einungis stöðva eða leggja ökutæki hægra megin. Þar, sem einstefnuakstur er, má þó setja aðrar reglur, sbr. 2. mgr. 83. gr. Utan þéttbýlis má stöðva eða leggja ökutæki vinstra megin, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra aðstæðna. Ökutæki skal stöðva eða leggja við ystu brún akbrautar og samhliða henni eða utan hennar, ef unnt er.

Eigi má stöðva eða leggja ökutæki á gangstétt eða gangstíg, nema annað sé ákveðið, sbr. 2. mgr. 83. gr. Sama á við um umferðareyjar og svipaða staði.

Þegar ökumaður yfirgefur vélknúið ökutæki skal hann stöðva vél þess og tryggja að það geti ekki farið af stað sjálfkrafa. Hann skal enn fremur gera ráðstafanir til að óviðkomandi geti ekki flutt það úr stað.

Opna skal dyr ökutækis þannig, að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Sama á við, þegar farið er í eða úr ökutæki og við fermingu og affermingu.

28. gr.

Bannað er að stöðva eða leggja ökutæki:

a. á gangbraut og innan 5 metra áður en að henni er komið,
b. á vegamótum eða innan 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi,
c. þannig að skyggi á umferðarmerki eða umferðarljós,
d. í jarðgöngum eða undir vegbrú,
e. í eða við beygju þar sem útsýn er takmörkuð, á eða við hæðarbrún og þar sem útsýni er takmörkuð af öðrum ástæðum,
f. þar sem akbraut er skipt í akreinar með hindrunarlínu eða svo nálægt þannig línu að torveldi akstur inn á rétta akrein,
g. á hringtorgi,
h. á merktu stæði fyrir leigubifreiðir til mannflutninga, og
i. innan 15 metra frá merki fyrir biðstöð stórra fólksbifreiða.

Einnig er bannað að leggja ökutæki:

a. á brú,
b. þar sem ekið er að eða frá húsi eða lóð eða þannig að torveldi akstur þangað eða þaðan,
c. við hlið ökutækis, sem stendur við brún akbrautar, annars en reiðhjóls, létts bifhjóls eða bifhjóls,
d. þannig að hindri aðgang að öðru ökutæki eða færslu þess af staðnum, og
e. við vatnshana slökkviliðs.

29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. gilda ekki um ökutæki í vegavinnu, enda sé nauðsynlegt að stöðva eða leggja því vegna vinnunnar og fullnægjandi varúðarráðstafanir gerðar. Sama á við um ökutæki lögreglu, slökkviliðs eða sjúkraflutningaliðs.

Skyldur ökumanns, þegar ökutæki hefur stöðvast í sérstökum tilvikum.

30. gr.

Ökutæki, sem stöðvast hefur vegna umferðaróhapps, vélarbilunar eða annarra orsaka þar, sem bannað er að stöðva eða leggja ökutæki, skal flytja á brott eins fljótt og unnt er, nema annað leiði af 9. gr. Hafi ökutækið stöðvast á þannig stað eða svo að valdi hættu eða óþægindum fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við, ef ekki er þegar unnt að fjarlægja það.

Dómsmálaráðherra setur reglur um viðvörunarbúnað og notkun hans.

Merki og merkjagjöf.

31. gr.

Þegar hætta er á ferðum skal ökumaður gefa hljóð- eða ljósmerki eða vekja athygli annarra vegfarenda á hættunni á annan hátt. Merki skal gefa þannig, að sem minnstum óþægindum valdi, og ekki að nauðsynjalausu. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur má einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki má eigi nota lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal ökumaður vélknúins ökutækis gefa ljósmerki í stað hljóðmerkis, nema um yfirvofandi hættu sé að ræða. Ljósmerki skal gefa með því að kveikja og slökkva á háljósum eða lágljósum á víxl.

Ökumaður, sem ætlar að aka frá brún vegar, beygja, snúa eða skipta um akrein, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Sama á við um akstur til hliðar á vegi, nema um óverulega breytingu á aksturssstefnu sé að ræða. Merkið skal gefa með stefnuljósi, þegar ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta út hönd.

Ökumaður, sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess, skal gefa merki öðrum til leiðbeiningar. Merkið skal gefa með hemlaljósi, ef ökutækið skal búið slíku ljósi, en annars með því að rétta upp hönd.

Merki samkvæmt 2. og 3. mgr. skal gefa tímanlega og á greinilegan og ótvíræðan hátt, áður en stefnu ökutækis er breytt, snögglega dregið úr hraða þess eða það er stöðvað. Merkjagjöf skal hætt, þegar hún á ekki lengur við.

Merkjagjöf leysir ökumann ekki undan varúðarskyldu.

Ljósanotkun.

32. gr.

Við akstur á ljósatíma skulu vera tendruð ljós á lögboðnum ljóskerum. Þegar mörg ökutæki eru tengd saman er nægilegt að hafa afturljós og númersljós tendruð á aftasta ökutækinu.

Nota skal háan ljósgeisla, þegar sjónsvið ökumanns er eigi nægilegt til öruggs aksturs miðað við hraða þess.

Háan ljósgeisla má eigi nota:

a. þegar ekið er um nægilega vel lýstan veg,
b. þegar ekið er á móti öðru ökutæki, þannig að valdið geti ökumanni þess glýju, eða
c. þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki, að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Nota skal lágan ljósgeisla, þegar ekki er skylt eða heimilt að nota háan ljósgeisla samkvæmt 2. eða 3. mgr.

Þokuljós má einungis nota í þoku eða þéttri úrkomu og geta þá komið í stað lágs ljósgeisla. Hjálparljós má eigi nota til annars en þau eru ætluð.

Ljós má eigi nota þannig að valdið geti öðrum vegfarendum glýju.

Eigi má nota annan ljósabúnað eða glitmerki en boðið er eða heimilað í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

33. gr.

Stöðuljós, afturljós og númersljós skulu vera tendruð, ef ökutæki er stöðvað eða því er lagt á vegi í myrkri eða dimmviðri. Þetta á þó ekki við, ef vegur er svo vel lýstur, að ökutækið sjáist greinilega úr nægilegri fjarlægð, eða það hefur verið stöðvað eða því lagt utan akbrautar. Ef ökutækið er eigi búið slíkum ljósum, skulu önnur lögboðin ljós vera tendruð.

Þegar svo stendur á sem í 1. mgr. segir mega önnur ljós en þar greinir eigi vera tendruð.

Ef vélknúnu ökutæki, sem ekki er meira en 6 m á lengd og 2 m á breidd, er lagt samhliða brún vegar í þéttbýli, þarf einungis að nota stöðuljós það og afturljós, sem nær er

miðju vegar, nema ökutækið sé tengt öðru ökutæki. Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem heimila notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn.

Þegar mörg ökutæki, sem tengd eru saman, eru stöðvuð eða þeim lagt, eiga ákvæði 1. mgr. 32. gr. við.

Ljós þurfa eigi að vera tendruð á reiðhjóli eða bifhjóli án hliðarvagns, ef þeim er lagt samhliða ystu brún vegar.

Aksturskeppni.

34. gr.

Óheimilt er að efna til aksturskeppni, nema með leyfi lögreglustjóra, enda liggi fyrir samþykki sveitarstjórnar og veghaldara. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um aksturskeppni, þ. á m. um greiðslu kostnaðar vegna löggæslu o. fl. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá ákvæðum laganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, svo og ákvæðum um hámarkshraða, enda sé vegur þá lokaður annarri umferð eða keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Óþarfa hávaði o. fl.

35. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis skal haga meðferð þess og akstri þannig, að frá því stafi eigi hávaði, reykur eða gas að óþörfu.

Í námunda við íbúðarhús má ekki valda ónæði með ónauðsynlegum akstri. Þar skal haga hraða og aksturshættum að öðru leyti þannig að eigi valdi óþarfa ónæði.

V. ÖKUHRAÐI

Almennar reglur.

36. gr.

Ökuhraða skal jafnan miða við aðstæður með sérstöku tilliti til öryggis annarra. Ökumaður skal þannig miða hraðann við gerð og ástand vegar, veður, útsýn, ástand ökutækis og hleðslu, svo og umferðaraðstæður að öðru leyti. Hraðinn má aldrei verða meiri en svo að ökumaður hafi fullt vald á ökutækinu og geti stöðvað það á þeim hluta vegar fram undan, sem hann hefur útsýn yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan skal aðlaga ökuhraða hinu breytta sjónarsviði.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka nægilega hægt miðað við aðstæður:

a. í þéttbýli,
b. þegar útsýn er takmörkuð vegna birtu eða veðurs,
c. við vegamót og í beygjum,
d. áður en komið er að gangbraut,
e. við hæðarbrún eða annars staðar þar sem útsýn er takmörkuð,
f. þegar hætta er á að ljós valdi glýju,
g. þegar ökutæki mætast á mjóum vegi,
h. þegar blautt er eða hált,
i. þegar ökutæki nálgast stóra fólksbifreið, sem numið hefur staðar til þess að hleypa farþegum inn eða út,
j. þegar ökutæki nálgast barn á eða við veg,
k. þegar ökutæki nálgast gangandi vegfaranda, sem ber auðkenni sjónskertra,
l. þegar ökutæki nálgast búfé á vegi,
m. þar sem vegavinna fer fram, og
n. þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

Ökumaður má eigi að óþörfu aka svo hægt eða hemla svo snögglega að tefji eðlilegan akstur annarra.

Þegar bleyta er skal ökumaður, eftir því sem unnt er, haga hraða ökutækis þannig að vegfarendur verði ekki fyrir aurslettum.

Almennar hraðatakmarkanir.

37. gr.

Ökuhraði má eigi vera meiri en:

a. 50 km á klst. í þéttbýli, og
b. 70 km á klst. utan þéttbýlis, þó 80 km á klst. á vegum með bundnu slitlagi.

Ákveða má hærri hraðamörk á tilteknum vegum, þó eigi meira en 90 km á klst., ef aðstæður leyfa og æskilegt er til að greiða fyrir umferð, enda mæli veigamikil öryggissjónarmið eigi gegn því.

Ákveða má lægri hraðamörk þar sem æskilegt þykir til öryggis eða af öðrum ástæðum.

Ökuhraði sérstakra gerða ökutækja.

38. gr.

Ökuhraði eftirtalinna ökutækja má aldrei vera meiri en:

a. fólksbifreiða, ef leyfð heildarþyngd er meiri en 3500 kg: 80 km á klst.,
b. annarra bifreiða, ef leyfð heildarþyngd er meiri en 3500 kg: 70 km á klst.,
c. bifreiða með tengi- og festivagn eða skráð tengitæki: 70 km á klst., og
d. bifreiða með annað tengitæki: 30 km á klst.

Bifreiðaeftirlit ríkisins getur ákveðið, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, sérstakan lægri hámarkshraða vélknúins ökutækis en segir í 37. gr. og 1. málsgrein þessarar greinar, ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækisins.

Eigi má aka vélsleða á vegi hraðar en 30 km á klst. Það á þó eigi við um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu.

VI. SÉRREGLUR FYRIR REIÐHJÓL OG BIFHJÓL

Reiðhjól.

39. gr.

Hjólreiðamenn skulu aka í einfaldri röð. Þar sem nægilegt rúm er mega tveir hjólreiðamenn þó aka samhliða, ef það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef gefið er merki um framúrakstur mega hjólreiðamenn eigi aka samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefur.

Hjólreiðamenn skulu aka hægra megin á akrein þeirri, sem lengst er til hægri. Akreinina við hlið hennar má þó nota til framúraksturs, ef eigi er unnt að aka fram úr hægra megin.

Áður en komið er að vegamótum skal hjólreiðamaður, sem ætlar að aka beint áfram eða beygja til vinstri, vera áfram hægra megin á vegi. Ef akrein er sérstaklega ætluð fyrir hægri beygju má hann þó vera hægra megin á akrein þeirri, sem næst henni liggur. Ætli hann að beygja til vinstri skal ekið beint áfram yfir vegamótin og þá fyrst beygt, þegar það er unnt án óþæginda fyrir aðra umferð. Ákvæði þessi gilda þrátt fyrir merkingar, nema þær séu sérstaklega ætlaðar hjólreiðamönnum. Þau eiga einnig við um akstur reiðhjóla yfir akbraut eða af henni, þótt eigi sé um vegamót að ræða.

Heimilt er að aka reiðhjóli á gangstétt og gangstíg, enda geti það ekki valdið gangandi vegfarendum hættu eða óþægindum. Hjólreiðamaður, sem ekur á gangstétt eða gangstíg, skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Hjólreiðamaður skal hafa báða fætur á fótstigum og a. m. k. aðra hönd á stýri.

Hjólreiðamaður má ekki hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Reiðhjóli, sem lagt er, skal læsa, nema um stutta stund sé að ræða, og ganga þannig frá því, að eigi stafi hætta eða truflun af.

40. gr.

Barni yngra en 7 ára er óheimilt að aka reiðhjóli á akbraut, nema undir leiðsögn og eftirliti manns, sem náð hefur 15 ára aldri.

Óheimilt er að flytja farþega á reiðhjóli. Þó má vanur hjólreiðamaður, sem náð hefur 15 ára aldri, flytja barn yngra en 7 ára á reiðhjóli, enda sé barninu ætlað sérstakt sæti og þannig um búið, að því stafi eigi hætta af hjólteinunum.

Ekki má flytja á reiðhjóli þyngri hluti eða fyrirferðarmeiri en svo að ökumaður geti haft fullkomna stjórn á reiðhjólinu og gefið viðeigandi merki. Eigi má heldur flytja á reiðhjóli hluti, sem valdið geta öðrum vegfarendum óþægindum.

Bifhjól.

41. gr.

Eigi má aka bifhjóli samhliða öðru ökutæki.

Annar akstur bifhjóls á gangstétt eða gangstíg en um ræðir í 2. mgr. 26. gr. er óheimill.

Við akstur bifhjóls utan ljósatíma skal nota lágan ljósgeisla.

Á bifhjóli og hliðarvagni þess má eigi flytja fleiri farþega en það er ætlað til. Farþegi á bifhjóli skal sitja klofvega.

42. gr.

Ökumaður létts bifhjóls skal hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og a. m. k. aðra hönd á stýri.

Ökumaður létts bifhjóls má eigi hanga í öðru ökutæki á ferð eða halda sér í ökumann eða farþega annars ökutækis.

Óheimilt er að flytja farþega á léttu bifhjóli.

Að öðru leyti gilda ákvæði 41. gr. um létt bifhjól.

VII. SÉRREGLUR UM UMFERÐ REIÐMANNA

43. gr.

Reiðmenn skulu halda sig við hægri vegarbrún. Reiðmanni ber að víkja greiðlega til hægri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á vinstri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

Ef vænta má umferðar ökutækja um veg skulu eigi fleiri en tveir menn einhesta ríða samhliða og reiðmaður má ekki teyma fleiri en tvö laus hross. Má þá enginn ríða honum samhliða.

Bannað er að skilja eftir á vegi lausa hesta eða fyrir vagni eða sleða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta.

VIII. UM ÖKUMENN

Veikindi, áfengisáhrif, o. fl.

44. gr.

Sérhver ökumaður skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna ökutæki því, sem hann fer með.

Enginn má aka eða reyna að aka ökutæki, ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka er þannig á sig kominn, að hann sé ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega.

Eigi má fela manni í því ástandi, sem um ræðir í 2. mgr., stjórn ökutækis.

Enginn má neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna við akstur vélknúins ökutækis.

Tóbaksreykingar eru bannaðar við akstur leigubifreiða til mannflutninga.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna.

45. gr.

Enginn má aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 0,50‰, en er minna en 1,20‰, eða hann er undir áhrifum áfengis, þótt vínandamagn í blóði hans sé minna, telst hann ekki geta stjórnað ökutæki örugglega.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira, telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki.

Nú hefur ökumaður neytt áfengis við akstur eða fyrir hann þannig að vínandamagn í blóði hækkar eftir að akstri lauk, og skal þá litið svo á sem hið aukna vínandamagn hafi verið í blóði hans við aksturinn.

Það leysir ökumann ekki undan sök, þótt hann ætli vínandamagn minna en um ræðir í 2. og 3. mgr.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna reiðhjóli, hestvagni eða hesti, ef hann er undir svo miklum áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna, að hann geti eigi með fullu öryggi stjórnað ökutækinu eða hestinum.

Bannað er að fela manni í því ástandi, sem að framan greinir, stjórn ökutækis eða hests.

46. gr.

Ökumaður vélknúins ökutækis má eigi neyta áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna í næstu 6 klst. eftir að akstri lauk, hafi hann ástæðu til að ætla, að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins. Bann þetta á þó ekki við eftir að lögregla hefur látið taka blóðsýni úr ökumanni eða ákveðið að það skuli eigi gert.

47. gr.

Þegar maður hefur neytt áfengis á veitingastað og veitingamaður eða þjónar hans vita eða hafa ástæðu til að ætla, að hann muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., ber þeim að reyna að hindra brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Bannað er selja eða afhenda ökumanni vélknúins ökutækis eldsneyti eða annað, sem þarf til aksturs, ef hann er augljóslega undir áhrifum áfengis. Skylt er bensínafgreiðslumönnum, ef þeir vita eða hafa ástæðu til að ætla, að ökumaður muni brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., að reyna að hindra brotið, með því meðal annars að gera lögreglunni viðvart.

Öndunarsýni, blóðsýni o. fl.

48. gr.

Lögreglumaður getur tekið öndunarsýni af ökumanni vélknúins ökutækis, ef:

a. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 45. gr.,
b. ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn öðrum ákvæðum þessara laga, enda hafi dómsmálaráðherra ákveðið að öndunarsýni megi taka í þeim tilvikum,
c. hann hefur átt hlut að umferðarslysi eða óhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, eða
d. hann hefur verið stöðvaður við almennt umferðareftirlit þar, sem fyrir fram hefur verið ákveðið af lögreglustjóra, að öndunarsýni skuli tekin.

Lögreglumaður getur fært ökumann til blóð- og þvagrannsóknar, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 44. gr. eða 45. gr. eða hann neitar að láta öndunarsýni í té eða getur það eigi. Ef grunur er um önnur brot en akstur undir áhrifum áfengis getur lögreglumaður auk þess fært ökumann til læknisrannsóknar. Sama á við, þegar

grunur er um akstur undir áhrifum áfengis og sérstakar ástæður mæla með því. Ökumanni er skylt að hlíta þeirri meðferð, sem læknir telur nauðsynlega vegna rannsóknar samkvæmt þessari málsgrein.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um töku sýna og rannsókn samkvæmt 1. og 2. mgr.

Ökupróf og ökuskírteini.

49. gr.

Enginn má stjórna bifreið eða bifhjóli, nema hann hafi til þess ökuskírteini, sem lögreglustjóri gefur út. Ökumaður skal hafa skírteinið meðferðis við akstur og sýna það, er löggæslumaður krefst þess.

Veita má ökuskírteini þeim, sem:

a. er fullra 17 ára,
b. sér og heyrir nægilega vel og er að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega, og
c. hefur notið kennslu löggilts ökukennara og staðist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækisins.

Neita má þeim um ökuskírteini, sem háður er notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða er ekki nægilega reglusamur. Bera má ákvörðun um þetta undir dómstóla samkvæmt reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

50. gr.

Dómsmálaráðherra getur leyft að gefin séu út til fatlaðra manna, sem eru orðnir 15 ára, ökuskírteini til aksturs hægfara vélknúinna ökutækja fyrir fatlaða.

51. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um frekari skilyrði, þ. á m. um kennslu og próf, til að mega stjórna:

a. leigubifreið til mannflutninga,
b. stórri fólksbifreið,
c. vörubifreið, sem er 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
d. bifreið, sem dregur tengi- eða festivagn eða tengitæki, sem er 750 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, og
e. bifreið, sem flytur hættuleg efni eða tæki.

Eigi má veita þeim, sem er yngri en 20 ára, réttindi til stjórnar ökutækja þessara.

Heimilt er að synja manni um réttindi til aksturs bifreiðar til farþegaflutninga í atvinnuskyni, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

52. gr.

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini.

Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í 2 ár.

Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini samkvæmt 51. gr. skulu þó gilda í 5 ár. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 75 ára aldri, skulu gilda í 2 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til má gefa út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir.

Áður en fullnaðarskírteini er gefið út skal kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeigandi og er lögreglustjóra heimilt að ákveða, að hann skuli taka þátt í námskeiði og/eða standast próf í umferðarreglum og akstri, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði.

53. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. ökukennslu,
b. skilyrði fyrir útgáfu ökuskírteinis og endurnýjun, þ. á m. um ökupróf,
c. efni og form ökuskírteinis, og
d. gjald fyrir próf og ökuskírteini.

Lögreglustjórar halda skrár um ökuskírteini og ökuferil samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Afturköllun ökuréttinda.

54. gr.

Lögreglustjóri getur afturkallað ökuréttindi, ef viðkomandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskírteini. Nú neitar viðkomandi að taka þátt í rannsókn eða prófi, sem nauðsynlegt er til ákvörðunar þessarar, og getur lögreglustjóri þá afturkallað ökuréttindin þegar í stað. Varði skilyrðið það, hvort viðkomandi er háður notkun ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna, eða er ekki nægilega reglusamur, má bera ákvörðunina undir dómstóla eftir reglum 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum um lengri tíma en eitt ár, öðlast eigi ökuréttindi að nýju að loknum sviptingartíma, nema hann standist próf í umferðarlöggjöf, akstri og meðferð ökutækis. Ökupróf má ekki fara fram fyrr en einum mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Sá, sem misst hefur ökuréttindi vegna sviptingar eða afturköllunar, skal afhenda lögreglunni ökuskírteini sitt.

Erlend ökuskírteini.

55. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem dveljast hér á landi og hafa eigi íslenskt ökuskírteini, mega stjórna vélknúnum ökutækjum hér. Hann getur og sett reglur um með hvaða skilyrðum þeir, sem hafa erlend ökuskírteini, geta fengið íslenskt ökuskírteini.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ökuskírteini útgefin í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gildi hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að.

Dráttarvélar, vinnuvélar, létt bifhjól, vélsleðar.

56. gr.

Enginn má stjórna dráttarvél, nema hann hafi ökuskírteini til aksturs bifreiðar eða ökuskírteini til aksturs dráttarvélar. Slíkt ökuskírteini má ekki veita þeim, sem er yngri en 16 ára. Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvélar við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaður orðinn 14 ára.

Enginn má stjórna vinnuvél fyrr en hann er orðinn 17 ára. Ef vinnuvél er ekið á vegi skal ökumaður hafa ökuskírteini til aksturs bifreiðar.

Enginn má stjórna léttu bifhjóli, nema hann hafi ökuskírteini til aksturs bifhjóls eða ökuskírteini til aksturs létts bifhjóls. Ökuskírteini til aksturs létts bifhjóls má eigi veita þeim, sem er yngri en 16 ára.

Enginn má stjórna vélsleða, nema hann sé orðinn 16 ára og hafi ökuskírteini til þess eða ökuskírteini til aksturs annars vélknúins ökutækis.

Ákvæði 49. gr., 3. mgr. 52. gr., 53. og 54. gr. gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, um ökuskírteini samkvæmt grein þessari. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um æfingaakstur sem skilyrði fyrir útgáfu þeirra.

Ökukennarar.

57. gr.

Rétt til að hafa á hendi kennslu í akstri og meðferð bifreiða og bifhjóla hefur sá, sem hlotið hefur til þess löggildingu dómsmálaráðherra.

Veita má slíka löggildingu þeim, sem:

a. er 21 árs eða eldri,
b. hefur ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að staðaldri síðustu 3 árin, og
c. hefur staðist sérstakt próf fyrir ökukennara að afloknu ökukennaranámi.

Heimilt er að synja manni um löggildingu til ökukennslu, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Löggilding gildir í 5 ár, þó eigi lengur en viðkomandi hefur ökuréttindi. Endurnýja má löggildingu, enda fullnægi ökukennari enn þá framangreindum skilyrðum og hafi að jafnaði stundað ökukennslu á liðnu löggildingartímabili. Í reglugerð má kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um tilhögun ökukennaranáms og prófs, um löggildingu, endurnýjun hennar, starfsemi ökukennara og gjald fyrir ökukennaranám og próf og löggildingu.

Dómsmálaráðherra getur hvenær sem er svipt mann ökukennararéttindum, ef ástæða þykir til.

Æfingaakstur.

58. gr.

Æfingaakstur þess, sem er að læra að aka bifreið, má því aðeins fara fram að við hlið hans sitji löggiltur ökukennari, sem þá telst stjórnandi bifreiðarinnar. Nemandi telst þó stjórnandi þegar prófakstur fer fram. Nú óskar maður, sem hefur ökuskírteini, að æfa sig í akstri á ný í viðurkenndri kennslubifreið hjá löggiltum ökukennara, og telst þá ökukennari stjórnandi bifreiðarinnar. Ákvæði 44.—48. gr. eiga þó ávallt einnig við um nemandann.

Enginn má æfa sig í akstri bifhjóls, nema undir leiðsögn og eftirliti löggilts ökukennara.

Ökukennari ber ábyrgð á að æfingaakstur fari fram á þeim stöðum og þannig að eigi stafi hætta af. Hann skal og gæta þess, að eigi stafi óþörf eða veruleg truflun af æfingaakstrinum.

Æfingaakstur má eigi fara fram fyrr en 3 mánuðum áður en nemandi hefur aldur til að fá ökuskírteini. Sá, sem sviptur hefur verið ökuréttindum, má eigi æfa sig í akstri fyrr en 1 mánuði áður en sviptingartímabil rennur út.

Upplýsingaskylda o. fl.

59. gr.

Eiganda (umráðamanni) ökutækis er skylt, þegar lögreglan krefst þess, að gera grein fyrir, hver hafi stjórnað ökutæki hans á tilteknum tíma.

Eigi má fela stjórn ökutækis þeim, sem hefur ekki réttindi til að stjórna þess konar ökutæki.

IX. UM ÖKUTÆKI

Gerð og búnaður.

60. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og því haldið þannig við að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

Eigandi eða umráðamaður ber ábyrgð á, að ökutæki sé í lögmæltu ástandi.

Ökumaður skal gæta þess, að ökutæki sé í góðu lagi. Sérstaklega skal þess gætt, að stýrisbúnaður, hemlar, merkjatæki og ljósker séu í lögmæltu ástandi og virki örugglega. Sama á við um tengi- og festivagn og tengitæki, svo og tengingu þeirra og tengibúnað.

61. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð ökutækja og búnað þeirra og öryggisbúnað fyrir ökumann og farþega, svo og hvaða áletranir og merki skuli setja á ökutæki vegna skráningar eða eftirlits.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur, sem banna viðskipti með tiltekna hluti eða búnað í ökutæki eða til verndar ökumanni eða farþegum, ef þeir uppfylla ekki skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., eða notkun þeirra mundi leiða til hættu eða verulegra óþæginda fyrir ökumann eða aðra vegfarendur.

Dómsmálaráðherra getur, ef nauðsynlegt er út frá umferðaröryggissjónarmiðum, bannað notkun ökutækis, enda þótt það uppfylli skilyrði reglna, sem settar eru samkvæmt 1. mgr.

62. gr.

Nú rís ágreiningur um það, til hvaða flokks samkvæmt 2. gr. ökutæki skuli teljast, og sker þá dómsmálaráðherra úr.

Dómsmálaráðherra getur, ef sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að ökutæki af tiltekinni gerð skuli falla undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu 2. gr.

Tenging og dráttur ökutækja.

63. gr.

Við bifreið, vélsleða og reiðhjól má tengja einn tengi- eða festivagn eða tengitæki.

Við dráttarvél og vinnuvél má tengja tvo tengi- eða festivagna eða einn tengi- eða festivagn og eitt tengitæki.

Við bifhjól og létt bifhjól má eigi tengja tengi- eða festivagn eða tengitæki.

Við bifhjól og reiðhjól má tengja hliðarvagn, sem skal þá vera hægra megin við ökutækið. Eigi má tengja hliðarvagn við létt bifhjól.

Dómsmálaráðherra setur reglur um tengingu tengi- og festivagna, tengitækja og hliðarvagna. Dómsmálaráðherra getur enn fremur sett reglur um hvað flytja megi með ökutækjum þessum, svo og veitt undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. við akstur á tilteknum svæðum.

Dómsmálaráðherra setur reglur um drátt ökutækja.

Skráning.

64. gr.

Áður en bifreið, bifhjól, vélsleði eða dráttarvél er tekin í notkun skal ökutækið skráð og skráningarmerki sett á það. Sama á við um tengi- og festivagn, sem er 500 kg að eigin þyngd eða meira, svo og hjólhýsi og tjaldvagn. Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að eigi þurfi að skrá ökutæki, sem nær eingöngu er notað utan opinberra vega. Skal þá kveða á um það svæði þar sem nota má ökutækið. Einnig má kveða nánar á um gerð, búnað og notkun ökutækisins.

65. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um:

a. skráningu ökutækja og eigenda þeirra,
b. tilkynningu eigendaskipta,
c. skráningarmerki,
d. skráningarskírteini, sem ávallt skal fylgja ökutækinu,
e. tímabundinn akstur skráningarskyldra ökutækja án skráningar, og
f. gjald fyrir skráningu og skráningarmerki.

Bifreiðaeftirlit ríkisins.

66. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins annast skráningu ökutækja, skoðun þeirra og eftirlit.

Dómsmálaráðherra skipar bifreiðaeftirlitinu framkvæmdastjóra. Við bifreiðaeftirlitið skulu starfa eftirlitsmenn ökutækja, bifreiðaeftirlitsmenn, sem hafa lögregluvald á starfssviði sínu. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera sérfróðir um þau mál, er vélknúin ökutæki varða, gerð þeirra, akstur og aðra meðferð, svo og lög og reglur, er um þau gilda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um kennslu, prófkröfur og önnur hæfnisskilyrði bifreiðaeftirlitsmanna. Hann setur og reglur um starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins og starfssvið bifreiðaeftirlitsmanna.

67. gr.

Innflytjendum skráningarskyldra vélknúinna ökutækja er skylt að senda Bifreiðaeftirliti ríkisins nákvæma lýsingu og myndir af nýjum gerðum vélknúinna ökutækja, sem þeir ætla að flytja til landsins. Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða skráningarskylt vélknúið ökutæki, nema bifreiðaeftirlitið hafi gefið yfirlýsingu um, að sú gerð ökutækja fullnægi ákvæðum laga.

Erlend ökutæki.

68. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um notkun erlendra ökutækja hér á landi, þ. á m. hvenær beri að skrá þau hér.

Skoðun ökutækja og eftirlit.

69. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður hve oft almenn skoðun skráningarskyldra ökutækja skuli fara fram.

Bifreiðaeftirlit ríkisins ákveður hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram. Það getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskyld ökutæki, einstakar tegundir eða gerðir, skuli færð til sérstakrar skoðunar.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaeftirlit ríkisins getur með sama hætti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar. Dómsmálaráðherra setur reglur um skoðunarheimildir verkstæða.

Skoðunarmaður ritar vottorð um skoðun ökutækis í skráningarskírteini.

Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir almenna skoðun ökutækja.

70. gr.

Lögreglustjóri eða Bifreiðaeftirlit ríkisins getur hvenær sem er krafist þess, að skráningarskylt ökutæki sé fært til sérstakrar skoðunar.

Lögreglumönnum og bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt hvenær sem er að stöðva ökutæki og skoða það samstundis. Reynist ökutæki ekki vera í lögmæltu ástandi má krefjast þess, að það sé fært til sérstakrar skoðunar.

Verði starfsmaður verkstæðis þess var, að öryggisbúnaði vélknúins ökutækis, sem þar er til viðgerðar eða breytinga, sé áfátt, skal hann skýra yfirmanni verkstæðisins frá því, en honum ber að gera eiganda ökutækisins viðvart og síðan tilkynna það bifreiðaeftirlitsmanni eða lögreglustjóra, ef eigi verður úr bætt.

Bann við notkun ökutækis.

71. gr.

Nú kemur í ljós, að skráningarskylt ökutæki er ekki í lögmæltu ástandi eða er eigi fært til skoðunar þegar krafist er, og getur þá lögreglustjóri eða bifreiðaeftirlitsmaður bannað

notkun þess og tekið af því skráningarmerki uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt var eða vanrækt. Skal þá skoða ökutækið áður en skráningarmerkin eru afhent aftur.

Leiga ökutækja.

72. gr.

Enginn má selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki án ökumanns, nema hann hafi fengið til þess leyfi lögreglustjóra.

Dómsmálaráðherra setur reglur um leigu ökutækja án ökumanns og ákveður gjald fyrir leyfi.

X. UM NOTKUN ÖRYGGISBÚNAÐAR

Öryggisbelti.

73. gr.

Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búið er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama á við um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna.

Ökumanni leigubifreiðar til mannflutninga er eigi skylt að nota öryggisbelti í leiguakstri.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbeltis við annan sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum.

Hlífðarhjálmar.

74. gr.

Skylt er ökumanni bifhjóls, svo og farþega, sem er 12 ára eða eldri, að nota hlífðarhjálm við akstur. Þó er eigi skylt að nota hlífðarhjálm við akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða svipaðar aðstæður.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

XI. FLUTNINGUR, HLEÐSLA, ÞYNGD OG STÆRÐ ÖKUTÆKJA

Hleðsla ökutækis.

75. gr.

Gæta skal þess, að farþegar eða farmur byrgi eigi útsýn ökumanns eða tálmi notkun stjórntækja ökutækis. Farmi skal þannig komið fyrir, að eigi byrgi lögboðinn ljósa- eða merkjabúnað ökutækis eða skráningarmerki þess.

Farþega má eigi flytja svo marga eða á þann hátt, að valdi þeim eða öðrum hættu.

Farm skal flytja þannig, að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal enn fremur gætt, að eigi sé hætta á að farmur dragist eftir akbraut eða falli á hana, valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum, umferðartruflun eða óþarfa hávaða.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hleðslu og frágang farms, svo og hvernig merkja skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um flutning hættulegra efna eða tækja, þar á meðal um skyldu til að kaupa vátryggingu, er bæti tjón vegna flutnings þeirra.

Flutningur á farþegum.

76. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um öryggisráðstafanir við flutning á farþegum.

Breidd, lengd og hæð ökutækja.

77. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark breiddar, lengdar og hæðar ökutækja og vagnlesta, með og án farms, svo og akstur sérstaklega breiðra, langra eða hárra ökutækja og vagnlesta.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., um hæð ökutækja hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir vegbrýr, í jarðgöngum, undirgöngum eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning, sem eftir reglum, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., má aðeins fara fram að fengnu leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri metur hverju sinni þörf á aðstoð.

Öxulþungi og þyngd.

78. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja, með og án farms.

Þrátt fyrir ákvæði í reglum, sem settar eru samkvæmt 1. mgr., getur veghaldari leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vegar.

Veghaldari getur veitt undanþágu frá reglum, sem settar eru samkvæmt grein þessari, þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Leyfi veghaldara skal fylgja ökutækinu við flutninginn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð, sem þörf er á að mati lögreglustjóra við flutning, sem veghaldari heimilar.

XII. HINDRUN Á VEGI

Óhreinkun vegar o. fl.

79. gr.

Eigi má fleygja eða skilja eftir á vegi neitt það sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina.

Ef eitthvað, sem getur haft í för með sér hættu eða óþægindi fyrir umferðina, fellur eða rennur af ökutæki á veg, skal það þegar fjarlægt. Ef það er eigi unnt skal vara aðra vegfarendur við með merkingu eða á annan hátt, þar til það, sem hættu eða óþægindum veldur, hefur verið fjarlægt.

Leyfi lögreglu þarf til að geyma á vegi muni, tæki eða vegagerðarefni, sem getur haft í för með sér óþægindi fyrir umferðina, nema sérstakar ástæður geri geymslu til bráðabirgða nauðsynlega. Ef eigi er unnt að setja slíka muni, tæki eða efni út fyrir akbraut, skal þeim komið fyrir eins utarlega á henni og unnt er og staðurinn merktur viðvörunarmerkjum. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um hvernig merkja skuli slíka staði.

Rekstur búfjár.

80. gr.

Óheimilt er án leyfis lögreglustjóra að reka búfjárhóp á vegi í þéttbýli.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhóp á vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar.

XIII. UMFERÐARSTJÓRN, UMFERÐARMERKI O. FL.

Umferðarstjórn o. fl.

81. gr.

Lögreglan stjórnar umferð þar sem hún telur þess þörf, og með þeim hætti, er hún telur henta.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um merkjagjöf við umferðarstjórn lögreglumanna.

82. gr.

Við vegavinnu og þar sem skemmd hefur orðið á vegi, þannig að hætta stafi af fyrir umferð, getur veghaldari eða sá, sem hefur með höndum vegavinnu, stjórnað umferð, eftir því sem nauðsynlegt er, þ. á m. beint henni fram hjá vinnusvæði.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um umferðarstjórn samkvæmt 1. mgr.

83. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum vegamálastjóra hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast aðalbrautir og njóta réttar samkvæmt 2. mgr. 25. gr.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og vegamálastjóra, ef um þjóðveg er að ræða, kveðið á um önnur varanleg sérákvæði um notkun vegar til umferðar, svo sem:

a. stöðvun og lagningu ökutækja,
b. hvar umferð skuli víkja samkvæmt 2. mgr. 25. gr.,
c. einstefnuakstur,
d. gangbrautir,
e. bann við tiltekinni umferð, og
f. aðrar takmarkanir á umferð um veg.

Dómsmálaráðherra ákveður hraðamörk samkvæmt 2. og 3. mgr. 37. gr., að fengnum tillögum vegamálastjóra, ef um þjóðveg utan þéttbýlis er að ræða. Á öðrum vegum ákveður lögreglustjóri hraðamörkin, að fengnum tillögum sveitarstjórnar.

Ákvarðanir samkvæmt grein þessari skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferðinni. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, má þó í stað þess birta með opinberri auglýsingu.

84. gr.

Vegamálastjóri getur takmarkað eða bannað um stundarsakir umferð um veg, ef það er nauðsynlegt til hlífðar vegi. Í kaupstað eða kauptúni getur sveitarstjórn gert sömu ráðstafanir, að fengnu samþykki lögreglustjóra.

Stöðukort og stöðureitir.

85. gr.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið að nota skuli stöðukort, þegar ökutæki er lagt þar sem heimild til lagningar er tímatakmörkuð. Ráðherra setur reglur um stöðukort og notkun þeirra.

Í kaupstað eða kauptúni er sveitarstjórn heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana.

Umferðarmerki o. fl.

86. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um gerð og notkun umferðarmerkja, umferðarljósa og hljóðmerkja og annarra merkja á vegi eða við veg til stjórnar, viðvörunar eða leiðbeiningar fyrir umferð, svo og hvað þau tákna.

Víkja má frá almennum umferðarreglum með merkjum samkvæmt 1. mgr.

87. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum skal lögreglustjóri sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg þar, sem sérreglur gilda um umferð eða þörf er á til viðvörunar eða leiðbeiningar. Vegamálastjóri skal á sama hátt sjá um, að umferðarmerki séu sett á eða við veg utan kaupstaða og kauptúna.

Óheimilt er án leyfis lögreglustjóra eða vegamálastjóra að setja umferðarmerki á eða við veg.

Kostnað vegna umferðarmerkja, umferðarljósa og annarra merkja á eða við veg skal veghaldari greiða.

88. gr.

Þar sem unnið er við vegavinnu eða vegi er raskað af öðrum ástæðum, þannig að hætta stafi af, er þeim, sem stjórnar verki, skylt að sjá um, að staðurinn verði merktur með viðvörunarmerkjum.

89. gr.

Spjöld, auglýsingar, ljósabúnað og þess háttar má eigi setja á eða í tengslum við merki samkvæmt 1. mgr. 86. gr.

Hluti, sem um ræðir í 1. mgr. og sjást frá vegi, getur lögreglustjóri látið fjarlægja, ef þeir líkjast merkjum samkvæmt 1. mgr. 86. gr. eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum fyrir umferð.

XIV. UM FÉBÆTUR OG VÁTRYGGINGU

Grundvöllur ábyrgðar o. fl.

90. gr.

Sá, sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki, skal bæta það tjón, sem hlýst af notkun þess, enda þótt tjónið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur, ef tjón hlýst af, þegar skráningarskylt vélknúið ökutæki dregur annað ökutæki.

Ábyrgðarreglan gildir þó ekki um tjón á mönnum eða munum, sem ökutækið flytur, nema flutt sé gegn gjaldi.

Fébætur má lækka eða fella niður, ef sá, sem fyrir tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur. Vanræksla á notkun öryggisbúnaðar samkvæmt X. kafla leiðir þó ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta.

91. gr.

Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskyldra vélknúinna ökutækja skiptist tjónið á þau sín á milli að tiltölu við sök þeirra, sem hlut eiga að máli, og með hliðsjón af atvikum öllum.

92. gr.

Skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis ber ábyrgð á því og er fébótaskyldur samkvæmt 90. og 91. gr.

Fébótaskyldan færist þó yfir á þann, sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi.

Auk ábyrgðar samkvæmt 1. og 2. mgr. fer um skaðabótaábyrgð eftir almennum skaðabótareglum.

Kröfum samkvæmt 1. mgr. fylgir lögveð í ökutækinu. Lögveð þetta gengur fyrir skuldum, sem á því kunna að hvíla.

Vátryggingarskylda.

93. gr.

Greiðsla á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skal vera tryggð með vátryggingu keyptri hjá vátryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra.

Vátryggingin skal tryggja greiðslu á tjóni, allt að 50 000 000,00, sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði. Dómsmálaráðherra er heimilt að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðina í samræmi við verðlagsbreytingar.

94. gr.

Vátryggingarskyldan hvílir á eiganda ökutækisins eða þeim, sem hefur varanleg umráð þess.

Undanþegnir vátryggingarskyldu eru ríkissjóður, forseti Íslands og erlendir þjóðhöfðingjar.

95. gr.

Skráður eigandi vélknúins ökutækis skal tryggja ökumann þess og gildir sú trygging fyrir hvern ökumann, sem tækinu stjórnar. Tryggingin er fyrir bótum vegna slyss, sem ökumaðurinn kann að verða fyrir við starfa sinn. Tryggt skal hjá Tryggingastofnun ríkisins eftir þeim reglum, sem henni eru settar.

96. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um vátryggingarskyldu.

Vátryggingariðgjöld má innheimta með lögtaki, jafnvel þótt tryggt sé fyrir hærri fjárhæð en lögboðið er.

Greiðsluskylda og endurkröfuréttur vátryggingafélags.

97. gr.

Vátryggingafélag er greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna samkvæmt 1. mgr. 93. gr.

Vátryggingafélag á endurkröfurétt á hendur hverjum þeim, sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Lækka má endurkröfu með hliðsjón af sök tjónvalds, efnahag hans, fjárhæð tjónsins eða öðrum atvikum.

Bannað er að kaupa vátryggingu gegn endurkröfu vátryggingafélags.

98. gr.

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 93. gr., og landssamband bifreiðaeigenda, ef til er, skulu hvert nefna einn mann í nefnd, en dómsmálaráðherra skal skipa einn mann, og er hann formaður hennar. Nefnd þessari skulu vátryggingafélög senda gögn, er þau hafa reist á bótagreiðslur sínar samkvæmt lögum þessum. Nefndin kveður á um, hvort endurkröfurétti samkvæmt 2. mgr. 97. gr. skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök. Í meðferð hvers máls taka þátt formaður og tveir aðrir nefndarmenn, er hann kveður til. Skal annar þeirra vera sá, sem félag það, er hlut á að máli, hefur kjörið í nefndina. Hinn skal vera fulltrúi sá, er landssamband bifreiðaeigenda hefur tilnefnt. Sé slíkt landssamband ekki til nefnir Félag íslenskra bifreiðaeigenda mann í nefndina eða það félag bifreiðaeigenda, sem sá er félagsmaður í, er krafa beinist gegn.

Kostnað af störfum nefndarinnar greiða vátryggingafélögin eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann setur og nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Meðferð skaðabótamála.

99. gr.

Nú er höfðað einkamál til heimtu bóta gegn þeim, sem bótaskyldur er samkvæmt 92. gr., og skal þá höfða slíkt mál jafnframt gegn félagi því, sem vátryggt hefur ökutækið.

Nú er bótakrafa samkvæmt ákvæðum 90. og 91. gr. höfð uppi í opinberu máli, og skal þá tilkynna vátryggingafélagi því, er vátryggt hefur ökutækið, um kröfuna. Hefur félagið þá sama rétt og sökunautur sjálfur til að koma að vörnum í skaðabótamálinu, enda er þá áfellisdómur bindandi fyrir vátryggingafélagið og aðfararhæfur gagnvart því.

100. gr.

Nú eru bætur vegna sama tjóns ákveðnar hærri samtals en vátryggingarfjárhæðinni nemur, og skal þá skipta henni að tiltölu á milli þeirra, sem kröfur eiga vegna tjónsins. Þetta ákvæði gildir einnig, þótt vátryggingarfjárhæðin sé hærri en lögboðið er.

Ef einhver þeirra, sem bótarétt eiga samkvæmt framangreindu, hefur eigi tilkynnt félaginu um kröfu sína innan sex mánaða frá tjónsatburði, má vátryggingafélagið vítalaust greiða vátryggingarféð að fullu öðrum þeim, er bótarétt eiga.

101. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til að skera úr ágreiningsmálum, sem kunna að rísa vegna sakarskiptingar samkvæmt 91. gr. Skulu nefndarmenn fullnægja kröfum um almenn dómaraskilyrði.

Nefndin getur kveðið á um sakarskiptingu að kröfu aðila máls, eins eða fleiri. Nefnd þessari skulu vátryggingafélög senda gögn, er þau hafa reist á álit sitt um sakarskiptingu. Úrskurður nefndarinnar skal byggjast á gögnum þessum, nema sérstakar ástæður mæli með öflun frekari gagna. Nefndin skal kveða upp úrskurð eins fljótt og unnt er, og að jafnaði eigi síðar en 3 vikum eftir að gögn málsins hafa borist henni.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en vátryggingafélögin skulu endurgreiða þann kostnað samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur. Hann getur og sett nánari reglur um starfsháttu nefndarinnar.

Fyrning bótakrafna.

102. gr.

Allar bótakröfur samkvæmt þessum kafla, bæði á hendur þeim, sem ábyrgur er, og vátryggingafélagi, svo og endurkröfur vátryggingafélags, fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá tjónsatburði.

XV. VIÐURLÖG

Refsingar.

103. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Eigi skal þó refsa fyrir brot, sem tilgreind eru í 1. mgr. 111. gr., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða að óþörfu valdið óþægindum fyrir umferðina.

Ef brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, er framið eftir fyrirmælum eða með vitund og vilja eiganda ökutækis eða stjórnanda í starfi, skal honum einnig refsað fyrir brotið.

Svipting ökuréttinda.

104. gr.

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskírteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma og eigi skemur en 1 mánuð eða ævilangt, ef sakir eru miklar eða brot er ítrekað öðru sinni.

Svipting réttar til að stjórna vélknúnu ökutæki skal gerð í dómi.

105. gr.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 45. gr., og skal hann þá sviptur ökuréttindum. Ef sérstakar málsbætur eru og ökumaður hefur ekki áður gerst sekur um sams konar brot eða annað verulegt brot gegn skyldum sínum sem ökumaður, má sleppa sviptingu réttinda vegna brota á ákvæðum 1. sbr. 2. mgr. 45. gr.

Nú hefur stjórnandi ökutækis brotið gegn ákvæðum 1. sbr. 3. mgr. 45. gr. eða 46. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en 1 ár. Fari vínandamagn í blóði ökumanns yfir 2 ‰, skal svipting að jafnaði ekki vera skemur en 2 ár.

Nú hefur stjórnandi ökutækis ítrekað brotið gegn ákvæðum 45. eða 46. gr., og skal svipting ökuréttinda þá vera eigi skemur en 2 ár. Ef um er að ræða ítrekað brot á ákvæðum 1. sbr. 3. mgr. 45. gr., skal svipting þó eigi vera skemur en 3 ár.

Bráðabirgðasvipting.

106. gr.

Nú telur lögreglustjóri skilyrði til sviptingar ökuréttinda vera fyrir hendi, og skal þá svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun þessa má bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð opinberra mála, og skal lögreglustjóri leiðbeina ökumanni um þann rétt, þegar ákvörðun er birt. Úrlausn héraðsdóms sætir kæru til hæstaréttar.

Sviptingartími samkvæmt 1. mgr. skal dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Áhrif áfrýjunar.

107. gr.

Áfrýjun dóms þar, sem kveðið er á um sviptingu ökuréttinda, frestar ekki verkun hans að því leyti. Þó getur dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega stendur á.

Brot erlendis.

108. gr.

Nú hefur íslenskur ríkisborgari eða maður búsettur hér á landi sætt sviptingu ökuréttinda eða refsingu erlendis fyrir verknað, sem samkvæmt lögum þessum hefði varðað sviptingu ökuréttinda, og má þá svipta hann þeim réttindum í sérstöku opinberu máli, og koma þá að öðru leyti til framkvæmda ákvæði 104.—107. gr.

Endurveiting ökuréttinda.

109. gr.

Nú hefur maður verið sviptur ökuréttindum um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, þegar svipting hefur staðið í 3 ár, heimilað, að honum skuli veitt ökuréttindi að nýju. Hafi maður verið sviptur ökuréttindum ævilangt má þó eigi veita ökuréttindi að nýju fyrr en svipting hefur staðið í 5 ár.

Endurveitingu skal því aðeins heimila að sérstakar ástæður mæli með því, en áður skal leitað umsagnar viðkomandi lögreglustjóra.

Haldsréttur í ökutækjum.

110. gr.

Ef ökumaður vélknúins ökutækis, sem búsettur er erlendis, brýtur gegn ákvæðum laga þessara og ökutækið er skráð erlendis, getur lögreglan lagt hald á það þar til makleg sekt, málskostnaður, skaðabætur eða iðgjald fyrir lögboðna ábyrgðartryggingu hefur verið greitt eða trygging fyrir greiðslu sett. Ef greiðsla hefur eigi farið fram innan tveggja mánaða frá endanlegri niðurstöðu máls má leita fullnustu í ökutækinu.

Þegar hald er lagt á ökutæki samkvæmt 1. mgr. gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga um meðferð opinberra mála um hald á munum. Hald skal því aðeins lagt á að þess sé þörf til að tryggja framangreinda greiðslu. Hafi ökumaður notað ökutæki í algeru heimildarleysi má eigi leggja hald á það.

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um ökumenn, sem búsettir eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Gjald vegna stöðvunarbrota.

111. gr.

Leggja má gjald á vegna brota á:

a. ákvæðum 4. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 27. gr.,
b. ákvæðum a-, b-, h- og i-liða 28. gr.,
c. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem gefið er til kynna með umferðarmerki,
d. banni við stöðvun eða lagningu ökutækja, sem sett er samkvæmt 83. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki,
e. öðrum ákvæðum um stöðvun eða lagningu, sem sett eru samkvæmt 83. gr. eða 1. mgr. 85. gr., og
f. reglum um notkun stöðureita samkvæmt 2. mgr. 85. gr.

Gjaldið skal lagt á með skriflegri tilkynningu, sem fest skal við ökutækið eða afhent ökumanni.

Lögreglan annast álagningu og innheimtu gjalds samkvæmt 1. mgr. Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að á tilteknum svæðum fari álagning gjalds þessa, að öllu leyti eða að hluta, fram með aðstoð sérstakra stöðuvarða. Hann getur og ákveðið, að álagning og innheimta gjaldsins fari, að öllu leyti eða að hluta, fram á vegum sveitarfélags.

Ákvörðun um álagningu gjalds verður ekki borin undir æðra stjórnvald.

Gjald, sem lagt hefur verið á, rennur í ríkissjóð, þegar lögreglan annast álagningu gjaldsins. Fari álagning fram á vegum sveitarfélags rennur gjaldið til sveitarsjóðs, og getur dómsmálaráðherra þá ákveðið, hvernig því skuli varið.

Dómsmálaráðherra ákveður fjárhæð gjaldsins og setur nánari reglur um hvernig það skuli lagt á og innheimt, þ. á m. um greiðslu- og kærufrest.

112. gr.

Gjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt 1. mgr. 111. gr., hvílir á þeim, sem ábyrgð ber á stöðvun ökutækis eða lagningu. Eigandi ökutækis eða umráðamaður ber einnig ábyrgð á greiðslu gjaldsins, ef það greiðist ekki innan tilskilins frests, nema sannað verði, að ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Gjaldið nýtur lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum réttindum í ökutækinu, en fellur niður við eigendaskipti, hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögveðið. Lögveðið gengur þá á eftir kröfum um opinber gjöld, sem tryggð eru með veði í ökutækinu, hafi veðinu verið þinglýst áður en gjaldið var lagt á.

Verði álagt gjald ekki greitt innan tilskilins frests, skal senda eiganda ökutækisins eða umráðamanni, á sannanlegan hátt, tilkynningu um, að málið verði, að tilteknum tíma liðnum, sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar, enda hafi greiðsla þá eigi verið innt af hendi. Einnig skal honum gefinn kostur á að koma að mótbárum eða vörnum innan sama tíma.

Verði gjaldið eigi greitt innan frests samkvæmt 2. mgr., og engar mótbárur eða varnir hafa verið hafðar uppi, má krefjast nauðungarsölu lögveðsins án undangengins lögtaks til lúkningar gjaldinu, eftir reglum laga nr. 49 1951, en þó þarf ekki að gefa út almenna greiðsluáskorun eða senda uppboðsþola frekari tilkynningu. Einnig má krefjast lögtaks hjá þeim, sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins samkvæmt 1. mgr.

Ef fram koma mótbárur eða varnir, sem ekki eru teknar til greina, skal, innan mánaðar frá móttöku, beiðast lögtaks hjá þeim, sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins, þannig að færa megi fram varnir í fógetarétti. Mótbárum eða vörnum, sem berast eftir að liðinn er frestur samkvæmt 2. mgr., skal fógeti vísa frá, nema dráttur sé eigi eiganda eða notanda að kenna og varnir eru bornar fram eins fljótt og unnt er.

Brottflutningur ökutækja.

113. gr.

Heimilt er lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki, sem stendur þannig að brjóti í bága við reglur um stöðvun eða lagningu ökutækja, eða að öðru leyti þannig að það valdi truflun á umferð, snjómokstri eða vinnu við veg. Sama á við um skráningarskylt ökutæki, sem skilið hefur verið eftir án skráningarmerkja, og ökutæki, sem telja verður að eigandi hafi yfirgefið að fullu. Enn fremur ökutæki, sem stendur á einkalóð eða opinberri lóð þannig að valdi eiganda eða umráðamanni hennar tjóni eða óþægindum eða gegn banni hans. Standi ökutækið á svæði, sem ekki er ætlað til almennrar umferðar, skal það því aðeins flutt á brott, að eigandi eða umráðamaður lóðar krefjist þess.

Ökutæki skal færa til geymslu á tryggan stað, sem lögreglan vísar á, nema ökumaður eða eigandi (umráðamaður) sé viðstaddur og flytji það þegar á brott eða vísi á annan geymslustað. Er geymsla ökutækisins á ábyrgð eiganda. Kostnað vegna flutnings og geymslu skal ökumaður greiða. Ef ökumaður er óþekktur eða greiðir ekki þrátt fyrir áskorun þar um, ber eigandi (umráðamaður) ökutækisins jafnframt ábyrgð á greiðslu kostnaðarins, nema ökumaður hafi notað ökutækið í algeru heimildarleysi. Heimilt er að halda ökutæki í geymslu til tryggingar greiðslu kostnaðar. Kostnað má innheimta með lögtaki.

Lögreglustjóri skal tilkynna eiganda ökutækis um flutning þess, hvenær hann fór fram og hvar ökutækið er í geymslu. Í tilkynningu skal jafnframt koma fram, að verði ökutækið eigi sótt innan tiltekins frests og áfallinn kostnaður greiddur, verði það selt. Ef eigandi er óþekktur, má selja ökutækið einum mánuði eftir að það var fjarlægt.

Að loknum fresti samkvæmt 3. mgr. skal selja ökutæki á opinberu uppboði eða til niðurrifs, ef ætla má að hærra verð fáist þannig. Söluandvirði rennur í ríkissjóð. Eigandi ökutækisins getur þó, innan árs frá því sala fór fram, krafist greiðslu á söluandvirðinu, að frádregnum kostnaði við flutning, geymslu og sölu ökutækisins.

Ákvæði 3. og 4. mgr. um geymslu og sölu ökutækja gilda, eftir því sem við á, um önnur ökutæki í vörslu lögreglu eða bifreiðaeftirlits.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða í grein þessari, þ. á m. um greiðslu geymslukostnaðar.

XVI. UMFERÐARRÁÐ, UMFERÐARFRÆÐSLA O. FL.

114. gr.

Almenningi skal veitt fræðsla í umferðarlöggjöf og öðru því, sem stuðlað getur að umferðaröryggi og umferðarmenningu.

115. gr.

Dómsmálaráðherra skipar umferðarráð til þriggja ára í senn, og skal hlutverk þess vera:

a. að beita sér fyrir bættum umferðarháttum,
b. að beita sér fyrir því að haldið sé uppi umferðarfræðslu,
c. að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, er vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis, eftir því sem óskað er og aðstæður leyfa,
d. að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklinga um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi,
e. að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í ríkisútvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) og öðrum fjölmiðlum,
f. að sjá um, að á hverjum tíma sé til vitneskja um fjölda, tegund og orsakir umferðarslysa í landinu,
g. að beita sér fyrir könnunum á umferðarháttum og öðru, er umferð varðar,
h. að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál,
i. að fylgjast með þróun umferðarmála erlendis og hagnýta reynslu og þekkingu annarra þjóða á því sviði, og
j. að leitast við að sameina sem flesta aðila til samstilltra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Umferðarráði ber að hafa samvinnu við fræðsluyfirvöld, lögregluyfirvöld, umferðaryfirvöld sveitarfélaga, Slysavarnafélag Íslands, samtök bifreiðaeigenda og bifreiðastjóra, vátryggingafélög, svo og önnur félög og stofnanir, sem fjalla um umferðarmál í landinu og láta sig umferðaröryggi skipta.

116. gr.

Dómsmálaráðherra skipar tvo fulltrúa í umferðarráð án tilnefningar. Skal annar þeirra vera formaður ráðsins en hinn varaformaður.

Aðra fulltrúa í umferðarráð skipar ráðherra eftir tilnefningu og eiga eftirtaldir aðilar rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara: Bandalag íslenskra leigubifreiðastjóra, Bifreiðaeftirlit ríkisins, Bílgreinasambandið, Bindindisfélag ökumanna, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Landssamband vörubifreiðastjóra, Landssamtök klúbbanna „Öruggur akstur", lögreglustjórinn í Reykjavík, menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samband íslenskra tryggingafélaga, Slysavarnafélag Íslands, Vegagerð ríkisins, Ökukennarafélag Íslands og Öryrkjabandalag Íslands.

117. gr.

Innan umferðarráðs skal starfa fimm manna framkvæmdanefnd, skipuð formanni ráðsins og varaformanni, svo og þremur ráðsmönnum, sem umferðarráð velur til eins árs í senn.

Framkvæmdanefnd fer með yfirstjórn á starfsemi umferðarráðs milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess.

Dómsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra umferðarráðs, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Skipunin má vera tímabundin. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn á starfsemi ráðsins og ræður starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd.

Framkvæmdanefnd og framkvæmdastjóri skulu vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem umferðarráð fjallar um, og gefa ráðinu skýrslu um starfsemi þess á milli funda.

118. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar umferðarráðs, en að öðru leyti eru störf fulltrúa í umferðarráði ólaunuð.

Kostnaður við starfsemi umferðarráðs greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um störf umferðarráðs.

119. gr.

Sveitarstjórnum ber að fræða almenning um umferðarmál, eftir því sem staðhættir gefa efni til, svo og þær sérreglur, er gilda á hverjum stað.

Sveitarstjórn getur skipað umferðarnefnd til þess að stuðla að umferðarfræðslu og vinna að bættu skipulagi umferðarmála í sveitarfélaginu. Slíka nefnd skal skipa í kaupstöðum og kauptúnahreppum. Sveitarstjórnum er heimilt að stofna sameiginlega umferðarnefnd, er hafi með höndum framangreind verkefni.

Sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja nánari reglur um skipun og starfssvið umferðarnefnda.

120. gr.

Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í grunnskólum. Menntamálaráðherra setur, að fenginni umsögn umferðarráðs, reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur. Ráðherra getur og með sama hætti sett reglur um slíka kennslu í öðrum skólum.

XVII. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gildistaka.

121. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Jafnframt falla úr gildi umferðarlög nr. 40 23. apríl 1968, með áorðnum breytingum.

122. gr.

Þeir, sem fyrir gildistöku laga þessara hafa öðlast rétt til að stjórna léttu bifhjóli eða vélsleða, halda þeim rétti sínum, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 3. og 4. mgr. 56. gr. um aldur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en varð eigi útrætt. Er það nú flutt efnislega óbreytt. Frumvarpið er samið af umferðarlaganefnd, sem þáverandi dómsmálaráðherra, Friðjón Þórðarson, skipaði 15. september 1980 til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaga. Í nefndina voru skipaðir Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, formaður, Garðar Gíslason borgardómari, Haraldur Henrýsson sakadómari, Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri og Snæbjörn Jónasson vegamálastjóri. Ritari nefndarinnar hefur verið Örn Sigurðsson lögfræðingur.

Núgildandi umferðarlög, nr. 40 23. apríl 1968, eru að stofni til frá árinu 1958, en þá voru sett heildarlög um umferð, umferðarlög nr. 26 2. maí 1958. Frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á umferðarlögunum, og var veigamesta breytingin gerð þegar hægri umferð var lögleidd hér á landi árið 1968.

Tilgangur endurskoðunar umferðarlaga að þessu sinni er einkum tvíþættur. Annars vegar er ljóst, að umferðarlögin eru á ýmsum sviðum orðin ófullkomin og sums staðar beinlínis úrelt. Hins vegar er nauðsynlegt, m. a. vegna aukinna samskipta þjóða í milli, að samræma umferðarlög hér á landi eftir því sem kostur er umferðarlöggjöf annarra þjóða og alþjóðasamningum um umferð. Hafa þessi tvö atriði ráðið mestu um breytingar þær sem

felast í frumvarpinu. Gerir frumvarpið, ef samþykkt verður, það kleift að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningi um umferð sem gerður var í Vínarborg 8. desember 1968. Við samningu lagafrumvarpsins hefur verið höfð hliðsjón af breytingum sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á umferðarlögum og reglum annars staðar á Norðurlöndum, en sú endurskoðun byggði á tillögum norrænnar nefndar, Nordisk Vejtrafik Komite (NVK), sem gert hafði tillögur um samnorrænar umferðarreglur er byggðu m. a. á alþjóðlegri samvinnu um umferðarmál.

Við samningu frumvarpsins hefur nefndin einnig tekið tillit til aðstæðna hér á landi. Leitaði nefndin í upphafi starfs síns eftir ábendingum og óskum frá aðilum, stofnunum og samtökum sem láta sig umferðarmál varða á einn eða annan hátt, og bárust henni mörg svör með gagnlegum ábendingum og tillögum.

Í frumvarpi þessu er uppsetningu breytt verulega frá því sem nú er í umferðarlögum. Skiptist frumvarpið í fleiri kafla og er hverjum kafla skipt með millifyrirsögnum. Ætti fyrirkomulag þetta að auðvelda mjög uppflettingu og lestur. Þá er röð einstakra kafla breytt. Er það einkum gert með tilliti til áhersluatriða. Þannig eru umferðarreglur fyrst teknar fyrir, þá reglur um ökumenn, síðan ákvæði um ökutæki o. s. frv.

Helstu breytingar frá gildandi umferðarlögum samkvæmt frumvarpinu eru:

Skilgreiningu á hugtakinu bifreið er breytt þannig að vélknúin ökutæki til fólks- eða vöruflutninga sem aka hægar en 30 km á klst. teljast ekki bifreið. Sama er um vélknúin ökutæki sem ekki eru ætluð til slíkra flutninga og aka má hraðar en 30 km á klst., sbr. 2. gr.

Skilgreining á hugtökunum dráttarvél og vinnuvél er gerð skýrari, og 30 km hraðaviðmiðun felld niður, sbr. 2. gr.

Lagning ökutækja er skilgreind, sbr. 2. gr.

Ljósatími er ákveðinn allan sólarhringinn frá 1. október til 1. apríl, sbr. 2. gr.

Vernd barna og fatlaðra er aukin, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 18. gr.

Ákvæði um vistgötur, sbr. 6. gr.

Reglum um skyldur við umferðaróhöpp er breytt, sbr. 9. gr.

Kveðið er skýrar á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut, sbr. 1. mgr. 14. gr.

Ákvæði um akstur af aðrennslisrein og um notkun afrennslisreinar, sbr. 3. og 4. mgr. 17. gr.

Ákvæði um sérstaka skyldu ökumanns gagnvart skólabifreið sem numið hefur staðar, sbr. 2. mgr. 18. gr.

Nánari ákvæði um framúrakstur, þ. á m. um akstur á akreinum í þéttri umferð, sbr. 20.—24. gr.

Reglur um skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum eru ítarlegri, sbr. 26. gr.

Ákvæði um bann við lagningu ökutækja á gangstéttum, sbr. 3. mgr. 27. gr.

Ákvæði um skyldu til að gera ráðstafanir, ef þörf krefur, til að vara aðra vegfarendur við ef ökutæki er bilað á akbraut, sbr. 30. gr.

Ákvæði um merkjagjöf við breytta akstursstefnu eru gerð nokkru ákveðnari, sbr. 2. mgr. 31. gr.

Nánari reglur um ljósanotkun, sbr. 32. gr.

Sérákvæði um að nægilegt sé að nota ljós sem eru nær miðju vegar á tilteknum ökutækjum sem lagt er í þéttbýli sbr. 3. mgr. 33. gr.

Heimild til að setja reglur um greiðslu kostnaðar vegna lögregluaðstoðar, sbr. 34. gr., 3. mgr. 77. gr. og 3. mgr. 78. gr.

Heimild til að víkja frá ákvæðum um fébótaábyrgð og vátryggingu í reglum um aksturskeppnir, sbr. 34. gr.

Ákvæði um að ekki megi valda ónæði með ónauðsynlegum akstri í námunda við íbúðarhús, sbr. 2. mgr. 35. gr.

Ákvæði sem beinist gegn þeim sem með hægum akstri tefja akstur annarra, sbr. 3. mgr.

36. gr. og 2. mgr. 21. gr.

Heimild til að aka á allt að 80 km hraða á klst. á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis, sbr. 1. mgr. 37. gr.

Reglur um ökuhraða stórra fólksbifreiða, vörubifreiða og dráttarbifreiða eru rýmkaðar, sbr. 1. mgr. 38. gr.

Ökuhraði vélsleða á vegi er takmarkaður við 30 km á klst., sbr. 3. mgr. 38. gr.

Nýjar reglur um vinstri beygju hjólreiðamanna, sbr. 3. mgr. 39. gr.

Reglur um bifhjól gildi í aðalatriðum um létt bifhjól, sbr. 4. mgr. 42. gr.

Ákvæði um áfengisneyslu eftir umferðaróhapp o. þ. h., sbr. 46. gr.

Ákvæði um skyldu bensínafgreiðslumanna að hindra ölvunarakstur, sbr. 2. mgr. 47. gr.

Ákvæði um töku öndunarsýna, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Ákvæðum um ökuréttindaflokka er breytt, sbr. 51. gr.

Bráðabirgðaökuskírteini gildi í 2 ár, sbr. 2. mgr. 52. gr.

Heimild til að ákveða að norræn ökuskírteini gildi hér á landi, sbr. 2. mgr. 55. gr.

Ákvæði um 14 ára aldursmark við akstur dráttarvéla við landbúnaðarstörf, sbr. 1. mgr. 56. gr., og um 16 ára aldursmark til útgáfu ökuskírteina til aksturs léttra bifhjóla og vélsleða, sbr. 3. og 4. mgr. 56. gr.

Heimild til að setja reglur um endurmenntun ökukennara, sbr. 4. mgr. 57. gr.

Heimild til að ákveða skráningu tengitækja og vinnuvéla, sbr. 1. mgr. 64. gr.

Heimild til að ákveða að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan vega, sbr. 2. mgr. 64. gr.

Skráning ökutækja verði í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins, sbr. 66. gr.

Heimild til að fela verkstæðum almenna skoðun eða tiltekna þætti skoðunar, sbr. 3. mgr. 69. gr.

Heimild til að setja reglur um flutning hættulegra efna og tækja, sbr. 5. mgr. 75. gr.

Reglur verði settar um breidd, lengd og hæð ökutækja og um öxulþunga og þyngd, sbr. 77. og 78. gr.

Heimild til að setja reglur um notkun stöðukorta, sbr. 1. mgr. 85. gr.

Ákvæði um lögboðna eigin áhættu felld niður, sbr. 2. mgr. 97. gr.

Skipuð verði nefnd til að fjalla um ágreiningsmál vegna sakarskiptingar, sbr. 101. gr.

Breytt ákvæði um ökuleyfissviptingu og endurveitingu, sbr. 104., 105. og 109. gr.

Ákvæði um haldsrétt í erlendum ökutækjum, sbr. 110. gr.

Ákvæði um gjald vegna stöðvunarbrota, sem ekki verða refsiverð, sbr. 111. og 112. gr. og 2. mgr. 103. gr.

Ákvæði um brottflutning ökutækja, sbr. 113. gr.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í *I. kafla* er fjallað um gildissvið laganna og skilgreiningar hugtaka.

Um 1. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samhljóða 1. gr. umferðarlaga.

Um 2. gr.

Greinin svarar til 2. gr. umferðarlaga og fjallar um skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í frumvarpinu. Er efni greinarinnar skipað með öðrum hætti en nú er og hugtökum raðað í stafrófsröð til hægðarauka. Ýmsum skilgreiningum er breytt og nokkrum hugtökum, sem nauðsynlegt þykir að skilgreina, bætt við.

Akbraut: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Akrein: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Bifhjól: Í meginatriðum í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga. Tekið er þó fram, að til bifhjóla teljast einnig bifhjól á tveimur hjólum með hliðarvagni. Létt bifhjól eru flokkur bifhjóla.

Bifreið: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks og því skipt í þrennt til hægðarauka. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og eru á fjórum hjólum eða fleiri eða á þremur hjólum og 400 kg að eigin þyngd eða meira og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst. eða aka má svo hratt án verulegra breytinga. Í *öðru* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til að draga annað ökutæki og hönnuð eru til hraðari aksturs en 30 km á klst., og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og eru búin beltum og eftir atvikum stýrimeiðum eða stýrihjólum og eru 400 kg að eigin þyngd eða meira. Meginbreytingin er sú að áskilinn er 30 km ökuhraði á klst. að því er varðar ökutæki til fólks- eða vöruflutninga. Þá lenda utan skilgreiningarinnar ýmis ökutæki sem ekki eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga og aka má hraðar en 30 km á klst. og teljast þau þá til dráttarvéla eða vinnuvéla.

Dráttarvél: Skilgreiningin er gerð skýrari. Er gert ráð fyrir því að dráttarvélar skuli ekki einungis aðallega hannaðar til að draga annað ökutæki heldur jafnframt til að draga, ýta, flytja og knýja vinnutæki. Fellt er niður að dráttarvélar megi eigi vera gerðar til hraðari aksturs en 30 km á klst.

Eigin þyngd: Breytt frá skilgreiningu umferðarlaga til samræmis við Vínarsamninginn um umferð, þannig að til eigin þyngdar teljist eldsneyti, smurolía og kælivatn.

Festivagn: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Gangbraut: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Gangstétt: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Heildarþyngd: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga þegar tillit er tekið til skilgreiningar á hugtakinu eigin þyngd.

Hliðarvagn: Samsvarandi skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Lagning ökutækis: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Ekki skiptir máli í þessu sambandi hvort ökumaður er í ökutækinu.

Létt bifhjól: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Ljósatími: Breytt frá skilgreiningu umferðarlaga. Lagt er til að ljósatími verði allan sólarhringinn á því tímabili ársins, þegar hvað dimmast er, þ. e. frá 1. október til 1. apríl. Þykir að svo stöddu ekki tímabært að kveða á um ljósanotkun allan sólarhringinn allt árið. Að öðru leyti er um að ræða breytingu sem kveður nánar á um það hvenær ljós skuli notuð þegar birta er ófullnægjandi.

Reiðhjól: Ekki skilgreint í umferðarlögum.

Stór fólksbifreið: Ekki skilgreint í umferðarlögum. Orðið samsvarar „bus" í erlendri löggjöf og því er ætlað að koma í stað almenningsvagns sem notað er í umferðarlögum.

Tengitæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga. Tekið er fram að til tengitækja skuli teljast útileguvagnar (hjólhýsi og tjaldvagnar).

Tengivagnar: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Vegamót: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Vegfarandi: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga.

Vegur: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga með þeirri breytingu að bifreiðastæðum er bætt í upptalninguna.

Vélknúið ökutæki: Samhljóða skilgreiningu umferðarlaga með þeirri viðbót að hægfara hjólastólar eru látnir falla undir reglur um reiðhjól.

Vélsleði: Efnislega í samræmi við skilgreiningu á hugtakinu beltabifhjól í umferðarlögum.

Vinnuvél: Gerðar eru veigamiklar breytingar á skilgreiningu þessa hugtaks í samræmi við breytingar á skilgreiningu hugtaksins bifreið. Er hugtakinu til hægðarauka skipt í þrennt. Í *fyrsta* lagi falla undir hugtakið vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til sérstakra verka, eru búin áfestum tækjum eða vélum og eru á hjólum eða beltum. Í *öðru* lagi vélknúin ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólks- eða vöruflutninga eða til að draga annað ökutæki og eru á hjólum og eigi eru hönnuð fyrir hraðari akstur en 30 km á klst., þó eigi bifhjól. Og í *þriðja* lagi vélknúin ökutæki sem stjórnað er af gangandi manni. Breytingin felur í sér nákvæmari skilgreiningu á hefðbundnum vinnuvélum, en jafnframt er hraðaviðmiðun felld niður að því er þau ökutæki varðar. Þá eru felld undir þennan flokk hægfara ökutæki sem ekki falla undir a- og b-lið í skilgreiningu á bifreið.

Þéttbýli: Hugtakið er ekki skilgreint í umferðarlögum, en ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ætlað að gilda um þéttbýli, þ. á m. ákvæðin um ökuhraða.

Ökutæki: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Tekið er fram að eingöngu er átt við tæki, sem ætluð eru til aksturs á landi. Ekki er gert ráð fyrir að loftför teljist ökutæki samkvæmt skilgreiningunni.

Öxulþungi: Efnislega í samræmi við skilgreiningu umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *II. kafla* er fjallað um reglur sem gilda fyrir alla umferð.

Um 3. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga.

2. mgr. kemur í stað 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Samkvæmt gildandi ákvæði skal sýna sérstaka varúð þar sem vænta má að börn séu að leik og gagnvart þeim sem bera merki fatlaðra. Lagt er til að fleiri vegfarendahópar verði taldir með þeim sem sýna skal sérstaka tillitssemi. Taki ákvæðið þá til barna án tillits til þess hvar þau eru og aldraðra, svo og þeirra sem eru sýnilega sjón- eða heyrnarskertir, fatlaðir eða sjúkir, þannig að hái þeim í umferðinni, jafnvel þótt þeir beri ekki auðkenni fatlaðra. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um auðkenni fatlaðra, þ. á m. um notkun hvíts stafs fyrir sjónskerta, svo sem raunar þegar hefur verið gert.

3. mgr. kemur í stað 90. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu, að frumkvæði að því að gera ráðstafanir til að vernda börn gegn hættu á leið þeirra til og frá skóla flyst frá skólastjórum til viðkomandi lögreglustjóra og veghaldara. Þeir skulu þó hafa samráð við skólayfirvöld á hverjum stað.

Um 4. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Ákvæði um umferðarmerki eru í 86. gr. frv.

2. mgr. samsvarar 3. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Tekið er fram að fyrirmæli lögreglumanns gangi framar umferðarmerkjum. Ákvæði um merkjagjöf lögreglumanna eru í 2. mgr. 81. gr. frv.

Í 3. mgr. er sett sú regla að umferðarmerki og fyrirmæli lögreglumanns gangi framar almennum umferðarreglum, sbr. og 2. mgr. 86. gr. frv.

4. mgr. er í samræmi við ríkjandi skilning.

Um 5. gr.

1. mgr. samsvarar 1. málslið 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. samsvarar 2. málslið 1. mgr. 42. gr. umferðarlaga með þeirri viðbót, að einnig er bannað að draga með ökutæki á vegi fólk á skíðum, skautum, hjólaskautum eða þvílíku.

3. mgr. samsvarar 2. málslið 2. mgr. 42. gr. umferðarlaga.

Um 6. gr.

Ákvæði um vistgötur er nýmæli. Vistgötur eru svæði, t. d. götur, sem einkum eru ætluð til dvalar og leiks, en umferð ökutækja er þar engu að síður heimil með takmörkunum. Á þetta einkum við um íbúðahverfi þar sem atvinnustarfsemi er lítil eða engin og umferð annarra en þeirra sem þar búa og gesta þeirra lítil. Vistgötur eru auðkenndar með sérstöku umferðarmerki, sem gefur til kynna takmarkanir á umferð ökutækja. Meginreglan er sú að gangandi vegfarendur hafa þar forgang gagnvart umferð ökutækja og ber ökumönnum að sýna þeim sérstaka tillitsemi. Þó má gangandi vegfarandi eigi hindra för ökutækja um vistgötu að óþörfu. Sérstök ákvæði gilda um lagningu ökutækja á vistgötum. Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við erlendar reglur og þarfnast eigi skýringa.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um neyðarakstur tiltekinna ökutækja og svara ákvæðin til 2. mgr. 38. gr. og 1.—4. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að dómsmálaráðherra setji reglur um neyðarakstur, þ. e. hvenær grípa megi til neyðaraksturs og með hvaða hætti hann er undanþeginn ákvæðum laganna.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 1. og 2. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 40. gr. umferðarlaga.

4. mgr. er nýmæli til verndar slys- eða brunastað.

5. mgr. er samhljóða 39. gr. umferðarlaga.

Um 8. gr.

1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Er lagt til að óheimilt verði að nema á brott eða breyta umferðarmerki, nema með leyfi viðkomandi yfirvalds, svo sem í tengslum við vegavinnu.

2. mgr. kemur í stað 3. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er lagt til að áfram hvíli skylda á þeim sem skemmt hefur umferðarmerki til að lagfæra það ef þess er kostur, en annars skal hann tilkynna lögreglu um atburðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir til viðvörunar. Felld er hins vegar niður skylda vegfaranda sem verður þess var að umferðarmerki er laskað eða fært úr stað til að lagfæra það og tilkynna lögreglu. Þykir ákvæðið heldur viðurhlutamikið og erfitt í framkvæmd.

Um 9. gr.

1. mgr. er í meginatriðum í samræmi við 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. kemur í stað 2. og 3. málsl. 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga. Er gerður munur á tilkynningarskyldu þess sem hlut hefur átt að umferðarslysi eða öðru umferðaróhappi eftir því hvort meiðsl hafa orðið á mönnum eða ekki. Ef meiðsl hafa orðið á mönnum, skal tilkynna lögreglu um slysið svo fljótt sem auðið er. Ef einungis hefur orðið eignatjón verður því aðeins skylt að tilkynna lögreglunni um óhappið ef enginn er viðstaddur til að taka við upplýsingum sem um ræðir í 1. mgr. greinarinnar. Með þessu mun fækka þeim tilvikum er kveðja þarf til lögreglu þegar einungis er um eignatjón að ræða. Mun það draga úr umferðartöfum vegna óhappa. Er breyting þessi til samræmis við ákvæði í löggjöf annars staðar á Norðurlöndum.

3. mgr. er nýmæli. Er þar kveðið á um að eigi megi raska vettvangi eða fjarlægja ummerki sem þýðingu geta haft fyrir rannsókn slyss, hafi maður látist eða slasast alvarlega í umferðarslysi. Þó er heimilt að færa úr stað ökutæki sem veldur hættu fyrir umferðina.

Í *III. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir gangandi vegfarendur.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um notkun gangandi vegfarenda á vegi. Meginreglan er sú samkvæmt 1. mgr. sem kemur í stað 1. og 2. mgr. 61. gr. umferðarlaga að gangandi vegfarendur skuli nota þann hluta vegar sem liggur utan akbrautar, þ. e. gangstétt, gangstíg eða vegaröxl. Annars skal að jafnaði ganga á akbraut við vinstri vegarbrún í gönguátt, nema hinn gangandi vegfarandi leiði reiðhjól eða létt bifhjól, en þá skal hann ganga við hægri vegarbrún. Gangandi vegfarandi má þó nota gagnstæða vegarbrún, ef hann væri annars í hættu eða sérstakar aðstæður mæla með því.

Í 2. mgr. er lagt bann við því að leiða reiðhjól eða létt bifhjól eða flytja fyrirferðarmikla hluti á gangstétt, gangstíg eða vegaröxl, ef það er til verulegra óþæginda fyrir aðra. Ákvæðið samsvarar 2. mgr. 62. gr. umferðarlaga.

Um 11. gr.

Greinin sem fjallar um það hvernig gangandi vegfarandi skal fara yfir akbraut samsvarar 3. mgr. 61. gr. umferðarlaga, með nokkrum breytingum. Aðalreglan er sú að gangandi vegfarandi skal nota gangbraut, göng eða brú fyrir gangandi vegfarendur, ef fyrir hendi er. Að öðrum kosti skal hann leitast við að fara yfir akbrautina sem næst vegamótum.

Í 1. mgr. er þess krafist af gangandi vegfarendum að þeir gæti vel að ökutækjum sem nálgast er þeir ætla yfir akbraut, og tefji ekki að nauðsynjalausu á leið yfir hana.

2. mgr. fjallar um hvar gangandi vegfarandi má fara yfir akbraut. Ef ekki er farið eftir gangbraut skal ganga þvert yfir akbraut.

3. mgr. er nýmæli og fjallar um umferð gangandi vegfarenda þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um það hverjir teljast gangandi vegfarendur í skilningi umferðarlaga. Kemur greinin í stað 2. mgr. 36. gr. umferðarlaga. Er tekið fram að þeir sem eru á skíðum, skautum eða hjólaskautum teljist til gangandi vegfarenda.

Í *IV. kafla* eru umferðarreglur sem gilda fyrir ökumenn.

Um 13. gr.

Greinin fjallar um notkun vegar fyrir ökumenn. Er meginreglan sú að ökumaður skal nota akbraut, hvert sem ökutækið er. Hann má ekki aka á gangstéttum eða gangstígum. Bannið ber að skilja í samhengi við önnur ákvæði frv., sbr. 2. mgr. 26. gr., 3. mgr. 27. gr. og 4. mgr. 39. gr.

2. mgr. svarar til 44. gr. umferðarlaga.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um það hvar á vegi ökutæki skulu staðsett, og svarar til 45. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan um hægri umferð. Svarar ákvæðið til 1. mgr. 45. gr., en kveðið er skýrar en nú á um að ökutæki skuli vera vel til hægri á akbraut. Frávik frá reglunni koma fram um akstur á akreinum og í beygjum, sbr. 15. og 23. gr. frv. Sjá og um hjólreiðamenn ákvæði 2. mgr. 39. gr. frv.

2. mgr. er nýmæli, og fjallar um akstur á akbraut með þrjár eða fleiri akreinar. Ef akreinar eru fjórar eða fleiri má eigi aka á akrein sem er að öllu leyti vinstra megin við miðju akbrautarinnar í akstursstefnu. Ef akreinar eru þrjár má eigi aka á þeirri akrein sem er lengst til vinstri miðað við akstursstefnu. Framúrakstur er þannig bannaður á þessum

akreinum. Að jafnaði mun hindrunarlína banna slíkan akstur, en ákvæðið gildir þótt engin hindrunarlína sé. Ákvæði greinarinnar gilda ekki þar sem einstefnuakstur er.

3. mgr. fjallar um fjarlægð milli ökutækja á ferð og svarar til 5. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum. Ákvæði 2. málsl. 5. mgr. um fjarlægð stórra bifreiða og bifreiða með tengivagna frá ökutæki á undan er látið ná til þeirra ökutækja sem falla undir hraðareglur 1. og 2. mgr. 38. gr. frv., en sérákvæði 3. málsl. 5. mgr. um þung ökutæki á ferð yfir brú er fellt niður þar sem þess er eigi talin þörf lengur.

4. mgr. svarar til 3. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

5. mgr. svarar til 6. mgr. 45. gr. með nokkrum orðalagsbreytingum.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um akstur á vegamótum og í beygjum og svarar til 46. gr. umferðarlaga.

1. mgr. kemur í stað 3. málsl. 2. mgr. 46. gr., en er ítarlegri.

2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi. Skal ökumaður ganga úr skugga um að unnt sé að beygja án hættu og óþæginda fyrir aðra umferð í sömu átt, en ekki einungis án hættu fyrir þá sem á eftir koma. Nær ákvæðið því einnig til þeirra sem aka samhliða, t. d. reiðhjóla.

3. mgr. er í samræmi við 1. og 2. málsl. 2. mgr. og 1. og 2. málsl. 3. mgr. 46. gr. en með breyttu orðalagi.

4. mgr. um akstur þegar beygt er inn á akbraut með tvær eða fleiri akreinar fyrir umferð í sömu akstursstefnu er nýmæli.

5. mgr. er einnig nýmæli og í samræmi við akstursvenju.

Um 16. gr.

Greinin er nýmæli. Eðlilegt er að láta reglur um beygju á vegamótum einnig gilda um akstur yfir akbraut eða af henni.

Um 17. gr.

1. málsl. 1. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 46. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. 2. málsl. 1. mgr. er nýmæli.

1. málsl. 2. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 45. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. 2. málsl. 2. mgr. er nýmæli.

3. mgr. er nýmæli. Aðrennslisreinar eru sérstakar akreinar fyrir aðkomandi umferð meðfram aðalumferðaræðum. Er ákvæðinu ætlað að auðvelda ökumanni akstur af aðrennslisrein inn á akrein þá sem hann ætlar inn á. Ákvæðið leggur skyldur á ökumenn á báðum akreinum.

4. mgr. er nýmæli. Afrennslisreinar eru sérstakar akreinar meðfram aðalumferðaræðum þar sem útakstur fer fram. Samkvæmt 1. mgr. 16. gr., sbr. 1. mgr. 15. gr. frv., skal ökumaður í tæka tíð fara á þá akrein sem er hentugust. Með ákvæðinu er lagt til að afrennslisrein skuli nota strax og hún byrjar.

Um 18. gr.

1. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 40. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Ákvæðinu er ætlað að ná til allra stórra fólksbifreiða (þ. e. bifreiða fyrir fleiri en 8 farþega) á biðstöð í þéttbýli, en það tekur nú einungis til bifreiða sem eru sérstaklega auðkenndar.

2. mgr. er nýmæli. Leggur ákvæðið sérstaka skyldu á herðar ökumönnum sem nálgast merkta skólabifreið sem numið hefur staðar til að hleypa farþegum inn eða út. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi barna á leið til og frá skóla. Gengið er út frá því að reglur verði settar um auðkenni skólabifreiða. Yrðu þær settar samkvæmt 1. mgr. 61. gr. frv.

Um 19. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. og 2. mgr. 47. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Tekið er sérstaklega fram að nægilegt bil skuli vera á milli hliða ökutækja.

2. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 20. gr.

1. málsl. 1. mgr. er samhljóða 1. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga. 2. málsl. svarar til 5. mgr. 47. gr., en samkvæmt ákvæðinu verður skylt að aka hægra megin fram úr ökutæki sem beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. 3. málsl. um hjólreiðamenn er nýmæli. Verður hjólreiðamanni heimilt, en ekki skylt, að aka hægra megin fram úr öðrum ökutækjum en reiðhjólum. Ákvæðinu er ætlað að stuðla að auknu öryggi hjólreiðamanna.

Í 2. mgr. er kveðið á um atriði sem ökumaður sem ætlar að aka fram úr ökutæki þarf að gæta að. Svarar ákvæðið til 2. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga en er mun ítarlegra.

Ákvæðin í 3. mgr. eru nýmæli. Í 1. málsl. er kveðið á um skyldu þess sem ekur fram úr að hafa nægilegt bil milli hliðar ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr. Í 2. málsl., sem kemur í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga, er ákvæði um skyldu til að aka til hægri eins fljótt og það er unnt án hættu eða óþæginda. Frá þeirri reglu er gerð undantekning í 3. málsl. ef ætlunin er að aka þá þegar fram úr enn öðru ökutæki og skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi.

4. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Um 21. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldur þess sem ekið er fram úr koma í stað 3. málsl. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Samkvæmt meginreglu 1. mgr. verður þeim sem á undan fer eigi, svo sem nú er, skylt að draga úr hraða eða nema staðar. Honum ber hins vegar að halda ökutæki sínu eins langt til hægri og unnt er og má ekki auka hraðann. Er ákvæðinu ætlað að tryggja að framúrakstur hafi eigi truflandi áhrif á umferðina, svo sem núgildandi regla getur leitt til.

Samkvæmt 2. mgr. gildir meginreglan í 1. mgr. ekki þegar um er að ræða ökutæki sem fylgja ekki almennum ökuhraða eða hættulegt getur verið að aka fram úr vegna þess að þau eru fyrirferðarmikil. Þegar slíku ökutæki er ekið á mjóum vegi eða bugðóttum eða þar sem umferð kemur á móti ber ökumanni þess að gæta sérstaklega að umferð sem kemur á eftir og aka til hliðar, draga úr hraða og nema staðar ef þess er þörf til að auðvelda framúrakstur. Ákvæði þetta mundi m. a. taka til dráttarvéla, vinnuvéla, stórra vörubifreiða og bifreiða sem draga annað ökutæki en einnig til annarra ökutækja sem ekki fylgja almennum ökuhraða.

Um 22. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað 2. og 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er óbreytt sú meginregla að eigi megi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim, en frá þeirri reglu eru gerðar undantekningar. Við framúrakstur getur ökutækið sem ekið er fram úr byrgt útsýn þess, sem fram úr ekur, til hægri. Þau sjónarmið eiga ekki við að því er varðar þau tilvik sem um ræðir í b-d liðum og er því eigi varhugavert að víkja frá meginreglunni í þeim tilvikum. Undantekning samkvæmt a-lið er nauðsynleg til að tryggja flæði umferðar þar sem tvær eða fleiri akreinar eru fyrir umferð í sömu akstursstefnu.

2. mgr. fjallar um bann við framúrakstri þar sem útsýn er takmörkuð vegna hæðar eða beygju á vegi.

3. mgr. er nýmæli. Er heimilt að aka fram úr reiðhjóli og léttu bifhjóli þótt ákvæði greinarinnar að öðru leyti banni framúrakstur, enda sé þá gætt meginreglu 2. mgr. 20. gr. frv.

Um 23. gr.

Greinin kemur í stað 6. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er heimilað að aka hægra megin fram úr ökutæki þar sem umferð fer fram á fleiri en einni akrein í sömu akstursstefnu, og er það í samræmi við gildandi reglu. Reglan er hins vegar þrengd, þar sem það skilyrði er sett að umferð sé þétt og að hraðinn ráðist af þeim sem á undan fara. Eigi er unnt að kveða á um þéttleika umferðar. Ákvæðið mundi taka til þess þegar eigi er unnt án hættu eða óþæginda að aka inn á akreinina til hliðar en einnig þegar ökuhraði er breytilegur og fjarlægð milli ökutækja mismunandi. Ekki er gert að skilyrði að akreinar séu merktar sérstaklega. Ákvæði 2. málsl. er nýmæli, sem ætlað er að koma í veg fyrir tíð akreinaskipti.

2. mgr. er nýmæli þar sem heimilaður er framúrakstur ef öðru ökutækjanna er ekið á akrein fyrir sérstaka tegund umferðar, t. d. fyrir strætisvagna.

Um 24. gr.

Greinin svarar til niðurlags 3. málsl. 3. mgr. 47. gr. umferðarlaga, þó svo að heimilað er að aka fram úr við eða á gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum enda hindri ökutækið sem ekið er fram úr eigi útsýn yfir gangbrautina.

Um 25. gr.

Greinin kemur í stað 48. gr. umferðarlaga. Er efnisröðun breytt og ákvæðin gerð ítarlegri.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um skyldu ökumanna til að sýna sérstaka aðgát við vegamót.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 48. gr. Ekki skiptir máli hvort vegur í heild er aðalbraut eða ekki, heldur nægir að vegamót séu merkt biðskyldu- eða stöðvunarmerki.

3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi. Samkvæmt gildandi ákvæði ber umferð af einkavegi að víkja fyrir umferð á vegi sem ekið er inn á. Er lagt til að upptalning minni háttar vega verði nokkru ítarlegri, þannig að ákvæðið taki einnig til umferðar af vegarslóða, stíg, göngugötu, heimreið eða svipuðum vegi.

4. mgr. hefur að geyma meginregluna um að víkja skuli fyrir umferð frá hægri og er í samræmi við 1. mgr. 48. gr. með breyttu orðalagi.

5. mgr. kveður á um með hvaða hætti sá sem á að víkja uppfyllir skyldur sínar. Er ákvæðið ítarlegra en í 3. mgr. 48. gr., sem einungis tekur til aksturs inn á veg sem nýtur aðalbrautarréttar.

6. mgr. svarar til 4. málsl. 3. mgr. 46. gr. umferðarlaga. Er ákvæðið ítarlegra. Ber ökumanni einnig að víkja fyrir gangandi vegfarendum og ökumönnum reiðhjóla og léttra bifhjóla sem fara þvert yfir akbraut þá sem hann ætlar inn á.

7. mgr. er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að koma í veg fyrir að ökumaður tefji umferð á vegamótum, ef hann getur eigi óhindrað ekið um þau.

Um 26. gr.

Í greinina er safnað ákvæðum um sérstakar skyldur ökumanna gagnvart gangandi vegfarendum. Rétt er að vekja athygli á því að í 2. mgr. 3. gr. frv. er sérstakt ákvæði um tillitssemi gagnvart börnum, öldruðum, fötluðum o. fl., sem að jafnaði eru gangandi vegfarendur.

Í 1. mgr. kemur fram meginreglan, að ökumaður skal gefa gangandi vegfaranda tíma til að víkja til hliðar og veita honum nægilegt rými. Samsvarandi ákvæði er eigi í umferðarlögum.

Regla 2. mgr. um skyldu ökumanns, sem ekur yfir gangstétt eða gangstíg eða inn á akbraut frá lóð við veginn, felst í 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

3. mgr. um akstur á göngugötu er nýmæli, sem þarfnast ekki skýringa, sbr. og 6. gr. frv. um akstur á vistgötu.

Í 4. mgr. er ákvæði um að ökumaður sem beygir á vegamótum, eða ekur yfir akbraut eða af henni, þar sem ekki eru vegamót, megi ekki valda gangandi vegfaranda sem fer yfir akbrautina sem beygt er inn á hættu eða óþægindum. Ákvæði þetta tengist 2. mgr. 11. gr. frv. um að gangandi vegfarandi skuli að jafnaði fara yfir akbraut sem næst vegamótum.

5. og 6. mgr. fjalla um skyldu ökumanns gagnvart gangandi vegfarendum á gangbraut, hvort heldur umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum eða ekki. Koma ákvæðin í stað 6. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

1. málsl. 5. mgr. miðar að því að vernda gangandi vegfaranda á gangbraut þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eftir að merki lögreglumanns eða grænt ljós hefur heimilað ökumanni akstur í akstursstefnu hans. 2. málsl. 5. mgr. er ætlað að vernda gangandi vegfaranda sem er á slíkri gangbraut eða á leið út á hana þegar ökumaður kemur að henni úr beygju á vegamótum.

6. mgr. fjallar um gangbrautir þar sem umferð er ekki stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum. Er ákvæðinu ætlað að vernda gangandi vegfaranda þar, en réttur hans er þó eigi jafn skilyrðislaus og þar sem umferð er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum.

Ákvæði 7. mgr. miðar að því að hindra að ökumaður hefti för eftir gangbraut.

Um 27. gr.

1. mgr. samsvarar 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Vakin er athygli á því að í 2. gr. frv. er hugtakið „lagning ökutækis“ skilgreint þannig að það sé staða ökutækis með eða án ökumanns lengur en þarf til að hleypa farþegum inn eða út, lesta það eða losa.

2. mgr. kemur í stað 2. og 3. mgr. 51. gr. umferðarlaga. Meginreglan um að einungis megi stöðva eða leggja ökutæki hægra megin á vegi er látin gilda jafnt í þéttbýli og utan þess. Heimilt verður þó að stöðva eða leggja ökutæki vinstra megin þar sem einstefnuakstur er ef það er ákveðið samkvæmt heimild í 2. mgr. 83. gr. frv. Einnig verður heimilt að stöðva eða leggja ökutæki vinstra megin utan þéttbýlis ef nauðsyn krefur.

Í 3. mgr. er lagt til að tekið verði beinlínis fram að óheimilt sé að stöðva eða leggja ökutæki á gangstétt eða gangstíg, en slíkt bann felst nú í 44. gr. umferðarlaga. Setja má þó aðrar reglur um þetta efni samkvæmt heimild í 2. mgr. 83. gr. frv.

4. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

5. mgr. er í samræmi við 8. mgr. 51. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 28. gr.

1. mgr. fjallar um þá staði þar sem bannað er að stöðva eða leggja ökutæki, en 2. mgr. um þá staði þar sem stöðva má en bannað er að leggja. Er greinin að verulegu leyti í samræmi við 5. og 6. mgr. 51. gr. umferðarlaga en með nokkrum breytingum.

Í a-lið 1. mgr. er lagt til að auk þess sem bannað verði að stöðva eða leggja ökutæki á gangbraut svo sem nú er samkvæmt d-lið 5. mgr. taki bannið einnig til svæðis innan 5 metra áður en að henni er komið. Er það gert til að auka líkur á að sjáist til gangandi vegfarenda sem ætla eftir gangbraut.

Í b-lið er þrengt það svæði við vegamót sem bann við stöðvun eða lagningu ökutækis nær til borið saman við meginreglu b-liðar 5. mgr. og miðast svæðið við 5 metra frá næstu brún akbrautar á þvervegi. Slík ákvæði eru víða í lögreglusamþykktum, og þykir rétt að lögfesta regluna.

Ákvæði d-liðar um bann við stöðvun eða lagningu í jarðgöngum eða undir vegbrú er nýmæli, er þarfnast ekki skýringa.

Samkvæmt f-lið takmarkast bann við stöðvun og lagningu ökutækja á akreinaskiptum vegi við það að akbraut sé skipt með hindrunarlínu. Samkvæmt e-lið 5. mgr. er ákvæðið nú miðað við allar merktar akreinar, en ekki er þörf á banni alls staðar þar sem akreinar eru merktar með varúðarlínu.

Að öðru leyti felur 1. mgr. í sér minni háttar breytingar frá ákvæðum 5. mgr. 51. gr. laganna.

Ákvæði c-liðar 2. mgr. um bann við því að leggja ökutæki við hlið annars ökutækis sem stendur við brún akbrautar er nýmæli. Slík lagning gæti fallið undir ákvæði 1. mgr. 51. gr. umferðarlaga, sbr. 1. mgr. 27. gr. frv., ef hún veldur hættu eða óþægindum.

Ákvæði d-liðar 2. mgr. er einnig nýmæli, sem ætlað er að hindra að ökutæki lokist inni vegna ökutækja sem síðar koma.

Að öðru leyti felur 2. mgr. í sér minni háttar breytingar frá ákvæðum 6. mgr. 51. gr. laganna.

Um 29. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Oft er nauðsynlegt að stöðva eða leggja ökutækjum þeirra aðila sem um ræðir í greininni, þótt það sé annars bannað.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 51. gr. umferðarlaga, en tekur til stöðvunar vegna umferðaróhappa, vélarbilunar og annarra orsaka, í stað bilunar almennt nú. Ákvæðið tekur þó eigi til ökutækis sem aðild hefur átt að umferðarslysi ef maður hefur látist eða slasast alvarlega, sbr. 3. mgr. 9. gr. frv.

Í 2. málsl. 1. mgr. er lögð skylda á ökumann til að vara aðra vegfarendur við, ef ökutæki hefur stöðvast á þannig stað eða þannig að valdi hættu eða óþægindum. Hvernig viðvörun skuli háttað fer eftir aðstæðum hverju sinni, en sem dæmi má nefna notkun varúðarþríhyrnings á akbraut, notkun sérstaks ljósabúnaðar á ljósatíma eða viðvörunarljósa ef stefnuljós eru þannig gerð.

Að öðru leyti er vísað til 1. mgr. 9. gr. frv. þar sem vegfaranda, sem átt hefur hlut að umferðaróhappi, hvort sem hann á sök á eða ekki, er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis umferð.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að settar verði reglur um viðvörunarbúnað, t. d. varúðarþríhyrninga, og hvernig hann skuli nota.

Um 31. gr.

Ákvæði 1. mgr. um hljóð- og ljósmerki koma í stað 1. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Lagt er til að notkun hljóðmerkis verði verulega takmörkuð. Hljóðmerki í tengslum við framúrakstur megi einungis nota utan þéttbýlis. Hljóðmerki megi ekki gefa lengur en nauðsyn ber til. Þegar myrkur er skal nota ljósmerki í stað hljóðmerkis nema hætta sé yfirvofandi.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga. Ákvæðið er nokkru ákveðnara, þannig að merki skal ávallt gefa í leiðbeiningarskyni þegar ekið er frá brún vegar, beygt, snúið eða skipt um akrein.

3. mgr. samsvarar 3. mgr. 52. gr. laganna, en með breyttu orðalagi.

4. mgr. kveður nánar á um það hvenær og hvernig merki skuli gefa, sbr. nú 4. og 5. málsl. 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga.

5. mgr. er samhljóða 2. málsl. 4. mgr. 52. gr. umferðarlaga.

Um 32. gr.

1. mgr. um notkun ljósa er í samræmi við 1. og 2. málsl. 1. mgr. 53. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Athuga ber að ljósatími nær samkvæmt 2. gr. frv. til alls sólarhringsins á tímabilinu frá 1. október til 1. apríl. Ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 53. gr. er fellt niður, en gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um ljósabúnað samkvæmt 1. mgr. 61. gr. frv.

2.—4. mgr. koma í stað 2. mgr. 53. gr. umferðarlaga og hafa að geyma ítarlegri ákvæði um notkun ljósa.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það hvenær nota skuli háan ljósgeisla, en í lögum eru nú engin ákvæði um það efni.

Í 3. mgr. eru ákvæði um það hvenær ekki má nota háan ljósgeisla. Eru þau í samræmi við 1. og 2. málsl. 2. mgr. 53. gr. Að auki er ákvæði um að ekki megi nota háan ljósgeisla þegar ekið er svo skammt á eftir öðru ökutæki að valdið geti ökumanni þess óþægindum.

Í 4. mgr. eru ákvæði um það hvenær nota skuli lágan ljósgeisla. Skal nota lágan ljósgeisla þegar hvorki er skylt né heimilt að nota háan ljósgeisla. Er því ekki heimilt að nota stöðuljós við akstur, og er gert ráð fyrir því að heimildarákvæði 6. mgr. 53. gr. umferðarlaga falli niður.

Ákvæði 5. mgr. um notkun þokuljósa og hjálparljósa er í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.

6. mgr. er einnig í samræmi við gildandi reglur.

7. mgr. er í samræmi við 4. mgr. 53. gr. umferðarlaga.

Um 33. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 53. gr. umferðarlaga, en nokkru fyllri og með breyttu orðalagi. Eigi er þörf að nota stöðuljós, afturljós og númersljós ef ökutæki er stöðvað eða því lagt á vel upplýstum vegi eða utan akbrautar.

2. mgr. svarar til 4. mgr. 53. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er nýmæli, sem felur í sér að á fólksbifreiðum af tiltekinni stærð, sem lagt er samhliða brún vegar í þéttbýli nægi að hafa stöðuljós það og afturljós sem er nær miðju vegar tendruð, og að heimila megi notkun sérstakra hliðarljósa í staðinn. Tíðkast slíkur ljósabúnaður á ýmsum tegundum bifreiða.

4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í meginatriðum í samræmi við 50. gr. a í umferðarlögum. Gert er ráð fyrir því að setja megi reglur þar sem keppnisakstur verði undanþeginn ákvæðum umferðarlaganna um fébótaábyrgð og vátryggingu, enda óeðlilegt að bætur vegna slíks aksturs falli á hina lögboðnu ábyrgðartryggingu. Í reglunum verði hins vegar kveðið á um ábyrgð og vátryggingu við keppnisakstur þannig að tryggi rétt þeirra sem ekki eru þátttakendur í keppni. Verði þessar reglur svo og reglur um heimild til að víkja frá reglum um hámarkshraða bundnar við vegi sem lokaðir eru annarri umferð eða að keppni fari fram á afmörkuðu svæði utan vega.

Um 35. gr.

1. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 26. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

2. mgr. er nýmæli sem m. a. er ætlað til að koma í veg fyrir óþarfan og hávaðasaman akstur sem að öðru leyti fer fram í samræmi við umferðarreglur, svo sem akstur léttra bifhjóla.

Í *V. kafla* eru reglur um ökuhraða.

Um 36. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með nokkuð breyttu orðalagi. Felld er niður regla 2. mgr. 49. gr. um að ökumaður skuli geta stöðvað ökutæki á þriðjungi þeirrar vegalengdar, sem auð er og hindrunarlaus fram undan og hann hefur útsýn yfir. Þykir sú regla of ströng og hefur víðast hvar verið felld úr gildi. Í þess stað kemur ákvæði um að ökumaður skuli geta stöðvað ökutæki á þeim hluta vegar fram undan, sem hann hefur útsýn yfir og áður en kemur að hindrun, sem gera má ráð fyrir. Þá er bætt inn ákvæði um að ökumaður skuli aðlaga ökuhraða breyttu sjónarsviði, þegar skipt er frá háum ljósgeisla í lágan.

2. mgr. er efnislega í samræmi við 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga, en með orðalagsbreytingum. Nýmæli eru ákvæði k-liðar um gangandi vegfaranda sem ber merki sjónskertra og n-liðar um akstur þar sem umferðaróhapp hefur orðið.

3. mgr. er nýmæli, ætlað til að greiða fyrir umferð, og beinist gegn ökumönnum sem með sérstaklega hægum akstri tefja umferð.

4. mgr. kemur í stað 4. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Um 37. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Er miðað við óbreyttan hámarkshraða í þéttbýli, 50 km á klst., og 70 km á klst. utan þéttbýlis. Þó er lagt til að almennur hámarkshraði á vegum með bundnu slitlagi utan þéttbýlis verði 80 km á klst., enda eru aksturssskilyrði á þeim vegum að jafnaði betri en á malarvegum. Að því er varðar skilgreiningu á hugtakinu þéttbýli vísast til 2. gr. frv.

Í 2. mgr. er lagt til að heimila megi allt að 90 km hámarkshraða á klst. á tilteknum vegum að uppfylltum vissum skilyrðum, og í 3. mgr. er lagt til að lækka megi hámarkshraða, þar sem nauðsynlegt þykir. Koma ákvæði þessi í stað 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Um ákvörðun hámarkshraða samkvæmt 2. og 3. mgr. fer samkvæmt 3. mgr. 83. gr. frv.

Um 38. gr.

Greinin kemur í stað 3. mgr. 50. gr. umferðarlaga, og felur í sér nokkra rýmkun á reglum um ökuhraða.

Í 1. mgr. eru ákvæði um mesta leyfðan ökuhraða nokkurra flokka ökutækja. Gilda þau framar ákvæðum 37. gr. Ökuhraði fólksbifreiða, sem að leyfðri heildarþyngd eru meiri en 3500 kg, má aldrei vera meiri en 80 km á klst., og ökuhraði annarra bifreiða, sem eru meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd og bifreiða með tengi- eða festivagna eða skráð tengitæki, svo sem útileguvagna (hjólhýsi og tjaldvagna), má aldrei vera meiri en 70 km á klst. Hámarkshraði bifreiða með önnur tengitæki verður 30 km á klst.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Er þar lagt til að ákveða megi lægri hámarkshraða vélknúinna ökutækja en greinir í 1. mgr. eða 37. gr. frv. ef þess er þörf vegna hönnunar ökutækis.

3. mgr. er einnig nýmæli, en þar er lagt til að eigi megi aka vélsleða á vegi hraðar en 30 km á klst., nema um akstur í þágu öryggis- eða heilsugæslu sé að ræða.

Í *VI. kafla* eru sérreglur fyrir reiðhjól og bifhjól, þ. á m. létt bifhjól.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að meginreglan verði sú að hjólreiðamenn aki í einfaldri röð og er það í samræmi við 3. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Þó mega tveir hjólreiðamenn aka samhliða þar sem nægilegt rúm er og það er unnt án hættu eða óþæginda. Ef merki hefur verið gefið um framúrakstur mega þeir ekki aka samhliða, nema aðstæður leyfi eða nauðsyn krefur, svo sem vera mundi um leiðsögn eða eftirlit samkvæmt 1. mgr. 40. gr. frv.

2. mgr. kveður á um hvar á vegi aka má reiðhjóli og er nýmæli. Skal að jafnaði aka hægra megin á akrein sem er lengst til hægri.

3. mgr. um akstur á vegamótum er einnig nýmæli. Skal að jafnaði ekið áfram hægra megin á vegi. Við vinstri beygju skal fyrst aka beint áfram yfir vegamótin og þá fyrst beygt þegar það er unnt án óþæginda.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Um þá sem leiða reiðhjól er nú fjallað í 2. mgr. 10. gr. og 12. gr. frv.

5. mgr. er í samræmi við 1. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga.

6. mgr. svarar til 2. málsl. 1. mgr. 60. gr. umferðarlaga, en bann við því að leiða annað reiðhjól er fellt niður.

7. mgr. kemur í stað 3. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Eigi er talin þörf á að mæla fyrir um að læsa skuli reiðhjóli sem lagt er um stutta stund.

Um 40. gr.

1. mgr. kemur í stað 4. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Er ákvæðið rýmkað, þannig að börnum yngri en 7 ára verður heimilt að hjóla á gangstétt og gangstíg, svo og að hjóla á akbraut undir leiðsögn og eftirliti manns, sem náð hefur 15 ára aldri.

2. mgr. er efnislega samhljóða 5. mgr. 60. gr. umferðarlaga, þó þannig að aldur þess sem flytja má farþega á reiðhjóli er lækkaður úr 17 árum í 15 ár.

3. mgr. er efnislega samhljóða 6. mgr. 60. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 41. gr.

Ákvæði greinarinnar fjalla um akstur allra bifhjóla, einnig léttra bifhjóla, sbr. 4. mgr. 42. gr. frv., og koma í stað 59. gr. umferðarlaga. Eru létt bifhjól eðli sínu samkvæmt líkari öðrum bifhjólum en reiðhjólum.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 59. gr. en felur í sér bann við akstri bifhjóls samhliða öðru ökutæki, þannig að bannið takmarkast ekki lengur við akstur við hlið annars bifhjóls.

2. mgr. svarar til 2. mgr. 59. gr., en felur í sér heimild til að aka yfir gangstétt og gangstíg, sbr. 2. mgr. 26. gr. frv.

3. mgr. um notkun ökuljósa utan ljósatíma er nýmæli, ætlað til að auka öryggi ökumanna bifhjóla, þannig að hjólið sjáist betur í umferðinni.

4. mgr. er nýmæli er þarfnast eigi skýringa.

Um 42. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru í samræmi við 5. og 6. mgr. 39. gr. frv. um hjólreiðamenn.

3. mgr. er í samræmi við gildandi lög, sbr. 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga.

Í 4. mgr. er tekið fram, að ákvæði 41. gr. frv. um bifhjól gildi um létt bifhjól, en samkvæmt 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga gilda ákvæði um reiðhjól nú einnig um létt bifhjól.

Í *VII. kafla* eru sérreglur um umferð reiðmanna.

Um 43. gr.

Greinin er í meginatriðum í samræmi við 63. gr. umferðarlaga.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 63. gr., en kveður skýrar á um að reiðmenn skuli halda sig við vegarbrún.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 5. mgr. 63. gr. en ákvæði er svara til 3. og 4. mgr. 63. gr. eru talin óþörf.

4. mgr. er nýmæli. Er lagt til að setja megi reglur um varúðarmerki fyrir reiðmenn og hesta, t. d. endurskinsmerki.

Í *VIII. kafla* eru ákvæði um ökumenn.

Um 44. gr.

Greinin svarar í meginatriðum til 24. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 24. gr.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 24. gr. með breyttu orðalagi.

3. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 24. gr.

4. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

5. mgr. er samhljóða 4. mgr. 24. gr.

6. mgr. er í samræmi við 6. mgr. 24. gr. með breyttu orðalagi.

Um 45. gr.

Greinin svarar í meginatriðum til 25. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

2. og 3. mgr. eru í samræmi við 3. og 4. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

4. mgr. er samhljóða 9. mgr. 25. gr.

5. mgr. er í samræmi við 8. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi.

6. mgr. er í samræmi við 5. mgr. 25. gr. með breyttu orðalagi og þeirri viðbót að ákvæðið tekur einnig til reiðmanna svo og til áhrifa af völdum annarra örvandi eða deyfandi efna en áfengis.

7. mgr. svarar til 6. mgr. 25. gr.

Um 46. gr.

Greinin er nýmæli. Ákvæðinu sem varðar neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eftir að akstri lauk ef ökumaður hefur ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin vegna akstursins er ætlað að koma í veg fyrir að ökumaður sem brotið hefur af sér spilli sönnunargögnum. Ákvæðið er eftir norskri fyrirmynd. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 52. gr. loftferðalaga nr. 34/1964.

Um 47. gr.

1. mgr. er í samræmi við 10. mgr. 25. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

2. mgr. er í samræmi við 11. mgr. 25. gr. umferðarlaga með þeirri viðbót að á bensínafgreiðslumenn er lögð sama skylda og á veitingamenn og þjóna í 1. mgr. um að reyna að hindra brot.

Um 48. gr.

1. mgr. er nýmæli og felur í sér heimild fyrir lögreglumenn til að taka öndunarsýni af ökumönnum. Hafa ákvæði þessa efnis verið sett í lög víða erlendis í þeim tilgangi m. a. að heimila töku öndunarsýna þótt ökumaður beri þess ekki merki að vera undir áhrifum áfengis. Ákvæðið felur í sér takmörkun á heimild til töku öndunarsýna við ákveðin tilvik, sbr. a- og c- liði og tilvik sem ráðherra tilgreinir nánar, sbr. b-lið. Ákvæði d-liðar er til að tryggja að ekki gæti mismununar við framkvæmd á töku öndunarsýna.

2. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 25. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum þannig að heimild til að færa ökumann til rannsóknar nái m. a. einnig ótvírætt til þeirra sem aka undir áhrifum lyfja eða ávana- og fíkniefna. Þá er samkvæmt ákvæðinu gert ráð fyrir því að blóðtaka geti farið fram án atbeina læknis, en setja skal nánari reglur um töku sýna og rannsókn, sbr. 3. mgr.

Um 49. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

2. og 3. mgr. svara til 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum. Eru skilyrði til útgáfu ökuskírteinis í meginatriðum þau sömu og nú. Í 2. mgr. er tekið fram að umsækjandi skuli hafa nægilega sjón í stað góðrar sjónar og tekið er inn ákvæði um heyrn. Þá er felld niður tilvísun til meðvitundarleysis vegna flogaveiki eða annars sjúkdóms, en slíkt

ástand mundi falla undir andlega og líkamlega hæfni samkvæmt b-lið 2. mgr. Nánari skýring á þessum skilyrðum mundi koma í reglugerð, sbr. 53. gr. frv.

3. mgr. er nýmæli að því er varðar heimild til að bera undir dómstóla synjun á útgáfu ökuskírteinis vegna neyslu ávana- og fíkniefna eða annarra sljóvgandi efna eða skorts á reglusemi.

Um 50. gr.

Greinin svarar til 2. málsl. 29. gr. umferðarlaga. Er aldursmark fært úr 16 árum í 15 ár.

Um 51. gr.

Greinin kemur í stað 3. og 4. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Flokkun ökutækja þar sem krafist er aukinna réttinda er breytt til samræmis við alþjóðasamning um umferð. Þarf þá aukin réttindi til aksturs bifreiða til flutnings fleiri en átta farþega (í stað 16 farþega) og vörubifreiða sem eru 3500 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd (í stað skráðar fyrir 5 smálesta farm eða meira). Jafnframt er tekin upp heimild til að áskilja aukin réttindi til aksturs bifreiða sem draga tengi- eða festivagna eða tengitæki sem eru 750 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og til aksturs bifreiða sem flytja hættuleg efni eða tæki, svo sem eldfima vökva eða lofttegundir, eitur eða sprengiefni. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði sett nánari ákvæði um skilyrði til að mega stjórna þessum ökutækjum, þ. á m. um kennslu og próf.

2. mgr. er í samræmi við gildandi ákvæði, sbr. 3. mgr. 27. gr.

3. mgr. samsvarar 4. mgr. 27. gr.

Um 52. gr.

Greinin svarar til 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Lagt er til að bráðabirgðaskírteini til byrjanda gildi í 2 ár í stað 1 árs. Þykir rétt að lengja reynslutíma byrjenda þannig að fylgst verði sérstaklega með ferli þeirra lengur en nú er gert. Jafnframt verði heimilt að ákveða að hlutaðeigandi skuli taka þátt í námskeiði áður en fullnaðarskírteini er gefið út auk þess sem áfram verði heimilt að áskilja próf í umferðarreglum og akstri. Þá er lagt til að við 75 ára aldur gildi ökuskírteini einungis í 2 ár.

Um 53. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. mgr. 33. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að í reglugerð verði fjallað um atriði sem að er vikið í athugasemdum við 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 51. gr. Þar mundi og fjallað um atriði sem nú eru í umferðarlögum, svo sem 5. málsl. 2. mgr. og 7.—9. málsl. 6. mgr. 27. gr. og 1. málsl. 29. gr.

2. mgr. kemur í stað 30. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um að allir lögreglustjórar skuli halda skrá um ökuferil ökumanna. Slíkar skrár eru haldnar við nokkur stærri lögregluumdæmi, og eru grundvöllur að því að beita megi aðhaldi gagnvart ökumönnum, m. a. afturköllun ökuréttinda samkvæmt 54. gr. frv.

Um 54. gr.

1. mgr. svarar til 7. mgr. 27. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi. Ákvæði 3. málsl. svarar til 3. mgr. 49. gr. frv.

2. mgr. er nýmæli. Lögreglustjórar hafa þó í samræmi við ákvæði í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl. að jafnaði gert kröfu um próf áður en ökuskírteini er afhent að loknum sviptingartíma sem staðið hefur lengur en eitt ár.

3. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Um 55. gr.

1. mgr. er efnislega í samræmi við 34. gr. umferðarlaga, með nokkrum breytingum þó. Er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um heimild þeirra, sem eigi hafa íslenskt ökuskírteini til aksturs hér á landi og til að fá íslenskt ökuskírteini. Vísun til alþjóðasamninga er felld niður, en að sjálfsögðu mundu reglugerðarákvæði verða í samræmi við samninga sem Ísland er aðili að.

2. mgr. felur í sér heimild til að ákveða að ökuskírteini útgefin annars staðar á Norðurlöndum skuli gilda hér á landi, einnig eftir að skírteinishafi hefur sest hér að. Hefur Norðurlandaráð mælst til þess að slíkar reglur verði settar.

Um 56. gr.

1. mgr. er efnislega í samræmi við 1. mgr. 28. gr. umferðarlaga, með þeirri breytingu að lagt er til að lágmarksaldur við akstur dráttarvéla við landbúnaðarstörf utan alfaravega verði 14 ár, en nú er ekkert slíkt ákvæði í lögum. Dráttarvélar eru stór og öflug tæki, sem bæði þarf kunnáttu og þroska til að stjórna. Er því lagt til að ofangreint aldursmark verði sett.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga.

3. mgr. svarar til 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Lagt er til að ekki megi veita þeim sem er yngri en 16 ára ökuskírteini til aksturs létts bifhjóls, en nú er lágmarksaldur 15 ár. Slys á léttum bifhjólum hafa verið tíð og oft alvarleg. Létt bifhjól eru nú orðið að jafnaði aflmeiri en áður, þótt þau séu innan löglegra marka. Er því talið rétt að hækka lágmarksaldur ökumanna léttra bifhjóla. Sá sem aka má bifhjóli má og aka léttu bifhjóli.

4. mgr. svarar til 4. mgr. 28. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að taka megi sérstakt ökupróf á vélsleða, og verði miðað við 16 ára aldursmark.

5. mgr. kemur m. a. í stað 5. og 6. mgr. 28. gr. umferðarlaga.

Um 57. gr.

Greinin svarar til 31. gr. umferðarlaga.

1. mgr. er í samræmi við gildandi ákvæði.

Í 2. mgr. er lagt til að heimilt verði að veita þeim sem náð hefur 21 árs aldri löggildingu til ökukennslu, í stað 25 ára nú. Eru eigi efni til að áskilja svo hátt aldursmark til að mega stunda ökukennslu. Þá er lagt til að ákveðið verði að viðkomandi skuli hafa ekið bifreið, eftir atvikum bifhjóli, að jafnaði síðustu 3 árin, en áskilnaður um leigubifreiðastjóraréttindi er felldur niður. Er gert ráð fyrir því að ökukennaranám og próf taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru til leigubifreiðastjóra auk efnis sem varðar ökukennslu beint.

3. mgr. svarar til 3. mgr. 51. gr. frv.

Í 4. mgr. er tekið fram, að löggilding skuli gilda í 5 ár, þó eigi lengur en viðkomandi hefur ökuréttindi, en þetta er nú ákveðið í reglugerð. Lagt er til að við endurnýjun löggildingar þurfi ökukennari að fullnægja skilyrðum til að fá löggildingu, þ. á m. b-lið 2. mgr. um ökuréttindi í 3 ár. Enn fremur skal ökukennari hafa stundað ökukennslu að jafnaði á liðnu löggildingartímabili, þ. e. ökukennari þarf að leggja fram gögn um að hann hafi kennt nemendum og skilað til prófs. Að öðrum kosti ber að vísa ökukennara í ökukennaranám að nýju. Þá er lagt til að heimilt verði að kveða á um endurmenntun ökukennara sem skilyrði fyrir endurnýjun löggildingar. Nauðsynlegt þykir að ökukennarar fylgist náið með þróun á sviði umferðarmála og breytingum á umferðarlöggjöf.

5. mgr. er að meginstofni í samræmi við gildandi ákvæði. Gert er ráð fyrir því m. a. að settar verði reglur um tilhögun ökukennaranáms og um starfsemi ökukennara.

6. mgr. er samhljóða 4. málsl. 31. gr. umferðarlaga. Æskilegt er að ökukennurum sé veitt aðhald. Geta ýmsar ástæður legið til að rétt sé að beita sviptingu ökukennararéttinda, svo sem ef ökukennari brýtur ákvæði umferðarlaga eða önnur lagaákvæði, þannig að varhugavert þyki að hann kenni áfram ungmennum eða að ökukennari skilar ítrekað illa undirbúnum nemendum til prófs.

Um 58. gr.

Greinin er í samræmi við 32. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 59. gr.

Greinin er í samræmi við 35. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *IX. kafla* eru ákvæði um ökutæki.

Um 60. gr.

1. og 2. mgr. svara til 4. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

3. mgr. svarar til 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 61. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Ekki þykir ástæða til að hafa í lögum ákvæði er varða gerð ökutækja og búnað þeirra, svo sem nú er í 5.—9. gr. umferðarlaga, umfram það sem leiðir af 3. mgr. 60. gr. frv., og er gert ráð fyrir því að ákvæði um það efni og um öryggisbúnað fyrir ökumann og farþega verði sett í reglugerð.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Eigi þykir þörf á ákvæði er svarar til 1. málsl. þeirrar mgr., enda mundi bann, sem þar greinir, felast í reglum sem settar verða samkvæmt 1. mgr.

3. mgr. er nýmæli. Hentugt er talið að hafa heimild til að banna notkun ökutækis, þótt það uppfylli skilyrði reglna um gerð og búnað ökutækja, ef það er nauðsynlegt út frá umferðaröryggissjónarmiðum.

Um 62. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

2. mgr. er nýmæli. Felur ákvæðið í sér heimild til að fella ökutæki af tiltekinni gerð undir annan flokk ökutækja en leiðir af skilgreiningu í 2. gr. frv. Slík ákvörðun felur óbeint í sér breytingu á skilgreiningunum. Er talið hentugt að hafa slíka heimild vegna tækniþróunar.

Um 63. gr.

Ákvæði greinarinnar koma í stað 57. og 58. gr. umferðarlaga.

Að því er tengingu ökutækja varðar er lagt til að í umferðarlögum verði eingöngu ákvæði er kveði á um það hvaða flokka ökutækja megi tengja saman, sbr. 1.—4. mgr. Hins vegar verði nánari ákvæði um tenginguna sjálfa sett í reglugerð, sbr. 5. mgr.

6. mgr. um drátt kemur í stað 6. mgr. 58. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir að settar verði reglur um það efni.

Um 64. gr.

1. mgr. svarar til 1. mgr. 11. gr. umferðarlaga. Er í meginatriðum gert ráð fyrir skráningu sömu flokka ökutækja. Þó er lagt til að kveðið verði á um skráningu útileguvagna (hjólhýsa og tjaldvagna), sem flokkast sem tengitæki samkvæmt skilgreiningu 2. gr. frv. Þá er lagt til að fyrirskipa megi skráningu annarra tengitækja og vinnuvéla. Ekki er gert ráð fyrir því að ákveðin verði skráning allra tengitækja heldur verði öryggissjónarmið látin ráða um skráningu. Sama á við um skráningu vinnuvéla. Samkvæmt 2. gr. frv. er gert ráð fyrir nýrri skilgreiningu á hugtakinu vinnuvél. Munu þannig falla undir það hugtak ökutæki sem aka má hraðar en 30 km á klst. og teljast nú til bifreiða, en eru í eðli sínu vinnuvélar. Einnig munu hægfara ökutæki til fólks- eða vöruflutninga teljast til þeirra.

2. mgr. er nýmæli. Er lagt til að heimilt verði að ákveða að eigi þurfi að skrá ökutæki sem nær eingöngu eru notuð utan opinberra vega. Er þá einkum haft í huga að eigi þurfi að skrá ökutæki sem notuð eru á afmörkuðu vinnusvæði. Við beitingu ákvæðisins mundu jafnframt koma til álita sjónarmið fjármálaráðuneytisins vegna álagningar gjalda.

Um 65. gr.

Eðlilegt þykir að ákvæði um framkvæmdaatriði í sambandi við skráningu ökutækja verði sett í reglugerð en eigi bundin í lögum. Kemur greinin í stað 2.—4. mgr. 11. gr., 12.—14. gr., 1. mgr. 17. gr., 2. og 3. mgr. 20. gr. og 21. gr. umferðarlaga.

Tekið skal fram, að gert er ráð fyrir því að umdæmaskráning ökutækja verði lögð niður, og að landið verði eitt skráningarumdæmi.

Um 66. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til 15. gr. umferðarlaga með minni háttar breytingum. Nýmæli er að lagt er til að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra sem nú gegna því hlutverki samkvæmt 1. mgr. 11. gr. umferðarlaga.

Um 67. gr.

Samhljóða 16. gr. umferðarlaga.

Um 68. gr.

Ákvæði greinarinnar um erlend ökutæki kemur í stað 23. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði kveðið á um heimild til notkunar erlendra ökutækja hér á landi, og verði þá fylgt ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að. Jafnframt er gert ráð fyrir því að í reglugerð verði sett ákvæði um það hvenær skrá skuli slík ökutæki hér. Rétt er að samræmis gæti milli skráningarreglna og reglna um greiðslu aðflutningsgjalda.

Um 69. gr.

Ákvæði greinarinnar um skoðun ökutækja koma í stað 18. og 22. gr. umferðarlaga.

1. mgr. kemur í stað 2. og 3. málsl. 18. gr.

2. mgr. kemur í stað 1. og 4. málsl. 18. gr. Er gert ráð fyrir því að bifreiðaeftirlitið ákveði hvar og hvenær almenn skoðun ökutækja fer fram og eigi lögreglustjóri svo sem nú er.

3. mgr. er nýmæli. Er þar gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra geti veitt einstökum verkstæðum löggildingu til að annast almenna skoðun ökutækja undir eftirliti, svo og að bifreiðaeftirlitið geti veitt verkstæðum heimild til að annast tiltekna þætti skoðunar.

4. mgr. svarar til 5. málsl. 18. gr.

5. mgr. svarar til 22. gr.

Um 70. gr.

Ákvæði greinarinnar um eftirlit með ökutækjum er efnislega í samræmi við 19. gr. umferðarlaga. Þó er ekki gert ráð fyrir skoðun ökutækja við umskráningu, svo sem nú er samkvæmt 3. mgr. 19. gr.

Um 71. gr.

Ákvæði greinarinnar um bann við notkun ökutækja svarar til 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Lagt er til að auk lögreglustjóra verði bifreiðaeftirlitsmönnum einnig heimilað að banna notkun ökutækis, ef það er ekki í lögmæltu ástandi eða ekki fært til skoðunar.

Um 72. gr.

Ákvæði greinarinnar um leigu ökutækja koma í stað 91. gr. umferðarlaga. Er lagt til að öll leiga skráningarskyldra ökutækja án ökumanns í atvinnuskyni skuli háð leyfi lögreglustjóra, en nú þarf eingöngu leyfi vegna ökutækja til mannflutninga.

Í *X. kafla* eru ákvæði um skyldunotkun öryggisbúnaðar.

Um 73. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldu til að nota öryggisbelti í framsæti bifreiðar eru efnislega í samræmi við 64. gr. a umferðarlaga með þeirri breytingu að felld er niður undanþága að því er varðar farþega í framsæti leigubifreiðar. Jafnframt er lagt til að ökumaður hennar verði einungis undanþeginn skyldu til að nota öryggisbelti þegar bifreiðin er í leiguakstri.

Um 74. gr.

Ákvæði greinarinnar um skyldu til að nota hlífðarhjálm við akstur bifhjóls er efnislega í samræmi við 4. mgr. 59. gr. og 3. málsl. 8. mgr. 60. gr. umferðarlaga. Ákvæðið tekur einnig til ökumanna léttra bifhjóla, sbr. skilgreiningu 2. gr. frv.

Í *XI. kafla* eru ákvæði um flutning, hleðslu, þyngd og stærð ökutækja.

Um 75. gr.

Ákvæði greinarinnar um hleðslu ökutækis koma í stað 54. gr. umferðarlaga.

1. og 3. mgr. svara til 1.—3. mgr. 54. gr. með nokkrum breytingum.

2. mgr. um farþega er nýmæli.

Í 4. mgr. er lagt til að settar verði reglur um hleðslu og frágang farms og um hvernig merkja skuli sérstaklega fyrirferðarmikinn farm, sbr. nú 2. og 3. málsl. 4. mgr. 54. gr.

5. mgr. er nýmæli. Lagt er til að heimilt verði að setja reglur um flutning hættulegra efna og tækja, svo sem sprengiefnis, eldfimra efna og eiturefna, þannig að kveða megi á um tilteknar varúðarráðstafanir við flutninginn. Enn fremur verði heimilt að kveða á um sérstaka vátryggingu vegna slíks flutnings, m. a. vegna ákvæðis 93. gr. frv. um takmörkun vátryggingarfjárhæðar og þess að óvissa kann að vera um hvort hin lögboðna ábyrgðartrygging bæti allt tjón sem orðið gæti af mengunarslysi.

Um 76. gr.

Ákvæði greinarinnar um flutning á farþegum kemur í stað 2. og 3. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Um 77. gr.

Ákvæði greinarinnar um breidd, lengd og hæð ökutækja koma í stað 55. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að reglur um þetta efni verði settar í reglugerð en eigi bundnar í lögum. Ljóst er að slíkar reglur þurfa að vera ítarlegri en nú er. Þær geta þó aldrei orðið tæmandi og ekki verður komist hjá því að heimila margs konar undanþágur vegna þróunar í gerð ökutækja og breytilegra þarfa við flutninga. Gert er ráð fyrir því að í reglum þessum verði heimild til lögreglustjóra til að veita undanþágu vegna sérstakra flutninga, sbr. nú 8. mgr. 55. gr.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 6. mgr. 55. gr.

3. mgr. felur í sér heimild til að setja reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð við flutning sem fram fer með leyfi lögreglustjóra, en slík aðstoð er oft tímafrek.

Um 78. gr.

Ákvæði greinarinnar um öxulþunga og heildarþyngd ökutækja koma í stað 56. gr. umferðarlaga.

Í 1. mgr. er lagt til að reglur um hámark öxulþunga og heildarþyngdar ökutækja verði settar í reglugerð en eigi bundnar í lögum svo sem nú er samkvæmt 1. og 2. mgr. 56. gr. Vísað er til athugasemda við 1. mgr. 77. gr. frv.

2. mgr. fjallar um heimild veghaldara til að ákveða meiri eða minni öxulþunga og heildarþyngd á einstökum vegarköflum og svarar til 3. mgr. 56. gr.

3. mgr. fjallar um heimild veghaldara til að veita undanþágu vegna sérstakra flutninga og svarar til 4. mgr. 56. gr. Þar er og heimild til að setja reglur um greiðslu fyrir lögregluaðstoð hliðstæð 3. mgr. 77. gr. frv.

Í *XII. kafla* eru ákvæði um hindrun á vegi.

Um 79. gr.

Ákvæði greinarinnar um óhreinkun vegar o. fl. koma í stað 43. gr. umferðarlaga, en eru nokkuð breytt.

1. mgr. svarar til 3. mgr. 43. gr.

2. mgr. er nýmæli, sem eigi þarfnast skýringa.

3. mgr. svarar til 1. og 2. mgr. 43. gr. Fellt er niður ákvæði um að vörður skuli gæta muna á vegi. Er gert ráð fyrir því að merkingar nægi, enda verði settar reglur um þær.

Um 80. gr.

Ákvæði greinarinnar um rekstur búfjár eru í samræmi við 64. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Í *XIII. kafla* eru ákvæði um umferðarstjórn, umferðarmerki o. fl.

Um 81. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Ákvæði 4. mgr. 65. gr. laganna falla niður, enda felast heimildir þær sem þar um ræðir í 1. mgr.

2. mgr. er nýmæli. Gert er ráð fyrir því að settar verði reglur um merkjagjöf lögreglumanna. Slíkar reglur hafa ekki verið settar formlega til þessa en lögreglan hefur mótað ákveðnar reglur, sem eftir er farið.

Um 82. gr.

1. mgr. ásamt 84. gr. frv. svarar til 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er nýmæli, en með setningu reglna er unnt að tryggja samræmda merkingu um allt land.

Um 83. gr.

1. mgr. svarar til 1. málsl. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra ákveði, að fengnum tillögum vegamálastjóra, hvaða þjóðvegir utan þéttbýlis skuli teljast aðalbrautir, en að um aðra vegi fari samkvæmt 2. mgr.

2. mgr. svarar til 2. og 3. málsl. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Er gert ráð fyrir því að lögreglustjórar, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og vegamálastjóra ef um þjóðveg er að ræða, kveði á um varanleg sérákvæði um notkun vega til umferðar, önnur en þau sem um ræðir í 1. mgr.

3. mgr. kemur í stað 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga. Er lagt til að ákvörðun um hraðamörk samkvæmt 2. og 3. mgr. 37. gr. frv. verði í höndum dómsmálaráðherra að fengnum tillögum vegamálastjóra ef um er að ræða þjóðveg utan þéttbýlis, en ella hjá lögreglustjóra að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Meginbreyting málsgreinarinnar felst í því að reglur um sérstakan hámarkshraða í þéttbýli verða ekki settar í lögreglusamþykktum.

4. mgr. er nýmæli. Ákvarðanir sem fela í sér sérákvæði um umferð skal gefa til kynna með umferðarmerkjum, nema lögreglan stjórni umferð. Er ekki talin þörf á að mæla fyrir

um að slíkar ákvarðanir skuli auglýstar. Ákvörðun varðandi stöðvun eða lagningu ökutækja, sem ekki er bundin við ákveðinn vegarkafla, heldur t. d. bæjarhluta eða byggðarlag, er hins vegar talið nægilegt að birta með opinberri auglýsingu, og er þá ekki þörf umferðarmerkja.

Um 84. gr.

Grein þessi ásamt 1. mgr. 82. gr. frv. svarar til 5. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

Um 85. gr.

1. mgr. um stöðukort er nýmæli. Stöðukort eru notuð víða erlendis þar sem tímatakmörkun er hvað varðar lagningu ökutækja. Er lagt til að heimilt verði að setja reglur um stöðukort og notkun þeirra.

2. mgr. um heimild til gjaldtöku fyrir notkun stöðureita er í samræmi við 3. mgr. 65. gr. umferðarlaga.

Um 86. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 66. gr. umferðarlaga en með breyttu orðalagi.

Í 2. mgr. er lagt til að ótvírætt verði að víkja megi frá almennum umferðarreglum með umferðarmerkjum o. þ. h., sbr. og 3. mgr. 4. gr. frv.

Um 87. gr.

1. mgr. svarar til 2. og 3. mgr. 66. gr. umferðarlaga með nokkrum breytingum.

2. mgr. er efnislega samhljóða 4. mgr. 66. gr. umferðarlaga.

3. mgr. er í samræmi við 7. mgr. 66. gr. umferðarlaga.

Um 88. gr.

Greinin er í samræmi við 6. mgr. 66. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi.

Um 89. gr.

Greinin svarar til 5. mgr. 66. gr. umferðarlaga. Felur 1. mgr. í sér bann við því að setja spjöld, auglýsingar, ljósabúnað o. þ. h. á eða í tengslum við umferðarmerki, en 2. mgr. heimilar lögreglustjóra að láta fjarlægja slíka hluti ef þeir sjást frá vegi og líkjast umferðarmerkjum eða geta að öðru leyti verið villandi eða valdið óþægindum.

Í *XIV. kafla* eru ákvæði um fébætur og vátryggingu.

Um 90. gr.

Greinin er í samræmi við 67. gr. umferðarlaga en með breyttu orðalagi.

Um 91. gr.

Greinin er í samræmi við 68. gr. umferðarlaga.

Um 92. gr.

Greinin er í samræmi við 69. gr. umferðarlaga, en með breyttu orðalagi. Fellt er niður ákvæði um að lögveð vegna bótakröfu skuli víkja fyrir opinberum gjöldum.

Um 93. gr.

Greinin svarar til 1.—4. mgr. 70. gr. umferðarlaga. Lagt er til að vátryggingarfjárhæð verði ein á tillits til leyfðs farþegafjölda ökutækis og að hún tryggi greiðslu á tjóni allt að 50 millj. kr. sem hlýst af hverjum einstökum tjónsatburði. Vátryggingarfjárhæðin er því hækkuð nokkuð umfram verðlagsþróun, en ekki er gert ráð fyrir því að hún verði ótakmörkuð.

Um 94. gr.

1. mgr. svarar til upphafs 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga, með þeirri breytingu að vátryggingarskyldan hvíli einnig á þeim sem hefur varanleg umráð ökutækis.

2. mgr. er samhljóða 6. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Um 95. gr.

Greinin er samhljóða 71. gr. umferðarlaga.

Um 96. gr.

1. mgr. svarar til 79. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 72. gr. umferðarlaga. Ákvæði 2. mgr. 72. gr. laganna um forgangsrétt iðgjalda við gjaldþrot er fellt niður. Er sú breyting í samræmi við breytingar sem gerðar voru á reglum um niðurröðun skulda með lögum nr. 32/1974.

Um 97. gr.

1. mgr. er nýmæli er kveður á um að vátryggingafélag sé greiðsluskylt gagnvart tjónþola.

2. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 73. gr. umferðarlaga. Ákvæði um lögboðna eigin áhættu samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. málsl. 3. mgr. 73. gr. laganna, eru hins vegar felld niður. Er eigi talin ástæða til að lögbjóða slíka eigin áhættu lengur miðað við þá reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi.

3. mgr. er samhljóða 1. málsl. 3. mgr. 73. gr. umferðarlaga.

Um 98. gr.

Greinin er samhljóða 76. gr. umferðarlaga.

Um 99. gr.

1. mgr. kemur í stað 1. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga. Er lagt til að einkamál til heimtu bóta skuli jafnan höfðað gegn vátryggingafélagi auk þess sem það er höfðað gegn þeim sem bótaskyldur er. Einkamál hafa að jafnaði verið höfðuð gegn báðum þessum aðilum samkv. 2. mgr. 74. gr. og er því í reynd ekki um aðra breytingu að ræða en að heimild er breytt í skyldu.

2. mgr. er í samræmi við 3. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Um 100. gr.

Greinin er í samræmi við 75. gr. umferðarlaga en með breyttu orðalagi.

Um 101. gr.

Greinin er nýmæli. Er lagt til að skipuð verði nefnd er fjalli um ágreiningsmál vegna sakarskiptingar. Ágreiningsmál koma oft upp milli tjónþola og vátryggingafélaga. Langan tíma tekur einatt að fá úrlausn þess háttar ágreinings fyrir dómstólum, og er því lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd er kveðið geti upp úrskurð fljótlega.

Um 102. gr.

Greinin svarar til 78. gr. umferðarlaga þegar tillit hefur verið tekið til þess að ákvæði um lögboðna eigin áhættu hafa verið felld niður, sbr. athugasemd við 97. gr.

Í *XV. kafla* eru ákvæði um viðurlög.

Um 103. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

2. mgr. er nýmæli. Er gert ráð fyrir því að ekki verði refsað fyrir brot sem gjald er lagt á samkvæmt heimild í 111. gr. frv., nema stöðvun eða lagning ökutækis hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða valdið óþarfa óþægindum.

3. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

Um 104. gr.

1. mgr. er í samræmi við 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga með þeirri breytingu að tekið er fram að svipting varði rétt til að stjórna vélknúnu ökutæki sem ökuskírteini þarf til, og er það í samræmi við ríkjandi skilning.

2. mgr. svarar til 1. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó þannig að eigi verður skylt að ákveða ökuréttindasviptingu ævilangt strax við ítrekað brot.

3. mgr. svarar til 1. málsl. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Um 105. gr.

1. mgr. er í samræmi við 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga, þó svo að neysla áfengis við akstur án þess að um refsiverð áfengisáhrif sé að ræða fellur eigi undir ákvæðið.

2. mgr. svarar til 2. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga, en bætt er við tilvísun til 46. gr. frv. sem fjallar um eftirfarandi áfengisneyslu og er nýmæli. Þá er nýmæli að vínandamagn yfir 2‰ skuli að jafnaði varða a. m. k. 2 ára ökuréttindasviptingu.

3. mgr. er nýmæli. Er lagt til að ítrekað brot á 45. og 46. gr. varði a. m. k. 2 ára ökuréttindasviptingu í stað ævilangrar sviptingar nú. Þó varði ítrekað brot á ákvæðum 1. mgr. sbr. 3. mgr. 45. gr., a. m. k. 3 ára ökuréttindasviptingu. Endurtekið ítrekað brot varðar hins vegar ævilangri sviptingu, sbr. 2. mgr. 104. gr. frv.

Um 106. gr.

1. mgr. svarar til 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Felld er niður skylda lögreglustjóra til að senda dómara tilkynningu um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda. Hins vegar er lagt til að lögreglustjóri skuli leiðbeina ökumanni um rétt hans til að bera ákvörðun um bráðabirgðasviptingu undir dómstóla um leið og hún er birt.

2. mgr. svarar til 3. málsl. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Er lagt til að sviptingartími skuli jafnan dragast frá endanlegri ákvörðun dómara í stað þess að dómari skal taka afstöðu til þess nú.

Um 107. gr.

Greinin svarar til 2. málsl. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Meginreglan er sú áfram að áfrýjun dóms frestar ekki verkun ökuréttindasviptingar. Þó er lagt til að dómari geti ákveðið annað með úrskurði ef sérstaklega stendur á.

Um 108. gr.

Greinin er í samræmi við 9. mgr. 81. gr. umferðarlaga með breyttu orðalagi.

Um 109. gr.

Greinin kemur í stað 4. mgr. 81. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að áfram verði heimilt að endurveita ökuréttindi þegar svipting hefur staðið í 3 ár. Þó verði ekki heimilt að veita ökuréttindi fyrr en eftir 5 ár þegar svipting hefur verið ákveðin ævilöng. Ákvæði um endurveitingu eftir 6 ára sviptingartíma, sbr. 4. málsl. 4. mgr., er fellt niður. Fellt er og niður ákvæði er kveður á um að eigi megi veita ökuréttindi að nýju ef viðkomandi hefur gerst brotlegur við áfengislöggjöf síðustu þrjú árin. Veldur ákvæði þetta oft misrétti þar sem mismunandi háttur getur verið á meðferð mála vegna ölvunar á almannafæri. Þá er fellt

niður ákvæði um vottorð tveggja manna, en slík vottorð þykja eigi alltaf traust heimild. Loks er fellt niður ákvæði um að leita skuli umsagnar áfengisvarnanefndar vegna endurveitingar. Hafa nefndirnar takmarkaða aðstöðu til að fjalla um slík mál. Þess í stað er lagt til að leitað skuli umsagnar viðkomandi lögreglustjóra áður en endurveiting er ákveðin, enda hafa þeir að jafnaði gleggri upplýsingar um reglusemi og hagi umsækjenda og ítarlegri en fram koma í sakavottorði.

Um 110. gr.

Grein þessi er nýmæli. Notkun erlendra ökutækja hér á landi hefur aukist á undanförnum árum. Ökumaður slíks ökutækis, búsettur erlendis, kann að brjóta gegn ákvæðum umferðarlaga. Til að tryggja greiðslu sektar, málskostnaðar, skaðabóta eða vátryggingariðgjalds vegna slíkra brota er nauðsynlegt að geta lagt hald á ökutæki. Er því lagt til að slík heimild verði í umferðarlögum.

Um 111. gr.

Grein þessi ásamt 112. gr. er nýmæli. Brotum vegna stöðvunar og lagningar ökutækja fjölgar mjög, og er meðferð þeirra oft tafsöm. Er lagt til að tekin verði upp einfaldari málsmeðferð vegna ýmissa slíkra brota, sem tilgreind eru í 1. mgr., og að eigi verði refsað fyrir þau nema brot hafi haft í för með sér hættu fyrir aðra eða valdið óþarfa óþægindum, sbr. 2. mgr. 103. gr. frv. Gert er ráð fyrir því að lögreglan annist álagningu og innheimtu gjaldsins, en ákveða má að álagning og innheimta þess fari að öllu leyti eða að hluta til fram á vegum sveitarfélags.

Um 112. gr.

Í þessari grein er fjallað um innheimtu gjalds samkvæmt 1. mgr. 111. gr. Er gert ráð fyrir að gjaldið verði lagt á þann sem ábyrgð ber á stöðvun eða lagningu ökutækisins, en eigandi þess eða umráðamaður ber jafnframt ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Lagt er til að gjaldið megi innheimta með lögtaki og að því fylgi lögveð í ökutækinu. Fari greiðsla eigi fram innan tiltekins frests er gert ráð fyrir að mál verði sent til meðferðar fógetaréttar eða uppboðsréttar. Eru nánari ákvæði um þá málsmeðferð, þar á meðal um rétt til að bera fram mótbárur eða varnir vegna álagningar gjaldsins.

Um 113. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til að í lögin verði sett ákvæði er heimili lögreglu að flytja eða láta flytja brott ökutæki sem með ýmsum hætti standa í bága við reglur um stöðvun eða lagningu, valda truflun eða óþægindum eða skilin hafa verið eftir. Kveður greinin nánar á um flutninginn og geymslu ökutækja, kostnað og innheimtu.

Í *XVI. kafla* eru ákvæði um umferðarráð, umferðarfræðslu o. fl.

Um 114. gr.

Greinin, sem er samhljóða 82. gr. umferðarlaga, felur í sér almenna yfirlýsingu um umferðarfræðslu fyrir almenning. Nauðsynlegt er að unnið sé að umferðarfræðslu og að fjármagni sé varið í því skyni. Gert er ráð fyrir því að framkvæmd umferðarfræðslu verði fyrst og fremst í höndum umferðarráðs, sveitarfélaga og skóla, sbr. 115., 119. og 120. gr. frv., en einnig í höndum annarra.

Um 115. gr.

Greinin fjallar um hlutverk umferðarráðs og er að meginstofni til í samræmi við 84. gr. umferðarlaga. Ákvæði g-liðar um könnun á umferðarháttum og öðru er umferð varðar, er nýmæli.

Um 116. gr.

Greinin er að meginstofni til í samræmi við 83. gr. umferðarlaga. Gert er ráð fyrir því að dómsmálaráðherra skipi tvo fulltrúa í umferðarráð án tilnefningar, formann og varaformann, en varaformann skipar ráðherra nú úr hópi tilnefndra fulltrúa.

Um 117. gr.

Greinin kemur í stað 85. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 86. gr. umferðarlaga. Lagt er til að framkvæmdanefnd verði skipuð fimm mönnum í stað þriggja. Eigi formaður og varaformaður sæti í nefndinni og að auki þrír ráðsmenn sem ráðið velur til eins árs í senn. Þá er lagt til að framkvæmdastjóri verði skipaður af ráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, en framkvæmdastjóri ráði annað starfsfólk í samráði við framkvæmdanefnd, en nú ræður framkvæmdanefnd starfsfólk, þ. á m. framkvæmdastjóra.

Um 118. gr.

Greinin er í meginatriðum í samræmi við 86. og 87. gr. umferðarlaga.

Um 119. gr.

Greinin er samhljóða 88. gr. umferðarlaga að því viðbættu að lagt er til að umferðarnefndir skuli skipaðar í öllum kaupstöðum og í kauptúnahreppum.

Um 120. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 89. gr. umferðarlaga að því viðbættu að gert er ráð fyrir því að ráðherra geti sett reglur um að umferðarfræðsla nái til fleiri skóla en grunnskóla.

Í *XVII. kafla* eru ákvæði um gildistöku.

Um 121. gr.

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. júní 1986. Nauðsynlegt er að ætla tíma til að ganga frá ýmsum reglugerðum sem gert er ráð fyrir að settar verði samkvæmt frumvarpinu ef að lögum verður. Þá er nauðsynlegt að ætla tíma til að undirbúa kynningu nýrra umferðarreglna og annarra nýmæla og að gildistaka fari fram á heppilegum árstíma.

Um 122. gr.

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 56. gr. frv. er lagt til að lágmarksaldur til útgáfu ökuskírteinis til aksturs létts bifhjóls og vélsleða verði 16 ár, en samkvæmt 3. mgr. 28. gr. umferðarlaga er lágmarksaldur til aksturs létts bifhjóls nú 15 ár og má sá sem þau réttindi hefur aka vélsleða (beltabifhjóli), sbr. 4. mgr. 28. gr. laganna. Eigi þykir rétt að fella eldri ökuréttindi úr gildi þótt aldursmarkinu verði breytt.

Nd. 83. Frumvarp til laga [76. mál]

um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson.

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 92. gr. laganna hljóði svo:

Allir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða þeim endurgjald fyrir starfa, þar með talin ágóðaþóknun, ökutækjastyrkur, húsaleigustyrkur og hvers konur önnur fríðindi og hlunnindi, eftirlaun, biðlaun og lífeyrir, skulu ótilkvaddir afhenda skattstjóra eða umboðsmanni hans skýrslu um greiðslur þessar ókeypis og í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður í samráði við kjararannsóknarnefnd.

2. gr.

1. málsl. 2. mgr. 115. gr. laganna hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu skattyfirvöld gefa Hagstofu Íslands, Þjóðhagsstofnun og kjararannsóknarnefnd skýrslur, í því formi er þeir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir, álagða skatta og önnur atriði er varða skýrslugerð þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Megintilgangur þessa frumvarps er að hagkvæm og fljótvirk leið verði valin til að fá úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. — Í frumvarpinu er lagt til að kjararannsóknarnefnd hafi áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum gert skylt að gefa Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi er þessir aðilar ákveða um framtaldar tekjur og eignir. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessar stofnanir mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn til að veita henni einnig aðgang að upplýsingum úr skattframtölum, ef hún svo kýs, til að auðvelda henni kjararannsóknir. Þær þrjár stofnanir, sem hér hafa verið nefndar, kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, hafa allar mikilvægu hlutverki að gegna á sviði kjararannsókna. — Jafnréttisráð kemur einnig við sögu í sambandi við kjararannsóknir enda er ráðið sá aðili sem lögum samkvæmt á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum upplýsingum um kjaramál til að auðvelda ráðinu að sinna hlutverki sínu og að samvinna verði milli þessara aðila um kjararannsóknir, þó að ekki sé um beinan aðgang Jafnréttisráðs að skýrslum skattyfirvalda að ræða.

Áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur í nokkur undanfarin ár gefið út rit um vinnumarkaðinn þar sem byggt er á sérstakri úrvinnslu upplýsinga sem eru á launamiðum og eigendaframtölum.

Í þessu riti koma fram upplýsingar um mannafla, meðallaun á vinnumarkaðinum og atvinnuþátttöku. Eins og nú er er einungis unnt að fá úr skattframtölum upplýsingar um heildarlaunagreiðslur en ekki sundurgreindar upplýsingar um laun fyrir dagvinnu og yfirvinnu, bónus, greiðslur fyrir vaktavinnu, greiðslur fyrir ákvæðisvinnu, greiðslur í veikinda- og slysatilvikum eða sérstakar greiðslur sem ekki falla undir neitt af framantöldu, svo sem yfirborganir og þess háttar.

Með þeirri breytingu, sem lögð er til í 1. gr. þessa frumvarps, opnast nýir möguleikar til kjararannsókna og upplýsinga um tekjuskiptingu og launakjör. Þó að kjararannsóknir með úrvinnslu úr skattframtölum hafi vissulega sína galla er ljóst að unnt er að afla mun ítarlegri upplýsinga um tekjur einstaklinga og uppruna þeirra en nú er gert og er það m.a. tilgangur þeirra breytinga sem hér eru lagðar til.

Þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera í öllum ákvörðunum er lúta að því að bæta kjör hinna verst settu. Jafnframt er ljóst að upplýsingar þær, sem hér um ræðir, eru mjög mikils virði fyrir samtök vinnumarkaðarins að því er varðar samsetningu launatekna og vinnutíma í einstökum greinum atvinnulífsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Breytingin gerir ráð fyrir því að ríkisskattstjóri ákveði í samráði við kjararannsóknarnefnd hvernig skýrslur atvinnurekenda um launagreiðslur til starfsmanna skulu úr garði gerðar. Með þessari breytingu gæti kjararannsóknarnefnd haft áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað yrði ítarlegri upplýsinga en nú er gert um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum.

Með þessu fyrirkomulagi eru hagsmunir hins opinbera í þessu efni engu lakar tryggðir en nú gerist en kjararannsóknarnefnd og aðilum vinnumarkaðarins gefið tækifæri til þess að móta upplýsingaöflun. Við alla kjarasamningagerð yrðu slíkar upplýsingar mjög þýðingarmiklar.

Um 2. gr.

Með þessari breytingu væri kjararannsóknarnefnd tryggður aðgangur að fyllstu upplýsingum úr skattframtölum. Nefndin hefði haft af því verulegt gagn á liðnum árum að hafa fullan og óskoraðan aðgang að þessum upplýsingum til jafns við Þjóðhagsstofnun og Hagstofu. Með ítarlegri upplýsingum og úrvinnslu framtala verður þörfin í þessum efnum að nauðsyn.

Í þessu sambandi skal á það bent að í þeirri grein laganna, sem hér um ræðir, er ákvæði um þagnarskyldu þeirra sem fjalla um skattframtöl og tæki þetta ákvæði að sjálfsögðu einnig til kjararannsóknarnefndar.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega.

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðmundur J. Guðmundsson, Karl Steinar Guðnason, Pétur Sigurðsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins um að hrinda af stað átaki til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. að leggja grundvöll að endurnýjuðum hagvexti og þar með stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum;
2. að skapa forsendur fyrir þjóðarsamstöðu um að auka það sem til skipta er í þjóðfélaginu og deila þeim ávinningi af réttsýni;
3. að efna til þríhliða samvinnu ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda um að bæta efnahag þjóðarinnar og innleiða ný vinnubrögð í samskiptum aðila á vinnumarkaðnum;
4. að kynna þjóðinni grundvallaratriði framleiðnihugsunar og skapa skilning á nauðsyn aðlögunar að síbreytilegum samkeppnisaðstæðum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ríkisstjórnin skipi níu manna stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd þessa átaks. Verði hún skipuð þremur fulltrúum samtaka vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu VSÍ, þremur fulltrúum launþega samkvæmt tilnefningu ASÍ og þremur fulltrúum ríkisvaldsins sem forsætisráðherra skipar að höfðu samráði í ríkisstjórn. Sömu aðilar tilnefni jafnmarga varamenn. Forsætisráðherra skipi formann stjórnarnefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Enn fremur ályktar Alþingi að framleiðniátak þetta verði unnið í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og jafnframt tengt öðrum tilraunastofnunum atvinnuveganna. Þá verði leitað aðstoðar annarra opinberra stofnana (rannsóknastofnana, skóla og fjölmiðla) eftir því sem verkefnin bjóða hverju sinni. Þjóðhagsstofnun verði falið að fylgjast með þróun framleiðni í atvinnuvegunum samhliða átakinu.

Loks ályktar Alþingi að átak þetta verði hafið á árinu 1985 og að eitt fyrsta verk stjórnarnefndar verði að skila ítarlegri tillögu til ríkisstjórnar um nánari tilhögun og framkvæmd málsins. Verði sú tillaga, ásamt greinargerð um ákvörðun ríkisstjórnar um framkvæmd málsins, lögð fyrir Alþingi við byrjun þings haustið 1986.

Greinargerð.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi, er brýn nauðsyn á að koma að nýju á hagvexti. Verður að leita ýmissa leiða í því efni, m. a. með áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og stuðningi við nýjar atvinnugreinar sem nú eru á tilraunastigi. Sá kostur, sem ef til vill er þó nærtækastur og gæti fyrst skilað árangri, er að auka framleiðni í starfandi fyrirtækjum og stuðla þannig að bættri samkeppnisstöðu og arðbærari rekstri fyrirtækjanna.

Þetta er, ef grannt er skoðað, eitt brýnasta verkefnið í íslensku atvinnulífi nú og undirstaða þess að hægt sé að bæta lífskjör í landinu, ef á heildina litið, og bæta úr þeim samdrætti sem orðið hefur á síðustu árum. Hér er lagt til að stjórnvöld hrindi af stað átaki í þessu efni í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins.

Auk hins efnahagslega ávinnings, sem fengist af aukinni framleiðni, gæti átak í þessu efni orðið grundvöllur að bættum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Um nokkurt skeið hefur verið lýst eftir breyttum vinnubrögðum í þeim efnum og gætu nú verið aðstæður til að hefja samvinnu um það mál rétt eftir að nýlokið er í aðalatriðum samningum milli aðila vinnumarkaðarins til næsta árs.

Á það hefur margsinnis verið bent að framleiðni í íslensku atvinnulífi er fremur lág í samanburði við það sem annars staðar gerist og skal gerð nokkur grein fyrir því.

Framleiðni er skilgreind sem magn eða verðmæti framleiðslu að tiltölu við magn eða verðmæti þeirra framleiðsluþátta eða aðfanga sem notuð eru við framleiðsluna.

Framleiðnistig er mælikvarði á nýtingu allra framleiðsluþáttanna og er skilgreint sem framleiðslumagn deilt með aðföngum, en með aðföngum er átt við einn eða fleiri af framleiðsluþáttunum, vinnuafl, fjármagn, hráefni, orku o. s. frv. Þannig má t. d. auka framleiðni með því að bæta hráefnisnýtingu eða með því að nýta fjármagn á arðbærari hátt en áður var gert. Framleiðni vinnuaflsins er framleiðslumagn deilt með fjölda starfsmanna. Það er sá mælikvarði á framleiðni sem algengastur er.

Framleiðnistig iðnaðarþjóða heimsins er mjög mismunandi. Á mynd 1 er sýnt hver framleiðni ellefu þjóða var árið 1976 og er miðað við að framleiðni á Íslandi hafi verið 100 það ár. Þar sést að framleiðni var svipuð á Íslandi og í Bretlandi, en framleiðni í þessum löndum er helmingi minni en framleiðni í Bandaríkjunum. Það er þó ekki nóg með að framleiðni sé lítil hér á landi heldur hefur framleiðniþróunin verið hæg á undanförnum árum. Á mynd 2 er sýnt hver framleiðniþróunin var í níu ríkjum auk Íslands á árunum 1960—1975. Þar kemur í ljós að framleiðniþróun var langörust í Japan. Svíþjóð, Ítalía, Danmörk, V-Þýskaland og Frakkland juku framleiðni sína mun örar en Ísland, en hér á landi var þróunin svipuð og í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Það er eðlilegt að framleiðni aukist hægar þar sem hún er mest því að mun auðveldara er að auka framleiðnina á meðan framleiðnistigið er lágt. Framleiðniþróun í Bandaríkjunum og Kanada kemur því ekki á óvart, en hátt framleiðnistig er hvorki afsökun hægrar framleiðniþróunar á Bretlandi né hér á landi.

Á mynd 3 er sýnd framleiðni vinnuafls í iðnaði hér á landi á tímabilinu frá 1974 til 1982. Á myndinni kemur í ljós að framleiðni hefur aukist að meðaltali úr 89,2 á árinu 1974 í 104,6 á árinu 1982. Þetta samsvarar u. þ. b. 2% framleiðniaukningu á ári og er það svipað og árleg framleiðniaukning í Bretlandi á sama tíma. Talið er að framleiðniaukning vinnuafls í Japan, Frakklandi, V-Þýskalandi og Belgíu hafi verið um 4% að meðaltali á ári á þessu tímabili, en um 1% í Bandaríkjunum og Kanada. Þetta bendir til að framleiðnistig á Íslandi hafi síður en svo hækkað í samanburði við aðrar þjóðir frá því sem var á árinu 1976 og kemur fram á mynd 1.

Á undanförnum árum hefur öðru hvoru verið efnt til sérstakra hagræðingar- og markaðsátaka í einstökum greinum iðnaðar á vegum samtaka og stofnana iðnaðarins. Hefur oft tekist vel í þeim verkefnum og verulegur árangur náðst og má af því ráða hvers árangurs er að vænta af samstilltu átaki í þessu efni. Þá er sérlega rannsóknarvert hve framleiðni er misjöfn milli einstakra starfsgreina í íslensku atvinnulífi.

Á síðari árum hafa augu manna beinst að þeim mikla árangri sem nokkur lönd í SA-Asíu hafa náð í framleiðniþróun og hagvexti og hafa mörg ríki á Vesturlöndum reynt að kynna sér aðferðir þeirra.

Mynd 1. Framleiðnistig 12 þjóða árið 1976



Mynd 2. Framleiðniþróun 10 þjóða 1960—1975



Mynd 3. Framleiðni vinnuafls í iðnaði á Íslandi.
1980 = 100

Atvinnu-greinanúmer	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
31	103,2	103,1	106,8	113,2	108,9	104,0	100,0	92,2	93,5
32	75,8	88,4	98,8	95,5	91,5	94,3	100,0	95,6	102,3
33	73,9	60,6	65,5	77,5	92,9	94,7	100,0	114,8	132,6
34	78,2	78,7	89,3	100,4	95,2	96,1	100,0	105,8	115,6
35	113,6	104,5	96,2	103,9	101,7	93,1	100,0	94,3	95,4
36	106,8	93,0	91,3	93,2	82,8	84,1	100,0	86,2	85,5
37	117,9	95,0	92,5	109,4	113,1	100,9	100,0	98,8	103,0
38	69,9	70,3	89,6	92,0	96,2	94,6	100,0	99,4	102,5
39	72,7	80,2	129,6	145,9	139,6	128,5	100,0	96,0	99,4
31-39	89,2	85,1	93,3	98,3	98,1	97,8	100,0	99,2	104,6

Í janúar á þessu ári (1984) fór hópur Íslendinga í kynnisferð til Singapore, Hong Kong og Japans á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Markmið ferðarinnar var að kynnast aðferðum sem þessar þjóðir hafa beitt til að viðhalda stöðugum og örum hagvexti og þjóðfélagsumbótum. Í skýrslu, sem hópurinn tók saman að ferðinni lokinni og Iðntæknistofnun Íslands birti, er sagt frá helstu atriðum sem hópurinn taldi athyglisverð og hafa mætti til hliðsjónar þegar rætt er um leiðir til eflingar íslensks atvinnulífs. Eru niðurstöður hópsins birtar sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Í hugleiðingum dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins um ferð þessa ræðir hann um það hvort Íslendingar gætu dregið lærdóm af vinnubrögðum Singapore-manna og Japana í efnahagsþróun. Telur hann það vera háð því hvort Íslendingar gætu breytt viðhorfum sínum í veigamiklum atriðum og tileinkað sér ný. Þær viðhorfsbreytingar felist í aukinni samstöðu milli samtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda, aukinni áherslu á framleiðni og framleiðslu og aukinni áherslu á mannlega þætti stjórnunar. Í þessu skyni stingur Vilhjálmur m. a. upp á því að stofnuð verði framleiðnimiðstöð atvinnuveganna með aðild launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds til að stýra áróðri og aðgerðum til að auka framleiðni íslenskra fyrirtækja í öllum helstu atvinnuvegum. Framleiðnimiðstöð þessi starfi í nánum tengslum við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, sérstaklega Iðntæknistofnun Íslands, sem hefur yfir að ráða nokkurri sérþekkingu á þessu sviði. Stuðst verði við innlenda og erlenda ráðgjafa og stofnanir er veitt geti nauðsynlega aðstoð í þessu efni.

Í starfs- og fjárhagsáætlun Iðntæknistofnunar Íslands fyrir árið 1985 er gerð tillaga um að stofnunin gangist fyrir átaki til að auka framleiðni í iðnaði og höfð verði um það náin samvinna við samtök atvinnurekenda og launþega í iðnaði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 var gert ráð fyrir 5 m. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis og á fjárlögum fyrir 1986 rúmum 6 millj. kr.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega, þar sem höfð verði hliðsjón af reynslu áðurgreindra þjóða, gæti reynst árangursrík leið til að skapa þjóðarsamstöðu um að koma að nýju á hagvexti hér á landi og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Jafnframt gæti slíkt sameiginlegt átak skapað nýjar forsendur fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þó að nefndir hafi verið hér

Japanar og Singapore-menn er engan veginn ætlunin að taka eingöngu mið af reynslu þessara þjóða.

Eins og fram kemur í áðurgreindum frásögnum er hin þríhliða samvinna ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins undirstöðuatriði þess að árangur náist og í upphafi þarf að setja mjög vandaðar leikreglur um það hvernig skipta eigi ávinningi af aukinni framleiðni og bregðast við afleiðingum, t. d. röskun á störfum og högum fólks sem óhjákvæmilega verða vegna breytinga á tækni og vinnuaðferðum sem eru forsenda framleiðniaukningar.

Það er skoðun flutningsmanna að framleiðniátak þetta þurfi að ná til allra höfuðatvinnuvega landsmanna en ekki einskorðast við einstakar atvinnugreinar. Því er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin í heild, eða forsætisráðherra fyrir hennar hönd, hafi frumkvæðið um að skipa stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd átaksins. Lagt er til að sú nefnd verði skipuð þrem fulltrúum samtaka vinnuveitenda og þrem fulltrúum samtaka launþega, ásamt þrem fulltrúum ríkisvaldsins. Annað form á skipun stjórnarnefndar kæmi til álita ef henta þætti, enda væri þá tryggt jafnræði milli aðila í þeim anda að hér væri um þjóðarátak að ræða sem byggðist á samstöðu þessara aðila.

Fylgiskjal.

Helstu niðurstöður SA-Asíuferðar á vegum Iðntæknistofnunar Íslands, í janúar 1984.

Á síðustu 20—30 árum hafa Singapore-menn og íbúar Hong Kong þróast af stigi almennrar örbirgðar upp á stig tiltölulega mikillar velmegunar, en Japanar úr rústum styrjaldar í hóp efnuðustu og tæknivæddustu þjóða heims. Sérstaklega er athyglisvert að þessum þjóðum, sem er það öllum sameiginlegt að eiga nánast engar náttúruauðlindir að byggja á, hefur tekist að halda nokkurn veginn stöðugum hagvexti og atvinnu þrátt fyrir sviptingar og samdrátt í alþjóðaviðskiptum á undanförnum árum. Vöxtur þjóðarframleiðslu í Singapore var að meðaltali 9,3% á föstu verðlagi allt tímabilið 1969—1982, en í Japan var vöxtur þjóðartekna að meðaltali 4,8% yfir tímabilið 1971—1981. Atvinnuleysi hefur verið innan við 3% í öllum þessum ríkjum síðari árin og verðbólga mjög lítil.

Athyglisvert er að þjóðir, sem í lok síðari heimsstyrjaldar stóðu á fremur lágu almennu þekkingar- og menntunarstigi á vestrænan mælikvarða, skuli hafa náð svo góðum tökum á tækniþekkingu og vísindum samtímans sem raun ber vitni. Geta þær nú hagnýtt sér þá þekkingu til aukinnar verðmætasköpunar. Þótt þessar þjóðir eigi margt sameiginlegt eru þær jafnframt mjög ólíkar. Í Japan er fólki þjóðhollusta í blóð borin og tryggð fólks við atvinnurekanda sinn og þjóðarheildina er með eindæmum. Í Singapore hafa stjórnvöld gert tilraun til að sameina fólk af mismunandi þjóðerni undir einu merki og fer þjóðhollusta vaxandi þar. Í Hong Kong er einstaklingshyggjan hins vegar allsráðandi og þjóðernisvitund íbúanna hverfandi.

Samkeppni er sterkur þáttur efnahagsstefnunnar í þessum löndum, bæði milli fyritækja innanlands og ekki síður á alþjóðavettvangi. Samkeppnisandinn hefur náð að laða fram aukið frumkvæði, aukna sköpunargáfu og aukið áræði. Samkeppnin hefur þó ekki komið í veg fyrir hópvinnu og samstarf atvinnurekenda og launþega í þessum löndum. Á tímum hátækniiðnaðar skipta samskipti manna mjög miklu máli. Í fyrirtækjum er náið samráð milli starfsmanna og stjórnenda, á landsvísu þríhliða samráð ríkisvalds, verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. Í þessum löndum hefur blómlegt atvinnulíf verið byggt upp með samvinnu ýmissa þjóðfélagshópa. Andi samvinnu hefur ríkt bæði í fyrirtækjum og í almennum samskiptum ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda. Segja má að þrjú hugtök, samkeppni, samráð og samvinna, hafi mjög tengst efnahagsþróuninni í þessum löndum, en þó sérstaklega í Singapore og Japan. Þau hafa í raun verið grunnurinn að blómlegu atvinnulífi og hraðri aukningu lífsgæða, bæði í Japan og Singapore.

Niðurstaða hópsins er að þau lönd, sem heimsótt voru og bestum árangri hafa náð, bæði Singapore og Japan, hafi gert það með stjórnunaraðferðum sem í stuttu máli má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Viðfangsefni þjóðfélagsins eru vel skilgreind á hverjum tíma og sett fram í formi skýrra þjóðfélagsmarkmiða eða þjóðfélagssýnar sem endurspeglast í aðgerðum stjórnvalda.
2. Kappkostað er að ná samstöðu meðal þjóðarinnar um þessi markmið, og endurspegla markmið fyrirtækja jafnvel þjóðfélagsmarkmiðin.
3. Mikil áhersla er lögð á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna um aðgerðir að settum markmiðum og hvers kyns endurbótum í fyrirtækjum. Jafnframt hefur mikil áhersla verið lögð á vöruþróun í samræmi við markaðsþarfir.
4. Frjáls samkeppni og verðmyndun á grundvelli einkarekstrar í atvinnulífi er talið grundvallaratriði fyrir heilbrigt atvinnulíf.
5. Framleiðnihreyfingin er í senn drifkraftur og stýritæki efnahagsframfara. Efnahagsstefna stjórnvalda og stefna í kjaramálum ráðast af þróun framleiðninnar í þjóðfélaginu. Náið samráð er með stjórnvöldum, launþegum og atvinnurekendum í þessu efni.
6. Í flestum fyrirtækjum eru starfandi verkalýðsfélög sem ná til allra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Kjör starfsmanna eru að einhverju leyti tengd afkomu fyrirtækisins og leiðir það til þess að bæði stjórnendur og starfsmenn leggja höfuðáherslu á að auka afrakstur fyrirtækisins á grundvelli sameiginlegra hagsmuna og sanngjarnrar skiptingar hans.
7. Japanskar stjórnunaraðferðir, sem í raun eru byggðar á vestrænum hugmyndum, eru snar þáttur efnahagsárangurs þessara þjóða. Kjarni þessara aðferða er áhersla á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna. Gæðahringar, eða starf smáhópa, hafa verið öflug tæki til að stuðla að framförum innan fyrirtækjanna.
8. Mikilvægur þáttur efnahagsþróunar í þessum löndum er innflutningur á tækni frá öðrum löndum. Hún er síðan aðhæfð og nýtt til frekari þróunar eftir því sem reynsla fæst.
9. Menntakerfið er lagað að þörfum atvinnulífsins og býr fólk undir líf og starf í þjóðfélagi þar sem breytingar eru örar. Mikil áhersla er lögð á þetta atriði bæði í Singapore og Japan, þótt staðið sé að því með mismunandi hætti í þessum löndum.

Þátttakendur í ferð Iðntæknistofnunar hafa hugleitt hvaða ályktanir megi draga af þessu með íslenskar aðstæður í huga. Þjóðfélagsaðstæður eru á margan hátt öðruvísi hér á landi en í þessum löndum en samt ætti að vera unnt að flytja reynslu þessara þjóða hingað með nokkrum breytingum. Að mati hópsins eru ýmis atriði sem ekki virðist fjarlægt að nýta við íslenskar aðstæður og ættu að geta leitt til eflingar íslensks atvinnulífs.

Ljóst er að athugun eins hóps kann að gefa takmarkaða sýn og niðurstöðum hans að vera tekið með fyrirvara ef fleiri fá ekki hliðstæða reynslu. Hópurinn telur því æskilegt að fleiri Íslendingar úr hópi launþega, atvinnurekenda og skólamanna úr fjölmiðlun, stjórnmálum og opinberri stjórnsýslu fari í ferð til þessara landa og kynnist af eigin raun þeim hugsunarhætti og vinnubrögðum sem hér hefur verið sagt frá.

Sþ. 85. Fyrirspurn [78. mál]

til viðskiptaráðherra um útflutning á ferskum fiski.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Helga Seljan.

1. Hversu mikið hefur verið flutt út af ferskum fiski á árinu 1985, annars vegar með beinum sölum veiðiskipa í erlendum höfnum og hins vegar í gámum? Óskað er svara um magn, sundurliðað eftir helstu fisktegundum.
2. Hve stór hluti af aflakvóta einstakra fiskiskipa — og hvaða skipa — hafa slíkar sölur til útlanda orðið mestar?
3. Er ástæða til þess að ætla að einhver hluti þessa afla hafi verið seldur til erlendra fiskvinnslustöðva, s.s. hraðfrystihúsa, til fullvinnslu?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 86. Fyrirspurn [79. mál]

til viðskiptaráðherra um sölu á ferskum fiski erlendis.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Helga Seljan.

Eru veittar heimildir til sölu á ferskum fiski erlendis þótt svo hátti til í heimahöfn veiðiskips að vinnsla fari ekki fram eða sé stopul í vinnslustöðvum vegna hráefnisskorts?

Nd. 87. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 66. gr. laganna komi nýr tölul. er hljóði svo:

Ef maður hefur haft veruleg útgjöld vegna tannviðgerða og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi því svohljóðandi greinargerð:

„Markmið þessa frumvarps er að létta undir með þeim sem hafa veruleg útgjöld vegna tannlækninga. Lagt er til að skattstjóri veiti sérstaka skattívilnun þegar svo stendur á að gjaldþol skerðist verulega af þeim sökum.

Á 105. löggjafarþingi var flutt samhljóða frumvarp sem fellt var við 2. umr. í fyrri deild. Heilbrigðis- og tryggingarnefnd Nd., sem fjallað hafði um málið, mælti með samþykkt frumvarpsins. Ljóst er af ummælum þingmanna við afgreiðslu þess máls að afstaða margra þeirra, sem atkvæði greiddu gegn frumvarpinu, byggðist á því að þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafði upplýst í umræðum að ríkisstjórnin hygðist breyta reglugerð um almannatryggingar á þann veg að greidd yrðu 20% af tannlækniskostnaði fyrir alla þá sem almannatryggingar höfðu ekki áður greitt fyrir. Fyrrverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gaf síðan út reglugerð 11. apríl 1983 sem heimilaði 20% þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði fyrir þessa hópa og skyldi hún koma til framkvæmda 1. júní 1983. Með reglugerð, dags. 31. maí 1983, var síðan sú reglugerð numin úr gildi af núverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og komst því aldrei til framkvæmda. Ástæðan var sú, samkv. upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að ekki væri til fjármagn til að standa undir þeim kostnaði sem af reglugerð þessari leiddi.

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 1984 gefur vart tilefni til að ætla að ríkisstjórnin telji sig frekar nú hafa fjárhagslegt svigrúm til að auka þátttöku almannatrygginga í tannlækniskostnaði en þegar reglugerðin var numin úr gildi 31. maí s. l. Því er þess nú freistað að leggja þetta mál fram á nýjan leik, einkum og sér í lagi þar sem afstaða margra þingmanna á síðasta löggjafarþingi til samhljóða frumvarps byggðist á því að önnur skipan þessara mála væri fyrirhuguð fljótlega, — sem ekki hefur þó orðið af.

a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrði þessa stafliðar enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.

2. gr.

Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða sem veitt hefur verið undanþága samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.

3. gr.

Svifskip teljast til skipa samkvæmt lögum þessum.

Siglingamálastjóri ákveður, að hverju leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta, en eru ekki knúin af hreyfiafli í þeim sjálfum, skuli tekin á skipaskrá.

Bráðabirgðaskráning má fara fram á skipum, sem eru í smíðum eða ófullgerð að öðru leyti, eftir reglum, sem siglingamálastjóri setur.

4. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins heldur aðalskipaskrá yfir öll skip, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Skráin má vera lausblaðabók.

Aðalskipaskrá skal greina um hvert skip sér:

1. Skipaskrárnúmer, sem helst óbreytt, meðan skipið er skráð á Íslandi.
2. Nafn.
3. Einkennisbókstafi (kallmerki).
4. Umdæmisbókstafi og tölu.
5. Heimilisfang.
6. Gerð og aðalmál.
7. Smíðastöð og hvenær smíðað.
8. Hvenær mælibréf er gefið út.
9. Gerð og stærð aðalvélar.
10. Fullt nafn og heimilisfang eigenda eða leigutaka skv. 2. mgr. 1. gr. Nú eru eigendur skráðir fleiri en einn, og skal þá greina, hversu mikinn hluta hver þeirra eigi í skipi. Ef skip er í eign félags eða stofnunar, skal greint nafn þess eða hennar, nöfn og heimili stjórnenda og nafn framkvæmdastjóra eða útgerðarstjóra.
11. Hvar og hvenær eignarskilríki eiganda er út gefið, eða eigenda, ef fleiri eru en einn.
12. Skráningardag og ár.

Siglingamálastofnun gefur árlega út skipaskrá yfir íslensk þilskip.

5. gr.

Heimahöfn skráðs skips skal vera þar sem eigandi eða leigutaki skv. 2. mgr. 1. gr. ætlar því heimilisfang.

Siglingamálastjóri getur veitt eiganda skips eignarrétt til nafns á skipi. Sama gildir um einkarétt til reykháfsmerkja og annarra einkenna á skipinu, þar á meðal sérfána. Bannað er öðrum að nota skipanöfn eða einkenni sem einkaréttur hefur verið veittur á, eða svo lík nöfn eða einkenni, að villu geti valdið, þó má haldast óbreytt nafn og einkenni skips, sem skráð hefur verið fyrir veitingu á einkaleyfi, meðan það helst í eigu sama aðila. Einkaréttur til nafns eða einkennis fellur úr gildi þrem árum eftir að skip hefur verið afmáð af skipaskrá, ef eigandi heitisins eða einkennisins hefur ekki endurnýjað það á öðru skipi. Siglingamálastofnunin heldur skrá yfir nöfn og einkenni skipa, sem einkaréttur hefur verið veittur á, og birtir jafnóðum í Lögbirtingablaðinu allar einkaleyfisveitingar svo og í árlegri skipaskrá.

6. gr.

Um frumskráningu skips fer sem hér segir. Ný skip, sem smíðuð eru hér á landi, skal tilkynna Siglingamálastofnuninni til skráningar, áður en þau eru tekin til notkunar. Önnur skip, sem skrá ber hér á landi, skal tilkynna um leið og þau komast í eign íslensks aðila samkvæmt 1. gr., enda fari ekki fram bráðabirgðaskráning samkvæmt 9. gr.

Eigandi skips eða eigendur senda Siglingamálastofnuninni beiðni um skráningu, ritaða á eyðublað frá stofnuninni, eins og getið er í 17. gr.

Siglingamálastjóri ákveður, hvaða upplýsingar um skip, sem getur í 4. gr., skuli vera í skráningarbeiðni, enda skal eyðublað fyrir beiðnina bera það með sér.

Fylgja skal skráningarbeiðni skipasmíðaskírteini eða annað eignarheimildarbréf skráningarbeiðanda. Ef notað skip er flutt hingað til lands frá útlöndum, skal fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Siglingamálastofnunin sendir hlutaðeigandi þinglýsingardómara tilkynningu um skráningu, þegar hún hefur farið fram.

Siglingamálastjóri getur veitt leyfi og einkarétt til nafns skips og annarra einkenna, þó að skilyrði til skráningar séu ekki enn fyrir hendi.

Óheimilt er að skipta um nafn á skipi og flytja milli umdæma nema að fengnu leyfi siglingamálastjóra.

7. gr.

Siglingamálastjóri gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærri en 15 metrar að mestu lengd, og skrásetningarskírteini fyrir skip sem eru minni en 15 metrar að lengd. Fari skip sem er minna en 15 metrar milli Íslands og annarra landa skal gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa því. Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal greina aðalmál skips, brúttó- og nettó-rúmlestatölu, gerð, nafn, heimahöfn, skráningarnúmer, einkennisbókstafi, nafn eiganda eða eigenda og hvenær eignarskilríki er gefið út, nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út, svo og, sé um fiskiskip að ræða, umdæmisbókstafi og tölu.

8. gr.

Á hvert skráð skip skal marka nafn skips, heimili og einkennisbókstafi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.

Bannað er að leyna nafni skips eða heimili eða nema brott. Ekki má heldur merkja skip öðru nafni en það er skráð undir.

9. gr.

Nú er skip smíðað erlendis fyrir aðila, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis og getur þá fulltrúi utanríkisþjónustu Íslands sem til þess hefur fengið heimild gefið út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skipinu til bráðabirgða.

Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og gerð.
2. Hvar og hvenær skip sé smíðað eða keypt og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt skipasmíðaskírteini eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um rúmlestatal skips, lögun þess og lýsingu.

Beiðni um útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis til bráðabirgða skulu fylgja fullnægjandi gögn um atriði þau, sem greina skal í skírteininu, svo og vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um, að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá.

Jafnskjótt sem fulltrúi Íslands gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal hann senda Siglingamálastofnuninni staðfest afrit af því og gögnum þeim, sem útgáfubeiðni fylgdu.

Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum, þegar þess er krafist.

Bráðabirgðaþjóðernisskírteini skal gilda sem venjulegt þjóðernis- og skrásetningarskírteini en þó eigi lengur en einn almanaksmánuð frá útgáfudegi, nema sérstök heimild siglingamálastjóra komi til.

10. gr.

Þegar skipstjóraskipti verða á íslensku skipi, sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur hlotið, ritar lögskráningarstjóri, sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 63 29. mars 1961, nafn skipstjóra þess er við tekur, á þjóðernis- og skrásetningarskírteini og getur jafnframt skipstjórnarheimildar hans. Sama gildir um fulltrúa Íslands erlendis, sbr. 9. gr., ef skipstjóraskipti verða í erlendri höfn.

Að öðru leyti er bæði handhafa þjóðernis- og skrásetningarskírteinis og öllum öðrum en Siglingamálastofnuninni bannað að rita nokkuð á skírteinin eða breyta nokkru í þeim.

11. gr.

Nýtt þjóðernis- og/eða skrásetningarskírteini skal gefa út í stað eldra, þegar svo stendur á sem hér segir, enda sé þá eldra skírteini skilað, nema glatað sé.

1. Ef breytt er nafni skips.
2. Ef breytt er heimilisfangi skips.
3. Ef skipi er breytt svo, að það svarar ekki lengur til þess, er í þjóðernis- og skrásetningarskírteini stendur, um gerð þess, aðalmál eða rúmlestatölu.
4. Ef eigendaskipti verða á skipi.
5. Ef þjóðernis- og skrásetningarskírteini hefur glatast. Nú hefur skip, sem statt er erlendis, glatað þjóðernis- og skrásetningarskírteini sínu, og getur þá fulltrúi Íslands gefið því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða, enda skal þá, eftir því sem við verður komið, farið eftir reglum 9. gr.

12. gr.

Þegar nýr eigandi að skráðu skipi eða skipshluta lætur þinglýsa eignarheimild sinni, skal hann í viðurvist þinglýsingardómara birta beiðni um skráningu á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Þinglýsingardómari skal innan þriggja virkra daga senda Siglingamálastofnuninni skráningarbeiðnina ásamt endurriti af hinni þinglesnu eignarheimild.

Óheimilt er nýjum eiganda að láta lögskrá skipshöfn á skipið í sínu nafni, fyrr en skráningarbeiðnin hefur borist Siglingamálastofnuninni, skipið verið skráð á aðalskipaskrá og nauðsynleg skjöl gefin út því til handa, enda skulu þau sýnd lögskráningarmanni.

Þegar eigendaskipti verða samkvæmt framanskráðu, ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á skoðunargjöldum vegna skipsins, uns umskráning hefur farið fram.

13. gr.

Ef eigandi skráðs skips vill fá því nýtt nafn eða nýtt heimilisfang, skal hann senda Siglingamálastofnuninni tilkynningu um það, sbr. 17. gr. Óheimilt er að breyta nafni eða heimilisfangi fyrr en Siglingamálastofnunin hefur skráð hið nýja nafn eða heimilisfang á aðalskrá.

Nú er nafni skips eða heimilisfangi breytt á aðalskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað þinglýsingardómara í því þinglýsingaumdæmi, þar sem skip á eða átti heimilisfang, en hann skal án tafar tilkynna breytinguna veðhöfum eða öðrum óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir.

Nú veldur hið nýja heimilisfang því, að skip er flutt milli þinglýsingaumdæma, og skal Siglingamálastofnunin þá einnig tilkynna flutninginn þinglýsingardómara í því umdæmi, sem skip er flutt í. Þinglýsingardómari í því umdæmi, þar sem skipið átti áður heimilisfang, skal tafarlaust senda þinglýsingardómara í því umdæmi, sem skip er flutt í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Skulu skjöl þessi þinglesin í hinu nýja umdæmi skipsins, enda rofna réttaráhrif þinglýsingar ekki vegna flutningsins. Fyrir hinn nýja þinglestur skal ekkert gjald greiða.

14. gr.

Nú verður breyting á einhverjum atriðum, sem skrá skal á aðalskipaskrá samkvæmt 4. gr., en er ekki þegar getið í 12. og 13. gr., og ber þá eiganda eða eigendum skips að tilkynna Siglingamálastofnuninni breytinguna þegar í stað, sbr. 17. gr.

15. gr.

Afmá skal skip af aðalskipaskrá:

1. Ef það fullnægir ekki lengur skilyrðum 1. gr.
2. Ef það hefur farist, svo að um sé kunnugt, sömuleiðis ef það hefur horfið, án þess að til þess hafi spurst í 6 mánuði.
3. Ef það er rifið, metið ónýtt eða ekki talið þess virði, að við það sé gert.
4. Ef það hefur legið ónotað í höfn eða skipalægi eða staðið á landi í 3 ár samfleytt hérlendis eða erlendis.
5. Ef um opinn bát er að ræða, og aðalskoðun hefur ekki farið fram á honum í 5 ár samfleytt.

Framangreind atriði skulu sönnuð með opinberu vottorði, skoðun eða á annan þann hátt, sem siglingamálastjóri telur fullnægjandi.

Þegar eiganda skips verður kunnugt um einhver atriði, sem eiga að valda afmáningu þess af skipaskrá samkvæmt 1. mgr., skal hann þegar í stað tilkynna Siglingamálastofnuninni það á viðeigandi eyðublaði, sbr. 17. gr. Ef skipið hefur fengið þjóðernis- og skrásetningarskírteini, skal eigandi afhenda það Siglingamálastofnuninni, nema glatað sé.

16. gr.

Nú er skip afmáð af aðalskipaskrá, og tilkynnir Siglingamálastofnunin það þá þegar í stað hlutaðeigandi þinglýsingardómara, en hann tilkynnir það án tafar þinglesnum rétthöfum í skipinu, sem um er kunnugt. Ef skipið er ekki fellt úr þinglýsingabókum, skal afmáningar af skipaskrá getið þar á blaði skips og einnig á veðbókarvottorðum um skipið.

17. gr.

Skrásetningarbeiðnir og tilkynningar samkvæmt 6. gr., 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 14. gr. og 15. gr. skal rita á viðeigandi eyðublöð, sem Siglingamálastofnunin lætur í té og fá má hjá henni og þinglýsingardómurum.

18. gr.

Ef siglingamálastjóri telur vafa leika á því, að skip fullnægi skilyrðum um skráningu hér á landi, eða hann telur einhver önnur atriði, sem skráningu varða, ekki nægilega í ljós leidd, getur hann æskt þess, að héraðsdómari rannsaki málið að hætti opinberra mála. Að rannsókn lokinni getur siglingamálastjóri borið undir úrskurð ráðherra, hvernig með málið skuli fara.

Hvort sem rannsókn samkvæmt 1. mgr. hefur fram farið eða ekki, getur eigandi skips eða annar aðili, sem réttar hefur að gæta, en telur rétti sínum hallað með úrlausn siglingamálastjóra eða ráðherra, borið mál sitt undir úrlausn dómstóla.

19. gr.

Siglingamálastjóri getur, þegar sérstök ástæða er til, veitt skipi, sem heima á hér á landi, leiðarbréf til að fara hér hafna á milli, áður en það er skráð á aðalskipaskrá. Hefur þá leiðarbréf sama gildi hér á landi sem þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Siglingamálastjóra er einnig heimilt, ef nauðsyn ber til að skip fari þegar til útlanda, að veita því þjóðernis- og skrásetningarskírteini til bráðabirgða til siglingar þangað, enda þótt eitthvað bresti á til þess, að skráning á aðalskipaskrá megi þegar fram fara.

20. gr.

Fyrir útgáfu þjóðernis- og skrásetningarskírteinis, útgáfu mælibréfs, áritun á þjóðernis- og skrásetningarskírteini, endurrit mælibréfs, einkaleyfi á skipsnafni eða öðrum einkennum samkvæmt 5. gr. og nafnbreytingu á skipi skal eigandi greiða gjöld í ríkissjóð samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

21. gr.

Hver, sem með röngum, villandi eða ófullnægjandi skýrslum kemur því til leiðar, að gefið er út þjóðernis- og skrásetningarskírteini samkvæmt 7. gr., 9. gr., 11. gr. eða 19. gr. til handa skipi, sem fullnægir ekki þjóðernisskilyrðum 1. gr., svo og hver sá, sem lætur skip sigla með íslensku þjóðernis- og skrásetningarskírteini, eftir að honum er kunnugt um, að það fullnægir ekki lengur þjóðernisskilyrðum 1. gr., enda hafi ekki verið veittur frestur samkvæmt 15. gr., skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi.

22. gr.

Hver, sem lætur skip sigla án lögmætra merkja samkvæmt 8. gr., nemur ranglega af skipi slík merki, setur rangt merki á skip eða leynir ranglega nafni skips eða heimili, skal sæta sektum eða varðhaldi.

23. gr.

Hver, sem í skráningarbeiðni eða tilkynningu til Siglingamálastofnunarinnar samkvæmt lögum þessum veitir rangar eða villandi upplýsingar eða skýrslur eða vanrækir að senda stofnuninni lögboðnar skráningarbeiðnir eða tilkynningar, skal sæta sektum eða varðhaldi.

Hver, sem lætur skip, sem skylt er að hafa þjóðernis- og skrásetningarskírteini, sigla án þess, sbr. 9. gr., skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að skila ekki þjóðernis- og/eða skrásetningarskírteini, þegar slíkt er skylt, sbr. 11. og 15. gr. Enn varðar sömu refsingu að rita nokkuð á þjóðernis- og skrásetningarskírteini heimildarlaust, sbr. 10. gr.

Brot gegn ákvæðum 2. gr. um notkun þjóðfána og brot gegn ákvæðum 5. gr. um einkarétt til nafns eða einkenna varða sektum.

24. gr.

Um brot samkvæmt 21.—23. gr. skal beita reglum almennra hegningarlaga um tilraun og hlutdeild, þar á meðal gagnvart skipstjórnarmönnum.

Nú er brot, sem um getur í 21.—23. gr., framið með verknaði, svo sem skjalafalsi, sem refsiverður er samkvæmt almennum hegningarlögum, og skal þá einnig beita viðeigandi ákvæðum þeirra.

25. gr.

Skip er að veði til tryggingar sektum og málskostnaði vegna brota eftir 21.—23. gr.

Taka má sektir fjárnámi í búi hinna seku.

Sektir renna í ríkissjóð.

26. gr.

Skip, sem löglega hafa verið skráð, þegar lög þessi öðlast gildi, halda skráningarrétti sínum.

Lög þessi hagga ekki við neinum ákvæðum laga um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 53/1970 um skráningu skipa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi flutti Matthías Bjarnason, samgönguráðherra, frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa, nr. 53 12. maí 1970.

Frumvarp þetta er nú endurflutt óbreytt, en auk þess gerðar ýmsar veigaminni breytingar og lagfæringar á öðrum greinum laganna að höfðu samráði við siglingamálastjóra.

Á undanförnum árum hefur það færst mjög í vöxt að skipastóll skipafélaganna hafi verið endurnýjaður með leigu á skipum, aðallega þurrleigu og kaupleigu.

Með þurrleigusamningi er átt við leigu á skipi, þar sem leigutaki leigir skip til ákveðins tíma, mannar skipið, greiðir allan rekstrarkostnað og ber ábyrgð á öllu viðhaldi, tryggingum og rekstri skipsins. Skipin eru oftast leigð með kauprétti en fjárhagsleg skuldbinding leigutaka takmarkast við leigugreiðslu á leigutímabilinu.

Samkvæmt 1. gr. laga um skráningu skipa, nr. 53/1970, er óheimilt að skrá skip hér á landi nema það sé í eigu íslenskra aðila eða íslensks fyrirtækis þar sem a. m. k. 3/5 hlutafjár eru í eigu íslenskra aðila.

Skip sem eru í eigu erlendra aðila, en í leigu íslenskra aðila samkvæmt samningi eru því skráð erlendis.

Fyrir utan ýmislegt óhagræði, sem er af slíkri skrásetningu erlendis, fylgir henni umtalsverður kostnaður.

Við samningu þessa frumvarps var höfð hliðsjón af ákvæðum loftferðalaga um skráningu loftfara. Samkvæmt þeim er unnt að skrá hér á landi flugvélar sem ekki eru í eigu íslensks aðila, með sérstöku leyfi samgönguráðherra.

Skiparekstur er á sama hátt og flugrekstur fjármagnsfrekur rekstur og nauðsynlegt er að skapa skipafélögum meiri möguleika varðandi fjármögnun og leigu skipa.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að heimiluð verði undanþága frá kröfunni um íslenskt eignarhald til að unnt sé að skrá skip hér á landi. Íslensk skrásetning skipa í eigu erlendra aðila, en sem rekin eru af íslenskum aðilum, hefur ýmsa kosti, m. a.:

1. Aðrar reglur gilda erlendis um skráningu skipa og getur óhagræði af því hlotist.
2. Gera má ráð fyrir auknum atvinnumöguleikum íslenskra sjómanna.
3. Endurnýjun skipastóls verður auðveldari.
4. Minni kostnaður.

Með því að takmarka íslenska skráningu erlendra skipa við undanþágur sem ráðherra veitir og með þeim skilyrðum sem hér er lagt til ættu hagsmunir Íslendinga að vera tryggðir gagnvart þeim erlendu aðilum, sem hugsanlega vildu hefja hér kaupskipaútgerð.

Rétt er að vekja athygli á því að þessi breytingartillaga nær einungis til kaupskipa, en ekki fiskiskipa.

Í 1. mgr. er skotið inn orðunum „mælt milli stafna".

Þessi breyting er gerð til samræmis við ákvæði laga um eftirlit með skipum, þannig að ekki fari á milli mála að miðað sé við sömu lengdarmörk skipa hvað varðar skráningarskyldu annars vegar og skoðunarskyldu skipa hins vegar.

Um 2. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 3. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 4. gr.

Breyting til samræmis við 1. gr.

Um 5. gr.

Rétt þykir að einkaréttur til nafns á skipi geti náð til allra skipa, ekki einungis þilskipa.

Um 6. gr.

Sjöunda mgr. er ný, og sett hér inn, þar sem svipað ákvæði í 5. mgr. 8. gr. gildandi laga er fellt niður í sambandi við breytingar á þeirri grein.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er miðað við 30 rúmlestir brúttó. Þróunin hefur hins vegar orðið í þá átt að miða við lengd, fremur en rúmlestamælingu. Væntanlegar eru breytingar á reglum um mælingu skipa, sem breyta mun tonnatölu þeirra.

Algengt er að skip sem eru 15 m að lengd séu 25—30 brl.

Um 8. gr.

Í gildandi lögum eru ítarlegri ákvæði um merkingu skipa.

Eðlilegra þykir að hafa skyldu til að merkja skip í lögum, en nánari ákvæði um, á hvern hátt í reglugerð.

Um merkingu skipa gildir nú rgl. nr. 550/1982.

Um 9.—10. gr.

Hér, sem og annars staðar í frv. þessu, kemur í stað orðsins „þjóðernisskírteini“ orðið: þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Einnig er skotið inn setningunni: Þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal ávallt fylgja skipi, enda skal sýna það yfirvöldum þegar þess er krafist. Þessi setning er í 1. mgr. 10. gr. gildandi laga og því um tilfærslu að ræða.

Um 11. gr.

Ekki er talin ástæða til að gefa út nýtt mælibréf handa skipi nema ef breyting verður á stærð þess, enda munu aðrar breytingar sem gerðar eru svo sem á nafni skips, heimahöfn, umdæmisnúmeri og vegna eigendaskipta, koma fram á nýju þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins.

Um 12.—14. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. gr.

Þriðja málsgrein gildandi 15. gr. er hér felld niður sem óþörf.

Um 16.—20. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 21.—23. gr.

Fjárhæðir sekta eru hér teknar út.

Um 24.—26. gr.

Óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 27. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 95. Fyrirspurn [85. mál]

til félagsmálaráðherra um greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Frá Sturlu Böðvarssyni.

1. Hversu mikil skerðing verður á ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 1985 vegna greiðslna til Innheimtustofnunar sveitarfélaga? Hver hefur skerðingin verið tímabilið 1980—1984?
2. Hyggst ráðherra breyta þeim reglum sem nú gilda um greiðslur á framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þannig að sömu reglur gildi um hreppa og kaupstaði?

Sþ. 96. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um stuðning við bann gegn geimvopnum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir og styðja á alþjóðavettvangi bann við geimvopnum þar sem miðað verði við:

1. Að allar rannsóknir og tilraunir, er tengjast hernaði í himingeimnum, verði tafarlaust stöðvaðar.
2. Að hvers konar hernaðarumsvif og vopnakerfi til nota í himingeimnum verði bönnuð.
3. Að óheimil sé smíði vopna sem grandað geta þeim gervihnöttum og öðrum tækjum sem tengjast friðsamlegri nýtingu himinhvolfsins.

Greinargerð.

Geimvopn og notkun himingeimsins í hernaðarskyni hafa tekið mikið rúm í umræðunni um vígbúnaðarkapphlaup risaveldanna, einkum eftir hina frægu „stjörnustríðsræðu“ Reagans Bandaríkjaforseta sem hann hélt 23. mars 1983. Þar boðaði hann byltingarkennda áætlun um svonefnt „geimvarnafrumkvæði“ (Strategic Defense Initiative) eða SDI-áætlun. Samkvæmt henni mundu Bandaríkin leita leiða til að eyða öllum langdrægum eldflaugum og kjarnaoddum, sem skotið yrði á loft í átt til Bandaríkjanna, og gera slík vopn óskaðleg.

Með slíkum vopnabúnaði, sem að hluta til yrði komið fyrir úti í himingeimnum, boðaði Reagan forseti að unnt ætti að verða að útiloka ógnina af gereyðingu af völdum kjarnorkuvopna og gera þau þar með „óvirk og óþörf“ í reynd.

Þessi boðskapur Bandaríkjaforseta og sú áætlun, sem honum tengist, hefur síðan kallað fram mikla og vaxandi gagnrýni, bæði innan Bandaríkjanna og á alþjóðavettvangi. Ýmsir þjóðarleiðtogar og þjóðþing hafa tekið eindregna afstöðu gegn geimvopnaáætluninni, m.a. í löndum sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu. Má þar nefna Mitterand Frakklandsforseta og danska þingið en meiri hluti þess ályktaði gegn geimvopnum 26. mars 1985.

Ástæðurnar fyrir vaxandi andstöðu við geimvopnaáætlunina eru af margvíslegum toga og verða hér aðeins nefnd örfá atriði:

1. Geimvopnakapphlaup milli risaveldanna mundi gera að engu samninginn um takmörkun gagneldflaugakerfa (Treaty on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems), ABM-sáttmálann frá árinu 1972, sem er einn gildasti þátturinn í SALT I samkomulaginu.

2. Geimvopnaáætlun Bandaríkjanna gæti girt fyrir allar frekari tilraunir til að hemja vígbúnaðarkapphlaupið og aukið þannig stórkostlega hættuna á gereyðingarstyrjöld.
3. Ríki Vestur-Evrópu yrðu hernaðarlega enn háðari Bandaríkjunum en nú er og vettvangur átakanna milli austurs og vesturs færðist í enn ríkari mæli en nú er til Evrópu.
4. Með tilkomu geimvopna mundi ákvörðun um stríð eða frið, líf eða tortímingu, færast endanlega úr mannlegu valdi yfir í vélrænar tölvur þar eð bregðast yrði við eldflaugaárás innan fárra sekúndna frá því að eldflaugum hefði verið skotið á loft. Hættan á tortímingu mannkyns vegna tæknilegra mistaka margfaldast að sama skapi.

Margir vísindamenn og hernaðarsérfræðingar hafa enga trú á að geimvarnadæmið gangi upp og geti veitt það öryggi sem Reagan notaði sem aðalröksemd í mars 1983. Viðbrögð gagnaðilans, þ.e. Sovétríkjanna, yrðu að líkindum ekki aðeins þau að setja af stað eða herða á eigin geimvopnarannsóknum, heldur öðru fremur að fjölga langdrægum eldflaugum og fullkomna þær til að komast þannig fram hjá varnarviðbúnaði andstæðingsins. Þannig muni Sovétríkin alltaf geta tryggt að hluti af eldflaugaregninu komist á leiðarenda. Geimvopnakerfi eru heldur ekki talin geta veitt vörn gegn árás stýriflauga sem fljúga lágt yfir yfirborði jarðar. Þannig er virkni slíkra vopnakerfa mjög óviss þótt tæknidraumarnir rættust sem SDI-áætlunin á að skera úr um. Niðurstaðan yrði að öllum líkindum langtum viðkvæmara og óvissara ástand en nú ríkir á hernaðarsviðinu.

Hinn gífurlegi kostnaður við rannsóknaáætlun Bandaríkjanna er mál út af fyrir sig. Áætlað hefur verið að hann nemi fyrir tímabilið 1985—89 um 26 milljörðum bandaríkjadala (yfir 1000 milljörðum ísl. króna), þar af hefur Bandaríkjaþing samþykkt um 4 milljarða dala vegna áranna 1985 og 1986. Að þessu rannsóknatímabili loknu á m.a. að vera unnt að meta tæknilegar forsendur að baki SDI-áætluninni, en þær eru taldar afar óvissar miðað við núverandi þekkingu. Þessi hugarfóstur byggja m.a. á leysigeislum sem granda eiga eldflaugum sem fyrst eftir að þeim yrði skotið á loft, en flugtími þeirra er um 30 mínútur samtals milli meginlanda. Hér eru það sekúndur sem úrslitum gætu ráðið og allt er undir vélrænu mati tölvubúnaðar komið. Það segir sitt um viðtökur vísindamanna við þessari áætlun að um miðjan október 1985 bundust um 1300 bandarískir vísindamenn og háskólakennarar, þar af 12 nóbelsverðlaunahafar, samtökum um að eiga engan hlut að geimvopnarannsóknum sem nú eru að hefjast að frumkvæði Reagans forseta.

Í fylgiskjali með þessari þingsályktunartillögu er að finna kafla úr riti Öryggismálanefndar, „Samningar um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar“ eftir Albert Jónsson og Þórð Ingva Guðmundsson (útg. 1985), þar sem m. a. er fjallað um ABM-sáttmálann frá 1972 um takmörkun gagneldflaugakerfa.

Litið hefur verið á þennan ABM-sáttmála sem einn þýðingarmesta samning milli risaveldanna um takmörkun vígbúnaðarkapphlaupsins. Í yfirlýsingu svonefnds Aspen-hóps stjórnmálamanna frá árinu 1984, sem að stóðu fjölmargir heimsþekktir menn, þeirra á meðal Helmut Schmidt, Pierre Trudeau og Robert McNamara, er ABM-samningurinn talinn vera „hornsteinn hernaðarlegs stöðugleika ... Á honum ætti að byggja og bæta um þar sem nauðsyn krefur, en ekki grafa undan honum“, segir í yfirlýsingunni. Þar er enn fremur mælt með því að „viðræður ættu að byrja strax milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um að ná tökum á vopnum sem grandað geta gervihnöttum. Eftirlits- og fjarskiptagervihnettir hafa ásamt öðrum gervihnöttum haft grundvallarþýðingu fyrir hernaðarlegan stöðugleika sem ekki má tefla í tvísýnu með truflandi viðleitni til að ná einhliða en skammvinnum yfirburðum.“

Í sama streng er tekið í yfirlýsingum og ályktunum margra virtra aðila sem látið hafa sig skipta vígbúnaðarkapphlaupið, t. d. Palme-nefndarinnar og Delhi-hóps sex þjóðarleiðtoga frá árinu 1984.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu mundi Alþingi taka undir með þeim fjölmörgu sem gera sér ljósa hættuna af þeirri stigmögnun vígbúnaðarkapphlaupsins sem fylgja mundi í kjölfar geimvopnarannsókna. Með tillögunni er lögð á það áhersla að Alþingi Íslendinga leggi sitt lóð á vogarskálina gegn öllum hugmyndum um að nota himingeiminn til hernaðar nú og í framtíðinni og að fulltrúar Íslands fylgi þeirri stefnu eftir á alþjóðavettvangi.

Fylgiskjal.

Albert Jónsson og Þórður Ingvi Guðmundsson:
SAMNINGAR UM AFVOPNUN OG TAKMÖRKUN VÍGBÚNAÐAR

II. SALT I samningarnir.
(Úr riti Öryggismálanefndar, 4.)

SALT I samningunum frá 1972 má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi var gerður samningur sem takmarkaði eldflaugavarnir. Prótókollur við samninginn var gerður tveimur árum síðar og jók hann enn á þær takmarkanir sem fyrir voru. Í öðru lagi var gerður „bráðabirgðasamningur um vissar ráðstafanir með tilliti til takmörkunar strategískra sóknarvopna". Í þriðja lagi var komið á fót nefnd, sem skipuð er fulltrúum beggja, til að fjalla um og aðstoða við framkvæmd SALT samninganna.

II.1. Samningur milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.

(Treaty between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)
Undirritaður í Moskvu 26. maí 1972: tók gildi 3. október 1972. Samningurinn gildir um ótakmarkaðan tíma. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, en aðilar skulu í sameiningu endurskoða samninginn á fimm ára fresti miðað við gildistöku hans. Prótókollur við samninginn var gerður árið 1974.

Með samningnum er Bandaríkjunum og Sovétríkjunum bannað að setja upp gagneldflaugakerfi sem geti varið allt landsvæði þeirra. Bannið gildir einnig fyrir varnir ákveðinna staða á landsvæði þeirra, nema að því leyti sem sérstaklega er leyft í samningnum. Gagneldflaugakerfi eru einungis leyfð við tvo staði í hvoru landi. Setja má upp eitt kerfi til að verja höfuðborgina og annað til að verja eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar. Ekki er leyfilegt að hafa nema 100 skotpalla fyrir gagneldflaugar og 100 gagneldflaugar í hvoru kerfi. Ratsjár í hvoru kerfi mega ekki fara yfir tiltekinn fjölda. Þær eru einnig háðar takmörkunum um tæknilega gerð og eðli.

Samningurinn felur ekki í sér fremur en hinir samningarnir að aðilar geti haft eftirlit með því innan landamæra hvor annars að samningnum sé framfylgt. Þess í stað er tekið fram að hvort ríki muni reiða sig á eigin eftirlitskerfi (national technical means of verification) til

að tryggja að farið sé eftir ákvæðum samningsins. Eftirlitið hefur einkum farið fram með aðstoð gervihnatta en einnig, hvað Bandaríkjamenn hefur varðað, með sérstökum eftirlitsstöðvum — eða „hlustunarstöðvum“ — í ríkjum sem liggja að landamærum Sovétríkjanna. Í þessum samningi, sem og öðrum, er tekið fram að hvor aðili skuldbindi sig til að gera ekkert það sem truflað geti eftirlitskerfi hins. Enn fremur að hann muni ekki af ásettu ráði gera neinar þær ráðstafanir er hindrað geti eftirlit hins, s.s. að hylja vopnin. Þetta á við alla samninga risaveldanna um takmörkun vígbúnaðar.

Í reynd var það svo þegar samningurinn var gerður að hvorugur aðila taldi sig geta sett upp áreiðanlegt og áhrifaríkt gagneldflaugakerfi. Í samningnum endurspeglast og sú trú að svo takmarkaðar eldflaugavarnir, sem leyfðar eru í honum, skipti litlu sem engu máli. Enn fremur að eldflaugavarnir geti valdið pólitískum og hernaðarlegum óstöðugleika í samskiptum risaveldanna, vegna hugsanlegs kapphlaups milli þeirra á þessu sviði og þeirrar ógnunar við endurgjaldsgetu sem felast mundi í áhrifaríkum eldflaugavörnum.

Bandaríkjamenn settu upp gagneldflaugakerfi við eitt af hinum strategísku landeldflaugasvæðum sínum en það kerfi var síðan lagt niður. Sovétmenn byggðu kerfi við Moskvu en ekkert við landeldflaugasvæði. Í Moskvukerfinu eru nú einungis 32 gagneldflaugar í stað þeirra 100 sem leyfilegar eru.

Báðir aðilar stunda viðamiklar rannsóknir á sviði eldflaugavarna. Í samningnum er tekið fram að rannsóknir og prófanir séu leyfðar. Þó má hvor aðili ekki hafa fleiri en 15 tilraunaflaugar á tilraunasvæðum í einu. Það á að tryggja að ekki sé mögulegt að gera svo viðamiklar tilraunir að komast megi að því með einhverri vissu hvort tiltekið gagneldflaugakerfi sé áhrifaríkt eða ekki. Loks er leyft að endurnýja og bæta gagneldflaugakerfi brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samningsins.

II.2. „Prótókollur við samning Bandaríkjanna og Sovétríkjanna um takmörkun gagneldflaugakerfa.“

(Protocol to the Treaty Between the United States of America and the Union of Soviet Socialist Republics on the Limitation of Anti-Ballistic Missile Systems.)
Undirritaður í Moskvu 3. júlí 1974: tók gildi 25. maí 1976. Um gildistíma, uppsagnarfrest og endurskoðun gildir hið sama og um gagneldflaugasamninginn frá 1972, enda er tekið fram að prótókollur þessi sé óaðskiljanlegur (integral) hluti af þeim samningi.

Í prótókolli þessum segir að hvor aðili megi einungis hafa eitt gagneldflaugakerfi, í stað tveggja eins og leyft var í samningnum frá 1972. Þetta eina kerfi skal annaðhvort vera við höfuðborg eða við eitt af þeim svæðum þar sem strategískar landeldflaugar eru staðsettar.

Prótókollurinn heimilar t.d. Bandaríkjunum að taka niður gagneldflaugakerfið sem þeir reistu við eitt af eldflaugasvæðum sínum og reisa annað, háð sömu takmörkunum, við Washington. Á sama hátt er Sovétmönnum leyfilegt að leggja niður kerfið sem þeir hafa við Moskvu og byggja annað við eitt landeldflaugasvæða sinna. Þetta var þó háð því að tilkynning um slíka fyrirætlan bærist hinum aðilanum áður en framkvæmdir hæfust; í fyrsta lagi 3. október 1977 og í síðasta lagi 2. október 1978. Eftir það varð og er þetta leyfilegt fimmta hvert ár og hvenær sem er á því ári. Þennan rétt má einungis nota einu sinni.

Sþ. 97. Fyrirspurn [87. mál]

til landbúnaðarráðherra um sundurliðun sláturkostnaðar og geymslugjalds.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig skiptist sláturkostnaður einstakra sláturleyfishafa í landinu á eftirtalda kostnaðarliði s. l. 3 ár, reiknað á núverandi verðlagi í kr. á kg:
   a. vinnulaun,
   b. fjármagnskostnaður (þar með talið vegna húsnæðis og búnaðar),
   c. umboðs- og sölulaun,
   d. pökkun og umbúðir,
   e. annað?
2. Hver er heildarkostnaður vegna geymslu kjöts og hvernig skiptist geymslugjald á einstaka geymsluaðila s.l. 3 ár?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 98. Frumvarp til laga [88. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Flm.: Björn Líndal.

1. gr.

Við 2. mgr. 4. gr. laganna bætist nýr málsl. er orðist svo: Iðnaðarráðherra getur enn fremur veitt undanþágu frá ákvæðum 3. tölul. enda standi sérstaklega á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Einn mikilvægasti þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er nýsköpun atvinnulífsins. Þegar hefur verið hafist handa um að hrinda þessari stefnu í framkvæmd. Breytingar hafa verið gerðar á fjárfestingarlánakerfinu, lögð hafa verið drög að stofnun Þróunarfélags Íslands hf. og sérstakir styrkir hafa verið veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem leitt geta til arðbærra nýjunga í atvinnulífi og framleiðslu. Á sama tíma og ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á þennan þátt efnahagsstefnunnar hefur hún lýst því yfir að það sé óhjákvæmilegt forgangsverkefni að stöðva aukningu erlendra skulda. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 15. þ.m., er tekið svo sterkt til orða að segja að það varði í reynd fjárhagslegt öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar að stöðva skuldasöfnun erlendis.

Eigi að síður er ljóst að erlent fé er ein veigamesta forsenda þess að Íslendingum takist að gera þær breytingar í atvinnulífinu sem tryggt geta fjölbreytni og samkeppnishæfni

íslensks útflutnings. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að Íslendingar leitist við að hagnýta sér erlent fé með öðrum hætti en erlendum lántökum. Slík notkun erlends fjár hefur hins vegar verið meginreglan ef undan er skilin þátttaka erlendra aðila í stóriðju hér á landi. Eitt af því, sem til greina kemur, er að Íslendingar reyni að örva samstarf innlendra og erlendra aðila um atvinnurekstur hér á landi á öðrum sviðum en stóriðju. Má hér einkum nefna samstarf í nýjum atvinnugreinum. Margt vinnst með slíku samstarfi. Möguleikar skapast á fjölbreyttari útflutningi, ný þekking flyst til landsins, s.s. á sviði tækni, markaðsfærslu og stjórnunar, og síðast en ekki síst ber hinn erlendi samstarfsaðili hluta af þeirri fjárhagslegu áhættu sem atvinnurekstrinum fylgir.

Í iðnaði er að finna ýmsa möguleika til nýsköpunar þar sem samstarf innlendra og erlendra aðila getur skilað miklum árangri. Um þessa atvinnugrein gilda nú iðnaðarlög, nr. 42/1978. Þau lög skortir hins vegar þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að árangursríkt samstarf geti sem oftast tekist milli innlendra og erlendra aðila í iðnaði. Samkvæmt lögum þessum má enginn reka iðnað hér á landi nema að fengnu leyfi lögreglustjóra. Hyggist hlutafélag leysa til sín iðnaðarleyfi skal það m.a. fullnægja því skilyrði að meira en helmingur hlutafjár sé í eigu manna sem búsettir eru hér á landi. Þetta skilyrði er óundanþægt og hefur í för með sér að meirihlutaeign erlendra aðila í hlutafélagi getur einungis komist á með sérstakri lagasetningu. Skiptir engu máli hversu stórt félagið er, hvort hlutafé þess er 1 milljón eða 100 milljónir króna. Þetta lagaskilyrði fyrir veitingu iðnaðarleyfis er til þess fallið að hamla gegn samstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja í iðnaði. Til samanburðar má nefna að væri um slíkt samstarf að ræða á sviði verslunar gæti ráðherra samkvæmt gildandi lögum veitt undanþágu frá skilyrði um meirihlutaeign innlenda aðilans á hlutafé. Þess ber og að geta að öll nágrannaríki Íslendinga hafa afnumið ófrávíkjanleg lagaskilyrði af því tagi sem iðnaðarlögin hafa að geyma um meirihlutaeign á hlutafé. Þar er í lagasetningu leitast við að greiða fyrir samstarfi erlendra og innlendra fyrirtækja á sviði iðnaðar. Meðal ríkja í þessum hópi eru öll hin norrænu löndin sem leggja nú sífellt meiri áherslu á slíkt samstarf og um leið þá fjárfestingu í atvinnurekstri sem fylgir í kjölfarið.

Í þessu frumvarpi er lagt til að iðnaðarlögum verði breytt og opnað fyrir aukna möguleika á iðnaðarsamstarfi innlendra og erlendra fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu verður það áfram meginregla að Íslendingar eigi meiri hluta hlutafjár í hlutafélögum sem reka iðnaðarstarfsemi. Á hinn bóginn er lagt til að lögleidd verði undanþága frá þessari meginreglu. Er hún orðuð á þá leið að þegar sérstaklega standi á geti ráðherra veitt undanþágu frá skilyrði laganna um að meiri hluti hlutafjár skuli vera eign manna búsettra hér á landi. Með þessu er átt við að veiting undanþágu komi fyrst og fremst til greina þegar telja má að starfsemi viðkomandi félags muni fela í sér mikilvægt framlag til nýsköpunar íslensks atvinnulífs. Hér væri því um undanþáguheimild að ræða vegna iðnfyrirtækja sem hefðu með höndum starfsemi er líkleg þætti til þess að auka útflutningstekjur landsins. Heimild af þessu tagi mun fyrst og fremst gagnast smærri og meðalstórum fyrirtækjum í iðnaði. Þegar um stóriðju er að ræða er ljóst að áfram verður um sérstaka lagasetningu í hvert sinn að ræða, m.a. vegna sérsamninga um raforkuverð og skattgreiðslur.

Hinn 9. maí á þessu ári var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þar sem Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða gildandi lagaákvæði um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnufyrirtækjum hér á landi. Sú endurskoðun er hafin en nokkur tími mun án efa líða þar til fullgert frumvarp um efnið lítur dagsins ljós. Eftir þessu er ástæðulaust að bíða ekki síst með tilliti til þeirrar miklu áherslu sem nú er lögð á að auka framleiðslu og verðmætasköpun í þjóðfélaginu.

Nd. 99. Frumvarp til laga [89. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir.

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna komi nýr kafli svohljóðandi:

IX. KAFLI

Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur.

83. gr.

Markmið húsnæðissamvinnufélaga er að byggja, eiga og hafa yfirumsjón með rekstri íbúðarhúsnæðis sem félagsmönnum þeirra er látið í té með búseturétti. Að ofangreindu markmiði fellur einnig að eiga og reka annað húsnæði, byggingar og lóðir sem eru í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæði. Félögin skulu stuðla að hagkvæmni í rekstri og að sparnaði og reka lánastarfsemi fyrir félagsmenn sína.

Auk ofangreindra höfuðmarkmiða fellur einnig undir markmið húsnæðissamvinnufélaga:

a. að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna er þeir hyggjast síðar nota til kaupa á búseturétti,
b. að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð eins og samvinnusamböndum samkvæmt lögum um samvinnufélög og hlutafélögum enda starfi þau fyrirtæki að verkefnum sem teljast mikilvæg fyrir húsnæðissamvinnufélög,
c. að útvega lán til byggingarframkvæmda og rekstrar sem félögin annast.

Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal hafa orðið „húsnæðissamvinnufélag“ í nafni sínu. Jafnframt skal öðrum óheimilt að bera slíkt heiti.

84. gr.

Um félagsstofnun, skráningu, félagsstjórn, endurskoðun og félagsslit húsnæðissamvinnufélags skal fara, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga um samvinnufélög eins og þau eru á hverjum tíma.

Áður en skráning húsnæðissamvinnufélags fer fram skulu samþykktir þess staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Ráðuneytið skal gera fyrirmynd að samþykktum er miði m. a. að því að tryggja réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og búsetufélaga. Í samþykktum þessum skulu einnig vera ákvæði sem stuðli að því að fjármál félagsins, tilhögun framkvæmda og rekstur verði sem skýrust.

85. gr.

Félagsmenn öðlast rétt til að fá keyptan búseturétt í þeirri röð sem þeir ganga í húsnæðissamvinnufélagið enda fullnægi þeir skilyrðum þessara laga að öðru leyti og greiði ákveðna fjárhæð í stofnsjóð félagsins, eigi lægri en 500 krónur. Þegar litið er til skilyrða 33. greinar þessara laga skal tekið mið af meginmarkmiði þeirrar lagagreinar í heild sinni. Félagsmálaráðuneytið skal kveða nánar á um þessi skilyrði í reglugerð.

Þegar félagsmaður notar rétt sinn til kaupa á búseturétti ber honum að inna ákveðið búseturéttargjald af hendi. Geri hann það ekki innan tilskilins tíma gengur rétturinn til

næsta félagsmanns, sbr. 1. málsgrein. Um búseturéttargjald eru nánari ákvæði í 86. grein.

Búseturétt geta þeir einir keypt sem eru orðnir fjárráða.

86. gr.

Búseturétt kaupa menn með ákveðnu framlagi, búseturéttargjaldi, sem er tiltekið hlutfall af verðmæti þess húsnæðis sem búseti vill tryggja sér rétt til. Þetta hlutfall ákvarðast annars vegar af byggingarkostnaði og hins vegar af lánsfjármagni til langs tíma.

Aðalfundur félagsins ákveður hlutfall búseturéttargjalds og hvenær það skuli innt af hendi.

Nú gengur búseturéttur kaupum til annars félagsmanns og skal þá ákveða endursöluverðið eftir upphaflegu verði að viðbættri hækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Þá skal bæta við kostnaði seljanda vegna endurbóta á húsnæðinu en draga frá kostnað við að bæta úr göllum á íbúðinni allt samkvæmt samkomulagi eða mati.

87. gr.

Búseturéttur veitir félagsmanni ótímabundinn umráðarétt yfir íbúð enda standi hann skil á gjöldum til félagsins vegna íbúðarinnar. Brjóti félagsmaður gegn lögum, reglugerðum eða samþykktum um húsnæðissamvinnufélög eða búsetufélög má svipta hann umráðarétti yfir íbúðinni. Gefa skal félagsmanni eina skriflega viðvörun áður en til slíks kemur nema um alvarlegt eða ítrekað brot sé að ræða.

Enginn einstaklingur getur átt nema einn búseturétt og enginn getur átt búseturétt nema búa um leið í því íbúðarhúsnæði sem búseturéttinum fylgir, sbr. þó ákvæði í 88. gr. um erfðir og í 93. gr. um framleigu samkvæmt sérstökum reglum. Eigandi búseturéttar er að jafnaði einn nema um hjón sé að ræða eða einstaklinga sem haft hafa sameiginlegt heimilishald í a. m. k. tvö ár.

Nú óskar ríki, sveitarfélag eða almannasamtök eftir að fá að ráðstafa búseturétti yfir einni eða fleiri íbúðum húsnæðissamvinnufélags. Skal þá erindi um slíka ráðstöfun koma frá félagsmálaráðuneytinu og þess gætt að með þeim hætti verði ekki ráðstafað meira en 10% íbúða félagsins.

88. gr.

Húsnæðissamvinnufélagið hefur jafnan forkaupsrétt að búseturétti félagsmanna. Um ráðstöfun búseturéttarins getur farið eftir ólíkum reglum eftir því hvernig til þess kom að forkaupsréttarins var neytt. Meginreglan er sú að sá sem eignast hefur búseturétt með kaupum, við skipti á búi, sem arf eða á annan sambærilegan hátt eignast um leið aðild að húsnæðissamvinnufélaginu í stað fyrri búseta enda notfæri hann sér réttinn og búi í íbúð hjá félaginu og fullnægi skilyrðum þessara laga til þess.

Við andlát félagsmanns erfist búseturétturinn samkvæmt framansögðu til eftirlifandi maka og barna. Ef eftirlifandi maka eða börnum er ekki til að dreifa og sé um marga erfingja að ræða skal að jafnaði greiða búseturéttinn út og ráðstafa honum til næsta félagsmanns.

Við nauðungaruppboð að undangenginni aðför að lögum í búseturétti félagsmanns skal að jafnaði greiða út andvirði búseturéttarins þegar forkaupsréttar er neytt og ráðstafa honum til næsta félagsmanns.

89. gr.

Búseturéttargjald stendur sem trygging fyrir skilvísri greiðslu búsetugjalds, sbr. 91. gr. Þó getur stjórn húsnæðissamvinnufélags heimilað félagsmanni að veðsetja öðrum en félaginu allt að helming af fjármunalegu andvirði búseturéttar síns.

Komi til meiri háttar vanskila félagsmanns missir hann rétt sinn til húsnæðisins enda

hafi skil ekki borist þrátt fyrir ítrekaða viðvörun. Stjórn húsnæðissamvinnufélagsins tekur ákvörðun um að vísa félagsmanni úr húsnæðinu að fenginni tillögu frá búsetufélagi.

Nánari reglur um búseturétt skulu settar með reglugerð.

90. gr.

Þegar hafnar eru framkvæmdir við byggingu nýrra íbúða skal stjórn húsnæðissamvinnufélags sjá til þess að fulltrúar handhafa búseturéttar geti fylgst með framkvæmdum á byggingarstigi og verið með í ráðum.

Þegar lokið er framkvæmdum við byggingu íbúða á ákveðnu svæði skulu þeir sem þar hafa keypt sér búseturétt mynda með sér sérstakt samvinnufélag innan húsnæðissamvinnufélagsins sem nefnist búsetufélag. Einnig er heimilt að stofna búsetufélag fyrr eða fljótlega eftir úthlutun óski handhafar búseturéttar eftir því í tilteknu húsi eða á tilteknu svæði. Stjórn húsnæðissamvinnufélags skal fjalla um og taka afstöðu til slíkra óska.

Búsetufélag hefur aðskilinn fjárhag og setur sér við stofnun samþykktir um réttindi, fjármál og ábyrgð bæði gagnvart félagsmönnum þess og gagnvart húsnæðissamvinnufélaginu. Þessar samþykktir þarf húsnæðissamvinnufélag og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Félagsmálaráðuneytið setur reglur um form samþykkta búsetufélaga.

91. gr.

Búsetufélag ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi mannvirkja og innheimtir öll gjöld hjá félagsmönnum sínum vegna rekstrarkostnaðar, viðhalds og fjármagnskostnaðar. Þessir gjaldaliðir eru sameinaðir í eitt gjald, búsetugjald.

Fjárhæð búsetugjalds hverju sinni ákveður stjórn búsetufélagsins á grundvelli áætlunar um þá gjaldaliði sem nefndir eru í 1. málsgrein. Ákvörðun á fjárhæð búsetugjalds getur hver einstakur félagsmaður skotið til úrskurðar stjórnar húsnæðissamvinnufélags.

Búsetufélag ábyrgist full skil til húsnæðissamvinnufélags á fjármagnskostnaði vegna íbúðanna þar sem húsnæðissamvinnufélagið er eigandi þeirra.

92. gr.

Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur án samþykkis búsetufélags veðsett íbúðir fyrir stofnlánum sem tekin eru vegna byggingar íbúðanna. Stjórn búsetufélags þarf á hinn bóginn að samþykkja veðsetningar vegna lána sem tekin kunna að verða síðar vegna endurbóta og viðhalds fasteignanna. Með reglugerð má takmarka þessar veðsetningarheimildir miðað við ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúðanna.

Jafnan skal tryggt að veðsetningar húsnæðissamvinnufélags nemi ekki hærri fjárhæð en svo að félagsmaður hafi helming af fjármunalegu andvirði búseturéttar síns veðfrjálsan. Félagsmaður getur þó samþykkt undanþágu frá þessari takmörkun ef um lántöku er að ræða vegna eigin skuldbindinga hans við félagið.

93. gr.

Hver sá, sem hefur fengið keyptan búseturétt, skal gera sérstakan búsetusamning við húsnæðissamvinnufélagið sem hann er félagsmaður í. Þessi samningur er óuppsegjanlegur af hálfu húsnæðissamvinnufélagsins nema búseti geri sig sekan um grófar vanefndir á skyldum sínum svo sem vegna áberandi vanhirðu eða endurtekinna vanskila. Uppsagnarfrestur af hálfu búseta er hins vegar 6 mánuðir. Áður en sá tími er liðinn þarf að liggja fyrir nýr búsetusamningur við þann félagsmann sem næstur er í röðinni um endurúthlutun. Sé slíkum félagsmanni ekki til að dreifa á seljandi búseturéttar rétt á að benda á nýjan félagsmann sem fullnægir skilyrðum laganna. Takist hvorugt innan 6 mánaða getur seljandi þurft að sætta sig við að fá andvirði búseturéttar síns greitt með greiðsluskilmálum á næstu 6 mánuðum frá lokum uppsagnarfrests.

Búsetusamningur skal vera í samræmi við lög þessi og reglugerðir sem settar eru með heimild í þeim. Hann skal einnig samrýmast samþykktum þess búsetufélags sem félagsmaðurinn er í og húsnæðissamvinnufélagsins. Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir gerð búsetusamninga.

Í búsetusamningi skal kveðið á um gerð samnings, uppsögn og riftun, afhendingu íbúðar, viðhald og viðhaldssjóð, greiðslu reksturskostnaðar og fjármagnskostnaðar, umgengnisreglur og réttindi, tryggingu fyrir greiðslum, framleigu, ráðstöfun búseturéttar við andlát, hjúskaparslit o. fl. Í búsetusamningi skulu einnig vera ákvæði um úttekt og mat.

94. gr.

Ekki er heimilt að framleigja íbúð með búseturétti nema með samþykki stjórnar húsnæðisamvinnufélags. Óski búseti eftir því að íbúðin verði framleigð öðrum skal stjórn húsnæðissamvinnufélags hafa gefið svar innan 30 daga. Framleiga er ekki heimil nema búseti hafi brýna þörf fyrir það s. s. vegna tímabundins starfs eða náms annars staðar. Leigutími skal þá vera í mesta lagi eitt ár í einu.

Nú fer félagsmaður ekki eftir ákvæðum þessarar lagagreinar um framleigu og telst hann þá hafa gert sig sekan um vanefnd sem valdið getur brottvísun úr félaginu. Stjórn húsnæðissamvinnufélags er þó heimilt að beita vægari viðurlögum m. a. með greiðslu aukagjalds í stofnsjóð húsnæðissamvinnufélags eða viðhaldssjóð búsetufélags. Einnig er heimilt að beita félagsmann, sem eigi sinnir reglum félagsins um framleigu, þeim viðurlögum við sölu búseturéttar hans að fella niður verðbætur samkvæmt 3. málsgr. 86. greinar fyrir það tímabil sem seljandi hefur framleigt íbúðina án heimildar stjórnar húsnæðissamvinnufélagsins.

95. gr.

Félagsmenn í búsetufélagi skulu leggja reglulega fé í viðhaldssjóð sem aðalfundur ákveður gjöld til hverju sinni. Þegar fjárhæð framlaga í viðhaldssjóð er ákveðin skal höfð hliðsjón af þeim gjaldalið sem áætlaður er sem hluti búsetugjalds samkvæmt 91. grein.

Með viðhaldssjóði skal standa straum af ytra viðhaldi fasteignar sem félagið annast og innra viðhaldi íbúðar sem búseti einstakrar íbúðar annast og ber ábyrgð á. Félagsmaður getur fengið fé úr viðhaldssjóðnum vegna innra viðhalds samkvæmt nánari reglum þar um sem aðalfundur félagsins setur.

96. gr.

Húsnæðissamvinnufélagi skal aflað fjár sem hér segir:

a. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins sem ákveðið skal á aðalfundi samkvæmt samþykktum þess. Sjóði þessum skal varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda og byggingarframkvæmdum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
b. Með lánum skv. 33. og 58. grein þessara laga. Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögu til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þeim lánum Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt eru til húsnæðissamvinnufélaga.

   Íbúðum, sem húsnæðissamvinnufélögum er veitt lán til samkvæmt nefndum lagagreinum, skal skila fullgerðum til félagsmanna.
c. Með varasjóðstillagi er nemi allt að 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Í varasjóð skal einnig greiða árlegt fjárframlag af óskiptum tekjum félagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur húsnæðissamvinnufélagsins en þær sem samkv. ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð. Nánari

ákvæði um ráðstöfun varasjóðs skulu sett í reglugerð. Skal þar m. a. kveðið á um að hluti af varasjóði félagsins, þ. e. ½% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, skuli geymdur og ávaxtaður á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna.

d. Með inntökugjöldum félagsmanna sem leggjast í stofnsjóð félagsins. Stjórn félagsins getur ákveðið að framlög félagsmanna eða hluti framlaga þeirra til kaupa á búseturétti renni í stofnsjóð sem séreign hvers félagsmanns. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Stjórn húsnæðissamvinnufélags getur þó ákveðið að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins að allt að helmingur stofnsjóðsinnstæðna sé ávaxtaður í almennum innlánsstofnunum. Við ákvörðun á vaxtakjörum þeirra stofnsjóðsinnstæðna sem ávaxtaðar eru hjá Byggingarsjóði verkamanna skal höfð hliðsjón af þeim kjörum sem eru á þeim lánum sem félagsmenn fá hjá Byggingarsjóði verkamanna. Stofnsjóðsinnstæður félagsmanns endurgreiðast að viðbættum vöxtum þegar búseturéttargjald er greitt. Stofnsjóðsinnstæður, sem ekki hafa verið endurgreiddar, falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu eða brottflutning af félagssvæðinu enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum við félagið.

97. gr.

Þegar húsnæðissamvinnufélag sækir um lán úr Byggingarsjóði verkamanna skal koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það sem nauðsynlegt er til þess að Húsnæðisstofnun ríkisins geti tekið afstöðu til lánveitinga til framkvæmdanna. Einnig þarf að fylgja greinargerð um útvegun nauðsynlegs viðbótarfjár.

Tilkynna skal fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir til stofnunarinnar fyrir 1. ágúst árið áður en hefja á framkvæmdir.

98. gr.

Að lokinni athugun tekur húsnæðismálastjórn ákvörðun um það hvort framkvæmdin falli undir 33. gr. þessara laga og skal sérstaklega hugað að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og hagkvæmum efniskaupum. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar getur hún heimilað stjórn húsnæðissamvinnufélags að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Heimilt er Húsnæðisstofnun ríkisins að gera framkvæmdalánssamning við húsnæðissamvinnufélög með hliðsjón af 43. gr. þessara laga. Húsnæðismálastjórn skal þá sérstaklega gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þessum lánum.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera stjórnum húsnæðissamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum húsnæðissamvinnufélaga og hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Skylt er húsnæðissamvinnufélögum að senda Húsnæðisstofnuninni ársreikninga sína.

99. gr.

Húsnæðissamvinnufélögum er heimilt að sækja um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til kaupa á húsnæði sem síðan yrði ráðstafað með búseturétti samkv. 58. gr. þessara laga. Húsnæðið þarf að fullnægja þeim almennu kröfum sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð má eigi vera hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar að frádregnum afskriftum.

Lán sjóðsins má nema allt að sama hlutfalli af kaupverði, að frádregnum áhvílandi lánum, og lánað er til nýbygginga. Lánin skulu bera sömu vexti og nýbyggingalán til húsnæðissamvinnufélaga, sbr. b-lið 96. gr. þessara laga.

Óheimilt er húsnæðissamvinnufélögum að selja íbúðir með búseturétti sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum meðan á þeim hvíla lán úr Byggingarsjóði verkamanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Það er nú endurflutt óbreytt með þeirri greinargerð er fylgdi frumvarpinu á síðasta þingi:

„Frumvarp þetta er lagt fram óbreytt eins og það kom frá nefnd þeirri er Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra skipaði með bréfi, dags. 27. júní 1984, til að semja frumvarp til laga um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum við einstakar greinar frumvarpsins.

Hér fara á eftir skýringar þær sem fylgdu frumvarpinu er það kom frá nefndinni.

Með bréfi dags. 27. júní 1984 skipaði Alexander Stefánsson félagsmálaráðherra nefnd til að semja frv. til l. um húsnæðissamvinnufélög og búseturétt.

Í nefndina voru skipaðir: Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, formaður, Friðrik Friðriksson hagfræðingur, Magnús L. Sveinsson skrifstofustjóri, Páll R. Magnússon húsasmiður og Stefán Guðmundsson alþingismaður. Sigurður Magnússon kjarneðlisfræðingur tók sæti Friðriks Friðrikssonar 19. febrúar s. l.

Nefndin hefur fjallað um málið á allmörgum fundum og rætt við ýmsa aðila svo sem fulltrúa frá húsnæðissamvinnufélögum, ASÍ og BSRB. Þá hefur nefndin aflað sér allnokkurra upplýsinga erlendis frá en þetta byggingaform er allmikið notað á Norðurlöndum og í V-Þýskalandi.

Nefndin fól síðan Helga V. Guðmundssyni hdl., lögfræðingi Húsnæðisstofnunar ríkisins, að semja á grundvelli starfs nefndarinnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 60 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Samkvæmt frumvarpinu er nýr kafli felldur inn í l. nr. 60/1984 er ber nafnið: Húsnæðissamvinnufélög og búseturéttur. Þessi kafli verður nr. IX. Við þessa breytingu verður núverandi IX. kafli nr. X og númer lagagreinanna í þeim kafla breytast jafnframt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

IX. KAFLI

Um 83. gr.

Þessi lagagrein, sem fjallar um markmið húsnæðissamvinnufélaga, þarfnast ekki skýringa.

Um 84. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 85. gr.

Samkvæmt c-lið 33. greinar l. nr. 60/1984 eru lánveitingar bundnar við námsfólk, aldraða og öryrkja samkvæmt orðanna hljóðan. Með 85. gr. er lagt til að lögfest verði víðari túlkun um þetta efni og tekið mið af meginmarkmiði 33. greinar í heild sinni. Samkvæmt þessu ætti láglaunafólk og aðrir, sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun af félagslegum ástæðum, rétt á láni úr Byggingarsjóði verkamanna jafnt sem námsfólk, aldraðir og öryrkjar. Hvað teljast mundi láglaunafólk yrði þá væntanlega að ákvarðast með hliðsjón af

44. gr. l. nr. 60/1984 sem þó getur ekki gilt alfarið um þetta efni þegar um námsfólk er að ræða. Með þessum hætti er félagsmönnum í húsnæðissamvinnufélögum tryggður hliðstæður réttur á við rétt annarra sem fá úthlutað íbúðum í verkamannabústaðakerfinu. Gert er ráð fyrir að kveðið verði nánar á um þessi skilyrði í reglugerð.

Um 86. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningu á búseturéttargjaldi og hvernig það skuli ákveðið. Í 3. málsgrein eru ákvæði um ákvörðun endursöluverðs þegar búseturéttur gengur til annars félagsmanns.

Um 87. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 88. gr.

Í 1. málsgr. er húsnæðissamvinnufélagi tryggður forkaupsréttur að búseturétti. Jafnframt er sett fram meginregla um ráðstöfun búseturéttar.

Í 2. og 3. málsgr. er fjallað nánar um hvernig með þennan rétt skuli fara þegar um erfðir eða nauðungaruppboð er að ræða. Eðlilegt þykir að greiða út andvirði búseturéttar þegar um fjarskyldari erfingja er að ræða en maka og börn og erfingjar eru margir. Einnig þegar forkaupsréttar hefur verið neytt við nauðungaruppboð. Í seinna tilvikinu hefur félagið e. t. v. gengið inn í boð lánastofnunar, félags eða annars innheimtuaðila. Í báðum tilvikum getur þó sú staða komið upp að stjórn húsnæðissamvinnufélags ákveði að ráðstafa búseturéttinum til nýs félagsmanns, erfingja eða þess er boðið hefur í búseturéttinn við nauðungaruppboð. Slík ákvörðun mundi þá væntanlega byggjast á sérstökum ástæðum sem ættu sér fasta stoð í 33. gr. laganna.

Um 89. gr.

Í 1. málsgr. er opnaður möguleiki fyrir félagsmann til að veðsetja öðrum en félaginu allt að helmingi af verðmæti búseturéttar hans. Þessi möguleiki yrði væntanlega notaður ef félagsmaður á í erfiðleikum með að útvega tryggingu fyrir láni sem hann þarf að taka til að fjármagna búseturéttargjald eða búsetugjald. Gert er ráð fyrir að stjórn húsnæðissamvinnufélags fjalli um og meti slík erindi.

Um 90. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 91. gr.

Í greininni er skilgreining á búsetugjaldi og hvernig fjárhæð þess skuli ákveðin.

Um 92. gr.

Í greininni er mælt fyrir um hvernig fara skuli með veðsetningar íbúða. Gerður er greinarmunur á annars vegar stofnlánum og hins vegar síðar teknum lánum vegna endurbóta og viðhalds. Í seinna tilvikinu þykir eðlilegt að stjórn búsetufélags þurfi að samþykkja veðsetningar enda er það m. a. hlutverk búsetufélags að sjá um viðhald mannvirkja.

Þá er opnaður möguleiki á að takmarka veðsetningar miðað við ákveðið hlutfall af kostnaðarverði íbúða og félagsmanni tryggður réttur til að hafa helming af verðmæti búseturéttar hans veðfrjálsan. Um þetta má setja nánari ákvæði í reglugerð.

Um 93. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 94. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 95. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 96. gr.

Í b-lið greinarinnar er gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn geri tillögu til félagsmálaráðuneytisins um vexti af þeim lánum Byggingarsjóðs verkamanna sem veitt eru til húsnæðissamvinnufélaga. Samkvæmt 58. gr. laganna er gert ráð fyrir því að lán til leiguíbúða beri sömu vexti og lán samkvæmt 49. gr. Þessir vextir hafa verið allmiklu lægri en t. d. vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Þegar l. nr. 60/1984 voru samþykkt voru ekki sérstök ákvæði í þeim um húsnæðissamvinnufélög eins og nú er verið að gera tillögu um með setningu þessa nýja lagakafla. Rétt þykir að opna stjórnvöldum möguleika á að ákveða sérstaklega vexti af lánum til húsnæðissamvinnufélaga jafnhliða útvíkkun á túlkun c-liðar 33. greinar.

Í c-lið 96. greinar er húsnæðissamvinnufélagi gert að skyldu að geyma og ávaxta hluta af varasjóði félagsins, þ. e. ½% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þetta ákvæði er byggt á gagnkvæmum viðskiptasjónarmiðum og með það í huga að fjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna eykst verulega með tilkomu nýrra lánveitinga til húsnæðissamvinnufélaga.

Í d-lið 96. gr. er gert ráð fyrir því að stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skuli geymdar og ávaxtaðar á reikningi hjá Byggingarsjóði verkamanna. Sömu rök eiga hér við og að framan segir um ákvæði c-liðarins. Þó þykir rétt að gefa stjórn húsnæðissamvinnufélags kost á að ávaxta allt að helming stofnsjóðsinnstæðna í almennum innlánsstofnunum að fengnu samþykki félagsmálaráðuneytisins. Er þetta gert með það í huga að húsnæðissamvinnufélag getur þurft á því að halda að skapa viðskiptagrundvöll við lánastofnun sem það stofnar til viðskipta við.

Um 97. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 98. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 99. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.“

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Jón Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson, Kolbrún Jónsdóttir, Sverrir Sveinsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Vegagerð ríkisins í samstarfi við aðra sérfróða aðila gera langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi í samráði við fulltrúa þingflokkanna.

Við vinnslu áætlunarinnar skal eftirfarandi athugað og metið eftir því sem kostur er:

1. Hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir þar sem samgöngur á landi eru erfiðar vegna aðstæðna:
   a. með tilliti til stofnkostnaðar,
   b. með tilliti til notagildis,
   c. með tilliti til viðhaldskostnaðar,
   d. með tilliti til byggðaþróunar og félagslegra sjónarmiða.
2. Hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki, sérhæfðum í gerð jarðganga, borið saman við útboð verkanna.
3. Hagkvæmni þess að hafa verkefni við jarðgangagerð samfelld.
4. Hvaða tækjabúnaður til jarðgangagerðar henti best íslenskum aðstæðum.
5. Að hve miklu leyti Íslendingar geti nýtt sér reynslu nágrannaþjóða, svo sem Færeyinga og Norðmanna, í jarðgangagerð og hvaða viðmiðun er þaðan að hafa um kostnað o. fl.

Áætlunin skal vera þannig upp byggð að hún falli eðlilega að langtímaáætlun í vegagerð og geti orðið hluti af henni á síðari stigum. Þá skal áætlunin taka mið af þeim framkvæmdahraða, sem hagkvæmastur er í jarðgangagerð, innan þeirra marka sem framlög til vegamála setja hverju sinni. Áætlunin skal hefjast með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er og vera síðan samfelld.

Markmið áætlunarinnar skal vera að koma með gerð jarðganga þeim byggðarlögum í varanlegt vegasamband sem ekki verða með öðru móti tengd vegakerfinu á fullnægjandi hátt árið um kring. Jafnframt skal áætlunin miða að innbyrðis tengingu byggðarlaga sem eru eðlileg heild samskiptalega en geta ekki komið á viðunandi sambandi sín í milli án jarðganga. Er hér einkum átt við svæði á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Ályktun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1986.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi af Steingrími J. Sigfússyni og Sveini Jónssyni. Tillagan varð þá ekki útrædd. Hún er nú endurflutt lítillega breytt. Einnig hefur einu fylgiskjali verið aukið við með upplýsingum úr skýrslu sem kom út eftir að tillagan var lögð fram á síðasta þingi. Eftirfarandi greinargerð fylgdi tillögunni:

Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi áhuga á gerð jarðganga til lausnar á samgönguvandamálum einangraðra byggðarlaga. Hefur í því sambandi einkum verið litið til nágranna okkar, Færeyinga, sem á síðast liðnum 20 árum hafa gert sem svarar einum Oddsskarðsgöngum á ári. Samtals höfðu þar verið gerðir um 13 600 m af jarðgöngum á tímabilinu 1963—1983 samkvæmt skýrslu Orkustofnunar.

Fulltrúar Orkustofnunar hafa kynnt sér jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð í eyjunum og kom skýrsla þeirra um það efni út í febrúar síðast liðnum. Tæknilegir eiginleikar

berglaga eru taldir mjög svipaðir og víða hérlendis. Raunhæfur samanburður á aðstæðum fæst þó aðeins ef bornar eru saman annars vegar aðstæður í Færeyjum og hins vegar aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum.

Á vegum Vegagerðarinnar hefur á síðast liðnum árum verið gert átak í athugunum á möguleikum til jarðgangagerðar. Reynslan af gerð ganga í gegnum Stráka og Oddsskarð verður að teljast góð en erfiðar jarðfræðilegar aðstæður, ófullkominn tækjakostur og reynsluleysi áttu sinn þátt í því að gerð þeirra varð dýrari en áformað var. Fremur hljótt hefur því verið um frekari framkvæmdaáform en þó hafa ýmsir möguleikar fengið allítarlega skoðun. Varfærni á þessu sviði er sjálfsögð en fullyrða má að þekking íslenskra vísindamanna og möguleikar til rannsókna á jarðfræðilegum aðstæðum eru nú betri en áður. Tækni við jarðgangagerð hefur einnig fleygt fram. Það hlýtur því að vera fyllilega tímabært að kanna hagkvæmni jarðgangagerðar borið saman við aðrar mögulegar lausnir til að koma á varanlegu vegasambandi milli byggðarlaga og til að tengja þau vegakerfi landsmanna með fullnægjandi hætti þar sem slík tenging er ekki fyrir hendi.

Flutningsmenn telja því tímabært að óska eftir því við Vegagerð ríkisins að hún geri í samráði við aðra sérfróða aðila langtímaáætlun um gerð jarðganga á Íslandi. Auk starfsmanna Vegagerðarinnar og Orkustofnunar eru sérfróðir menn í þessum efnum á vegum íslenskra verkfræðistofa og verktaka sem ástæða gæti verið til að leita til. Þó að þekking þeirra aðila sé væntanlega fyrst og fremst tengd jarðgangagerð vegna virkjana getur sú reynsla engu að síður nýst við veggangagerð.

Lagt er til að Vegagerðin hafi einnig samráð við fulltrúa þingflokkanna við gerð áætlunarinnar þar sem hún verður að samræmast vilja, áformum og getu stjórnvalda til framkvæmda á sviði vegamála.

Í þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á kostnaði við jarðgangagerð hérlendis, hafa tölur verið nokkuð mismunandi. Kostnaðartölur allt frá u. þ. b. 40 milljónum á km, eins og kostnaður er talinn vera í Færeyjum, upp í 100 milljónir á km hafa sést (verðlag ársins 1984). Á þessu er mikill munur og nauðsyn ber til að vinna vandaðar kostnaðaráætlanir, auk þess sem meta verður eftir föngum notagildi og félagslega og hagræna þýðingu slíkra samgöngubóta. Styttri vegalengdir og öruggari samgöngur milli byggðarlaga, minni viðhaldskostnaður vegakerfisins, minni snjómokstur og minna slit á farartækjum eru allt atriði sem taka verður með í reikninginn svo að dæmi séu nefnd. Þá er ónefndur sá þáttur sem mörgum er efst í huga en það er minni slysahætta í þeim tilfellum þar sem jarðgöng mundu leysa af hólmi marga hættulegustu vegi landsins.

Lagt er til að könnuð verði hagkvæmni þess að koma á fót vinnuflokki sérhæfðum í gerð jarðganga. Í Færeyjum hefur þessi háttur nú um sinn verið á hafður og þótt gefast vel. Í slíkum vinnuflokki yrðu nálægt 10—14 manns og önnuðust þeir alla þætti framkvæmdarinnar. Með því næst samhæfð og markviss vinnubrögð og reynslan flyst frá einu verki til annars. Jafnframt þykir þó rétt að meta hagkvæmni útboða og bera þessa tvo möguleika saman. Umfang og framkvæmdatími hafa þó vafalaust mikil áhrif á það hvort þykir álitlegri kostur.

Framkvæmdir við jarðgangagerð taka alllangan tíma og hvert verk þarf að vinna sem mest samfellt. Því er einnig nauðsynlegt að huga að hagkvæmni þess að jarðgangagerð verði samfelld og framkvæmdir við ein jarðgöng taki við af öðrum. Með því mun vélakostur, svo og reynsla starfsmanna, nýtast best.

Tækjabúnaður til jarðgangagerðar er stöðugt að verða fullkomnari. Nú eru á markaðnum afkastamiklir borvagnar og steypusprautunarvélar en einnig eru til vélar sem heilbora jarðgöng með miklum afköstum ef skilyrði eru hagstæð. Þessa kosti þarf að skoða og bera saman með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Íslenskir aðilar hafa einkum sótt upplýsingar sínar um jarðgangagerð til Færeyja og Noregs. Sérfróðir aðilar hafa einnig verið sóttir þangað til að leiðbeina við framkvæmdir og/

eða annast þær. Kanna þarf með hvaða hætti við getum nýtt okkur reynslu frænda okkar enn frekar. Fram hefur komið að kostnaður við jarðgangagerð er mjög breytilegur eftir aðstæðum og eftir því hverjir leggja mat þar á. Nauðsynlegt er að sérfróðir aðilar meti vandlega þennan mikilvæga þátt.

Í framhaldi af þeim athugunum og því mati, sem hér að framan greinir, er lagt til að gerð verði áætlun um jarðgangagerð til langs tíma. Áætlunin verði þannig upp byggð að hún geti fallið eðlilega að langtímaáætlun um vegagerð og orðið hluti af henni á síðari stigum. Framkvæmdahraða áætlunarinnar verður að laga að þeim mörkum sem framlög til vegamála setja hverju sinni.

Gert er ráð fyrir því að áætlunin hefjist með framkvæmdum í Ólafsfjarðarmúla eins fljótt og kostur er. Þar eru allar rannsóknir komnar lengst á veg og það verk er þegar á vegáætlun, aftast svonefndra Ó-vega. Áætlunin skal síðan vera samfelld.

Þar sem allmikil vinna er þegar að baki og mikill fróðleikur þegar til hjá innlendum aðilum um þessi mál ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hraða þessum athugunum og áætlanagerð. Því er lagt til að niðurstöður verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en haustið 1986.

Fylgiskjöl:

I. Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson, 1984: *Jarðgöng í Færeyjum.* Athugun á jarðfræðilegum aðstæðum. Orkustofnun. 3. og 10. kaflar.

II. Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræði Ólafsfjarðarmúla* og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð. Vegagerð ríkisins. Inngangur og ágrip.

III. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Vestfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

IV. Hreinn Haraldsson og Sveinn Björnsson, 1984: *Jarðfræðirannsóknir á Austfjörðum* vegna jarðgangahugmynda. Vegagerð ríkisins. Niðurstöður.

V. Einar Þorvarðarson, 1984: *Athugun á bættu vegarsambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs.* Vegagerð ríkisins. Niðurlag og yfirlit valkosta.

VI. Björn A. Harðarson, 1984: *Jarðgöng á Íslandi.* Berggæðamat. Orkustofnun. Formáli og inngangur.

Fylgiskjal I.

JARÐGÖNG Í FÆREYJUM, ATHUGUN Á JARÐFRÆÐILEGUM AÐSTÆÐUM

Eftir Björn A. Harðarson og Ágúst Guðmundsson.

Jarðgangagerð í Færeyjum.

Eins og flestum er kunnugt stendur jarðgangagerð í Færeyjum á gömlum merg og hafa Færeyingar mun meiri reynslu af gerð jarðganga heldur en Íslendingar.

Upphaf jarðgangagerðar í Færeyjum má rekja til gerðar námuganga í sambandi við kolavinnslu á Suðurey sem verið hefur í gangi með hléum frá sautjándu öld. Þessi göng eru yfirleitt um 2 m á hæð og breidd og upp í nokkur hundruð metra löng.

Vatnsgöng vegna virkjana eru allmörg í eyjunum, sérstaklega við Vestmanna á Straumey. Þessi göng eru flest um 2 m í þvermál og nokkurra tuga til nokkur hundruð metra löng. Öll göngin eru að mestu leyti gerð í basalti. Hugmyndir eru uppi um stórfellda aukningu í jarðgangagerð af þessu tagi.

Þriðji og jafnframt langstærsti flokkur jarðganga í eyjunum er veggöng. Í töflu 1 er listi yfir öll veggöng sem gerð hafa verið til þessa. Fyrstu veggöngin voru tekin í notkun árið 1963 (Trongisvogur — Hvalba á Suðurey) og síðan hefur gerð vegganga verið nokkuð samfelld og

ný göng tekin í notkun á 1—6 ára fresti. Alls hafa verið gerðir um 13 600 m af veggöngum eða um 650 m á ári að jafnaði frá 1963 en það samsvarar rúmlega einum Oddsskarðsgöngum á ári.

Jarðgangagerðin var í höndum danskra verktaka (aðallega Phil og Sön) allt fram að gerð Karlseyjarganganna en þá tóku Færeyingar sjálfir við (Landsverkfröðingurin). Íslenskir verkfræðingar frá Efra-Falli (síðar Ístak) voru staðarverkfræðingar hjá Phil og Sön við sum jarðganganna, Páll Sigurjónsson við fyrstu göngin (Trongisvogur — Hvalba) árin 1961—1963 og Ólafur Gíslason við bæði Borðeyjargöngin árin 1964—1967.

Þegar þetta er skrifað stendur veggangagerð yfir á tveim stöðum, á Karlsey (einbreið göng) og í Leirvík á Austurey (tvíbreið). Áform eru uppi um enn frekari veggangagerð á næstu árum og í töflu 2 er listi yfir fyrirhuguð veggöng sem höfundar fengu upplýsingar um.

Ekki eru gerðar miklar jarðfræðilegar rannsóknir á þeim stöðum, sem jarðgöng eru fyrirhuguð, saman borið við undirbúning við jarðgangagerð á Íslandi. Ástæðan er aðallega sú hve jarðfræði eyjanna er einföld og berglög regluleg og samfelld. Samráð er haft við jarðfræðing (Jóannes Rasmussen) sem bendir á heppilegustu staðsetningu ganga með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna.

Tafla 1.

Veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd (m)	Hæð (m)	Breidd (m)	Tekin í notkun
Á Straumey:				
Leynarjarðgöng	760	7	9	1977
Á Austurey:				
Austureyjarjarðgöng	2500	7	8,5	1976
Leirvíkurjarðgöng	600 (verða 2200)	6,8	7,2	1984
Á Borðey:				
Klakksvík–Árnafjörður	1700	3,5–4	4	1967
Árnafjörður–Norðtóftir	2100	4	4–4,5	1967
Á Karlsey:				
Miklidalur–Ritudalur	1100	6	4,5	1982
Ritudalur–Villingadalur	700	6	5	1981
Villingadalur–Hattardalur	1200	6	5	1980
Á Suðurey:				
Trongisvogur–Hvalba	1450	4	4,5–5	1963
Hvalba-Sandvík	1500	4	4,5	1970
Samtals	13610			

Tafla 2.

Fyrirhuguð veggöng í Færeyjum, júní 1983.

Staðsetning	Lengd* (m)	Hæð (m)	Breidd (m)
Á Karlsey:			
Miklidalur–Tröllanes	2500 (byrjað '83)	5,5	4,5
Á Konuey:			
Konuey-Haraldssund	2000	5,5	4,5
Á Straumey:			
Kaldbaksfjörður–Kollafjörður	3000	7	7,2

*Lengd, breidd og hæð er áætlað af höf.

Þar eru þrjú atriði sem mestu máli skipta: 1) Reynt er að láta jarðgöngin liggja í sem allra fæstum jarðlögum. 2) Halli ganganna er hafður sem næst halla jarðlaganna í gangastefnuna. 3) Reynt er að forðast sprungubelti. Ef ekki er hægt að komast hjá sprungubeltum er leitast við að haga hlutum þannig að göngin skeri þau sem þverast. Þessi sprungubelti („lamellar zones") eru mjög algeng í berggrunni eyjanna. Þau eru jafnan nær lóðrétt, oftast 1—5 m breið, samfelld og sjást oft vel á yfirborði sem gjár („gjógvir").

Yfirgnæfandi hluti allra vegganga á eyjunum liggur í massífu basalti. Bergtæknileg vandamál við gangagerðina hafa verið fá og fæst alvarleg. Helst hafa komið upp erfiðleikar þegar byrjað er á göngum vegna lélegrar stæðni þar sem þekja er þunn. Einnig hafa sprungubelti verið til vandræða á stöku stað (aðallega erfiðleikar í borun) þar sem berg er mikið sprungið og losaralegt og bergþekja þunn. Vatnsleiðandi sprungur og sprungubelti hafa einnig verið til trafala á stundum. Að öðru leyti má segja að jarðgangagerð í eyjunum hafi gengið vel.

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir jarðfræðilegum aðstæðum í öllum veggöngum eyjanna og síðan reynt að bera þær saman við aðstæður hérlendis.

Samanburður á jarðfræðilegum aðstæðum á Íslandi og í Færeyjum.

Þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð á Íslandi og í Færeyjum eru mörg atriði sem máli skipta og nánast útilokað að gefa algilda og stuttorða niðurstöðu. Við höfum séð hér að framan að aðstæður við gangagerð í Færeyjum eru í heild nokkuð svipaðar frá einum stað til annars enda eru öll veggöng eyjanna nema ein í sömu basaltsyrpunni. Öðru máli gegnir um aðstæður hérlendis sem eru mjög breytilegar. Þetta endurspeglar vel þann meginmun sem er á jarðfræði Færeyja og Íslands. Jarðfræði Færeyja er mun einfaldari og reglulegri en hér á landi og þessi staðreynd gerir nánast ókleift að bera saman aðstæður annars vegar í Færeyjum og hins vegar á Íslandi. Nær væri að bera saman aðstæður í Færeyjum og á einstökum stöðum hér á landi.

Þau atriði, sem mestu máli skipta þegar bera á saman jarðfræðilegar aðstæður til jarðgangagerðar, eru eftirfarandi:

1. Regla í uppbyggingu jarðlagastafla.
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga.
3. Jarðlagahalli.
4. Brotalínur.
5. Berggerðir og tæknilegir eiginleikar (berggæðamat).

1. Ljóst er að Færeyjar hafa vinninginn varðandi fyrsta atriðið, þ. e. að jarðlagastaflinn í eyjunum er almennt séð mun reglulegri og einfaldari í allri uppbyggingu heldur en sá íslenski. Þó er íslenski staflinn sums staðar nokkuð reglulegur, sérstaklega á tertíerum svæðum (s. s. víða á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum).
2. Þykkt og samfelldni jarðlaga er að jafnaði hagstætt í Færeyjum og sum jarðgöngin þar liggja í einu og sama jarðlaginu um langan veg. Að vísu eru flest veggöng eyjanna í dyngjubasaltsyrpu (mið-seríu) sem víða er gerð úr 0,5—2,0 m þykkum hraunbeltum en hver goseining er oft 20—30 m þykk. Lagamót með þykkum gjallkarga og skörpum mörkum basalts og setlaga eru því sjaldgæf í göngunum.

   Hérlendis er þessu farið á ýmsan hátt. Sums staðar eru jarðlög þykk og samfelld, t. d. í Oddsskarði og Ólafsfjarðarmúla, en annars staðar eru þau þunn og breytileg, t. d. á Breiðadalsheiði, yfir 500 m y. s., og fyrirhuguðu jarðgangasvæði Blönduvirkjunar. Berggrunnur hér á landi er mun yngri en í Færeyjum og þar af leiðandi eru lagamót oft og tíðum skarpari og oft með illa samlímdum gjallkarga.
3. Jarðlagahalli í Færeyjum er að jafnaði hagstæður á þeim stöðum þar sem jarðgöng eru. Halfinn er yfirleitt lítill (1—5 gráður) og oftast hefur tekist að gera jarðgöngin þannig að þau fylgja hallanum og fara jafnan í gegnum fá jarðlög.

Hér á landi er jarðlagahalli mun breytilegri en í Færeyjum. Sums staðar eru jarðlög nær lárétt (aðallega á kvartíerum svæðum, t. d. við Neðra-Sog) en annars staðar er hallinn upp í 30 gráður og allt þar á milli. Sem dæmi er hallinn um 3 gráður í Oddsskarði, 6—8 gráður við Laxárvirkjun og 13—28 gráður í Strákafjalli. Hallastefnan skiptir að sjálfsögðu einnig miklu máli. Að öðru jöfnu er yfirleitt reynt að láta jarðgöng fylgja halla viðkomandi jarðlaga (Oddsskarð) eða láta þau vera sem næst striki jarðlaga ef hallinn er mikill (Strákar) þannig að göngin skeri sem fæst jarðlög.

4. Brotalínur eru mjög algengar í Færeyjum (þ. e. samfelldar sprungur og sprungubelti) og hafa valdið vandræðum við jarðgangagerð. Þar er aðallega um að ræða svokallaðar „lamellar zones" eða sprungubelti sem eru oft 0,5—2,0 m þykk, jafnan nær lóðrétt og mjög samfelld. Þessi fyrirbæri eru fátíð hérlendis. Á móti kemur að í íslenska berglagastaflanum eru misgengi afar algeng og geta valdið vandræðum sérstaklega ef stefna þeirra er svipuð stefnu jarðganga og einnig ef þau leiða mikið vatn. Enn fremur er algengt að berggerð breytist um misgengin bæði vegna þess að berglögin standast ekki á og vegna breksíu sem oft er í misgengjunum. Misgengi eru fátíð í jarðgöngum í Færeyjum.

   Berggangar eru algengir bæði í Færeyjum og hér á landi en þeir hafa ekki orðið til trafala við jarðgangagerð. Að sjálfsögðu er ætíð reynt að haga legu jarðganga þannig að þau skeri brotalínur sem þverast ef ekki er hægt að komast hjá þeim.

5. Áður var nefnt að berggerðir á Íslandi væru mun fjölbreyttari að gerð og eiginleikum en í Færeyjum. Öll göng, sem skoðuð voru í eyjunum, eru í svipuðu dyngjubasalti nema ein sem eru í þóleítbasalti. Á Íslandi hafa jarðgöng verið gerð í margs konar berg, s. s. ýmsar tegundir basalts frá stórstuðluðu til smástuðlaðs (kubbaberg), basaltbreksíu, kargaberg (lagamótakarga), andesít, bólstraberg, móberg, móbergsbreksíu, túff, jökulberg, sandstein og siltstein, svo það helsta sé nefnt. Hlutur stuðlaðs basalts er þó stærstur.

Segja má að það séu aðeins þrjár sambærilegar berggerðir sem koma fyrir í jarðgöngum bæði hérlendis og í Færeyjum. Það eru fyrst og fremst *stuðlað basalt* en einnig *kargaberg* og *millilög* úr setbergi.

Í kafla 9 var sýnt fram á að tæknilegir eiginleikar stuðlaðs basalts í Færeyjum og víða hérlendis (sprungutíðni og berggæðamat) eru svipaðir. Ummyndun nokkurra sýna úr jarðgöngum í Færeyjum var athuguð með smásjárskoðun. Ljóst virðist að flest sýni flokkast í mesólítskólesít- og laumontít-ummyndunarbeltin. Þetta samsvarar því ummyndunarstigi sem algengt er í basalti neðan 100 m y. s. á Austfjörðum á Íslandi. Á Vestfjörðum og Mið-Norðurlandi er basaltið líklega heldur minna ummyndað. Ummyndun af þessu tagi gerir basaltið ekki að verra jarðgangabergi nema síður sé. „Hæfilega" ummyndað basalt er oft betra jarðgangaberg en ferskt basalt.

Eiginleikar kargabergs (lagamótagjallkarga), sem fram kemur sums staðar í göngum í Færeyjum, eru ekki ósvipaðir eiginleikum kargabergs á sumum tertíerum svæðum hérlendis. Þó er kargabergið í Færeyjum yfirleitt meira sambrætt og stundum jafnvel hreint klepraberg án gjalls. Kargaberg frá kvartíerum svæðum hér á landi er jafnan mun gjallkenndara og lausara í sér (klastískt) og þ. a. l. verra jarðgangaberg.

Setlög eru mjög fátíð í jarðgöngum í Færeyjum en eiginleikar þeirra virðast vera mjög svipaðir eiginleikum túffsandsteinslaga sem algeng eru í tertíera bergstaflanum hérlendis.

Segja má að *þær jarðfræðilegu aðstæður í Færeyjum, sem lýst hefur verið hér að framan, séu svipaðar og sums staðar á Íslandi, sérstaklega í tertíeru bergi,* og þar af leiðandi eru mestar líkur á að finna sambærilegar aðstæður á Vestfjörðum, Norðurlandi vestan Bárðardals og Austfjörðum.

Ljóst er að lítil skynsemi er í því að bera saman almennar jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð annars vegar hér og hins vegar í Færeyjum. Til þess er jarðfræði þessara

landa of ólík. Vitlegast er að bera saman jarðfræðilegar aðstæður í Færeyjum annars vegar og aðstæður á ákveðnum stöðum á Íslandi hins vegar, t. d. jarðlög eða jarðlagasyrpur á fyrirhuguðum og/eða hugsanlegum jarðgangaleiðum. Frekari athuganir á hugsanlegum jarðgangaleiðum hérlendis eru nauðsynlegar til að slíkur samanburður sé gerlegur.

Fylgiskjal II.

JARÐFRÆÐI ÓLAFSFJARÐARMÚLA OG JARÐFRÆÐILEGAR AÐSTÆÐUR VIÐ JARÐGANGAGERÐ

Eftir Svein Björnsson.

Inngangur.

Vegna fyrirhugaðra jarðganga gegnum Ólafsfjarðarmúla hefur Vegagerð ríkisins staðið að rannsóknum á jarðfræðilegum aðstæðum á gangasvæðinu árin 1981—1983. Fyrsta árið annaðist Raunvísindastofnun Háskólans rannsóknirnar undir stjórn Þorleifs Einarssonar jarðfræðings. Að þessum frumathugunum loknum var samin bráðabirgðagreinargerð um jarðfræði Ólafsfjarðarmúla og jarðfræðilegar aðstæður við jarðgangagerð þar (Þorleifur Einarsson og Sveinn Björnsson 1981). Árin 1982—1983 hefur Vegagerð ríkisins unnið sjálf að rannsóknum undir stjórn Hreins Haraldssonar jarðfræðings. Verkefnið er jafnframt unnið að hluta sem fjórða árs ritgerð við Háskóla Íslands og er Þorleifur Einarsson umsjónarmaður þess. Rannsóknirnar hafa undir lokin einkum beinst að rúmlega þriggja km löngum jarðgöngum milli Kúhagagils og Hraunslækjar (Tófugjár).

Ágrip.

Rúmlega 20 jarðlagasnið voru skoðuð í Ólafsfjarðarmúla árin 1981 og 1982 og boraðar fjórar rannsóknarborholur sumarið 1982 til þess að kanna jarðlagaskipan kringum gangamunna og víðar. Enn fremur var lega og stærð misgengja og bergganga skráð. Á grundvelli þessara upplýsinga voru teiknaðar þverskurðarmyndir við munna og eftir gangaleiðum.

Jarðlög í Ólafsfjarðarmúla eru tertíer að aldri. Þar skiptast á basaltlög og rauð millilög. Berggangar liggja nær lóðrétt gegnum jarðlagastaflann. Alls voru 42 basaltlög skoðuð, frá sjávarmáli upp í 500 m hæð. Meðalþykkt þeirra er 13 m. Meðalþykkt rauðra millilaga er um 0,6 m og eru þau 2,7% af jarðlagastaflanum. Bergtegundir í fjallinu eru basaltgerðirnar þóleít, dílabasalt og ólivínbasalt.

Berggangar eru algengir á svæðinu. Þeir stefna flestir N-S og er meðalþykkt þeirra 6 m en þeir þykkustu eru um 20 m þykkir. Flestir eru gangarnir margskiptir og smástuðlaðir. Berggangar eru um 4% af berginu við sjávarmál.

Fjöldi misgengja er á svæðinu og er lóðrétt höggun um einstaka misgengi allt að 70 m. Meðalhöggun um misgengi er rúmlega 11 m en 85% af misgengjunum, sem mæld voru, eru minni en 15 m. Stefna misgengja á svæðinu er óreglulegri en stefna bergganga. Hluti misgengjanna hefur svipaða stefnu og berggangarnir, þ. e. N-S stefnu og tíu dæmi fundust um það að berggangur og misgengi fylgdust að. Um helmingur misgengjanna hefur nokkuð aðra stefnu, á bilinu 290—340°, eða NV-SA. Misgengisbreksía sést á misgengisflötum nokkurra misgengja sem eru flest stærri en 15 m.

Jarðlagahalli er til SV um 5° á gangasvæðinu eða um 1,5° til NV í stefnu jarðganganna sem er nokkru meira en halli þeirra jarðgangaleiða sem litið var á.

Vegna fjölda misgengja í fjallinu er ekki unnt að fylgja einu basaltlagi við gangagerðina þótt sömu lög sé að finna við báða munna. Vitneskja um stærð og staðsetningu misgengja,

bergganga og basaltlaga á gangaleiðinni er takmörkuð og gefa því rannsóknir þessar óljósa mynd af jarðfræðilegum aðstæðum á jarðgangaleiðinni.

Bornar eru saman tvær jarðgangaleiðir. Jarðgangaleið I er 3075 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk norðan borholu OM-1 og virðist fýsilegri með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Jarðgangaleið II er 3200 m löng frá Kúhagagili að Hraunslæk sunnan borholu OM-1 (neðan útskots á vegi). Þessi möguleiki er síðri með tilliti til jarðfræði svæðisins við Hraunslæk, en aðkoma að munna er betri og snjóflóðahætta er minni þar.

Búast má við að jarðgöngin liggi að meira eða minna leyti í átta basaltlögum sem með hliðsjón af kjarnaheimtu og berggæðamati eru ekki mjög sprungin miðað við tertíert basalt almennt. Rauð millilög og gjallkargi efst í basaltlögunum virðast vera nokkuð misjöfn að gæðum. Með tilliti til reynslu við fyrri jarðgangagerð má almennt reikna með að berggangar valdi ekki vandræðum, en búast má við að styrkingar sé þörf við stærri misgengi og líklega þar sem jarðgöng skera millilög.

Fylgiskjal III.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á VESTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Eins og fram kemur í inngangi er frumathugun þessi bundin við nokkra fyrir fram ákveðna staði en ekki heildarkortlagningu alls svæðisins enda væri slíkt bæði kostnaðarsamt og tæki langan tíma. Þessir staðir voru einfaldlega valdir eftir hæðarlínukortum þar sem styst var að fara í gegnum fjöll miðað við ákveðna hæð á jarðgangaopum. Að sjálfsögðu fékkst þó einnig almenn mynd af berggrunninum á svæðinu og aðstæðum til jarðgangagerðar á fleiri stöðum. Í stuttu máli sagt er skv. þessum frumathugunum ekkert sem bendir til að jarðfræðilegar aðstæður séu heppilegri á öðrum stöðum en þeim sem hér voru teknir fyrir, enda þyrftu þær að vera mun betri til að vega upp á móti aukinni gangalengd.

Almennt séð virðist bergið á svæðinu vera a. m. k. miðlungsgott til jarðgangagerðar. Berggrunnurinn er reglulega upphlaðinn og engar megineldstöðvar, innskot eða önnur óregla á gangaleiðum. Basaltið er yfirleitt ekki mjög sprungið og misgengi eru fátíð. Hins vegar verður ekki komist hjá því að göng liggi í fleiri en einu lagi og oft í mörgum lögum. Þótt setlög milli hraunlaga séu víða þunn eða engin eru þó til staðir þar sem 1—2 m þykk rauð lög lenda í göngum. Eins og víðast annars staðar á blágrýtissvæðum landsins eru það því lagmót hraunlaga og setlög milli þeirra sem eru líklegust til að valda erfiðleikum við jarðgangagerð en ekki basaltið sjálft. Aðstæður við vegalagningu að hugsanlegum jarðgöngum hafa lítið verið skoðaðar enn.

Með tilliti til allra aðstæðna virðist vænlegast að hyggja að eftirfarandi leiðum til að tengja Önundarfjörð, Súgandafjörð og Ísafjörð með jarðgöngum:

Úr Önundarfirði frá Þverdal (við Breiðdal 180 m y. s.) að Botnsdal í Súgandafirði (200 m y. s.), um 4800 m löng göng.

Úr Súgandafirði frá Botnsdal (150 m y. s.) í Tungudal (100 m y. s.) inn af Ísafjarðarkaupstað, um 4400 m löng göng.

Alls þyrfti því um 9200 m jarðgöng og fjóra munna til að tengja þessa staði.

Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á

þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það, sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. kr. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. kr. Heildarverð jarðganga og munna í þessum tveim göngum á Vestfjörðum yrði því um 900 milljónir kr., auk vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar vegna loftræstingar.

Fylgiskjal IV.

JARÐFRÆÐIRANNSÓKNIR Á AUSTFJÖRÐUM VEGNA HUGMYNDA UM JARÐGÖNG

Eftir Hrein Haraldsson og Svein Björnsson.

Niðurstöður.

Í frumathugun þessari var lögð áhersla á að kynna sér jarðfræðilegar aðstæður í nánd við nokkrar jarðgangaleiðir, sem ákveðnar voru við skoðun á hæðarlínukortum, og fyrstu skoðun á vettvangi. Við skoðun og kortlagningu á jarðlagastaflanum á þessum stöðum fékkst svo yfirlit yfir jarðlög sem vegna jarðlagahalla eru víða komin neðst í fjöll utan við þessar jarðgangaleiðir. Í heild má segja að þótt auðvitað sé langt frá því að öll fjöll á Austfjörðum hafi verið skoðuð nái athugunin til líklegustu möguleikanna og þess að aðrar jarðgangaleiðir yrðu lengri.

Þeir þættir, sem einkum þarf að hafa í huga við ákvörðun á legu jarðganga í lagskiptum bergmyndunum eins og hér á landi, eru:

a. að láta jarðgöngin liggja í sem fæstum jarðlögum og sem þynnstum millilögum,
b. að halli í jarðgöngum sé sem næst halla jarðlaga í gangastefnu,
c. að jarðgöng skeri ríkjandi sprungu-, misgengja- og berggangastefnu sem þverast,
d. að berggæði, fjöldi og gerð sprungna, ummyndun o. fl. séu sem hagstæðust.

Basaltlög á svæðinu hafa víða u. þ. b. 10 m meðalþykkt og er það nokkuð hagstætt. Í flestum jarðgangamöguleikum þarf þó að reikna með að göngin liggi í meira en fimm lögum, oft 15—30 og jafnvel meira. Setlög, oftast rauð millilög, milli hraunlaga eru víðast þunn, eða innan við 0,5 m, en gjallkargi er víða nokkuð þykkur og oft laus í sér. Má því reikna með töluverðum styrkingum, einkum þar sem slíkt berg er í lofti jarðganga. Einn jarðgangamöguleiki, milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, gæti hugsanlega verið að öllu eða miklu leyti í heillegu bergi, en þar eru líka hættulega þykk millilög (túfflög) bæði ofar og neðar í jarðlagastaflanum sem tryggja þyrfti að lentu ekki í göngum vegna misgengja eða þess háttar.

Jarðlagahalli er víðast 3—5° til V-SV og hagstæðast að nokkuð lárétt göng liggi þvert á þá stefnu (N-S, NV-SA) til að vera í sem fæstum lögum. Þetta er að sjálfsögðu oft útilokað vegna annarra aðstæðna. Misgengi eru fátíð en stefna þeirra, eins og bergganga, er víðast hvar nálægt N-S, en það er slæmt vegna þess að þau yrðu lengi í göngum ef þau lentu þar á annað borð.

Berggæði, þ. e. sprungur, ummyndun og þess háttar, eru víðast þokkaleg á íslenskan mælikvarða, t. d. er basaltið víða stórstuðlað og bergið nokkuð ummyndað án þess að vera morkið.

Eins og fram kemur í skýrslu þessari er mögulegt að gera jarðgöng á flestum þeirra staða, sem voru skoðaðir, með tilliti til jarðfræðilegra aðstæðna. Í grófum dráttum má segja að stefna jarðganga miðað við jarðlagahalla sé sá þáttur sem getur haft mest að segja um

hagkvæmni valkosta, auk gangalengda. Ástand bergsins og lagþykkt eru nokkuð áþekk á öllu svæðinu, fyrir utan þau atriði sem talin eru upp sérstaklega hér að framan.

Í meðfylgjandi töflu eru dregnar saman helstu upplýsingar um þá jarðgangamöguleika sem skoðaðir voru á Austfjörðum. Við kostnaðaráætlun eru engin áreiðanleg gögn til sem unnt er að byggja á og verða varla fyrr en reynslutölur koma frá jarðgangagerð hér á landi þar sem notuð eru tæki og tækni sem til eru (Blanda, Ólafsfjarðarmúli). Í stórum dráttum eru jarðfræðilegar aðstæður á þessum leiðum svipaðar og í Ólafsfjarðarmúla þótt þar sé jarðfræðin betur þekkt vegna ítarlegri rannsókna. Ef einingarverð það, sem notað var í frumáætlun um jarðgöng í Ólafsfjarðarmúla 1980, er fært fram til verðlags í apríl 1984 kostar hver km í göngum 90 millj. og hver gangamunni (miðað við 100 m forskála) 15 millj. Þessar tölur er unnt að nota sem fyrstu viðmiðun og margfalda með gangalengd í töflunni. Auk þessa kemur svo kostnaður vegna vegalagningar að göngum og hugsanlegs kostnaðar við loftræstingu.

Tafla 3.

Kannaðir jarðgangamöguleikar.

	Lengd í m	Hæð munna yfir sjó	Fjöldi basaltlaga	Meðalþykkt basaltlaga
Seyðisfjörður – Mjóifjörður I	5400	120/5	7–8	10 m
Seyðisfjörður – Mjóifjörður II	5500	100/5	15	10 m
Mjóifjörður – Norðfjörður I	3000	200/110	5	óvíst
Mjóifjörður – Norðfjörður II	6500	10/160	u. þ. b. 20	u. þ. b. 9 m
Mjóifjörður – Norðfjörður III	6800	20/160	6	u. þ. b. 10 m
Norðfjörður – Eskifjörður	6000	230/20	u. þ. b. 30	óvíst
Reyðarfjörður – Fáskrúðsfjörður	5300	130/150	1–4	20–40 m
Undir Fjarðarheiði	12600	200/150	15–20	u. þ. b. 10 m
Mjóifjörður – Eyvindarárdalur	9000	100/200	80–100	u. þ. b. 10 m
Fáskrúðsfjörður – Stöðvarfjörður	5000	150/100	óvíst	óvíst
Stöðvarfjörður – Breiðdalur	3600	óvíst	óvíst	óvíst
Skógdalur (Reyðarfjörður) — Breiðdalur	9500	200/200	óvíst	óvíst

Fylgiskjal V.

ATHUGUN Á BÆTTU VEGARSAMBANDI MILLI VOPNAFJARÐAR OG HÉRAÐS

Eftir Einar Þorvarðarson.

Niðurlag.

Ljóst má vera að gott vegarsamband allt árið milli Vopnafjarðar og Héraðs fæst ekki nema með jarðgöngum úr Böðvarsdal yfir í Jökulsárhlíð.

Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða er mest öll á láglendi, nema hvað jarðgöng mundu liggja í 100—200 m hæð, eftir því hvaða kostur yrði valinn.

Vegalengdin styttist um u. þ. b. 10 km frá því sem nú er yfir Hellisheiði (97).

Jarðgöngin eru hins vegar mjög löng og þar af leiðandi dýr svo að hér er vart um raunhæfan kost að ræða í náinni framtíð.

Leiðirnar austan Möðrudalsfjallgarða og yfir Smjörvatnsheiði eru nánast útilokaðar vegna þess hversu stór hluti þessara leiða liggur hátt yfir sjó.

Mjög dýrt yrði að halda leiðum yfir Hellisheiði alltaf opnum vegna hæðar, bratta og snjóþunga, og nánast útilokað yfir háveturinn þrátt fyrir vel uppbyggðan veg.

Hvað varðar leiðir um Fagradal verður að telja vegagerð fyrir Búr með vegfyllingu í sjó fram mjög erfiða og vafasama framkvæmd. Gera þarf umfangsmiklar athuganir og prófanir ef þá leið á að skoða frekar. Ávinningur yrði fremur takmarkaður þar sem vegurinn fer upp í 400 m hæð á Fönn. Jarðgöng undir Fönn til þess að bæta úr þeim ágalla eru óálitleg vegna erfiðra jarðfræðilegra aðstæðna.

Eftir stendur þá leiðin yfir Fönn og yfir Búr. Vegagerð er tiltölulega viðráðanleg bæði hvað varðar framkvæmd og kostnað.

Vegalengdin milli Egilsstaða og Vopnafjarðar lengist um tvo km frá því sem nú er yfir Hellisheiði. Tvisvar fer vegurinn upp í 400 m hæð og um 15 km eru með 10% halla.

Kostnaðarsamt verður því að halda þessari leið opinni yfir veturinn og viðbúið að umferð verði mjög lítil að vetrarlagi.

YFIRLIT VALKOSTA

	VALKOSTIR	Vegal. Egilsst. Vopnafj. (km)	Lengd Nýbygg (km)	Lengd með 10% halla (km)	Mesta hæð (m)	Lengd jarð-ganga (m)	Áætlaður kostn. Verðl. 1.10.'83 (m.kr)
I	Um Hellisheiði.						
a)	Hellisheiði	97	20.4	19	705		67
b)	Hellisheiði m/jarðg.	95	17.4	15	580	940	174
II	Um Fagradal.						
a)	Yfir Fönn og yfir Búr	99	20.7	15	400		68
b)	Jarðg. undir Fönn og yfir Búr	97	18.8	13	400	2300	315
c)	Yfir Fönn og fyrir Búr	96	21.1	8	400		244
d)	Jarðg. undir Fönn og fyrir Búr	94	18.4	6	300	2300	488
III	Jarðgöng úr Jökulsárhlíð yfir í Böðvarsdal.						
a)	Torfastaðir-Frökkudalur	84	13.2	2	200	6300	604
b)	Ketilsstaðir-Seldalur	87	13.0	3	200	5700	555
c)	Ketilsstaðir-Hjallafjall	86	12.6	1	100	6600	625
IV	Smjörvatnsheiði.						
a)	Fossvellir-Sunnudalur	81	38.0		750		126
b)	Hvannárdalur-Sunnudalur	95	38.0		750		126
V	Austan Möðrudalsfjallgarða.						
	Langadalsvarða-Þrívörðuháls	153	23.8		560/640		52

Fylgiskjal VI.

JARÐGÖNG Á ÍSLANDI
Berggæðamat.

Eftir Björn A. Harðarson.

Formáli.

Mikilvægur þáttur í athugunum vatnsorkudeildar á virkjunarkostum eru rannsóknir og mat á bergi með tilliti til jarðgangagerðar þar sem mikill hluti vatnsvega og annarra mannvirkja er neðanjarðar í mörgum vatnsorkuverum. Fyrir fjórum árum var tekið í notkun á vatnsorkudeild tölulegt bergflokkunarkerfi af erlendum uppruna. Talið var að kerfið gæti orðið mikilvægt hjálpartæki við gæðamat og samanburð á bergi með tilliti til jarðgangagerðar. Kerfisbundin greining samkvæmt þessu kerfi hefur verið framkvæmd á bergi frá flestum næstu virkjunarstöðum hér á landi. Töluverð vinna hefur verið lögð í aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum og í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugunum í nær öllum jarðgöngum sem gerð hafa verið hérlendis. Hér er um áfangaskýrslu að ræða þar sem enn hefur lítil reynsla fengist á hæfni þessa kerfis til að segja fyrir um hegðun og stæðni íslensks bergs í jarðgöngum.

Mjög mikilvægt er að sú reynsla, sem fæst við gerð næstu jarðganga hérlendis, verði nýtt eins og frekast er unnt í þágu þessa flokkunarkerfis þar sem kostir þess eru ótvíræðir. Þar má helst nefna eftirfarandi:

1. Á forhönnunarstigi hjálpar kerfið til að velja milli mismunandi jarðgangaleiða.
2. Kostnaðaráætlanir varðandi styrkingaþörf í jarðgöngum ættu að verða áreiðanlegri ef niðurstöður gæðamatsins eru hafðar til hliðsjónar.

Hins vegar ber að leggja áherslu á að berggæðamatið sem slíkt ákvarðar ekki styrkingar á byggingarstigi. Slíkar ákvarðanir verða ætíð teknar á staðnum samhliða gangagerðinni en berggæðamatið gæti þó verið einn af þeim þáttum sem hafðir eru til hliðsjónar.

Virðingarfyllst,

Haukur Tómasson
forstjóri vatnsorkudeildar.

Inngangur.

Flestum sem unnið hafa við forrannsóknir vegna mannvirkjagerðar er ljóst hve erfitt er að leggja hlutlaust mat á gæði bergs, sérstaklega með tilliti til jarðgangagerðar. Vegna þessa er oft á tíðum vandkvæðum bundið að hanna neðanjarðarmannvirki fyrir fram og sérstaklega torvelt að gera nákvæmar kostnaðaráætlanir. Undanfarinn áratug hafa nokkur berggreiningarkerfi verið notuð erlendis til að ákvarða gæði bergs (rock mass quality) með tilliti til jarðgangagerðar. Flest þessi kerfi byggjast á talnalegu mati á einstökum tæknilegum eiginleikum bergs og á grundvelli þess er öllu bergi skipt í gæðaflokka og hverri bergeiningu gefin ein heildareinkunn sem á að vera mælikvarði á stöðugleika viðkomandi bergs í jarðgöngum.

Kerfisbundið mat á gæðum bergs til jarðgangagerðar hófst hér á landi 1980 á vatnsorkudeild Orkustofnunar. Hugmyndin var sú að með slíku mati væri auðveldara að bera saman mismunandi jarðgangaleiðir innan sama virkjunarsvæðis og einnig á milli virkjunarsvæða. Berggreiningarkerfið sem varð fyrir valinu er norskt að uppruna, svokallað Q-kerfi.

Helstu **kostir** þess að meta berg á kerfisbundinn og tölulegan hátt eru eftirfarandi:

1. Með slíku mati er unnt að bera saman á markvissan hátt gæði mismunandi bergs á milli staða og svæða. Einnig er unnt, eftir að framkvæmdum lýkur á einum stað, að yfirfæra reynslu á talnaformi yfir á annan stað eða svæði.
2. Berggæðamatið virkar í raun sem eins konar: „tékklisti" þannig að við matið eru hin margvíslegu atriði, er snerta gerð og eiginleika bergsins, skráð niður sem ella væri ekki gert við hefðbundna kjarnagreiningu.

Helstu **ókostir** berggæðamatsins (Q-kerfisins) eru eftirfarandi:

1. Hér á landi er reynslan af notkun þessa kerfis afar takmörkuð, enn sem komið er. Þess vegna er ekki ráðlegt að nota niðurstöður kerfisins nema á fyrri stigum rannsókna og styrkingarspá kerfisins má ekki nota nema við áætlanagerð á forhönnunarstigum.
2. Gæðamatið útheimtir töluverða vinnu og virðist flókið fyrir byrjendur. Mismunandi persónulegt mat og reynsla þeirra, sem framkvæma greininguna, veldur oft mismunandi niðurstöðum. Vegna þessa er afar mikilvægt að greiningin sé gerð af mönnum þjálfuðum í notkun kerfisins.

Síðan 1981 hefur allur borkjarni frá væntanlegum eða hugsanlegum jarðgangasvæðum Blönduvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunar, Sultartangavirkjunar, Búrfellsvirkjunar II, Vatnsfellsvirkjunar og Kvíslaveitu verið greindur samkvæmt Q-kerfinu. Mikil áhersla hefur verið lögð á að einfalda og samræma vinnubrögð við berggreininguna þannig að hinn mannlegi þáttur í greiningunni verði sem allra minnstur. Þannig verða berggæðin (Q-gildin) samanburðarhæf milli mismunandi jarðgangaleiða og svæða en ekki endilega kórrétt miðað við upprunalega Q-kerfið. Niðurstöður berggæðamatsins hafa birst í ýmsum skýrslum vatnsorkudeildar og í viðauka I er listi yfir allar skýrslur viðkomandi berggæðamatinu sem gefnar hafa verið út af Orkustofnun.

Enn hafa engin jarðgöng verið gerð hérlendis síðan tölulegt berggæðamat var tekið upp hér. Bein reynsla af hæfni þessa kerfis til að segja fyrir um hegðan og stæðni íslensks bergs við jarðgangagerð (út frá mælingum á borkjörnum) er því mjög takmörkuð enn sem komið er. Samt sem áður er talið að stigið hafi verið stórt skref fram á við með slíkri kerfisbundinni greiningu bergs. Samanburður á mismunandi jarðgangaleiðum er nú mun auðveldari og markvissari en áður. Einnig hefur safnast mikið af dýrmætum upplýsingum um gerð og eiginleika íslensks bergs sem ella hefðu glatast, upplýsingum sem ættu að reynast mikilvægar við jarðgangagerð á næstu árum og áratugum ef skynsamlega er á málum haldið. Í því sambandi er mikilvægt að raunverulegar aðstæður í næstu jarðgöngum verði bornar saman við niðurstöður berggæðamatsins á samsvarandi borkjörnum.

Liður í aðlögun Q-kerfisins að íslenskum aðstæðum voru mælingar í öllum jarðgöngum hér á landi sem hægt var að komast í. Þessar mælingar voru gerðar árið 1981 og er framkvæmd þeirra og niðurstöðum lýst í þessari skýrslu. Hluti þess berggæðamats sem hér er greint frá er orðinn úreltur að nokkru leyti þar sem kerfinu var breytt lítils háttar á grundvelli þessara gagna. Samt sem áður þótti rétt að taka saman þessi gögn svo að hægt væri að ganga að þeim öllum á sama stað.

Ed. 101. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr. orðist svo:

Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhea),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (nongonoccal urethritis) þ. m. t. chlamydiae,
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum og granuloma inguinale,
alnæmi (Acquired Immune Deficiency Syndrome — AIDS).
Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því síðustu lög um varnir gegn kynsjúkdómum voru sett árið 1978 hefur komið til nýr og skæður sjúkdómur, sem nefndur hefur verið á íslensku **alnæmi** — AIDS. Lög um varnir gegn kynsjúkdómum ná einungis yfir tilgreinda sjúkdóma, sbr. nánar 1. gr. laga nr. 16/1978, og eingöngu meðan þeir eru smitandi. Til þess að geta brugðist við öðrum kynsjúkdómum en þeim er þar eru upptaldir þarf því að breyta lögum.

Það er skoðun ráðuneytisins og landlæknisembættisins að brýna nauðsyn beri til þess að setja lagaákvæði um alnæmi til þess að unnt sé að bregðast við þessum sjúkdómi eins og öðrum kynsjúkdómum. Fyrir því fól heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þeim Guðjóni Magnússyni, settum landlækni, og Ingimar Sigurðssyni, yfirlögfræðingi í ráðuneytinu, að gera tillögur hér að lútandi ásamt tillögum um aðrar minni háttar breytingar á lögunum með hliðsjón af fenginni reynslu undanfarinna ára. Leggja þeir til að alnæmi verði tekið inn í upptalningu 1. gr. laganna. Þannig yrði sjúkdómurinn m. a. skráningarskyldur sem kynsjúkdómur og heimilt yrði að leita að sýktum einstaklingum og veita þeim meðferð og ráðleggingar til að sporna gegn því að þeir sýki aðra.

Enn fremur leggja þeir til að þess verði sérstaklega getið í 1. gr. laganna að þvagrásarbólga nái yfir *chlamydiae*. Niðurstöður rannsókna á húð- og kynsjúkdómadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur sýna að algengasta orsök þvagrásarbólgu er af völdum chlamydiae. Þessi sjúkdómur veldur einnig bólgu í eggjastokkum, sem leitt getur til ófrjósemi, og er því brýnt að greina sjúkdóminn og ná til þeirra sem hafa smitast. Lögin hafa verið túlkuð svo að þau næðu yfir chlamydiae, en þar sem um er að ræða lög er hafa áhrif á sjálfsákvörðunarrétt þegnanna, þykir rétt að taka af öll tvímæli.

Með skírskotun til ofanritaðs er frumvarp þetta fram komið. Varðandi frekari upplýsingar um alnæmi — AIDS — vísast til upplýsinga landlæknisembættisins, sem fylgja hér með, en þær voru gefnar út á vegum embættisins í búningi fræðslurits s. l. sumar.

Fylgiskjal.

ALNÆMI

Hvað er alnæmi?

Alnæmi (Acquired Immune Deficiency Syndrome — AIDS) er lokastig veirusýkingar, sem hefur eyðilagt ónæmiskerfi líkamans, og leitt til þess að sjúklingurinn verður berskjaldaður fyrir ýmsum sýkingum og illkynja sjúkdómum. Veiran (HTLV-III/LAV, Human T-Lymphotropic Virus-III/Lymphadenopathy Associated Virus) getur valdið smiti með ýmsum hætti. Eftir að smitun á sér stað líða í flestum tilvikum nokkrar vikur eða mánuðir þar til líkaminn myndar mótefni gegn veirunni. Fjórðungur þeirra sem smitast fær á næstu mánuðum eða árum forstigseinkenni alnæmis. Enginn veit enn þá með vissu hversu hátt hlutfall smitaðra fær lokastig sjúkdómsins, til þess er of skammur tími liðinn frá því að sjúkdómurinn uppgötvaðist. Talið er að á næstu fimm árum frá smiti fái 5—20% smitaðra lokastig alnæmis.

Hvenær smita menn?

Telja verður að allt frá því einstaklingur smitast geti hann smitað aðra. Ekkert bendir til að myndun mótefna komi í veg fyrir að menn smiti. Því ber að líta svo á að allir, sem mótefni mælast hjá, geti verið smitberar.

Hvernig smitast sjúklingurinn?

Veiran hefur fundist í blóði, sæði, munnvatni, brjóstamjólk og öðrum líkamsvessum. Mestar líkur eru á smiti þegar blóðblöndun á sér stað, t. d. við blóðgjöf. Þá er hætta á blóðblöndun þegar margir eiturlyfjaneytendur nota sömu nálar og einnig getur viss blóðblöndun átt sér stað við samfarir. Hugsanlegt er að smit geti borist með sæðisvökva. Enda þótt veiran hafi fundist í munnvatni, er engin vissa fyrir því að hún berist milli manna með því. Sjúkdómurinn er því ekki bráðsmitandi og smitast ekki við daglega umgengni eins og t. d. venjulega snertingu, hósta eða hnerra og ekki heldur í matvælum, eða drykkjarvatni.

Hver eru einkenni sjúkdómsins?

Forstigseinkenni alnæmis eru eitlastækkanir, langvarandi hiti, nætursviti, megrun, þrálátur niðurgangur og sveppasýkingar í munni. Þegar sjúkdómurinn er kominn á lokastig, geta komið skyndilegar húðbreytingar, langdreginn þurr hósti og andnauð með eða án hita, mikil þreyta og slappleiki. Hafa ber í huga að öll þessi einkenni geta einnig átt við marga aðra sjúkdóma.

Hverjir fá alnæmi?

Þeir sem eru í mestri hættu að fá þennan sjúkdóm eru þeir sem hafa kynmök við marga, eiturlyfjaneytendur sem sprauta sig, blóðþegar, einkum dreyrasjúklingar sem þurfa á storkuþáttum að halda, og börn mæðra sem hafa sýkst.

Hver er útbreiðsla sjúkdómsins?

Í ársbyrjun 1985 höfðu greinst um 11 000 sjúklingar með alnæmi. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra er í Bandaríkjunum, en sjúkdómurinn hefur fundist í a. m. k. 40 löndum í öllum heimsálfum. Sýkingin er þó mun útbreiddari en tölur þessar gefa til kynna.

Er hægt að lækna alnæmi?

Engin lækning er til enn sem komið er. Verið er að kanna virkni nokkurra lyfja gegn sýkingunni og fylgisýkingum hennar, en of snemmt er að spá um árangur.

Er til bóluefni gegn alnæmi?

Ekkert bóluefni er til enn sem komið er og ekki er vitað hvort eða hvenær svo verður.

Hvað er til varnar?

Hættu á smitun með blóði má minnka með því að nota ekki blóð til blóðgjafar sem mótefni hafa mælst í. Þar sem sumir einstaklingar mynda trúlega ekki mótefni gegn veirunni er mikilvægt að allir þeir sem hugsanlega geta verið smitaðir gefi ekki blóð. Nýlega er hafin hitun á storkuþáttum sem dreyrasjúklingar þurfa á að halda og er talið að það geti komið í veg fyrir smit.

Hvernig má forðast smit?

Með því að forðast kynmök við marga sérstaklega ókunnuga. Sérstaklega ber að forðast vændi. Notkun á smokkum minnkar smithættu. Farðu mildum höndum um ástkonu eða ástmann og forðastu að særa eða meiða til að minnka líkur á blóðblöndun.

Hvað á ég að gera við grun um smit?

Leitaðu læknis. Hægt er að mæla mótefni gegn veirunni í blóðinu og ástand ónæmiskerfisins.

En ef mótefni finnast?

Þú þarft reglulegt eftirlit hjá sérfræðingum þar sem fylgst er með ástandi ónæmiskerfisins og athugaðu hvort einkenni sjúkdómsins séu að koma fram. Þér ber að gæta ítrustu varkárni í kynmökum og upplýsa rekkjunaut eða rekkjunauta um að þú hafir mótefni gegn veirunni. Hafir þú samfarir eru verjur vörn gegn smiti.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [92. mál]

um vistunarvanda öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að leysa vandamál þeirra öryrkja sem eiga sakir andlegrar og líkamlegrar fötlunar örðugt um vistun á þeim stofnunum sem fyrir eru.

Helst yrði um að ræða að efla stuðning við hjúkrun í heimabyggð eða stofnun sérdeildar við ríkisspítala.

Greinargerð.

Á þinginu 1983 — 106. löggjafarþingi — var þessi tillaga flutt og greinargerðin, sem henni fylgdi þá, var svohljóðandi:

Tillaga þessi er borin fram af brýnni þörf. Vissulega er erfitt að setja ákveðin mörk þegar vandi öryrkja er skoðaður og möguleikar þeirra til eðlilegrar og sjálfsagðrar aðstoðar

samfélagsins. Nægir að minna á vanda fjölfatlaðra barna sem ráða verður svo skjóta bót á sem unnt er. Um það atriði verður flutt sérstakt þingmál.

Hins vegar segja þeir, sem gerst þekkja til þessara mála, að í dag séu nokkrir öryrkjar, u.þ.b. 10 einstaklingar, sem séu alls ekki vistaðir við eðlilegar aðstæður eftir slys eða önnur áföll og eigi í raun hvergi heima á stofnunum þeim sem fyrir eru eins og þær eru nú í stakk búnar. Þessir öryrkjar eru yfirleitt vistaðir á almennum sjúkrahúsum og endurhæfingarstöðvum, og þá sem alger neyðarráðstöfun vegna skorts á mannafla til að liðsinna þeim. Hér er ekki um marga að ræða, en vandinn varðandi þá þeim mun meiri og hefur m.a. komið í ljós í því að starfsfólk viðkomandi stofnana hefur allt að því hótað að ganga út ef þessari byrði yrði ekki af þeim létt.

Efling hjúkrunar á þeim stöðum, þar sem þessir sjúklingar eru nú vistaðir, eða stofnun sérdeildar við einhverja sjúkrastofnun, sem sinnir svipuðum vanda, mundi leysa brýnustu vandamálin sem eru hrikaleg. Með þeim einum hætti verður komið til móts við þessa einstaklinga sem auk líkamlegrar fötlunar sinnar eiga gjarnan við geðræn vandamál að stríða. Sömuleiðis þarf að létta á þeim almennu stofnunum sem leysa þessi mál við alls ófullnægjandi aðstæður og til mikils skaða fyrir aðra starfsemi sína.

Svo fóru leikar að meiri hluti allsherjarnefndar Sameinaðs þings lagði til að málinu yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá svohljóðandi:

„Í trausti þess að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið taki á þessu máli í samræmi við þá samþykkt stjórnarnefndar að stofna beri sérstaka sjúkradeild til vistunar og þjálfunar þeirra sem vegna slysa hafa fatlast svo andlega að jafna megi til meðfæddrar þroskaskerðingar, að staðið verði við fyrirheit um fjárframlag úr Framkvæmdasjóði fatlaðra svo að markmiði ályktunarinnar verði náð á þessu ári telur Alþingi að ekki sé þörf á samþykkt þessarar tillögu og samþykkir að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Á þetta féllst meiri hluti Alþingis, en þá þegar var raunar ljóst að ekki mundi svo úr rætast sem þarna er vísað til.

Af svörum heilbrigðisráðherra í fyrra við fyrirspurn frá tveim flutningsmanna kom enda í ljós að enn voru öll þessi mál óleyst og þar hefur engin breyting orðið á. Nýlegir vistunarerfiðleikar og ástand þessa máls í heild knýr hins vegar á af ofurþunga og því er óhjákvæmilegt að hreyfa þessu máli á nýjan leik og gera tilraun til þess að koma málinu í sem farsælastan farveg og það sem fyrst.

Sþ. 103. Fyrirspurn [93. mál]

til viðskiptaráðherra um ákvörðun dráttarvaxta o.fl.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Er verið að vinna að samningu frumvarps um dráttarvexti og hvernig þá skuli reikna? Sé svo, hvernig miðar þeim störfum?
2. Eftir hvaða meginreglum telur viðskiptaráðherra að fara eigi við ákvörðun og útreikning dráttarvaxta og hvaða viðurlög telur ráðherra að við eigi ef út af er brugðið?
3. Telur ráðherra ástæðu til þess að mæla fyrir um með lagaboði hvaða kostnað lögmenn megi reikna sér við innheimtu fjárskuldbindinga?

Sþ. 104. Fyrirspurn [94. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úrræði fyrir vímuefnasjúklinga.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hefur ríkisstjórnin gert áætlun um læknisaðstoð og meðferðarúrræði fyrir þá sem ánetjast hafa vímuefnum?

Sþ. 105. Fyrirspurn [95. mál]

til dómsmálaráðherra um rannsókn og úrslit vímuefnamála.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að rýmka heimildir til rannsóknar vímuefnamála?
2. Hefur svokölluðum sáttamálum (þ.e. að málum ljúki með sektum) vegna vímuefna fækkað?

Sþ. 106. Fyrirspurn [96. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um framkvæmd tóbaksvarnalaga.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksneyslu í samræmi við lög um tóbaksvarnir, nr. 74/1984?
2. Er bann það við auglýsingum, sem lögin kveða á um, í heiðri haft?
3. Hafa komið fram kærur vegna meintra brota á 8. gr. laganna? Eru t.d. brögð að því að börnum yngri en 16 ára sé selt tóbak?
4. Hafa verið sett nánari ákvæði um framkvæmd laganna með reglugerð, sbr. heimild í 16. gr.?
5. Hvaða sektum sætir sá sem brýtur gegn ákvæðum 6.—11. gr. og 13. gr. laganna?

Sþ. 107. Fyrirspurn [97. mál]

til menntamálaráðherra um tóbaksvarnir.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hvernig er háttað þeirri reglubundnu fræðslu um skaðsemi tóbaksneyslu sem kveðið er á um í IV. kafla laga um tóbaksvarnir, nr. 74/1984?

Sþ. 108. Fyrirspurn [98. mál]

til forsætisráðherra um þátttöku Íslands í vísindasamstarfi Evrópuþjóða.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til þátttöku Íslands í svonefndu Eureka-vísindasamstarfi Evrópuþjóða?

Sþ. 109. Fyrirspurn [99. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu búvara og afkomu afurðastöðva.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hversu há lán er fyrirhugað að ríkissjóður taki til þess að auðvelda staðgreiðslu búvara?
2. Með hvaða hætti verður fyrirgreiðsla til afurðastöðva:
   a. með auknum afurðalánum; ef svo er, á hvaða kjörum;
   b. með kaupum ríkissjóðs á mjólkurafurðum og kindakjöti;
   c. með beinum styrkjum; ef svo er, þá til hverra og með hvaða hætti?
3. Hefur verið gerð úttekt á afkomu afurðastöðva til að ganga úr skugga um hvort þær geti staðið undir ákvæðum nýrra laga um staðgreiðslu búvara? Ef slík úttekt hefur farið fram, hverjar eru þá niðurstöður hennar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 110. Fyrirspurn [100. mál]

til sjávarútvegsráðherra um uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Eftir hvaða reglum hefur uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi verið endurgreiddur á yfirstandandi ári?
2. Hvaða upphæð hefur komið í hlut hvers og eins sem endurgreiðslu hefur fengið?
3. Eftir hvaða reglum er fyrirhugað að úthluta þeim 600 milljónum króna sem til þessa eru ætlaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 111. Fyrirspurn [101. mál]

til forsætisráðherra um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll sem samþykkt var 22. maí 1984?

Sþ. 112. Fyrirspurn [102. mál]

til félagsmálaráðherra um úthlutunarreglur húsnæðislána vegna einingahúsa.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hvenær tóku gildi breyttar reglur um úthlutun húsnæðislána vegna einingahúsa?
2. Hvers vegna samþykkti ráðherra þessar breytingar þegar fyrir lá eindregin andstaða við þær innan allra þingflokka á Alþingi, sbr. þingsályktunartillögu á þskj. 135 á síðasta þingi?
3. Hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun núgildandi úthlutunarreglna með tilliti til fenginnar reynslu?

Sþ. 113. Fyrirspurn [103. mál]

til menntamálaráðherra um fræðslu til varnar vímuefnaneyslu.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hefur ríkisstjórnin í hyggju að efla fræðslu til varnar því að börn og unglingar ánetjist vímuefnum?

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [104. mál]

um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

1. Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að sjá svo um að nú þegar verði sett á stofn sérstök deild við Húsnæðisstofnun ríkisins til þess að veita húsbyggjendum og íbúðakaupendum ráðgjöf, svo sem með því að áætla fyrir þá greiðslubyrði og greiðslugetu, kanna lögmæti greiðslukrafna, t.d. útreikninga á dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, aðstoða við endurskipulagningu lána og gefa ráð og ábendingar um aðstoð sérfróðra manna, svo sem lögfræðinga eða endurskoðenda, ef ástæða er til.
2. Vegna þess neyðarástands, sem nú ríkir hjá íbúðabyggjendum og húsakaupendum og m.a. kemur fram í ört fjölgandi kröfum um nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði, ályktar Alþingi að ráðgjafardeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. I. tölulið, verði tafarlaust falin eftirtalin verkefni:

a. Að fylgjast með kröfum og auglýsingum um nauðungaruppboð á íbúðarhúsnæði og — sé talið líklegt að hjá uppboði verði ekki komist — að taka þá frumkvæði og bjóða íbúðareigandanum ráðgjöf.
b. Sé slíkt boð þegið, eða óski íbúðareigandi sjálfur aðstoðar ráðgjafardeildarinnar við slíkar aðstæður, skal hún m.a. hafa meðalgöngu um að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 6 frá 5. maí 1978 um aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda við skuldara þannig að þegar til uppboðs kemur megi krefjast frestunar á uppboði og greiðslustöðvunar skv. ákvæðum II. kafla umræddra laga svo að óheimilt sé á meðan á frestinum stendur, m.a. að taka bú skuldarans til gjaldþrotaskipta, gera fógetagerð í eignum hans eða að selja eignir hans á nauðungaruppboði.
c. Eftir uppboðsfrest fenginn með þessum eða öðrum hætti skal ráðgjafardeildin veita aðstoð til þess að kanna skuldastöðu og greiðslugetu skuldara. Verði niðurstaða slíkrar könnunar sú að með viðráðanlegum lánabreytingum og lánalengingu megi leysa erfiðleika skuldarans með hliðsjón af greiðslugetu hans skal ráðgjafardeildin veita aðstoð og ráðgjöf í því skyni og Byggingarsjóður ríkisins atbeina sinn til þess samkvæmt heimild í 6. tölulið laga nr. 60 frá 1. júlí 1984. Sú fyrirgreiðsla Byggingarsjóðs ríkisins skal vera með eigi lakari lánskjörum en veitt hafa verið með vísan til þessa ákvæðis, þ.e. verðtryggð lán til 16 ára með 1% ársvöxtum. Komi hins vegar í ljós að greiðslugeta skuldarans geri honum ekki fært að standa undir greiðslu lána vegna íbúðar hans þrátt fyrir lánalengingu skv. framansögðu og honum því ráðlagt að selja íbúðina skal ráðgjafardeildin sjá til þess að hagsmuna íbúðareigandans sé gætt við söluna. Hvort sem til sölu eða endurskipulagningar á lánum kemur skal ráðgjafarþjónustan veita aðstoð við skuldauppgjör, m.a. til þess að tryggja að óeðlilegar og óréttmætar kröfur um dráttarvexti og innheimtukostnað séu ekki greiddar.

Greinargerð.

Fjöldinn allur, sem tekið hefur lán til íbúðakaupa eða íbúðabygginga á síðari árum, hefur átt við sívaxandi greiðsluvanda að etja. Á þetta við um þá sem tekið hafa íbúðalán hjá opinberum lánastofnunum, svo sem Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, hjá lífeyrissjóðum og síðast en ekki síst um þá sem tekið hafa til viðbótar skammtímalán hjá bönkum og öðrum lánastofnunum. Til marks um sívaxandi erfiðleika þeirra, sem skulda íbúðalán, eru nauðungaruppboðsauglýsingarnar. Ört vaxandi straumur slíkra auglýsinga setur svip á dagblöðin og Lögbirtingablaðið er farið að koma út í aukaútgáfum til þess að geta rúmað allar þær uppboðsauglýsingar sem bíða.

Hætt er við því, ef svo heldur fram sem horfir, að fjölmargar fjölskyldur standi innan tíðar uppi eignalitlar eða eignalausar og breytir þá litlu þótt þær hafi lagt nótt við dag í vinnu, þó ekki væri nema til þess að komast hjá því að þær eignir, sem fjölskyldan lagði upp með, verði að engu. Fjölmörg dæmi eru um slíkt þar sem fólk hefur lagt fram einhverjar eignir sem það hefur verið búið að ná saman til þess að eignast þak yfir höfuðið, unnið svo myrkranna á milli en staðið uppi snauðara en það var þegar upp var lagt. Skuldirnar vaxa og vaxa, dráttarvextirnir hlaðast upp og eignirnar rýrna í verði að sama skapi. Vanskilavextir þurfa jafnvel ekki að koma til svo að þannig fari. Þótt í skilum sé staðið og engir vanskilavextir séu greiddir getur verðgildi skuldanna engu síður vaxið umfram verðgildi eignarinnar og höfuðstóll fjölskyldunnar þannig brunnið upp eins og í eldi sem enginn mannlegur máttur virðist ráða við. Átakanlegast er þetta þó þar sem markaðsverð eignarinnar er allt annað og lægra en matsverð hennar eða endurnýjunarverð eins og háttar til víðs vegar á landsbyggðinni. Þar er ástandið hjá mörgum íbúðareigandanum orðið slíkt að hann getur ekki einu sinni selt eign sína, þótt hann feginn vildi, til þess að losa sig úr vítahringnum. Slíkur íbúðareigandi og fjölskylda hans eru föst í óhugnanlegu neti þaðan sem

engum er undankomu auðið nema með kalið hjarta. Í svo ljótum leik með ávextina af lífsstarfi margra fjölskyldna, sem hefst með nauðungaruppboðunum á eigum fólks, má sannarlega segja að bróðernið sé flátt mjög og gamanið sé grátt. Miðað við tómlæti og sinnuleysi ráðamanna gagnvart þessari neyð má ætla að kalt sé enn und rifjum konungsmönnum hjá — og sannarlega tími til kominn að reynt sé að þíða þann heljarfrera.

Ekki skortir á að vakin hafi verið athygli á ástandinu og bent á leiðir til úrbóta. Sérstök samtök hafa verið stofnuð af húsbyggjendum sem reynt hafa að ná eyrum ráðamanna og hafa samið við þá um tilteknar lausnir — en við þá samninga hefur ekki verið staðið. Þingmenn Alþýðuflokksins hafa lagt sig fram um að vara við því ástandi sem skapast hefur og leggja fram tillögur til úrbóta allt frá því að þeir kölluðu fyrir sig fulltrúa launþegasamtakanna á árinu 1980 til þess að vekja sérstaklega athygli þeirra á að það samkomulag, sem þá stóð til að gera við þáverandi ríkisstjórn, mundi leiða til fjárþrots og uppgjafar húsnæðislánakerfisins á skömmum tíma eins og raunin hefur orðið. Hefði verið hlustað á þau viðvörunarorð þingmanna Alþýðuflokksins og farið að tillögum þeirra um lengingu lána og trausta fjármögnun húsnæðislánakerfisins hefði það neyðarástand ekki orðið sem nú blasir við. Þetta ástand er þess vegna líka á ábyrgð þeirra sem höfðu verið varaðir við en kusu þrátt fyrir það að setja kíkinn fyrir blinda augað og etja svo húsbyggjendum út í ófæruna. Andvaraleysi þessara aðila, tómlæti þeirra og skeytingarleysi hefur valdið því að þau úrræði, sem dugað gátu hefði þeim verið beitt strax, duga ekki lengur og verður því að leita nýrra leiða.

Vanda húsbyggjenda og íbúðakaupenda má skipta í tvennt. Fyrst má nefna þá sem enn hafa ekki fengið nein lán. Til þess að leysa þeirra vanda þarf annars vegar að tryggja íbúðalánakerfinu næga og trausta tekjustofna svo að lánasjóðirnir geti annað eftirspurn og veitt fólki eðlilega fyrirgreiðslu og hins vegar að breyta lánareglum þannig að ekki endurtaki sig það sem gerst hefur að fólki sé gert ókleift með öllu að standa undir eðlilegum íbúðalánum af meðaltekjum. Tillögur um þetta hefur Alþýðuflokkurinn ítrekað gert og reynir nú enn einu sinni að fá þeim framgengt með þátttöku sinni í starfi sérstakrar milliþinganefndar um húsnæðismál með aðild stjórnar og stjórnarandstöðu.

Hinn þáttur vandamálsins er svo neyð þeirra sem þegar hafa fengið íbúðalán sín en geta ekki lengur undir þeim risið vegna þess að lánsfjárfyrirgreiðslan var í fyrsta lagi hvorki nægileg né til nægilega langs tíma og í öðru lagi vegna þess að skuldirnar hafa hækkað langt umfram tekjurnar og greiðslubyrðin aukist að sama skapi. Vandamál þessa fólks þarf að leysa sérstaklega og það má ekki dragast lengur ef takast á að koma í veg fyrir stórfellda eignaupptöku hjá almenningi, upplausn og sundrungu margra fjölskyldna.

Vegna þess hve brýnt vandamálið er hefur þingflokkur Alþýðuflokksins leitað lausna sem unnt væri að grípa til á grundvelli gildandi laga. Ný lagasetning á Alþingi er vandasamt verk og tekur auk þess ávallt talsverðan tíma. Vandamál fólksins, sem á eignir sínar undir hamrinum, er hins vegar bæði augljóst, vel afmarkað og svo brýnt að takist að finna leið sem leitt getur til tafarlausra aðgerða er hún, hverjar sem aðstæðurnar eru, ákjósanlegri en ný lagasetning. Þessa leið hafa þingmenn Alþýðuflokksins nú fundið, leið sem fara má með löglegum hætti með velvilja framkvæmdarvaldsins og opinberra lánastofnana, leið sem nú þegar er opin og gæti leitt til úrbóta á neyðarástandi margra fjölskyldna.

Lykillinn að þessari lausn er sá að setja nú þegar á stofn sem sérstaka deild við Húsnæðisstofnun ríkisins ráðgjafarþjónustu eins og þá sem starfaði við stofnunina á síðasta ári vegna þeirrar athugunar á vandamálum húsbyggjenda sem þá fór fram. Hlutverk deildarinnar verði ekki aðeins að kanna skuldastöðu og greiðslugetu þeirra sem til hennar leita heldur einnig réttmæti þeirra greiðslukrafna sem gerðar eru á hendur þeim, svo sem varðandi útreikning dráttarvaxta, innheimtukostnað o.fl. Flm. gera ráð fyrir því í tillögu þessari að ráðgjafarþjónsta þessi verði til frambúðar sérstök deild í Húsnæðisstofnun ríkisins.

Eftir að þessi deild hefur verið endurvakin, sem er hægt að gera á mjög stuttum tíma þar eð reynsla er þegar fyrir hendi af starfseminni, er það tillaga flm. að vegna þess sérstaka neyðarástands sem nú er sökum ört fjölgandi uppboðskrafna á íbúðarhúsnæði verði ekki beðið eftir því að þeir íbúðareigendur, sem eiga í erfiðleikum, leiti til ráðgjafardeildarinnar heldur verði deildinni falið að hafa sjálf frumkvæði í slíkum málum með því að kanna hvaða íbúðareigendur það eru, sem líklegt þykir að til uppboðs muni koma hjá, og bjóði þeim aðstoð sína. Með viðtölum bæði við fógeta og kröfuhafa er fljótlegt að ganga úr skugga um hvaða íbúðareigendur eiga hér hlut að máli og eins mætti til enn frekara flýtis hafa sem viðmiðun þá íbúðareigendur sem bíða annars og síðara uppboðs.

Hvort sem íbúðareigandi leitar sjálfur til ráðgjafarþjónstunnar við slíkar aðstæður eða hún hefur frumkvæði að því að bjóða ráðgjöfina og boðið er þegið leggja flm. til að ráðgjafardeildin reyni að tryggja að forsendum sé fullnægt fyrir því að veita megi greiðslustöðvun skv. II. kafla gjaldþrotalaga, nr. 6 frá 5. maí 1978. Í 7. gr. laganna segir svo orðrétt:

„Sá sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, en vill freista þess að koma nýrri skipan á fjármál sín með aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda, sem hann hefur til þess ráðið, getur óskað þess að skiptaráðandi heimili honum greiðslustöðvun í allt að 3 mánuði með þeim réttarverkunum, sem í 8. gr. segir. Ekki má heimila greiðslustöðvun, ef þeim, sem hennar beiðist, hefur áður verið heimiluð greiðslustöðvun á síðustu 3 árum fyrir frestdag."

Sá atbeini, sem rætt er um að ráðgjafardeildin veiti, er að sjá til þess að íbúðareigandanum sé fengin sú aðstoð lögmanns eða löggilts endurskoðanda sem samkvæmt greininni er forsenda þess að heimild til greiðslustöðvunar sé veitt og uppboði frestað. Þær réttarverkanir, sem greiðslustöðvunin hefur í för með sér fyrir íbúðareigandann, eru m.a. auk frestunar á uppboði:

1. **Að óheimilt er að taka bú hans til gjaldþrotaskipta.**
2. **Að óheimilt er að gera fógetagerð í eigum hans.**
3. **Að óheimilt er að selja eigur hans á nauðungaruppboði.**
4. **Að óheimilt er að gjaldfella á hann skuld vegna vanefnda á greiðslum eða rýrnunar á veði.**

Með þessum gerningi er íbúðareigandanum sem sé ekki bara veittur uppboðsfrestur heldur gefin grið fyrir skuldheimtumönnum, fógetagerðum og uppboðshótunum og honum um leið séð fyrir sérfræðingsráðgjöf um hvernig best sé fyrir hann að halda á sínum málum, hverjar séu réttar skuldheimtur á hendur honum, hver greiðslugeta hans sé og hverjir möguleikar hans eru, en uppboðsfrestur án þess að tryggja jafnframt slíka ráðgjöf er oftast til lítils gagns. Vandamálið er nefnilega í mörgum tilvikum tengt vankunnáttu skuldarans um möguleika sína og rétt sinn eins og t.d. kemur í ljós ef menn bera saman hve oft annars vegar fyrirtæki og aðilar með atvinnurekstur grípa til þessa ákvæðis um greiðslustöðvun í lögum nr. 6/1978 til þess að verða sér úti um frest til að endurskipuleggja fjármál sín — oft með góðum árangri — og hins vegar hve tiltölulega sjaldan einstaklingar við svipaðar aðstæður grípa til þessa lagaákvæðis; skýringin á því er einfaldlega sú að fólkið þekkir ekki rétt sinn og möguleika. Annar og miklu stærri munur á séra Jóni og bara Jóni kemur þó í ljós ef athugað er hve oft fyrirtæki og aðilar í atvinnurekstri geta bjargað sér með nauðasamningum þar sem skuldheimtumenn fallast á að breyta lánum, fella niður vanskila- og innheimtukostnað eða jafnvel hluta höfuðstóls lánanna sjálfra. Hversu oft skyldi „bara" Jón eiga kost á hinu sama?

Eftir athugun sérfróðra manna á hag íbúðareiganda, sem fengið hefur uppboðsfrest með greiðslustöðvun samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga, og hvort og þá að hve miklu leyti allar kröfur á hendur honum eiga við rök að styðjast getur niðurstaðan orðið með tvennum hætti. Annaðhvort kemur í ljós að með einhverjum breytingum á lánum, t.d. með breytingum á skammtímalánum í lengri lán eða með samningum um breytingu á vanskila-

vöxtum, er hægt að samræma greiðslubyrðina greiðslugetu íbúðareigandans ellegar að slíkt sé ógerningur og er þá íbúðareigandanum að sjálfsögðu ráðlagt að reyna að selja íbúð sína eða skipta á henni og annarri áður en eignarhluti hans verður að engu vegna stöðugt vaxandi samtölu skuldar og vanskila. Í fyrra tilvikinu er ekki nóg að vitað sé að unnt eigi að vera að skuldbreyta fyrir íbúðareigandann þannig að greiðslugetu hans sé ekki ofboðið heldur verða fjárhagslegir möguleikar líka að vera fyrir hendi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að ráðgjafardeild Húsnæðisstofnunar ríkisins verði íbúðareigandanum til ráðuneytis og leiðbeiningar um þessi mál, m. a. með því að leggja rökstutt erindi hans fyrir lánastofnanir, en auk þess er lagt til að Byggingarsjóður ríkisins veiti atbeina sinn á grundvelli ákvæðis 6. töluliðar laga nr. 60 1. júní 1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Lagagrein þessi hljóðar svo:

„Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán skv. 1.—9. tölulið, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár sem veiting láns fer fram:

1. **Lán til kaupa eða bygginga á nýjum íbúðum.**
2. **Lán til kaupa á notuðum íbúðum.**
3. **Lán til bygginga leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.**
4. **Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.**
5. **Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.**
6. **Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.**
7. **Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.**
8. **Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.**
9. **Lán til viðurkenndra framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.**

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.“

Í 23. og 24. gr. laganna eru nánari ákvæði um lán skv. 6. tölulið 11. gr., m.a. um takmörkun og lánskjör. Lán þessi eru til 16 ára og verðtryggð og með 1% ársvöxtum og þau eru því tvímælalaust mjög hagstæð. Þau má veita til viðbótar öðrum lánum stofnunarinnar.

Í lögunum er orðalagið „einstaklingar með sérþarfir“ í 6. tölulið 11. gr. túlkað nokkuð þröngt en þó veitt svigrúm til þess, sbr. einkum 3. mgr. 23. gr., að stjórnvöld og stjórn Byggingarsjóðs ríkisins geti túlkað þetta ákvæði eins og hér er lagt til sem neyðaraðstoð við fólk með þær sérþarfir að vegna vaxandi bils á milli greiðslubyrðar af lánum og atvinnutekna hafa rauntekjur dregist mjög saman, greiðsluþrot því orðið og eignatjón fyrirsjáanlegt, enda eru fordæmi um þá túlkun.

Sé hins vegar niðurstaða athugunar á hag og skuldastöðu íbúðareiganda sú að óhjákvæmilegt sé fyrir hann að reyna að selja íbúð sína eða skipta henni fyrir aðra til þess að forðast áframhaldandi eignatjón gerir tillagan ráð fyrir því að ráðgjafardeildin sé til ráðuneytis um söluna/skiptin og hafi umsjón með að hagsmuna skuldarans sé gætt. Einmitt við slíkar aðstæður, þegar ljóst er orðið að íbúðareigandi getur ekki haldið íbúð sinni, er hætt við að hann fyllist vonleysi eða gefist upp og gæti þá ekki hagsmuna sinna sem skyldi. Er þá síst minni þörf á því að fyrir slíkri hagsmunagæslu sé séð og ætti það að vera þáttur þeirrar ráðgjafarþjónustu sem um ræðir í tillögunni.

Með þessu móti telja flm. að hægt sé að leysa vanda þeirra íbúðareigenda, sem horfast í augu við eignamissi og uppgjöf, með neyðaraðstoð á grundvelli gildandi laga þannig að úrlausnir þurfi hvorki að bíða né dragast lengur. Þessi tillaga fjallar aðeins um hluta vandamálsins, þ.e. þann hluta þess sem varðar það fólk sem fengið hefur lán en ekki getað undir þeim risið. Slík neyðarhjálp verður nú að hafa forgang en tillögur sínar um endurskipulagningu húsnæðislánakerfisins, m. a. með öruggum og föstum tekjustofnum og breyttum útlánareglum, flytur Alþýðuflokkurinn á öðrum vettvangi.

Ed. 115. Frumvarp til laga [105. mál]

um breytingu á lögum nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu Reykjavíkur.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Borgarstjórn Reykjavíkur rekur hitaveitu er nefnist Hitaveita Reykjavíkur. Verkefni fyrirtækisins er að virkja jarðhita í þeim tilgangi að selja heitt vatn til upphitunar og framleiða og selja rafmagn.

2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Hitaveita Reykjavíkur setur gjaldskrá um verð þeirrar raforku er hún selur. Gjaldskráin öðlast ekki gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Af efni, tækjum og vélum til þeirra orkuvera, sem Hitaveita Reykjavíkur reisir, skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að afla Hitaveitu Reykjavíkur sams konar heimildar til raforkuframkvæmda og önnur sambærileg orkuver hafa þegar, t. d. Hitaveita Suðurnesja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. gildandi laga stendur „bæjarstjórn“ en ekki „borgarstjórn“ af eðlilegum ástæðum. Enn fremur er kveðið skýrt á um einkaleyfi Hitaveitu Reykjavíkur til þess að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Ekki er talin ástæða til þess að halda þessu ákvæði um einkaleyfið inni í lögunum lengur þar sem borgarstjórn hefur í hendi sér sem yfirvald byggingarmála á þessu svæði að ákveða hvort öðrum en Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að leiða heitt vatn um lögsagnarumdæmið. Líkur til að áhugi sé fyrir slíku, miðað við núverandi aðstæður, eru taldar heldur litlar. Í frv. er aftur á móti bætt inn til viðbótar heimildarákvæði til Hitaveitu Reykjavíkur til framleiðslu og sölu rafmagns.

Um 2. gr.

Greinin er í samræmi við 10. gr. laga nr. 100/1974.

Þykir rétt að gæta samræmis í lögum þessum.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í l. nr. 21/1974 (Kraflá), l. nr. 100/1974 (Hitaveita Suðurnesja) og l. nr. 105/1974 (Bessastaðaá) og ætlun flm. er sú að greinin nái til orkuversins sjálfs og þess búnaðar sem þar þarf til en ekki til veitukerfisins sem reisa þarf til þess að flytja orkuna til viðtakanda.

Ed. 116. Frumvarp til laga [106. mál]

um greiðsluskilmála húsnæðislána.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja réttláta greiðslubyrði af öllum lánum einstaklinga sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin afnota.

2. gr.

Greiðslur af lánum, sem lánastofnanir veita eða hafa veitt einstaklingum vegna öflunar eigin íbúðarhúsnæðis, skulu miðast við að heildargreiðslubyrði hjá lántakanda verði ekki meiri en svo að hann geti framfleytt sér og sínum samtímis því að endurgreiða lánin á 40 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi er ætlað að taka af allan vafa um þann sjálfsagða rétt fólks í þessu landi að eignast eigið íbúðarhúsnæði án þess að fórna til þess rétti sínum til heilbrigðs lífs.

Auk þess er hér í raun um sameiginlegt hagsmunamál lántakenda og lánastofnana að ræða. Mikilvægt er að báðir aðilar viti að hverju þeir ganga og með þessum hætti yrðu báðir aðilar ábyrgir fyrir skipulegum vinnubrögðum í viðskiptum vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.

Sþ. 117. Beiðni um skýrslu [107. mál]

frá utanríkisráðherra um töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans frá Keflavíkurflugvelli 30. október s. l.

Frá Kristófer Má Kristinssyni, Stefáni Benediktssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Kolbrúnu Jónsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Helga Seljan, Hjörleifi Guttormssyni og Jóni Baldvini Hannibalssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að utanríkisráðherra flytji Alþingi skýrslu um ástæður þess atviks sem olli töfum á brottför utanríkisráðherra Sovétríkjanna frá Keflavíkurflugvelli þann 30. okt. s.l.

Nauðsynlegt er að fram komi í skýrslunni vitnisburður þeirra er vottar urðu að atburði þessum svo að ljóst verði hvort sú truflun, sem töfunum olli, var af ásetningi eða ekki.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 5. nóvember 1985.

Kristófer Már Kristinsson.	Stefán Benediktsson.	Guðrún Helgadóttir.
Kolbrún Jónsdóttir.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Helgi Seljan.	Hjörleifur Guttormsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 118. Frumvarp til laga [108. mál]

um Jarðboranir hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna með Reykjavíkurborg hlutafélag er yfirtaki rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík um sameiningu fyrirtækjanna, dags. 8. maí 1985, sbr. sameiginlega bókun aðila, dags. 8. október 1985. Eignaraðild aðila skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn.

Tilgangur hlutafélagsins er að eiga og reka jarðbora, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

2. gr.

Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

3. gr.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu skal vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum og fer iðnaðarráðherra með eignaraðild ríkisins að félaginu.

4. gr.

Eigi skal innheimta aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana hf. vegna orkurannsóknaborana og borana til vinnslu jarðvarma. Hlutabréf í félaginu og skuldabréf útgefin í tengslum við stofnun þess skulu undanþegin stimpilgjöldum.

5. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur af starfseminni standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

6. gr.

Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá ríkisfyrirtækinu. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því eigi við um þá starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt fellur VIII. kafli orkulaga, nr. 58/1967, um Jarðboranir ríkisins, úr gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í 12 mánuði frá stofnun Jarðborana hf. er iðnaðarráðherra rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eign hlut í félaginu.

Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðboranir ríkisins voru stofnaðar 1945 og var fyrirtækið framan af rekið sem deild innan embættis Raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt.

Árið 1958 var gufuborinn Dofri keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð stjórn Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins.

Í VIII. kafla orkulaga nr. 58/1967 er kveðið á um, að Jarðboranir ríkisins skuli reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki og er iðnaðarráðherra heimilt að fela Orkustofnun eða öðrum aðila, ef hann telur betur henta, að annast reksturinn. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra, sem er ábyrgur fyrir rekstri beggja fyrirtækjanna undir yfirstjórn stjórnar Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og orkumálastjóra. Fyrirtækin eru rekin hvort í sínu lagi með sjálfstæðan fjárhag.

Með bréfi, dags. 21. júní 1984, skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að gera úttekt á starfsemi og eignum Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins með það fyrir augum að sameina fyrirtækin, ef um það næðist samkomulag milli aðila. Ennfremur var nefndinni falið að gera tillögur um skipulag og starfsemi hins nýja fyrirtækis.

Nefndina skipuðu eftirtaldir fimm menn:

Ólafur B. Thors, forstjóri, formaður,

Karl Ragnars, forstjóri Jarðborana ríkisins,

Gunnlaugur Jónsson, deildarstjóri hjá Orkustofnun,

Valdimar K. Jónsson, prófessor, stjórnarmaður í Orkustofnun, og

Þórður Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfræðingur.

Það var samdóma álit allra nefndarmanna að rétt væri að sameina fyrirtækin og stofna hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar. Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 24. janúar 1985, er fylgiskjal nr. 3 með frumvarpi þessu. Vísast til skýrslunnar um forsendur sameiningarinnar og mat á eignum fyrirtækjanna.

Í samningi aðila um sameininguna hafa matsfjárhæðir verið færðar til verðlags í apríl 1985 og m. a. samið um eftirfarandi atriði:

— Hið nýja félag gefur út skuldabréf til ríkisins að fjárhæð 41,2 millj. kr.
— Áhaldahús í Kópavogi, metið á 7,1 millj. kr., og skammtímakröfur Jarðborana ríkisins, að fjárhæð um 30 millj. kr., verða undanskilin við sameininguna.
— Reykjavíkurborg gefur út skuldabréf til félagsins að fjárhæð 14,6 millj. kr. til sama tíma og með sömu kjörum og skuldabréf félagsins til ríkisins.
— Tæki og áhöld borfyrirtækjanna eru metin á 65% af bókfærðu verðmæti 31. desember 1984.
— Hlutafé félagsins verður 136 millj. kr.

Borgarstjórinn í Reykjavík og iðnaðarráðherra undirrituðu 8. maí 1985 samning milli ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórnar Reykjavíkur um sameiningu Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins. Samningurinn er fylgiskjal nr. 1 með frumvarpi þessu. Þá fylgir stofnefnahagsreikningur hins væntanlega félags, ásamt yfirliti yfir framlög aðila til félagsins, frumvarpi þessu sem fylgiskjal nr. 2.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að ganga frá sameiningu þessara borfyrirtækja samkvæmt ofansögðu. Með tilliti til mikillar notkunar jarðhita á Íslandi er mjög brýnt að vel sé að starfsemi jarðbora staðið og séð til þess að hún þróist og dafni eftir því sem efni standa til. Jafnframt er þýðingarmikið að halda í einu öflugu fyrirtæki þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá Jarðborunum ríkisins. Það kann enn fremur að hafa verulega þýðingu að hér sé til öflugt fyrirtæki á sviði jarðborana ef Íslendingum bjóðast tækifæri til að gera þekkingu okkar á sviði virkjunar jarðvarma að útflutningsvöru. Ætla má að með ofangreindri félagsstofnun sé vel séð fyrir framtíð starfsemi jarðbora í landinu. Í framhaldi af stofnun hlutafélagsins ætti þó ekkert að vera því til fyrirstöðu að fleiri hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á eignaraðild að fyrirtækinu. Í sameiginlegri bókun iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. október 1985, sem er fylgiskjal nr. 4 með frumvarpi þessu, er fjallað um sölu á hlutabréfum í Jarðborunum hf. til sveitarfélaga og samtaka þeirra. Þá er í bókuninni samið svo um að við stofnun félagsins skuli uppgjör allra fjárhæða fara fram svo sem samningurinn hefði öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun félagsins farið fram á þeim degi.

Frumvarpið hefur verið borið undir Samband íslenskra hitaveitna sem er meðmælt frumvarpinu. Umsögn sambandsins, dags. 16. september 1985, fylgir frumvarpi þessu sem fylgiskjal nr. 5.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er ríkisstjórninni veitt heimild til að stofna hlutafélag um jarðboranir, er hafi þann tilgang að eiga og reka jarðbora. Gert er ráð fyrir að eignaraðild aðilanna verði við stofnun félagsins jöfn. Þá er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig hafi heimild til að selja eignarhlut sinn í félaginu.

Um 2. gr.

Heildarskuldir Jarðborana ríkisins í árslok 1984 námu 119,4 millj. kr. Þar af var lán vegna kaupa á jarðbornum Jötni 118,7 millj. kr. Við stofnun félagsins mun ríkissjóður yfirtaka þetta lán, en eignast á móti:

1. Áhaldahús í Kópavogi (matsverð)	kr. 7,1 millj.
2. Vörubirgðir (áætlað)	kr. 6,1 millj.
3. Skammtímakröfur	kr. 30,0 millj.
4. Skuldabréf frá félaginu	kr. 41,2 millj.
Samtals	kr. 84,4 millj.

Ljóst er því að ríkissjóður mun þurfa að yfirtaka skuldir að fjárhæð um 35 millj. kr. vegna stofnunar félagsins. Hlutafjáreign ríkisins í félaginu verður hins vegar 68 millj. kr.

Um 3. gr.

Í greininni eru nauðsynlegar undanþágur frá ákvæðum hlutafélagalaga með tilliti til þess að ríkið og Reykjavíkurborg verða tvö stofnendur og hluthafar í félaginu í upphafi. Að öðru leyti skal um félagið fara samkvæmt hlutafélagalögum.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða 3. mgr. 53. gr. orkulaga nr. 58/1967 um aðflutningsgjöld og söluskatt af borverkum og aðföngum Jarðborana ríkisins, eins og lögunum var breytt með 1. gr. laga nr. 32/1983.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að stjórn félagsins setji gjaldskrá fyrir þjónustu þá er félagið innir af hendi. Er þetta gert m. a. til að tryggja ákveðið jafnrétti notenda til þjónustu hjá fyrirtækinu. Þá er lagt til að starfandi verði við félagið sérstök samráðsnefnd stjórnar félagsins og Sambands ísl. hitaveitna.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til að réttur starfsmanna til endurráðningar hjá hinu sameinaða fyrirtæki verði tryggður. Þar af leiðir að ekki er eðlilegt að þeim verði greidd biðlaun skv. 14. gr. starfsmannalaganna.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Fylgiskjöl:

Nr. 1. Samningur milli iðnaðarráðherra f. h. ríkisstjórnar Íslands og borgarstjórans í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, um sameiningu á Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborunum ríkisins, dags. 8. maí 1985.

Nr. 2. Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana hf. ásamt fylgiskjölum, dags. 8. maí 1985.

Nr. 3. Skýrsla nefndar um breytta skipan á rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar — Reykjavík 24. janúar 1985.

Nr. 4. Sameiginleg bókun iðnaðarráðherra og borgarstjórans í Reykjavík vegna samnings um Jarðboranir hf., dags. 8. maí 1985. — Reykjavík, 8. október 1985.

Nr. 5. Umsögn Sambands íslenskra hitaveitna um frumvarpið, dags. 16. september 1985.

Fylgiskjal nr. 1.

Iðnaðarráðherra, f. h. ríkisstjórnar Íslands, og
borgarstjórinn í Reykjavík, f. h. Reykjavíkurborgar,
gera með sér svofelldan

SAMNING UM SAMEININGU JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

1. gr.

Stofnun hlutafélags.

Ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg stofna hlutafélag til reksturs jarðbora og tengdrar starfsemi. Eignaraðild aðilanna skal við stofnun hlutafélagsins vera jöfn. Heiti fyrirtækisins verður Jarðboranir hf. og skal heimili þess og varnarþing vera í Reykjavík.

2. gr.

Framlög ríkisins.

Ríkisstjórnin leggur fram í hið nýja fyrirtæki allar eignir Jarðborana ríkisins, að undanskildu áhaldahúsi í Kópavogi, viðskiptakröfum, birgðum og sjóðseign umfram 10 millj. kr. Ríkisstjórnin leggur enn fremur fram eignarhlut ríkisins í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Mat á verðmæti framlagðra eigna skv. 1. mgr. er sem hér segir:

a) Borar skv. mati sérstakrar stjórnskipaðrar nefndar, sbr. nefndarálit dags. 24. janúar 1985.
b) Tæki og áhöld eru lögð fram á 65% af bókfærðu verði í árslok 1984.

Yfirlit yfir framlögð verðmæti ríkisins, ásamt stofnefnahagsreikningi hins væntanlega félags, eru á fylgiskjali nr. 1 með samningi þessum: Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana hf., ásamt fylgiskjölum.

3. gr.

Framlög Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg leggur fram í hið nýja fyrirtæki eignarhlut sinn í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar. Um mat á verðmæti framlaga Reykjavíkurborgar skv. þessari grein fer með sama hætti og ríkiseignanna skv. 2. gr.

Auk framlaga skv. 1. mgr. leggur Reykjavíkurborg fram í hið nýja fyrirtæki:

a. Í reiðufé 35.4 millj. kr. á verðlagi í apríl 1985, að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1985 og að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1986, og skal fjárhæðin vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu (1106 stig).
b. Hinn 1. júní 1985 gefur borgarsjóður út skuldabréf til Jarðborana hf. til sama tíma og með sömu gjalddögum og kjörum og skuldabréf skv. 4. gr., að fjárhæð 14,6 millj. kr. (verðlag í apríl 1985).

4. gr.

Skuldabréf til ríkissjóðs.

Ríkissjóður yfirtekur við stofnun hlutafélagsins áhvílandi skuldir Jarðborana ríkisins.

Hinn 1. júní 1985 gefur hið nýja hlutafélag út skuldabréf til ríkissjóðs að fjárhæð 41,2 millj. kr. til 10 ára með gjalddögum 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1986. Vextir af

skuldinni, skv. skuldabréfi þessu, skulu eins og hún er á hverjum tíma vera sömu vextir og teknir eru af lánskjaravísitölulánum til lengri tíma, skv. ákvörðun Landsbanka Íslands hverju sinni. Vextirnir skulu greiddir á gjalddögum, eftir á, á sama tíma og afborganir. Greiðslustaður er hjá ríkisféhirði. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í jarðbornum Jötni, ásamt fylgihlutum. Verðtrygging fjárhæða miðast við lánskjaravísitölu í apríl 1985 (1106 stig). Vextir reiknast frá 1. júní 1985.

5. gr.

Um hlutafé.

Hlutafé í hinu nýja hlutafélagi skal vera 136 millj. kr. Hlutafé skiptist í 136 1 000 000,00 kr. hluti og fylgir eitt atkvæði hverjum 1 000 000,00 kr. hlut. Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn.

6. gr.

Hlutverk félagsins.

Hlutverk hins nýja fyrirtækis, Jarðborana hf., er að yfirtaka allan rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar, eiga og reka jarðbora, svo og skyld starfsemi hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

7. gr.

Um forkaupsrétt.

Félagið skal sjálft eiga forkaupsrétt á hlutabréfum, sem kunna að vera til sölu, að því marki sem landslög leyfa. Að því frágengnu skulu hluthafar eiga forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Veðsetning hlutabréfa skal óheimil, nema með samþykki stjórnar félagsins.

Engum hlutum í félaginu skulu fylgja nokkur sérréttindi önnur en forgangsréttur til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum og forkaupsréttur að fölum hlutum.

8. gr.

Gjaldskrárákvæði.

Stjórn Jarðborana hf. skal setja gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem fyrirtækið innir af hendi. Gjaldskrá fyrirtækisins skal ákveðin þannig að tekjur standi undir rekstrarkostnaði, fjármagnskostnaði og skili eigendunum eðlilegum arði af hlutafé.

9. gr.

Stjórnarkjör.

Stjórn fyrirtækisins skipa 5 menn og skulu þeir kosnir á aðalfundi. Á meðan aðild er jöfn að fyrirtækinu skulu fjórir stjórnarmenn kosnir á aðalfundi, tveir skv. tillögu hvors aðila um sig. Aðilar gera sameiginlega tillögu um fimmta stjórnarmanninn og skal hann vera stjórnarformaður. Á sama hátt fer um varamenn. Ef ekki tekst samkomulag um formann skipar yfirborgardómarinn í Reykjavík formann stjórnar. Ákvæði formanns ræður úrslitum máls þegar atkvæði eru á jöfnu á stjórnarfundum. Stjórn fyrirtækisins ræður forstjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og annast hann allan daglegan rekstur þess.

10. gr.

Starfsmannamál.

Fastráðnir starfsmenn Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu.

11. gr.

Gildistaka.

Hið nýja hlutafélag skal taka til starfa 1. júní 1985 að því tilskildu að samþykki borgarstjórnar og Alþingis liggi fyrir. Boða skal til stofnfundar strax og lög um Jarðboranir hf. taka gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1985.

f. h. ríkisstjórnar Íslands,
með fyrirvara um samþykki
Alþingis.

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

f. h. Reykjavíkurborgar,
með fyrirvara um samþykki
borgarstjórnar.

Davíð Oddsson,
borgarstjóri.

Vottar:
Jón G. Tómasson.
Þórður Þ. Þorbjarnarson.
Halldór J. Kristjánsson.
Guðmundur Malmquist.

Fylgiskjal:
Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher — Stofnefnahagsreikningur Jarðborana ríkisins ásamt fylgiskjölum — dags. 8. maí 1985.

Fylgiskjal nr. 2.

Jarðboranir hf.
Stofnefnahagsreikningur,
ásamt fylgiskjölum.

ÁRITUN ENDURSKOÐUNARMIÐSTÖÐVARINNAR HF. — N. MANSCHER —

Við höfum samið stofnefnahagsreikning þennan ásamt fylgiskjölum fyrir Jarðboranir hf. Stofnefnahagsreikningurinn er saminn á grundvelli samnings iðnaðarráðherra, f. h. ríkisstjórnar Íslands, og borgarstjórans í Reykjavík, f. h. Reykjavíkurborgar, um sameiningu Jarðborana ríkisins (JBR) og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR) sem undirritaður var 8. maí 1985.

Rekstraráætlun fyrsta árs er samin af okkur. Við viljum benda á að rekstraráætlun þessi byggist eingöngu á rekstrarreikningum JBR og GRR undanfarin þrjú ár auk þess sem tekið er tillit til breytts matsverðs fastafjármuna og eignastöðu fyrirtækisins í upphafi. Ekkert mat hefur því verið lagt á væntanlega starfsemi Jarðborana hf. eða afkomuhorfur fyrirtækisins.

Reykjavík, 8. maí 1985.

Endurskoðunarmiðstöðin hf.
— N. Manscher —

Símon Á. Gunnarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Stofnefnahagsreikningur.

Eignir:	**Kr.'000**
Veltufjármunir:	
Veltufjármunir GRR umfram skuldir	1 200
Peningaframlag ríkissjóðs	10 000
Peningaframlag Reykjavíkurborgar 1. júlí 1985	17 700
Peningaframlag Reykjavíkurborgar 1. júlí 1986	17 700
Veltufjármunir samtals:	46 600
Fastafjármunir:	
Langtímakrafa:	
Skuldabréf Reykjavíkurborg	14 600
Varanlegir rekstrarfjármunir:	
Áhaldahús GRR ásamt lóð	5 000
Tæki og áhöld GRR	8 500
Tæki og áhöld JBR	17 200
Bor GRR	21 300
Borar JBR	64 000
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals:	116 000
Fastafjármunir samtals:	**130 600**
Eignir samtals	**177 200**

Skuldir og eigið fé:	**Kr. '000**
Langtímaskuldir:	
Skuld við Ríkissjóð	**41 200**
Eigið fé:	
Hlutafé	**136 000**
Skuldir og eigið fé samtals:	**177 200**

Hlutdeild JBR og GRR í stofnefnahagsreikningi.

JBR:	**Kr.'000**
Borar	64 000
Tæki og áhöld	17 200
Samtals:	**81 200**
GRR:	
Bor	21 300
Tæki og áhöld	8 500
Áhaldahús og lóð	5 000
Veltufjármunir umfram skuldir	1 200
Samtals:	**36 000**

Við endanlega yfirtöku á eignum og skuldum GRR gætu myndast viðskiptaskuldir (eða inneignir) hluthafa við hið nýja félag ef veltufjármunir umfram skuldir nema annarri fjárhæð en að ofan greinir.

Framlag Reykjavíkurborgar.

	M. kr.
1. ½ GRR	18,0
2. Peningar 1.7. 1985	17,7
3. Peningar 1.7. 1986	17,7
4. Skuldabréf til 10 ára	14,6
	68,0

Framlag ríkissjóðs.

	M. kr.
1. ½ GRR	18,0
2. Eignir JBR	81,2
3. Peningar	10,0
	109,2
Frá dregst:	
4. Skuldabréf til 10 ára	41,2
	68,0

Rekstraráætlun fyrsta árs.

Rekstrartekjur:	**Kr.'000**
Seld vinna og þjónusta	126 059
Seldar vörur	20 373
Leigutekjur og aðrar tekjur	6 057
Rekstrartekjur samtals:	152 489
Rekstrargjöld:	
Launakostnaður	45 953
Kostnaðarverð seldra vara	13 822
Annar rekstrarkostnaður	41 258
Aðstöðugjald o. þ. h.	1 696
Afskriftir	15 535
Rekstrargjöld samtals:	118 264
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	34 225
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	
Vaxtatekjur og verðbætur	11 670
Vaxtagjöld og verðbætur	(13 125)
Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga	(5 050)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals:	(6 505)
Hagnaður fyrir skatta	27 720
Tekju- og eignarskattur	**3 973**
Hagnaður til ráðstöfunar	**23 748**

Yfirlit um óráðstafað eigið fé:	
Hagnaður til ráðstöfunar	23 748
Arður til greiðslu	13 600
Óráðstafað eigið fé	**10 148**

Forsendur og skýringar með rekstraráætlun fyrsta árs.

1. Rekstrartekjur og rekstrargjöld utan afskrifta eru miðuð við meðaltal ársreikninga JBR og GRR 1982—1984 sem færðir eru til verðlags 1985. Þóknun JBR vegna GRR er tekin út úr bæði tekjum og gjöldum.
2. Afskriftir eru reiknaðar af kaupverði sem fært er til væntanlegs meðalverðlags ársins. Þessi hlutföll eru notuð:

Áhaldahús	4%
Borar	10%
Tæki og áhöld	20%

3. Aðstöðugjald er reiknað 1,3% af frádráttarbærum kostnaði.
4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru áætluð með hliðsjón af stofnefnahagsreikningi, hækkun verðlags, verðbreytingastuðli og takmarkaðri ávöxtun veltufjármuna.
5. Eignarskattur er reiknaður miðað við stofnefnahagsreikning og áætlaðan hagnað.
6. Tekjuskattur er miðaður við að niðurfærsla viðskiptakrafna og birgða verði 2 m.kr., 10% arður verði greiddur af hlutafé og 40% af skattgjaldstekjum verði lögð í fjárfestingarsjóð.
7. Hagnaður til ráðstöfunar nemur 15,6% af eigin fé í upphafi þegar það hefur verið fært til meðalverðlags.

Fylgiskjal nr. 3.

SKÝRSLA NEFNDAR UM BREYTTA SKIPAN Á REKSTRI JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

Nefnd um breytta skipan á rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Hr. iðnaðarráðherra,
Sverrir Hermannsson,
Iðnaðarráðuneytinu,
Arnarhvoli.

Reykjavík 24. janúar 1985.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra undirritaðan til formennsku í nefnd til þess að gera tillögur um breytta skipan á rekstri Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í nefndina voru skipaðir:

Ólafur B. Thors, formaður.
Karl Ragnars.
Gunnlaugur Jónsson.
Valdimar K. Jónsson.
Þórður Þ. Þorbjarnarson.

Í meðfylgjandi nefndaráliti, sem er samdóma álit allra nefndarmanna, eru helstu niðurstöður þær, að fyrirtækin verði sameinuð og stofnað hlutafélag um reksturinn með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar við stofnun félagsins. Til þess þurfa aðilar að gera með sér sameignarsamning, sem lagður yrði fram með frumvarpi til laga til staðfestingar á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Ólafur B. Thors,
formaður.

NEFNDARÁLIT UM BREYTTA SKIPAN Á REKSTRI JARÐBORANA RÍKISINS OG GUFUBORUNAR RÍKISINS OG REYKJAVÍKURBORGAR.

Inngangur.

Með bréfi dagsettu 21. júní 1984 skipaði iðnaðarráðherra nefnd vegna Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar. Í skipunarbréfinu segir: „Iðnaðarráðherra hefir ákveðið að skipa nefnd til að gera úttekt á starfsemi og eignum Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins, með það fyrir augum að sameina fyrirtækin, ef um það næst samkomulag milli aðila.

Enn fremur er nefndinni falið að gera tillögur um skipulag og starfsemi hins nýja fyrirtækis."

Í nefndina voru eftirtaldir menn skipaðir:

Ólafur B. Thors, lögfræðingur, Hagamel 6, Reykjavík, formaður.

Gunnlaugur Jónsson, eðlisfræðingur, Melbæ 26, Reykjavík.

Karl Ragnars, verkfræðingur, Hæðarbyggð 6, Garðabæ.

Valdimar K. Jónsson, prófessor, Hjallalandi 15, Reykjavík.

Þórður Þ. Þorbjarnarson, borgarverkfr., Fornastekk 9, Reykjavík.

Nefndin skipaði Ólaf Guðmundsson, Krummahólum 6, Reykjavík, ritara og starfsmann nefndarinnar.

Um fyrirtækin.

Jarðboranir ríkisins (JBR) voru formlega stofnaðar 18. apríl 1945 og tók fyrirtækið smám saman að sér allar jarðboranir í landinu, en áður höfðu Hitaveita Reykjavíkur og ríkið fengist við boranir. Framan af voru Jarðboranir ríkisins reknar sem deild innan embættis raforkumálastjóra eða allt til ársins 1967 þegar orkulögum var breytt. Árið 1958 var Gufuborinn keyptur samkvæmt sérstökum sameignarsamningi ríkisins og Reykjavíkurborgar um jafna eignaraðild og jafnframt var skipuð stjórn Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar (GRR). Hún gerði síðan samning við Jarðboranir ríkisins um rekstur borsins. Í orkulögum frá 1967 er Orkustofnun falinn rekstur Jarðborana ríkisins og hefur svo verið allar götur síðan. Iðnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra fyrirtækisins, sem er ábyrgur fyrir rekstri JBR og GRR undir yfirstjórn stjórnar GRR og orkumálastjóra. Bæði fyrirtækin hafa, hvort í sínu lagi, verið rekin með sjálfstæðan fjárhag.

Til marks um umfang borrekstursins hefur starfsmannafjöldi um árabil verið 60—90 manns og velta fyrirtækjanna beggja hefur á undanförnum árum verið um 100—180 m.kr. á ári á verðlagi ársins 1984, sbr. mynd.

Boranir skiptast einkum í fjóra þætti, jarðhitaboranir á háhitasvæðum, jarðhitaboranir á lághitasvæðum, boranir eftir köldu fersku vatni og rannsóknarboranir vegna mannvirkjagerðar og hafa þær að mestu verið bundnar vatnsaflsvirkjunum. Helstu viðskiptavinirnir hafa verið allar hitaveitur landsins, sveitarfélög, bændur og aðrir einstaklingar, verksmiðjur og raforkuver. Einnig hafa verið boraðar tvær holur í Færeyjum fyrir landsstjórnina þar. Í öllum tilfellum eru fyrirtækin rekin á verktakagrundvelli samkvæmt verksamningi verktaka og verkkaupa.


SSD-300-GHJ
85.01.0114-GSJ
TEKJUR JBR OG GRR 1976-1984
Á föstu verðlagi 1984
SKÝRINGAR:
JBR
GRR
TEKJUR MKR
0
20
40
60
80
100
120
140
1976
1977
1978
1979
1980
1981
1982
1983
1984
ÁR

Eignir fyrirtækjanna.

Helstu eignir eru snúningsborarnir Jötunn, Dofri, Narfi, Glaumur og Ýmir, þrír höggborar, fjórir kjarnaborar, loftpressur og ýmis tækjabúnaður tengdur borunum, auk bíla og áhaldahúsa í Kópavogi og Reykjavík. Í ársreikningum 1983 voru bókfærðar eignir JBR 155,7 m. kr. og bókfærðar eignir GRR 60,4 m. kr. GRR á einn boranna, Dofra, sem var bókfærður á 35,5 m.kr. í árslok 1983, og JBR hina borana, þ. e. Jötun, Narfa og aðra bora að bókfærðu verðmæti 62,6 m.kr., 9,8 m.kr. og 22,9 m.kr. í árslok 1983.

Nefndin hefur leitað upplýsinga um verð á bortækjum sambærilegum við þau sem JBR og GRR eiga. Á síðustu tveim árum hefur orðið mikill samdráttur í olíuborunum, og er því mikill fjöldi bortækja ónotaður og til sölu víða um heim og þó einkum í Bandaríkjunum. Þetta mikla framboð á notuðum borum hefur orsakað verðfall. Niðurstaðan er sú, að komnir til Íslands upp settir mundu borarnir kosta:

Jötunn	1 080 000	USD
Dofri	520 000	USD
Narfi	160 000	USD
Aðrir borar	320 000	USD

Aðrar eignir fyrirtækjanna telur nefndin rétt metnar í ársreikningum 1983.

Tafla I sýnir hvernig efnahagsreikningar fyrirtækjanna munu væntanlega líta út í árslok 1984 eftir endurmat á borum og uppfærslu á öðrum eignum að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og afskrifta. Eignir JBR nema 143,6 milljónum króna, sem er litlu hærri upphæð en skuld fyrirtækisins vegna kaupa á Jötni á sínum tíma. Eigið fé fyrirtækisins er 21,4 milljónir króna. Eignir GRR nema 52,4 milljónum króna en skuldir aðeins 1,2 milljónum króna. Eigið fé nemur því 51,2 milljónum króna.

Sameining JBR og GRR.

Reykjavíkurborg er nú helmingseignaraðili að Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar. Gufuborinn „Dofri" var keyptur til landsins árið 1958 og hefur hann borað næstum allar vinnsluholur Hitaveitu Reykjavíkur, sem nú eru í notkun, svo og þær holur, sem boraðar hafa verið á Nesjavöllum til öflunar orku fyrir væntanlega virkjun þar.

Þess utan hefur Vatnsveita Reykjavíkur keypt þjónustu af JBR bæði til borunar vinnsluhola í Heiðmörk og til borunar á rannsóknarholum víðs vegar í borgarlandinu til að öðlast betri vitneskju um mögulega vatnsöflun í framtíðinni. Enn fremur hefur Hitaveita Reykjavíkur keypt þjónustu af JBR til borunar á rannsóknarholum vegna hitastigulsmælinga og athugana á berggrunninum.

Af heildarumsvifum beggja fyrirtækjanna JBR og GRR á árinu 1984 er tæpur helmingur teknanna vegna borverka fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og Vatnsveitu Reykjavíkur.

Að svo komnu er ekki fyrirsjáanlegt að á þessu verði miklar breytingar næstu árin, a. m. k. ekki á meðan HR borar af fullum krafti á Nesjavöllum, og önnur verkefni fyrir Dofra og Jötun eru ekki í augsýn. Það er því ekki óeðlilegt að Reykjavíkurborg eigi 50% í einu sameinuðu borfyrirtæki, þegar og ef það verður stofnað, og tryggi þannig hagsmuni sína. Það er þýðingarmikið að halda í einu öflugu fyrirtæki þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá JBR. Það kann að hafa verulega þýðingu að hér sé til öflugt fyrirtæki á sviði jarðborana, ef Íslendingum bjóðast tækifæri til að gera þekkingu okkar á sviði virkjunar jarðvarma að útflutningsvöru.

Það er skoðun nefndarinnar, að æskilegt sé að stofnað verði fyrirtæki í sameign ríkis og Reykjavíkurborgar.

Nefndin telur hæfilegt að í sameinuðu fyrirtæki verði hlutafé 150 m.kr. Fram hefur komið sú hugmynd að Reykjavíkurborg leggi fram 30 m.kr. í hið nýja fyrirtæki og ríkið yfirtaki skuld JBR vegna kaupa á Jötni. Aftasti dálkurinn í töflu I sýnir hvernig efnahagsreikningur sameinaðs fyrirtækis mundi líta út eftir að Reykjavíkurborg hefur lagt fram 30 milljónir til uppbyggingar fyrirtækisins og ríkið hefur tekið á sig lánið til kaupa á Jötni. Hvor aðili um sig á 75 milljóna króna hlutafé í fyrirtækinu.

Tafla I.

Áætlaður efnahagsreikningur JBR og GRR í árslok 1984 eftir endurmat og sameiningu:

Eignir m.kr.

	JBR	GRR	Samtals	Eftir sameiningu
Borar	62,4	20,8	83,2	83,2
Tæki og áhöld	26,0	14,9	40,9	40,9
Áhaldahús	7,2	4,1	11,3	11,3
Vörubirgðir	4,4	1,1	5,5	5,5
Verkkaupar + vsk.menn	27,7	1,0	28,7	28,7
Sjóður	15,9	10,5	26,4	26,4
Framlag Reykjavíkur				30,0
	143,6	52,4	196,0	226,0

Skuldir m.kr.

	JBR	GRR	Samtals	Eftir sameiningu	
EUA-lán v/Jötuns	121,5		121,5	—	
Önnur lán	0,7	1,2	1,9	1,9	
Endurmatsreikningur				74,1	
Höfuðstóll	21,4	51,2	72,6	150,0	(Hl.fé)
	143,6	52,4	196,0	226,0	

Jötunn	1,08 M USD
Dofri	0,52 M USD
Narfi	0,16 M USD
Aðrir borar	0,32 M USD

1 $ = 40 Íkr.

Það er mat borgarverkfræðings að 30 m.kr. sé hæfilegt sem innborgað hlutafé frá Reykjavíkurborg og reyndar sú blóðgjöf sem nauðsynleg sé til að stofna megi hið nýja fyrirtæki á fjárhagslega traustum grunni.

Erfitt er að meta hvers virði framlag Reykjavíkur í reiðufé væri á móti metnum eigum ríkisins í JBR og GRR en ljóst er þó, að ef ná skal jafnri eignaraðild beggja aðila er ekki sanngjarnt að ríkið yfirtaki að fullu áhvílandi skuld á JBR.

Á hinn bóginn er ljóst að nýja fyrirtækið getur ekki staðið undir skuldinni að fullu og verður að álíta, að verkefni í framtíðinni verði mjög ráðandi um það, hve stóran hluta skuldarinnar fyrirtækið getur borið. Ekki er að efa, að stærstu verkefni í borunum á komandi árum verða á vegum Reykjavíkurborgar og má meta það til jafns við peningaframlag af hennar hálfu.

Andvirði Jötuns var greitt árið 1976 með þremur skuldabréfum með 9,25% vöxtum að fjárhæð EUA 2 309 452 sem jafngilti DEM 7 431 722. Lánið var afborgunarlaust fyrstu árin; fyrsta afborgun af því gjaldféll í febrúar 1979. Verulegar afborganir gjaldféllu hins vegar ekki fyrr en árið 1981, og á árunum 1981—82—83 gjaldféllu 89% af láninu og þar af 48% á árinu 1983. Lánið er nú að fullu gjaldfallið og allt í vanskilum og nemur áætluð skuld á árslok 1984 121,5 milljónum króna. Verkefni Jötuns hafa verið miklu stopulli á undanförnum árum en vænst var, þegar borinn var keyptur, og hefur framlegðin aðeins numið litlum hluta þess sem þurft hefði til að standa straum af greiðslum af láninu. Hefur borinn verið í Kröflu nær allan tímann frá því er hann var keyptur, en á árinu 1984 var hann fluttur á Seltjarnarnes.

Með tilliti til ofangreindra atriða er það álit nefndarinnar, að fyrirtækið geti staðið undir einhverjum hluta skuldarinnar ef hún er fjármögnuð með hagstæðu láni, t. d. til 10 ára. Nefndin telur hins vegar að um þetta atriði verði eignaraðilar sjálfir að semja.

Að því gefnu að samkomulag takist um sameiningu JBR og GRR er það samdóma álit nefndarinnar að eðlilegasta rekstrarformið sé hlutafélag með jafnri eignaraðild ríkisins og Reykjavíkurborgar við stofnun félagsins. Með tilliti til mikillar notkunar jarðhita á Íslandi er mjög brýnt, að vel sé að borstarfseminni staðið og séð til þess að hún þróist og dafni eftir því, sem efni standa til. Ætla má að ofangreindir eignaraðilar séu vel til þess fallnir að gæta þessara hagsmuna. Í framhaldi af stofnun hlutafélagsins er þó ekkert því til fyrirstöðu að fleiri hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á eignaraðild að fyrirtækinu, hvort heldur um væri að ræða hitaveitur eða aðra.

Tillaga nefndarinnar.

Nefndin leggur til að Jarðboranir ríkisins og Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar verði sameinuð í nýju hlutafélagi í eigu ríkisins og borgarinnar. Nefndin hefur samið drög að frumvarpi til laga um hlutafélagið, sem hún hefur nefnt Jarðboranir hf., og leggur til að eignaraðilar gangi til samninga um stofnun þess. Í stofnsamningi þarf m. a. að kveða á um:

1. að ríkið og Reykjavíkurborg stofni hlutafélag til reksturs jarðbora og tengdrar starfsemi. Eignaraðild aðilanna að hlutafélaginu verði jöfn, þ. e. að hvor aðili um sig eigi helming í hlutafélaginu. Hlutaféð verði 150 milljónir króna. Heiti fyrirtækisins verði ———
2. að ríkið leggi fram í hið nýja fyrirtæki allar eignir Jarðborana ríkisins og eign ríkisins í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.
3. að Reykjavíkurborg leggi fram í hið nýja fyrirtæki eign sína í Gufuborun ríkisins og Reykjavíkurborgar.
4. að auk ofangreindra framlaga leggi Reykjavíkurborg fram í hið nýja fyrirtæki í reiðufé 30 m.kr. skv. verðlagi í nóvember 1984, lánskjaravísitala 938 stig, að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1985 og að hálfu á gjalddaga 1. júlí 1986.

5. að við stofnun hlutafélagsins gefi það út skuldabréf til ríkissjóðs að andvirði ———— ———————— milljónir króna til 10 ára, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 1984 með X% ársvöxtum.
6. að hlutverk hins nýja fyrirtækis verði að yfirtaka allan rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar.
7. að hvorum eignaraðila um sig sé heimilt að selja sinn eignarhlut í fyrirtækinu að hluta eða öllu leyti og skuli hinn eignaraðilinn jafnan hafa forkaupsrétt. Verði forkaupsréttur ekki nýttur innan 6 mánaða frá þeim tíma sem forkaupsréttarhafi sannanlega fær í hendur kauptilboð falli forkaupsrétturinn niður.

Nefndin gerir ráð fyrir að lög um hlutafélög gildi um hið nýja félag að öðru leyti en því, sem um getur í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga. Nefndin bendir á, að nokkrir starfsmanna Jarðborana ríkisins eru ríkisstarfsmenn og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Huga þarf að lífeyrisréttindum þessara manna eftir stofnun hins nýja hlutafélags.

Reykjavík, 23. janúar 1985.

Ólafur B. Thors, formaður.

Karl Ragnars. Gunnlaugur Jónsson.

Valdimar K. Jónsson. Þórður Þ. Þorbjarnarson.

Fylgiskjal nr. 4.

8. október 1985.

SAMEIGINLEG BÓKUN
IÐNAÐARRÁÐHERRA OG BORGARSTJÓRANS Í REYKJAVÍK
VEGNA
SAMNINGS UM JARÐBORANIR HF., DAGS. 8. MAÍ 1985.

Í framhaldi af undirritun samnings um Jarðboranir hf., dags. 8. maí 1985, og með tilliti til þess að málið var ekki lagt fram á 107. löggjafarþinginu, hafa aðilar samningsins orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Í 12 mánuði frá stofnun hlutafélagsins er ríkisstjórninni rétt að selja sveitarfélögum, samtökum þeirra eða fyrirtækjum í þeirra eigu hlutabréf í hlutafélaginu með eftirgreindum skilmálum:
   1.1 Kaupverð hlutabréfanna skal vera nafnverð og verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1985, auk vaxta.
   1.2 Kaupverðið greiðist þannig:
      a) A.m.k. 50% útborgun, sem skipta má á tvö ár.
      b) Eftirstöðvar má lána til 10 ára.

   Að þeim tíma liðnum skal hvorum eignaraðila um sig heimilt að selja sinn eignarhlut í fyrirtækinu að hluta eða öllu í samræmi við forkaupsréttarákvæði 7. gr. samningsins.
2. Við sölu samkvæmt 1. tl. skulu þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta af starfsemi Jarðborana hf., ganga fyrir um kaup á hlutabréfum í félaginu. Við sölu á hlutabréfum verður leitast við að tryggja að haldið verði innan Jarðborana hf. þeirri þekkingu og verkkunnáttu sem fyrir er hjá Jarðborunum ríkisins á sviði jarðborana.
3. Við stofnun hlutafélagsins skal uppgjör fara fram svo sem samningurinn hefur öðlast gildi 1. júní 1985 og stofnun hlutafélagsins farið fram á þeim degi.
4. Starfa skal sérstök samráðsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá félaginu og tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra hitaveitna. Verkefni nefndarinnar er að vera vettvangur samráðs milli Jarðborana hf. og hitaveitna í landinu um fjárhagsleg og tæknileg málefni, svo og um almenn samskipti við hitaveitur í landinu.

Reykjavík, 8. október 1985.

Davíð Oddsson,
borgarstjóri.
Með fyrirvara um
samþykki borgarráðs.

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra.

Fylgiskjal nr. 5.

Reykjavík, 16. september 1985.

Í framhaldi af bréfi háttvirts iðnaðarráðherra, dagsettu 4. september 1985, hefur stjórn Sambands íslenskra hitaveitna (SÍH) fjallað um frumvarp til laga um **Jarðboranir hf.**, eins og mælst var til.

Stjórn SÍH styður framkomið frumvarp til laga um Jarðboranir hf., þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg og ríki stofni hlutafélag um rekstur Jarðborana ríkisins og Gufuborana ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Stjórn SÍH leggur áherslu á það álit sitt, að mikilvægt sé, að hugmynd sú um samráðsnefnd SIH og Jarðborana hf., sem fram kom á fundi stjórnar SÍH og undirbúningsnefndar í Iðnaðarráðuneytinu 16. ágúst 1985, verði að veruleika.

F. h. stjórnar SÍH

Gunnar St. Ólafsson
framkvæmdastjóri.

Til iðnaðarráðuneytis
hr. Sverrir Hermannsson, ráðherra
Arnarhváli
101 Reykjavík.

Sþ. 119. Fyrirspurn [109. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um stefnu í málefnum vímuefnaneytenda.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hefur ríkisstjórnin markað stefnu í málefnum vímuefnaneytenda?

Sþ. 120. Fyrirspurn [110. mál]

til dómsmálaráðherra um störf ríkissaksóknara.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvað hefur ríkissaksóknari gefið út margar ákærur á árinu 1985 og hverjar eru þær?
2. Í hve mörgum málum hefur ríkissaksóknari úrskurðað að ástæðulaust sé að ákæra og hver eru þau?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 121. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóvember 1980.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Stefán Valgeirsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. nóv. 1985.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Halldór Blöndal.	Eggert Haukdal.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 122. Beiðni um skýrslu [111. mál]

frá iðnaðarráðherra um raforkuverð til álversins í Straumsvík.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að iðnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um þróun raforkuverðs til álversins í Straumsvík í framhaldi af samningum við Alusuisse í nóvember 1984 þar sem m.a. komi fram:

a. hvaða verð Ísal greiðir fyrir raforku frá Landsvirkjun ársfjórðungslega á árinu 1985,
b. hverju spáð var um raforkuverð frá Ísal á árinu 1985 samkv. þeim forsendum sem lagðar voru fyrir Alþingi og þingnefndir vegna samninga við Alusuisse í nóvember 1984,
c. hver lækkunin sé á raungildi raforkuverðsins á árinu 1985 vegna lækkunar bandaríkjadals gagnvart öðrum gjaldmiðlum og vegna alþjóðlegrar verðbólgu,
d. hverjar horfurnar séu um raforkuverð frá álverinu á árinu 1986 að mati Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytisins.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 6. nóv. 1985.

Hjörleifur Guttormsson.	Guðrún Helgadóttir.	Guðmundur J. Guðmundsson.
Ragnar Arnalds.	Geir Gunnarsson.	Steingrímur J. Sigfússon.
Helgi Seljan.	Svavar Gestsson.	Skúli Alexandersson.
	Garðar Sigurðsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 123. Fyrirspurn [112. mál]

til menntamálaráðherra um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir því að kennsla í útvegsfræðum verði hafin við Háskóla Íslands á þessu eða næsta ári?

Sþ. 124. Fyrirspurn [113. mál]

til menntamálaráðherra um útibú frá aðalskóla o.fl.

Frá Kristínu Halldórsdóttur.

1. Hve mörg skólasel, þ.e. útibú frá aðalskóla, sbr. 4. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974, eru starfrækt í landinu?
2. Hve mörg börn þurfa að dveljast í heimavist á þessu skólaári
   a. undir 10 ára aldri,
   b. undir 12 ára aldri,
   og hve lengi samtals að jafnaði?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 125. Frumvarp til laga [114. mál]

um endurmat á störfum láglaunahópa.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Kristín S. Kvaran, Kristín Halldórsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Markmið þessara laga er að fá fram hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópa, svo og úttekt á hlut þeirra í tekjuskiptingu og launakjörum í þjóðfélaginu.

2. gr.

Félagsmálaráðherra skal skipa fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati, í þessum lögum nefnd láglaunanefnd.

Skal nefndin kveðja sér til ráðuneytis aðila vinnumarkaðarins, svo sem frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka og annarra aðila eftir því sem þörf er á.

Nefndin skal einnig hafa heimild til að láta fara fram sérfræðilegar athuganir og hafa aðgang að gögnum opinberra stofnana sem nauðsynlegar eru að hennar mati.

3. gr.

Verkefni láglaunanefndar, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

a. upplýsa hvernig raunveruleg tekjuskipting og launakjör eru innan starfsgreina og milli þeirra,
b. skilgreina hvað er láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa,
c. gera könnun á því og meta hvort, og þá hvers vegna, láglaunastörf, ekki síst hefðbundin kvennastörf, séu metin óeðlilega lágt til launa miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Samanburður skal annars vegar gerður á störfum faglærðra láglaunahópa og hins vegar ófaglærðra.

   Við mat á láglaunastörfum skal sérstaklega athuga hvort starfsreynsla við heimilisstörf sé eðlilega metin við röðun í launaflokka þegar um skyld störf á vinnumarkaðinum er að ræða, svo sem ýmis störf er snerta umönnnun, uppeldismál, matargerð, þvotta, ræstingu, þjónustu, fatasaum o. þ. h.

   Leggja skal til grundvallar í starfsmati þætti eins og ábyrgð jafnt á mannlegum sem efnislegum verðmætum, vinnuálag, áhættu (m. a. vegna atvinnusjúkdóma), menntun, starfsþjálfun, starfsreynslu, hæfni, óþrifnað, erfiði og aðra þætti sem áhrif hafa á kaup og kjör,
d. meta á sáma hátt hvort hlutdeild láglaunahópa í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu sé óeðlilega lág miðað við vinnuframlag (sbr. c-lið). — Sérstakt tillit skal taka til ýmissa eðlisþátta vinnunnar sem eðlilegt væri að leggja til grundvallar í starfsmati og launakjörum á vinnumarkaðinum.

   Við þennan samanburð skal taka með yfirborganir og alla aðra kaupauka og kjaraþætti sem áhrif hafa í hverri starfsgrein á dagvinnutekjur annars vegar og heildarlaunatekjur hins vegar. Skal hlutur kvenna í tekjuskiptingunni sérstaklega athugaður,
e. gera sérstakan samanburð á launum og öðrum kjörum sambærilegra láglaunahópa er starfa hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum vinnumarkaði hins vegar.

4. gr.

Láglaunanefnd skal hraða verkefnum sínum skv. 3. gr. eins og kostur er og skila skýrslu með niðurstöðum nefndarinnar til félagsmálaráðherra innan tveggja ára frá gildistöku laganna.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skal flytja Alþingi skýrslu um niðurstöðu láglaunanefndar, sbr. 4. gr.

Að lokinni umfjöllun Alþingis um niðurstöður nefndarinnar skal Alþingi taka ákvörðun um hvort nefndin haldi áfram störfum eða verkefni á sviði kjararannsókna verði aukin á annan hátt.

6. gr.

Kostnaður við störf láglaunanefndar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 106. og 107. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið er nú endurflutt að mestu óbreytt en því fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að lögfest verði tímabundið skipan láglaunanefndar sem hafi það verkefni að framkvæma hlutlausa rannsókn og endurmat á störfum og kjörum láglaunahópanna í þjóðfélaginu.

Hlutlaus úttekt og endurmat er nauðsynlegt fyrir aðila vinnumarkaðarins til að geta lagt sanngjarnt mat á vinnuframlag láglaunahópa og eðlilega hlutdeild þeirra í tekjuskiptingunni. Auk þess er sú rannsókn, sem hér er gerð tillaga um, forsenda þess að á raunhæfan hátt sé hægt að auka tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Einnig mundi slík rannsókn leiða í ljós hvernig launamisrétti kynjanna er háttað í einstökum starfsgreinum.

Með þessu frumvarpi er einnig stefnt að því að fá fram upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir stjórnvöld því að á grundvelli þeirra mætti gera sér betri grein fyrir því hvaða aðferðum sé hægt að beita til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir.

Gert er ráð fyrir að að fenginni niðurstöðu nefndarinnar og reynslu af hennar störfum taki Alþingi ákvörðun um hvort rétt sé að lögfesta áfram í einum eða öðrum búningi skipulegar vinnu- eða kjararannsóknir á vegum framkvæmdarvaldsins. Eðlilegt verður að telja að slíkar rannsóknir séu stöðugt í gangi til þess að hægt sé að glöggva sig á því hvernig tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er háttað hverju sinni. Í því sambandi má benda á að eitt af verksviðum félagsmálaráðuneytisins, sem fer með vinnumarkaðsmál, er að hafa á hendi kjararannsóknir, samkv. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sbr. l. nr. 96/1969.

Segja má að þar sem frumvarp þetta fjallar að meginefni til um skipan nefndar sem hafi tímabundin, ákveðin verkefni væri eðlilegra að flytja um það þingsályktunartillögu. En á Alþingi hefur þegar verið flutt tillaga til þingsályktunar um að framkvæmdavaldið skuli láta fara fram kjararannsóknir og úttekt á launakjörum í þjóðfélaginu. Að hluta til var efni þeirrar þingsályktunartillögu hliðstætt því sem er í þessu frumvarpi. Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi 28. apríl 1980. En þrátt fyrir þá viljayfirlýsingu löggjafarvaldsins, sem í henni fólst, hefur ekkert verið aðhafst til að koma henni í framkvæmd. Í fyrirspurn til fyrrverandi félagsmálaráðherra hefur verið ítrekuð á Alþingi nauðsyn þess að hrinda henni í framkvæmd, en allt hefur komið fyrir ekki. Að auki má benda á að á 104. löggjafarþingi flutti Guðrún Helgadóttir þingsályktunartillögu um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbanka, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

Það er því ljóst að lögbinda verður þær kjararannsóknir og endurmat sem hér er lagt til að verði framkvæmt. Hér er valin sú leið að nú verði tekin fyrir sérstaklega kjör láglaunahópanna og sérfróðum aðilum falin rannsókn og endurmat á störfum og kjörum þessara hópa.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að fá fram mat sérfróðra aðila á því hvort störf láglaunahópanna, og þá ekki síst hefðbundin kvennastörf í þjóðfélaginu, séu óeðlilega lágt metin miðað við önnur sambærileg störf á vinnumarkaðinum. Sérstaklega skal athuga hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ýmissa krefjandi eðlisþátta í vinnuframlagi láglaunahópanna við ákvörðun á kauptöxtum og flokkaröðun.

Nauðsynlegt er einnig að fá fram samanburð og mat á því hvort ekki hafi þróast hér óeðlilegt tekjubil milli starfsstétta í þjóðfélaginu, þ. e. hvort launakjör einstakra hálaunastétta, eða hærra launaðra stétta í þjóðfélaginu, séu í eðlilegu samræmi við kjör láglaunahópanna og vinnuframlag þeirra til þjóðarbúsins.

Einnig er lagt til að fá fram samanburð á launum og öðrum kjörum ríkisstarfsmanna og fólks á almennum vinnumarkaði.

Þó að það sé ekki á verkefnaskrá nefndarinnar í frumvarpinu væri æskilegt, sé þess nokkur kostur, að fá fram hver þróunin hefur verið í tekjuskiptingunni almennt og milli kynja á undanförnum árum, t. a. m. á 10 ára tímabili.

Flutningsmönnum þessa frumvarps er ljóst að það mat og sú rannsókn, sem frumvarpið felur í sér á störfum láglaunahópanna, er langt frá því að vera auðvelt í framkvæmd. Það er engu síður skoðun flutningsmanna að hér sé um svo brýnt og knýjandi viðfangsefni að ræða að stjórnvöldum beri skylda til að sjá svo um að þessi tilraun sé gerð og að hlutlausir aðilar með þekkingu á vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati verði fengnir til starfans.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda til þess ætlast að þeir verði kallaðir til ráðuneytis um slíka rannsókn. Flm. eru þeirrar skoðunar að slík rannsókn verði bæði fljótvirkari og síður hlutdræg ef hún er í höndum sérfróðra aðila sem betri aðstöðu hafa til þess að leggja hlutlægt mat á verkið. Væri slík nefnd skipuð aðilum vinnumarkaðarins er viss hætta á að hver færi að toga í sinn spotta og ekki fengjust hlutlægar niðurstöður úr slíkri rannsókn, — ef niðurstaða fengist þá yfirleitt.

Á annað má einnig benda. Áratugum saman hefur verið um það deilt hvaða hópar í þjóðfélaginu séu láglaunahópar og lágtekjuhópar. Hefði eining tekist um það milli aðila vinnumarkaðarins lægi sú skilgreining fyrir og þá væri auðveldara að ákveða hvaða aðferðum hægt væri að beita til að hækka laun og tekjur láglaunahópanna í þjóðfélaginu. Ein ástæða þess, að slík skilgreining hefur ekki fengist, er að ekki hefur verið kannað ítarlega í öllum starfsgreinum hvaða yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir utan við hina eiginlegu kauptaxta eru ákvarðandi hluti dagvinnutekna eða heildarlaunatekna í einstökum starfsgreinum.

Í frumvarpinu er nefndinni ekki sett nein viðmiðun í starfi sínu um hvernig eða með hvaða hætti hún skuli skilgreina láglaunahópana, enda eðlilegra að viðmiðunarmörk séu í höndum sérfróðra aðila.

Hér er vissulega um erfitt, viðkvæmt og vandasamt verkefni að ræða, en engu síður er orðið knýjandi og brýnt að í það sé ráðist. Ef vel tekst til hjá nefndinni gætu niðurstöður hennar orðið grundvöllur þess að láglaunahóparnir fengju réttlátt mat og sanngjörn laun fyrir sín störf. Auk þess hefði niðurstaða nefndarinnar mikið upplýsingagildi og gæti verið leiðbeinandi við gerð kjarasamninga og þær ráðstafanir sem gerðar eru til að bæta kjör hinna lægst launuðu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að skipuð verði fimm manna nefnd sérfróðra aðila í vinnumarkaðsmálum, vinnurannsóknum og starfsmati. Ekki er kveðið á um sérstakar tilnefningar í þessa nefnd, en til þess er ætlast að hún sé skipuð, eins og kostur er, aðilum sem ekki hafa sérstakra hagsmuna að gæta fyrir einn hóp fremur en annan sem úttekt þessi og rannsókn nær til. Með því fæst hlutlægara mat á því verkefni, sem vinna á, auk þess sem gera má ráð fyrir að verkið vinnist hraðar.

Hér er á engan hátt verið að ganga fram hjá aðilum vinnumarkaðarins, enda ætlast til þess að þeir séu kallaðir til ráðuneytis um málið án þess þó að eiga beina aðild að nefndinni. Auk þess má benda á að niðurstaða nefndarinnar er ekki bindandi fyrir aðila vinnumarkaðarins, heldur fremur leiðbeinandi og til þess gerð að auðvelda þeim alla ákvarðanatöku.

Nauðsynlegt er einnig að samráð sé haft við Jafnréttisráð um þetta verkefni, auk þess sem aðilar eins og kjararannsóknarnefnd, Þjóðhagsstofnun og Hagstofan, sem vinna að ýmsum tölfræðilegum upplýsingum, tengjast slíkri rannsókn, svo og félagsvísindadeild Háskólans.

Nauðsynlegt er að við skipan nefndarinnar verði gætt eðlilegs jafnræðis milli kynja eins og kostur er, ekki síst með tilliti til þess að flestöll hefðbundin kvennastörf eru metin til lægstu launa í þjóðfélaginu.

Um 3. gr.

Eitt af verkefnum nefndarinnar samkvæmt þessari grein er að fá fram upplýsingar um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör þar sem yfirborganir og aðrir kaupaukar og kjaraþættir koma fram. En vitneskja um áhrif þeirra þátta á dagvinnutekjur og heildarlaunatekjur er nauðsynleg til að hægt sé að skilgreina láglaunahópana á markvissan hátt og meta hlut þeirra í tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu.

Oft er deilt um skilgreiningu á því hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi slíka hópa, bæði við gerð kjarasamninga og eins í aðgerðum stjórnvalda til að bæta kjör þeirra sérstaklega. Þessu til staðfestingar má m. a. benda á umfjöllun um láglaunabætur á s. l. vetri. Því er nauðsynlegt að láglaunanefndin geri tilraun til að skilgreina hvað sé láglaunahópur og hverjir skipi þá hópa. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Nauðsynlegt er að fram fari umræður á Alþingi um niðurstöður láglaunanefndar og að Alþingi taki síðan ákvörðun um hvort, og þá á hvern hátt, auka beri rannsóknir af hálfu framkvæmdarvaldsins á sviði vinnu- og kjararannsókna.

Ef Alþingi ákveður að nefndin skuli ekki halda áfram störfum er gert ráð fyrir að Alþingi nemi þessi lög úr gildi. Er sá háttur hafður á þar sem eðlilegt er að Alþingi taki mið af störfum nefndarinnar þegar það ákveður hvort og í hvaða farveg skuli skipa vinnu- og kjararannsóknum á vegum framkvæmdavaldsins.

Auk þess er erfitt að tímasetja nákvæmlega í gildistökugrein hvenær lög þessi falla úr gildi, bæði með tilliti til starfa nefndarinnar og þess svigrúms sem Alþingi þarf til þess að fjalla um málið.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Sþ. 126. Fyrirspurn [115. mál]

til fjármálaráðherra um bifreiðamál ráðherra.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hve hárri fjárhæð námu gjöld sem felld voru niður af bifreiðum ráðherra á tímabilinu 1. janúar 1982—30. apríl 1985 samkvæmt ákvæðum 14. tl. 3. gr. laga um tollskrá o.fl. og hversu oft gátu ráðherrar nýtt sér heimild um niðurfellingu gjalda af bifreiðum? Óskað er að tilgreind verði bifreiðategund og upphæð gjalda, sem felld var niður á hverri bifreið á tímabilinu, á verðlagi ársins 1985.

2. Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, nr. 190 frá 30. apríl 1985, ber ríkissjóði að greiða ráðherra, er nýtir eigin bifreið til embættisstarfa, allan kostnað af rekstri bifreiða svo og fyrningarfé er nemur ár hvert 20% af virði bifreiðar.
   a. Óskað er að gerð verði grein fyrir upphæð árlegs fyrningarfjár hefði samsvarandi ákvæði verið í gildi á tímabilinu 1. janúar 1982—30. apríl 1985 vegna þeirra bifreiða ráðherra sem um getur í tölul. 1.
   b. Á hve löngum tíma má áætla að kostnaðarverð ofangreindra bifreiða sé að fullu endurgreitt miðað við ákvæði 10. gr. reglugerðarinnar, um að fyrningarfé skuli reiknað af endurnýjunarverði samsvarandi bifreiðar?
3. Hver er rekstrarkostnaður þeirra ríkisbifreiða sem ráðherrar höfðu til umráða á ofangreindu tímabili annars vegar og hins vegar rekstrarkostnaður eigin bifreiða ráðherra sem greiddur var af ríkissjóði? Upphæðir óskast tilgreindar fyrir hverja bifreið um sig á verðlagi ársins 1985.
4. Hversu margar ríkisbifreiðir hafa verið keyptar til umráða fyrir ráðherra á tímabilinu 1. janúar 1982—1. nóvember 1985? Fjöldi keyptra bifreiða á hverju ári óskast tilgreindur og andvirði hverrar bifreiðar á verðlagi ársins 1985.
5. Hversu oft hafa ráðherrar, sem látið hafa af störfum, keypt bifreið þá er þeir hafa haft afnot af meðan þeir gegndu embætti? Óskað er að tilgreind verði bifreiðategund og árgerð svo og kaupverð hverrar bifreiðar um sig á verðlagi ársins 1985.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 127. Svar [100. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi.

1. Varðandi reglur um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í sjávarútvegi skal vísað í lög nr. 12 19. apríl 1985, um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins:

„(1. gr.)

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. lög nr. 21/1984 og brbl. 102/1984, komi ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða II.

I.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1985 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M. kr.
a. Almenn deild	230
b. Verðjöfnunardeild	230
c. Áhafnadeild	80

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða, loðnuvinnslu og síldveiða. Þá mun ríkissjóður leggja fram 50 m. kr. til áhafnadeildar vegna fæðispeninga sjómanna.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

II.

Árið 1985 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins, skv. I. kafla laganna, greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

III.

Auk sérstakra bóta samkvæmt II skal á tímabilinu 1. ágúst 1984 til 31. ágúst 1985 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í II, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

IV.

Árið 1985 skal áhafnadeild, auk greiðslu fæðispeninga, greiða 80 m. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur."

Í athugasemdum við lagafrumvarpið segir m.a.:

„Til þess að standa straum af öllum framangreindum greiðslum nægja núgildandi tekjustofnar Aflatryggingasjóðs ekki. Því er hér lagt til, að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja ... skuli öll renna til Aflatryggingasjóðs."

2. Með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og þar sem um er að ræða verðbætur á almennt fiskverð er ekki efni til að veita sérstök svör við 2. lið fsp.

3. Gert er ráð fyrir því að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti árið 1986 verði með hliðstæðum hætti og á yfirstandandi ári.

4. Rétt er að geta þess að með væntanlegri tilkomu virðisaukaskatts mun endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti falla niður.

Nd. 128. Frumvarp til laga [116. mál]

um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson.

1. gr.

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Auðlindir samkvæmt lögum þessum taka til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda á og í hafsbotninum.

2. gr.

Enginn má leita að efnum til hagnýtingar í eða á hafsbotninum utan netlaga, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

3. gr.

Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra.

4. gr.

Leyfi til hagnýtingar auðlinda á eða í hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár. Í leyfisbréfi skal meðal annars ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar.

5. gr.

Með reglugerð skal iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um efni leyfa þeirra sem um ræðir í 3. og 4. gr.

6. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi enda liggi ekki við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laganna taka efni af eða úr hafsbotni, skulu innan sex mánaða sækja um leyfi samkvæmt 4. gr.

Greinargerð.

Það frumvarp, sem hér er flutt, er samhljóða stjórnarfrumvarpi sem fyrsti flutningsmaður mælti fyrir í efri deild Alþingis á 105. löggjafarþingi 1982.

Frumvarpið var upphaflega undirbúið af nefnd á vegum iðnaðarráðuneytisins á árinu 1982 en sú nefnd hafði á hendi skipulagningu og ráðgjöf um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir. Í hópi nefndarmanna var Benedikt Sigurjónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari. Frumvarpinu var að tillögu allsherjarnefndar efri deildar vísað til ríkisstjórnarinnar „til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga". Lagði nefndin „áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing". Álit nefndarinnar frá 9. mars 1983 er nú birt í heild sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Engin hreyfing hefur verið á þessu máli síðan á vegum núverandi ríkisstjórnar og er það því flutt að þessu sinni sem þingmannafrumvarp.

Með lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, voru settar reglur um fullveldi Íslands yfir hafinu og hafsbotninum umhverfis landið. Þar segir í 2. gr. að fullveldisréttur Íslands nái til landhelginnar og hafsbotnsins innan hennar. Þá segir í 6. gr. laganna að fullveldisrétturinn yfir landgrunninu taki til rannsókna og hagnýtingar á ólífrænum auðlindum sem þar eru.

Þótt settar hafi verið lagareglur um fullveldisrétt Íslands yfir hafsbotninum skortir reglur um eignarrétt og nýtingarrétt að auðlindum þeim sem þar kunna að finnast, a.m.k. á svæðum utan netlaga.

Rannsóknir á hafsbotninum umhverfis Ísland eru skammt á veg komnar. Hagnýt efni hafa ekki til þessa verið numin af hafsbotni, ef frá eru skilin möl og sandur. Þó hefur nokkuð verið hugað að þeim efnum.

Á árunum 1972 og 1973 voru gerðar allvíðtækar rannsóknir á landgrunninu umhverfis Ísland. Meðal annars voru gerðar þyngdar-, segul- og dýptarmælingar. Þá var og aflað gagna um þyngdarmælingar bandarískra sjóhersins frá árunum 1967 til 1969.

Síðan á árinu 1978 hafa nefndir, skipaðar af iðnaðarráðherra, unnið að skipulagningu rannsókna á hagnýtum efnum á og í hafsbotninum. Einkum hefur verið unnið að athugun á því hvort kolvetni kunni að finnast á þeim hafsbotnssvæðum sem fullveldisréttur Íslands tekur til. Af ýmsum ástæðum hefur athygli manna aðallega beinst að hafsvæðunum norðan Mið-Norðurlands. Á árinu 1978 veitti iðnaðarráðherra erlendu fyrirtæki leyfi til mælinga fyrir Norðurlandi. Fóru mælingarnar fram í nóvember- og desembermánuði 1978 undir umsjón og eftirliti Orkustofnunar. Íslenskur jarðeðlisfræðingur, fulltrúi stofnunarinnar, var um borð í skipi því er notað var við mælingarnar og fylgdist síðar með vinnslu gagna. Við könnun þessa komu fram á mælitækjum atriði er við úrvinnslu bentu til þess að setlög væri þarna að finna á hafsbotni. Mældar voru fjórar línur, samtals 857 km.

Sumarið 1982 var boruð kjarnahola, 554 m djúp, í Flatey á Skjálfanda til að leita staðfestingar á tilvist setlaga þessara og kanna gerð þeirra. Með borununum var staðfest að þarna er um setlög að ræða en engar vísbendingar um olíumyndun greindust í borkjarnanum, né lífræn efni sem gætu ummyndast í olíu við hagstæðari skilyrði. Bora þyrfti allmiklu dýpra til þess að ganga úr skugga um tilvist kolvetna í jarðlögum þessum. Samkvæmt fyrri vísbendingu gætu umrædd setlög verið allt að 4 km á þykkt.

Í þessu sambandi er rétt að drepa á samning Íslands og Noregs, sem undirritaður var 22. október 1981, um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, en samningur þessi gekk í gildi 2. júní 1982. Þar er ákveðið að Íslendingar og Norðmenn skuli sameiginlega láta fara fram rannsóknir á ákveðnum svæðum og settar verði reglur um hvernig háttað skuli olíuleit á þeim ef til komi. Í framhaldi af samningi þessum hófust á síðasta sumri, 1985, rannsóknir á Jan Mayen-hryggnum innan íslenskrar lögsögu með samkomulagi milli Orkustofnunar og norska jarðeðlisfræðifyrirtækisins Geco. Í tengslum við þær mælingar var

með sérstöku samkomulagi bætt við mælingum úti fyrir Norðurlandi frá rannsóknaskipi, á mælingalínum samtals 230 km að lengd. Ekkert óvænt mun hafa komið fram í þessum rannsóknum til þessa en niðurstöður úrvinnslu munu fyrst liggja fyrir á árinu 1986.

Utan þessara svæða hefur ekki verið um verulega skipulegar hagnýtar rannsóknir að ræða.

Eins og að framan hefur verið rakið er lítið vitað um auðlindir á hafsbotninum við Ísland. Ekki er útilokað að þar kunni að finnast verðmæt efni sem unnt væri að hagnýta. Það er því brýn nauðsyn að setja sem fyrst lagareglur um það hvernig háttað skuli eignarrétti að auðlindum þessum og nýtingu þeirra. Það er engum vafa undirorpið að ríkið sem slíkt er eigandi að auðlindum þeim er á hafsbotni kunna að finnast og ræður yfir nýtingu þeirra. Er það í samræmi við viðurkenndar skoðanir manna í nágrannalöndum okkar.

Valinn hefur verið sá kostur að setja almenn lög um þetta efni þar sem ákveðnar eru meginlínur í stefnu þeirri sem tekin er. Um einstök svið hagnýtra rannsókna og vinnslu má síðar setja ákvæði í lögum eða með reglugerðum, eftir því sem þurfa þykir, m.a. um umhverfisvernd. Við samningu frumvarpsins hefur einkum verið höfð hliðsjón af tilhögun Norðmanna í þessum efnum. Hjá þeim gilda nú lög nr. 12/1963 eins og þeim var breytt með lögum nr. 21/1977.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í grein þessari er því slegið föstu að íslenska ríkið sé eigandi allra auðlinda á og í hafsbotninum, frá netlögum og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær. Auðlindir þær, sem hér um ræðir, geta bæði verið lífrænar og ólífrænar.

Um 2. og 3. gr.

Hér er kveðið á um að enginn megi leita í eða á hafsbotninum að efnum til nýtingar, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra, og að enginn megi heldur taka eða nýta efni á þessum svæðum, nema að fengnu skriflegu leyfi ráðherrans.

Um 4. og 5. gr.

Hér er ákveðið að gildistími leyfa þeirra, sem rætt er um í 3. gr., megi ekki vera lengri en 30 ár. Þá er ákveðið að í leyfisbréfi skuli greint ítarlega hvaða ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar. Er miðað við það að skilyrði um þetta verði í meginatriðum ákveðin í reglugerð þannig að þeir, sem áhuga hafa á að sækja um slík leyfi, viti fyrir fram í meginatriðum hvers muni verða af þeim krafist í þessum efnum.

Um 6. og 7. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem við gildistöku laga þessara taka efni af eða úr hafsbotninum, verða að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Geri þeir það ekki er heimild þeirra til tökunnar niður fallin og haldi þeir áfram starfsemi sinni getur það varðað þá viðurlögum samkv. 6. gr.

Fylgiskjöl.

I. Álit allsherjarnefndar efri deildar, 9. mars 1983.
II. Uppdráttur af Íslandi og hafinu umhverfis.
III. Uppdráttur er sýnir m.a. umfang þyngdarmælinga 1972 og 1973.

IV. Uppdráttur er sýnir mælilínurnar norðan við land 1978.
V. Uppdráttur er sýnir fyrirhugaðar mælilínur norðan við land 1985.
VI. Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.
VII. Uppdráttur af sameiginlegu nýtingarsvæði á landgrunninu milli Íslands og Jan Mayen.
VIII. Norsk lög um nýtingu auðlinda hafsbotnsins.

Fylgiskjal I.

ÁLIT ALLSHERJARNEFNDAR EFRI DEILDAR

um frv. til laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (þskj. 542).

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og komist að raun um að hér sé um að ræða svo þýðingarmikið og vandmeðfarið mál að ógjörlegt sé að afgreiða það efnislega án frekari athugunar. Ljóst er að í nánustu framtíð eru hafsbotnsréttindi Íslands á Reykjaneshrygg, neðansjávarhásléttunni sem kennd er við Rokkinn, og á Jan Mayen-svæðinu fyrst og fremst tengd yfirborði hafsbotnsins. Samkvæmt 77. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna eigum við réttindi til þeirra lífvera sem á þessum hafsvæðum finnast og botnlægar eru. Yfirborð hafsbotnsins er einnig ótvíræð eign strandríkisins.

Nefndin telur þess vegna að allri lagasetningu um hafsbotn þann, sem er utan 200 mílna efnahagslögsögunnar en tilheyrir Íslandi samkvæmt 76. gr., sbr. 83. gr. hafréttarsáttmálans, eigi að haga þannig að einkaréttur okkar sé sem best tryggður og allar veiðar útlendinga við botninn bannaðar. Hins vegar sé rétt að örva íslenska fiskimenn til að hagnýta þessi íslensku mið og bægja útlendingum af þeim í samræmi við alþjóðalög.

Með hliðsjón af framansögðu telur nefndin eðlilegt að þau málefni, sem varða yfirborð landgrunnsins utan 200 mílnanna á Reyjaneshrygg, Jan Mayen-svæðinu og Rockall-hásléttu, falli undir sjávarútvegsráðuneytið en leggur áherslu á að skynsamleg skipan þessara mála verði fundin sem skjótast og málið lagt fyrir næsta þing. Því leggur hún til að því verði nú **vísað til ríkisstjórnarinnar** til skjótrar en ítarlegrar athugunar hæfustu sérfræðinga þar sem framangreind sjónarmið sitji í fyrirrúmi.

Alþingi, 9. mars 1983.

Eiður Guðnason, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr., frsm.	Jón Helgason.
Stefán Guðmundsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Stefán Jónsson.
	Egill Jónsson.	

Fylgiskjal II.



Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.

Fyrirhugaðar mælilínur úti fyrir Norðurlandi á vegum Geco sumarið 1985.



Fylgiskjal VI.

SAMKOMULAG

milli Íslands og Noregs um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs
sem óska eftir að ákvarða markalínuna á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen,

sem með gerð samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál urðu ásáttar um að efnahagslögsaga Íslands skuli ná út í 200 sjómílur, einnig á þeim svæðum milli Íslands og Jan Mayen þar sem fjarlægðin milli grunnlínanna er minni en 400 sjómílur,

sem í 9. gr. fyrrnefnds samkomulags urðu ásáttar um að aðilar skyldu í sameiningu skipa sáttanefnd sem gera skyldi tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen, og sem sameiginlega skipuðu slíka nefnd,

sem í maí 1981 fengu samhljóða tillögur sáttanefndarinnar, er fela í sér að mörk landgrunns hvors aðila á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skuli vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu hvors aðila, svo og að komið verði á samvinnu milli aðilanna um rannsóknir og nýtingu á olíuefnum („hydrocarbons") á nánar tilgreindu svæði milli Íslands og Jan Mayen, beggja vegna markalínunnar, og

sem telja sig geta farið að tillögum nefndarinnar,
hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Mörk landgrunns hvors aðila á landgrunninu á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen skulu vera hin sömu og mörk efnahagslögsögu þeirra.

2. gr.

Ákvæði 3.–9. gr. taka til svæðis, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:

70°35′ n.br.
68°0′ n.br.
10°30′ v.lg.
6°30′ v.lg.

3. gr.

Á fyrsta stigi rannsókna sem ætlað er til kerfisbundinnar jarðfræðikönnunar á svæði því, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar sameiginlega annast jarðsveiflumælingar („seismic" mælingar) svo og segulrannsóknir, ef með þarf. Norska olíustofnunin sér um framkvæmdahlið þessara rannsókna á grundvelli áætlana, sem samdar verða sameiginlega af sérfræðingum aðilanna. Kostnaður við þessar rannsóknir verður greiddur af norsku olíustofnuninni/norska ríkinu, nema aðilar komi sér saman um annað. Norskir og íslenskir sérfræðingar skulu hafa jafna möguleika á þátttöku í rannsóknunum og í mati á upplýsingum sem fram koma. Upplýsingar og matsgerðir skal leggja fyrir stjórnvöld landanna. Fara skal með þær sem trúnaðarmál nema aðilar komi sér saman um annað.

Verði ágóði af sölu jarðsveiflu- eða seguluppl ýsinga til fyrirtækja eða samtaka skal skipta hreinum hagnaði milli beggja aðila samkvæmt samningi þeirra á milli.

4. gr.

Sýni þær rannsóknir, sem um er fjallað í 3. gr., að æskilegt sé að framkvæma nákvæmari athuganir á vissum hlutum þessa svæðis, þ. á m. að gera nákvæmari jarðsveiflumælingar og að hefja boranir, skulu hugsanleg einkaleyfi til rannsókna og vinnslu á slíkum sérsvæðum veitt á grundvelli samnings um sameiginlegt verkefni („joint venture"), nema aðilar komi sér saman um annað samningsform. Aðilar geta komið sér saman um að láta olíufélög, ríkisrekin eða ekki, eiga aðild að slíkum samningum.

5. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur norðan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 32.750 km²) skal Ísland eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, ber Noregi að reyna að fá því framgengt, að bæði

norskur og íslenskur hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn („carried") af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) allt fram að því að lýst er yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði.

Verði ekki unnt að fá því framgengt, að kostnaður beggja aðila verði borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum) skulu aðilar taka upp samningaumleitanir um möguleika á að reka starfsemina sem sameiginlegt verkefni, þar sem hvor þeirra beri sinn kostnað eða þeir skipti með sér kostnaði. Óski Ísland ekki eftir þátttöku á þessum grundvelli er Noregi heimilt að halda áfram á eigin áhættu. Verði því lýst yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal Ísland á því stigi eiga þess kost að ganga inn í starfsemina með sinn hlut gegn því að greiða Noregi þann hluta útlagðs kostnaðar fram að þessum tíma sem hefði svarað hlut Íslands ef það hefði verið þátttakandi frá upphafi.

Norsk löggjöf, norsk stefna í olíumálum og norsk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Norsk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

6. gr.

Á þeim hluta þess svæðis sem tilgreint er í 2. gr. og sem liggur sunnan markalínu efnahagslögsögu landanna (u. þ. b. 12.720 km²) skal Noregur eiga rétt á 25% þátttöku í olíustarfsemi sem þeirri, sem um er fjallað í 4. gr. Í samningaumleitunum við utanaðkomandi olíufélög, ríkisrekin eða ekki, skal Íslandi ekki vera skylt að reyna að fá því framgengt, að hinn norski hluti kostnaðar við slíka olíustarfsemi sé borinn af hlutaðeigandi félagi (eða félögum).

Íslensk löggjöf, íslensk stefna í olíumálum og íslensk ákvæði um eftirlit með starfseminni, öryggisráðstafanir og umhverfisvernd skulu gilda um starfsemi á því svæði sem tiltekið er í fyrstu málsgrein. Íslensk stjórnvöld skulu einnig fara með framkvæmdarvald og stjórnun á þessu svæði.

7. gr.

Eftir að lýst hefur verið yfir að fundist hafi arðbært vinnslusvæði skal hvor aðili bera sinn kostnað við áframhaldandi framkvæmdir á svæðinu í hlutfalli við sinn hlut í viðkomandi samningi.

8. gr.

Finnist olíuefni á svæði sem liggur báðum megin markalínu efnahagslögsögu landanna eða sé það allt sunnan markalínunnar en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr. skulu venjulegar meginreglur um einingarnýtingu auðlinda („unitisering") gilda um skiptingu og nýtingu fundarins. Aðilar skulu semja um nánari reglur sem gilda eiga í slíkum tilvikum.

Finnist olíuefni á svæði sem allt liggur norðan markalínu, en teygist út yfir þau hnit sem nefnd eru í 2. gr., skal það allt teljast liggja innan hnitanna, sbr. 5., 6. og 7. gr.

9. gr.

Ef annar aðilinn telur að ákvæðin um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd, sem um er fjallað í 5. og 6. gr., veiti ekki nægilega vernd þegar fram fara rannsóknir eða vinnsla á því svæði, sem tilgreint er í 2. gr., skulu aðilar hafa samráð, sbr. 10. gr. samkomulagsins frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji.

Hvor aðili skal tilnefna einn mann í sáttanefndina. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Tillögurnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Samkomulag þetta öðlast gildi þegar aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegri stjórnskipunarmeðferð sé lokið.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Osló hinn 22. október 1981 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Ólafur Jóhannesson

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Svenn Stray.

Fylgiskjal VII.



Fylgiskjal VIII.

Lov nr. 12 av 21. juni 1963 om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 1.[1]).

Denne lov gjelder utforskning og utnyttelse av naturforekomster på havbunnen eller i dens undergrunn, så langt havets dybde tillater utnyttelse av naturforekomstene, såvel innenfor som utenfor de ellers gjeldende sjøgrenser, likevel ikke ut over midtlinjen i forhold til andre stater.

Loven kommer også til anvendelse ved virksomhet som nevnt i første ledd i område utenfor den norske del av kontinentalsokkelen dersom dette følger av særskilt avtale med fremmed stat eller av folkeretten forøvrig.

§ 2.

Retten til undersjøiske naturforekomster tilligger staten.

Kongen kan gi norske eller utenlandske personer, herunder også stiftelser, selskaper og andre sammenslutninger, adgang til å utforske eller utnytte naturforekomstene. Det kan settes bestemte vilkår for slike tillatelser.

§ 3.

Kongen kan gi regler om utforskning og utnyttelse av undersjøiske naturforekomster.

§ 4.

Eldre lover skal ikke være til hinder for bestemmelser gitt i medhold av § § 2 og 3 i denne lov.

§ 5.

Retten til skipsfart og fiske berøres ikke av denne lov.

§ 6.

Denne lov trer i kraft straks.

[1]) Endret i lov nr. 21 av 25. mars 1977.

Ed. 129. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [117. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson.

1. gr.

Við 67. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu, svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda, teljast sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skal að öðru leyti skipað með lögum. Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar.

Með þeim takmörkunum, sem hér greinir, skal við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

Greinargerð.

Brýnt er orðið að taka af öll tvímæli um eignarrétt á náttúruauðæfum og landi og marka skýra stefnu í því máli. Hér er miðað við þá grundvallarreglu:

að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, verði í stjórnarskrá lýðveldisins lýst sameign þjóðarinnar allrar;

að mörkin milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar verði ákveðin með löggjöf þar sem hagsmuna þéttbýlisbúa sé fyllilega gætt og að þeim sé tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og til lands undir húsbyggingar á sanngjörnu verði;

að staða bænda sé ekki skert og þeir haldi þeim hlunnindum sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum.

I. **Verðmæti í sjó og á sjávarbotni** meðfram ströndum landsins gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir ef séreignarstefnan verður enn frekar ofan á í íslenskri löggjöf og ekki er tekinn af allur vafi með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði.

II. Eignarréttur að **afréttum og almenningum** er þegar orðinn bitbein manna á milli en þó hefur það verið almennt álit íslenskra lögfræðinga að einstakir menn ættu ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum.

Í dómi Hæstaréttar árið 1955, bls. 108, er fjallað um eignarhald á landi á Landmannaafrétti. Undirréttur komst að þeirri niðurstöðu að Landmannaafréttur væri háður eignarrétti Landmannahrepps og væri ekki almenningur en Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á það að Landmanna- og Holtamannahreppar hefðu öðlast eignarrétt á afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Hins vegar ættu íbúar þessara hreppa, svo og ábúendur býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, sameiginlegan veiðirétt í vötnum á afrétti þessum.

Í dómi Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, var fjallað um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Undirréttur dæmdi Skagfirðingum eignarrétt á afréttarlandinu í samræmi við afsal frá árinu 1464 en Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og taldi að hvorugur aðilinn hefði „fært fram gögn fyrir fullkominni eignatöku að fornu eða nýju á landssvæði því, sem um er að tefla í máli þessu". „Yfirlýsingar í afsölum fyrr og síðar, sem eigi styðjast við önnur gögn, nægja eigi til að dæma öðrum hvorum aðila eignarrétt til öræfalandssvæðis þessa. Verða því kröfur hvorugs aðila í málinu teknar til greina."

Í greinargerð fyrir frumvarpi til námulaga, sem samþykkt var á Alþingi árið 1973, segir m.a. að ákvæði 1. gr. námulaga, nr. 50/1909, séu á þeim sjónarmiðum reist „að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé, að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign".

III. Um **námur í jörðu** gildir nú sú stefna hér á landi að landeigandi telst eigandi námunnar. Sums staðar gildir sú regla í öðrum löndum að finnandi námunnar telst eigandi. En mjög víða og m.a. í mörgum kapítalískum ríkjum er talið sjálfsagt að þjóðin öll tileinki sér slík auðæfi og hefur þá ríkið umráð þessara réttinda og selur vinnsluaðilum leyfi til námugraftar. Sjálfsagt er að bæta landeigendum tjón af námugrefti eða annarri efnistöku en að öðru leyti virðist eðlilegast að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti.

IV. Eignarréttur að **orku í rennandi vatni** hefur lengi verið deiluefni á Íslandi. Það er óumdeilt að land, sem þarf undir orkuver, ber að þjóðnýta og taka eignarnámi. Það er einnig óumdeilt að bændur, sem verða fyrir tjóni af þessum sökum, eiga rétt á bótum, t.d. vegna lands sem þeir missa undir byggingu orkuvers og önnur mannvirki, stíflur, spennistöðvar og háspennulínur. Þeir eiga einnig rétt til bóta ef beit á afréttarlandi rýrnar vegna orkuframkvæmda, veiði í vötnum eða ám spillist eða önnur almenn búskaparhlunnindi fara forgörðum. Hitt er fráleitt að einstaklingar geti átt orkuna í rennandi vatni og selt hana öðrum.

Þegar orkumálin voru sem mest á dagskrá fyrir tæpum 60 árum var það álit meiri hl. svonefndrar fossanefndar og ráðgjafa hennar, Einars Arnórssonar, þáverandi lagapófessors og síðar hæstaréttardómara, að orka vatnsins væri ekki undirorpin eignarrétti landeiganda en talsmenn séreignarstefnunnar stóðu fast á móti svo að ekki tókst að lögfesta þetta sjónarmið. Nú er tími til kominn að því verði slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

V. Eignarréttur landeigenda á **jarðhita** djúpt í jörðu er ekki síður fráleitur en eignarréttur á orku vatnsins. Með stjórnarskrárákvæði þarf að tryggja rétt samfélagsins til orkunnar í iðrum jarðar og taka af öll tvímæli um það að eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar verndi ekki rétt landeigandans til jarðhita á ótakmörkuðu dýpi.

Það er margyfirlýst skoðun fræðimanna sem um þetta hafa fjallað, m.a. skoðun prófessoranna Ólafs Lárussonar og Ólafs Jóhannessonar, að landeigandi eigi ekki rétt til jarðhita niður á hvaða dýpi sem er og því megi með lögum takmarka rétt hans við ákveðið dýpi, t.d. 50—100 metra dýpi, en séreignaröflin munu vafalaust spyrna á móti eins lengi og þau geta og vísa til 67. gr. stjórnarskrárinnar. Þess vegna þarf að ákveða það í stjórnarskrá að allur jarðhiti, a.m.k. neðan við 100 metra dýpi, sé sameign þjóðarinnar.

Ed. 130. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Helga Seljan.

Á eftir 10. gr. komi ný gr. er verði 11. gr. og orðist svo:

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán að upphæð 100 millj. kr. til þess að endurlána Fiskveiðasjóði vegna mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum.

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um skipulagningu námsbrauta á sviði sjávarútvegs.

Flm.: Skúli Alexandersson, Helgi Seljan, Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Davíð Aðalsteinsson, Einar K. Guðfinnsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að menntamálaráðuneytið hlutist til um að innan framhaldsskólakerfisins verði skipulagðar námsbrautir á sviði sjávarútvegs og námsefni verði samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu- og sjómannafræðum, fyrri hluta námi sérskóla sjávarútvegs, þ.e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Markmið slíks náms væri að búa fólk undir störf í sjávarútvegi og að kynna íslenskan sjávarútveg.

Greinargerð.

Um eða yfir 90% af fólki, sem vinnur við sjávarútveg á Íslandi, hefur ekki aflað sér menntunar í skóla til undirbúnings starfsins. Aðeins skipstjórnarmenn, vélstjórar og verkstjórar eru sérmenntaðir til sinna starfa og hafa þó verið tíðar undanþágur frá því.

Stór hluti þess fólks, sem vinnur þessi störf, er mjög vel þjálfaður og með mikla reynslu í sínum störfum. Íslenskur sjávarútvegur hefur hingað til haft á að skipa vel þjálfuðu starfsliði sem hefur aflað sér menntunar fyrst og fremst í starfi. Á þessu er að verða breyting. Færri og færri gera þessi störf að ævistarfi. Ungt fólk, sem áður fór eftir grunnskólanám til starfa við sjávarútveginn, á fiskiskipaflotanum eða í fiskvinnslustöðvunum, heldur nú flest áfram námi og stefnir að stúdentsprófi og síðar að einhverju sérnámi. Í fiskvinnslunni kemur endurnýjunin frá öðrum starfsstéttum og frá því fólki sem einhverra hluta vegna hefur ekki haldið áfram námi að loknum grunnskóla. Svipað á sér stað hvað varðar sjómannsstarfið.

Mörg undanfarin ár hefur vantað menn með vélstjórnar- og skipstjórnarréttindi á fiskiskip. Síðustu mánuði hefur einnig verið mikil fólksekla í fiskiðnaði. Léleg laun, ótrygg störf og ýmsir aðrir þættir eiga sinn hlut í því að fæla menn frá störfum tengdum sjávarútvegi, á sjó og landi. En þar kemur fleira til.

Í framhaldsskólum er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám ef frá er skilin kennsla í vélfræði í tveimur fjölbrautaskólum. Segja má að með því námsefni, sem nú er í framhaldsskólum, sé unnið að því að útiloka ungt fólk frá námi sem tengist sjávarútvegi.

Framhaldsskólarnir hafa hins vegar viðskiptabrautir, þjónustubrautir, iðnbrautir, heilbrigðisbraut o.fl.

Með tilkomu fjölbrautaskólanna var gert ráð fyrir að þeir mundu sinna „fjölbreytilegu" starfsnámi og búa ungt fólk undir það að taka þátt í atvinnuþróun og tileinka sér nýja starfshætti í aðalatvinnugreinum þjóðarinnar og — þá frekar en ekki síður — sjá nemendum fyrir kennslu í fiskvinnslu og sjóvinnu. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Enn fer stærstur hluti nemenda þessara skóla á bóknáms- og þjónustubrautir.

Við ýmsa grunnskóla á landsbyggðinni hefur verið komið á fót framhaldsdeildum í tengslum við fjölbrautaskóla. Þannig er það t.d. á Vesturlandi. Framhaldsdeildir hafa starfað við grunnskólana í Borgarnesi, á Ólafsvík, í Stykkishólmi og að Laugum í tengslum við Fjölbrautaskólann á Akranesi. Áformað er að þessi tengsl skólanna á Vesturlandi verði enn aukin.

Námsefni framhaldsdeilda þessara skóla hefur þó ekki tengst starfsnámi nema að mjög takmörkuðu leyti. Kennslan í þessum deildum hefur frekar stuðlað að fjölgun nemenda á hefðbundnum bóknámsbrautum. Sjálfsagt er ríkt í huga margra nemenda að nám sé fyrst og fremst bóklegt og framar öllu þurfi að „læra" til hinna hefðbundnu gömlu háskólagreina. Þess vegna eru þær námsbrautir enn svo áhugaverðar. Hitt er jafnframt augljóst að allt of lítið, og sums staðar ekkert, hefur verið gert til að auðvelda ungu fólki starfsnám.

Sjávarútvegsnám er aðeins boðið fram í sérskólum sem tengjast öðru framhaldsnámi með takmörkuðum hætti. Þeir sérskólar eru nær eingöngu á Reykjavíkursvæðinu. Nám við þá skóla útheimtir óþarflega langar fjarvistir frá heimilum og heimabyggð margra nemenda miðað við að hluti námsins ætti sér stað á heimaslóð.

Það er ekki boðið upp á fiskvinnslu- eða sjóvinnunám sem valgrein í 9. bekk grunnskóla, ekki heldur í áðurnefndum framhaldsdeildum né fjölbrautaskólunum. Þar með eru þeir nemendur, sem vilja hefja framhaldsnám strax að loknu skyldunámi, raunverulega útilokaðir frá því að afla sér menntunar á sviði sjávarútvegs og sjávarútvegsframleiðslu á því aldursskeiði og á þeim vettvangi sem nemendur óska sér og er þeim eðlilegastur.

Þessi tillaga okkar gerir ráð fyrir að skipulagðar verði námsbrautir á sviði sjávarútvegs innan framhaldsskólakerfisins og er þá átt við framhaldsdeildir grunnskóla og fjölbrautaskóla og að námsefni verði jafnframt samið í sérgreinum þeirra brauta. Stefnt verði að sem mestri fjölbreytni í sjávarútvegsnámi í framhaldsskólum með stuttum námsbrautum í fiskvinnslu- og sjómannafræðum, fyrri hluta námi sérskóla sjávarútvegs, þ. e. fiskvinnslu-, stýrimanna- og vélstjórnarnámi, og undirbúningsnámi fyrir þá skóla, auk námsbrautar sem lyki með stúdentsprófi.

Kennsla og námsbrautir munu sjálfsagt verða breytilegar í fyrstu eftir skólum og fara eftir nemendafjölda og aðstöðu til kennslu. Um leið og stofnað yrði til framhaldsskólanáms á þessu sviði víða á landinu sköpuðust skilyrði fyrir fullorðinsnám, endurmenntun og námskeiðahald með sömu kennslugögnum og framhaldsnám byggðist á. Leita þyrfti samstarfs við samtök sjómanna og fiskvinnslufólks og skólastjórnir sérskóla sjávarútvegsins um allt sem lýtur að skipulagningu og fyrirkomulagi þessa náms.

Eitt af því, sem veldur brottflutningi ungs fólks frá landsbyggðinni, er að sækja þarf nær allt framhaldsnám til stóru þéttbýlisstaðanna, og þá fyrst og fremst til Reykjavíkur. Að námi loknu er þetta unga fólk oft í minni félagslegum tengslum við sína heimabyggð en það umhverfi þar sem námið hefur verið stundað. Auk þess eru oft litlar líkur á því að heimabyggðin geti nýtt það nám sem sótt hefur verið í skóla þéttbýlisins.

Efling framhaldsdeildanna og fjölbrautaskólanna mun hamla gegn brottflutningi fólks af landsbyggðinni og styrkja byggð á viðkomandi stöðum. Kennurum og starfsliði mun fjölga og námstími í heimabyggð lengjast. Fjölgun sérmenntaðs fólks, bæði í hópi kennara og

í sjávarútveginum, mun styrkja félagslegan grundvöll greinarinnar og leiða til framfara hvar sem slík þróun á sér stað.

Nýjar leiðir til náms, svo sem tillaga okkar gerir ráð fyrir, munu stuðla að mjög aukinni menntun á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu. Ungt fólk, sem hefur tileinkað sér kunnáttu til að takast á við nýjungar í rekstri og meðferð sjávarafla til að auka gæði og verðmæti hans, mun koma til starfa og styrkja þessar atvinnugreinar. Á því er ekki vanþörf nú og í framtíðinni. Að því verður að stefna að íbúar sjávarútvegsbyggðanna og það starfsfólk, sem við sjávarútveginn vinnur, hafi ekki síðri almenna menntun og sérmenntun vegna starfa sinna en fólk í öðrum starfsgreinum, jafnt í framleiðslu- sem í þjónustustörfum.

Tillaga þessi var flutt í lok síðasta þings en varð ekki rædd og er því endurflutt nú.

Ed. 132. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinna sveitarfélaga, sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavíkurkaupstaður	38,68%
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Miðneshreppur	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%
Hafnahreppur	0,69%

Sameigendur bera einfalda óskipta ábyrgð á skuldbindingum Hitaveitu Suðurnesja gagnvart kröfuhöfum. Innbyrðis skiptist ábyrgð samkvæmt eignarhlutföllum. Verði síðar ákveðið að krefjast viðbótarframlags frá eigendum skulu þeir leggja það fram í samræmi við eignarhlutföll. Eignarhlutföllum verður ekki breytt og engum sameignarfélaga er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis allra sameigenda.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Stofnsjóður Hitaveitu Suðurnesja skiptist á sameigendur í þeim hlutföllum, er um getur í 2. gr.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa hvor einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Sveitarfélög þau, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar

sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúar ríkissjóðs skulu skipaðir til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu, miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr., enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um, og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

4. gr.

4. töluliður 2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

4. Skipun fulltrúa ríkissjóðs í stjórn fyrirtækisins til næsta aðalfundar.

5. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

6. gr.

14. gr. laganna (áður 13. gr., sbr. lög nr. 26/1980) orðist þannig:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sýslusjóða fer á sama hátt og um skyldur sveitarfélaga, er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Er lög þessi hafa öðlast gildi skulu sveitarfélögin skipa menn í stjórn Hitaveitu Suðurnesja í samræmi við 7. gr. laganna. Kjörtímabili þeirra stjórnarmanna lýkur 31. júlí 1986.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 100 31. desember 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það markmið að virkja jarðhita í Svartsengi við Grindavík eða annars staðar á Reykjanesi, reisa þar varmaskiptistöðvar og leggja aðveituæðar til þéttbýliskjarna á Suðurnesjum, leggja dreifikerfi og annast sölu á heitu vatni til notenda. Eignaraðild að fyrirtækinu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu eiga 60% en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn fyrirtækisins skipuð og tók hún þegar til starfa við uppbyggingu sameiginlegrar hitaveitu á Suðurnesjum. Nú hefur hitaveita verið lögð um öll þéttbýlissvæði á Suðurnesjum, auk Keflavíkurflugvallar. Enn fremur hefur Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað, í samræmi við lög nr. 26/1980 um breyting á lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja, en með þeirri lagabreytingu var veitt heimild til aukinnar raforkuvinnslu á vegum Hitaveitu Suðurnesja.

Með lögum nr. 91/1984 um breyting á lögum nr. 100/1974 um Hitaveitu Suðurnesja var ríkinu heimilað að selja Hitaveitu Suðurnesja rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum. Á sama hátt var veitt heimild fyrir að samið yrði um yfirtöku Hitaveitu Suðurnesja á rafveitum sveitarfélaga á svæðinu og að veiturnar yrðu lagðar fram sem stofnframlög með tilheyrandi breytingu á eignarhlutdeild eigenda. Með sömu lögum var tilgangi Hitaveitu Suðurnesja breytt í almennt orkufyrirtæki með heimild m.a. til að reka rafveitur.

Með samningi, dagsettum 17. maí 1985, var samið um kaup Hitaveitu Suðurnesja á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum og fór yfirtaka eignanna fram 1. júlí s.l. Þann 5. júlí 1985 var undirritað samkomulag milli Hitaveitu Suðurnesja og sveitarfélaga á Suðurnesjum um yfirtöku fyrirtækisins á öllum rafveitum á Suðurnesjum. Samið var um að eignir rafveitna sveitarfélaganna yrðu lagðar fram sem stofnframlög og að eignarhlutur ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja lækkaði þar með. Rafveiturnar voru lagðar fram skuldlausar sem stofnframlag sveitarfélaganna. Umsamið stofnverð rafveitnanna nam samtals kr. 169 188 000. Hinn reiknaði stofnkostnaður var skv. samkomulaginu eignfærður sem afskriftastofn hjá Hitaveitu Suðurnesja og af því leiddi lækkun á eignarhlut ríkisins úr 40% í 20%. Samkomulag þetta hefur verið staðfest af öllum sameigendum að fyrirtækinu og staðfesti iðnaðarráðherra samkomulagið f.h. ríkisstjórnar Íslands.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði þær breytingar á lögum um Hitaveitu Suðurnesja, sem leiðir af ofangreindum breytingum á hlutverki fyrirtækisins og breyttum eignarhlut sameigenda.

Helstu nýmæli skv. frumvarpinu eru:

a) Staðfest er sú breyting á eignarhlutföllum sem leiðir af ofangreindum samningi um yfirtöku fyrirtækisins á rafveitum sveitarfélaganna.
b) Stjórn Hitaveitu Suðurnesja verður nú skipuð 9 fulltrúum í stað 5 áður. Hvert hinna sjö sveitarfélaga, sem eigendur eru að fyrirtækinu, skipar einn fulltrúa í stjórn og ríkið tvo.
c) Við afgreiðslu mála verður að viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu (miðað við eignarhluta) komi fram ósk a.m.k. eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist afgreitt.
d) Hitaveita Suðurnesja verður undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóðanna á svæðinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er staðfest sú breyting á eignarhlutföllum í fyrirtækinu sem leiðir af samningi eignaraðila um að eignir rafveitna sveitarfélaganna verði lagðar fram sem stofnframlög í fyrirtækið. Eignarhlutföll eru frá 1. júlí 1985 sem hér segir (til samanburðar er eignarskipting fyrir yfirtöku rafveitnanna):

Ríkissjóður Íslands	20,00%	(40,00%)
Keflavíkurkaupstaður	38,68%	(31,04%)
Njarðvíkurkaupstaður	12,83%	(8,70%)
Grindavíkurkaupstaður	11,17%	(8,11%)
Miðneshreppur	6,99%	(5,55%)
Gerðahreppur	6,07%	(3,76%)
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%	(2,13%)
Hafnahreppur	0,69%	(0,71%)

Innbyrðis skipting á eignarhlutum sveitarfélaganna er í samræmi við fjölda íbúa í viðkomandi sveitarfélögum 1. desember 1984.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til, að breytt verði orðalagi 5. gr. laganna um stofnframlög sameignaraðila að Hitaveitu Suðurnesja, og einfaldlega kveðið á um að stofnsjóðurinn skiptist á sameigendur í samræmi við eignarhlut.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að stjórnarmönnum verði fjölgað úr 5 í 9. Gert er ráð fyrir að ríkið skipi tvo menn í stjórn til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélögin sjö skipi hvert einn mann í stjórn og að kjörtímabil þeirra fylgi kjörtímabili sveitarstjórna. Þá er það nýmæli í greininni að lagt er til að viðhöfð verði hlutfallsleg atkvæðagreiðsla í stjórn félagsins, komi fram ósk eins stjórnarmanns þar um, og ráði þá eignarhlutur tilnefningaraðila vægi atkvæðis stjórnarmanns.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt þykir að breyta ákvæði laganna um setningu gjaldskrár til samræmis við breytt hlutverk fyrirtækisins þannig að gjaldskráin kveði á um verð á orku almennt.

Um 6. gr.

Lagt er til að 14. gr. laganna verði breytt þannig að skýrar verði kveðið á um að fyrirtækið skuli undanþegið öllum gjöldum til sveitarfélaga á svæðinu. Greinin er að öðru leyti óbreytt.

Um 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 133. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um verðtryggingu tjóna- og slysabóta.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir,
Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta undirbúa löggjöf um verðtryggingu tjóna- og slysabóta almennra tryggingafélaga.

Greinargerð.

Þegar verðbólga er jafnmikil og raun ber vitni getur fólk orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna þess að bótagreiðslur tryggingafélaga eru ekki verðtryggðar. Í ýmsum tilvikum er verðtrygging þó viðhöfð í einhverju formi, t. d. í brunatryggingum. Af þeim sökum m.a. munu margir tryggingatakar þeirrar skoðunar að allar bætur séu verðtryggðar að fullu. Eykur þetta á andvaraleysi tryggingataka.

Í mikilli verðbólgu skiptir vitaskuld máli hversu oft bótaupphæð er endurmetin með tilliti til verðgildis. Ef bætur eru sjaldan endurmetnar, þótt verðtryggðar séu taldar, er gildi verðtryggingarinnar rýrt.

Allt mælir þetta með því að samræmdar reglur verði settar um verðtryggingu tjóna- og slysabóta og löggjöf sett þar að lútandi.

Í stað þess að tiltaka hversu oft skuli hækka tryggingarupphæð í krónum talið vegna verðbólgu er heppilegra að miða við tilteknar breytingar á ákveðinni vísitölu. Þannig má telja hæfilegt að bótaupphæð sé endurmetin t.d. fyrir hver 4% sem vísitalan breytist.

Ed. 134. Frumvarp til laga [121. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW, eins og um ræðir í nefndum samningi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Þingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og reksturs ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja Kröfluvirkjun til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar dags. 26. júlí 1985. Samningurinn er fylgiskjal 1 með frumvarpi þessu. Lagt er til að með mannvirkjum Kröfluvirkjunar fylgi réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnast kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW til raforkuframleiðslu. Þá er lagt til að lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, falli úr gildi. Loks er í frumvarpinu lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að ganga til áframhaldandi samninga um hugsanlega yfirtöku Landsvirkjunar á gufuveitunni í Bjarnarflagi til eignar og reksturs ásamt skuldbindingum um gufuöflun til Kísiliðjunnar hf. skv. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966.

2. Aðdragandi.

Með lögum nr. 21 10. apríl 1974 var ríkisstjórninni heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflstöð við Kröflu. Ekki þarf að rekja byggingarsögu þeirrar virkjunar, svo kunn er hún.

Lög nr. 42 23. mars 1983 um Landsvirkjun fólu í sér staðfestingu á nýjum sameignarsamningi um Landsvirkjun, er m. a. varðar inngöngu Akureyrarbæjar í fyrirtækið og yfirtöku Landsvirkjunar á Laxárvirkjun. Í 6. gr. laganna fólst enn fremur staðfesting á þeim samningum, sem gerðir voru milli ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar með heimild í lögum nr. 60/1981, um raforkuver, varðandi yfirtöku Landsvirkjunar á undirbúningi að virkjunarframkvæmdum við Blöndu, Villinganes og Fljótsdal. Með ofangreindum lögum var orkusvæði Landsvirkjunar skilgreint sem landið allt, eftir því sem raforkuver hennar og stofnlínukerfi spanna, og ber henni samkvæmt lögunum að hafa forgöngu um virkjanir á orkusvæði sínu svo að tryggt verði að afl- og orkuþörf viðskiptavina fyrirtækisins sé ávallt fullnægt.

Eftir að Landsvirkjun varð þannig meginvirkjunarfyrirtæki landsmanna, sem m. a. hefur þann tilgang að reisa og reka öll meiri háttar raforkuver í landinu, þótti eðlilegt að leitað yrði samninga um kaup Landsvirkjunar á Krófluvirkjun af ríkinu.

Í janúar 1985 skipuðu eigendur Landsvirkjunar sérstaka viðræðunefnd um hugsanleg kaup Landsvirkjunar á Krófluvirkjun. Í nefndinni tóku sæti:

Frá ríkinu:
Sverrir Hermannsson, iðnaðarráðherra og
Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri

Frá Reykjavíkurborg:
Davíð Oddsson, borgarstjóri og
Sigurjón Pétursson, borgarfulltrúi

Frá Akureyrarbæ:
Jón G. Sólnes, fyrrverandi alþingismaður og
Valur Arnþórsson, kaupfélagsstjóri

Með bréfi, dags. 6. mars 1985, óskaði viðræðunefndin þess við stjórn Landsvirkjunar að gengið yrði til formlegra viðræðna við ríkið um kaup Landsvirkjunar á Krófluvirkjun og að hún tilnefndi fulltrúa til þeirrar samningsgerðar. Jafnframt var upplýst að ofangreind viðræðunefnd eignaraðila mundi fylgjast með samningaviðræðum milli samninganefndar Landsvirkjunar og samninganefndar ríkisins.

Í samræmi við framangreind tilmæli voru hinn 14. mars 1985 eftirtaldir menn tilnefndir af hálfu stjórnar Landsvirkjunar í nefnd til að annast samninga af hálfu Landsvirkjunar um hugsanleg kaup fyrirtækisins á Krófluvirkjun:

Halldór Jónatansson, forstjóri, formaður
Elías B. Elíasson, yfirverkfræðingur
Knútur Otterstedt, svæðisstjóri.

Samninganefnd ríkisins var skipuð af iðnaðarráðherra sem hér segir:

Guðmundur Malmquist, hdl., aðstoðarmaður ráðherra, formaður,
Halldór J. Kristjánsson, deildarlögfræðingur í iðnaðarráðuneytinu, og
Sigurður Þórðarson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

Nefndunum var gert að leitast við að gera sameiginleg drög að kaupsamningi um Krófluvirkjun fyrir 1. júlí 1985 miðað við að Landsvirkjun yfirtæki Krófluvirkjun til eignar og reksturs hinn 1. janúar 1986. Nefndirnar luku störfum 21. júní 1985 og urðu sammála um efnisatriði kaupsamningsins og sameiginlega greinargerð um forsendur hans, sbr. fylgiskjal 2 með frumvarpi þessu. Niðurstaðan var síðan til umfjöllunar hjá eignaraðilum Landsvirkjunar, þ. e. auk ríkisins Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ. Var samningurinn staðfestur af bæjarstjórn Akureyrar og borgarstjórn Reykjavíkur í júlí 1985.

Samkvæmt sameiginlegri niðurstöðu aðila um þessi kaup var samningur þar að lútandi undirritaður föstudaginn 26. júlí 1985 af Sverri Hermannssyni þáverandi iðnaðarráðherra og Albert Guðmundssyni þáverandi fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og dr. Jóhannesi Nordal stjórnarformanni og Halldóri Jónatanssyni forstjóra fyrir hönd Landsvirkjunar. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis.

3. Nánar um efni kaupsamningsins.

3.1 Um hinar seldu eignir.

Landsvirkjun yfirtekur Kröfluvirkjun til eignar og reksturs frá og með 1. janúar 1986. Virkjunin er seld í því ástandi sem hún er og fylgir í kaupunum fullur og ótakmarkaður réttur til virkjunar og hagnýtingar jarðvarma á Kröflusvæðinu að því marki, sem nægja mundi til reksturs 70 MW raforkuvers.

3.2 Um kaupverð.

Kaupverðið, sem greiðist með skuldabréfi til 25 ára, er samtals 1 170 milljónir króna miðað við verðlag í apríl 1985. Skuldin samkvæmt skuldabréfinu er verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1985 og ber 3% ársvexti. Um forsendur kaupverðsins vísast til skýrslu samninganefnda aðila um fjárhagslegt mat Kröfluvirkjunar á fylgiskjali 2 með frumvarpi þessu.

3.3 Um áhættuskiptingu.

Kaupverð Kröfluvirkjunar er miðað við mannvirki hennar og rekstursmöguleika, eins og þeir eru í dag að óbreyttum aðstæðum, og það að yfirtaka hennar valdi ekki hækkun á almennu raforkuverði í landinu. Með tilliti til þessa er samið um tiltekna áhættuskiptingu milli aðila í sambandi við hugsanlegt tjón á virkjuninni af völdum jarðhræringa, eldsumbrota eða annarra náttúruhamfara. Er skiptingin í aðalatriðum þannig, að ríkissjóður muni bæta Landsvirkjun meiri háttar tjón, þ. e. tjón umfram 40 milljónir króna hverju sinni eða 200 milljónir alls. Minna tjón en þetta verður hins vegar á eigin áhættu Landsvirkjunar. Áhætta ríkisins takmarkast þó við ógreiddar eftirstöðvar kaupverðsins hverju sinni.

3.4 Um skipulagsbreytingar og starfsmannamál.

Gerðar verða breytingar á skipulagi og rekstri og starfsmannahaldi við Kröfluvirkjun, sem nauðsynlegar eru til hagræðingar á starfrækslunni og samhæfingar við annan rekstur Landsvirkjunar. Starfsmönnum Kröfluvirkjunar er tryggður forgangsréttur til ráðningar til starfa við virkjunina.

3.5 Um hugsanlega viðtöku á Jarðvarmaveitum ríkisins.

Í tengslum við sölu Kröfluvirkjunar og með tilliti til þess, að Landsvirkjun er nú þegar eigandi og rekstraraðili að jarðgufuaflstöðinni í Bjarnarflagi í Suður-Þingeyjarsýslu, eru aðilar sammála um að taka upp viðræður um möguleika á því, að Landsvirkjun kaupi af ríkisstjórninni eignir Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi og jarðhitaréttindi á því svæði og taki við gufuveitunni þar til eignar og reksturs.

Náist samningar um framangreind kaup er gert ráð fyrir því að Landsvirkjun yfirtaki skuldbindingar Jarðvarmaveitna ríkisins gagnvart Kísiliðjunni um gufuafhendingu, sbr. 2. gr. frumvarpsins, svo og skuldbindingar um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

3.6 Afhendingartími.

Afhending Kröfluvirkjunar mun að fengnu samþykki Alþingis fara fram 1. janúar 1986. Fulltrúar seljanda og kaupanda hafa yfirfarið hinar seldu eignir og verða þær afhentar í því ástandi sem þær nú eru.

4. Yfirtaka ríkissjóðs á skuldum Kröfluvirkjunar.

Heildarskuldir Kröfluvirkjunar námu 3 207 milljónum króna hinn 1. apríl 1985, en þær hafa til þessa verið færðar á sérstökum lið í ríkisreikningi. Samhliða sölunni mun ríkissjóður yfirtaka skuldir umfram kaupverð samtals 2 037 milljónir króna miðað við verðlag 1. apríl 1985. Það var grundvallarforsenda fyrir samningsgerðinni, að yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun yrði ekki til þess að valda hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun. Er það sameiginlegt álit samningsaðila, að með ofangreindum samningskjörum hafi þetta verið tryggt.

Um forsendur samningsins vísast að öðru leyti til sameiginlegrar greinargerðar samninganefnda aðila um málið en hana er að finna á fylgiskjali 2.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki nánari skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.
2. Fjárhagslegt mat Kröfluvirkjunar, reikniaðferðir og forsendur, dags. 21. júní 1985.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli
ríkisstjórnar Íslands
og
Landsvirkjunar
UM KAUP Á KRÖFLUVIRKJUN

Ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefnd ríkisstjórnin, og Landsvirkjun gera með sér svofelldan

samning:

1. gr.

Með samningi þessum og að áskildu samþykki Alþingis með staðfestingarlögum þeim, sem um ræðir í 11. gr. hér að neðan, selur ríkisstjórnin og afsalar til Landsvirkjunar Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974 um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu, þ.e. jarðgufuaflstöðina við Kröflu ásamt tilheyrandi gufuöflunarvirkjum og orkuveitum, og Landsvirkjun kaupir hana af ríkisstjórninni. Tekur Landsvirkjun við Kröfluvirkjun, með öllu sem henni fylgir og fylgja ber samkvæmt lögum og samningi þessum, til eignar og reksturs frá og með 1. janúar 1986, ásamt þeim réttindum og skyldum, sem hér að neðan greinir.

2. gr.

Eignir Kröfluvirkjunar, sem tilheyra aflstöðinni og seldar eru með samningi þessum, eru nánar tiltekið sem hér segir, án þess að tæmandi sé talið:

a. Stöðvarhús með tilheyrandi búnaði.
b. Kæliturnar með tilheyrandi búnaði.
c. Gufuveita og tilheyrandi gufulagnir.
d. 24 borholur með tilheyrandi búnaði.
e. Gufuskiljustöð með tilheyrandi búnaði.
f. 2 rafalar, 30 MW hvor, með tilheyrandi búnaði.
g. 2 gufuhverflar 30 MW hvor, með tilheyrandi búnaði (í annan hverfilinn vantar m.a. túrbínuhjól og leiðiskóflur).
h. 132 kV útivirki.
i. Bifreiðar, vinnuvélar og önnur tæki.
j. Verkfæri og áhöld.
k. Mælitæki.
l. Varahlutir fyrir vélar.
m. Varahlutir fyrir gufuveitu.
n. 3 vinnuskálar við Kröflu.
o. 3 skemmur við Kröflu.
p. Hús fyrir brunavarnakerfi við Kröflu með tilheyrandi búnaði.
q. Mötuneytishús við Kröflu með innbúi.
r. 1 lítið vinnuhús við Kröflu með innbúi.
2 íbúðarhús, lítil, við Kröflu með innbúi.
1 íbúðarhús, stórt, við Kröflu (Siglufjarðarhús) með innbúi.
s. 11 íbúðarhús í Reykjahlíðarhverfi með innbúi og lóðarréttindum.

Við sölu Kröfluvirkjunar samkvæmt samningi þessum verða ofangreindar eignir allar eign Landsvirkjunar ásamt öllu öðru ótöldu, er virkjuninni tilheyrir. Tekur Landsvirkjun við eignunum í því ástandi sem þær eru, án kvaða eða veðbanda.

3. gr.

Með mannvirkjum þeim og eignum, er tilheyra Kröfluvirkjun og Landsvirkjun eignast með samningi þessum, telst fullur og ótakmarkaður réttur til hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku sem finnast kann á Kröflusvæðinu og sem nú er óbreytt í umráðum ríkisins, að afli sem svarar allt að 70 MW, til raforkuframleiðslu. Skal óheimilt án samþykkis Landsvirkjunar að stofna þar til annarrar vinnslu, er haft geti áhrif á þessa nýtingu.

Með Kröflusvæðinu er í samningi þessum átt við allt landsvæði í nánd við Kröflu, þar sem jarðhitaréttindi eru í umráðum ríkisins, að meðtöldum norðurhluta þess svæðis, sem markað er á uppdrætti Orkustofnunar Fnr. 8685A með samningi milli ríkissjóðs Íslands og eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar dags. 18. mars 1971 (þ. e. norðan við línu sem dregin er úr Sandfelli í Hlíðarfjall, en hlutinn sunnan hennar telst til Bjarnarflags- og Námafjallssvæðis).

4. gr.

Með eignum og mannvirkjum Kröfluvirkjunar yfirtekur Landsvirkjun enn fremur til eignar öll landsréttindi og aðstöðu til mannvirkjagerðar á Kröflusvæðinu, sem nauðsynleg eru eða kunna að reynast vegna Kröfluvirkjunar og nú tilheyra ríkinu eða umráðum þess, ásamt þeim mannvirkjum sem gerð hafa verið á landinu við Kröflu og ekki eru sérstaklega talin áður, svo sem vegir um virkjunarsvæðið.

5. gr.

Fyrir öll þau mannvirki og réttindi er að ofan greinir greiðir Landsvirkjun ríkinu kr. 1.170.000.000,00 (ellefu hundruð og sjötíu milljónir króna). Kaupverð þetta greiðir

Landsvirkjun með skuldabréfi þessarar fjárhæðar, er hún gefur út til ríkissjóðs til greiðslu á 25 árum með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 1. nóvember 1986. Fjárhæðin skal verðtryggð samkvæmt lánskjaravísitölu miðað við grunnvísitölu í apríl 1985 (1106 stig) og bera 3% ársvexti (þrjá af hundraði), er greiðast árlega eftir á í sömu gjalddögum og afborganir.

Framangreind greiðsla er fullnaðargreiðsla og ber Landsvirkjun enga ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum er teknar hafa verið eða teknar munu verða vegna Kröfluvirkjunar eða reksturs hennar fram til afhendingardags, hverju nafni sem nefnast.

6. gr.

Afhendingardagur samkvæmt samningi þessum er 1. janúar 1986. Tekur Landsvirkjun þá við hinu selda gegn afhendingu skuldabréfs skv. 5. gr. og telst frá og með þeim degi réttur og löglegur eigandi Kröfluvirkjunar, er nýtur allra réttinda og ber allar skyldur vegna hennar.

7. gr.

Verði jarðhræringar, eldsumbrot eða aðrar náttúruhamfarir á Kröflusvæðinu er valda verulegu tjóni á Kröfluvirkjun eða einstökum hlutum hennar, skuldbindur ríkið sig til að greiða Landsvirkjun allan kostnað sem leiðir af tjóninu og þeirri röskun á rekstri virkjunarinnar, sem því er samfara. Með tjóni er hér einnig átt við skemmdir á einstökum borholum, þar með talin minnkun eða stöðvun á gufustreymi úr þeim. Þessi greiðsluskylda ríkisins takmarkast við ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs skv. 5. gr., eins og þær eru með verðbótum og vöxtum í gjalddaga á því ári, er tjónið verður, og fer greiðslan fram með greiðslujöfnuði við skuldabréfið.

Tjón telst verulegt í þessu sambandi, ef kostnaður þess vegna nemur meira en 40 milljónum króna, umreiknuðum samkvæmt verðtryggingarreglu 5. gr. frá apríl 1985 til þess árs að tjónið verður, og verða tjón undir þessari fjárhæð í eigin áhættu Landsvirkjunar, sem takmarkast við 200 milljónir króna á greiðslutímabili skuldabréfsins, umreiknaðar á framangreindan hátt til uppgjörsdags.

Verði áhrif náttúruhamfara svo stórfelld, vegna einstaks tjóns eða endurtekinna minni tjóna, að Landsvirkjun telji ekki á það hættandi að halda áfram rekstri aflstöðvarinnar við Kröflu, skal Landsvirkjun eiga rétt til þess að ógreiddar eftirstöðvar kaupverðs skv. 5. gr. falli niður, án þess að kostað sé til frekari úrbóta, og verður þá virkjunin eins og hún er þá á sig komin aftur eign ríkisins svo og aðrar eignir og réttindi samkvæmt samningi þessum.

8. gr.

Landsvirkjun mun gera þær breytingar á skipulagi og rekstri og starfsmannahaldi við Kröfluvirkjun, sem hún telur nauðsynlegar til hagræðingar á starfrækslunni og samhæfingar við annan rekstur Landsvirkjunar. Starfsmönnum Kröfluvirkjunar verður gefinn kostur á endurráðningu í þær stöður, sem haldið verður áfram eftir 1. janúar 1986, og skal gengið frá þeim málum fyrir 1. september 1985.

9. gr.

Landsvirkjun tekur við aðild samninga, sem í gildi eru á vegum Rafmagnsveitna ríkisins í sambandi við rekstur Kröfluvirkjunar og framkvæmdir við hana frá og með 1. janúar 1986, eftir nánara samkomulagi. Frá undirritun samnings þessa og til afhendingardags mun ríkið hafa samráð við Landsvirkjun áður en ákvarðanir eru teknar um málefni Kröfluvirkjunar.

10. gr.

Í tengslum við sölu Kröfluvirkjunar samkvæmt framansögðu og með tilliti til þess, að Landsvirkjun er nú þegar eigandi og rekstraraðili að jarðgufuaflstöðinni í Bjarnarflagi í

Suður-Þingeyjarsýslu, eru ríkisstjórnin og Landsvirkjun sammála um að taka upp viðræður um möguleika á því, að Landsvirkjun kaupi af ríkisstjórninni eignir Jarðvarmaveitna ríkisins í Bjarnarflagi og jarðhitaréttindi á því svæði og taki við gufuveitunni þar til eignar og reksturs ásamt samningi Jarðvarmaveitnanna við Kísiliðjuna hf. um gufuöflun til verksmiðju hennar. Verði niðurstaða viðræðnanna sú, að hér geti verið um hagkvæma og æskilega ráðstöfun að ræða, gera ríkisstjórnin og Landsvirkjun með sér samkomulag um kaupin.

11. gr.

Ríkisstjórnin mun leita staðfestingar Alþingis á samningi þessum með sérstakri lagasetningu, er heimili ríkisstjórninni að afsala Kröfluvirkjun til Landsvirkjunar ásamt þeim réttindum, sem um ræðir í samningnum. Fellur samningur þessi úr gildi án skuldbindinga af hálfu aðila, ef lagaheimild þessi hefur ekki verið samþykkt fyrir 31. desember 1985, nema um annað verði samið.

Samningur þessi er gerður í fjórum samhljóða eintökum, tveimur fyrir hvorn aðila, og skal hvert fyrir sig teljast fullgilt frumrit samnings þessa.

Reykjavík, 26. júlí 1985.

F.h. LANDSVIRKJUNAR	F.h. RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
Jóhannes Nordal stjórnarformaður	Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra
Halldór Jónatansson forstjóri	Albert Guðmundsson fjármálaráðherra

Fylgiskjal 2.

Samninganefndir
ríkisins og Landsvirkjunar
um sölu á Kröfluvirkjun 21. júní 1985

FJÁRHAGSLEGT MAT KRÖFLUVIRKJUNAR
REIKNIAÐFERÐIR OG FORSENDUR

1 Inngangur

Hér á eftir og í meðfylgjandi töflu eru skýrðar þær reikniaðferðir og forsendur sem notaðar eru til að meta hvert sé hæfilegt verð Kröfluvirkjunar, ef Landsvirkjun yfirtekur hana til eignar og reksturs úr hendi ríkissjóðs og RARIK.

Til þeirra útreikninga sem hér eru sýndir liggja í höfuðatriðum tvö grundvallarsjónarmið:

A Sem hluti af kerfi Landsvirkjunar verður Kröfluvirkjun að standa undir sér fjárhagslega með svipuðum tekjum miðað við orkuvinnslugetu og gildir almennt um aðrar virkjanir Landsvirkjunar.

B Greiðslukjör þurfa að vera með þeim hætti, að ekki þurfi að draga úr lækkun orkuverðs samkvæmt stefnu Landsvirkjunar.

Með þeim forsendum, sem hér hefur verið reiknað með varðandi tekjur og gjöld af Kröfluvirkjun, fæst, að hæfilegt sé að greiða MKr. 1170 fyrir virkjunina, gufuöflunarkerfi og aðrar fasteignir og lausafé sem henni fylgja og greiðist þessi upphæð á 25 árum og beri 3% vexti auk verðtryggingar með lánskjaravísitölu.

Við útreikninga er gengið út frá verðlagi 1. apríl 1985, en þá var vísitala byggingarkostnaðar 200 og lánskjaravísitala 1106 stig.

2 Skýringar á töflu

Dálkur 1 Ártal

Þarfnast ekki skýringa.

Dálkar 2 og 3 Rekstur og viðhald.

Fyrir liggur áætlun um rekstrarkostnað Kröfluvirkjunar fyrir árið 1985, dagsett 12. des. 1984, og gerir hún ráð fyrir gjöldum samtals að upphæð 56,0 MKr. miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 212 stig. Eftir að hafa yfirfarið þessa áætlun með Einari Tjörva Elíassyni, yfirverkfræðingi Kröfluvirkjunar, gerðu Knútur Otterstedt, svæðisstjóri Landsvirkjunar fyrir norðan og austan, og Elías Elíasson, yfirverkfræðingur þróunarmála hjá Landsvirkjun, áætlun um þann sparnað sem yrði mögulegur við yfirtöku Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun. Þessi sparnaður er mögulegur einkum af þrem ástæðum:

A Svæðisskrifstofa Landsvirkjunar á Akureyri getur yfirtekið hlutverk skrifstofu Kröfluvirkjunar á Akureyri, án þess að rekstrarkostnaður svæðisskrifstofunnar aukist teljandi.

B Þar sem Landsvirkjun er ekki í tekjuöflun sinni jafnháð raunverulegri orkuframleiðslu Kröfluvirkjunar eins og núverandi rekstraraðili, getur hún allt eins farið fram í öðrum virkjunum Landsvirkjunar og er þá hægt að stöðva Kröflu lengri tíma á hverju ári þannig að nýta megi mannskap til framkvæmda við viðhald og endurbætur í stað þess að nota aðkeypt vinnuafl í sama mæli og gert hefur verið.

C Af sömu ástæðu og áður og einnig vegna þess, að Landsvirkjun getur að jafnaði mætt tímabundinni lækkun gufuframleiðslu vegna óhappa með aukinni framleiðslu í öðrum virkjunum, má gera minni kröfur til framleiðslugetu gufuhola, þannig að samanlögð geta þeirra verði 50 til 60 kg/s af háþrýstigufu í stað 70 til 80 kg/s, sem nú er talið nauðsynlegt.

Að teknu tilliti til liða A og B hér að framan, lækkar árlegur rekstrar- og viðhaldskostnaður Kröflu úr 56,0 MKr. miðað við vísitölu 212 í 41,5 MKr. miðað við vísitölu 200.

Í skýrslu eftir Ásgrím Guðmundsson, JHD-Orkustofnun, og Einar T. Elíasson, Kröfluvirkjun, RANNSÓKN OG HAGNÝTING HÁHITA VIÐ KRÖFLUVIRKJUN, er gerð grein fyrir þörf viðhaldsborana við Kröflu næstu 10 ár. Er þar reiknað með, að framleiðslugeta háþrýstigufu þurfi að vera 70 til 80 kg/s til að tryggja núverandi orkugetu Kröflu, og reiknaður borkostnaður og rannsóknarkostnaður. Samkvæmt skýrslunni yrði þessi kostnaður, að viðbættum tengikostnaði 22,4 MKr./ár, næstu 25 ár (44,7 MKr. annað hvert ár) miðað við vísitölu 200.

Að höfðu samráði við Einar T. Elíasson var gerð ný áætlun þar sem aðeins var reiknað með gufuframleiðslu frá 50 til 60 kg/s eins og áður segir, en hún er nú áætluð verða 70 kg/s um næstu áramót. Reiknað var með 6% árlegri rýrnun gufuframleiðslu, sem er nokkru meira en ÁG og ETE reikna með, en aftur á móti reiknað með að hver gufuhola gæfi í byrjun af sér 10 kg/s af gufu í stað 8 og er það í samræmi við batnandi horfur varðandi gufuvinnslu á Leirbotnasvæði. Kostnaðurinn samkvæmt þessari áætlun samsvarar 12,4 MKr./ár (34,3 MKr. þriðja hvert ár) og hefur þá verið tekið tillit til þeirra birgða borholuefnis til nýframkvæmda sem til er við Kröflu.

Summa árlegs kostnaðar við rekstur, viðhald, viðhaldsboranir og gufulagnir í nýjar holur miðað við vísitölu 200 er færð í dálk 2, en í dálki 3 er þessi kostnaður færður til verðlags hvers árs samkvæmt áætlaðri verðbólgu, eins og fram kemur í haus töflunnar.

Eins og sést af framansögðu, ætti yfirtaka Landsvirkjunar á Kröfluvirkjun að gera það kleift að spara alls um 20 MKr. árlega í rekstri og viðhaldi.

Dálkur 4 Orkusala

Á síðasta ári var aflgeta Kröfluvirkjunar aukin úr 20 í 30 MW og orkugeta þar með úr 125 í 170 gWh/ár. Fyrir þessari aukningu lágu engin markaðsrök, enda ekki þörf á meiri orku inn á landskerfið sem stendur. Það eru því engin rök til að Kröfluvirkjun fái í sinn hlut það af markaðnum sem nemur fullri orkugetu hennar fremur en aðrar framkvæmdir sem hafa verið gerðar á síðustu árum, en reikna má henni markaðshlutdeild frá 1986 samkvæmt eftirfarandi reglum:

1 Öll önnur orkuver í eigu annarra en Landsvirkjunar teljast fullnýtt, svo og Sigöldu-virkjun og eldri virkjanir Landsvirkjunar.
2 Kröfluvirkjun nýtist í takt við Hrauneyjafossvirkjun og 1. til 3. áfanga Kvíslaveitu, en á undan Sultartangastíflu og seinni áföngum Kvíslaveitu.
3 Þrátt fyrir reglur 1 og 2 og með tilliti til gildandi samninga um orkukaup Landsvirkjunar frá Kröfluvirkjun reiknast orkusala hennar ekki minni en 125 gWh/ár.

Samkvæmt þessu reiknast orkusala Kröfluvirkjunar eins og kemur fram í dálki 4 í töflunni.

Dálkar 5 og 6 Orkuverð

Þegar Landsvirkjun hefur yfirtekið Kröflu er ekki eðlilegt að reikna orkuverð til hennar út frá almennri gjaldskrá á sama hátt og núverandi samningar um orkukaup frá Kröfluvirkjun gera ráð fyrir. Eðlilegra virðist að miða við sama orkuverð að meðaltali til Kröfluvirkjunar og það sem stendur undir rekstri annarra hluta orkuöflunarkerfis Landsvirkjunar, þ.e. meðalverð á forgangsorku til almenningsveitna og stóriðju.

Sé litið á meðalverð forgangsorku frá Landsvirkjun 1984 eins og það reiknast samkvæmt upplýsingum úr ársskýrslu fyrirtækisins, var það 20,9 mill/kWh. Skuldir Landsvirkjunar voru 1984 um 66% af eignum og afkoma jákvæð þótt hagnaður væri lítill, eða innan við 1% af veltu. Ætla má, ef svo heldur fram sem hingað til, að nýframkvæmdir Landsvirkjunar verði að mestu fjármagnaðar með lánum, sem greiðast upp á um 20 árum að meðaltali, meðan afskriftatími er nálægt 40 árum, þá verði skuldir Landsvirkjunar að meðaltali til lengri tíma litið um 50% af eignum, sem telja má eðlilegt hlutfall. Hefði þetta skuldahlutfall verið 1984 hefði meðalverð forgangsorku þurft að vera um 18.4 mill/kWh til að ná sömu afkomu, eða 78 aur/kWh á núverandi gengi, sem er þá mælikvarði á eðlilegt langtímameðalverð forgangsorku frá Landsvirkjun, þegar eðlilegri skuldastöðu hefur verið náð. Fyrsta apríl var tilsvarandi verð um 90 aur/kWh (21.4 mill) reiknað miðað við 5300 stunda nýtingartíma hjá almennum veitum og samningsbundið verð hjá stóriðju.

Hæfilegt sýnist að reikna með, að það taki Landsvirkjun 10 ár að ná 50% skuldastöðu og meðalverð forgangsorku lækki þá úr 90 í 78 aur/kWh á þessu tímabili, en standi síðan í stað frá og með 1994.

Vegna staðsetningar sinnar á Norðausturlandi hefur Kröfluvirkjun mjög jákvæð áhrif á rekstraröryggi kerfis Landsvirkjunar og töp í flutningslínum. Því er e.t.v. ekki rétt að reikna jafnmikinn flutningskostnað á orku frá Kröflu eins og öðrum virkjunum og sleppa þá t.d. fjármagnskostnaði og rekstri flutningskerfis út úr dæminu, en reikna eingöngu með 5% töpum. Samkvæmt þessu reiknast orkuverð til Kröflu lækka jafnt frá 85.7 aur/kWh miðað við 1. apríl s.l. í 74.3 aur/kWh 1994 og standa í stað síðan, allt á föstu verðlagi. Þetta verð kemur fram í töflunni í dálki 5 og er í dálki 6 reiknað til verðlags hvers árs miðað við forsendur um verðbólgu sem gefnar er í haus töflunnar.

Dálkur 7 Fé úr rekstri

Hér er færður mismunur tekna og gjalda (þ.e. (4)×(6)—(3)) sem er það fé sem fæst úr rekstrinum til að greiða vexti og afborganir. Þessi stærð er hér á verðlagi miðs árs.

Dálkar 8, 9 og 10 Greiðslubyrði

Hér er reiknuð greiðslubyrði af því láni sem er skilgreint í haus töflunnar, en reiknað er með verðtryggðu láni. Allar stærðir eru á verðlagi í árslok, en þá reiknast greiðslur fara fram. Í dálki 8 eru eftirstöðvar í árslok fyrir afborgun, í dálki 9 er afborgunin með verðbótum og í dálki 10 eru vextir.

Dálkur 11 Nettó-tekjur í árslok

Hér er færður mismunur á fé úr rekstri (7) og greiðslubyrði lána (9) og (10). Þar sem fé úr rekstri kemur jafnt og þétt yfir árið, sparast vaxtakostnaður sem nemur hálfs árs vöxtum, eins og þeir gerast á lánum Landsvirkjunar, áður en greiða þarf af lánum. Því er talan í dálki 7 hækkuð sem þessu nemur áður en greiðslurnar í dálkum 9 og 10 eru dregnar frá.

Dálkur 12 Uppsafnaður jöfnuður.

Ef nettó-tekjur samkvæmt dálki 11 eru jákvæðar, getur Landsvirkjun sparað sér lántökur og á sama hátt verður hún að auka lántökur ef um greiðsluhalla er að ræða. Fjármagnskostnaður Landsvirkjunar er áætlaður 6% umfram verðbólgu og verður þá í 10% verðbólgu 16,6% (1,10 × 1,06 = 1,166). Þessum vöxtum er því bætt við uppsafnaðan greiðslujöfnuð hvers árs og útkoman lögð við greiðslujöfnuð næsta árs. Ef uppsafnaður jöfnuður í lok greiðslutímabils, þ. e. síðasta talan í dálki 12, stendur á núlli, hafa tekjur af Kröfluvirkjun staðið undir lánagreiðslum.

Haus töflunnar Láns- og greiðslukjör o. fl.

Gert er ráð fyrir að lánið sé verðtryggt með lánskjaravísitölu og beri að auki 3% vexti.

Greiðslutímabil lánsins er ákveðið í samræmi við afskriftatíma virkjunarinnar. Í skýrslum RARIK er gert ráð fyrir 35 ára afskriftatíma á stöðvarhúsi, 25 ára á gufuveitu og 15 ára á borholum. Þar sem allar viðhaldsboranir eru í þessum reikningi færðar til gjalda um leið og þær eiga sér stað, er hæpið að taka tillit til afskriftatíma þeirra. Hæfilegt virðist þá að reikna með 33 ára meðalafskriftatíma og að af þeim séu 8 ár liðin. Lánstími verður í samræmi við þetta 25 ár.

Lánsupphæð er ákveðin þannig, að uppsafnaður jöfnuður í lok greiðslutímans standi á núlli.

Reiknað er með árlegri verðbólgu 10% og fjármagnskostnaður Landsvirkjunar fundinn þannig, að raunvextir séu 6%.

Niðurstöður.

Samkvæmt þeim forsendum og reikningum, sem hér hefur verið lýst, er hæfilegt verð fyrir Kröfluvirkjun um 1170 MKr. sem greiðist með ofangreindum kjörum. Með því að reiknað er með meðalverði forgangsorku við ákvörðun þessa verðs, á það að vera tryggt, að yfirtaka Kröfluvirkjunar hafi ekki áhrif á orkuverð Landsvirkjunar til lengri tíma litið. Til skemmri tíma litið og miðað við óbreytta viðskiptahætti næstu ár varðandi orkukaup Landsvirkjunar frá Kröfluvirkjun mun yfirtakan ekki valda hækkun á orkuverði.

Verðmæti Króflufvirkjunar fyrir Landsvirkjun

21/6 - 85

Árlegur rekstrark. Mkr. 41.5.
Fast verðlag miðað við 1. apr. 1985.
Vísitala byggingarkostnaðar 200.
Fjármagnskostnaður LV % á ári 16,6.
Verðbólga 1 % á ári 10.

Lán tekið til jafnlengdar afskriftatíma
Lánsvextir 3.0 % p.a.
Lán til 25 ára frá 1/1-1986.
Lánsupphæð **1170.9** Mkr.

1 Ár	2 Rekstur og viðh. F.verðl. Mkr.	3 R.& V. Verðl. hv. árs Mkr.	4 Orku-sala GWH	5 Orku-verð F.verðl. AUR/KWH	6 Orkuv. Verðl. hv. árs AUR/KWH	7 Fé úr rekstri Mitt ár Mkr.	8 Eftir fyr.gr. Mkr.	9 Afb. Mkr.	10 Vextir Mkr.	11 Nettó tekjur Árslok Mkr.	12 Upps. jöfn. m.vöxt.
1986	41.5	46.8	125	84.2	94.8	71.8	1383.4	55.3	41.5	- 19.1	- 19.1
1987	70.5	87.4	125	82.9	102.8	41.1	1460.9	60.9	43.8	- 60.2	- 82.5
1988	42.5	57.9	130	81.7	111.4	86.8	1540.0	67.0	46.2	- 19.1	-115.3
1989	64.5	96.7	140	80.5	120.6	72.2	1620.4	73.7	48.6	- 44.1	-178.5
1990	51.5	84.9	150	79.2	130.7	111.1	1701.4	81.0	51.0	- 11.8	-219.9
1991	41.5	75.3	160	78.0	141.5	151.1	1782.4	89.1	53.5	21.1	-235.4
1992	41.5	82.8	170	76.8	153.2	177.6	1862.6	98.0	55.9	38.5	-236.0
1993	62.5	137.2	170	75.5	165.8	144.7	1941.0	107.8	58.2	- 9.4	-284.5
1994	81.9	197.8	170	74.3	179.4	107.2	2016.5	118.6	60.5	- 63.0	-394.7
1995	45.5	120.9	170	74.3	197.4	214.7	2087.7	130.5	62.6	39.4	-420.9
1996	41.5	121.3	170	74.3	217.1	247.8	2152.9	143.5	64.6	60.3	-430.5
1997	69.6	223.7	170	74.3	238.8	182.3	2210.3	157.9	66.3	- 26.8	-528.8
1998	41.5	146.7	170	74.3	262.7	299.8	2257.7	173.7	67.7	83.3	-533.2
1999	41.5	161.4	170	74.3	289.0	329.8	2292.4	191.0	68.8	97.4	-524.3
2000	89.4	382.5	170	74.3	317.9	157.9	2311.5	210.1	69.3	-108.5	-719.8
2001	45.5	214.1	170	74.3	349.6	380.3	2311.5	231.2	69.3	111.3	-728.0
2002	41.5	214.8	170	74.3	384.6	439.0	2288.4	254.3	68.7	152.5	-696.3
2003	69.6	396.3	170	74.3	423.1	322.9	2237.6	279.7	67.1	2.9	-809.0
2004	41.5	259.9	170	74.3	465.4	531.2	2153.7	307.7	64.6	203.0	-740.3
2005	41.5	285.9	170	74.3	511.9	584.3	2030.6	338.4	60.9	233.5	-629.7
2006	81.9	620.7	170	74.3	563.1	336.6	1861.4	372.3	55.8	- 63.6	-797.9
2007	45.5	379.3	170	74.3	619.4	673.7	1638.0	409.5	49.1	270.9	-659.4
2008	41.5	380.6	170	74.3	681.3	777.7	1351.4	450.5	40.5	351.3	-417.6
2009	69.6	702.1	170	74.3	749.5	572.5	991.0	495.5	29.7	94.3	-392.6
2010	41.5	460.5	170	74.3	824.4	941.0	545.0	545.0	16.4	457.8	0.0

Sþ. 135. Tillaga til þingsályktunar [122. mál]

um opinn háskóla.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nú þegar stofnun og starfrækslu opins háskóla sem geri nemendum sínum kleift að stunda háskólanám í heimahúsum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Skólinn sé undir stjórn Háskóla Íslands en öllum opinn án tillits til fyrri menntunar.

Greinargerð.

Óþarfi er að minna á hve gífurlegar breytingar verða í vísindum og tækni með hverju ári. Hitt vill frekar gleymast hve mikilvægt er að menntakerfið haldi í við tækniþróun

samtímans, miðli nýjustu þekkingu til fjöldans, en ekki aðeins fárra útvaldra, og nýti sér nýja kennslutækni til fulls.

Hér er gerð tillaga um nýjan skóla sem starfræktur verði á vegum Háskóla Íslands. Í skólanum verði boðið upp á fjölbreytt háskólanám er menn geti stundað um allt land heima hjá sér eða í smáhópum með aðstoð útvarps og sjónvarps, myndbanda og tölvutækni. Þannig verði æðri menntun gerð aðgengileg fyrir alla, óháð aldri, búsetu eða fyrri menntun.

Tilgangur þessarar starfsemi væri:

— að veita áhugasömu fólki fjarri menntastöðvum aukin tækifæri til æðri menntunar,
— að byggja upp áfangakerfi fyrir nemendur sem ekki uppfylla formleg menntunarskilyrði háskóla,
— að byggja upp samfellt menntakerfi til að þjálfa og endurmennta starfsfólk í atvinnulífi í nánu samstarfi við atvinnuvegina,
— að hafa forustu hér á landi um notkun fjölmiðla í fræðsluskyni og þróa kennsluaðferðir á þessu sviði með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og fenginni reynslu hjá öðrum þjóðum.

Einhver kann að spyrja hvort ekki sé einfaldast að bjóða fram fræðsluefni á myndbandaleigum og sjá hver eftirspurnin verður. Eða er kannske mikið beðið um fræðsluefni á þessum markaði — kann annar að bæta við.

Vissulega ekki. Flóðbylgja fjölmiðlabyltingar hefur ekki aukið fræðslu og menntun. Þvert á móti þekkja það allir að megnið af útleigðu efni á myndbandaleigum er yfirborðslegt afþreyingarefni og sumt beinlínis afmenntandi enda aðallega byggt á reyfurum, kynórum og hryllingi hvers konar.

Hins vegar er það skoðun flutningsmanns að menntandi fræðsluefni á myndböndum eigi eftir að keppa við æsiefnið á frjálsum markaði ef framboð þess er tengt samræmdu námi sem stefnir að ákveðnu markmiði og virkjar þannig metnað fólks og löngun til að auka þekkingu sína og réttindi í atvinnulífi.

Hér hefur myndbandatæknin verið sérstaklega nefnd enda hafa tugir þúsunda tækja verið seldir hér á landi seinustu árin. Útbreiðsla þessara tækja er reyndar meiri en í flestum öðrum löndum og var áætlað að þau væru á 38% íslenskra heimila samkvæmt könnun sem gerð var í mars 1985. Þessi mikla útbreiðsla myndbandatækni hlýtur að skapa nýja og áður óþekkta möguleika til að flytja fólki fræðsluefni og auðvelda því endurmenntun. En ekki er heldur vafi á því að tölvutæknin verður einnig orðin almenningseign að fáum árum liðnum og á eftir að auðvelda fólki mjög að stunda heimanám og njóta kennslu þótt langt sé milli nemenda og kennara.

Vitað er að mikill áhugi er á því í Háskóla Íslands, m.a. hjá rektor, dr. Sigmundi Guðbjarnasyni, að opinn háskóli verði settur hér á stofn en til þess þarf að sjálfsögðu fjárveitingu og ákvörðun Alþingis. Hefur háskólarektor veitt flutningsmanni þessarar tillögu ýmsar upplýsingar um *Opna háskólann í Bretlandi* sem starfræktur hefur verið í einn og hálfan áratug með mjög góðum árangri.

Að sjálfsögðu fylgir því nokkur kostnaður að setja þessa starfsemi á stofn og stjórna henni. Kostnaðurinn í upphafi ræðst þó fyrst og fremst af því hversu hratt er af stað farið. En ljóst er að unnt er að kaupa mikið af kennsluefni erlendis frá fyrir fjárhæðir, sem ekki teljast stórar í fjárlagadæminu, og þýða það á íslensku. Ekki þarf heldur að efast um að sá kostnaður muni skila sér margfaldlega með aukinni menntun landsmanna.

Miklar umræður hafa átt sér stað seinasta áratuginn um fullorðinsfræðslu, sbr. stjórnarfrumvarp um það efni á seinasta áratug og umræður um *Útvarpsskólann* sem aldrei sá dagsins ljós en var einmitt ætlað að færa sér nýja fjölmiðlatækni í nyt. Hins vegar hefur

orðið veruleg breyting til batnaðar varðandi fullorðinsfræðslu í framhaldsskólum með stóraukinni starfsemi öldungadeilda við mennta- og fjölbrautaskóla.

Að lokum er rétt að benda á vegna umræðna um háskólakennslu á Akureyri að tillaga þessi um opinn háskóla beinist á engan hátt gegn þeim áformum heldur þarf þvert á móti að athuga vandlega hvernig helst má samræma þessar hugmyndir og koma þeim báðum í framkvæmd.

Sþ. 136. Tillaga til þingsályktunar [123. mál]

um grasköggla verksmiðjuna í Flatey.

Flm.: Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir til að starfsemi grasköggla verksmiðjunnar í Flatey verði á ný komið í eðlilegt horf með framleiðslu grasköggla árið 1986.

Greinargerð.

Sú ákvörðun að starfrækja ekki grasköggla verksmiðjuna í Flatey á þessu ári kom á óvart og hefur verið gagnrýnd harðlega. Fyrir liggur að verksmiðjan býr við traustan fjárhag enda hefur rekstur hennar frá upphafi verið til fyrirmyndar. Að vísu hefur markaður fyrir grasköggla dregist saman og birgðir því safnast fyrir. Geymslurými fyrir grasköggla í Flatey var af skornum skammti. Í því felst skýring forráðamanna verksmiðjunnar á rekstrarstöðvun.

Verksmiðjan í Flatey hóf starfsemi sína árið 1975 og hefur hún því staðið í 10 ár. Heildarframleiðsla hefur numið 23 629 tonnum af grasköggum, þ.e. 2363 tonnum að meðaltali á ári. Þrjú fyrstu árin var framleiðsla verksmiðjunnar innan við tvö þúsund tonn en eftir að uppbyggingu verksmiðjunnar lauk hefur árleg framleiðsla numið að meðaltali 2765 tonnum.

Þegar litið er til rekstrarafkomu verksmiðjunnar kemur í ljós að afkoma hennar hefur jafnan verið góð. Þannig hefur einungis verið lítils háttar tap þrjú ár á þeim tíma sem verksmiðjan hefur starfað, þar með talin fyrstu starfsárin.

Það er því augljóst að grasköggla verksmiðjan í Flatey ræður yfir mikilli framleiðslugetu og rekstur hennar hefur verið í góðu horfi og stendur á traustum grunni.

Þrengri markaður fyrir grasköggla á næstu árum mun óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á rekstur verksmiðjunnar og verður starfsemi hennar að taka mið af þeim aðstæðum. Þess vegna verður að kanna ítarlega hverjar leiðir eru færar svo að rekstur verksmiðjunnar verði hagkvæmur.

Í fylgiskjali með greinargerðinni kemur m.a. fram að verðmæti birgða og útistandandi skuldir nema u.þ.b. 22 millj. kr., rekstrarskuldir, vextir afurðalána, svo og afborganir og vextir fastra lána fyrir árið 1985, eru u.þ.b. 20 millj. kr. og mismunur því jákvæður um 2 millj. kr.

Þá kemur enn fremur fram í fylgiskjalinu að eftirstöðvar lána nema alls 9059 millj. kr. Árlegar greiðslur í vexti og afborganir af þeirri upphæð eru áætlaðar um 1,5 millj. kr.

Sé miðað við að árleg framleiðsla verði um 800—1200 tonn, þ.e. helmingur þess sem verið hefur, mundi fjármagnskostnaður þó einungis nema 10—14% af framleiðslukostnaði

og því vera innan þeirra marka sem samrýmist hagkvæmum rekstri í þessari framleiðslu. Það er því augljóst að auðvelt er að koma starfsemi grasögglaverksmiðjunnar í Flatey aftur í fyrra horf með tilliti til rekstrar og afkomu. Kemur þar margt til:

1. Verksmiðjan býr við góðar náttúrlegar aðstæður að því er varðar veðráttu og skilyrði til ræktunar.
2. Rekstur verksmiðjunnar hefur verið í góðu horfi. Kostnaður vegna fjárfestingar að mestu greiddur. Þar af leiðandi er unnt að starfrækja verksmiðjuna þótt framleiðslugeta sé ekki að fullu nýtt.
3. Viðhald verksmiðjunnar hefur jafnan verið til mikillar fyrirmyndar og er verksmiðjan nú og öll tæki hennar fullbúin til notkunar.

Mikilvægast varðandi rekstur verksmiðjunnar í Flatey er að fá henni annað stjórnarform. Hér er m.a. átt við að verksvið stjórnarinnar verði að öllu leyti aðgreint frá stjórn annarra hliðstæðra verksmiðja. Með þeirri breytingu yrðu allar ákvarðanir miklu markvissari en verið hefur og verksmiðjan þyrfti þá ekki að líða fyrir bágar ástæður annarra grasögglaverksmiðja. Slys af því tagi, sem átti sér stað þegar rekstur verksmiðjunnar var stöðvaður á s.l. vori, væri með því útilokað.

Flateyjarverksmiðjan býr við mikla landkosti sem gefa möguleika á fjölbreyttari ræktun en þar hefur verið stunduð. Mikla áherslu verður að leggja á að nýta slíka kosti, t.d. með aukinni kornrækt.

Ef framleiðslan yrði dregin saman að verulegu marki mundu einungis bestu túnin verða nytjuð en með því opnuðust leiðir til að fá betri uppskeru og nýta hagkvæmustu aðstæður, m.a. veðráttu, til vinnslu í verksmiðjunni. Jafnframt fengist þá betra ráðrúm til að bæta með endurræktun lakari hluta túnanna sem jafnframt væru þá tekin til annarrar ræktunar, t.d. kornræktar.

Vegna þrengri markaðar verður að leggja áherslu á aukna fjölbreytni þannig að framleiðslan í Flatey geti staðið að gæðum til jafnfætis eða framar innfluttu kjarnfóðri. Auk ákjósanlegra landkosta nýtur verksmiðjan þess að vera í nánd við fjölbreytta framleiðslu sjávarafurða á Höfn í Hornafirði sem sumar hverjar henta til íblöndunar við grasögglaframleiðslu. Er hér sérstaklega átt við slógmeltu og fiskimjöl en blöndun þeirra efna í grasköggla eykur mjög á gæði og fjölbreytni í fóðurframleiðslu.

Væri að því unnið með markvissum hætti, og verksmiðjunni í Flatey fengin ný markmið í samræmi við breyttar aðstæður í landbúnaði, yrði auðvelt að koma rekstri hennar á ný í eðlilegt horf.

Ákjósanlegasta stjórnarform verksmiðjunnar í Flatey er að henni verði komið í eigu heimamanna eða þeim fengið forræði hennar eins og tillögur hafa áður komið fram um. Vera má að þeirri breytingu sé erfitt að koma á fyrr en verksmiðjan hefur náð sér eftir það áfall sem hlaust af rekstrarstöðvun á þessu ári og árangur, byggður á nýjum áformum, verði kominn í ljós.

Það er ekki nýlunda að fyrirtæki lendi í rekstrarerfiðleikum sem í sumum tilvikum leiða til stöðvunar á rekstri þeirra. Hitt er fátítt, eða jafnvel fordæmalaust, að fyrirtæki með góðan rekstur og traustan fjárhag, eins og grasögglaverksmiðjan í Flatey, séu látin gjalda þess og rekstur þeirra stöðvaður. Slík vinnubrögð eru ekki líðandi. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Fylgiskjal.

Grasögglaverksmiðjan í Flatey 1. nóv. 1985.

Birgðir grasköggla	2 250 000 kg × 10,80 kr.	24 300 þús. kr.	
	÷ áhvílandi afurðalán	14 553 þús. kr.	
			9 747 þús. kr.
Útistandandi skuldir			12 450 þús. kr.
			22 197 þús. kr.
Rekstrarskuldir			13 820 þús. kr.
Afborganir og vextir fastra lána og afurðalána			6 470 þús. kr.
			20 290 þús. kr.

Eftirstöðvar fastra lána 1. nóv. 1985:

Stofnlánadeild	1 295 þús. kr.
Ríkisábyrgðasjóður	4 764 þús. kr.
Ríkissjóður	3 000 þús. kr.
	9 059 þús. kr.

Bókfært verð eigna í árslok 1984:

Land — ræktun	5 101 þús. kr.
Húseignir	3 164 þús. kr.
Verksmiðjuvélar	2 962 þús. kr.
Áhöld, húsgögn o.fl.	501 þús. kr.
Bifreiðar	768 þús. kr.
Dráttarvélar og vinnuvélar	4 800 þús. kr.
	17 296 þús. kr.
Birgðir grasköggla	35 173 þús. kr.
Alls efnislegir fjármunir	52 469 þús. kr.

Föst lán í árslok 1984 námu 7091 þús. kr. eða 41% af efnislegum fjármunum fyrir utan birgðir, þ.e. 17 296 þús. kr.

Höfuðstóll í ársbyrjun 1984:	16 521 þús. kr.
Höfuðstóll í árslok 1984:	20 317 þús. kr.

Sþ. 137. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um bann við hönnun og framleiðslu hergagna eða hluta þeirra hér á landi.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að lýsa yfir andstöðu við hugmyndir um að íslenskt hugvit verði nýtt til hátækniiðnaðar sem tengist vígbúnaði þannig að Íslendingar gerist þátttakendur í þeim gereyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því að á Íslandi verði ekki smíðuð kjarnorkuvopn eða svonefnd varnarvopn gegn þeim,

— að hérlendis verði hvorki hönnuð né smíðuð nein þau tæki sem eru hluti af kjarnorkuvopnaútbúnaði, kjarnorkuvopnakerfi eða svonefndu varnarkerfi gegn þeim,
— að á Íslandi verði hvorki reknar neinar þær rannsóknir sem tengjast hönnun, samsetningu eða smíði kjarnorkuvopna né heldur svonefndra varnarvopna gegn þeim.

Greinargerð.

Í nóvember 1983 skipaði félagsmálaráðherra starfshóp til að kanna áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi í næstu framtíð. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu sumarið 1984 en afhenti félagsmálaráðherra skýrslu um niðurstöður sínar 15. maí 1985. Á haustdögum var þessari skýrslu dreift, m.a. til alþingismanna, og hún varð tilefni viðtala í ríkisfjölmiðlum. Í þeim komu fram hugmyndir um að nýta hernaðarlega legu landsins og varnarsamninginn við Bandaríkin til þess að fara fram á hlutdeild Íslendinga í þeim hátækniiðnaði sem varnarliðið notar.

Vaxandi fjöldi þjóða tekur nú beint eða óbeint þátt í vopnaframleiðslu. Háþróaður tækniiðnaður gegnir lykilhlutverki í vopnakerfum nútímans og má framleiða hluta úr vopnum eða stoðbúnaði þeirra víðs vegar um heim þótt samsetning fari síðan endanlega fram í því landi sem vopnin á.

Áætlað er að á árinu 1985 verði varið 800—1000 milljörðum dollara til vígbúnaðar. Það er þúsundföld upphæð íslenskra fjárlaga næsta árs. Þessi vígbúnaður er óþarfur vegna þess að stórveldin og bandamenn þeirra — sem eru langstærstu vopnaframleiðendurnir — hafa þegar safnað vopnabirgðum langt umfram varnarþörf sína.

Það virðist ekki öllum nægilega ljóst hve skaðvænlegar pólitískar og efnahagslegar afleiðingar hljótast af vaxandi kostnaði við vígbúnaðarkapphlaupið en hernaðar- og gróðahyggja gagnsýrir pólitíska hugsun um víða veröld í allt of ríkum mæli.

Það fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, jafngildir þjóðarframleiðslu allra þeirra landa þar sem fátækari helmingur jarðarbúa býr. Árleg eyðsla heimsins til vígbúnaðar jafngildir allri skuld hinna fátækari þjóða við hinar efnaðri en vaxtagreiðslur af þessum skuldum eru að kyrkja efnahagslíf margra fátækra þjóða. Ef 10% af því fé, sem eytt er til vígbúnaðar árlega, yrði varið til að grynnka á þessum skuldum mundu þær hverfa á innan við 20 árum.

Um tveir milljarðar manna eiga ekki kost á hreinu drykkjarvatni en mengað drykkjarvatn veldur m.a. þarmasýkingu og niðurgangi sem er tíðasta dánarorsök ungbarna í heiminum. Er talið að tugir milljóna barna látist af þessum sökum árlega.

Útgjöld þau, sem til vígbúnaðar er varið í hálfan dag, mundu nægja til að greiða fyrir bólusetningar allra barna heimsins gegn algengum smitsjúkdómum.

Sex mánaða vígbúnaðarkostnaður dygði til að hrinda í framkvæmd 20 ára áætlun sem sjá mundi öllum þróunarlöndum fyrir nauðsynlegri fæðu og heilsugæslu.

Samt eyða hin efnaðri lönd heimsins meira en 200 sinnum meira fé til vígbúnaðar en til þróunaraðstoðar.

En það er ekki einungis fjármagn sem sólundað er í vígbúnað. Margir af afkastamestu vísindamönnum og tæknifræðingum heimsins vinna að rannsóknum, hönnun og framleiðslu vígbúnaðar fremur en að því að bæta lífsgæði og heilbrigði jarðarbúa. Það er áætlað að einn af hverjum fimm vísindamönnum og tæknifræðingum vinni að vígbúnaði. Þetta er ófyrirgefanleg sóun á hugviti.

Á þessari öld hefur mönnum orðið það æ ljósara að þjóðir heimsins mynda eina heild. Vígbúnaðarkapphlaupið, mannréttindabrot og gegndarlaus peningahyggja, sem hvarvetna spillir friði, hamingju og framtíð mannkynsins, eru ógn öllu mannkyni.

Íslendingar hafa um langan aldur verið fyrst og fremst matvælaframleiðendur og hafa aldrei borið vopn á aðrar þjóðir. Tillaga þessi er flutt vegna þess að nýlega hafa komið fram hugmyndir um að Íslendingar selji hugvit sitt í þágu vígbúnaðar og gerist þar með þátttakendur í þeim gereyðingaráformum sem vopnaframleiðslu fylgja.

Flutningsmenn lýsa yfir andstöðu við slíkar hugmyndir og vísa jafnframt til þingsályktunartillögu um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum sem samþykkt var á Alþingi vorið 1985.

Sþ. 138. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir, Helgi Seljan, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vilja sínum til að tryggja að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki eigi sér ekki stað hér á landi. Til þess að svo megi verða, sbr. ályktanir Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984, sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að kanna stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi. Nefndin skal skipuð fulltrúum dómsmálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis og hagsmunasamtaka samkynhneigðs fólks og skal hún kanna lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess og gera tillögur um úrbætur og nauðsynlegar aðgerðir til þess að misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki hverfi hér á landi.

Greinargerð.

Í okkar heimshluta hafa þjóðfélagsbreytingar síðustu áratuga meðal annars falið í sér vaxandi virðingu fyrir einstaklingnum og rétti hans, sem og aukinn skilning milli þjóðfélagshópa og virðingu fyrir rétti þeirra hvers um sig. Má raunar segja að það sé og eigi að vera kjarninn í viðleitninni til þess að móta samfélagið svo að það verði samfélag allra manna.

Þegar nefna skal dæmi þessa er augljósust hér á landi umræðan um jafnan rétt karla og kvenna og viðleitni almennings og félagasamtaka, sem og viljayfirlýsingar og löggjöf

Alþingis, til þess að tryggja afnám misréttis vegna kynhneigðar. Sami vilji liggur að baki þegar þjóðir setja sér að útrýma misrétti sem byggist á litarhætti manna. Þá er og að nefna að þjóðfélögin ákveða að réttur þjóðarbrota skuli virtur, trúarbragðahópa, aldurshópa og svo má lengi telja.

Meðal misréttis, sem hefur viðgengist í samfélögum með vestræna menningu, er misrétti vegna kynhneigðar. Þetta á og mjög við um Ísland. Þess gætir í löggjöf með tvennum hætti, annars vegar með því að lagaákvæði meina beinlínis samkynhneigðum rétt sem gagnkynhneigðum er ekki meinaður og hins vegar með því að lagaákvæði, sem veita tiltekinn rétt, ná til gagnkynhneigðra en ekki samkynhneigðra.

Auk lagalegs misréttis býr samkynhneigt fólk við menningarlegt og félagslegt misrétti. Menningarlegt misrétti er m.a. fólgið í misnotkun tungunnar til þess að sýna samkynhneigðu fólki virðingarleysi með fjandsamlegu orðafari sem og í því að í listum og öðru menningarstarfi er tilvist samkynhneigðs fólks hunsuð. Félagslegt misrétti gagnvart samkynhneigðu fólki sem einstaklingum og sem hópi gætir á öllum sviðum þjóðlífsins og er kunnugt um fjöldamörg dæmi þess.

Aðstaða samkynhneigðs fólks til þess að berjast sjálft fyrir jafnrétti sínu er miklu lakari en flestra annarra þjóðfélagshópa. Konur eiga þess ekki kost að leyna kynferði sínu til þess að komast hjá því að verða fyrir misrétti og svertingjar geta ekki leynt litarhætti sínum. En samkynhneigt fólk á þess kost að afneita kynhneigð sinni til þess að komast hjá misrétti og hið menningarlega misrétti veldur því að afar erfitt er fyrir einstaklinginn að öðlast þá sjálfsvirðingu sem þarf til þess að krefjast réttar síns. Hið félagslega misrétti gengur svo nærri sérhverjum einstaklingi sem fyrir því verður að mjög mikill meiri hluti samkynhneigðs fólks kýs að fórna rétti sínum til fullrar aðildar að samfélaginu á jafnréttisgrundvelli fremur en að beita sér gegn misréttinu. Hér er því kominn vítahringur. Samkynhneigður einstaklingur getur ekki krafist réttar síns nema hann geri grein fyrir máli sínu, en hann getur ekki gert grein fyrir máli sínu vegna réttleysis síns. Að fá ekki að vera maður sjálfur með fullum rétti og virðingu leiðir til mikillar óhamingju. Það er hlutverk þjóðfélagsins alls að rjúfa þennan vítahring.

Sem betur fer hafa augu stjórnmálamanna víða um lönd verið að opnast fyrir því hlutverki sem þeir þurfa að gegna hér. Í Noregi hefur verið bætt í hegningarlög ákvæðum sem gera það refsivert að blása til andúðar á samkynhneigðu fólki á opinberum vettvangi sem og að neita samkynhneigðu fólki um vöru eða þjónustu sem almenningi er boðin í atvinnuskyni. Þar starfar nú stjórnskipuð nefnd að könnun á stöðu fólks í hvers konar sambúð og mun hún taka jafnt til gagnkynhneigðs og samkynhneigðs sambúðarfólks. Í Svíþjóð hefur þingkjörin nefnd kannað öll lög landsins með tilliti til þess hverju þurfi að breyta í þeim eða auka við svo að misrétti sem byggist á kynhneigð verði útrýmt. Í Danmörku kannar þingnefnd stöðu samkynhneigðs fólks. Svo má lengi telja, en aðeins skal nefnt að í Hollandi, Frakklandi og víða í Bandaríkjunum hefur mikill árangur náðst með því að banna með lögum misrétti vegna kynhneigðar.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu viljum ekki una því að á Íslandi líðist misrétti sem byggist á kynhneigð og því teljum við nauðsynlegt að verða við ályktunum Evrópuráðsins 1. október 1981 og Norðurlandaráðs 1. mars 1984 sem báðar fjalla um afnám misréttis gagnvart samkynhneigðu fólki. Mikilvægi þessa verkefnis hefur af hálfu stjórnmálamanna verið rækilega undirstrikað með þessum ályktunum.

Ed. 139. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. október 1985 nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir, sbr. þó 7. gr.:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald 46 016 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 2 633 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg. Bifreið sem er meira en 4 000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal þó ætíð greiða gjald skv. 7. gr.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr., árgjald þungaskatts skv. þessari grein og kílómetragjald skv. 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar bensíngjalds, árgjalds þungaskatts og kílómetragjalds eru miðaðir við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 4. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og koma í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	2,47	15,0—15,9	5,25
5,0— 5,9	2,63	16,0—16,9	5,67
6,0— 6,9	2,84	17,0—17,9	6,08
7,0— 7,9	2,98	18,0—18,9	6,45
8,0— 8,9	3,11	19,0—19,9	6,94
9,0— 9,9	3,25	20,0—20,9	7,31
10,0—10,9	3,45	21,0—21,9	7,73
11,0—11,9	3,58	22,0—22,9	8,22
12,0—12,9	4,03	23,0—23,9	8,61
13,0—13,9	4,41	24,0—24,9	9,00
14,0—14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Sé bifreið, festi- eða tengivagn notuð við flutninga, þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls, er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningsvagna, sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn sé útbúin ökumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti samkvæmt ökumæli sem fellur á akstur umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 8. gr., og breytist tölusetning annarra greina í samræmi við það:

Þungaskatt skv. 7. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau á án tilkynningar til einstaks eiganda eða umráðamanns. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó álestur fari síðar fram. Þá skal það varða eiganda og/eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á

tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjaldtaka kílómetragjalds skv. B- lið 2. gr. laga þessara öðlast gildi við upphaf þess álesturstímabils er hefst að loknum mælaálestri sem fram fer á tímabilinu 20. september til 10. október 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985, um bensíngjald, verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. október 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að ákveðið hafi verið að gera tillögur um aukin framlög til vegamála í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986. Fjár til þessara framlaga eigi að afla með hækkun gjalda af bensíni og hækkun þungaskatts af bifreiðum. Þar sem þungaskattur er innheimtur 4 mánuðum eftir álestur mæla þykir á því brýn nauðsyn að hækka skattinn strax til þess að skatturinn innheimtist á árinu 1986 í samræmi við áætlanir. Nauðsynlegt er að hækka gjöld af bensíni nú þegar til samræmis við breytingu á þungaskatti til þess að eigi komi til mismunun eftir gerð ökutækja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið.

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. október 1985 nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt til ríkissjóðs svo sem hér segir, sbr. þó 7. gr.:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 2 000 kg að eigin þyngd, skal greiða fast árgjald 46 016 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 2 000 kg eða meiri skal gjaldið hækka um 2 633 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd bifreiðar er meiri en 2 000 kg. Bifreið sem er meira en 4 000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal þó ætíð greiða gjald skv. 7. gr.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Bensíngjald skv. 1. gr., árgjald þungaskatts skv. þessari grein og kílómetragjald skv. 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxtar bensíngjalds, árgjalds þungaskatts og kílómetragjalds eru miðaðir við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi skv. 4. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni og aðstoða innheimtumann við könnun birgða sé þess óskað.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og koma í stað árlegs þungaskatts skv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6 tonn eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0— 4,9	2,47	15,0—15,9	5,25
5,0— 5,9	2,63	16,0—16,9	5,67
6,0— 6,9	2,84	17,0—17,9	6,08
7,0— 7,9	2,98	18,0—18,9	6,45
8,0— 8,9	3,11	19,0—19,9	6,94
9,0— 9,9	3,25	20,0—20,9	7,31
10,0—10,9	3,45	21,0—21,9	7,73
11,0—11,9	3,58	22,0—22,9	8,22
12,0—12,9	4,03	23,0—23,9	8,61
13,0—13,9	4,41	24,0—24,9	9,00
14,0—14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Sé bifreið, festi- eða tengivagn notuð við flutninga, þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls, er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldskyldan miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningsvagna, sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli. Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn sé útbúin ökumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti samkvæmt ökumæli sem fellur á akstur umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 8. gr., og breytist tölusetning annarra greina í samræmi við það:

Þungaskatt skv. 7. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og er gjalddagi skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert, en eindagi síðasti dagur sömu mánaða. Skal skatturinn greiðast fyrir hvert gjaldtímabil þar sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilinu 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds, er miðist við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs verði því við komið.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau án tilkynningar til einstaks eiganda eða umráðamanns. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó álestur fari síðar fram. Þá skal það varða eiganda og/eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjaldtaka kílómetragjalds skv. B- lið 2. gr. laga þessara öðlast gildi við upphaf þess álesturstímabils er hefst að loknum mælaálestri sem fram fer á tímabilinu 20. september til 10. október 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985, um bensíngjald, verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. október 1985.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1985.

Steingrímur Hermannsson. **Helgi Seljan.** (L. S.) **Magnús Þ. Torfason.**

Albert Guðmundsson.

Ed. 140. Frumvarp til laga [127. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1986 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskylda hvílir á þeim aðilum, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, auk þess bönkum og sparisjóðum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1985 á þeirri fasteign sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1985.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1986 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1985. Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1986 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,1% af skattstofni skv. 3. gr. Skattinn skal leggja á í heilum tugum króna þannig að lægri fjárhæð en 10 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 2.600 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts eftir því sem við á, nema öðru vísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1986 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1987. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 75/1981, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979. Hefur skatturinn síðan verið lagður á árlega samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár er skatturinn lagður á samkvæmt lögum nr. 130/1984 og í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1985 er áætlað að innheimtar tekjur af honum verði um 90 millj. kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að framhald verði á skattlagningu þessari. Af þeim sökum er frumvarp þetta lagt fram og er það efnislega samhljóða lögum nr. 130/1984. Lagt er til að skatthlutfall haldist óbreytt. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 110 millj. kr. en innheimta um 100 millj. kr. að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Ed. 141. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%: 87.02.11, 87.02.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21 og 87.02.49.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í ríkisfjármálum sé nauðsynlegt að breyta nú þegar gjaldtöku af innfluttum bifreiðum.

Fyrirhugað er að setja lög er hækka skatta til vegagerðar sem lagðar eru á bifreiðaeigendur. Ívilnun er felst í tillögu þessari mun gera skattlagningu þessa mildari en ella og jafnframt stuðla að eðlilegri og jafnari endurnýjun á bifreiðaeign landsmanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%: 87.02.11, 87.02.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21 og 87.02.49.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. september 1985.

Steingrímur Hermannsson. **Helgi Seljan.** (L. S.) **Magnús Þ. Torfason.**

Albert Guðmundsson.

Sþ. 142. Fyrirspurn [129. mál]

til samgönguráðherra um kostnað við Bakkafjarðarhöfn.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvað er heildarkostnaður við nýframkvæmdirnar í Bakkafjarðarhöfn orðinn mikill frá því þær hófust og fram til 1. sept. s.l. reiknað á núverandi verðlagi?
2. Hvernig hafa þessar framkvæmdir verið fjármagnaðar?
3. Hver er áætlaður heildarkostnaður við að ljúka hinum fyrirhuguðu hafnarframkvæmdum?

Sþ. 143. Fyrirspurn [130. mál]

til viðskiptaráðherra um endurnýjun á togaranum Sjóla GK.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Hefur ráðuneytinu borist ósk frá eigendum togarans Sjóla GK um heimild til kaupa á öðru skipi í stað togarans sem gereyðilagðist í bruna?
2. Ef slíkt erindi hefur borist, hefur því verið svarað og þá með hvaða hætti?

Sþ. 144. Fyrirspurn [131. mál]

til heilbrigðisráðherra um Hollustuvernd ríkisins.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvenær hyggst heilbrigðisráðherra ljúka endurskoðun laga um hollustuhætti og hollustuvernd?

Sþ. 145. Fyrirspurn [132. mál]

til félagsmálaráðherra um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Frá Svavari Gestssyni og Skúla Alexanderssyni.

1. Hverju nemur skerðing á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árin 1980—1985:
   a. vegna Innheimtustofnunar sveitarfélaga,
   b. vegna ákvarðana ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis,
   c. vegna vaxta- og verðbótagreiðslna og gengistaps?
2. Hverjar eru horfur á skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs af sömu ástæðum 1986?
3. Hverju nema framlög Jöfnunarsjóðs sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga 1984, 1985 og skv. áætlunum 1986?
4. Hverju nema framlög Jöfnunarsjóðs á íbúa 1984, 1985 og skv. áætlunum 1986?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 146. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóvember 1980.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, kom á fund nefndarinnar.

Alþingi, 19. nóv. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Stefán Benediktsson, fundaskr. | Valdimar Indriðason.

Sveinn Jónsson. | Björn Dagbjartsson. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Kristjana Milla Thorsteinsson.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um rannsóknarnefnd þingmanna til að kanna okurlánastarfsemi.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran, Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson.

Alþingi samþykkir að kjósa rannsóknarnefnd skipaða níu þingmönnum til að gera athugun á okurlánastarfsemi sem upplýst er að viðgengist hefur hér á landi að undanförnu. Skal nefndin m.a. leita svara við eftirtöldum spurningum:

1. Hverjar eru orsakir okurlánastarfsemi?
2. Hversu umfangsmikil hefur starfsemin verið hér á landi undanfarin ár hvað varðar fjölda okurlána, fjölda viðskiptavina, lánakjör, fjárhæðir, áhrif á verðlag og hlut okurlána í íslensku efnahagslífi?
3. Með hvaða hætti er hægt að rétta hlut þeirra sem af bágindum hafa lent í klónum á okurlánurum, t.d. vegna hættu á að missa íbúðarhúsnæði?

Rannsóknarnefndin skal afla sér upplýsinga, bæði munnlegra og skriflegra, hjá þeim sem hlut eiga að máli. Nefndinni skal veitt fé til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.

Að lokinni athugun sinni skal rannsóknarnefndin gefa Alþingi skýrslu og gera tillögur til úrbóta eins fljótt og við verður komið.

Greinargerð.

Þegar upplýst er að umfangsmikil okurlánastarfsemi hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár er mikilvægt að löggjafinn láti það mál til sín taka með það að markmiði að slíkt endurtaki sig ekki. Það okurlánamál, sem nú hefur komið fram í dagsljósið, er með stærstu rannsóknarmálum sem hér hafa komið upp. Talið er samkv. blaðafregnum að veltan hafi numið allt að 200 milljónum kr. og starfsemin hafi viðgengist ótrúlega lengi í okkar tiltölulega fámenna samfélagi.

Brýnt er að sú rannsóknarnefnd, sem hér er gerð tillaga um, leiti upplýsinga hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, einstaklingum og fyrirtækjum sem mál þetta varðar.

Um þetta mál hefur verið mikið rætt og ritað að undanförnu og dæmi nefnd þar sem okurlán hafa verið tekin m.a. til þess að fjármagna eiturlyfjakaup. Um það þarf ekki að fjölyrða að mál þetta er mjög alvarlegt hvernig sem á það er litið.

Tilgangurinn með þessari tillögu er fyrst og fremst sá að Alþingi kanni orsakir, umfang og afleiðingar okurlána og láti alla þætti þessa máls til sín taka svo að hægt sé að gera tillögur til úrbóta á því ónýta peningakerfi sem ýtir undir slíka starfsemi.

Nd. 148. Frumvarp til laga [134. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 11. nóvember 1985, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975 og 5. nóvember 1984), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

FJÓRÐI VIÐAUKI

VIÐ AÐALSAMNING MILLI RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS OG SWISS ALUMINIUM LTD.

SAMNINGUR gerður hinn 11. dag nóvembermánaðar 1985
milli
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“)
annars vegar,
og
SWISS ALUMINIUM LTD. (hér á eftir nefnt „Alusuisse“), sem er hlutafélag stofnað að svissneskum lögum
hins vegar.

Ríkisstjórnin og Alusuisse eru aðilar að samningi dagsettum 28. mars 1966, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 76 13. maí 1966 og tók gildi 20. september 1966, með áorðnum breytingum samkvæmt (i) fyrsta viðauka dagsettum 28. október 1969, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 19 6. apríl 1970 og tók gildi 16. apríl 1970, (ii) öðrum viðauka dagsettum 10. desember 1975, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 42 25. maí 1976 og tók gildi 12. júní 1976, og (iii) þriðja viðauka dagsettum 5. nóvember 1984, er staðfestur var með lögum frá Alþingi nr. 104 30. nóvember 1984 og tók gildi 30. nóvember 1984 (hér á eftir svo breyttur nefndur „aðalsamningurinn“). Samningur þessi fjallar, meðal annars, um byggingu og rekstur álbræðslu með tilheyrandi búnaði við Straumsvík í Hafnarfjarðarkaupstað, sem er í eigu Íslenska álfélagsins hf. („ISALs“), dótturfélags Alusuisse;

Í kjölfar samningaviðræðna, sem fram hafa farið samkvæmt tilteknum ákvæðum í bráðabirgðasamningi dagsettum 23. september 1983 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og tilteknu bréflegu samkomulagi dagsettu 5. nóvember 1984 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, óska ríkisstjórnin og Alusuisse nú að breyta tilteknum ákvæðum aðalsamningsins um ákvörðun framleiðslugjalds þess, er ISAL greiðir;

MEÐ SKÍRSKOTUN TIL ÞESSA ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Heiti samnings þessa og skýringar á orðum, sem notuð eru í honum

1.01. Samning þennan ber að nefna fjórða viðauka við aðalsamninginn.

1.02. Eftirtalin orð, sem notuð eru í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr. 1.01 (a)
„Alusuisse“	málsgr. 1.01 (b)
„Kaupstaðurinn“	málsgr. 1.01 (d)
„ISAL“	málsgr. 1.01 (e)
„Dótturfélag Alusuisse“	málsgr. 1.01
„Fylgiskjöl“	málsgr. 1.02
„Fylgisamningar“	málsgr. 1.02
„Bræðsla“	málsgr. 1.03 (b)

1.03. „Staðfestingarlögin" merkja lög þau frá Alþingi, er veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum málsgreinar 4.02 í samningi þessum.

1.04. „Gildistökudagur" merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt málsgrein 4.02 í samningi þessum.

2. gr.

Breyting á ákvæðum aðalsamningsins varðandi skatta og gjaldskyldu

2.01. Málsgreinum 25.01, 25.02, 25.03 og 25.04 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig, að þær verði svohljóðandi í heild sinni:

„**25.01.** Með þeim undantekningum, er greinir í 31. gr., og í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust eða í sérstökum tilgangi, samkvæmt íslenskum lögum, skal leggja á ISAL og ISAL vera skylt að greiða eitt framleiðslugjald. Á tímabilinu frá og með 1. janúar 1985 skal framleiðslugjald þetta lagt á og greitt vegna hvers almanaksárs (i) af hverri smálest áls, sem afskipað er frá bræðslunni (eða telst sem umframbirgðir samkvæmt 28. gr.) á því almanaksári, og (ii) af nettóhagnaði ISALs fyrir það almanaksár, og vera reiknað samkvæmt þessari 25. grein og 26. og 27. grein („framleiðslugjald").

25.02. Frá upphafi rekstrar fram til sjötta ársdags AR I (þ.e. 1. október 1975) var framleiðslugjald á smálest tólf og hálfur Bandaríkjadollar (US $ 12,50), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og hann var að upphaflegri gerð og honum síðar breytt með fyrsta viðauka við aðalsamninginn. Frá sjötta ársdegi AR I (þ.e. 1. október 1975) til og með 31. desember 1984 var framleiðslugjald á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US $ 20,00), að tilskildum ákvæðum aðalsamningsins eins og honum var breytt með öðrum viðauka við aðalsamninginn og eins og honum var síðar breytt í nokkrum atriðum með þriðja viðauka við aðalsamninginn.

25.03. Frá og með 1. janúar 1985 verður fjárhæð framleiðslugjaldsins á smálest tuttugu Bandaríkjadollarar (US $ 20,00) („grunntaxti"). Framleiðslugjald það, sem ISAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei verða lægra en sú fjárhæð í Bandaríkjadollurum, sem jafngildir framleiðslugjaldi á þær smálestir áls, sem skipað hefur verið út frá bræðslunni (eða færðar til umframbirgða) á því ári, þegar það er reiknað á grunntaxta („lágmarksframleiðslugjald").

25.04. Frá og með 1. janúar 1985 skal fjárhæð framleiðslugjaldsins af nettóhagnaði ISALs fyrir hvert almanaksár vera summan í Bandaríkjadollurum af:

(a) 35% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem ekki er yfir 6,25 milljónir Bandaríkjadollara;
(b) 40% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 6,25 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 12,50 milljónir Bandaríkjadollara;
(c) 45% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 12,50 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 18,75 milljónir Bandaríkjadollara;
(d) 50% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 18,75 milljónir Bandaríkjadollara en ekki yfir 25,0 milljónir Bandaríkjadollara; plús
(e) 55% af þeim hluta nettóhagnaðar ISALs, sem er umfram 25,0 milljónir Bandaríkjadollara,

en þó þannig, að sú fjárhæð, er greidd hefur verið sem lágmarksframleiðslugjald vegna almanaksárs samkvæmt málsgrein 25.03, skal talin til frádráttar þeirri fjárhæð, sem greiða ber í framleiðslugjald af nettóhagnaði ISALs fyrir það almanaksár, ef um

hagnað er að ræða. Framleiðslugjald það, sem ISAL ber að greiða í heild fyrir hvert einstakt almanaksár, skal aldrei vera hærra en umrædd summa í Bandaríkjadollurum eða lágmarksframleiðslugjaldið, hvort sem hærra er. Við reikning á þeim hundraðshlutum, sem að ofan greinir, skal nettóhagnaði ISALs fyrir almanaksár umbreytt úr íslenskum krónum í Bandaríkjadollara eftir gengi, sem er meðaltal af því mánaðarlegu gengi milli íslenskrar krónu og Bandaríkjadollars (byggðu á opinberri gengisskráningu), sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ISALs á því almanaksári.“

2.02. 25. grein aðalsamningsins er enn fremur breytt þannig, að málsgrein 25.05. verði framvegis málsgrein 25.06 og við bætist ný málsgrein 25.05, svohljóðandi:

„**25.05.** Framleiðslugjaldið skal gilda þar til kemur að valdegi, sem endurskoðun á framleiðslugjaldi samkvæmt 30. grein fer fram á eða er miðuð við, eða, ef framleiðslugjaldið er ekki endurskoðað þannig, þar til samningur þessi gengur úr gildi. Ef framleiðslugjaldið er endurskoðað á valdegi eða frá honum að telja samkvæmt 30. grein, skal framleiðslugjaldið gilda eins og það verður þannig endurskoðað frá endurskoðunardegi og þar til kemur að síðari valdegi, eða þar til samningur þessi gengur úr gildi, eftir því sem við á.“

2.03. Málsgrein 25.05 í aðalsamningnum (er framvegis kallast málsgrein 25.06 samkvæmt málsgrein 2.02 í samningi þessum) er hér með breytt með því að fella brott orðin „málsgrein 25.03 og 25.04“ og skjóta inn orðunum „málsgrein 25.05“ í þeirra stað.

2.04. 26. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig að hún hljóði svo í heild sinni:

„26. GR.

ÚTREIKNINGUR HEIMSMARKAÐSVERÐS Á ÁLI

26.01. Við útreikning á nettóhagnaði ISALs með tilliti til framleiðslugjalds skal heimsmarkaðsverð á áli („heimsmarkaðsverð“) merkja það verð á frumbræddu áli, sem ákvarðast fyrir hvern almanaksársfjórðung með útreikningi í upphafi næsta almanaksársfjórðungs á eftir samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P = \frac{LME + MW + PIP + ASIP}{4}$$

þar sem:

P = Heimsmarkaðsverðið í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn);

LME = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, tilgreint í Bandaríkjacentum á pund, af daglegum meðaltöldum verðskráningum hjá London Metals Exchange á frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metal Bulletin, og umreiknaðar úr sterlingspundum í Bandaríkjadollara eftir meðaltöldu síðasta daggengi á viðkomandi skráningardegi samkvæmt birtingu í Financial Times (á blaðsíðunni „Currencies, Money and Capital Markets“, í töflunni „The Dollar Spot and Forward“);

MW = Meðaltalið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, á meðaltöldum mánaðarlegum verðskráningum í Bandaríkjacentum á pund af frumbræddu áli, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, staðgreiddu við afhendingu, eins og þær eru birtar í Metals Week USA undir fyrirsögninni „U.S. Free Market“;

PIP = Meðalverðið, fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, sem fæst samkvæmt alþjóðlegri verðvísitölu Pechiney (Pechiney International Price index) um verð á frumbræddu áli seldu samkvæmt reikningi til óháðra viðskiptavina, með lágmarkshreinleika 99,5 af hundraði, eins og hún er birt í Metal Bulletin. Meðalverð þetta skal sett fram í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn). Í þessu tilliti skal PIP vísitalan 161,42, sem er meðalvísitalan (samkvæmt tilgreiningu í Bandaríkjadollurum) fyrir tímabilið 1. janúar 1983 til og með 30. júní 1984, talin jafngilda meðalverðinu 63,03 Bandaríkjacent á pund, og meðalverðið fyrir síðari tímabil skal hækka eða lækka í samræmi við hina hlutfallslegu breytingu á PIP vísitölunni;

ASIP = Fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, helmingur summunnar af

(x) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn), af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá Alusuisse til óháðra viðskiptavina, plús

(y) meðaltalinu, tilgreindu í Bandaríkjacentum á pund (2204,62 pund = 1 tonn) af söluverði á frumbræddum álhleifum, með lágmarkshreinleika 99,7 af hundraði, við sölu frá hinum tveimur þýsku álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina.

26.02. Innan 20 daga eftir að Alusuisse lætur ríkisstjórninni í té ASIP fyrir undanfarandi almanaksársfjórðung, og aðeins einu sinni á hverjum einstökum almanaksársfjórðungi, er ríkisstjórninni heimilt að óska eftir því að fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem ríkisstjórnin og Alusuisse velja sameiginlega, endurskoði og sannprófi útreikninga Alusuisse á ASIP fyrir undanfarandi fjóra almanaksársfjórðunga. Kostnað af þessari endurskoðun hverju sinni á ríkisstjórnin að bera, nema endurskoðunin leiði í ljós að teljandi mismunur sé á ASIP fyrir einhvern hinna undanfarandi fjögurra ársfjórðunga og því ASIP sem Alusuisse lagði fram í öndverðu, en í því tilviki skal Alusuisse bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs, er mismunurinn varð á. Aldrei skal útreikningur á ASIP fyrir neinn almanaksársfjórðung endurskoðaður þannig oftar en einu sinni.

26.03. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ekki fáanlegar fyrir einhvern almanaksársfjórðung, af ástæðum sem hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skal nota LME, MW, PIP og/eða ASIP fyrir undanfarandi ársfjórðung við ákvörðun á heimsmarkaðsverði. Ef þessar upplýsingar verða tiltækar fyrir 1. júní á næsta ári eftir það ár, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal þetta heimsmarkaðsverð endurreiknað á grundvelli hinna nýju upplýsinga, og mismunurinn, ef einhver er, sem við það kemur fram milli heimsmarkaðsverðsins eins og það er upphaflega reiknað og heimsmarkaðsverðsins eins og það er endurreiknað samkvæmt hinum nýju upplýsingum, skal tekinn með við útreikning á nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, sem ársfjórðungurinn tilheyrir. Ef þessar upplýsingar verða tiltækar eftir 1. júní á næsta ári á eftir því ári, sem umræddur almanaksársfjórðungur tilheyrir, skal ekki tekið tillit til upplýsinganna, nema aðilar verði ásáttir um annað og að áskildum ákvæðum málsgreinar 26.04.

26.04. Ef svo fer að einhverjar af þeim upplýsingum, sem á þarf að halda til að ganga úr skugga um LME, MW, PIP og/eða ASIP samkvæmt skilgreiningunum í málsgrein 26.01, eru ófáanlegar í fjóra eða fleiri almanaksársfjórðunga samfleytt, af ástæðum sem

hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse fá við ráðið, skulu ríkisstjórnin og Alusuisse reyna að ná samkomulagi um að nota aðrar sambærilegar upplýsingar við útreikning á heimsmarkaðsverði í stað þeirra upplýsinga, sem orðið hafa ófáanlegar. Nái þau samkomulagi skulu þær upplýsingar notaðar í þessu skyni, en takist þeim ekki að ná samkomulagi, er hvorum aðila um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. grein. Þar til málið er útkljáð með samkomulagi eða úrskurði gerðardóms og að áskildu því, sem felst í þeim málalokum, skulu ákvæði málsgreinar 26.03 í samningi þessum gilda áfram.“

2.05. 27. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„27. GR.
NETTÓHAGNAÐUR ISALS MEÐ TILLITI TIL FRAMLEIÐSLUGJALDS

27.01. Útreikning nettóhagnaðar ISALs vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptahættum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs, og skal hann í öllum tilvikum fylgja eftirtöldum reglum:

(a) Fyrningar á verksmiðjukostnaði bræðslunnar verði reiknaðar til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.02;
(b) Einkaleyfisgjöld, leyfisgjöld, verkfræði- og sérfræðiþóknun, svo og sölulaun, reiknist samkvæmt ákvæðum aðstoðarsamninganna (fylgiskjala C1, C2 og C3);
(c) Vaxtakjör gefi til kynna fyrsta flokks lánstraust og fjármögnunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ISALs séu með eðlilegum hætti;
(d) Kostnaðarverð á súráli frá Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse verði reiknað til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.03;
(e) Kostnaðarverð á rafskautum frá Alusuisse eða dótturfélögum Alusuisse verði reiknað til gjalda í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.04;
(f) Brúttótekjur vegna sölu eða vöruskipta á áli til Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse verði ákvarðaðar í samræmi við ákvæði málsgreinar 27.05; og
(g) Framlag á allt að 20% af hagnaði ISALs, eins og hann reiknast í samræmi við framanrituð ákvæði þessarar málsgreinar 27.01, sem leggja má í sérstakan varasjóð. Ef ISAL notfærir sér réttindi sín til endurmats samkvæmt stafliðum (d) og (e) í málsgrein 27.02, skal ISAL endurmeta varasjóð þennan ár hvert í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði hans í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá 1. janúar til 31. desember á því ári. Varasjóð þennan má nota innan ISAL til að standa undir fjárfestingu í föstum og lausum eignum, en eigi ráðstafa til annars en að mæta rekstrarhalla. Fari svo, að varasjóðurinn verði nýttur til annars en um getur í undanfarandi málslið, ber að telja þær fjárhæðir, sem þar er um að tefla, með nettóhagnaði ISALs fyrir það ár, er nýtingin á sér stað. ISAL á hvenær sem er rétt til að inna framlag í varasjóðinn á hverju tilteknu ári, og að hækka eða lækka hvert það framlag til að halda samræmi við þá takmörkun um 20%, sem sett er hér að ofan, þar til nettóhagnaður ISALs fyrir það ár hefur verið endanlega staðfestur með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse eða endanlega ákvarðaður með öðrum hætti samkvæmt samningi þessum.

Nettóhagnað ISALs skal reikna út að frádregnum rekstrarkostnaði og útgjöldum, þar með taldir skattar þeir og álögur, sem um ræðir í 31. gr., og án frádráttar vegna greiðslna á framleiðslugjaldi, arði og varasjóðsframlögum, öðrum en þeim, sem um getur í staflið (g) hér að ofan.

27.02. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01(a), frá og með 1. janúar 1985 að telja:

(a) Eftirstandandi verðmæti fastafjármuna ISALs (að meðtöldum mengunarvarnabúnaði og búnaði settum upp í tengslum við mengunarvarnabúnað og skyldum búnaði) hinn 1. janúar 1985, sem heimilt er að fyrna með tilliti til framleiðslugjalds, telst vera jafnvirði 89,0 milljóna Bandaríkjadollara eða 230,5 milljóna svissneskra franka eða 3.608,5 milljóna íslenskra króna. Þessa fjárhæð í íslenskum krónum, endurmetna í samræmi við staflið (d), skal fyrna samkvæmt jöfnum hlutföllum á 10 ára tímabili.

(b) Nýja fastafjármuni, sem ISAL eignast vegna fjárfestingar til viðhalds eða endurbóta á bræðslunni, skal fyrna samkvæmt jöfnum hlutföllum eftir árlegu hlutfalli ákvörðuðu með hliðsjón af áætluðum nytsömum endingartíma þeirra, í fyrsta sinn á því almanaksári, þegar fjármunirnir eru teknir til nýtingar, og skal þetta árlega hlutfall ákvarðað sem hér segir:

(i)	Fyrir skrifstofu- og verslunarbyggingar	2%
(ii)	Fyrir verksmiðjubyggingar og mannvirki, þar á meðal verkstæði og mötuneyti	4%
(iii)	Fyrir olíu- og vatnsgeyma og borholur	6%
(iv)	Fyrir skip og loftför	10%
(v)	Fyrir verksmiðjuvélar og aðrar iðnaðarvélar og tæki	15%
(vi)	Fyrir vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, skrifstofuáhöld og -tæki og annað lausafé sem fellur ekki undir ofangreint	20%

(c) Fyrningu samkvæmt stafliðum (a) og (b) í þessari málsgrein 27.02 skal reikna á grundvelli þess mánaðarlega gengis milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka (byggt á opinberri gengisskráningu), sem notað hefur verið við færslu á tekjum og gjöldum ISALs á því almanaksári, sem fyrningin á við.

(d) Að því er varðar þá fastafjármuni, sem um ræðir í staflið (a), og uppsafnaðar fyrningar þeirra vegna, þá skal ISAL eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta þessa fjármuni og uppsafnaðar fyrningar í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá 1. janúar til 31. desember á því ári. Að því er varðar þá fjármuni, sem um ræðir í staflið (b), og uppsafnaðar fyrningar þeirra vegna, þá skal ISAL eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta þessar eignir og uppsafnaðar fyrningar í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og Bandaríkjadollara eða svissneskra franka, sem á hefur orðið frá þeim degi þegar fjárfestingarkostnaður vegna eignar fellur til og til 31. desember á sama ári, þegar um er að ræða árið þegar fjárfestingarkostnaður fellur til, og frá 1. janúar til 31. desember á hverju síðara ári, þegar um er að ræða eitthvert síðara ár. Ef ISAL notfærir sér réttindi sín til endurmats samkvæmt þessum staflið (d), skal sú mynt, sem í upphafi er notuð sem grundvöllur að endurmati tiltekinnar eignar eða eignaliðs, notuð við endurmat þeirrar eignar eða eignaliðs á síðari árum.

(e) ISAL skal eiga rétt til þess ár hvert að endurmeta skuldir sínar og veltufjármuni í íslenskum krónum með því að hækka eða lækka virði þeirra í réttu hlutfalli við þá nettóbreytingu á gengi milli íslenskra króna og þeirrar myntar, sem skuldir þessar og veltufjármunir eru skráð í, er á hefur orðið milli 1. janúar og 31. desember á því ári. Í því tilliti sem um ræðir í þessum staflið (e) má hafa birgðir skráðar í svissneskum frönkum.

(f) Nettófjárhæðir þær, sem fram koma við endurmat samkvæmt stafliðum (d) og (e) í þessari málsgrein 27.02, skulu færðar til eignar eða skuldar, eftir því sem við á, í sérstakan endurmatsreikning, sem vera skal hluti af eigin fé ISALs.

27.03. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (d), og frá og með 1. janúar 1985 að telja, að því leyti sem Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse láta ISAL í té súrál og að því leyti sem þetta súrál hefur tiltölulega svipaða eiginleika og þá, sem áskildir eru í súrálskaupasamningnum milli Alusuisse og ISAL, sem í gildi er á gildistökudegi fjórða viðauka við aðalsamninginn, skal kostnaðarverð á pund af þessu súráli afhentu CIF Straumsvík vera 12,50% af summunni af (i) heimsmarkaðsverðinu, sem í gildi er á afhendingartíma súrálsins, plús (ii) löndunarkostnaðinum í Rotterdam á pund af álhleifum, sem í gildi er á afhendingartíma súrálsins.

27.04. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (e), og frá og með 1. janúar 1985 að telja, að því leyti sem Alusuisse eða dótturfélög Alusuisse láta ISAL í té rafskaut skal afhending þeirra fara fram á grundvelli rafskautakaupsamnings milli Alusuisse og ISALs, og kostnaðarverð þessara rafskauta vera ákvarðað sem hér segir:

(a) Heildarkostnaðarverð þess samanlagða magns af rafskautum, sem afhent er til ISALs á hverju einstöku almanaksári, skal ákvarðað samkvæmt hinu samningsbundna verði sem við á um hvern farm, að því áskildu að þetta heildarkostnaðarverð, eftir að frá er dreginn flutningskostnaður frá Rotterdam (FOB rafskautaverksmiðju) til Straumsvíkur, má ekki vera hærra en meðalverðið pr. tonn FOB rafskautaverksmiðju á rafskautum, sem látin eru í té af hálfu Alusuisse á sama ári frá rafskautaverksmiðjum þess í Evrópu til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt sölusamningum öðrum en um einstakar sölur (að undanteknum rafskautum til aðila sem eiga eignarhlutdeild hærri en 15% í viðkomandi rafskautaverksmiðju), eins og það mundi gilda um hið samanlagða magn til ISALs.

(b) Samanburðinn milli samningsverðsins á rafskautum til ISALs og meðalverðsins á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt staflið (a) skal gera í Bandaríkjadollurum, þannig að verð sé umreiknað í þann gjaldmiðil eftir því gengi sem í gildi er á útskipunartíma.

(c) Verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstjórninni eftir lok ársins.

27.05. Í þeim tilgangi sem átt er við í málsgrein 27.01 (f), frá og með 1. janúar 1985 að telja, skulu þær brúttótekjur, er ISAL aflar við sölu eða vöruskipti til Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á áli, sem skipað er út frá bræðslunni, vera margfeldið af (i) þeirri tölu punda af áli, sem um er að fjalla við hverja sölu eða vöruskipti, og (ii) því heimsmarkaðsverði, sem í gildi er þegar útskipun frá bræðslunni á sér stað, en þó með þeim áskilnaði, að margfeldi þetta ber að leiðrétta þannig að tekið sé tillit til sérhverra uppbóta fram yfir heimsmarkaðsverð eða afslátta frá heimsmarkaðsverði, sem við eiga á grundvelli málmgæða (t.d. yfir 99.7% að hreinleika eða undir 99,5% að hreinleika,

eftir því sem við á), eða uppbóta sem við eiga á grundvelli lögunar málmsins (t.d. vegna annars en hleifa). Ef ekki er um annað samið milli aðila, skulu uppbætur þessar eða afslættir reiknuð á sama grundvelli og gert er hjá hinum tveimur þýsku álbræðslum í eigu Alusuisse við sölu frá þeim til óháðra viðskiptavina. Að því leyti sem ISAL kann að afla raunverulegra tekna umfram nefnt margfeldi í tilvikum þar sem afhent er til fjarlægari staða frá Íslandi en Norðursjávarhafna skulu þær tekjur taldar með í bráttótekjum ISALs.

27.06. Við útreikning á nettóhagnaði ISALs með tilliti til framleiðslugjalds skulu tekjuliðir þeir og útgjaldaliðir, sem um ræðir í málsgreinum 27.03, 27.04 og 27.05, umreiknaðir úr Bandaríkjadollurum í íslenskar krónur eftir því gengi (byggðu á opinberri gengisskráningu) sem notað var í þeim mánuði þegar útgjöldin féllu til eða teknanna var aflað.

27.07. Með skriflegri tilkynningu, er gefin sé eigi minna en sex mánuðum fyrir hvern þeirra daga, sem tilgreindir eru hér að neðan (eða alla þá daga), skal hvort heldur ríkisstjórninni eða Alusuisse heimilt að tilkynna hinum aðilanum, að orðið hafi teljandi breyting á aðstæðum, að frátöldum breytingum á valdi ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse, er hafi teljandi áhrif á þær efnahagslegu forsendur varðandi áliðnaðinn, sem liggja til grundvallar ákvæðum málsgreinar 26.01, málsgreinar 27.03, málsgreinar 27.04 eða málsgreinar 27.05, eða hafi teljandi áhrif á þær efnahagslegu forsendur, sem liggja til grundvallar ákvæðum málsgreinar 27.02 (b). Þeir dagar, sem slíka tilkynningu má miða við, skulu vera fimmti hver árdagur 31. desember 1984. Jafnskjótt og slík tilkynning er komin fram skulu ríkisstjórnin og Alusuisse eiga með sér samningaviðræður í góðri trú og reyna að ná samkomulagi um breytingar á málsgrein 26.01, málsgrein 27.03, málsgrein 27.04, málsgrein 27.05 eða málsgrein 27.02 (b) í ljósi áhrifanna af umræddri breytingu á aðstæðum, en þó með þeim áskilnaði, að sérhverjar slíkar breytingar verður að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs. Ef aðilunum tekst ekki að ná samkomulagi um tilvist eða áhrif þess konar breytingar á aðstæðum, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa þeirri deilu, hvort sú breyting hafi orðið, til gerðardóms samkvæmt 47. grein. Ef gerðardómurinn úrskurðar að slík breyting hafi orðið á aðstæðum, skulu aðilarnir reyna í góðri trú að ná samkomulagi um ofangreindar breytingar í ljósi niðurstaðna gerðardómsins. Ef þeim tekst ekki að semja um þessar breytingar, er hvorum þeirra um sig heimilt að vísa málefninu til gerðardóms samkvæmt 47. grein.“

2.06. 29. grein aðalsamningsins er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„29. GR.
GREIÐSLU- OG UPPGJÖRSHÆTTIR

29.01. Framleiðslugjaldið á smálest af áli verður gjaldskylt við sérhverja útskipun áls úr bræðslunni, nema ISAL sýni fram á, að framleiðslugjaldið hafi verið lagt á allan þann farm eða hluta hans sem umframbirgðir samkvæmt ákvæðum málsgreinar 28.02. Hin gjaldskylda upphæð í hverju tilviki skal reiknuð á grundvelli farmskírteina eða annarra flutningsskjala, sem út eru gefin vegna álsins, og samkvæmt bókum ISALs, og er háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit.

29.02. Framleiðslugjald það, sem gjaldskylt verður við útskipun, skal greitt af hálfu ISALs eigi síðar en hinn fimmtánda dag næsta almanaksmánaðar eftir þann mánuð, er útskipunin átti sér stað. Í þessu sambandi verður útskipun talin hafa átt sér stað er flutningaskip er ferðbúið, þegar um er að ræða ál, sem út er flutt með skipi, eða er landflutningatæki er ferðbúið frá bræðslulóðinni, þegar um er að ræða ál, sem flutt er landveg.

29.03. Fyrir hvert almanaksár frá og með 1. janúar 1985 skal ISAL afhenda ríkisstjórninni árlega skýrslu um framleiðslugjaldið, eigi síðar en hinn 1. júní næsta árs á eftir („framleiðslugjaldsskýrslu"), þar sem eftirfarandi komi fram:

(a) Heildaryfirlit um framleiðslu og útskipun áls á árinu, sundurliðað eftir mánuðum, og um álbirgðir í ársbyrjun og árslok.
(b) Skýrsla um heildarmagn það af útskipuðu áli (eða áli færðu til umframbirgða), sem skylt hefur orðið að greiða af lágmarksframleiðslugjald á árinu, ásamt heildarfjárhæð þess lágmarksframleiðslugjalds, sem skylt hefur orðið að greiða af því magni vegna þess almanaksárs. Skulu heildarmagn þetta og heildarfjárhæð sundurliðuð eftir mánuðum.
(c) Skýrsla um nettóhagnað ISALs fyrir þetta almanaksár, útreiknaðan í samræmi við ákvæði 27. greinar, á grundvelli þeirra endurskoðuðu reikninga, sem um ræðir í málsgrein 29.04.
(d) Útreikningur á því framleiðslugjaldi, sem ISAL ber að greiða vegna þessa almanaksárs, þar sem fram komi (i) fjárhæð framleiðslugjalds samkvæmt gjaldþrepum þeim, sem tilgreind eru í málsgrein 25.04, eins og þeim er beitt um framtalinn nettóhagnað ISALs samkvæmt staflið (c) hér að ofan, og (ii) mismunurinn á þessari fjárhæð og lágmarksframleiðslugjaldinu fyrir almanaksárið eins og það er sýnt samkvæmt staflið (b) hér að ofan. Heildarfjárhæð þessa mismunar, ef hið fyrra er hærra en hið síðara, skal talin fram af hálfu ISALs sem framleiðslugjald, er skylt sé að greiða til viðbótar vegna almanaksársins.

Sérhvert viðbótarframleiðslugjald, sem fram er talið samkvæmt staflið (d), fellur í gjalddaga við tímanlega framlagningu framleiðslugjaldsskýrslunnar, og ber að greiða það að fullu eigi síðar en hinn 1. júní á umræddu eftirfarandi ári, að því tilskildu, sem á er kveðið í eftirfarandi málsgreinum.

29.04. Í sambandi við útreikninginn á framleiðslugjaldi ISALs vegna hvers almanaksárs skal Alusuisse hafa byrðina af að sanna nettóhagnað ISALs fyrir það almanaksár, með endurskoðuðum reikningum, er leggja ber fram við ríkisstjórnina ásamt framleiðslugjaldsskýrslunni. Þessir endurskoðuðu reikningar skulu vera byggðir á ársreikningum ISALs fyrir viðkomandi almanaksár, og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur.

29.05. Ríkissstjórnin skal á eigin kostnað skipa alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa framleiðslugjaldsskýrsluna og slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvert ár. Heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega, í samræmi við alþjóðlegar venjur og íslensk lög.

29.06. Endurskoðun framleiðslugjaldsskýrslunnar og reikninganna og ársreikninga ISALs, sem ríkisstjórnin lætur fram fara samkvæmt málsgrein 29.05, skal lokið og niðurstöður hennar tilkynntar ISAL eigi síðar en hinn 1. október hins næsta árs a eftir. Hafi endurskoðuninni ekki verið þannig lokið og niðurstöður hennar þannig tilkynntar ISAL er ekki unnt að vefengja framleiðslugjaldsskyldu ISALs fyrir það ár, sem um er að ræða, eftir 1. október næsta árs á eftir.

29.07. ISAL skal greiða framleiðslugjaldið í Bandaríkjadollurum eða öðrum gjaldeyri, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um, og í bankareikning, sem ríkisstjórnin tilgreinir í því skyni.

29.08. Hinn 30. nóvember 1984 hefur ríkisstjórnin fært ISAL til eignar fjárhæðina 4.122.245,10 Bandaríkjadollara, er svarar til skattinneignar ISALs samkvæmt málsgrein 29.09 í aðalsamningnum, eins og hún átti við fyrir gerð þriðja viðauka við aðalsamninginn, að frádreginni þeirri fjárhæð, sem Alusuisse hefur samþykkt, í tilteknum sáttargerðarsamningi dagsettum 5. nóvember 1984 milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, að skattinneignin skuli lækkuð um. Skattinneign þessi hefur verið og verður flutt áfram frá umræddum 30. nóvember 1984 með ársvöxtum, er séu jafnháir forvöxtum Seðlabanka Bandaríkja Norður-Ameríku, eins og þeir eru birtir á hverjum tíma. Ber að nota inneignina til greiðslu með skuldajöfnuði á framleiðslugjaldsskuldbindingum ISALs vegna almanaksára eftir 31. desember 1983, að því leyti sem þær skuldbindingar eru umfram heildarfjárhæð lágmarksframleiðslugjalds fyrir viðkomandi ár. Fyrir hvert almanaksár frá og með 1. janúar 1985 skal þessi skuldajöfnuður takmarkast við 50% af nefndum skuldbindingum vegna þess árs sem um er að ræða. Skuldajöfnuðinn skal framkvæma hinn 1. júní ársins á eftir, þannig að vextir á fjárhæð sérhvers slíks skuldajafnaðar hætti að falla á 1. júní á því eftirfarandi ári. Ef einhverjar eftirstöðvar verða af þessari skattinneign þegar samningur þessi rennur út eða honum er slitið, skulu þær endurgreiddar ISAL í reiðufé."

2.07. Málsgrein 30.03 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi, með því að fella brott orðin „málsgrein 27.03" í stafliðum (a) og (b) og skjóta inn orðunum „málsgrein 27.01" í þeirra stað, og, í öðru lagi, með því að fella brott orðin „málsgreina 29.05 og 29.06" í staflið (a) og skjóta inn orðunum „málsgreina 29.04 og 29.05" í þeirra stað.

2.08. Málsgrein 30.10 í aðalsamningnum er hér með breytt, í fyrsta lagi, með því að fella niður orðin „málsgrein 27.03" og skjóta inn orðunum „málsgrein 27.01" í þeirra stað, og, í öðru lagi, með því að fella brott orðin „málsgreina 29.05 og 29.06" og skjóta inn orðunum „málsgreina 29.04 og 29.05" í þeirra stað.

2.09. Málsgrein 30.11 í aðalsamningnum er hér með breytt þannig, að hún verði svohljóðandi í heild sinni:

„30.11. Meginregla sú, sem sett er fram í málsgrein 25.01, um að framleiðslugjald skuli greitt sumpart miðað við það magn af áli, sem skipað er út frá bræðslunni, og sumpart miðað við árlegan hagnað hjá ISAL, skal taka til hins endurskoðaða framleiðslugjalds á þann hátt, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um."

2.10. Málsgrein 33.01 í aðalsamningnum er hér með breytt með því að fella brott orðin „málsgreinum 29.06 og 29.07" í síðari málslið hennar og skjóta inn orðunum „málsgreinum 29.05 og 29.06" í þeirra stað.

3. gr.

Ráðstafanir varðandi fjármögnun ISALS

Á árinu 1985, miðað við hinn 1. október þess árs, hefur Alusuisse innt af hendi eiginfjárframlag til ISALs að fjárhæð jafnvirði 40,0 milljóna Bandaríkjadollara. Andvirði þessarar eiginfjáraukningar var notað til lækkunar á skuldum ISALs með greiðslu og yfirtöku á útistandandi lánum.

4. gr.

Gildi samnings þessa og gildistökudagur

4.01. Samningur þessi er gerður sem viðbótarsamningur við aðalsamninginn samkvæmt ákvæðum 51. gr. hans og skal talinn beinn hluti af aðalsamningnum, svo sem væri hann felldur inn í meginmál hans. Ákvæði aðalsamningsins taka ekki öðrum breytingum en þeim, sem gerðar eru í samningi þessum eða með honum, og halda að öðru leyti fullu gildi. Allar tilvísanir til aðalsamningsins, sem gerðar eru í fylgiskjölunum eða fylgisamningunum, eða hvers þeirra sem er, eða verða gerðar síðar, skulu taldar vera gerðar til aðalsamningsins eins og honum hefur verið breytt með samningi þessum, nema samhengi krefjist annars.

4.02. Þegar samningur þessi hefur verið undirritaður af aðilum og tilkynning verið gefin út svo sem mælt er í 51. gr. aðalsamningsins, skal samningur þessi, ásamt lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu og að fullnægðum öðrum löggjafaratriðum skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur") og hafa lagagildi á Íslandi svo sem kveðið verður á um í staðfestingarlögunum; en þó með þeim áskilnaði að hafi samningur þessi ekki öðlast gildi innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ríkisstjórnin og Alusuisse hafa undirritað hann, skal samningur þessi falla niður, ef ríkisstjórnin eða Alusuisse óskar þess, og ekki hafa neitt frekara gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse miðað við þann dag, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Albert Guðmundsson
iðnaðarráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LTD.

Dr. Bruno F. Sorato
aðalforstjóri

Dr. Dietrich N. Ernst
forstjóri

FOURTH AMENDMENT TO THE MASTER AGREEMENT BETWEEN THE GOVERNMENT OF ICELAND AND SWISS ALUMINIUM LTD.

AGREEMENT made as of the 11th day of November, 1985

between

THE GOVERNMENT OF ICELAND (hereinafter referred to as the "Government"), of the First Part,
b. Með því að hverfa í auknum mæli að sköttun á nettóhagnaði, en með nýjum eða breyttum aðferðum, svo sem með því að taka upp svonefnda heildarsköttun (unitary tax system), þar sem skattskyldar tekjur einstakra dótturfyrirtækja eða starfsdeilda fjölþjóðafyrirtækis eða stórfyrirtækis eins og Alusuisse eru ákvarðaðar sem hlutfall af heildarhagnaði fyrirtækisins, er svarar til hlutfallsins milli veltu þeirrar starfsdeildar af heildarveltu fyrirtækisins. Þessi aðferð hefur meðal annars verið reynd í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna, en er umdeild og óvíst um frekari útbreiðslu hennar. Meðal kosta hennar er, að hún dregur úr vandamálum við mat á verðlagningu í skiptum milli

skyldra aðila (transfer pricing), en meðal ókostanna er það, að horft er fram hjá sérstöðu af ýmsu tagi bæði hjá starfsdeildinni og því ríki, þar sem hún er starfandi. T.d. kann deildin að búa við háan eða lágan stofnkostnað, og ríki, þar sem náttúrleg atvinnuskilyrði eru hagstæð, kann að fá óeðlilega lágar skatttekjur í sinn hlut. Auk þess þarf helst að vera unnt að ná víðtækri samstöðu milli þjóða um skattlagningu af þessu tagi, ef hún á að takast.

c. Með því að taka upp gildandi skattakerfi á Íslandi.

Í umræðum kom fljótt í ljós, að ekki væru tök á að fara fyrstnefndu leiðina svo viðunandi væri. Töldu forsvarsmenn Alusuisse útilokað að leggja aukna fastaskatta á ÍSAL í teljandi mæli, meðal annars með tilliti til þess erfiða árferðis, sem væri í áliðnaðinum. Yrði sjónarmiðið fremur að vera á þá leið, að fyrirtækið greiddi skatta í hlutfalli við afkomu á hverjum tíma. Einnig er þess að gæta, að veltuskattar í nágrannalöndunum eru yfirleitt lægri en það lágmarksgjald, sem ÍSAL greiðir nú þegar.

Enn fremur kom í ljós, að ekki yrðu tök á að fella ÍSAL undir íslensk skattalög, eins og ástatt væri, og ýmsir erfiðleikar samfara þeirri ráðstöfun. Á hinn bóginn kæmi til greina að taka aukið tillit til reglna íslenskra skattalaga.

Að athuguðu máli varð niðurstaðan sú, að rétt væri að beina endurskoðuninni í þá átt að endurbæta núverandi skattkerfi ÍSAL með áherslu á að tryggja eðlilega skatta af hagnaði hjá fyrirtækinu á hverjum tíma. Í samræmi við þetta voru teknar upp viðræður um nýjar reglur varðandi skattmat á afurðum og hráefniskostnaði fyrirtækisins, er væru lykill að slíkum endurbótum, og um nýjan skattstiga á nettótekjur. Jafnframt var fjallað um fyrningarreglur, eiginfjárstöðu og endurmatsreglur, eins og fram kemur í greinargerð þessari.

Með samningi þeim, sem nú liggur fyrir, er lagður grundvöllur að traustri framkvæmd á skattamálum ÍSAL vegna núverandi álbræðslu og teknar upp nýjar reglur í því skyni, er verða munu til mikillar einföldunar og sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt munu þær draga stórlega úr líkum á deilum eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum.

Með samningnum er enn fremur lokið lausn þeirra mála, sem á dagskrá hafa verið varðandi núverandi álbræðslu í Straumsvík samkvæmt bráðabirgðasamningnum frá 1983. Umræðum um stækkun álversins verður haldið áfram, en ekki er tímabært að fjalla nánar um stöðu þeirra nú.

2. Um ákvæði fjórða viðauka við aðalsamninginn.

Hinn nýi fjórði viðauki við aðalsamninginn kemur í kjölfar hins þriðja viðauka, sem undirritaður var og staðfestur í nóvember 1984. Hann er í sama formi og fyrri viðaukar og felur í sér nánar tilgreindar breytingar á gildandi ákvæðum aðalsamningsins um framleiðslugjald af starfsemi álbræðslunnar. Þau ákvæði eru öll í VI. kafla aðalsamningsins, nánar tiltekið í 25.–29. grein, sem fjalla um núverandi framleiðslugjald, og 30. gr., sem fjallar um endurskoðun framleiðslugjaldsins við framlengingu samninga eftir 25 og 35 starfsár (1994 og 2004). Ákvæði 25.–29. gr. sættu verulegum breytingum með öðrum viðauka 1975 og voru þá umorðuð í heild, en ákvæði 30. gr. eru að mestu óbreytt frá 1966.

Í 31. gr. aðalsamningsins er fjallað um aðra skatta, er ÍSAL greiðir, en í 32. gr. eru ákvæði varðandi tvísköttun gagnvart Alusuisse og í 33. gr. eru almenn ákvæði um gjaldskyldu á grundvelli aðalsamningsins. Ekki var þörf á að breyta þessum greinum vegna endurskoðunar framleiðslugjaldsins, að frátalinni lítils háttar orðalagsbreytingu í 33. gr. Breytingarnar eru fyrst og fremst í 25.–27. gr., þar sem fjallað er um grundvöll núverandi framleiðslugjalds, og að nokkru leyti í 29. gr., sem fjallar um greiðslu- og uppgjörshætti. Hins vegar eru ákvæði í 30. gr., um endurskoðun framleiðslugjaldsins að liðnum upphaflegum samningstíma, efnislega óbreytt.

Þær textabreytingar á aðalsamningi, sem um er að ræða samkvæmt niðurstöðum viðræðnanna við Alusuisse, eru settar fram í 2. gr. fjórða viðauka. Í 3. gr. viðaukans er síðan staðfest, að Alusuisse hafi lagt fram jafnvirði USD 40 milljóna til fjármögnunar ÍSAL, eins og um var samið í viðræðunum, og er það meðal forsendna þess að nýjar fyrningarreglur voru samþykktar. Var gengið frá þessari eiginfjáraukningu miðað við 1. október 1985 og hún framkvæmd með greiðslu og yfirtöku á útistandandi lánum hjá ÍSAL.

Um formsatriði varðandi samningsgerðina er svo fjallað í 1. gr. viðaukans, þar sem rætt er um skilgreiningar, og í 4. gr., þar sem rætt er um gildistöku viðaukans, en hún er háð staðfestingu hans á Alþingi, eins og leitað er eftir með frumvarpi þessu.

Um þau ákvæði aðalsamningsins, sem breytt er með 2. gr. fjórða viðauka, er rétt að taka fram eftirfarandi:

a. Ákvæði um grundvöll og umfang framleiðslugjaldsins eru í 25. gr. aðalsamningsins. Segir í málsgr. 25.01, eins og verið hefur, að um sé að ræða eitt framleiðslugjald í stað annarra skatta samkvæmt íslenskum lögum. Verði gjaldið sumpart miðað við magn af framleiddu áli, en sumpart við árlegan nettóhagnað hjá ÍSAL.

   Hinum nýju skattareglum, sem um hefur verið samið, er ætlað að gilda frá og með 1. janúar 1985, og í málsgr. 25.02 er þess getið, hvernig framleiðslugjaldið var fyrir þann tíma. Felst ekki annað í þeirri málsgrein en tilvísun til eldri ákvæða.

b. Í málsgr. 25.03 er kveðið á um fjárhæð framleiðslugjaldsins miðað við magn frá og með þessum tíma, og er hún USD 20,00 á tonn, sem verður grunntaxti gjaldsins eins og verið hefur. Jafnframt er því slegið föstu, að framleiðslugjald samkvæmt grunntaxta af útskipuðu áli á tilteknu almanaksári skuli vera lágmarksframleiðslugjald vegna þess almanaksárs, en samsvarandi ákvæði var áður í a-lið málsgr. 27.01.

c. Í málsgr. 25.04 er síðan mælt fyrir um framleiðslugjald af nettóhagnaði ÍSAL fyrir hvert almanaksár. Er gjaldið reiknað sem hundraðshluti af nettóhagnaði umreiknuðum í Bandaríkjadollara eftir meðalgengi ársins (þ.e. meðaltalinu af því mánaðargengi, sem farið hefur verið eftir við færslu tekna og gjalda), samkvæmt eftirfarandi skattstiga:

Hagnaður	0 — 6,25	milljón USD	35%
Hagnaður	6,25 — 12,50	milljón USD	40%
Hagnaður	12,50 — 18,75	milljón USD	45%
Hagnaður	18,75 — 25,00	milljón USD	50%
Hagnaður	umfram 25,00	milljón USD	55%

   Framleiðslugjaldið af hagnaði er til viðbótar magngjaldinu með þeim hætti, að það greiðist að því leyti sem það er umfram lágmarksframleiðslugjald fyrir viðkomandi almanaksár. Hið síðarnefnda er þannig til frádráttar þeirri gjaldfjárhæð, sem reiknast eftir árið samkvæmt ofangreindum skattstiga, og sú fjárhæð eða lágmarksgjaldið, hvort sem hærra er, takmarkar endanlega fjárhæð framleiðslugjaldsins upp á við. Samsvarandi ákvæði um þetta síðastnefnda var áður í málsgr. 27.02.

d. Önnur ákvæði 25. gr. eru sama efnis og verið hefur, þannig að ákvæðin í síðari málslið 25.03 og í málsgr. 25.04 eru sameinuð í nýrri málsgr. 25.05, en fyrrverandi málsgr. 25.05 verður 25.06 og helst óbreytt. Þessi ákvæði vísa til reglna 30. gr. um endurskoðun gjaldsins eftir upphaflegan samningstíma.

e. Í 26. gr. verða ákvæðin um það heimsmarkaðsverð á áli, sem við á að styðjast í sambandi við framleiðslugjaldið. Koma þau í stað fyrri ákvæða um heimsmarkaðsverð í málsgr. 26.02, og verður unnt að byggja á þeim á sama hátt við útreikning á vörugjaldi í Straumsvíkurhöfn, þegar ÍSAL telst hafa lokið greiðslu á stofnkostnaði hafnarinnar (eftir 1. ágúst 1994). Á það ber að minna, að upphafleg grunnákvæði um heimsmarkaðsverð í 26. gr. urðu óvirk í nóvember 1984, þegar ALCAN hætti að birta listaverð sitt

fyrir Evrópumarkað, er áður var haft til viðmiðunar. Hefðu aðilar því þurft að taka upp viðræður um nýtt heimsmarkaðsverð skv. málsgr. 26.02, jafnvel þótt engin önnur endurskoðun hefði komið til.

Hið nýja heimsmarkaðsverð er sett fram í Bandaríkjacentum á pund af áli, eins og áður var, og styðst við ferna viðmiðun, þ.e. skráð verð í viðskiptum á London Metals Exchange (LME); skráð viðskipti um ál í Bandaríkjunum, samkvæmt birtingu í tímaritinu Metals Week U.S.A. (MW); verð samkvæmt alþjóðlegri verðvísitölu Pechiney, sem birt er í Metal Bulletin (PIP); og söluverð í viðskiptum Alusuisse við óháða aðila (ASIP). Eru hin tvö fyrrnefndu leiðbeinandi um verð á opnum markaði austanhafs og vestan, en hin síðarnefndu eru framleiðendaverð. Útreikning á heimsmarkaðsverði samkvæmt þessum verðtilgreiningum á að framkvæma ársfjórðungslega fyrir undanfarandi ársfjórðung.

Í málsgr. 26.02 er mælt fyrir um sannprófun á ASIP-verðinu, með svipuðum hætti og í málsgr. 14.03 í rafmagnssamningnum, og í málsgr. 26.03–26.04 eru ákvæði um hversu með skuli fara ef eitthvað brestur á þær upplýsingar, sem á þarf að halda við útreikninginn um hina ýmsu þætti heimsmarkaðsverðsins. Getur svo farið, ef bresturinn er alvarlegur, að ríkisstjórnin og Alusuisse þurfi að semja um nýjan eða breyttan viðmiðunargrundvöll og leggja ágreining um hann í úrskurð, ef samningar takast ekki. Eru ákvæðin um þetta hliðstæð fyrri ákvæðum í niðurlagi málsgr. 26.02 um brest á gildi hins fyrra heimsmarkaðsverðs frá ALCAN.

Ljóst er að með notkun ofangreindra verðtilgreininga fæst traust og hagkvæm viðmiðun við mat á verði áls frá Straumsvík með tilliti til framleiðslugjalds, miðað við þær aðstæður sem ríkt hafa í áliðnaði um nokkurt skeið. Hitt er og ljóst, að breyting getur orðið á aðstæðum, og með tilliti til þess er svo um samið að ákvæði málsgr. 26.01 um heimsmarkaðsverðið geti sætt endurskoðun á 5 ára fresti, samkvæmt hinni nýju málsgr. 27.07.

f. Í 27. gr. verða ákvæði um nettóhagnað ÍSAL og útreikning á honum með tilliti til framleiðslugjalds, og er hún umskrifuð í heild. Verður málsgr. 27.01 að uppistöðu til eins og gildandi grundvallarákvæði í málsgr. 27.03, en hinar eldri málsgr. 27.01–27.02 falla brott vegna nýrra ákvæða 25. gr. Síðan bætast við fjórar nýjar málsgreinar, þar sem fjallað er um hinar nýju reglur varðandi fyrningu eigna (27.02), ákvörðun súrálsverðs (27.03), ákvörðun rafskautaverðs (27.04) og verð á áli (27.05, sbr. málsgr. 26.01). Í málsgr. 27.07 koma svo ákvæðin um endurskoðun á efni þessara málsgreina á 5 ára fresti, en málsgr. 27.06 er til skýringar um gengisatriði.

g. Inngangskafli málsgr. 27.01 er óbreyttur frá því sem verið hefur síðan 1975 í málsgr. 27.03 (og þar áður í málsgr. 27.04), en þar er sett fram hin almenna regla um að útreikning á nettóhagnaði ÍSAL beri að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki á borð við ÍSAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila. Hinar nýju reglur um ákvörðun á álverði og hráefniskostnaði með tilliti til framleiðslugjalds eru ekki ætlaðar til að breyta þessari grundvallarreglu, heldur öllu fremur til að ná þeim markmiðum, sem í henni felast, og þannig til nánari framkvæmdar á henni. Kemur þetta meðal annars fram í málsgr. 27.07, þar sem áskilið er að nýjar eða breyttar reglur um þessi efni, sem til koma við endurskoðun samkvæmt þeirri málsgrein, þurfi að vera í samræmi við grundvallarregluna. Á hinn bóginn er það ekki ætlunin, að hin almenna regla verði tilefni til kröfu um endurskoðun hinna sérstöku viðmiðunarreglna oftar en á þeim 5 ára fresti, sem um ræðir í málsgr. 27.07, nema um annað yrði samið milli aðila, heldur gildi sérreglurnar í öllum tilvikum þess á milli.

h. Af stafliðum í málsgr. 27.01 eru b-liður (um tæknigjöld og sölulaun) og c-liður (um fjármagnskostnað) óbreyttir. Svo er einnig varðandi g-lið um framlög í varasjóð (sem áður var d-liður), nema hvað inn er þar skotið nýrri setningu þess efnis, að ÍSAL verði skylt að endurmeta framlögin í varasjóðinn frá ári til árs, eftir að þau eru í hann komin, eftir sömu reglum og félagið noti við endurmat á bókfærðum eignum skv. málsgr. 27.02 (þ.e. með viðmiðun við Bandaríkjadollar eða svissneskan franka).

A-liður um fyrningar er hins vegar breyttur vegna hinna nýju reglna um það efni, sem gilda eiga frá 1. janúar 1985. Eru þær settar fram í heild í málsgr. 27.02 og látið nægja í a-lið að vísa þangað. Einnig þótti óþarft að vísa til eldri reglna um fyrningu, sem gilda til og með 31. desember 1984 eins og þær voru samkvæmt fyrri samningsákvæðum. Stafliðir d, e og f eru svo nýir, og er þar á sama hátt tekin upp tilvísun til nýrra reglna um súrálsverð, rafskautaverð og álverð í hlutaðeigandi málsgreinum.

i. Í málsgr. 27.02 (a), (b) og (c) eru settar fram nýjar reglur um fyrningu hjá ÍSAL, og tekur hún til fastafjármuna fyrirtækisins. Í a-lið er mælt fyrir um fyrningu allra núverandi fastafjármuna, þ.e. venjulegs verksmiðjubúnaðar, sem fyrna átti á 15 árum frá gangsetningartíma hinna ýmsu áfanga bræðslunnar, og mengunarvarnabúnaðar, sem fyrna skyldi á 8 árum frá uppsetningartíma. Í stað þeirrar fyrningar, sem eftir var samkvæmt þessum reglum og tilheyrandi reglum um fyrningu á eignfærðum gengistöpum hjá félaginu, skal nú fyrna afgangsverðmæti fjármunanna á næstu 10 árum, út frá núverandi raunvirði þeirra, sem metið er til fjár eins og fram er tekið í a-lið. Hinn nýi fyrningartími er lengri en það sem eftir var af fyrri tíma (varðandi annað en gengistöp), og verður árleg fyrning því lægri næstu ár, en hærri þegar frá líður.

Fyrningarstofninn er og hærri en áður var, aðallega vegna þess að endurmat eigna hjá ÍSAL vegna verðlagsbreytinga var áður einskorðað við afleiðingar gengistaps á skuldum og tók ekki tillit til hækkunar á verðmæti þeirra eigna, sem fjármagnaðar voru með hlutafé. Þessi eldri tilhögun er gagnstæð því, sem nú gildir almennt hér á landi, einkum eftir tilkomu nýrra tekjuskattslaga árið 1978. Var samþykkt að bæta úr því með því að taka upp almenna reglu um endurmat allra fastafjármuna, eins og um getur hér á eftir. Þeirri ráðstöfun fylgir sú mikilvæga breyting, að gengistap á skuldum hefur ekki lengur áhrif á fyrningu hjá ÍSAL, heldur fer hún eingöngu eftir endurmati fastafjármunanna sjálfra.

Í b-lið málsgr. 27.02 eru settar reglur um fyrningu á nýjum fastafjármunum, en um hana voru ekki bein ákvæði í fyrri samningi. Er þar settur mismunandi fyrningartími eftir tegundum eigna, hinn sami og nú gildir samkvæmt íslenskum skattalögum. Þessar reglur b-liðar verður heimilt að endurskoða á 5 ára fresti skv. málsgr. 27.07.

Í c-lið er síðan gengisákvæði um fyrningar, þar sem mælt er um að þær skuli fara eftir meðalgengi hinnar erlendu myntar, sem fyrning er miðuð við, eins og fyrning væri færð til gjalda mánaðarlega. Er þetta eðlileg tilhögun.

j. Í stafliðum d, e og f eru settar nýjar reglur um endurmat á eignum ÍSAL með tilliti til verðlagsbreytinga. Um þetta voru ekki bein ákvæði í fyrri samningum, önnur en hin almenna regla um viðurkenndar bókhaldsreglur. Kom það ekki að sök í sambandi við veltufjármuni, en hins vegar var eignfærsla fastafjármuna í öðru fari en almennt er orðið hér á landi, eins og fyrr var á minnst. Var talið rétt að taka upp ákvæði, er heimila ÍSAL að endurmeta alla fastafjármuni eins og um ræðir í d-lið og fara í því efni eftir viðmiðun við erlenda mynt (svissneskan franka eða Bandaríkjadollar) í stað þess að styðjast við verðlagsvísitölu. Má ætla að félagið noti aðallega svissneskan franka, a.m.k. fyrst um sinn, meðal annars þar sem fjármögnun þess er meira í þeirri mynt og sala beinist að miklu leyti á Evrópumarkað. Sömu eign verður ávallt að meta eftir sömu mynt, eins og fram kemur í d-lið.

Ákvæði e-liðs um endurmat skulda og veltufjármuna eru í samræmi við það, sem tíðkast hefur hjá ÍSAL, og við stöðu þess sem útflutningsfyrirtækis með erlend hráefni.

Í f-lið kemur fram, að endurmetnar fjárhæðir færist í endurmatsreikning, er sé hluti af eigin fé ÍSAL, og hefur endurmat ekki áhrif á færslur í rekstrarreikningi nema að því leyti sem fyrning samkvæmt a- og b-lið er undir því komin. Gengistöp vegna skulda færast þannig ekki í rekstrarreikning, heldur í endurmatsreikning eingöngu, svo sem fyrr var getið.

k. Í málsgr. 27.03 er sett fram hin nýja regla um kostnað af súrálskaupum með tilliti til framleiðslugjalds, sem verið hefur eitt vandasamasta viðfangsefnið við mat á tekjum ÍSAL undanfarin ár. Er nú fengin föst viðmiðun um þetta til næstu 5 ára, þannig að súrál við hafnarbakka í Straumsvík kosti 12,50% af verði sömu þyngdar í álhleifum komnum á land í Rotterdam.

Vegna samninga um viðmiðunarverð á súráli til skatts var aflað upplýsinga um verð í viðskiptum óháðra aðila, auk þess sem viðamiklar upplýsingar um súrálsviðskipti lágu fyrir vegna endurskoðunar á ársreikningum ÍSAL fyrir árin 1980 til 1984 og vegna undirbúnings undir störf dómnefndanna er störfuðu á grundvelli bráðabirgðasamningsins við lausn á deilu um skattgreiðslur ÍSAL árin 1976—1980. Fram kom að algeng verðlagning á súráli að undanförnu í sölusamningum milli óskyldra aðila til lengri tíma var á bilinu 1:7.5 til 1:8.5. Samningar tókust um að miða verð á súráli til ÍSAL vegna skatts við verðhlutfallið 1:8. Tekinn var sá kostur að miða við cif-verð á súráli til að komast hjá deilum um flutningskostnað og aðra kostnaðarþætti á verði súráls til ÍSAL.

l. Í málsgr. 27.04 er á sama hátt sett fram hin nýja regla um mat á kostnaði af rafskautum til ÍSAL. Ekki voru tök á að semja þar um jafnákveðna viðmiðun og varðandi súrálið, meðal annars af því að rafskaut eru ekki markaðsvara í sama mæli og súrál. Er því eðlilegt að líta til kostnaðarverðs ekki síður en markaðsverðs, þegar meta skal gildi rafskauta í viðskiptum milli óháðra aðila. Hins vegar varð ljóst, að sala á rafskautum til þriðja aðila frá rafskautaverksmiðjum Alusuisse er orðin mikilvægur þáttur í starfsemi þessara verksmiðja, þannig að marktækt væri og hagfellt að styðjast við verð til þessara aðila sem hámark þess verðs, er setja megi upp gagnvart ÍSAL. Eru reglur málsgr. 27.02 á þessu byggðar, eins og fram kemur í a-lið hennar, og í liðum b og c eru nánari ákvæði um samanburð milli verðsins til ÍSAL og hinna þriðju aðila.

m. Í málsgr. 27.05 er mælt svo um að nota skuli hið umsamda heimsmarkaðsverð samkvæmt 26. gr. til að ákvarða söluverð á því áli, sem Alusuisse eða dótturfyrirtæki þess fá frá ÍSAL í kaupum eða vöruskiptum, með tilliti til framleiðslugjalds. Er þannig leyst úr vandasömu viðfangsefni, sem jafnframt skiptir miklu máli um afkomu ÍSAL, þar sem salan til Alusuisse er stærsti einstaki liðurinn í rekstrarreikningi fyrirtækisins. Eins og fram kemur í málsgreininni verða bruttótekjur af sölunni reiknaðar eftir heimsmarkaðsverði á afhendingartíma. Ber að leiðrétta verðið með tilliti til uppbóta eða afslátta á grundvelli málmgæða eða lögunar, þar sem tilefni er til slíks, og er ekki ástæða til að ætla að það úrlausnarefni sé verulegum vandkvæðum bundið. Sömuleiðis ber að taka tillit til þess, ef ÍSAL fær hærra verð en ella við sölu til fjarlægra staða.

n. Í málsgr. 27.07 eru síðan ákvæði um reglubundna endurskoðun á ákvæðum málsgreina 26.01 um heimsmarkaðsverð, 27.03 um súrál, 27.04 um rafskaut og 27.05 um álverð, svo og málsgreinar 27.02 (b) um fyrningu, þ.e. á 5 ára fresti frá 31. desember 1984 að telja. Er hvorum aðila um sig heimilt að krefjast þessarar endurskoðunar, ef breyting verður á aðstæðum, er hafi teljandi áhrif á hinar efnahagslegu forsendur, er liggja til grundvallar þessum ákvæðum. Er til þess ætlast að aðilarnir reyni að ná samkomulagi um breytt samningsákvæði í ljósi þeirrar breytingar á aðstæðum, sem um er að ræða, en takist það ekki, verði ágreiningur aðilanna lagður í úrskurð með hliðstæðum hætti og annar ágreiningur samkvæmt aðalsamningnum. Ætla verður, að breytingar á ákvæðum

málsgr. 27.03—27.05 mundu yfirleitt beinast að því að finna ný eða breytt viðmiðunarverð, en væntanlega gæti niðurstaðan einnig orðið í þá átt að hverfa frá beinu viðmiðunarverði, ef hinar breyttu aðstæður gæfu tilefni til slíks.

Málsgr. 27.07 er í svipuðu formi og 28. gr. rafmagnssamningsins milli Landsvirkjunar og ÍSAL, þar sem fjallað er um endurskoðun raforkuverðs. Hins vegar er nokkur efnismunur á greinunum, þar sem viðfangsefni þeirra eru ekki hin sömu að öllu leyti. Tilgangur málsgr. 27.07 er að tryggja sem eðlilegast skattmat á hagnaði ÍSAL, og það álitaefni, hvort verið sé að halla á annan aðilann fremur en hinn, á ekki við á sama hátt og við ákvörðun orkuverðs.

o. Engar breytingar verða á 28. gr. aðalsamningsins í sambandi við þá endurskoðun á framleiðslugjaldinu, sem fram hefur farið samkvæmt fjórða viðauka. Sú grein kveður einungis á um það, hvenær birgðasöfnun áls hjá ÍSAL nái því marki, að ástæða sé til að leggja gjald á umframbirgðir eins og álinu hefði þegar verið skipað út.

p. Í 29. grein aðalsamningsins verða ákvæði um greiðslu og uppgjör framleiðslugjaldsins, eins og verið hefur. Er hún nú umskrifuð í heild vegna þeirra formbreytinga um álagningu skattsins, sem fylgja hinum nýju ákvæðum í 25. gr., en beinar efnisbreytingar á henni eru mjög takmarkaðar.

Í málsgr. 29.01 og 29.02 er þannig aðeins um að ræða minni háttar orðalagsbreytingar. Á málsgr. 29.03 eru breytingarnar víðtækari, en eru þó fyrst og fremst til komnar fyrir þá sök, að ekki er lengur nauðsynlegt að láta ÍSAL skila sérstöku yfirliti um framleiðslugjald af útskipuðu áli annars vegar (áður svo skv. málsgr. 29.03, fyrir 1. febrúar) og síðan tekjuframtali samkvæmt endurreikningsskýrslu hins vegar (áður svo skv. málsgr. 29.05, eins og henni var breytt árið 1984, fyrir 1. júní, en þar áður voru samsvarandi ákvæði í málsgr. 29.06—29.07), heldur er unnt að sameina þessi gögn í einni framleiðsluskýrslu, þar sem fram kemur í senn yfirlit um framleiðslumagn og útskipun á undanfarandi ári og framleiðslugjald samkvæmt því, og skýrsla um nettóhagnað ÍSAL ásamt útreikningi á framleiðslugjaldi af honum. Jafnframt verður óþarft að senda ríkisstjórninni ársreikninga ÍSAL sérstaklega á undan framleiðslugjaldsskýrslunni, eins og áður var skv. málsgr. 29.04.

Hin fyrri ákvæði um þetta efni (málsgr. 29.03 og 29.04, fyrri málsliður 29.05 og fyrri málsliður 29.07) hafa því verið tekin saman og efni þeirra sett fram í einu lagi í málsgr. 29.03, eins og það á nú við. Samkvæmt henni á ÍSAL að leggja fram eina tæmandi framleiðslugjaldsskýrslu með upplýsingum um framleiðslu og hagnað ekki síðar en hinn 1. júní næsta árs á eftir árinu, sem skattur er goldinn fyrir, og sá 1. júní er jafnframt gjalddagi framleiðslugjalds af nettóhagnaði ársins.

Í málsgr. 29.04 koma síðan óbreytt ákvæði um að Alusuisse hafi byrðina af að sanna nettóhagnað ÍSAL fyrir viðkomandi ár (áður í síðari málslið 29.05), og í málsgr. 29.05 eru óbreytt ákvæði um endurskoðun af hálfu ríkisstjórnarinnar (áður í málsgr. 29.06). Í málsgr. 29.06 koma svo ákvæðin um hvenær endurskoðun skuli lokið (áður í síðari málsliðum 29.07), og verður nú miðað við 1. október sama árs (þ.e. næsta árs á eftir árinu, sem skattur er goldinn fyrir) í stað 1. september áður.

q. Í málsgr. 29.07 eru óbreytt ákvæði um greiðslu framleiðslugjalds í bandaríkjadollurum (áður 29.08), og í málsgr. 29.08 eru ákvæðin um skattinneign ÍSAL (áður málsgr. 29.09). Eru hin síðarnefndu óbreytt að öðru en því, að fjárhæð skattinneignarinnar er nú sett fram eins og hún varð hinn 30. nóvember 1984, þegar þriðji viðauki aðalsamningsins gekk í gildi og lækkun hennar samkvæmt sáttargerðarsamningi kom til framkvæmda. Jafnframt er bætt inn nýjum málslið þess efnis, að eftir 1. janúar 1985 skuli ekki nota nema helming af framleiðslugjaldi umfram lágmarksgjald til skuldajafnaðar við skattinneignina, eins og nú hefur verið um samið. Skuldajöfnuð skal nú miða

við 1. júní, með tilliti til hinnar umsömdu breytingar og til þess, að 1. febrúar verður ekki lengur sérstakur framtalsdagur í sambandi við framleiðslugjaldið.

r. Í fjórða viðauka eru loks ákvæði um nokkrar orðalagsbreytingar í 30. og 33. gr., þar sem tilvísanir í greinunum og orðalag í málsgr. 30.11 eru færð til samræmis við hina nýju skipan á framleiðslugjaldinu. Efnislega eru ákvæði 30. gr. hins vegar óbreytt. Er rétt að taka fram að endurskoðun samkvæmt þeim ákvæðum þarf ekki að hafa áhrif á endurskoðun samkvæmt málsgr. 27.07, né heldur hið gagnstæða, þar sem sú málsgrein fjallar um ákvörðun á nettóhagnaði, en ekki um framleiðslugjaldið sjálft.

3. Um áhrif 4. viðauka á arðsemi, hagnað og skattgreiðslur ÍSAL.

Vandasamt er að meta áhrif endurskoðunar aðalsamningsins á arðsemi, hagnað eða skattgreiðslur ÍSAL. Eigi að síður er ljóst, að ýmis ákvæði hins nýgerða samnings munu hafa áhrif á arðsemi og hagnað fyrirtækisins og þar með skattgreiðslur þess, þó svo að önnur atriði, svo sem rekstrarumhverfi fyrirtækisins, markaðsástand, þróun helstu kostnaðarliða og því um líkt, ráði þar úrslitum.

Þegar tillit er tekið til allra atriða hins nýgerða samnings er óhætt að fullyrða, að áhrif samningsins á rekstur fyrirtækisins verði þau að arðsemi fyrirtækisins muni aukast og þar með líkindin á hagnaði af rekstri. Um skattgreiðslur má fullyrða að þær verða aldrei minni en verið hefur, en líkindi eru til þess að þær muni aukast í framtíðinni umfram það sem verið hefði, þegar jafnvægi kemst á álmarkaði í heiminum.

Í sjálfu sér ættu hin nýju ákvæði varðandi útreikninga á söluverði á áli og verðlagningu á rafskautum og súráli ekki að hafa áhrif á arðsemi fyrirtækisins, því hér er um það að ræða að aðilar hafa komið sér saman um þrengri skilgreiningu á verðlagningu í viðskiptum á milli óháðra aðila. Þó er ekki óeðlilegt að álykta, að með ákvæðunum um endurskoðun á viðmiðunarstærðum á 5 ára fresti og því, að samið hefur verið um þessar viðmiðanir við íslensk stjórnvöld, þá sé líklegt að í heild muni hin nýju ákvæði hafa áhrif til aukinnar arðsemi. Um einstök tilvik má benda á eftirfarandi:

Að því er varðar tekjur af sölu á áli til Alusuisse og dótturfyrirtækja þess verður nú tekjufært á verði sem er samsett bæði af frjálsum, opinberum markaðsverðum í Bandaríkjunum og annars staðar, auk verða sem gefin eru upp og skráð af framleiðendum. Þessi breyting mun hafa í för með sér að reiknaðar sölutekjur verða óháðar innanfélagsverði hjá Alusuisse, en ein afleiðing verður væntanlega að fram kemur mismunur miðað við fyrri tíð, þannig að þegar verð á álmörkuðum fer hækkandi verða reiknaðar sölutekjur samkvæmt samningnum hærri en ella hefði orðið, en dæmið snýst við þegar verðlag fer lækkandi á mörkuðum. Þetta byggist á því að slík reikniverð framleiðenda breytast yfirleitt síðar en verðin á hinum frjálsa markaði. Gerður hefur verið samanburður á sölutekjum samkvæmt hinni nýju formúlu og raunverulegum sölutekjum fyrir árin 1983 og 1984. Þar sýnir sig að fyrir árið 1983 hefðu komið út hærri tekjur, en árið 1984 lægri, og er það í samræmi við markaðsþróunina, því álverð var á uppleið á árinu 1983 en fór lækkandi allt árið 1984. Nettóhækkun samkvæmt hinni nýju formúlu fyrir þessi tvö ár hefði orðið um 130 millj. kr. Varðandi verð á rafskautum verður ekki fullyrt, að reglurnar hafi í för með sér breytingu á arðsemi, þar sem þær leiða til svipaðrar niðurstöðu og verið hefur í rekstri ÍSAL undanfarin þrjú ár. Verðið frá Alusuisse til ÍSAL hefur staðist samanburð við rafskautaverð til þriðja aðila, og endurskoðendur ríkisstjórnarinnar hafa í auknum mæli tekið tillit til þeirra við mat á seilingarverði. Er það ein af ástæðunum til þess, að unnt þykir að hafa þau til viðmiðunar á næstunni. Um súrál má hins vegar ætla, að reglurnar auki arðsemi hjá ÍSAL. Með þeim er gerður beinn samningur um hagstætt vöruskiptahlutfall miðað við súrálsviðskipti milli óháðra aðila með súrál, en um það er nánar fjallað annars staðar í greinargerðinni.

Breyttur fyrningargrunnur og aukið eigið fé.

Í hinum nýju samningum felast verulegar breytingar á reglum varðandi fyrningar á fastafjármunum ÍSAL, og eru þær aðlagaðar þeim kjörum sem um íslensk fyrirtæki gilda. Að vísu verður uppfærsla á fastafjármunum ÍSAL ekki miðuð við vísitölu eins og hjá öðrum fyrirtækjum, heldur er uppfærsla á fjármunum miðuð við gengi, annaðhvort Bandaríkjadals eða svissneska frankans. Jafnframt er leiðrétt misræmi í mati á fastafjármunum sem myndast hefur á undanförnum árum vegna þeirrar aðferðar sem viðhöfð hefur verið um uppfærslu fastafjármunanna. Hækkun fyrningarstofnsins með tilliti til þessa nemur 25 millj. Bandaríkjadollara og er gerð með hliðsjón af sérstöku mati sem virt bandarískt fyrirtæki á þessu sviði, American Appraisal Inc., hefur framkvæmt, þannig að afskrifanlegir fastafjármunir ÍSAL eru nú taldir vera 89 millj. Bandaríkjadollara í stað andvirðis 64 millj. Bandaríkjadollara áður. Bókfært verðmæti fastafjármuna ÍSAL í reikningum fyrirtækisins er hins vegar hærra en þetta, eða 105 millj. Bandaríkjadollara, en sá mismunur verður ekki afskrifaður gagnvart skatti.

Gengistöp af lánum, sem áður komu til hækkunar fastafjármuna, verða nú ekki færð til frádráttar á rekstrarreikningi, heldur koma beint inn á gengismunarreikning, sem færður verður með eigin fé á efnahagsreikningi, þannig að sá frádráttur sem fyrirtækið gat nýtt sér með gengistöpum af háum erlendum lánum, án tillits til afskriftatíma fastafjármuna, mun hverfa af rekstrarreikningi. Fyrningar af nýrri fjárfestingu verða síðan í beinu samræmi við núgildandi fyrningarreglur í íslenskum skattalögum, sem er eðlileg ráðstöfun.

Þegar meta skal áhrif breyttra fyrningarreglna og hækkunar á mati fastafjármuna á arðsemi og skattgreiðslur fyrirtækisins verður erfitt um vik, vegna þess að þróun ytri skilyrða, árferði og afkomusveiflur í áliðnaði munu þar hafa úrslitaáhrif, en hér skal fullyrt að mæling á arðsemi og skattgreiðslur félagsins munu í framtíðinni verða meira í samræmi við það sem gerist um íslensk fyrirtæki.

Öðru máli gegnir aftur um áhrif þeirrar aukningar á eigin fé sem fram fer í tengslum við hina nýju samninga. Breyting skulda í eigið fé að jafngildi 40 millj. Bandaríkjadollara bætir verulega eiginfjárstöðu fyrirtækisins og hefur í för með sér mikinn vaxtasparnað í rekstri. Miðað við núverandi markaðsvexti í Bandaríkjunum er varlega áætlað að hinn beini sparnaður í vaxtagjöldum nemi um 4 millj. Bandaríkjadollara á ári sem afkoma fyrirtækisins batnar, og það mun að sjálfsögðu hafa áhrif á skattgreiðslur í meðalárferði.

Breytt ákvæði um varasjóð og endurgreiðslu skattinneignar.

Hin breyttu ákvæði um varasjóð og endurgreiðslu á skattinneign hafa ekki nein áhrif á arðsemi eða hagnað fyrirtækisins. Hins vegar koma til bein áhrif á skattgreiðslur. Annars vegar mun Alusuisse ávallt, þegar til greiðslu umfram lágmarksskatt kemur, greiða helminginn af viðbótargreiðslunni í reiðufé en aðeins helmingur reiknast á móti skattinneigninni. Þetta atriði er meðal annars hagstætt að því leyti að vextir af skattinneigninni eru með því besta sem gerist á markaðinum, þannig að ríkissjóði er hagur að því að fá greiðslur sem geta runnið til dæmis upp í önnur lán sem bera óhagkvæmari vexti. Sama máli gegnir um varasjóðinn. Fyrirtækið hefur að vísu fram til þessa dags ekki notfært sér þau ákvæði sem í samningum aðila hafa verið um varasjóðstillag, en ef þau verða notuð í framtíðinni mun það óskattlagða eigið fé fyrirtækisins sem þannig myndast verða verðtryggt með gengisviðmiðun, þannig að hinn óskattlagði hluti eigin fjárins mun ekki minnka með verðbólgu heldur haldast, og þar af leiðir að hærri skatttekjur munu fást ef þessi varasjóður verður leystur upp einhvern tíma í framtíðinni.

Breyttur skattstigi.

Ekki náðist samkomulag um hækkun lágmarksskatts. Aftur á móti er gerð veigamikil breyting á skattstiganum þar sem horfið er frá breytilegum tonnataxta miðað við álverð, þó með ákvæði um 35% lágmark og 55% hámark af hagnaði, en í staðinn tekin upp hrein hagnaðarviðmiðun um viðbótarframleiðslugjald umfram 20 USD lágmarksgjald.

Athugun sem gerð var á líklegum framleiðslugjaldstekjum miðað við hinn breytilega tonnataxta samkvæmt fyrri samningi sýndi að yfirleitt myndi viðbótargjaldið ákvarðast af ákvæðinu um lágmark 35% af hagnaði. Þessi niðurstaða byggðist í meginatriðum á tvennu: Annars vegar verðbólguþróun og breytingum á markaðsverði á áli og aðföngum áliðnaðar, hins vegar að tonnataxtinn sem um var samið hækkaði ekki í beinu hlutfalli af hækkun álverðs, heldur fór það hlutfall lækkandi niður í 60% af hækkun álverðs þegar það var orðið 70 sent á pund og þar fyrir ofan.

Með hinum nýju ákvæðum breytist lágmarksgjaldið ekki og skattstiginn byrjar í 35% af hagnaði en getur farið allt upp í 55% af hagnaði ef afkoma fyrirtækisins verður mjög góð á einhverju tilteknu ári. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að fyrirtækið hefur ekki heimild til þess að færa tap á milli ára, eins og önnur fyrirtæki hér á landi.

Niðurstaðan af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi geta ekki lækkað, en ef afkoma fyrirtækisins batnar með bata í áliðnaðinum, þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi. Þessa niðurstöðu má lesa af eftirfarandi samanburði, en við þennan útreikning hefur í báðum tilvikum verið gert ráð fyrir að fyrirtækið notfæri sér rétt til að leggja 20% af hagnaði í varasjóð. Með tilvísun til ofangreindra athugana eru skattgreiðslur samkvæmt núgildandi samningi miðaðar við 35% ákvæðin í samanburðinum.

Samanburður skattgreiðslna Íslenska álfélagsins hf. við mismunandi hagnað.

Hagnaður[1])	Núgildandi samningur	Nýtt samkomulag
(Milljónir USD)	(Milljónir USD)	(Milljónir USD)
2,5	1,7	1,7
5,0	1,7	1,7
7,5	2,1	2,1
10,0	2,8	2,9
12,5	3,5	3,7
15,0	4,2	4,5
17,5	4,9	5,4
20,0	5,6	6,3
22,5	6,3	7,2
25,0	7,0	8,1
27,5	7,7	9,1
30,0	8,4	10,1

1) Miðað er við 85 000 tonna ársframleiðslu.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um jöfnun orkukostnaðar.

Flm.: Guðmundur Búason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera tillögur sem miði að því að jafna orkukostnað landsmanna hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Tillögurnar skulu lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Í kjölfar olíukreppunnar á síðasta áratug hvöttu stjórnvöld mjög til þess að leitað yrði innlendra orkugjafa til húshitunar, fyrst og fremst með borun eftir heitu vatni en annars með notkun raforku þar sem heitt vatn fyndist ekki. Tilgangurinn var sá að spara dýrmætan gjaldeyri og einnig að ná fram jöfnuði meðal landsmanna á þessu sviði. Hið fyrrnefnda hefur náðst og er nú mikill meiri hluti húsnæðis landsmanna hitaður með orku frá innlendum orkugjöfum. Því síðarnefnda, jöfnuði meðal landsmanna, hefur hins vegar mistekist að ná og má ætla að mismunur á húshitunarkostnaði geti verið allt að fjórfaldur sé einungis miðað við stærri orkuveiturnar. Þrátt fyrir þetta háa orkuverð er staðreyndin sú að þær hitaveitur, sem eru verst settar fjárhagslega og jafnframt yfirleitt þær dýrustu, þyrftu að hækka gjaldskrár sínar verulega eigi þær að hafa einhverja möguleika á að komast yfir erfiðleikana.

Vandi þessara veitna, sem eiga það sameiginlegt að hafa verið byggðar upp á síðustu árum, stafar fyrst og fremst af óðaverðbólgu og gengisfalli krónunnar vegna þess að þær eru að stórum hluta byggðar fyrir erlent lánsfé. Þarna hefur því skapast algjörlega óviðunandi ástand sem enginn gat þó séð fyrir.

Hjá þeim, sem enn hita hús sín með olíu eða rafmagni, er ástandið svipað, þ.e. að kostnaðurinn er margfaldur miðað við ódýrustu veiturnar.

Að því er varðar aðra raforkunotkun einstaklinga og atvinnufyrirtækja er mismunurinn einnig mjög verulegur milli landsvæða.

Á síðustu árum hefur orðið veruleg búseturöskun í landinu og má hiklaust telja að enginn einn þáttur valdi þar meiru um en ójafn orkukostnaður. Því er nauðsynlegt að nú þegar verði kannaðar allar hugsanlegar leiðir til að jafna þennan mun.

Sþ. 150. Fyrirspurn [136. mál]

til iðnaðarráðherra um launagreiðslur Íslenska álfélagsins hf.

Frá Geir Gunnarssyni.

Hve miklum fjárhæðum nema launagreiðslur til íslenskra aðila í rekstri Íslenska álfélagsins hf. í dollurum á hverju einstöku ári á tímabilinu 1970—1984 að báðum meðtöldum:

1. launagreiðslur í heild á hverju ári,
2. meðaltímalaun á hverju ári,
3. meðalheildarlaun á hvern starfsmann á hverju ári,
4. launagreiðslur miðað við hvert framleitt tonn af áli á hverju ári,
5. launagreiðslur sem hlutfall af heildarkostnaði á hverju ári?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 151. Fyrirspurn [137. mál]

til sjávarútvegsráðherra um hugsanlega úrsögn Íslands úr alþjóðahvalveiðiráðinu.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hefur ríkisstjórnin rætt þann möguleika að Ísland segi sig úr alþjóðahvalveiðiráðinu og beiti sér ásamt öðrum fyrir því að komið verði á fót nýrri alþjóðastofnun á þessu sviði?

Sþ. 152. Fyrirspurn [138. mál]

til menntamálaráðherra um aðgang skóla að náms- og kennslugögnum í öllum fræðsluumdæmum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvað líður framkvæmd könnunar á því hvernig hagkvæmast sé að auðvelda skólum aðgang að námsgögnum, kennslutækjum og hjálpargögnum í öllum fræðsluumdæmum, sbr. ályktun Alþingis frá 13. júní s.l.?

Sþ. 153. Fyrirspurn [139. mál]

til utanríkisráðherra um hvenær og hvernig ákvarðanir voru teknar um að veita hollensku herliði aðstöðu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hvenær barst beiðni frá hollenskum stjórnvöldum um að veita hollenskri kafbátaleitarsveit — áhöfn, viðgerðarliði og Orion P-3 flugvél — varanlega aðstöðu á Keflavíkurflugvelli?
2. Hve oft var þessi beiðni rædd á fundum ríkisstjórnarinnar og hvenær samþykkti ríkisstjórnin formlega þessa beiðni?
3. Var beiðni Hollendinga kynnt utanríkismálanefnd
   a. áður en ákvörðun var tekin,
   b. áður en hollenska hersveitin kom til landsins?
4. Telur utanríkisráðherra að hann hafi formlega heimild til að ákveða einn — án samþykkis (a) ríkisstjórnar, (b) utanríkismálanefndar Alþingis eða (c) Alþingis — breytingar á samsetningu herliðsins á Keflavíkurflugvelli, t.d. að utanríkisráðherra geti án samþykkis Alþingis veitt portúgölskum, ítölskum eða tyrkneskum hersveitum varanlega aðstöðu á Íslandi?

Sþ. 154. Fyrirspurn [140. mál]

til utanríkisráðherra um greiðslu kostnaðar vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Íslandi og réttarstöðu hollenskra hermanna á Íslandi.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hver greiðir fæðis- og húsnæðiskostnað vegna dvalar hollenskrar hersveitar á Keflavíkurflugvelli og hver tekur við þeim greiðslum?
2. Hver greiðir eldsneytiskostnað vegna hollenskrar Orion P-3 flugvélar og kostnað við þær viðgerðir sem fram fara á henni hér á landi og hver tekur við þeim greiðslum?
3. Hafa hollenskir hermenn á Keflavíkurflugvelli rétt til að nota alla aðstöðu, t.d. verslanir, skemmtistaði og þjónustustöðvar, sem Bandaríkjamenn hafa komið upp og reka á Íslandi fyrir bandaríska hermenn?
4. Þar eð 12. gr. viðbætis við samning Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951 gildir ekki um hollensku hersveitina sem hér hefur fengið aðstöðu, hvernig verður farið með:
   a. kröfur um skaðabætur vegna tjóns á eignum, lífi eða limum manna;
   b. dómsmál og kærur sem kunna að rísa vegna samskipta íslenskra borgara og hollenskra hermanna?
5. Hvort hafa bandarísk eða hollensk hernaðaryfirvöld lögsögu yfir hollensku hermönnunum og eftirlit með þeim og hvort gilda hollensk eða bandarísk herlög þegar um er að ræða ákvæði í öðrum greinum samnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951?
6. Ber að skilja tilvísun til 11. gr. viðbætis við samning Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951, sem fram kom í fréttatilkynningu utanríkisráðuneytisins 19. júlí 1985, á þann veg að Bandaríkin séu fulltrúar Hollendinga gagnvart Íslendingum eða á „Holland“ að koma í stað „Bandaríkjanna“ í 1.—10. gr. samningsins þannig að í reynd sé búið að gera hliðstæðan „varnarsamning á milli Íslands og Hollands“ þegar fjallað er um réttindi og skyldur hinna hollensku hermanna?

Sþ. 155. Fyrirspurn [141. mál]

til utanríkisráðherra um röksemdir Hollendinga og Íslendinga þegar ákveðið var að veita aðstöðu fyrir hollenska hersveit á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni.

1. Hvernig rökstuddu Hollendingar beiðni sína um aðstöðu fyrir hersveit á Keflavíkurflugvelli, t.d. hernaðarlega eða fjárhagslega?
2. Hvaða röksemdir, sem snerta hagsmuni Íslands sérstaklega, vógu þyngst þegar ákveðið var að samþykkja beiðni Hollendinganna?

Nd. 156. Frumvarp til laga [142. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Ellert B. Schram, Guðmundur Einarsson, Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

12. gr. laganna hljóði svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga og að binda það skilyrðum, m.a. um að veitingahúsin hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði, að leyfið nái einungis til veitinga léttra vína og um afgreiðslutíma.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Vínveitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir sveitarsjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati sveitarstjórnar.

Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt.

Sveitarstjórn ákveður hvernig hagað skuli eftirliti með þeim veitingahúsum sem vínveitingaleyfi hafa og er heimilt að endurkrefja veitingahús um kostnað við eftirlitið.

Nánari almenn fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um álagningu og lögreglueftirlit með veitingahúsum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

Sveitarstjórn ákveður gjald fyrir vínveitingaleyfi sem rennur í sveitarsjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með þeirri breytingu á áfengislögum, sem hér er gerð tillaga um, er ákvörðunarvald um vínveitingaleyfi lagt í hendur sveitarstjórna í stað dómsmálaráðherra.

Lagt er til að sveitarstjórnir veiti slík leyfi og geti bundið þau skilyrðum. Þá er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir ákveði gjald fyrir vínveitingaleyfi sem renni í sveitarsjóð á sama hátt og ýmis önnur leyfisgjöld sveitarfélaga, t.d. kvöldsöluleyfi.

Hér er um að ræða ákvarðanir sem eðlilegra er að taka í einstökum sveitarstjórnum í samræmi við hugmyndir um valddreifingu sem nú eru ríkjandi hér á landi. Sveitarstjórnirnar standa nær hinum almenna borgara en ráðherra sem oft á tíðum er ókunnugur staðháttum. Þó að lagt sé til að ákvörðunarvaldið sé falið sveitarstjórnum geta þær að sjálfsögðu leitað álits kjósenda í almennri atkvæðagreiðslu.

Lagt er til að svokölluð matsnefnd veitingahúsa hætti störfum enda óþörf eftir að matið er lagt í hendur sveitarstjórnanna.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar.

Greinargerð.

Yfir 50 íslensk börn eru nú í landinu sem getin hafa verið með tæknifrjóvgun, langflest með sæði óþekktra manna. Tæknifrjóvgun er nú framkvæmd á kvennadeild Landspítalans og hefur Jón Hilmar Alfreðsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, umsjón þessara aðgerða með höndum.

Það mun hafa verið árið 1979 að ákveðið var að hefja þessar aðgerðir hér á landi og veitti þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra leyfi til þess og féllst á að þær yrðu greiddar af sjúkrasamlagi á sama hátt og aðrar læknisaðgerðir. Fram til þess tíma höfðu konur farið til þessara aðgerða erlendis.

Sú vinnuregla hefur verið viðhöfð til þessa að aðgerðin er einungis gerð á konum í hjónabandi og með skriflegu samþykki eiginmanns. Ástæðan fyrir því er sú að samkvæmt íslenskum lögum er eiginmaður konu faðir barns hennar nema það sé vefengt og annað sannað. Sú spurning hlýtur hins vegar að vakna hver réttarstaða aðila sé ef til vefengingar kæmi, t.d. við skilnað hjóna eða í erfðamáli. Á það hefur ekki reynt og engin lög eða reglugerðir eru til í landinu sem kveða skýrt á um hana. Er ekki síst ástæða til að huga að réttarstöðu aðila þegar sæðisgjafi er ókunnur eða að eigin mati óskuldbundinn.

Í tillögu þessari er ekki gert ráð fyrir að fjallað verði um aðra þætti málsins en þá er lúta að réttaráhrifum. Vísast má deila um alla aðra þætti þess, svo sem hinn siðfræðilega, trúarlega eða félagslega. En um það verður ekki deilt að þau liðlega 50 börn, sem nú lifa í landinu, og foreldrar þeirra eiga rétt á að réttarstaða þeirra verði ákveðin. Mikilvægt er að stjórnvöld sjái svo til áður en til ágreiningsmála kynni að koma. Þau áhrif, sem slíkur ágreiningur hefði á börn eða unglinga ef þau yrðu bitbein í svo viðkvæmu máli sem er upphaf lífs þeirra sjálfra, gætu haft í för með sér óbætanlegan skaða. Og hið sama á við um alla aðra aðila sem málið er skylt.

Tillaga um skipun nefndarinnar ætti að vera auðskiljanleg. Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir að fjallað verði um réttaráhrif og réttarstöðu og því ekki óeðlilegt að a.m.k. tveir nefndarmenn séu löglærðir. Sjálfsagt verður að telja að sérfræðingur í kvensjúkdómum og

fæðingarhjálp eigi sæti í nefndinni og einnig fulltrúi Barnaverndarráðs Íslands þar sem ráðið fjallar einmitt um viðkvæm fjölskyldumál. Æskilegt er eðli málsins vegna að bæði konur og karlar taki sæti í nefndinni.

Tæknifrjóvgun og afleiðingar hennar hafa verið mikið ræddar um allan heim á síðustu árum. Fyrir Norðurlandaráði liggur nú tillaga um að norræn þjóðþing leitist við að samræma sem unnt er löggjöf um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Í Svíþjóð hafa þegar verið sett lög sem kveða m.a. svo á að eiginmaður eða sambýlismaður, sem samþykkt hefur tæknifrjóvgun konu sinnar, getur ekki vefengt faðerni það sem hann hefur tekið ábyrgð á. Í Danmörku hafa menn ekki talið nauðsynlegt að setja lög heldur telur danska dómsmálaráðuneytið reglugerð nægjanlega, en í Finnlandi telja menn löggjöf nauðsynlega. Í norsku nefndinni, sem fjallaði um málið, er enn ágreiningur um hvort setja skuli lög eða ekki. Þá hefur verið unnið að drögum að samræmdri löggjöf á vegum Evrópuráðsins.

Þess var áður getið að einungis giftar konur komi til greina þegar um tæknifrjóvgun er að ræða hér á landi. Það orkar tvímælis vegna þess að konum er ekki skylt að feðra börn sín samkvæmt íslenskum lögum. Eðlilegt væri að nefndin tæki þann þátt til athugunar.

Við gerð tillögunnar hefur verið haft samráð við Jón Hilmar Alfreðsson lækni, og þess má geta að Jón Höskuldsson lögfræðingur skrifaði árið 1984 kandídatsritgerð við Háskóla Íslands um tæknifrjóvgun.

Á okkar dögum fleygir þekkingu mannkynsins ört fram, ekki síst á sviði líffræði og læknavísinda. Margt af þessari þekkingu getur orðið til þess að auka hamingju manna sé henni beitt af skynsamlegu viti. En það er bráðnauðsynlegt að löggjafarvaldið fylgist náið með því sem er að gerast, reyni að gera sér grein fyrir því hvernig ný tækni grípur inn í líf einstaklinga og setji reglur um það hvernig hún megi best verða þeim til farsældar. Það verður aðeins sé maðurinn fær um að sjá afleiðingar tækninnar fyrir og stýra henni.

Sþ. 158. Fyrirspurn [144. mál]

til fjármálaráðherra um utanlandsferðir þingmanna, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna.

Frá Kristínu S. Kvaran.

Hver er kostnaður við utanlandsferðir:
1. alþingismanna,
2. ráðherra,
3. starfsmanna ráðuneyta

frá 26. maí 1983 til 20. nóv. 1985?

Svör óskast sundurliðuð eftir einstökum ferðum, getið sé tilefnis ferðalagsins, nafna þeirra sem fóru utan og hve lengi ferðin stóð.

Einnig óskast kostnaður við hverja ferð sundurliðaður í ferðakostnað og dvalarkostnað.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 159. Frumvarp til laga [145. mál]

um stjórn fiskveiða 1986—1987.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal sjávarútvegsráðherra, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða með reglugerð þann afla, sem veiða má úr helstu botnfisktegundum við Ísland á komandi ári og skulu heimildir til botnfiskveiða samkvæmt lögum þessum miðast við það magn. Ráðherra er heimilt innan ársins að hækka eða lækka aflamark, sem ákveðið er samkvæmt þessari málsgrein, enda sé sú ákvörðun tekin fyrir 15. apríl.

Ráðherra er og heimilt að ákveða þann afla sem veiða má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra við Ísland á ákveðnu tímabili eða vertíð og skulu veiðileyfi, sem veitt eru skv. 11. gr. miðast við það magn.

2. gr.

Enginn má stunda eftirtaldar veiðar nema að fengnum sérstökum leyfum: botnfiskveiðar, rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar, síldveiðar og loðnuveiðar. Í reglugerð má ákveða að aðrar veiðar en framangreindar skuli leyfisbundnar. Binda má úthlutun leyfa og leyfin sjálf skilyrðum, m. a. að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni gerð eða stærð eða skip er hafa áður stundað tilteknar veiðar; enn fremur má setja skilyrði um útbúnað veiðarfæra, veiðisvæði, veiðitíma og meðferð afla.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa samkv. 2. gr. koma til greina þau skip sem leyfi fengu til veiða á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, enn fremur ný og nýkeypt skip hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri.

4. gr.

Leyfi til botnfiskveiða eru tvenns konar:

A. Botnfiskleyfi með aflamarki, þ. e. heimild til þess að veiða tilgreint magn af ákveðnum botnfisktegundum.
B. Botnfiskleyfi með sóknarmarki, þ. e. heimild til þess að stunda botnfiskveiðar í ákveðinn dagafjölda, þó með takmörkunum á þorskafla.

Þeir, sem gera út veiðiskip 10 brl. og stærri, skulu árlega velja fyrir þau tímamörk, sem ráðherra auglýsir, milli botnfiskleyfis með aflamarki og botnfiskleyfis með sóknarmarki. Hafi útgerðaraðili ekki valið í milli fyrir auglýst tímamörk, skal skipi úthlutað botnfiskleyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr.

Geti skip, sem fengið hefur leyfi með sóknarmarki, vegna óviðráðanlegra atvika ekki nýtt sóknardaga í fjóra mánuði samfellt eða lengur er heimilt að úthluta því botnfiskleyfi með því aflamarki sem það hefði fengið í upphafi árs hefði það valið þann kost.

Ráðherra getur ákveðið að fiskur undir ákveðinni stærð eða fiskur, sem veiðist í ákveðin veiðarfæri, skuli ekki talinn með í aflamarki eða sóknarmarki fiskiskips. Þá getur ráðherra ákveðið að afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með 10% álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki eða þorskaflahámarki skips er náð hverju sinni.

Missi skip veiðileyfi skv. 11. eða 19. gr. eða fái skip slíkt leyfi má endurskoða afla- eða sóknarmark þess með hliðsjón af væntanlegum tekjumissi eða tekjuauka vegna afla þess af sérveiðunum. Sama gildir séu fyrirsjáanlegar verulegar breytingar í aflatekjum af sérveiðum milli ára.

5. gr.

Við úthlutun aflamarks samkvæmt 4. gr. skal leggja til grundvallar úthlutun fyrir árið 1985 eins og hún var ákveðin samkvæmt reglugerð nr. 1 8. janúar 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, þó með hlutfallslegum breytingum sem leiðir af breyttu heildaraflamarki milli ára, sbr. 1. gr., að teknu tilliti til ákvæða 7. og 10. gr.

6. gr.

Við ákvörðun sóknarmarks skal m. a. hafa hliðsjón af úthlutun fyrir árið 1985 og afla sóknarmarksbáta það ár. Ráðherra getur með reglugerð sett frekari reglur varðandi sóknardagafjölda, skiptingu þeirra á tímabil, flokka skipa, þorskaflahámark, veiðisvæði o. fl.

7. gr.

Við ákvörðun aflamarks og þorskaflahámarks 1986 fyrir fiskiskip þau sem stunduðu botnfiskveiðar með sóknarmarki 1985 gilda eftirfarandi reglur:

A. Aflamark af einstökum fisktegundum skal ákveðið þannig að afli þeirra á árinu 1985 vegi þriðjung en reiknað aflamark þeirra fyrir árið 1985 tvo þriðju.
B. Þorskaflahámark skal ákveðið þannig að það sé, hvort sem hærra reynist, meðalþorskaflamark báta í hverjum flokki, stærð og veiðisvæði með 20% álagi, eða reiknað þorskaflamark viðkomandi skips samkvæmt lið A með 20% álagi.

Við úthlutun botnfiskveiðileyfa fyrir árið 1987 skal endurmeta aflamark og þorskaflahámark þeirra fiskiskipa, sem botnfiskleyfi hafa með sóknarmarki árið 1986, með sama hætti og að ofan greinir, þó þannig að afli árið 1986 vegi helming við ákvörðun aflamarks eða þorskaflahámarks og vægi aflamarks á fyrra ári, sbr. og 5. gr., minnki að sama skapi.

Til afla samkvæmt ofansögðu telst hvorki afli sem fluttur hefur verið milli ára eða skipa, sbr. 8. og 12. gr., né heldur afli umfram leyfileg aflamörk.

8. gr.

Heimilt er að veiða umfram úthlutað aflamark af tiltekinni fisktegund allt að 10% af heildarverðmæti aflaúthlutunar, enda skerðist aflamark á öðrum tegundum hlutfallslega miðað við verðmæti samkvæmt gildandi fiskverði í upphafi árs. Engin takmörkun er þó á heimild til tilfærslu þorskaflamarks yfir á aðrar tegundir.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa samkvæmt 12. gr. flyst heimild til breytinga samkvæmt 1. mgr. frá skipi, sem flutt er frá, til þess skips sem flutt er til.

Heimilt er að flytja allt að 10% af aflamarki hverrar botnfisktegundar og 10% af þorskaflahámarki frá einu ári yfir á næsta ár á eftir, og fellur heimild þessi niður nýtist hún ekki á því ári.

Þá er og heimilt að veiða allt að 5% umfram aflamark hverrar fisktegundar og 5% umfram þorskaflahámark miðað við úthlutað botnfiskleyfi það ár, enda dragist sá umframafli frá við úthlutun afla- og sóknarmarks næsta árs á eftir.

Heimild samkvæmt 3. mgr. tekur ekki til aflamarksskipa fyrr en nýttar eru heimildir samkvæmt 1. mgr.

Heimild samkvæmt 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

Botnfiskveiðar báta minni en 10 brl. eru háðar eftirgreindum takmörkunum:

1. Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
   A. Frá og með 1. janúar til og með 9. febrúar ár hvert.
   B. Í tíu daga um páskahelgi í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í 10 daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.
      Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin, vegna ógæfta, er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
   C. Frá og með 16. nóvember til og með 31. desember ár hvert.
   Þrátt fyrir ákvæði A- og C-liðar getur ráðherra heimilað línuveiðar báta undir 10 brl. á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 9. febrúar og 16. nóvember til og með 31. desember ár hvert.
2. Netaveiðar báta undir 10 brl. skulu á tímabilinu frá og með 10. febrúar til og með 15. maí ár hvert vera háðar botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki, þannig að heimilt sé að stunda veiðar í ákveðinn dagafjölda á ofangreindu tímabili með þorskaflahámarki. Ákvæði B- og C-liðar taka einnig til netaveiða báta undir 10 brl.

Ráðuneytið skal með auglýsingu tilkynna hvenær veiðar eru ekki heimilar samkvæmt B-lið 1. tölul. og um sóknardagafjölda og þorskaflahámark, sbr. 2. tölul.

Við ákvörðun sóknardagafjölda og þorskaflahámarks skal hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta, og skal þorskaflahámark vera tveir þriðju af árlegu þorskaflahámarki 10 brl. báta, sem ekki hafa aflatekjur af sérveiðum.

10. gr.

Þegar meta skal, við úthlutun botnfiskveiðileyfa, heildarafla þeirra skipa sem velja sóknarmark, skal miða við að þau hefðu fengið veiðileyfi með aflamarki, sbr. 5. og 7. gr., og áætlaðan afla báta skv. 9. gr.

11. gr.

Við úthlutun annarra leyfa en til botnfiskveiða skv. 4. gr., sbr. 2. gr., getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla úr einstökum stofnum sjávardýra milli ákveðinna gerða veiðarfæra, gerða fiskiskipa og einstakra skipa. Getur ráðherra ákveðið skiptingu hámarksafla milli skipa m. a. með hliðsjón af fyrri veiðum þeirra, stærð eða gerð.

12. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa sem gerð eru út innan sömu verstöðvar eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um, enda hafi skipin sams konar veiðileyfi. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði.

Tilkynna skal sjávarútvegsráðuneytinu fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa og öðlast hann ekki gildi fyrr en ráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki ráðuneytisins, að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Óheimilt er að flytja þorskaflahámark sóknarmarksskipa milli skipa.

Heimilt er að takmarka framsalsheimild þeirra skipa er sérleyfisveiðar stunda.

13. gr.

Sé rekstri skips hætt eða það selt er heimilt við úthlutun næsta árs á eftir að úthluta nýju skipi í eigu sama aðila botnfiskleyfi með því afla- eða sóknarmarki sem hið eldra skip hefði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða.

Verði eigendaskipti á fiskiskipi skal næsta ár á eftir úthluta því skipi botnfiskleyfi með sóknarmarki og þorskaflahámarki miðað við meðaltal skipa í sama stærðarflokki og svæði.

Heimilt er að breyta aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að það geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda breytist ekki heildarverðmæti úthlutaðs aflamarks.

Ákvæði 1. mgr. taka einnig til skipa sem horfið hafa úr rekstri á árinu 1985.

14. gr.

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum fulltrúa tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningasmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðherra um úrlausn einstakra mála.

15. gr.

Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla einstakra tegunda, úthald og sjósókn, sem ráðherra telur þörf á samkvæmt nánari reglum er hann setur.

16. gr.

Ráðherra skal setja nánari reglur varðandi framkvæmd laga þessara.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, 2 000—14 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924, og upptöku afla samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Reynist afli fara yfir úthlutað aflamark eða þorskaflahámark, sbr. þó 8. gr., skal með slík brot fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Stundi skip veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda, sbr. 4., 6. og 9. gr., skal það auk viðurlaga samkvæmt 1. mgr. varða upptöku afla samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976. Fari veiðiferð að hluta fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda skal ráðuneytið meta að hve miklu leyti afli þeirrar veiðiferðar skuli gerður upptækur.

Ráðuneytinu er enn fremur heimilt, vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settum samkvæmt þeim og leyfisbréfa, að svipta skip heimild til veiða í tiltekinn tíma, og varða veiðar eftir leyfissviptingu viðurlögum samkvæmt 1. mgr. Sama gildir verði um að ræða vanskil á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla sem sætt hefur upptöku.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur.

19. gr.

13. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu dragnótaveiðar heimilaðar samkvæmt sérstökum leyfum ráðherra. Ráðherra getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Jafnframt eru felldar úr gildi um sama tíma 10. gr. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarútvegsráðuneytið skal fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa lagafrumvarps er að færa undirstöðuatriði og meginreglur um stjórn fiskveiða úr reglugerðum í löggjöf, enda er hér um svo mikilvægar ákvarðanir að ræða, að það er æskilegt að Alþingi taki þær og festi með lögum. Þá er einnig lagt til, að meginreglurnar gildi í tvö ár. Með því móti er dregið úr óvissu um rekstrarskilyrði útvegsins. Auk þess er gildistími til lengri tíma en árs forsenda þess, að unnt sé að láta þá, sem veiðar stunda, njóta eigin aflareynslu á þann hátt að veiðileyfi verði framvegis ekki jafnháð afla á árunum 1981—83 og verið hefur, heldur hafi afli á þessu og næsta ári einnig áhrif á úthlutun. Þrátt fyrir tveggja ára gildistíma meginreglna fiskveiðistefnunnar er æskilegt að reglurnar séu sveigjanlegar og geti tekið breytingum á hverju ári í ljósi fenginnar reynslu. Því gerir frumvarpið ráð fyrir að fjölmörg þeirra atriða sem mestum breytingum geta verið undirorpin séu ákveðin árlega af ráðherra með reglugerð og að sjávarútvegsráðuneytið láti endurskoða lögin fyrir 1. nóvember 1986.

Með frumvarpinu er einmitt lagt til, að settar verði í lög almennar grundvallarreglur um stjórn fiskveiða, sem myndi sveigjanlega umgjörð fyrir afskipti stjórnvalda af fiskveiðum. Í þessari lagasetningu yrði reynt eftir föngum að koma fiskveiðistjórninni í þær skorður, að menn viti að hverju þeir ganga til lengri tíma en árs í senn, en jafnframt verði tryggt, að ekki séu lagðar frekari hömlur á athafnafrelsi manna en almannaheill krefur hverju sinni. Reynslan, sem fengist hefur síðustu tvö árin af kvótakerfinu svonefnda, er undirstaða frumvarpsins. Eitt meginatriði þessara tillagna er að ráðherra ákveði í reglugerð, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, heildaraflamark, sem veiðileyfi miðist við. Annað meginatriði frumvarpsins er, að útvegsmenn velji sjálfir milli aflamarks og sóknarmarks fyrir skip sín, líkt og var á þessu ári, og er raunar gert ráð fyrir því, að réttur þeirra, sem velja sóknarmark, verði rýmkaður. Þannig er reynt að varðveita eftir því sem kostur er sjálfsákvörðunarrétt og athafnafrelsi útvegsmanna, en jafnframt verði heildarafla úr mikilvægustu botnfisktegundum haldið innan hæfilegra marka. Með þessum hætti er tryggt, að ríkisvaldið dæmi ekki fyrir fram um aflahæfi einstakra útgerða og áhafna, því að þeir, sem ekki vilja sæta aflamarkinu, geta valið sóknarmark og látið á það reyna hvers þeir eru megnugir.

Ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu hefur unnið með sjávarútvegsráðuneytinu að undirbúningi frumvarpsins. Nefndin fjallaði á fundi sínum 25. október s. l. um drög að frumvarpinu og ritaði í framhaldi af því bréf til sjávarútvegsráðherra sem birt er sem fylgiskjal I. Eftirtaldir aðilar störfuðu í ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu við undirbúning frumvarpsins: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem var formaður nefndarinnar,

Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, Þorsteinn Gíslason, fiskimálastjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Arthúr Bogason, formaður undirbúningsstjórnar landssambands smábátaeigenda, Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson, framkvæmdastjóri Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga, Dagbjartur Einarsson framkvæmdastjóri, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu.

Auk þess störfuðu í nefndinni þeir Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélags Íslands og Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu. Ritarastörf fyrir nefndina önnuðust þeir Sigurður Pétur Sigmundsson deildarstjóri og Gylfi Gautur Pétursson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Frumvarp þetta hefur verið kynnt hagsmunaaðilum í sjávarútvegi á undirbúningsstigi og samráð verið haft við þá um gerð þess. Fimm atriði frumvarpsins hafa tekið breytingum frá þeirri gerð sem ráðgjafanefnd fjallaði um 25. október s. l. og kynnt var hagsmunaaðilum og þingmönnum: 1. Gildistími er nú tvö ár í stað þriggja. 2. Ráðherra er veitt heimild til að ákveða 10% álag á þann afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað með sama hætti og gilt hefur árið 1985. 3. Opnuð er heimild til að leyfa línuveiðar smábáta yfir háveturinn. 4. Ráðuneytinu er veitt heimild til sviptingar veiðileyfa vegna vanskila á greiðslu andvirðis ólöglegs sjávarafla. 5. Beinlínis er gert ráð fyrir samráði við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök hagsmunaaðila í sjávarútvegi við endurskoðun laganna. Þessar breytingar eru m. a. til komnar vegna ábendinga frá Fiskiþingi og samtökum hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem fjallað hafa um stjórn fiskveiða að undanförnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að ráðherra skuli árlega, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar, ákveða í reglugerð aflahámark á helstu botnfisktegundum og byggist ákvarðanir hans á mati á ástandi og veiðiþoli fisktofnanna.

Með tilliti til gildistíma þessa frumvarps virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því að hinum árlegu tillögum Hafrannsóknastofnunar fylgi álit sem nái nokkur ár fram í tímann, eins og reyndar er um álit hennar fyrir árið 1986.

Þær botnfisktegundir sem í ár eru háðar heildaraflamarki eru: þorskur, ýsa, ufsi, karfi og grálúða. Í greininni er gert ráð fyrir að ákveðið verði með reglugerð hversu mikið megi veiða, a. m. k. af þessum fimm tegundum, enda er hér um að ræða mikilvægustu botnfisktegundirnar. Vitanlega verður heildaraflinn aldrei bundinn nákvæmlega með reglugerð heldur er í raun um að ræða ákveðna viðmiðun fyrir úthlutun.

Komi til endurskoðunar er nauðsynlegt, að hún fari fram á fyrri hluta árs, þannig að útgerðinni gefist kostur á að skipuleggja veiðar með hliðsjón af breytingum, sem af endurskoðun kynnu að leiða. Má hér sérstaklega nefna, að þorskveiðar báta fara að mestu leyti fram á tímabilinu janúar til maí og því óhjákvæmilegt að endurskoðun sé lokið fyrir þau tímamörk. Því er hér lagt til, að heimild til breytinga sé bundin við 15. apríl, og ekki verði um breytingar á aflamarki að ræða eftir þann tíma.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir því að Alþingi veiti ráðherra heimild til að ákveða þann afla sem nýta má úr öðrum einstökum stofnum sjávardýra en botnfiski. Samkvæmt þessu ákvæði gæti ráðherra t. d. ákveðið hversu mikið mætti veiða af síld, loðnu eða rækju. Það er m. a. af þrem ástæðum talið nauðsynlegt að ráðherra hafi frjálsari hendur varðandi þessar tegundir:

1. Álitsgerðir Hafrannsóknastofnunarinnar um veiðiþol þessara tegunda berast ráðuneytinu á mismundandi tímum árs og geta fremur tekið breytingum innan ársins en botnfisktegundirnar.
2. Ráðuneytið getur brugðist skjótar við breyttum aðstæðum þannig að betur megi skipuleggja veiðar og vinnslu.
3. Loðnuveiðar eru háðar samningum við aðrar þjóðir.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að lögfest verði það ákvæði reglugerðar nr. 1, 8. janúar 1985, um stjórn botnfiskveiða 1985, að veiðar á botnfiski séu háðar almennu veiðileyfi sem sjávarútvegsráðuneytið veiti. Leyfið yrði fyrst og fremst almennt leyfi þar sem tiltekið yrði aflamark eða sóknarmark skips, en yrði ekki bundið við ákveðin veiðarfæri, og má með þessu móti einfalda leyfakerfið og sleppa úthlutun leyfa t. d. til netaveiða. Auk almenns leyfis til botnfiskveiða yrðu svonefndar sérveiðar, þ. e. rækju-, humar-, skel-, síld- og loðnuveiðar, einnig háðar sérstökum leyfum eins og þær hafa verið í mörg ár. Við veitingu leyfis til botnfiskveiða verði tillit tekið til aflaverðmætis af sérveiðunum eins og gert hefur verið tvö undanfarin ár. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra geti einnig með reglugerð leyfisbundið aðrar veiðar, og má hér sem dæmi nefna kolmunna- og spærlingsveiðar. Um dragnótaveiðar gilda sérstök ákvæði og vísast til 19. gr. frv.

Um 3. gr.

Í greininni er gengið út frá þeirri meginforsendu að ný skip fái ekki veiðileyfi nema sambærileg skip hverfi endanlega úr rekstri, þannig að fiskiskipastóll landsmanna stækki ekki á næstu tveimur árum. Eins og greinin er sett fram útilokar hún t. d. ekki að í stað eins nýs skips séu tvö tekin úr rekstri og öfugt, enda virðist sú tilhögun eðlileg.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð var í upphafi þessa árs að útgerðir fiskiskipa með almennt botnfiskveiðileyfi, sbr. 2. gr., geti valið og skuli velja á milli botnfiskleyfis með **aflamarki** (aflakvóta), sem heimilar tilteknu skipi veiðar á ákveðnu magni tiltekinna botnfisktegunda, þ. e. þorsks, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, eða botnfiskleyfis með **sóknarmarki** (sóknarkvóta) sem heimilar útgerð að halda skipi til botnfiskveiða ákveðinn dagafjölda með þorskaflahámarki.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir því að heimilt verði í sérstökum undantekningartilvikum að breyta sóknarmarki í aflamark þegar skip verða fyrir óhöppum sem valda því að sóknarmarkið nýtist alls ekki. Þykir það eðlilegt þegar óviðráðanleg atvik valda því að skip stöðvast lengur en fjóra mánuði ársins samfellt. Að sjálfsögðu myndi sá afli, sem skipið hefði fengið áður en til stöðvunar kom reiknast í aflamarki þess á árinu.

Í 4. mgr. felast tvær mikilvægar heimildir fyrir ráðherra til að ákveða að tiltekinn afli teljist ekki með í afla- eða sóknarmarki. Annars vegar er hér um að ræða undirmálsfisk, þ. e. fisk undir ákveðinni stærð. Gripið var til þessa ráðs þegar í ársbyrjun 1984 í því skyni að stuðla að því að allur veiddur fiskur bærist að landi og er talið að það hafi gefist allvel. Hins vegar er um að ræða fisk sem veiðist í tiltekin veiðarfæri, sé talin ástæða til þess að örva slíkar veiðar. Línuveiðar hafa þannig s. l. tvö ár verið að hluta til utan afla- og sóknarmarks í upphafi árs, og var það m. a. ákveðið að tillögu sjávarútvegsnefnda Alþingis. Var sú ákvörðun m. a. tekin í því skyni að draga úr netaveiðum þá mánuði sem sjósókn er hvað erfiðust. Þá er ráðherra heimilað að ákveða að lagt skuli 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað, hliðstætt því sem er í núgildandi reglugerðarákvæði.

Ákvæði 5. mgr. er hliðstætt ákvæðum í 21. gr. rg. 1/1985. Þar sem botnfiskleyfi skerðast með hliðsjón af leyfum til sérveiða er nauðsynlegt að ráðherra geti endurskoðað aflamark

eða sóknarmark miðað við breytt aflaverðmæti skipa af sérveiðum. Sama gildir ef skip hættir sérveiðum eða skip sem ekki hefur stundað sérveiðar fær leyfi til þeirra.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að úthlutun aflamarks og þorskaflahámarks sóknarmarksskipa, sbr. 4. gr., verði ákveðin með sama hætti fyrir árin 1986 og 1987 og gert var fyrir árið 1985 með þeim breytingum sem leiða af breytingum á heildaraflamagni milli ára og af flutningi skipa milli afla- og sóknarmarks, sbr. 7. og 8. gr. Þessi regla getur með tímanum haft í för með sér að hlutfall aflamarksskipa af heildaraflamagninu minnki vegna aukins þorskafla sóknarmarksskipa.

Um 6. gr.

Í þessari grein er lagt til að sóknarmark verði ákveðið með sama hætti og fyrir árið 1985 en sóknardagafjöldi verði endurskoðaður með hliðsjón af heildarafla sóknarmarksskipa á því ári. Reglugerð verði síðan árlega gefin út varðandi sóknardagafjölda með hliðsjón af breytingum milli ára á fjölda sóknarmarksskipa og afla þeirra. Flokkun skipa m. a. með hliðsjón af sérveiðum yrði einnig ákveðin í reglugerð, og yrði það með svipuðum hætti og á þessu ári.

Um 7. gr.

Í 1. og 2. mgr. þessarar greinar er mörkuð ný meginregla um áhrif sóknarmarksvals milli ára. Hér er um ákaflega mikilvæga reglu að ræða því hún felur í sér leið til þess að sjómenn og útvegsmenn séu ekki rígbundnir af upphaflegri úthlutun aflakvóta heldur geti myndað veiðirétt með eigin aflareynslu.

Lagt er til að afli sóknarmarksskipa 1985 hafi þau áhrif að fyrir árið 1986 megi útgerðin velja um tvo kosti:

1. **Aflamark** sem er þannig reiknað að raunverulegur afli skipsins 1985 vegur einn þriðja á móti tveimur þriðju fyrir aflamark skv. úthlutun byggðri á afla áranna 1981—1983.
2. **Sóknarmark,** með þorskaflahámarki sem er, hvort sem hærra reynist, byggt á meðalþorskaflamarki í viðkomandi stærðarflokki og veiðisvæði með 20% álagi eða þorskaflamarki skipsins sjálfs reiknað eins og greinir í lið 1. hér að framan með 20% álagi.

Við úthlutun árið 1987 yrði fyrri úthlutun ýtt enn frekar til hliðar fyrir sóknarmarksskipin, þannig að aflareynsla næstliðins árs væri látin hafa helmings vægi á móti fyrri úthlutun.

Með þessu móti er útgerðum skipa sem velja sóknarmark gefið færi á að vinna sig upp í aflamarki og/eða þorskaflahámarki og losna þannig smám saman frá viðmiðun við afla áranna 1981—1983 sem var hinn upphaflegi grundvöllur kvótakerfisins. Á hinn bóginn gæti regla þessi einnig haft áhrif til lækkunar.

Í síðustu málsgrein er kveðið á um að afli fluttur milli skipa eða milli ára eða ólöglegur afli hafi ekki áhrif á endurskoðun aflamarks.

Um 8. gr.

Efnislega er 1. mgr. samhljóða þeim reglum sem gilt hafa fyrir árin 1984 og 1985. Með þessari reglu er reynt að skapa vissan sveigjanleika, því samkvæmt eðli málsins hlýtur ávallt að vera nokkur breyting í aflasamsetningu skipa milli ára.

Reynslan hefur sýnt að reglan hefur leitt til nokkurrar aukningar í þorskveiði og þykir því eðlilegt að ekki séu takmarkanir á heimild til þess að breyta frá þorskveiðum til annarra veiða.

Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um það hvaða áhrif aflatilfærslur milli skipa hafi.

Í 3. mgr. er um nýmæli að ræða. Á s. l. tveimur árum hafa margar óskir borist um slíkar yfirfærslur milli ára, sem synjað hefur verið vegna skorts á lagaheimild. Möguleiki fyrir þessum yfirfærslum opnast nú fyrst vegna lengri gildistíma laganna, og er gert ráð fyrir að

heimilt sé að flytja eftirstöðvar af úthlutuðu afla- eða sóknarmarki til næsta árs á eftir. Heimild þessi takmarkast þó við 10% af úthlutun og gildir einungis innan hverrar einstakrar botnfisktegundar.

Með sama hætti má veiða 5% meiri afla en úthlutað var, þó þannig að sá afli dregst frá aflamarki aflamarksskipa eða þorskaflahámarki sóknarmarksskipa næsta ár á eftir. Vegna gildistíma laganna taka heimildir 3. og 4. mgr. aðeins til áranna 1986 og 1987, og er því augljóslega ekki mögulegt að flytja afla frá 1985 til ársins 1986 eða hefja veiðar á aflamarki eða þorskaflahámarki ársins 1986 á árinu 1985. Enn fremur geta heimildir þessara laga ekki snert veiðar á árinu 1988.

Ákvæði 5. mgr. leiðir af sér að óheimilt er að flytja á milli ára leyfi til þess að veiða einstakar fisktegundir fyrr en nýttar hafa verið þær heimildir sem felast í 1. mgr. til breytinga milli einstakra fisktegunda innan ársins.

Síðasta málsgreinin er áréttíng á því að heimild til 5% tilfærslu milli ára, sbr. 4. mgr., auki ekki þá heimild til breytinga milli fisktegunda sem veitt er samkvæmt 1. mgr.

Um 9. gr.

Á árinu 1985 urðu miklar umræður um veiðar báta undir 10 brl. Á árunum 1984—1985 voru þær reglur settar að þessir bátar fengu sameiginlegt aflamark er skipt var niður á fjögur tímabil, og skyldu veiðar bátanna stöðvaðar næði afli, einkum þorskafli, ákveðnum viðmiðunarmörkum á hverju tímabili. Til grundvallar þessarar viðmiðunar voru lagðar veiðar þessara báta árin 1981—1983. Af ýmsum ástæðum (fjölgun báta, aukin fiskgengd og góðar gæftir) hefur afli þessara báta farið verulega yfir viðmiðunarmörkin einkum á þessu ári. Reyndar bendir margt til þess að þau hafi í upphafi verið ákveðin of lág, líklega vegna ófullkominna skýrslna frá fyrri árum.

Á árinu 1984 voru veiðar smábáta takmarkaðar í 53 daga auk þess sem netaveiðar voru takmarkaðar í átta daga um páska. Takmarkanir á þessum veiðum á árinu 1985 nema alls 114 dögum.

Enda þótt mikillar óánægju hafi gætt meðal eigenda báta undir 10 brl. er óhjákvæmilegt, samræmis og sanngirni vegna, að veiðar þeirra séu takmarkaðar að einhverju leyti eins og allar aðrar botnfiskveiðar. Hér er því lagt til í 1. mgr. að veiðar smábáta séu óheimilar í 120 daga á ári. Veiðar sóknarmarksbáta í næsta stærðarflokki fyrir ofan, þ. e. 10—20 brl., voru heimilar í 215 daga á árinu 1985. Meginröksemdir þess að veiðar smábáta verði heimilar fleiri daga en veiðar stærri báta eru í fyrsta lagi að bátar undir 10 brl. hafa fyrir fram fastákveðið dagatal um það hvenær þeim er heimilt að stunda veiðar, en sóknarmarksbátar, 10—20 brl. að stærð, geta valið um hvenær þeir láta af veiðum innan einstakra tímabila. Í öðru lagi hamla veður veiðum báta undir 10 brl. tíðar en þeirra sem stærri eru. Gert er ráð fyrir að dragi verulega úr veiðum á ákveðnu veiðisvæði sé ráðherra heimilt að aflétta veiðibanni. Í 4. mgr. 4. gr. er gert ráð fyrir að heimilt sé að ákveða að fiskur veiddur á línu sé að hluta eða öllu leyti utan aflamarks eða þorskaflahámarks. Eðlilegt verður að telja að hliðstæð heimild taki til línuveiða smábáta þannig að samræmis sé gætt.

Það var sameiginlegur þáttur í tillögum undirbúningsstjórnar að stofnun Landssambands smábátaeigenda og fjórðungsþings fiskifélagsdeilda á Austfjörðum, og reyndar fleiri, að sérstakar takmarkanir skyldu gilda um netaveiðar smábáta. Hér er því lagt til að á tímabilinu 10. febrúar til 15. maí ár hvert séu veiðar þessara báta háðar sérstökum botnfiskveiðileyfum með sóknarmarki og auglýsi ráðuneytið sóknardagafjölda og þorskaflahámark þessara báta.

Í 3. mgr. er ákvæði þess efnis að við ákvörðun þessara atriða skuli hafa hliðsjón af veiðiheimildum 10 brl. báta. Með þessu er lögbundið samræmi milli þessara tveggja stærðarflokka, þannig að verði á næstu árum fjölgað sóknardögum eða aukið þorskaflahámark 10–20 brl. báta, þá aukist sjálfkrafa veiðiheimildir báta undir 10 brl. Þessar sérstöku

takmarkanir á netaveiðum gilda aðeins á tímabilinu 10. febr. til 15. maí og eru eftir þann tíma heimilar með þeim einu takmörkunum sem B- og C-liðir setja auk almennra takmarkana á netaveiðum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar er sambærilegt við 17. gr. rg. 1/1985 og er nauðsynlegt vegna útreikninga á aflamarki fyrir hvert ár, í því skyni að áætla skiptingu heildaraflamarks ársins milli sóknarmarksskipa og aflamarksskipa. Það liggur í augum uppi að í þessari reglu felst nokkur óvissa um það hver verða muni endanlegur afli á árinu, þar sem fiskgengd ræður meiru um afla sóknarmarksskipa en aflamarksskipa.

Um 11. gr.

Hér er fjallað um önnur leyfi en almennt leyfi til botnfiskveiða, sbr. 2. gr. Annars vegar er átt við leyfi til sérveiða sem skerða botnfiskleyfi skips, sbr. 4. mgr. 4. gr., þ. e. rækju-loðnu-, skelfisk- og humarveiðar. Hins vegar er átt við aðrar veiðar sem ráðherra ákveður með reglugerð að leyfisbinda, sbr. 2. málslið 2. gr., t.d. veiðar á kolmunna og spærlingi.

Um 12. gr.

Grein þessi varðar framsal aflamarks og er lögfesting á gildandi ákvæðum 1.—4. mgr. 20. gr. rg. 1/1985 og er lagt til að þær verði óbreyttar.

Þessar reglur heimila framsal aflamarks:

a) Innan sömu útgerðar.
b) Milli skipa innan sömu verstöðva.
c) Milli skipa sem ekki eru innan sömu verstöðvar, enda sé um að ræða skipti á mismunandi fisktegundum á jöfnu verðmæti reiknað á gildandi fiskverði.
d) Milli skipa sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð enda komi til sérstakt samþykki sjávarútvegsráðuneytisins, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð, sem flytja á afla frá.

Þær breytingar, sem felast í frumvarpi þessu frá gildandi reglum um framsal, eru:

1. Framsalsheimild sé ekki bundin við botnfisktegundir, heldur taki til allra veiða sem háðar eru aflamarki, þ. e. taki einnig til sérveiða. Framsalsheimildin er þó bundin þeirri takmörkun að skip hafi eins veiðileyfi, þ.e. loðnuskip geti aðeins framselt til annars loðnuskips o.s.frv.
2. Heimilt sé að takmarka framsalsrétt skipa er sérveiðileyfi hafa, og eru hér m. a. hafðir í huga þeir bátar er stunda úthafsrækjuveiðar allt árið eða mestan hluta þess og framselja botnfiskkvóta til annarra skipa, jafnvel ár eftir ár.

Um 13. gr.

Samkvæmt þeim reglum sem gilt hafa s. l. tvö ár hefur það nokkuð almennt tíðkast, að aflamark skips fylgi því við sölu, og má því segja að aflamarkið sé orðið hluti af verðmæti skipsins. Þessi flutningur hefur að vísu ekki gerst sjálfkrafa, heldur hefur þurft til sérstaka samninga og samþykki ráðuneytisins. En algengast hefur verið að aflamarkið fylgi skipi. Þessi regla hefur af mörgum verið gagnrýnd og er að mörgu leyti óeðlileg, þar sem t. d. sala á skipi milli landshluta hefur oftast í för með sér breytingar á aflasamsetningu.

Því er í þessari grein sett fram ný regla sem felur í sér mikilvæga breytingu. Reglan hefur í för með sér að botnfiskleyfi skips helst óbreytt út árið sem eigendaskiptin verða. Við úthlutun næsta árs skal úthluta skipinu botnfiskleyfi með sóknarmarki með þorskaflahámarki skipa í sama stærðarflokki og á sama veiðisvæði, sbr. 4. gr. Með þessu móti gefst nýjum eigendum skipa tækifæri til þess að skapa sér eigin aflareynslu sem yrði síðan grundvöllur aflamarks.

Jafnframt segir í greininni að heimilt sé, í því tilviki að maður selur skip eða tekur varanlega úr rekstri, að úthluta hinu nýja skipi í eign sama aðila því aflamarki sem eldra skipið hafði fengið, enda sé um sambærileg skip að ræða. Reglu þessa verður að telja mjög eðlilega og skýra með hliðsjón af 3. gr. frumvarpsins.

Heimild sú er um getur í 3. mgr. er nauðsynleg, m. a. vegna sölu skipa á milli landshluta sem óhjákvæmlega leiða af sér breytingar á aflasamsetningu eða breytingar á sérveiðileyfum.

Í síðustu málsgreininni er gert ráð fyrir því að ákvæði 1. mgr. taki einnig til skipa sem horfið hafa úr rekstri á árinu 1985.

Um 14. gr.

Í 14. gr. er ákvæði um samráðsnefnd. Við setningu rg. 44/1984 um stjórn botnfiskveiða 1984 þótti ljóst að upp gætu komið atvik sem ómögulegt væri að sjá fyrir. Því var sérstakri samráðsnefnd þriggja manna, skipaðri einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður var af ráðherra, falið að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi reglugerðina og skila skriflegum tillögum til ráðherra um úrlausn einstakra mála.

Nefndin hefur leyst þetta vandasama starf vel og er hér lagt til að hún verði fest í sessi með lögum.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um refsiviðurlög vegna brota á lögum þessum. Það skal tekið fram varðandi þessa grein að fyrirhuguð er endurskoðun á refsiákvæðum allra laga er að fiskveiðum snúa. Meðan þeirri endurskoðun er ekki lokið verða viðurlög þessa frumvarps að vera í samræmi við eldri ákvæði.

Í 2. mgr. er ákvæði um upptöku ólöglegs sjávarafla varðandi veiðar skipa umfram leyfilegt aflamark eða þorskaflahámark og enn fremur að ráðuneytið meti hvernig upptöku skuli háttað þegar skip stunda veiðar umfram leyfilegan dagafjölda í sóknarmarki.

Í 3. mgr. er heimildarákvæði til sviptingar á veiðileyfum vegna brota á ákvæðum laganna, reglum eða leyfisbréfum settum samkvæmt þeim. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt sé að svipta skip heimild til veiða vegna vanskila útgerðaraðila á greiðslum vegna upptöku ólöglegs sjávarafla.

Um 18. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við ákvæði l. 82/1983 og l. 118/1984 um breytingu á l. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Heimild þessi hefur verið nýtt varðandi veiðar vannýttra fisktegunda, t. d. skarkola og steinbíts úti fyrir Vestfjörðum og Austurlandi.

Um 19. gr.

Vegna sérstöðu dragnótaveiða og sökum þess að skipulag þeirra er nú í sérstakri endurskoðun þykir ástæða til að binda þær veiðar sérstökum leyfum.

Um 20. gr.

Hér vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Með lögum þessum eru mótaðar meginreglur um stjórn fiskveiða til tveggja ára. Eigi að síður verður að telja eðlilegt að lögin sæti á þeim tíma endurskoðun í ljósi fenginnar reynslu og breytinga sem kunna að verða á forsendum þeirra vegna breytinga á ástandi fiskstofna. Því er lagt til að sjávarútvegsráðherra skuli fyrir 1. nóvember 1986 láta endurskoða lög þessi, og þykir eðlilegt að hann hafi um það samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi, eins og gert hefur verið til þessa.

Fylgiskjal I.

Ráðgjafanefnd um fiskveiðistefnu.
Reykjavík, 25. október 1985.

Sjávarútvegsráðherra
Halldór Ásgrímsson,
sjávarútvegsráðuneytinu,
Lindargötu 9,
Reykjavík.

Efni: Drög að frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 1986—1988, dags. 25. október 1985.

Ráðgjafanefndin hefur fjallað um ofangreind frumvarpsdrög (Fylgiskjal) og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Nefndarmenn benda á, að enn eru í frumvarpinu nokkur álitamál og ágreiningsefni, sem hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa ekki tekið endanlega afstöðu til. Má þar til dæmis nefna gildistíma laganna, reglur um veiðar og veiðar smábáta, um framsal veiðiheimilda o. fl. Um heildaraflamark fyrir helstu botnfisktegundir, sem ekki hefur verið ákveðið en tengist frumvarpinu, eru einnig skiptar skoðanir.

Nefndin telur nauðsynlegt, að frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þar sem kveðið verði á um undirstöðuatriði og meginreglur, verði lagt fram á Alþingi hið fyrsta. Þannig verði lagður ákveðinn grundvöllur fyrir umræður um mótun fiskveiðistefnunnar og að því stefnt, að ákvörðun Alþingis um þau skilyrði, sem þeir, er útveginn stunda, megi vænta á næsta ári að þessu leyti, liggi fyrir með svo góðum fyrirvara sem kostur er.

F. h. nefndarinnar.
Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Ástand nytjastofna 1985
og aflahorfur næstu ár.

1.2. **Þorskur.**

Í aprílmánuði síðastliðnum fór fram bráðabirgðamat á ástandi þorskstofnsins. Þetta mat byggðist á endanlegum aflatölum fyrir árið 1984, veiðunum fyrstu þrjá mánuði ársins í ár ásamt fyrstu niðurstöðum úr stofnmælingaleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar á þessu ári. Hafrannsóknastofnunin hefur nú endurskoðað þetta stofnmat með tilliti til gangs vertíðarinnar allrar (tímabilið jan.—maí), sóknar flotans á þessum tíma, svo og aflahrotunnar í sumar.

2.1. **Afli, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1985.**

Það sem af er þessu ári hafa gæftir yfirleitt verið góðar og mun betri en á sama tímabili í fyrra. Síðari hluta febrúar og fyrstu dagana í mars var það verkfall sjómanna frá flestum verstöðvum landsins, sem átti drýgstan þátt í minni afla í febrúarmánuði í ár samanborið við febrúar 1984. Þrátt fyrir verkfallið hefur sókn togara í þorsk fyrstu 5 mánuði ársins 1985 verið áþekk sókninni á sama tíma 1984. Í ár er þorskafli á sóknareiningu hins vegar 10% meiri. Þorskafli togara fyrstu 8 mánuði ársins var skv. bráðabirgðatölum 120 þús. tonn en 106 þús. tonn á sama tíma í fyrra. Tölur um úthald báta flotans á þessu ári liggja ekki fyrir, en þorskafli báta hefur aukist fyrstu 8 mánuði ársins úr 104 þús. tonnum árið 1984 í 131 þús. tonn 1985. Mest hefur aukningin verið hjá vertíðarbátum SV-lands.

Aflinn á vetrarvertíð SV-lands á þessu ári dreifðist á 5—8 ára þorsk. Hlutdeild 1978 og 1979 árganganna í fjölda var 20 og 22%. Hlutdeild árgangsins frá 1980 var 18%. Hlutdeild árgangsins frá 1977 var aðeins 13%, en árgangur þessi þótti nokkuð efnilegur við V-Grænland á árunum 1981—1983.

Tímabilið janúar—maí byggðist veiðin við NV-, N- og A-land í öll veiðarfæri, að netum einum undanskildum, á 5 ára þorski (41%). Næstur að styrkleika var 1979 árgangurinn, 6 ára (25%), en þessi árgangur var mest áberandi í netaveiðinni fyrir norðan.

Aflahrotan á NV-miðum mánuðina júní—ágúst byggðist að langmestu leyti á 4 til 6 ára þorski. Í flotvörpu reyndist 20% fiska í afla vera 4 ára þorskur, 45% 5 ára þorskur og 24% 6 ára þorskur. Í botnvörpu var aflasamsetningin þannig að hlutdeild 4 ára þorsks var 27% miðað við fjölda, 5 ára þorsks 44% og 6 ára þorsks 10%.

1.2. **Vöxtur og kynþroski.**

Á árunum 1981—1983 dró úr vaxtarhraða þorsks, en 1984 hækkaði meðalþyngd og kynþroskahlutfall eftir aldri verulega.

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til að meðalþyngd og kynþroskahlutfall þorsks eftir aldri árið 1985 verði mjög svipað og 1984, fyrir 4—6 ára fisk, en nokkru hærra fyrir 7 ára þorsk og eldri.

1.3 **Nýliðun.**

Nýliðun uppvaxandi þorskárganga er metin með þremur mismunandi aðferðum: Svonefnd aldursafla-aðferð (VP-greining) gefur nokkrar upplýsingar um árgangastyrk fjögurra ára fisks, en litlar sem engar um yngri fisk. Árlegar seiðarannsóknir í ágúst beinast eingöngu að styrk og útbreiðslu fisks á fyrsta ári. Árlegar rannsóknir á þorskungviði í mars gefa einkum upplýsingar um stærð árganga tveggja til fjögurra ára fisks. Árið 1985 voru rannsóknir á þorskungviði sameinaðar verkefninu „Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum" sem fram fór á fimm togurum allt umhverfis landið. Þetta hefur í för með sér viss vandkvæði á að bera fyrri niðurstöður saman við niðurstöður úr þessu nýja verkefni.

Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1981 til 1984 eru þessar:

— Árgangur 1981 er talinn vera fremur slakur eða um 160 milljónir þriggja ára nýliða og er það sama mat og áður.
— Árgangur 1982 er, sem fyrr, talinn vera með afbrigðum slakur eða um 120 milljónir nýliða. Þetta er þó heldur hærra mat en í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna. Engu að síður er þessi þorskárgangur enn sá lélegasti, sem fram hefur komið síðastliðna þrjá áratugi.
— Árgangur 1983 er nú talinn vera í meðallagi, eða um 220 milljónir nýliða. Þetta er heldur hærra mat en fram kom í síðustu skýrslu.
— Þorskseiði af árgangi 1984 fundust í miklu magni fyrir norðan land og austan í ágúst 1984. Bráðabirgðamat á styrk þessa árgangs sem eins árs ungviði í mars 1985 bendir til þess að hér sé ekki um mjög stóran árgang að ræða. Í framreikningum á stærð þorskstofnsins er gert ráð fyrir að árgangur 1984 sé 300 milljónir nýliða.

Ljóst er að áætluð stærð veiðanlegs hluta þorskstofnsins á árunum 1987 og 1988 er mjög háð stærð árganganna frá 1983 og 1984. Á þessu stigi er matið á þessum árgöngum þó verulegri óvissu háð.

1.4. **Ástand stofnsins.**

Nýtt stofnmat sem nú liggur fyrir bendir til þess að veiðistofninn (4 ára og eldri) hafi í upphafi ársins 1985 verið 940 þús. tonn.

Þetta er um 10% meira en fram kemur í skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá október 1984 (Hafrannsóknir 31. hefti). Þennan mismun má fyrst og fremst rekja til þess að miklu meira hefur veiðst af 6 ára fiski á þessu ári en búist var við.

Þessi árgangur (1979) virðist hafa verið verulega vanmetinn við fyrri úttekt á þorskstofninum. Einnig er hugsanlegt að þorskur af þessum árgangi hafi gengið á miðin annars staðar að og þá líklega frá Grænlandi. Á hinn bóginn hefur ekkert merki frá V-Grænlandi endurheimst úr þessum árgangi hér við land. Þess vegna verður ekkert fullyrt um göngur þessa árgangs frá Grænlandi.

Nú er gert ráð fyrir að hrygningarstofn í ársbyrjun 1985 hafi verið 320 þús. tonn miðað við 260 þús. tonn í síðustu skýrslu.

Þessi mismunur stafar aðallega af því að nú er gert ráð fyrir að verulega meira sé af 6 ára þorski í stofninum eins og að ofan greinir. Þá er meðalþyngd meiri og kynþroskahlutfall hærra hjá 7 ára þorski og eldri en gert er ráð fyrir í fyrrnefndri skýrslu.

Við núverandi stofnmat var stuðst meira við aflaskýrslur togara en áður. Fundinn var meðalafli á togtíma fyrir Norðurlandi í marsmánuði og sá afli greindur eftir aldursflokkum samkvæmt sýnum úr afla. Gögn frá tímabilinu 1975—1982 voru notuð til að kanna samband stofnstærðar og afla á togtíma. Var notað líkan, þar sem stofnstærð er lýst út frá afla á togtíma. Kom þá í ljós mjög gott samband milli afla á togtíma og stofnstærðar skv. aldurs-afla aðferð og virtist spáhæfni líkansins góð. Niðurstöður þessara reikninga, ásamt tölfræðilegu stofnmati (sjávarútvegslíkan) og stofnmælingu botnfiska, voru notaðar til að meta stærð stofnsins 1985.

1.5. **Horfur og tillögur um hámarksafla 1986.**

Í framreikningum á stofnstærð er gert ráð fyrir að afli ársins 1985 verði 310 þús. tonn. Veiðistofn (4 ára fiskur og eldri) í ársbyrjun 1986 verður þá 850 þús. tonn og hrygningarstofn 330 þús. tonn. Þá er gert ráð fyrir að meðalþyngd og kynþroski eftir aldri, sem verið hefur síðustu tvö ár, haldist á næstu árum. Enn fremur er gert ráð fyrir að árgangur 1983 sé meðalárgangur (220 milljónir) og árgangurinn frá 1984 sé yfir meðallagi (300 milljónir), en um styrk hans ríkir þó mikil óvissa. Þessara árganga mun ekki gæta verulega í afla fyrr en 1987 og einkum 1988.

Miðað við ofangreindar forsendur eru áhrif mismunandi afla á áætlaða stærð þorskstofnsins eins og fram kemur í töflu 1.5.1.

Í töflunni eru sýnd dæmi um tvær meginleiðir í fiskveiðiráðgjöf. Annars vegar er tiltekinn hámarksafli og hins vegar kjörsókn, þ. e. sókn mæld í fiskveiðidánarstuðlum.

Ef skoðaðar eru hámarksaflaleiðir, þá mun *350 þús. tonna* afli árin 1986 og 1987 hafa í för með sér hækkun á veiðidánarstuðli úr 0.77 1985 í 0.91 1986 og enn frekari hækkun 1987 (1.03). Veiðistofn mun haldast nánast óbreyttur 1987 en stækka árið 1988 í 960 þús. tonn. Hrygningarstofn mun hins vegar fara minnkandi á árunum 1987 og 1988 frá því sem hann er áætlaður 1986.

Önnur hámarksaflaleið, sem hér er sýnd, er takmörkun heildarafla þorsks á næstu árum við *300 þús. tonn* á ári. Við þetta aflamark mun veiðistofn vaxa á næstu árum úr 850 þús. tonnum 1986 í 900 þús. tonn 1987 og 1080 þús. tonn 1988. Hrygningarstofn mun því sem næst standa í stað.

Þriðja hámarksaflaleiðin *250 þús. tonna* afli á ári mun leiða til þess að veiðistofninn mun stækka úr 850 þús. tonnum 1986 í 960 þús. tonn 1987 og í rúm 1200 þús. tonn 1988. Hrygningarstofn mun vaxa úr 330 þús tonnum 1986 í 360 þús. tonn 1987 og í 400 þús. tonn 1988. Fiskveiðidánarstuðlar munu lækka úr 0.77 á þessu ári í 0.54 árið 1987.

Þá er loks dæmi sem sýnir æskilegustu sókn, þ. e. kjörsókn í stofninn (veiðidánarstuðull 0.29). Ljóst er að til þess að fylgja þessari fiskveiðistefnu strax þarf að draga svo úr sókninni, að árið 1986 yrði afli aðeins 148 þús. tonn og 1987 aðeins 184 þús. tonn. Stofninn stækkaði hins vegar hratt úr 850 þús. tonnum 1986 í rúm 1400 þús. tonn 1988 og hrygningarstofn úr 330 þús. tonnum í 540 þús. tonn 1988.

Fiskveiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar mótast af því langtímamarkmiði að draga úr sókn (fiskveiðidauða) í stofninn og stefna að nýtingu hans í námunda við kjörsókn. Í þessu sambandi þarf þó að taka tillit til ýmissa atriða m. a. gagnvirkra áhrifa fiskstofna.

Með því að takmarka aflann á næstu árum við 300 þús. tonn mun veiðistofninn vaxa nokkuð á árunum 1986—1988. Hafrannsóknastofnunin telur nauðsynlegt að afli verði ekki aukinn þótt góðir árgangar séu væntanlegir í veiðistofninn heldur verði þeir nýttir til frekar endurreisnar hans. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að þorskveiðar á árunum 1986 og 1987 verði takmarkaðar við 300 þús. tonn.

Rétt er að leggja á það áherslu að forsendur um vöxt, nýliðun, kynþroska og göngur geta tekið verulegum breytingum frá ári til árs og er því sem fyrr árleg endurskoðun á stofnmati nauðsynleg.

Tafla 1.5.1. Þorskur. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð þorskstofnsins (þús. tonn) árin 1986—1989.

1985					1986				1987				1988				1989	
Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986 og 1987	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn	F	Afli	Stofn 4+	Hrygn. stofn
940	320	0.77	310	Aflamark	850	330												
				350			0.91	350	840	280	1.03	350	960	240	0.99	350	980	260
				300			0.74	300	900	320	0.75	300	1080	320	0.65	300	1180	370
				250			0.59	250	960	360	0.54	250	1210	400	0.44	250	1380	490
				Kjörsókn F_k			0.29	148	1090	430	0.29	184	1420	540	0.29	235	1730	670

F = veiðidánartala 7—11 ára þorsks.

2. Ýsa.

2.1. Afli og sókn 1985.

Fyrstu sex mánuði ársins 1985 var ýsuafli um 13% minni en á sama tímabili árið 1984. Eftir lélega byrjun hafa aflabrögð þó heldur glæðst.

Afli á sóknareiningu janúar—maí 1985 virðist ekki hafa minnkað í sama mæli og aflamagn. Nákvæmar skýrslur um sókn eru aðeins fyrir hendi frá togurum. Hjá þeim er afli á sóknareiningu mjög svipaður það sem af er árinu og í fyrra. Samdráttur í afla fyrri hluta árs 1985 er því fremur afleiðing af minni sókn en minni stofni.

Stóri árgangurinn frá 1976 (9 ára) reyndist enn skila mestum afla að þunga til (25%) fyrstu fimm mánuði þessa árs. Að fjölda til veiddist hins vegar mest af 4 og 5 ára ýsu (18% og 26%). Hlutdeild 6 ára ýsu í heildarveiðinni var ákaflega lítil eða aðeins 5% hvað fjölda snertir.

2.2. Ástand stofnsins, nýliðun og vöxtur.

Stofnmat sem gert er með aldursafla-aðferð (VP-greiningu) gerir ráð fyrir að veiðistofn 4 ára og eldri ýsu sé 160 þús. tonn í byrjun árs 1985 eða 10% minni en gert var ráð fyrir í síðasta stofnmati. Hér veldur mestu árgangurinn frá 1979, en hann hefur reynst óvenju lélegur. Þá virðist árgangurinn frá 1980 sem miklar vonir voru bundnar við vera lakari en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tölur um stærð hrygningarstofnsins eru ekki sambærilegar við fyrri skýrslur. Áður var öll ýsa 4 ára og eldri talin kynþroska. Nú er hrygningarstofn aftur á móti metinn út frá hlutfalli kynþroska ýsu eftir aldri eins og gert hefur verið hjá þorski og ufsa undanfarin ár. Hrygningarstofn er metinn 95 þús. tonn árið 1985.

Árgangur 1981 er talinn meðalárgangur og stofnmæling botnfiska í mars 1985 bendir til að 1982 árgangur sé fremur lélegur. Lítið er vitað um raunverulega stærð 1983 og 1984 árganganna og er gert ráð fyrir því í framreikningi stofnstærðar að þessir árgangar séu af meðalstærð.

Eins og hjá þorski fór meðalþyngd ýsu nokkuð minnkandi eftir 1979. Síðan 1982 hefur vöxtur ýsu aftur aukist nokkuð árlega allt fram á árið 1985.

2.3. Tillögur um hámarksafla 1986.

Framreikningar á stærð ýsustofnsins fyrir næsta ár miðað við mismunandi ársafla eru byggðir á áðurnefndum forsendum um árgangastærðir, nýliðun og að aflinn 1985 verði 45 þús. tonn (tafla 2.3.1.). Núverandi sókn í ýsu samsvarar veiðidánartölu 0.44 og er nokkru meiri en kjörsókn (0.35).

Við áframhald núverandi sóknar, þ. e. 45 þús. tonna afla á ári, mun bæði veiðistofn og hrygningarstofn vaxa á næstu árum. Verði aflinn 55 þús. tonn fer veiðistofn lítið eitt vaxandi en hrygningarstofn mun minnka enn frekar. Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli af ýsu árið 1986 verði 50 þús. tonn.

Tafla 2.3.1. Ýsa. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð ýsustofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.

1985				1986					1987				1988	
Veiði-stofn 4^+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986	Veiði-stofn 4^+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði-stofn 4^+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði-stofn 4^+	Hrygn.st.
160	95	0.44	45	Aflam. 55	150	90	0.58	55	150	85	0.63	55	160	85
				Aflam. 50			0.51	50	160	90	0.53	50	170	95
				Aflam. 45			0.45	45	165	95	0.44	45	180	100
				Kjörsókn F_k			0.35	37	170	100	0.35	40	195	110

F = Veiðidánartala 4—8 ára fisks.

3. Ufsi.

3.1. Afli, sókn og árgangaskipan 1985.

Ufsaaflinn á Íslandsmiðum árið 1984 varð tæp 63 000 tonn. Fyrstu sex mánuði ársins 1985 var ufsaaflinn aðeins orðinn 27 500 tonn miðað við 36 400 tonn á sama tímabili 1984. Minni afla á árinu 1985 má bæði rekja til minni sóknar og um 10% minni afla á sóknareiningu, en 1984. Aldursdreifing aflans tímabilið janúar—ágúst 1985 sýnir að ufsaafli í net byggðist mest á 7—10 ára ufsa og var hlutdeild 8 og 9 ára ufsa þyngst á metunum (43%). Ufsaafli togara byggðist að mestu á yngri fiski, 4—6 ára ufsa. Hlutdeild 5 ára ufsa (1980 árgangsins) var stærst og reyndist þriðji hver fiskur í afla togara vera af þeim árgangi. Árgangsins frá 1976, sem bar uppi veiðarnar í fyrra, gætir nú mun minna (12%) og fer hann senn að hverfa úr aflanum. Þess er getið við síðasta stofnmat á ufsa að óvenju litlu var landað af 1979 árganginum árið 1974. Á þessu ári hefur umræddur árgangur veiðst eins og búist var við.

3.2 Ástand stofnsins og nýliðun.

Stofnmat gert með hefðbundinni aldursafla-aðferð (VP-greiningu) gerir ráð fyrir svipaðri stofnstærð í ársbyrjun 1985 og síðasta stofnmat. Stærð veiðistofns, 4 ára og eldri ufsa, er áætluð 300 þús. tonn og hrygningarstofns 200 þús. tonn. Árgangar í ufsastofninum, að undanskildum 1975, 1976 og 1980 árgöngunum, virðast allir vera undir langtímameðaltali. Seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu ná ekki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsans og eru því ekki til neinar tölur um nýliðun í stofninum. Í framreikningum á þróun ufsastofnsins er því miðað við meðaltal fyrri ára.

3.3. Tillögur um hámarksafla 1985.

Framreikningar á stærð ufsastofnsins næstu árin eru byggðir á áðurnefndu stofnmati og að ufsaafli á árinu 1985 verði 55 þús. tonn. Þá er gert ráð fyrir að nýliðun árin 1981 og 1982 hafi verið svipuð og meðalnýliðun 1970—1979 (32 milljónir þriggja ára fiska), en það er um 25% minna en meðalnýliðun síðastliðinna tveggja áratuga. Árgangar 1983 og 1984 eru áætlaðar af meðalstærð.

Við 60 þús. tonna afla mun bæði veiði- og hrygningarstofn fara vaxandi á næstu árum. Við 70 þús. tonna veiði mun veiðistofn fara vaxandi, en hrygningarstofn standa nánast í stað. Núverandi sókn í ufsa samsvarandi veiðidánartölu 0.28, sem er heldur meiri en kjörsókn (0.23). Frekari sóknaraukning mun ekki leiða til aukins afla er fram í sækir, þar sem afrakstur á nýliða nú er svipaður og hámarksafrakstur. Með tilliti til þessa svo og óvissu um stærð yngstu árganganna leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli af ufsa árið 1986 verði 60 þús. tonn.

Tafla 3.3.1. Ufsi. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð ufsastofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.

1985				1986					1987				1988	
Veiði-stofn 4+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986	Veiði-stofn 4+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði-stofn 4+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiði-stofn 4+	Hrygn.st.
300	200	0.28	55	Aflam. 70	310	190	0.35	70	330	190	0.35	70	350	195
				Aflam. 60			0.29	60	340	200	0.28	60	370	215
				Kjörsókn F_k			0.23	50	350	210	0.23	55	390	230

F = Veiðidánartala 5—9 ára fisks.

4. Karfi og djúpkarfi.

4.1. **Afli og sókn 1985.**

Karfaafli á Íslandsmiðum minnkaði úr um 125 þús. tonnum árið 1983 í um 110 þús. tonn árið 1984 eða um 12%. Samdrátturinn í karfaafla Íslendinga 1984 á einkum rætur að rekja til minnkandi afla á sóknareiningu en auk þess minnkaði heildarsókn lítillega frá árinu áður. Á árinu 1985 er fyrirsjáanlegur mun meiri samdráttur í karfaafla en á árinu 1984. Í júnílok 1985 var aflinn orðinn rúm 40 600 tonn en var á sama tímabili 1984 um 65 þús. tonn. Ef reiknað er með svipuðum afla í júlí til desember 1985 og á sama tíma 1984, verður karfaaflinn ekki nema um 85 þús. tonn á árinu 1985, sem er 23% minni afli en 1984.

Verulegur samdráttur varð í veiðunum á svæðinu við Færeyjar, Ísland og Austur-Grænland í heild. Sömu karfastofnarnir eru á þessu svæði og miðast stofnmat við það. Þá er úthafskarfi talinn sérstakur stofn en veiðar úr honum hófust fyrst að marki árið 1982.

Á árinu 1984 var heildaraflinn á svæðinu tæp 138 þús. tonn en var 165 þús. tonn árið 1983. Auk þess voru veidd um 69 500 tonn af úthafskarfa 1984. Við Austur Grænland minnkaði aflinn um 15 þús. tonn eða úr 29 þús. tonnum 1983 í 14 þús. tonn 1984 sem er álíka mikil minnkun og varð hér við land. Hins vegar varð um 4 600 tonna aflaaukning við Færeyjar.

4.2. **Aldurs- og lengdardreifing í afla**

Hlutfall karfa undir 34 cm í afla var mjög svipað árin 1983 og 1984. Árið 1983 var nokkru hærra hlutfall 13—20 ára (34—42 cm) fisks í aflanum en árið 1984, en segja má að þessi árgangar beri uppi veiðina flest ár. Árið 1984 var hins vegar nokkuð meira af stærri fiski í aflanum, þannig að meðallengd landaðs karfa jókst lítillega, þ. e. úr 37.7 cm 1983 í 38.2 cm árið 1984.

Fyrri hluta árs 1985 (janúar—júní) bar meira á stórum fiski yfir 40 cm (þ.e. 19 ára og eldri) en var á árinu 1984 (miðað við allt árið) og reyndist meðallengd landaðs karfa fyrri hluta árs 1985 vera 39.1 cm.

Meira veiddist af smáum djúpkarfa á árinu 1984 en 1983. Þannig var meðallengdin 40.3 cm 1983 en 38.5 cm 1984. Á fyrri helmingi ársins 1985 var meðallengdin 39.5 cm.

4.3 **Ástand karfastofnanna.**

Karfavinnunefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins hélt ekki fund árið 1985. Gögn frá árinu 1984 um ástand karfastofnanna af öllu svæðinu liggja því ekki fyrir. Á íslenska hafsvæðinu reyndist 77.4% aflans vera karfi (*Sebasta marinus)* en 22.6% djúpkarfi (*Sebasta mentella).* Ekki hefur tekist að meta stofnstærð djúpkarfa.

Heildarstofn karfa (7 ára og eldri) stækkaði á áttunda áratugnum úr 800 þús. tonnum í 1,2 millj. tonna árið 1979. Síðan hefur stofninn minnkað lítils háttar. Er nú heildarstofninn talinn vera um 1 100 þús. tonn og gotstofninn rúm 400 þús. tonn.

4.4 **Tillögur um hámarksafla 1986.**

Á fundi karfavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins snemma á árinu 1984 var ástand karfastofnsins *(S. marínus)* á árinu 1986 framreiknað. Í þessum framreikningum var gengið út frá líklegum afla árin 1984 og 1985. Á árinu 1984 var, eins og að framan er getið, nokkru meiri samdráttur á veiðum en gert var ráð fyrir í framreikningi Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Í maí 1985 fjallaði ráðgjafanefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins um stjórnun fiskveiða (ACFM) m. a. um karfastofnana og taldi að ráðgjöf um að draga úr sókn í karfastofninn, sem gefin var 1984 fyrir veiðar á árinu 1986, væri enn í fullu gildi.

Í tillögum Alþjóðahafrannsóknaráðsins er mælt með 25 þús. tonna hámarksafla á djúpkarfa fyrir árið 1986. Hlutdeild djúpkarfa í heildaraflanum var á öllu svæðinu (úthafskarfi ekki meðtalinn) tæp 44 þús. tonn þar af um 25 þús. tonn á Íslandsmiðum.

Samdráttur í karfaveiðum 1985 er vegna minni sóknar, en afli togara á sóknareiningu hefur einnig farið minnkandi allt frá árinu 1980 og er nú um 23% minni en árið 1980.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli á Íslandsmiðum 1986 verði 85 þús. tonn af báðum karfategundum samanlagt.

Sem fyrr leggur Hafrannsóknastofnunin áherslu á nauðsyn þess að ná samkomulagi um nýtingu karfastofnanna við þær þjóðir sem veiða úr þeim.

5. **Grálúða.**

5.1. **Afli og sókn 1985.**

Litið er á grálúðuna á svæðinu frá Austur-Grænlandi um Ísland til Færeyja sem einn stofn. Heildarafli á árinu 1984 á þessu svæði varð 34.284 tonn og var hlutur Íslendinga 30.080 tonn. Líklegt er að afli árið 1985 verði svipaður. Sókn í grálúðustofninn jókst á árinu 1984 og afli á sóknareiningu minnkaði miðað við undanfarin ár og er þar einkum stuðst við aflaskýrslur togara. Framvindan á árinu 1985 bendir til þess að framhald hafi orðið á þessari þróun.

5.2 **Ástand stofnsins.**

Stærð grálúðustofnsins er metin með svokallaðri aldursafla-aðferð (VP-greiningu). Samkvæmt niðurstöðum VP-greiningar og sóknargagna hefur fiskveiðidánartalan vaxið talsvert á undanförnum árum. Þegar sókn hefur áður orðið álíka mikil og nú hefur það leitt til minnkandi stofns. Heildarstofninn hefir minnkað nokkuð tvö síðustu árin, en hrygningarstofninn hefur farið minnkandi síðan 1980. Nokkrar breytingar hafa orðið á vexti grálúðu á tímabilinu 1976—1984. Hann virtist hafa verið mestur í byrjun tímabilsins og farið minnkandi til ársins 1981 en hefur aukist nokkuð síðan. Þessar breytingar hafa þó verið fremur litlar. Þar sem litlar sveiflur virðast vera í árgangaskipan er gert ráð fyrir að nýliðun hafi verið í meðallagi síðustu ár. Þetta skapar nokkra óvissu um heildarstofnstærðina en hefur ekki áhrif á útreikninga á stærð hrygningarstofnsins.

5.3 **Tillögur um hámarksafla 1986.**

Út frá stofnmati og meðalnýliðun var gerð spá um heildarstofn og hrygningastofn grálúðu næstu ár miðað við 25,30 og 35 þús. tonna aflamark. Ef ársaflinn væri 25 þús. tonn virðist stofninn vaxa lítillega, en við 30 þús. tonna ársafla minnkar hann eilítið. Þarna er ekki um stórar breytingar að ræða og má því segja að æskilegur hámarksafli sé á bilinu 25—30 þús. tonn. Ef ársaflinn árið 1986 yrði 35 þús. tonn, sem er nálægt ársveiði 1984 og 1985 mundu bæði heildar- og hrygningarstofn minnka talsvert. Það er því nokkuð ljóst að núverandi sókn sem samsvarar veiðidánartölu 0.92 er of mikil, enda er hún langt umfram kjörsókn (0.26). Hafrannsóknastofnunin leggur því til, að hámarksafli árið 1986 verði 25 þús. tonn. Miðað við þróun grálúðuveiðanna undanfarin ár má gera ráð fyrir, að afli útlendinga úr grálúðustofninum verði um 4 þús. tonn árið 1986.

Tafla 5.3.1. Grálúða. Áhrif mismunandi sóknar (F) og aflamarks á áætlaða stærð grálúðustofnsins (þús. tonn) árin 1986—1988.

1985					1986				1987				1988	
Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Veiðiráðgjöf 1986	Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Stofn 5+	Hrygn.st.	F	Afli	Stofn 5+	Hrygn.st.
160	55	0.92	34	Aflam. 35	150	50	1.20	35	145	40	1.48	35	140	35
				Aflam. 30			0.96	30	150	45	1.04	30	150	45
				Aflam. 25			0.75	25	155	50	0.73	25	160	55
				Kjörsókn F_k			0.26	12	175	70	0.26	15	190	80

F = Veiðidánartala 9—16 ára grálúðu.

6. **Steinbítur.**

Steinbítur veiðist á línu og sem aukaafli í botnvörpu. Árlegar aflasveiflur eru sjaldan mjög miklar. Hámarksjafnstöðuafli steinbíts hér við land er um 13 þús. tonn. Afli fiskiskipa samanstendur af 8—20 ára gömlum fiski og er 10—15 ára fiskur algengastur í aflanum eða oftast um 65—76% aflans. Hefur þetta verið svipað undanfarin ár. Afli á sóknareiningu hjá vestfirskum línubátum hefur vaxið síðastliðin tvö ár. Svo virðist sem ástand steinbítsstofnsins sé allgott og lítilla aðgerða þörf til verndar honum.

7. **Skarkoli.**

Á árunum 1973 til 1981 var skarkolaaflinn í lágmarki eða um það bil 4 til 5 þús. tonn á ári. Aflinn hefur vaxið ört allra síðustu ár og var rúm 11 300 tonn árið 1984. Gert er ráð fyrir um 10 þús. tonna afla á árinu 1985.

Með hliðsjón af þróun skarkolaveiða á Íslandsmiðum á þessari öld er talið að varanlegur hámarksafli úr stofninum sé um það bil 10 þús. tonn á ári. Unnið er að ítarlegri athugun á fyrirliggjandi gögnum í því skyni að meta afrakstursgetu stofnsins með meiri nákvæmni.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að hámarksafli af skarkola á árinu 1986 verði 10 þús. tonn.

8. **Blálanga.**

Blálönguafli Íslendinga var mestur 8 133 tonn árið 1980. Síðan hefur hann dregist mjög saman og var ekki nema 3 120 tonn árið 1984. Aflinn á árunum 1980—1983 byggðist fyrst og fremst á sókn í hrygningarfisk á hrygningartíma. Árin 1984 og 1985 dró úr sókn í

hrygningarstofninn á hrygningartíma í febrúar—mars. Annars veiðist blálanga helst sem aukaafli við aðrar veiðar, einkum karfaveiðar, og er afli eitt til tvö þúsund tonn á ári. Á árinu 1985 var ekki sótt að ráði í hrygningarstofninn. Verulegur samdráttur í karfaveiðum á árinu hafði því áhrif á blálönguaflann og var hann ekki nema tæp 800 tonn í lok júní. Það er því líklegt að aflinn á árinu 1985 verði ekki nema um 1 500 tonn.

9. **Langa.**

Lönguafli Íslendinga var 4 300 tonn árið 1983 en féll niður í 3 300 tonn árið 1984. Hann var ekki kominn nema í tæp 1 600 tonn í júní 1985 og verður ársaflinn sennilega undir 3 þús. tonnum. Langa veiðist eingöngu sem aukaafli við aðrar veiðar. Hún fæst í flest veiðarfæri en mest í botnvörpu og net.

Meðalársafli Íslendinga s.l. fimm ár (1980—1984) er tæp 3 600 tonn.

10. **Keila.**

Keiluafli Íslendinga var 3 430 tonn árið 1984 sem er mjög svipaður afli og árið áður (3 440 tonn). Aflinn á árinu 1985 virðist ætla að verða eitthvað minni, því hann var ekki nema tæp 1 400 tonn í júnílok en var orðinn rúm 2 100 tonn á sama tíma 1984.

Meðalársafli Íslendinga s. l. fimm ár (1981—1984) var um 3 100 tonn. Hins vegar hefur heildarafli á Íslandsmiðum verið mun meiri flest árin og komist mest í tæp 6 700 tonn árið 1981 (afli Íslendinga það ár var rúm 2 800 tonn).

11. **Síld.**

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna og aflahorfur 1985 er lagt til að hámarksafli fyrir árið 1985 miðist við kjörsókn (F_k). Helstu ástæður fyrir þessari tillögu eru þær að afrakstur á nýliða eykst lítið sem ekkert eftir að kjörsókn er náð. Enn fremur má minna á að sóknin í íslensku sumargotssíldina var miklu meiri heldur en kjörsókn þegar stofninn hrundi um og eftir 1965.

Ef stuðst er við seinustu bergmálsmælingar, sem gerðar voru í janúar 1985, og gert ráð fyrir 50 þúsund tonna afla á vertíðinni 1985, ásamt meðalnýliðun 1986, mun kjörsókn leiða til um 50 þúsund tonna afla á vertíðinni 1986 og 1987.

Út frá aldurssamsetningu síldarstofnsins samkvæmt síðustu úttekt verður að telja víst að sterki árgangurinn frá 1979 muni bera uppi veiðina 1986. Eldri árgangar munu væntanlega hverfa að miklu leyti úr aflanum. Enn er talsverð óvissa um árgangana frá 1980 og 1981 en flest bendir þó til að þar sé um meðalárganga að ræða. Þeir munu því væntanlega verða mest áberandi í aflanum 1986, ásamt 1979 árganginum. Í fyrirhuguðum leiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar í árslok 1985 eða ársbyrjun 1986 munu fást nýjar upplýsingar um ástand síldarstofnsins.

Þessi bráðabirgðatillaga um afla á vertíðinni 1986 verður endurskoðuð strax og upplýsingar frá fyrrnefndum leiðangri liggja fyrir.

12. **Loðna.**

Í febrúar 1985 var stærð hins ókynþroska hluta loðnustofnsins mæld norðan- og norðvestanlands. Þarna var aðallega árgangurinn frá 1983 auk þess hluta 1982 árgangsins sem ekki varð kynþroska vorið 1985. Niðurstaðan varð sú að lagt var til að leyfa veiðar á 6—700 þús. tonnum af þessum árgöngum á tímabilinu ágúst—nóvember 1985. Var þá gert ráð fyrir að unnt yrði að gera tillögu um veiðikvóta seinni hluta vertíðarinnar (desember 1985—mars 1986) að loknum bergmálsmælingum á stærð stofnsins í október og nóvember í haust (1985).

Athuganir á loðnugöngum á Íslands — Grænlands — Jan Mayen svæðinu, sem gerðar voru í ágúst s. l., benda til sterks 1983 árgangs, sem er í samræmi við fyrri niðurstöður.

Útlitið er því gott varðandi yfirstandandi loðnuvertíð. Fullnaðarsvar við því hvers megi vænta um loðnuafla á tímabilinu desember 1985/mars 1986 mun þó ekki liggja fyrir fyrr en eftir bergmálsmælingar á stærð stofnsins, sem gerðar verða í október og nóvember í haust.

Um haustvertíðina 1986 er meiri óvissa, en þar kemur m. a. til árgangurinn frá 1984. Af honum mældist mjög lítið í ágúst s. l., eða um 1/9 hluti miðað við 1983 árganginn á sama aldri. Ekki er fengin fullnægjandi reynsla af sumarmælingum á mergð ársgamallar smáloðnu. Fari svo að 1984 árgangurinn reynist jafn lélegur og seinustu athuganir benda til má búast við miklum samdrætti í hinum veiðanlega hluta loðnustofnsins á næstu vertíð (1986/87) þrátt fyrir það að allmikið af 1983 árganginum mun þá enn verða í veiðinni.

Nánari upplýsingar um útlit og horfur á haustvertíð 1986 fást væntanlega nú í haust og næsta vetur.

13. **Humar.**

13.1 **Humarveiðarnar 1985.**

Humarvertíðin 1985 hófst 20. maí og lauk í byrjun ágúst enda þótt langflestir bátar hafi verið búnir með aflakvóta sinn mun fyrr.

Alls var úthlutað um 2 400 tonna humarkvóta til 83 báta. Þó að heildarkvótinn væri heldur minni en árið 1984 kom svipaður afli í hlut hvers báts vegna fækkunar humarveiðileyfa frá árinu áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust alls um 2 375 tonn af humri á vertíðinni 1985 en humaraflinn 1984 var 2 440 tonn.

Þegar á heildina er litið voru aflabrögð víðast mjög góð enda gæftir og önnur skilyrði til humarveiða eins og best gerist. Meðalafli á togtíma 1985 varð um 55 kg eða mun betri en 1984 er meðalaflinn var 45.6 kg á togtíma. Er þetta svipuð útkoma og á árunum 1981—82 miðað við að heildaraflinn nú er nokkru minni. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um ástand nytjastofna og aflahorfur 1985 var ekki gert ráð fyrir því, að meðalafli á togtíma mundi aukast enda gætti nokkurrar óvissu um nýliðun í stofninum 1984, nema á svæðum við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka þar sem nýliðun var góð. Á vertíðinni 1985 fengust frekari staðfestingar á góðri nýliðun á ofangreindum svæðum, auk þess sem nýliðun virðist víða annars staðar betri en áætlað var 1984. Batnandi nýliðun auk sérstaklega góðra skilyrða til humarveiða stuðluðu því að betri útkomu veiðanna 1985 en stofnmatið 1984 gerði ráð fyrir.

Á suðvesturmiðum (Miðnessjór — Selvogsleir) aflaðist mun betur nú en 1984, eða um 535 tonn á móti 420 tonnum árið áður. Veruleg aukning varð á afla á togtíma eða úr 36.1 kg 1984, sem var að vísu óvenju lélegt miðað við síðustu ár, í um 45 kg 1985. Selvogsleirinn og svæðin norður og vestur af Eldey komu sérstaklega vel út miðað við 1984 og áframhaldandi aflaaukning varð á sumum svæðum dýpra, t. d. við Eldeyjarboða.

Á Selvogsbanka og við Vestmanneyjar varð aflinn talsvert minni en árið áður eða um 555 tonn á móti 720 tonnum 1984. Mikil aukning varð hins vegar í afla á togtíma eða úr 47.9 kg 1984 í um 56 kg 1985. Hefur meðalaflinn á á togtíma því aukist á hverju ári síðan 1982 og varð nú sá mesti síðan 1964. Þessi þróun á rætur að rekja til mjög góðrar nýliðunar og hlutfall smærri humars á þessum svæðum er því jafnframt hærra en víðast annars staðar.

Aflinn á suðausturmiðum (Skaftárdjúp—Lónsdjúp) varð svipaður og árið 1984, eða um 1 285 tonn á móti 1 310 tonnum. Hins vegar jókst meðalafli á togtíma úr 48.5 kg 1984 í um 60 kg 1985 og er því aftur kominn í líkt horf og árin 1981—1982. Að Hornarfjarðardjúpi undanskildu jókst meðalaflinn alls staðar verulega og þó sérstaklega í Breiðamerkurdjúpi. Virðist útlit með nýliðun nú mun betra eftir slaka nýliðun og samdrátt í meðalafla á togtíma 1983—1984.

13.2 **Ástand humarstofnsins 1985 og horfur 1986.**

Þótt nokkrar vísbendingar væru fyrir hendi um aukna nýliðun í humarstofninum á vertíðinni 1984 og þá einkum á svæðum við Vestmannaeyjar, gefur útkoma veiðanna árið 1985 ástæðu til að ætla að nýliðunin sé víðast betri en fram kom í veiðinni árið áður. Árgangar frá árabilinu 1975—1980, sem hafa flestir verið taldir undir meðallagi út frá hlutdeild í afla síðustu ár, komu mun betur fram í veiðinni 1985 en reiknað var með. Nú virðist því árgangurinn frá 1977 vera fremur góður og hinir u. þ. b. í meðallagi.

Eins og greint var frá að framan komu veiðarnar 1985 nokkuð betur út en spáð hafði verið á árinu 1984. Veiðarnar árin 1980—1984 voru aftur á móti í mjög góðu samræmi við stofnmat hverju sinni. Fyrir þessu geta legið ýmsar ástæður einkum þó þær að nýliðunin í yngri hluta stofnsins virðist betri en séð var fyrir 1984. Óvenju góð skilyrði til humarveiða 1985, bæði hvað varðar gæftir og ástand sjávar, eru þó einnig talin eiga verulegan þátt í sérstaklega góðri útkomu veiðanna.

Með hliðsjón af framansögðu, leggur Hafrannsóknastofnunin til að aflamark á humri 1986 verði 2 500 tonn. Ef fram heldur sem horfir með nýliðun, má jafnframt gera ráð fyrir enn frekari aflaaukningu eftir 1986.

Að lokum skal þess getið að humarveiði hefur farið vaxandi á nokkrum jaðarveiðisvæðum, sem nær ekkert hafa gefið af sér í 10 ár eða lengur eða jafnvel engar veiðar hafa verið stundaðar á áður. Þessi svæði gætu gefið af sér einhverja viðbótarveiði á komandi árum, en reikna verður með meiri sveiflum í aflabrögðum þar. Eins og sakir standa mætti athuga með afla- og sóknarmark fyrir þessi svæði sérstaklega, utan hefðbundinna veiða, enda yrðu veiðimöguleikar best kannaðir með því móti.

14. **Hörpudiskur.**

14.1 **Hörpudisksveiðarnar 1985.**

Heildarafli hörpudisks 1985 verður líklega svipaður og árið 1984, en þá voru veidd 15 600 tonn. Hörpudisksveiðarnar gengu þokkalega, en áframhaldandi erfiðleikar steðjuðu að vinnslunni vegna sölutregðu og lágs verðs á smærri hörpudiski. Leiddi þetta m. a. til mjög ójafnrar dreifingar í sókninni á Breiðafjarðarmiðum, þar sem hlutdeild smærri hörpudisks er hærri en víðast annars staðar og varð meðalafli á veiðistund þar minni en um langt árabil.

14.1.1. *Breiðafjörður.*

Líklegur hörpudisksafli á þessu svæði verður um 11 500 tonn árið 1985, en hann var 11 800 tonn 1984. Vegna slæmrar stöðu á mörkuðum fyrir smáan hörpudisk 1984—1985 hefur sóknin í æ ríkari mæli beinst á svæði í sunnanverðum Breiðafirði með þeim afleiðingum að meðalafli á veiðistund hefur minnkað úr um 1 000 kg árin 1981—1983 í 963 kg 1984 og 840 kg 1985. Meðalaflinn á veiðistund það sem af er árinu 1985 er sá minnsti í Breiðafirði allar götur síðan 1977—1978. Jafnframt hefur hlutdeild stærri skelja í aflanum minnkað verulega á sama tíma á vissum svæðum.

14.1.2. *Vestfirðir.*

Í Arnarfirði verður aflinn líklega um 600 tonn árið 1985, en veiðin þar var heldur minni eða 550 tonn árið 1984. Meðalafli á veiðistund virðist hafa verið svipaður og 1984 eða um 450 kg, en hann minnkaði nokkuð eftir alltof miklar veiðar 1983.

Í Ísafjarðardjúpi mun hörpudisksveiðin árið 1985 að öllum líkindum verða um 550 tonn, en hún var 854 tonn árið 1984. Nokkur samdráttur varð áfram í afla á veiðistund eða úr 356 kg 1984 í um 325 kg 1985, enda fór veiðin verulega fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar bæði árin 1983 og 1984.

14.1.3. *Norðurland.*

Hörpudisksveiðar gengu vel í Húnaflóa og er aflinn um 1 800 tonn á árinu, en var 1 733 tonn 1984. Meðalafli á veiðistund jókst enn fremur verulega eða úr 375 kg 1984 í um 475 kg 1985, enda jókst sóknin á nýjum veiðisvæðum sem fundust 1984.

Hörpudiskaflinn í Skagafirði jókst úr rúmlega 400 tonnum 1984 í um 500 tonn 1985 og meðalafli á veiðistund varð svipaður eða um 370 kg á móti 352 kg 1984. Þá voru að auki veidd um 150 tonn á Skagagrunni árið 1985 og var meðalafli á veiðistund góður eða um 570 kg.

14.2 **Ástand hörpudiksstofna 1985 og horfur 1986.**

Hörpudiskurinn er mjög staðbundin tegund. Þar af leiðandi er oftast mjög auðvelt að ofveiða hann á einstökum svæðum. Af ýmsum ástæðum endurnýjast hörpudiskur ákaflega mishratt á svæðunum og oft má gera ráð fyrir aflasamdrætti í áraraðir í kjölfar of mikilla veiða. Ástand hörpudiksstofna nú og horfur fyrir veiðarnar 1986, bera nokkurn keim af því, að undanfarin tvö til þrjú ár hefur sóknin beinst úr hófi á viss svæði umfram önnur. Hefur veiðin því fremur stjórnast af heppilegri aflasamsetningu heldur en ástandi miða eða aflabrögðum.

Árið 1985 var þetta einkum áberandi á vissum svæðum í sunnanverðum Breiðafirði (reitur I) með þeim afleiðingum að afli á veiðistund dróst þar saman um 14% frá árinu áður. Í þessum reit hefur afli á veiðistund minnkað jafnt og þétt um allt að 30% frá árinu 1982. Á öðrum svæðum hefur meðalafli hins vegar haldist góður.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um 11 þús. tonna hámarksafla í Breiðafirði 1985, byggðust á stofnmati í árslok 1984. Var þá gert ráð fyrir því að æskileg hlutdeild umræddra svæða í sunnanverðum firðinum (reitur I), yrði um 2 þús. tonn á árinu 1985, sem er aðeins undir hámarksafrakstri, en veiðin þar var um 3 500 tonn 1984. Af ástæðum sem rekja má til ástands á mörkuðum, eins og áður er getið, varð veiðin í ár mun meiri en æskilegt hefði verið á þessum svæðum enda hörpudiskurinn stærri þar en annars staðar í Breiðafirði. Samkvæmt bráðabirgðatölum höfðu alls fengist um 3 500 tonn á umræddum svæðum, þegar þeim var lokað um miðjan september. Þessi mikla sókn hefur leitt til samdráttar í afla á sóknareiningu og smækkandi skelja í aflanum eins og að framan greinir. Horfur á hörpudisksveiðum á sunnanverðum Breiðafirði (reitur I) 1986 eru því ekki góðar og óhjákvæmilega verður að draga stórlega úr sókninni miðað við undanfarin 2—3 ár. Af þessu leiðir að gera verður ráð fyrir samdrætti í heildarafla, en jafnframt auknum veiðum í norðanverðum firðinum. Er því lagt til að leyft verði að veiða 10 þús. tonn af hörpudiski í Breiðafirði 1986 og að þar af verði aðeins veidd um 10—15% aflans í reit I í sunnanverðum firðinum. Tillaga um 10 þús. tonna aflamark, sem er u. þ. b. hámarksafrakstur fjarðarins nú, byggist því einkum á góðu ástandi annarra svæða.

Smávegis samdráttur varð í afla á veiðistund í Arnarfirði árin 1984—1985 eftir að veiðar fóru verulega fram úr aflakvótanum árið 1983. Ástand miða er þó mjög viðunandi í Arnarfirði og hljóða tillögur upp á 600 tonna veiði þar 1986.

Í Ísafjarðardjúpi fóru hörpudisksveiðar árin 1983—1984 verulega fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Í kjölfarið hefur meðalafli á veiðistund árin 1984—1985 minnkað um 25% eftir að hafa verið mjög stöðugur árin 1980—1983. Því er lagt til að leyfilegur hámarksafli verði þar áfram fremur lágur eða 500 tonn 1986, sem er um 20% undir áætluðum hámarksafrakstri þessa svæðis.

Þokkalegur afli hefur haldist á nýjum miðum í Húnaflóa, Skagafirði og Vopnafirði og lagt er til að kvótar verði óbreyttir á þeim svæðum 1986.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafla af hörpudiski á hinum ýmsu veiðisvæðum árið 1986 eru því sem hér segir:

	Tonn
Breiðafjörður	10 000
Patreks- og Tálknafjörður	200
Arnarfjörður	600
Dýrafjörður	100
Ísafjarðardjúp	500
Húnaflói	1 800
Skagafjörður	500
Vopnafjörður og Bakkaflói	500
Alls	14 200

15. Rækja.

15.1 Veiðarnar 1984 og 1985.

Veiðar hafa gengið heldur verr á árinu 1985 en 1984.

Tafla 15.1.1.
Rækjuafli í tonnum eftir svæðum og árum.

	1981	1982	1983	1984	1985[1])
Tálknafjörður	—	—	20	24	50
Arnarfjörður	662	505	516	308	400
Ísafjörður	2 278	3 051	2 360	2 290	1 200
Húnaflói	2 027	2 547	2 238	2 461	3 100
Skagafjörður	—	—	—	200	200
Öxarfjörður	79	—	135	314	350
Berufjörður	18	21	86	62	80
Reyðarfjörður	—	—	—	44	80
Við Eldey	491	941	1 120	1 828	1 500
Grunnslóð samt.		7 434	6 884	7 875	7 120
Kolluáll	—	—	—	2 813	1 200
Dohrnbankasvæðið	110	—	43	742	900
Norðurkantur	1 463	719	2 557	3 339	4 700
Sporðagrunn	349	698	2 074	2 744	2 300
Við Kolbeinsey	46	8	284	1 982	500
Eyjafjarðaráll	12	11	255	463	130
Skagafjarðardjúp	198	162	340	636	1 800
Við Grímsey	182	137	599	3 069	2 100
Sléttugrunn	—	—	1	118	20
Bakkaflóadjúp	—	—	—	11	100
Héraðsflóadjúp	—	—	10	364	1 500
Berufjarðaráll	—	—	27	72	10
Lónsdjúp	—	—	—	50	40
Önnur Austfjarðamið	—	—	28	188	100
Djúpslóð samt.	2 360	1 735	6 238	16 541	15 400
Annað	16	11			
Rækjuafli samt.	8 146	9 180	13 102	24 416	22 520

1) Áætlaðar tölur

Heildarafli í ár mun að líkindum verða um 22.5 þús. tonn, en hann var 24 416 tonn 1984.

Á grunnslóð varð einkum samdráttur í veiðum í Ísafjarðardjúpi, sem að verulegu leyti má rekja til smokkfiskgangna og fiskseiða í afla haustið 1984. Hins vegar gengu veiðarnar í Húnaflóa betur en nokkru sinni fyrr og aflabrögð við Eldey voru áfram mjög góð.

Rækjuaflinn á djúpslóð hefur minnkað um 7% frá árinu 1984, enda voru gæftir slæmar á norðurmiðum á þessu sumri og kom það einkum niður á smærri bátum. Þar að auki voru heldur færri bátar með veiðileyfi í ár eða 153 á móti 162 árið 1984. Samdráttur varð einkum í rækjuveiði á miðunum við Kolbeinsey, Grímsey og Kolluál. Hins vegar varð veruleg aukning í veiðum á Norðurkanti og í Skagafjarðar- og Héraðsflóadjúpi (sjá töflu 15.1.1.).

15.2 **Ástand rækjustofnanna 1985 og horfur árið 1986.**

Á Eldeyjarmiðum byggðust veiðarnar mest á tveggja og fjögurra ára rækju. Vegna stærðar fyrrnefnda árgangsins eru veiðihorfur því áfram góðar á þessu svæði árin 1986 og 1987.

Afli á togtíma hefur minnkað mikið í Kolluál og Breiðafirði frá árinu 1984 til 1985. Á Breiðafirði hefur afli á togtíma minnkað úr 112 kg 1984 í um 57 kg 1985 og í Kolluál úr 105 kg í 71 kg. Upp á síðkastið hefur veiðin byggst í æ ríkara mæli á tveggja ára rækju þar sem hún er mjög sterkur árgangur í Kolluál eins og við Eldey.

Margt bendir til þess að sami rækjustofn sé í Breiðafirði og Kolluál, enda er árvisst að afli á togtíma rís úr nánast engu á Breiðafirði að vorinu og minnkar síðan jafnt og þétt niður í nær ekkert þegar komið er fram í júní—júlí. Í Kolluál er rækjuafli hins vegar alltaf jafnari frá vori til hausts. Það virðist einkum vera þriggja ára rækja sem fer inn á Breiðafjörð á vorin en meira verður eftir af tveggja ára rækju í Kolluál.

Rækjustofninn á Arnarfirði virðist vera í lægð, sem orsakast einkum af slæmri nýliðun. Veturinn 1984—85 var þriggja og fjögurra ára rækja mest áberandi í veiðinni og verður svo væntanlega vertíðina 1985—86. Hlutdeild 1 árs rækju í aflanum mun þó fara vaxandi, þar eð árgangurinn frá 1984 er talinn sterkur.

Sumarið og haustið 1984 var óvenju mikið um smokkfisk og þorsk í Ísafjarðardjúpi. Útbreiðsla rækju minnkaði því töluvert á svæðinu af þessum sökum. Veiðar gengu einnig illa veturinn 1984—85 vegna fiskseiða í afla. Var fyrst dregið úr vikukvóta um haustið en í janúar og febrúar voru veiðar bannaðar í 5 vikur. Árgangurinn frá 1982 verður uppistaðan í aflanum veturinn 1985—86.

Í Húnaflóa var mjög gott ástand veturinn 1984—85 og byggðist veiðin mikið á fjögurra og fimm ára rækju. Hámarksafrakstur rækjusvæða í Húnaflóa virðist hafa aukist eftir að þar var tekin upp felling á hliðarstykkjum í rækjuvörpum. Þessi nýjung hefur verið almennt notuð í Húnaflóa síðan árið 1983, en ekki er vitað til þess að hún hafi verið tekin upp annars staðar við landið. Afli á togtíma var mestur í Húnaflóa af öllum svæðum eða 827 kg á togtíma að jafnaði veturinn 1984—85. Samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar var hámarksafli aukinn úr 2 500 í 3 000 tonn vorið 1985.

Rækjustofninn í Öxarfirði er nú vaxandi. Sennilega verður 2 ára rækja mest áberandi veturinn 1985—86, en 3 ára og einkum 4 ára rækja verður að líkindum í nokkru magni í veiðinni.

Engar aflatakmarkanir hafa verið á úthafssvæðum og var aflinn 16 540 tonn árið 1984. Sókn verður heldur minni á árinu 1985 en 1984 eins og áður er vikið að. Má því búast við að afli á djúpslóð verði heldur minni árið 1985 en árið áður. Veiðar gengu betur í Bakkaflóa- og Héraðsflóadjúpi árið 1985 en árið áður. Við Kolbeinsey var einnig mikill afli á togtíma en minna var þar veitt á árinu 1985 en 1984. Afli á togtíma var svipaður á öðrum úthafsmiðum bæði árin.

15.3 **Tillögur um hámarksafla.**

Eins og áður eru lagðar fram tillögur um hámarksafla fyrir öll svæði á grunnslóð. Þar við bætist Kolluáll vegna tengsla hans við Breiðafjarðarsvæðið.

Við Eldey hefur hámarksafrakstur aukist verulega undanfarin ár. Má þar sennilega mest þakka góðri nýliðun í nokkur ár. Lagt er til að hámarksafli á þessu svæði verði 1 500 tonn árið 1986.

Hafrannsóknastofnunin leggur nú til að Breiðafjörður — Kolluáll verði eitt svæði bundið kvóta. Þar hefur orðið mikill samdráttur í afla, sem talinn er eiga rætur að rekja til of mikilla veiða árið 1984. Því er lagt til að hámarksafli á þessu svæði verði 1 þús. tonn 1986.

Rækjustofninn í Arnarfirði er enn í talsverðri lægð vegna lélegrar nýliðunar að undanförnu. Því er lagt til að hámarksafli verði áfram lágur eða 400 tonn veturinn 1985/86. Með þessu móti verður sterkur árgangur af 1 árs rækju nýttur til endurreisnar stofnsins í firðinum.

Gert er ráð fyrir betri útkomu veiðanna í Ísafjarðardjúpi veturinn 1985/86 en 1984/85, enda verður góður árgangur þriggja ára rækju ráðandi. Er því lagt til að aflamarki verði 2 200 tonn veturinn 1985/86.

Mjög góð veiði var í Húnaflóa veturinn 1984/85 og er þess vænst að svo verði áfram. Er því lagt til að hámarksafli verði 2 800 tonn veturinn 1985/86.

Stofninn í Öxarfirði er álitinn hafa náð sér að mestu eftir mikla lægð 1980—1982. Lagt er til að hámarksafli verði 500 tonn í Öxarfirði veturinn 1985/86.

Enn sem komið er þykir ekki tímabært að setja hámarksafla á veiðar á djúpslóð norðan lands og austan. Þó kann að vera nauðsynlegt að vernda einstök svæði með lokunum vegna ungrækju.

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um leyfilegan hámarksafla rækju á hinum ýmsu veiðisvæðum eru í töflu 15.3.1.

Tafla 15.3.1.

Rækja. Tillögur um hámarksafla á kvótasvæðum.

	Veturinn 1985/86	Árið 1986
Patreksfjörður-Tálknafjörður	60	
Arnarfjörður	400	
Húnaflói	2 800	
Skagafjörður	200	
Öxarfjörður	500	
Reyðarfjörður		80
Berufjörður		80
Við Eldey		1 500
Breiðafjörður-Kolluáll		1 000

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um hámarksafla í tonnum úr hinum ýmsu nytjastofnum eru því eins og sýnt er í eftirfarandi töflu:

Þorskur	300 000
Ýsa	50 000
Ufsi	60 000
Karfi	85 000
Grálúða	25 000
Skarkoli	10 000
Síld	50 000
Loðna [1]	
Humar	2 500
Hörpudiskur	14 200
Rækja [2]	8 820

1) Bergmálsmælingum í stærð stofnsins er ekki lokið.
2) Sjá nánar töflu 15.3.1.

Fylgiskjal III.

Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu umhverfis Ísland.

1. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland.

1.1. Rannsóknir fyrri ára.

Um árabil hefur árferði í sjónum við Ísland verið metið af gögnum sem safnað hefur verið í leiðöngrum að vorlagi. Í leiðöngrum þessum hefur verið könnuð dreifing sjógerða af suðlægum sem norðlægum uppruna, magn næringarefna, framleiðni þörunga og tegundasamsetning svo og magn og tegundir svifdýra (átu). Áður en fjallað verður sérstaklega um niðurstöður vorleiðangurs 1985, þykir rétt að drepa á nokkur veigamikil atriði sem fram hafa komið í rannsóknum fyrri ára.

Ísland er á mörkum hlýrra og kaldra hafstrauma. Sunnan úr hafi kemur atlantískur hlýsjór upp að landinu, sem streymir norður með Vesturlandi inn á norðurmið og jafnvel allt í kringum landið, þegar vel árar. Norðan úr höfum kemur kaldur pólsjór, sem streymir um Grænlandssund og djúpt fyrir Norður- og Austurlandi.

Sunnan og vestanvert við landið er því ætíð atlantískur hlýsjór og hitastig hans og selta breytist fremur lítið frá ári til árs (hitastig meira en 5°C, selta hærri en 35). Vegna ferskvatnsflæðis af landi er þó oft um verulega seltulækkun að ræða á landgrunninu. Þar er að finna strandstraum sem flæðir réttsælis í kringum landið. Styrkur hans fer eftir magni ferskvatns og þeim öflum sem blanda ferskvatni við sjógerðir á landgrunninu en þar um ræður vindafar miklu. Árin 1984 og 1985 gætti áhrifa strandstraumsins meir að vorlagi en nokkru sinni síðan 1976.

Á hrygningarslóðum sunnanlands er mikill munur frá ári til árs á vorkomu gróðurs sem má meðal annars rekja til breytilegs ferskvatnsflæðis út á grunnin. Það sýnist ljóst, að þegar áhrifa ferskvatns gætir snemma á vorin úti á landgrunninu, myndast skilyrði til gróðuraukningar og þau ár virðist hrygning rauðátunnar hafa tekist vel, t. d. 1973, 1976 og 1981. Kalda vorið 1979 voru áhrif ferskvatns aftur á móti óvenju lítil á landgrunninu og þá varð gróðuraukningin seint á ferð og áta með minnsta móti.

Aðstæður í hafinu norðan Íslands og austan ráðast að verulegu leyti af því hversu mikið streymir af hlýjum og selturíkum Atlantssjó inn á norðurmið. Niðurstöður sjórannsókna að vori fyrir Norðurlandi sýna nokkuð stöðugt ástand 1924—1964 (meðalhita um 5°C og selta um 35). Árin 1965—1971, svonefnd hafísár, breyttist ástandið til hins verra (hitastig var allt að 0°C og selta um 34) þ. e. pólsjórinn kom í staðinn fyrir Atlantssjóinn. Á árunum 1972—1974 varð svo nokkurt lát á flæði pólsjávar og gáfu mælingar þá von um að kuldatímabilið væri liðið hjá. Svo var þó ekki og skiptust á hlý og köld ár allt fram til ársins 1980, en þá var ástand sjávar svipað og fyrir 1965. Árin 1981, 1982 og 1983 voru köld en vorið 1984 varð greinileg breyting, þar sem þá gætti á ný áhrifa hlýsjávar á norðurmiðum.

Þau umskipti, sem urðu á norðurmiðum 1965, höfðu afdrifaríkar afleiðingar á vöxt þörungasvifsins og afkomu rauðátunnar á svæðinu. Mikil lagskipting sjávarins olli því að endurnýjun næringarefna í yfirborðslögum minnkaði og kom það í veg fyrir áframhaldandi vöxt þörunga eftir vorhámark. Á hlýju árunum á undan hafði hins vegar stöðug blöndun viðhaldið nokkuð miklum plöntuvexti fram eftir sumri. Þá var einnig mikil rauðáta á þessu svæði en hún nánast hvarf um 1965. Eins og áður er getið voru frá 1971 miklar breytingar frá ári til árs í útbreiðslu hlýsjávar annars vegar og pólsjávar hins vegar á norðurmiðum. Mismikill þörungagróður endurspeglar vel þær breytingar sem urðu á norðurmiðum 1970—1980. Eftir 1980 hefur samband gróðurmagns og sjógerða verið mun flóknara. Í svalsjó 1981

og 1982 var t. d. mjög mikill gróður að vorlagi, en árið 1984 þegar atlantísk áhrif voru aftur greinileg var gróður hins vegar lítill. Sýnir þetta að ekki er einfalt samband milli gróðurmagns og sjógerða á norðurmiðum. Rauðátan þar hefur ekki náð fyrra magni og alveg fram á síðustu ár hefur hún verið í svipuðu lágmarki og á ísárunum 1965—1971. Sennilega þarf rauðátan nokkurra ára samhangandi góðæri til þess að ná fyrri stofnstærð. Magn kaldsjávar í dýrasvifinu í Austur-Íslandsstraumi, hefur hins vegar lítið breyst undanfarin ár.

Hér hefur í stórum dráttum verið greint frá þeim breytingum sem verða í sjónum við Ísland. Koma þær fram í strandstraumnum sunnan lands og vestan, misjöfnu flæði Atlantssjávar norður fyrir land sem og í misjöfnu flæði pólsjávar á norður- og austurmiðum. Þær hafa veruleg áhrif á fyrstu hlekki fæðukeðjunnar, vöxt þörungasvifsins og afkomu dýrasvifsins og segja síðan til sín ofar í fæðukeðjunni svo sem fram hefur komið í vexti og viðgangi nytjastofna á Íslandsmiðum.

1.2. **Vorið 1985.**

Vorið 1985 var hitastig í atlantíska hlýsjónum sunnan og vestan lands nálægt meðallagi fyrri ára (6—7°C). Á þessu svæði var framleiðni plöntusvifs fremur há, sérstaklega utan landgrunnsins vestur af landinu. Yfir landgrunninu benti upptaka næringarefna til þess að töluverður plöntuvöxtur hefði verið fyrr um vorið. Á þessu svæði mældist óvenju mikil og væn áta sem hafði nýtt sér þörungana fyrir um vorið. Mikill styrkur næringarefna í yfirborðslögum benti til áframhaldandi plöntuvaxtar og nægilegs fæðuframboðs fyrir dýrasvifið.

Fyrir norðan landið var útbreiðsla hlýsjávar 1985 með mesta móti sé miðað við undangengin 20 ár og þegar í lok maí gætti áhrifa hans austur að Langanesi. Yfirborðslögin voru rík af næringarefnum og gróðuraukningin virtist hafa verið með seinna móti. Útbreiðsla hlýsjávar, styrkur næringarefna og magn plöntusvifs svipaði þannig mjög til þess sem var hlýja árið 1980. Á grunnslóðinni norðanlands var lítið um átu en magnið jókst eftir því sem fjær dró landinu. Þó að magn rauðátu á norðurmiðum hafi ekki verið mikið borið saman við önnur svæði við landið sýndu rannsóknir að meira var af rauðátu en undanfarin 5 ár.

Á hafsvæðunum norðaustur af landinu gætti lítið áhrifa hins kalda Austur-Íslandsstraums og var hitastig í yfirborðslögum hvergi undir 0°C. Þörungagróður var fremur lítill á þessu svæði en gera má ráð fyrir því að mikið magn af kaldsjávarátu sem þar var að finna hafi nýtt framleiðslu þörunganna með stöðugri beit.

Austan Íslands náði hlýsjávartungan lengra norður en mörg undanfarin ár. Óvenju mikla átu var þar að finna, en hins vegar lítið af þörungum líkt og annars staðar þar sem mest var af átu.

Umhverfisskilyrði í hafinu við Ísland vorið 1985 reyndust þannig að mörgu leyti sambærileg við ástand á hlýju árunum fyrir 1965. Vegna mikilla breytinga sem geta orðið frá ári til árs verður þó engu spáð um framvindu 1986.

Rannsóknir hafa bent til þess að vindafar vestur af landinu hafi veruleg áhrif á flæði Atlantssjávar inn á norðurmið. Minna er um það vitað hvað aðstæður sunnar í Atlantshafi hafa á þetta flæði. Að vorlagi fer strandstraumurinn við landið mjög eftir veðri og vindum undangenginna vikna og mánaða. Spádómar um árferði í hafinu 1986 eru því á ýmsa lund háðir sömu vandkvæðum og veðurspár til margra mánaða.

Sþ. 160. Fyrirspurn [146. mál]

til sjávarútvegsráðherra varðandi rekstur Síldarverksmiðja ríkisins.

Frá Sveini Jónssyni.

1. Á hvaða tímabili hafa einstakar verksmiðjur verið starfræktar undanfarin þrjú ár og hversu marga daga ár hvert?
2. Hver er afkastageta einstakra verksmiðja og hvað hafa þær tekið á móti miklum afla hver um sig á hverju tímabili?
3. Hverjar eru afurðir einstakra verksmiðja, hversu miklar og hvert hefur verðmæti þeirra verið?
4. Hvaða endurbætur hafa verið gerðar og hvaða nýjungar hafa verið teknar upp við verksmiðjurnar hverja um sig s.l. þrjú ár og hver var kostnaður við þær?
5. Hvaða endurbætur eru áformaðar við einstakar verksmiðjur á allra næstu árum og hver er áætlaður kostnaður?
6. Hver hefur starfsmannafjöldi verið og heildarlaunagreiðslur við hverja verksmiðju á s.l. þremur árum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 161. Fyrirspurn [147. mál]

til menntamálaráðherra um frumvarp til þjóðminjalaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvað veldur því að frumvarp til nýrra þjóðminjalaga, sem boðað var að flutt yrði á 106. löggjafarþingi 1983—84, hefur ekki enn verið lagt fram?

Sþ. 162. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um stefnumörkun í skólamálum.

Flm.: Kristín H. Tryggvadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nú þegar níu manna nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta.

Nefndin verði skipuð þannig: Samtök kennara tilnefni þrjá menn, samtök foreldra tilnefni einn, Kennaraháskóli Íslands tilnefni einn og Alþingi kjósi fjóra. Menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar.

Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti:

Innra starf skólans.
Námsgögn og búnað skóla.
Skólasöfn.
Skólatíma.
Námsefni.
Skólahúsnæði og leikvelli.
Menntun kennara.
Réttindi til kennslu.
Tengsl við atvinnulífið.
Samstarf við heimilin.
Félagsstarf nemenda.
Skólaskipan (dreifbýli, þéttbýli).
Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefndin hafi víðtækt umboð og geti m.a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangurinn með skipun þeirrar nefndar, sem þingsályktunartillagan kveður á um, er sá að hefja nú þegar stefnumótun til langs tíma varðandi meginþætti skólamála og leggja grunn að markvissum vinnubrögðum í þessu skyni.

Sú skólastefna, sem nú er ríkjandi, mótaðist á árunum eftir 1960 og hefur verið að festast í löggjöf síðustu 10—15 árin. Nú stendur yfir endurskoðun grunnskólalaga en ný framhaldsskólalöggjöf hefur ekki enn verið samþykkt á Alþingi en í anda hennar starfa þó margar menntastofnanir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að þróa og breyta stefnu í skólamálum nema á löngum tíma, enda ekki æskilegt. Stefnan í skólamálum þarf að vera ljós allri þjóðinni til að hægt sé að koma í veg fyrir sífellt hringl og öryggisleysi sem bitnar á nemendum, kennurum og foreldrum.

Hafa ber í huga að hinar miklu þjóðlífsbreytingar, sem hér hafa orðið, hafa óhjákvæmilega leitt til breyttra viðhorfa og gjörbreyttra forsendna til náms og kennslu barna og unglinga. Í skýrslu starfshóps frá því í október 1985 um áhrif nýrrar tækni kemur t.d. fram að „öflugt og árangursríkt menntakerfi er forsenda þess að tækninýjungar verði hagnýttar eins og kostur er".

Það er því nauðsynlegt að kanna nú þegar hvernig haga beri stefnumörkun fyrir síðasta tug aldarinnar og marka stefnu í kjölfar þeirrar athugunar og umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er.

Reynsla síðustu missira sýnir mjög glögglega þörfina á að þingmenn, blaðamenn og allur almenningur hafi þekkingu og skilning á hvað gerist innan veggja skólans sem er ein umfangsmesta stofnun þjóðfélagsins og sú sem á e.t.v. stærstan þátt í að leggja grunn að hamingju og hagsæld einstaklingsins og þjóðarinnar.

Sþ. 163. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samkomulag um breytingu á samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sem undirritað var í Lundi 6. maí 1985. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar var undirritaður í Helsingfors 23. mars 1962. Breytingar á honum voru gerðar með samningum 13. febrúar 1971, 11. mars 1974 og 15. júní 1983. Samninginn og breytingarnar er að finna í auglýsingum í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1962, 16/1971, 17/1975 og 13/1983.

Á 30. þingi Norðurlandaráðs í Helsingfors árið 1982 var rætt um hugsanlegar breytingar á starfsemi þeirra stofnana sem starfa á grundvelli Helsingforssamningsins til þess að gera norræna samvinnu virkari. Sérstakri nefnd, Benkow-nefndinni, var falið að gera tillögur um þessi mál. Í framhaldi af skýrslu hennar og umræðum samstarfsráðherra voru samþykktar á 35. þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík fyrr á þessu ári tvær ályktanir, nr. 16 og 17/1985, um skipulag norrænnar samvinnu.

Tillögur, sem settar voru fram í ályktununum, voru teknar upp í samkomulagi um breytingu á Helsingforssamningnum. Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra undirritaði samkomulagið fyrir Íslands hönd í Lundi 6. maí 1985. Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari. Með þingsályktunartillögunni fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samkomulagsins.

Í tengslum við breytingar á Helsingforssamningnum voru einnig gerðar breytingar á samningi frá 15. mars 1971 um samstarf á sviði menningarmála. Matthías Á. Mathiesen undirritaði einnig samning um breytingu á þeim samningi í Lundi 6. maí 1985. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal 2 með þingsályktunartillögu þessari. Að fenginni heimild til fullgildingar breytingar á Helsingforssamningnum mun ríkisstjórnin einnig láta fullgilda breytingu á menningarmálasamningnum.

Helstu breytingar á fyrrgreindum samningum varða ákvörðun um að flytja skrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda í Osló til Kaupmannahafnar og sameina hana skrifstofu þeirri í Kaupmannahöfn sem annast hefur norræna samvinnu á sviði menningarmála. Sjá breytingar á 3. mgr. 61. gr. Helsingforssamningsins og 10. og 12. gr. menningarmálasamningsins. Einnig er ákveðið að fella niður sérstök fjárlög vegna menningarmála, og verður kostnaður af samvinnu á því sviði greiddur samkvæmt sameiginlegum fjárlögum.

Áréttað er að menningar- og menntamálaráðherrar geri tillögur um fjárveitingar á þessu sviði og annist þessa samvinnu almennt. Sjá nýja 3. mgr. 64. gr. Helsingforssamningsins og breytingar á 9. og 15.—17. gr. menningarmálasamningsins.

Aðrar breytingar á Helsingforssamningnum eru þessar:

a) Fulltrúum í stjórnarnefndinni er fjölgað úr fimm í tíu (breyting á 52. gr.).

b) Kveðið er nánar á um skipulag skrifstofu stjórnarnefndarinnar og um ritaranefnd (breyting á 54. gr.).

c) Ráðherranefndinni er gert að leggja fjárhagsáætlun vegna norrænnar samvinnu fyrir þing Norðurlandaráðs, sbr. ákvæði sem getið er hér að framan um samráð við hlutaðeigandi ráðherranefnd (nýjar 2. og 3. mgr. 64. gr.).

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG
um breytingu á samstarfssamningnum milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. febrúar 1971, 11. mars 1974 og 15. júní 1983 hafa breytt samstarfssamningnum frá 23. mars 1962 milli Norðurlandanna, og

sem óska að starfshættir í norrænni samvinnu verði árangursríkari,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

52. og 54. gr. samstarfssamningsins orðist svo:

52. grein

Á hverju aðalþingi kýs þingið stjórnarnefnd sem í eiga sæti einn forseti og níu aðrir fulltrúar. Hver deild ráðsins skal eiga tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Þess skal gætt, svo sem unnt er, að mismunandi stjórnmálastefnur eigi fulltrúa í stjórnarnefndinni.

Fulltrúi í stjórnarnefndinni skal vera kjörinn fulltrúi í ráðinu.

Losni starf fulltrúa í stjórnarnefnd milli tveggja aðalþinga skal deild sú, sem fulltrúinn átti sæti í, velja annan fulltrúa til næsta aðalþings.

Stjórnarnefndin annast dagleg störf ráðsins og er að öðru leyti fulltrúi þess í samræmi við samning þennan og þingsköp ráðsins.

54. grein

Ráðinu til aðstoðar er skrifstofa stjórnarnefndarinnar, sem ritari stjórnarnefndarinnar, sem stjórnarnefndin tilnefnir, veitir forstöðu, svo og nefnd (ritaranefnd) sem í eiga sæti ritari stjórnarnefndarinnar og ritarar deilda landanna.

Stjórnarnefndin ræður ritara nefnda og annað starfslið sem þörf er á til að rækja sameiginleg skrifstofustörf ráðsins. Sérhver deild ræður starfslið sér til aðstoðar.

II.

Fleirtölumynd orðsins „skrifstofur“ í danska, finnska og íslenska textanum í 3. mgr. 61. gr. samstarfssamningsins breytist í eintölumynd.

III.

64. gr. samstarfssamningsins orðist svo:

64. grein

Ráðherranefndin skal fyrir hvert aðalþing Norðurlandaráðs gefa ráðinu skýrslu varðandi norræna samvinnu. Í skýrslu þessari skal ráðherranefndin einkum gera grein fyrir samstarfi liðins árs.

Ráðherranefndin skal fyrir hvert aðalþing Norðurlandaráðs leggja fram sérstaka greinargerð varðandi áætlanir um áframhaldandi samstarf. Með greinargerðinni skal fylgja tillaga að fjárhagsáætlun varðandi norrænu samvinnuna.

Áður en ráðherranefndin lætur vinna tillögu að fjárhagsáætlun skal hlutaðeigandi aðila í Norðlandaráði gefinn kostur á að láta í ljós álit sitt.

IV.

Samkomulagið öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem nauðsynlegar eru til þess að það geti öðlast gildi.

Finnska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hverjum samningsaðila um dagsetningar á móttöku slíkra tilkynninga.

V.

Frumeintak þessa samkomulags skal geymt í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur samningsaðilum í té staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Lundi hinn 6. maí 1985 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fylgiskjal 2.

SAMNINGUR
um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um samstarf á sviði menningarmála.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem með samkomulagi frá 13. júní 1983 hafa breytt samningi frá 15. mars 1971 milli Norðurlandanna um samstarf á sviði menningarmála, og

sem óska að starfshættir í norrænni samvinnu verði árangursríkari,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

I.

9., 10., 12. og 15. gr. samningsins orðist svo:

9. gr.

Ráðherranefndin (menningar- og kennslumálaráðherrarnir) tekur þær ákvarðanir sem nauðsynlegar eru til að ná markmiðum samningsins.

10. gr.

Liður í framkvæmd þessa samnings er að setja á stofn embættismannanefnd um norrænt menningarmálasamstarf.

Ráðherranefndin skipar nefndir og starfshópa til að sinna sérstökum verkefnum.

12. gr.

Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlanda aðstoðar ráðherranefndina og embættismannanefndina. Samkvæmt ákvörðun ráðherranefndarinnar getur hún aðstoðað aðrar norrænar samstarfsstofnanir.

15. gr.

Kostnaður við samstarfið greiðist samkvæmt fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar, sem nefnd er í 64. gr. samstarfssamningsins milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar með áorðnum breytingum.

Ráðherranefndin lætur vinna tillögu að fjárhagsáætlun og ákveður skiptingu fjár til sameiginlegra stofnana, starfsáætlana og annarrar starfsemi innan þess heildarramma, sem settur er í hinni sameiginlegu norrænu fjárhagsáætlun.

II.

16.—19. gr. samningsins falla brott, og núverandi 20.—22. gr. verða 16.—18. gr.

III.

Samningurinn öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag sem allir samningsaðilar hafa tilkynnt finnska utanríkisráðuneytinu að þær ráðstafanir hafi verið gerðar sem nauðsynlegar eru til þess að hann geti öðlast gildi.

Finnska utanríkisráðuneytið skal tilkynna hverjum samningsaðila um dagsetningar á móttöku slíkra tilkynninga.

IV.

Frumeintak þessa samnings skal geymt í finnska utanríkisráðuneytinu sem lætur hverjum samningsaðila í té staðfest eftirrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lundi hinn 6. maí 1985 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu þeir textar allir jafngildir.

Ed. 164. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Í stað „útsvör“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi: þinggjöld.

2. gr.

10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 11. september 1985, hefur hann borið fram ábendingar vegna vankanta, er varða framkvæmd laga um sóknargjöld, er samþykkt voru á síðasta Alþingi. Segir svo í bréfi ríkisskattstjóra:

„Samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þessara öðlast þau gildi hinn 1. janúar 1986. Skv. ákvæðum 1. mgr. 1. gr. laganna er viðmiðun gjaldsins tekjuárið, þ.e.a.s., sbr. upphafsorð 2. gr., útsvarsstofn ákveðins tekjuárs. Fyrsta tekjuár til viðmiðunar er skv. 10. gr. tekjuárið 1986. Augljóst er því að sóknargjöld, að lögum þessum óbreyttum, verða því eigi álögð af skattstjórum, sbr. 6. gr. laganna, fyrr en á gjaldárinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

Jafnframt er fram tekið í 10. gr. laganna að úr gildi falli hinn 1. janúar 1986 lög nr. 36 1948 um sóknargjöld, svo og lög nr. 40/1964 um breytingu á þeim lögum.

Auðsætt er því að sóknargjöld verða eigi innheimt skv. lögum nr. 36/1948, sbr. lög nr. 40/1964, á gjaldárinu 1986.

Augljóst er að úrbóta er þörf á ákvæðum 10. gr. laga nr. 80/1985 ef sóknarkirkjur eiga að afla einhverra tekna á gjaldárinu 1986. Úr þessu er auðvelt að bæta með breytingu á 10. gr. í það horf sem orðalag þeirrar greinar hljóðaði á þskj. 762, þó með breyttum ártölum eða á þennan veg:

10. gr. laganna hljóði svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og fer samkvæmt þeim um álagningu gjalda á árinu 1986 vegna tekna á árinu 1985.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld, svo og lög nr. 40 20. maí 1964, um breytingu á þeim.

Jafnframt leyfi ég mér að benda á æskilega breytingu á 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt um innheimtu sóknargjalda og skv. ákvæðum 7. gr. laganna annast innheimtumenn ríkissjóðs innheimtu gjaldsins. Með hliðsjón af því tel ég rétt að gjöldin verði birt á sama hátt og þinggjöld og hlíti sömu reglum og þinggjöld en ekki útsvör. Legg ég því til að ásamt breytingu á 10. gr. laganna verði lögð fram svohljóðandi breyting á 6. gr. laganna:

6. gr. laganna breytist svo:

a) í stað orðsins „útsvör“ í lok 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. komi orðið: þinggjöld;

b) í stað orðsins „útsvör“ í 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi orðið: þinggjöld.

Sé það ætlun löggjafarvaldsins að sóknargjöld verði álögð og innheimt á gjaldárinu 1986 er það nauðsynlegt vegna undirbúnings á framkvæmd álagningar gjaldsins á því gjaldári að umrædd breyting á 10. gr. laganna verði samþykkt á Alþingi sem allra fyrst á þessu hausti."

Frumvarp þetta er flutt til að sníða af þá vankanta á lögunum, er ríkisskattstjóri hefur bent á, og að hluta til (10. gr.) urðu við meðferð lagafrumvarpsins á Alþingi.

Nd. 165. Frumvarp til laga [151. mál]

um geislavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Lögum þessum er ætlað að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum í því skyni að koma í veg fyrir skaðleg áhrif slíkrar geislunar.

Með jónandi geislun er átt við geislun frá geislavirkum efnum, röntgengeislun eða aðra geislun, sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

Með geislatækjum er átt við tæki sem innihalda geislavirkt efni eða framleiða jónandi geislun.

2. gr.

Með markvissum aðgerðum skal vinna að þessu, m.a. með nauðsynlegu eftirliti með innflutningi og allri meðferð geislavirkra efna og geislatækja, svo og með athugunum og rannsóknum á sviði geislavarna. Enn fremur með alhliða fræðslu og upplýsingum um geislavarnir.

3. gr.

Lög þessi gilda um öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum samkvæmt alþjóðasamningum.

II. KAFLI

Geislavarnir ríkisins.

4. gr.

Ríkið rekur stofnun, er nefnist Geislavarnir ríkisins, sem er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbrigðismálaráðherra. Stofnunin hefur það hlutverk að annast öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

5. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Geislavarna ríkisins. Forstöðumaður skal hafa viðurkennt háskólapróf á sviði eðlisfræði og sérmenntun og starfsreynslu á sviði geislavarna, er heilbrigðisyfirvöld meta gilda.

6. gr.

Forstöðumaður sér um stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk hennar.

7. gr.

Auk þess, sem tiltekið er í lögum þessum, skulu Geislavarnir ríkisins annast:

1) Fræðslu um geislavarnir fyrir starfsfólk, er vinnur við jónandi geisla, svo og upplýsingar fyrir almenning og fjölmiðla.
2) Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks, er vinnur við jónandi geisla.
3) Hvers konar eftirlit og athuganir, sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða reglum settum samkvæmt þeim.
4) Rannsóknir á sviði geislavarna.
5) Eftirlit og umsjón með að lögum þessum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim, sé fylgt.
6) Önnur verkefni á sviði geislavarna, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

8. gr.

Ráðherra getur falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni skyld þeim verkefnum, er þessi lög fjalla um.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara svo og um starfsemi Geislavarna ríkisins og eftirlit á þess vegum.

III. KAFLI

Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar.

10. gr.

Enginn má framleiða eða flytja inn, eiga eða selja, hafa undir höndum eða afhenda öðrum geislavirk efni, hvort sem þau eru hrein, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né tæki sem geta framleitt jónandi geisla, nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 12. gr.

11. gr.

Heilbrigðismálaráðherra veitir leyfi samkvæmt 10. grein. Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela Geislavörnum ríkisins útgáfu slíkra leyfa. Umsóknir um leyfi þessi skulu ritaðar á sérstök eyðublöð, er Geislavarnir ríkisins láta gera.

12. gr.

Eigi þarf leyfi samkvæmt 11. grein vegna:

1) Sjálflýsandi úra, vasaáttavita, mæla og annarra slíkra tækja, er innihalda mjög lítið magn geislavirkra efna, eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins.
2) Ratsjáa, sjónvarpstækja, rafeindasmásjáa og annarra slíkra tækja, eftir nánari ákvörðun Geislavarna ríkisins, enda séu þau ekki til þess ætluð að framleiða jónandi geisla.

13. gr.

Geislatæki og geislavirk efni, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar eða til meðferðar, skulu vera í eigu viðurkenndra heilbrigðis-, rannsókna- og menntastofnana eða lækna, tannlækna og dýralækna, eftir því sem við á hverju sinni.

IV. KAFLI
Uppsetning og breytingar á geislatækjum.

14. gr.

Þegar setja skal upp geislatæki eða breyta slíkum tækjum skal senda Geislavörnum ríkisins áætlun um verkið. Óheimilt er að hefja verkið fyrr en fengið er samþykki þeirra.

V. KAFLI
Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

15. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu annast reglubundið eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum, sem leyfi þarf fyrir samkvæmt 11. grein. Í því skyni skal starfsmönnum Geislavarna ríkisins heimill frjáls aðgangur að sérhverjum þeim stað þar sem þessi tæki og efni eru notuð og geymd. Þess ber að gæta að eftirlitið valdi sem minnstri röskun á daglegri starfrækslu tækja og efna.

16. gr.

Geislavarnir ríkisins skulu fyrirskipa eigendum geislatækja og geislavirkra efna að framkvæma þær lagfæringar sem taldar eru nauðsynlegar. Ef lagfæringar eru eigi framkvæmdar innan tiltekins frests, er heimilt að banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram.

17. gr.

Sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant, skulu Geislavarnir ríkisins banna frekari notkun tækja og efna þar til lagfæring hefur farið fram.

18. gr.

Skráður eigandi tækis eða efnis, sem eftirlitsskylt er samkvæmt lögum þessum, skal greiða sérstakt gjald vegna eftirlitsins. Gjaldinu skal varið til þess að standa undir kostnaði við eftirlitsstarfsemi Geislavarna ríkisins.

Heilbrigðismálaráðherra setur gjaldskrá vegna eftirlitsins og annarrar þjónustu, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Um innheimtu skal kveða á í reglugerð. Eftirlitsgjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í hinu eftirlitsskylda tæki í 2 ár eftir gjalddaga.

VI. KAFLI
Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

19. gr.

Óheimilt er að hefja eða breyta starfsemi, þar sem notuð eru geislavirk efni eða geislatæki, án leyfis Geislavarna ríkisins.

20. gr.

Geislavirk efni og geislatæki eru starfrækt á ábyrgð eiganda. Við sjúkdómsgreiningu eða meðferð skulu þau starfrækt undir handleiðslu og faglegri ábyrgð læknis, dýralæknis eða tannlæknis, eftir því sem við á.

21. gr.

Við hönnun og byggingu húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir starfsemi, þar sem nota á geislavirk efni eða geislatæki, skal leitað álits Geislavarna ríkisins á því, hvort fyrirhugað húsnæði, aðstaða og búnaður uppfylli kröfur, sem gerðar eru um geislavarnir.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Heilbrigðismálaráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins, að það sem segir í lögum þessum um jónandi geislun skuli einnig gilda að fullu eða að hluta um ekki-jónandi geislun.

Með ekki-jónandi geislun er átt við útfjólublåa geislun, laser-geislun, örbylgjugeislun eða aðra geislun, sem hefur hliðstæð líffræðileg áhrif.

23. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal refsað með sektum eða varðhaldi, séu sakir miklar. Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 95 1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, með síðari breytingum, svo og ósamrýmanleg ákvæði 1., 3., 9., 17. og 19. gr. laga nr. 109 1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur

Þau lög, sem nú eru í gildi, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum, voru samþykkt á Alþingi árið 1962. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og eðlilegt, að umrædd lög séu endurskoðuð og löguð að breyttum aðstæðum frá þeim tíma, er þau voru samþykkt.

Við endurskoðun laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum, hefur einkum verið stuðst við lögin sjálf, með síðari breytingum, reglugerð nr. 8/1968 um Geislavarnir ríkisins, svo og sambærileg lög annarra Norðurlanda.

Leitast hefur verið við að laga lögin að breyttum aðstæðum og þróun frá árinu 1962. Í frumvarpinu eru því margar breytingar frá þeim lögum, er nú eru í gildi. Auk þess, sem að ofan er getið, kemur þar einkum til, að í frumvarpið hefur verið felld, að nokkru leyti, reglugerð nr. 8/1968 um Geislavarnir ríkisins. Við endurskoðunina hefur verið höfð hliðsjón af því, hvernig starfsemi á sviði geislavarna er fyrir komið annars staðar á Norðurlöndum.

Til glöggvunar er hér gerð stutt grein fyrir því, hvers eðlis starfsemi á sviði geislavarna á Íslandi er, svo og hvernig þeirri starfsemi hefur verið fyrir komið til þessa. Einnig er gerð stutt grein fyrir fyrirkomulagi geislavarna annars staðar á Norðurlöndum.

2. Geislavarnir á Íslandi.

Á grundvelli laga nr. 95/1962 var komið á fót Geislavörnum ríkisins, sem samkvæmt reglugerð nr. 8/1968, annast öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum og skal miða starfsemi þeirra við reglur Alþjóða geislavarnaráðsins (ICRP).

Á Íslandi er jónandi geislun fyrst og fremst notuð til greiningar og meðferðar á sjúkdómum. Langmest er notkun hennar við röntgenrannsóknir og geislalækningar. Á Íslandi eru nú gerðar um 120 000 röntgenrannsóknir árlega eða um 530 rannsóknir á hverja 1000 íbúa. Er þetta mjög svipað og í nágrannalöndum okkar.

Vitað er að röntgenrannsóknir hafa í för með sér mun meiri geislun til almennings, en önnur notkun jónandi geislunar. Þess vegna er veigamesti þátturinn í starfsemi á sviði geislavarna hérlendis tengdur notkun röntgengeisla til sjúkdómsgreiningar á einn eða annan hátt.

Fyrirbyggjandi starfsemi og eftirlitsstarf felst að verulegu leyti í reglubundnu og samfelldu eftirliti með röntgentækjum og er stærsti þáttur þess eftirlit með rúmlega 350 tækjum til sjúkdómsgreininga, enn fremur mánaðarlegt eftirlit með geislaskömmtum tæplega 600 starfsmanna, er vinna við jónandi geislun.

Á síðari árum hefur notkun geislavirkra efna og tækja, sem innihalda geislavirk efni, aukist mjög hér á landi, og eru nú geislavirk efni notuð á rúmlega 40 stöðum. Hér er um að ræða notkun við kennslu og rannsóknir, til sjúkdómsgreininga og lækninga, sem og í iðju og iðnaði. Einnig er nokkuð um notkun röntgentækja í iðnaði.

Á árinu 1982 var starfssvið Geislavarna ríkisins aukið mjög verulega með lögum nr. 58 1982 um breytingu á lögum nr. 95/1962, þannig að þau lög gætu einnig náð yfir svonefnda ekki-jónandi geislun (hitageislun). Sem dæmi um ekki-jónandi geislun má nefna útfjólubláa geislun (ljós), innrauða geislun og örbylgjur. Notkun ekki-jónandi geislunar hefur aukist mjög á síðari árum í læknisfræði, í iðju og iðnaði og á heimilum. Má þar nefna, auk sólarlampa og örbylgjuofna, ýmiss konar hitalampa (gigtarlampa) og fleiri geislatæki.

Vitað er, að ekki-jónandi geislun getur m. a. valdið skaða á augum og húð, og að samband er á milli húðkrabbameins og útfjólublárrar geislunar. Um samband annarra tegunda ekki-jónandi geislunar og krabbameins er ekki vitað með vissu. Þetta svið hefur því verið tekið föstum tökum í flestum nágrannalöndum okkar og er fyllilega tímabært, að svo verði einnig hér. Geislavarnir á þessu sviði beinast einkum að eftirliti með innflutningi, fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum.

Þegar á árinu 1983 hófst eftirlit með innflutningi sólarlampa, með stoð í fyrrgreindum lögum og samkvæmt reglugerð nr. 449/1982, en mikill fjöldi slíkra lampa hefur verið fluttur inn til landsins.

Með gildistöku laga nr. 50/1982, sbr. nú lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er tóku gildi 1. ágúst 1982, voru Geislavarnir ríkisins lagðar niður sem sjálfstæð stofnun og Hollustuvernd ríkisins falið að annast þá starfsemi, sem Geislavarnir ríkisins höfðu haft með höndum.

Starfsemi Geislavarna er verulega frábrugðin annarri starfsemi innan Hollustuverndar ríkisins. Sérstaða Geislavarna er einkum fjórþætt. Í fyrsta lagi vegna þess að starfsemi þeirra er skýrt mörkuð í öðrum lögum og reglugerðum en lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og reglugerðum er byggja á þeim lögum. Í öðru lagi vegna þess, að í reglugerð nr. 5/1968 eru gefin fyrirmæli um að starfsemina skuli miða við reglur ákveðinnar alþjóðlegrar stofnunar, Alþjóða geislavarnaráðsins (ICRP). Hliðstæð ákvæði er að finna í löggjöf flestra ríkja Vestur-Evrópu. Í þriðja lagi, að samkvæmt reglugerð nr. 5/1968, er innheimt eftirlitsgjald vegna eftirlits Geislavarna og skal því varið til þess að standa undir kostnaði af eftirlitinu, þ. e. renna til Geislavarna. Í fjórða lagi byggist fagleg starfsemi Geislavarna á eðlisfræði, nánar tiltekið geisla- og kjarneðlisfræði, en ekki á efna- og gerlafræði, hvað þá heilbrigðiseftirliti í hefðbundnum skilningi þess orðs eins og önnur fagleg starfsemi innan stofnunarinnar hvílir á. Enn fremur má benda á að lögum samkvæmt er Hollustuvernd ríkisins ekki ætlað svokallað frumeftirlit. Hið sama verður ekki sagt um Geislavarnir, sem er beinn eftirlitsaðili. Vegna þessa, svo og vegna þess, hve starfssvið Geislavarna er sérhæft, er hér um að ræða jaðarsvið innan Hollustuverndar ríkisins.

Sökum þess, hve starfsemi Geislavarna er sérhæfð og frábrugðin annarri starfsemi innan Hollustuverndar ríkisins, er hvorki hægt að koma við samnýtingu á sérmenntuðu

starfsfólki né á tækjabúnaði með öðrum deildum. Um skörun starfsemi við aðrar deildir er ekki um að ræða, nema í sérstökum tilfellum.

Með hliðsjón af þeim faglega grunni, er Geislavarnir hvíla á, svo og með hliðsjón af notkun jónandi geislunar hér á landi er æskilegt, að starfsemi á sviði geislavarna hér á landi sé í nánum tengslum við stærstu sjúkrahúsin í landinu, Háskóla Íslands svo og embætti landlæknis. Góðir möguleikar eru á samnýtingu á aðstöðu og tækjabúnaði með stærstu sjúkrahúsunum og hugsanlega Háskóla Íslands.

Vegna þess eftirlits, er Geislavarnir hafa með höndum, ber nauðsyn til, að starfsemi þeirra sé í höndum sjálfstæðrar stofnunar, en ekki stjórnunarlega tengd þeim aðilum, er hún á að hafa eftirlit með.

3. Geislavarnir annars staðar á Norðurlöndum.

Það er eðlilegt, þegar rætt er um hvernig starfsemi á sviði geislavarna á Íslandi sé best fyrir komið, að litið sé á, hvernig hliðstæðri starfsemi er fyrir komið annars staðar á Norðurlöndum. Þar sjá sérstakar, sjálfstæðar stofnanir um starfsemi á sviði geislavarna, nema í Danmörku, þar sem geislavarnirnar eru sérstök stofnun innan Sundhedsstyrelsen. Starfa þessar stofnanir allar í nánum tengslum við stærstu sjúkrahús og háskóla viðkomandi landa og má meðal annars geta þess að sænsku geislavarnirnar, sem eru ein virtasta stofnun sinnar tegundar í heiminum, er staðsett við Karolinska sjúkrahúsið í Stokkhólmi og starfar í nánum tengslum við það svo og háskólann. Er það álit þeirra, er til þekkja, að einmitt þetta sambýli og þessi tengsl, hafi verið mjög til góðs og stuðlað að þeim mikla árangri, sem náðst hefur í Svíþjóð, bæði á sviði geislavarna, geislalíffræði, geislaeðlisfræði og tengdra greina innan læknisfræði.

4. Niðurstaða.

Með hliðsjón af því, sem lýst hefur verið hér að framan, er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að fyrirkomulag starfsemi á sviði geislavarna hér á landi verði með svipuðu sniði og annars staðar á Norðurlöndum, eins og eðlilegt hlýtur að teljast, þar sem samvinna milli Norðurlandanna er mikil og árangursrík á þessu sviði, m. a. sameiginleg útgáfa, sbr. samnorrænar geislavarnareglur. Gert er ráð fyrir, að starfsemin verði í höndum Geislavarna ríkisins, er heyri undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þær breytingar, er hér um ræðir, eiga ekki að hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, þar sem þessi starfsemi er þegar fyrir hendi og kostnaður við hana greiddur að verulegu leyti með eftirlitsgjöldum þeirra, er lúta eftirliti Geislavarna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. KAFLA

Tilgangur og gildissvið.

Þessi kafli er í heild sinni nýr. Í **1. grein** er gerð grein fyrir tilgangi laganna, sem er að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum. Í **2. grein** er greint frá því hvernig tilgangi laganna skuli ná og í **3. grein** er fjallað um gildissvið laganna.

Um II. KAFLA

Geislavarnir ríkisins.

Þessi kafli er nýr, en svarar að nokkru leyti til I. kafla reglugerðar nr. 8/1968, um Geislavarnir ríkisins.

4. grein segir, að öryggisráðstafanir gegn geislun frá geislavirkum efnum og geislatækjum skuli var í höndum stofnunar, er nefnist Geislavarnir ríkisins. Hér er um að ræða breytingu til samræmis við það fyrirkomulag, sem var fyrir gildistöku laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. grein segir af hverjum forstöðumaður sé skipaður svo og hvaða menntun og starfsreynslu hann skuli hafa.

6. grein tiltekur hvert starfssvið forstöðumanns skuli vera.

7. grein kveður á um starfssvið stofnunarinnar.

8. grein segir, að ráðherra geti falið stofnuninni að fjalla um tiltekin mál eða verkefni, skyld þeim verkefnum er þessi lög fjalla um.

9. grein segir að heilbrigðismálaráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum svo og um starfsemi Geislavarna ríkisins, og þá sérstaklega um eftirlit á vegum stofnunarinnar.

Um III. KAFLA

Leyfi til innflutnings, framleiðslu, eignar, sölu og afhendingar.

Þessi kafli svarar efnislega til 1., 2., og 3. grein laga nr. 95/1962, með breytingum og nýmælum.

10. grein svarar til 1. greinar eldri laga og **11. grein** svarar til 2. greinar sömu laga, með þeirri breytingu, að gert er ráð fyrir að ráðherra geti falið Geislavörnum ríkisins útgáfu tiltekinna leyfa.

Í **12. grein,** er svarar til 3. greinar eldri laga, hafa verið felldir niður fyrstu tveir liðir þeirrar greinar um innflutning ákveðinna geislavirkra frumefna án sérstaks leyfis. Slíkur innflutningur gerir erfitt að halda uppi lögboðnu eftirliti með meðferð, notkun og geymslu efnanna, eftir að þau eru komin til landsins.

13. grein er nýmæli. Í henni er kveðið á um hvaða aðilar, stofnanir og einstaklingar megi eiga geislavirk efni og geislatæki, sem notuð eru til sjúkdómsgreiningar og meðferðar.

Um IV. KAFLA

Uppsetning, flutningur og breytingar geislatækjum.

14. grein svarar efnislega til 9. greinar reglugerðar nr. 8/1968.

Um V. KAFLA

Eftirlit með geislatækjum og geislavirkum efnum.

Þessi kafli svarar efnislega til 3. greinar og II. kafla reglugerðar nr. 8/1968, með nokkrum breytingum og nýmælum.

15. grein svarar til greinar 3.1. og greinar 5 í reglugerð.

16. grein svarar til 6. greinar reglugerðar.

17. grein er nýmæli og kveður á um að sé öryggisútbúnaði stórlega ábótavant skuli eftirlitsaðili leggja bann við frekari notkun tækja og efna, uns lagfæring hefur farið fram.

18. grein svarar efnislega til 7. greinar reglugerðar. Gert er ráð fyrir, að heilbrigðismálaráðherra setji gjaldskrá, að fengnum tillögum Geislavarna ríkisins. Gert er ráð fyrir, að gjöldin renni til Geislavarna ríkisins og að þeim skuli varið til þess að standa undir kostnaði við eftirlitsstarfsemi Geislavarna ríkisins.

Um VI. KAFLA

Notkun geislavirkra efna og geislatækja.

Þessi kafli er nýmæli.

19. grein segir að óheimilt sé að hefja eða breyta starfsemi, þar sem notuð er jónandi geislun, án heimildar Geislavarna ríkisins.

20. grein segir hverjir beri ábyrgð á starfrækslu geislavirkra efna og geislatækja.

21. grein fjallar um skyldur þeirra, er hanna og byggja húsnæði og aðra aðstöðu, þar sem nota á jónandi geislun.

Um VII. KAFLA

Ýmis ákvæði.

Í **22. grein** er heimild til handa ráðherra að ákveða, að lög þessi skuli ná að fullu eða að hluta, til ákveðinna tegunda ekki-jónandi geislunar. Þetta er í samræmi við breytingar, sem gerðar hafa verið á eldri lögum árið 1982, sbr. lög nr. 58/1982, og hefur þegar verið hafið eftirlit með innflutningi tækja, er gefa frá sér útfjólubláa geisla (sólarlampar), samkvæmt reglugerð nr. 449/1982.

23. grein svarar til 5. greinar eldri laga.

24. grein kveður á um, hvenær lögin taka gildi, svo og hvaða lagaákvæði falla úr gildi við gildistöku þeirra.

Nd. 166. Frumvarp til laga [152. mál]

um stöðvun okurlánastarfsemi.

Flm.: Svavar Gestsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson,
Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Ólafur Ragnar Grímsson,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Öll skuldabréf, sem gefin eru út eftir gildistöku laga þessara, skulu skráð á nafn og nafnnúmer. Handhafaskuldabréf útgefin fyrir gildistöku laganna skulu skráð á nafn á næsta gjalddaga eftir að lög þessi taka gildi.

2. gr.

Þegar veðskuldabréfi er þinglýst skal fógeti senda viðkomandi skattstofum upplýsingar um skuldabréfið, kaupanda þess og seljanda.

3. gr.

Þeir, sem starfrækja verðbréfamiðlun eða fasteignasölu, skulu hafa sérstök leyfi til starfseminnar. Leyfi til verðbréfamiðlunar skulu gefin út af viðskiptaráðuneyti en leyfi til fasteignasölu af félagsmálaráðuneyti. Leyfin skulu gilda til tveggja ára í senn.

4. gr.

Bankaeftirlitinu er heimilt að rannsaka fjárhag og rekstur þeirra aðila sem leyfi hafa hlotið til verðbréfamiðlunar skv. 3. gr. Form viðskiptaskjala, sem fela í sér skuldbindingar og geta gengið kaupum og sölum hjá verðbréfamiðlunum, skulu hafa hlotið samþykki bankaeftirlitsins. Félagsmálaráðuneytið skal setja sambærilegar reglur um fasteignasölur og getur ráðuneytið samið við bankaeftirlitið um eftirlit með þeim.

5. gr.

Skuldabréf, sem ekki eru í samræmi við ákvæði laga þessara, eru ógild. Á nafnlausum bréfum verða því ekki reistar innheimtukröfur af neinu tagi.

6. gr.

Bankar og innlánsstofnanir, svo og verðbréfafyrirtæki og fasteignasölur sem hlotið hafa leyfi skv. 3. gr., skulu senda skattstofum allar upplýsingar um kaup og sölu verðbréfa og greiðslur inn á verðbréf fyrir 20. janúar ár hvert fyrir viðskipti næstliðins árs.

7. gr.

Nú selur aðili skuldabréf og skal hann þá tilkynna um söluna og nafn kaupanda bréfsins til viðkomandi skattstofa. Vanræki seljandi skuldabréfs að tilkynna söluna skal hann bera skatta af þeim tekjum sem bréfið gefur af sér.

8. gr.

Seðlabankinn skal birta reglulega tilkynningu um leyfilega hámarksvexti í lánsviðskiptum. Berist bankaeftirlitinu upplýsingar um að einhver aðili taki hærri vexti en Seðlabankinn leyfir eða afföll af skuldabréfum skal bankaeftirlitið tafarlaust rannsaka málið og taka afstöðu til þess hvort viðkomandi skuli halda starfsleyfi sínu áfram. Ráðherra getur þá, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, svipt hann starfsleyfi án frekari viðvörunar.

9. gr.

Banakeftirlitið getur frá og með gildistöku laga þessara, og þrátt fyrir lög um Seðlabanka Íslands, starfað sem sjálfstæð stofnun og án þess að leita leyfis Seðlabankans fyrir aðgerðum sem byggjast á lögum þessum. Heyrir þá bankaeftirlitið beint undir viðskiptaráðherra.

10. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en skulu endurskoðuð fyrir árslok 1986. Skal þá viðskiptaráðherra leggja nýtt frumvarp fyrir Alþingi að fenginni reynslu af lögum þessum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til þess að setja þegar í stað skorður við ört vaxandi okurlánastarfsemi að undanförnu.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur það komið fram að hún er með ýmislegt í athugun er þessi mál varðar en ekki stendur til að grípa til neinna sérstakra ráðstafana þegar í stað. Þingmenn Alþýðubandalagsins telja núverandi ástand óviðunandi og óhjákvæmilegt að grípa tafarlaust til ráðstafana gagnvart okrinu. Því er þetta frumvarp lagt fram og flutningsmenn eru tilbúnir til viðræðna um breytingar á því enda náist markmið frumvarpsins fram.

Ástæðurnar fyrir aukinni starfsemi okurlánara nú eru ekki síst tvær. Það er í fyrsta lagi mikil og almenn kjaraskerðing vorið 1983, sem haldist hefur síðan, og í öðru lagi „vaxtafrelsið“ sem formaður Sjálfstæðisflokksins og forusta Framsóknarflokksins komu á sumarið 1984 og sú upplausn sem fylgt hefur í kjölfarið.

Frumvarpið er flutt í framhaldi af fyrri tillöguflutningi Alþýðubandalagsins um þessi mál og í framhaldi af þeim umræðum sem urðu á Alþingi í síðustu viku um okurvaxtamálin. Frumvarpið byggist enn fremur á samþykktum landsfundar Aþýðubandalagsins.

Um 1. gr.

Greinin er nokkurn veginn samhljóða 2. tölul. 9. gr. frumvarps þingmanna Alþýðubandalagsins, um verndun kaupmáttar o.fl., sem flutt var snemma á síðasta þingi og gerði ráð fyrir því að öll skuldabréf yrðu framvegis skráð á nafn og handhafaskuldabréf þar með afnumin. Þetta efnisatriði er hér endurflutt. Jafnframt er lagt til að þau handhafaskuldabréf, sem nú eru í umferð, verði skráð á nafn næst þegar greitt er af þeim eftir gildistöku laga þessara.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að skattstofur fái tafarlaust allar upplýsingar um ný veðskuldabréf, kaupendur og seljendur þeirra. Þar með á skattyfirvöldum að vera kleift að fylgjast með bréfum þessum og að krefja eigendur þeirra um allar upplýsingar varðandi tekjur af bréfunum. Þetta ákvæði er því forsenda þess að vaxtatekjur verði skattlagðar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því að til þess að starfrækja verðbréfamiðlun og fasteignasölu þurfi leyfi frá viðkomandi ráðuneytum og séu þau aðeins gefin út til tveggja ára í senn.

Um 4. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar verður bankaeftirlitinu heimilt að hafa reglulegt eftirlit með þeim fyrirtækjum sem hér um ræðir. Þá er gert ráð fyrir því að form skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga verði samþykkt af bankaeftirlitinu. Sambærileg regla hefur verið lögleidd í grannlöndum okkar.

Um 5. gr.

Sett er inn í frumvarpið öryggisákvæði um að skuldabréf eða hliðstæð kröfubréf falli úr gildi ef þau fullnægja ekki skilyrðum þessara laga. Þar með verða ekki reistar innheimtuaðgerðir, fjárnám, lögtök né nauðungaruppboð á grundvelli slíkra bréfa.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar miða að því að auðvelda allt skatteftirlit með starfsemi verðbréfafyrirtækja og fasteignasala. Þannig verður þeim skylt að gera skattyfirvöldum grein fyrir öllum viðskiptum sínum. Hið sama gildi um banka og þar með felld niður bankaleynd að hluta til. Ástæðan til þess að fasteignasölur eru hafðar með í lagafrumvarpi þessu er sú að þær gefa út og ganga frá skuldabréfum í stórum stíl. Verði þetta frumvarp samþykkt eiga þessir aðilar að senda frá sér skrá yfir viðskiptamenn sína til skattstofanna á svipaðan hátt og nú gerist með launamiða.

Um 7. gr.

Lögð er sú skylda á eigendur skuldabréfa að þeir tilkynni skattstofum um sölu bréfanna. Vanræki seljandinn að tilkynna söluna ber hann skaðann í formi skatta sem honum er gert að greiða af þeim tekjum sem bréfið skilar af sér.

Um 8. gr.

Nú ríkir algjör óvissa um vexti og þar með réttarstöðu fólks á peningamarkaðnum. Hér er lögð sú lagaskylda á Seðlabankann að hann gefi út tilkynningu um hámarksvexti. Ef bankaeftirlitinu berast upplýsingar um vaxtatöku eða afföll umfram leyfilegt hámark skal eftirlitið án tafar hefja rannsókn málsins. Telji bankaeftirlitið ástæðu til skal það leggja til við ráðherra að viðkomkandi aðili verði sviptur starfsleyfi. Ráðherra getur þá, ef honum sýnist svo, afturkallað starfsleyfið án viðvörunar.

Um 9. gr.

Lögin um Seðlabanka Íslands kveða á um starfsskyldur bankaeftirlitsins. Þar er eftirlitið sett undir bankastjórn Seðlabankans. Hér er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir þessi lagaákvæði um Seðlabankann eigi bankaeftirlitið að vera sjálfstæð stofnun að því er tekur til starfsemi sem byggist á lögum þessum. Þarf bankaeftirlitið ekki að leita samþykkis bankastjórnar Seðlabankans fyrir aðgerðum sem það telur nauðsynlegar og samrýmast ákvæðum laganna.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því að lögin gildi aðeins um skamma hríð óbreytt enda komi önnur lagaákvæði og fyllri þegar reynsla liggur fyrir af lögum þessum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir öðrum viðurlögum en þeim sem almenn hegningarlög kveða á um. Sjálfsagt er að Alþingi athugi við meðferð málsins hvort rétt sé að ganga lengra varðandi viðurlög við brotum á lögum þessum.

Sþ. 167. Fyrirspurn [153. mál]

til dómsmálaráðherra um störf ríkissaksóknara.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hve mörg kærumál bárust embætti saksóknara á árinu 1984, hver voru þau og hvaða meðferð hlutu þau?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 168. Fyrirspurn [154. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um útgjöld vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver voru útgjöld sjúkratrygginga frá 1. janúar 1983 til 31. október 1985 vegna:
   A. lækniskostnaðar,
      a. heimilislækninga,
      b. sérfræðiþjónustu,
   B. lyfjakostnaðar,
   C. tannlækniskostnaðar?

   Samanburður óskast gerður milli ára á heildargreiðslum hvers árs, svo og á útgjöldum í hverjum mánuði fyrir sig á milli ára. Einnig er óskað að fram komi fjöldi heimilislækna og sérfræðinga í A-lið og tannlækna í C-lið sem fá greiðslur frá sjúkratryggingum samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins. Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. október 1985.

   Hverjar eru helstu skýringar ef um er að ræða útgjaldaaukningu milli ára umfram verðlagsþróun?

2. Hver var þátttaka sjúklinga í heildargreiðslum læknis- og lyfjakostnaðar á árinu 1983—1984 og 1. janúar til 31. október 1985 samkvæmt A-lið (a og b) og B-lið? Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi 1. október 1985.
3. Hver hefur orðið hlutfallsleg hækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga á ofangreindu tímabili samanborið við grunnhækkun elli- og örorkulífeyris annars vegar og tekjutryggingar hins vegar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 169. Fyrirspurn [155. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um lækningarmátt jarðsjávarins við Svartsengi.

Frá Gunnari G. Schram.

Hverjar eru niðurstöður rannsóknar, sem gerð var á vegum heilbrigðisráðuneytisins á liðnu sumri, á lækningarmætti jarðsjávarins við Svartsengi?

Sþ. 170. Fyrirspurn [156. mál]

til fjármálaráðherra um launamál kvenna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Er fjármálaráðherra reiðubúinn til að beita sér fyrir því við gerð næstu kjarasamninga við opinbera starfsmenn að leiðréttur verði sérstaklega sá launamunur sem ríkir milli kynja fyrir sömu eða sambærileg störf?
2. Ef svo er má þá vænta þess að fjármálaráðherra láti kanna sérstaklega eftirfarandi þætti og leggi þá til grundvallar við næstu aðal- og sérkjarasamninga:
   a. röðun hefðbundinna kvennastarfa eða starfsheita, sem einkum eiga við konur, í launaflokka hjá ríkinu samanborið við röðun karlastarfa,
   b. ómælda yfirvinnu, bílastyrki og hvers konar aðra kjaraþætti opinberra starfsmanna sem áhrif hafa á launamismun kynjanna?

Sþ. 171. Svar [113. mál]

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um útibú frá aðalskóla o.fl.

1. Útibú frá aðalskóla eru alls 7.
2. Alls 180 nemendur á aldrinum 7-9 ára dveljast í heimavistum á yfirstandandi skólaári.
   Dvalartími er 7-24 vikur samtals.
   Á aldrinum 10-12 ára dveljast 279 nemendur í heimavistum.
   Dvalartími er 16-30 vikur samtals.

Fylgiskjal.

1. Skólasel – útibú frá aðalskóla.

Aðalskóli.	*Útibú.*
Vesturlandsumdæmi:	
Laugaskóli í Dölum.	Útibú í Saurbæjarhreppi.
Vestfjarðaumdæmi:	
Grunnsk. á Ísafirði.	Útibú í Hnífsdal.
Norðurlandsumdæmi vestra:	
Laugabakkaskóli.	Víðihlíð í Þorkelshólshreppi.
Húnavallaskóli.	Flóðvangur í Vatnsdal.
	Fremstagil í Langadal.
Norðurlandsumdæmi eystra:	
Grunnsk. í Skútustaðahreppi.	Reykjahlíð.
Austurlandsumdæmi:	
Hallormsstaðaskóli.	Mýrar í Skriðdal.

2. Fjöldi nemenda í heimavist.

	7 ára	*8 ára*	*9 ára*	*10 ára*	*11 ára*	*12 ára*	*Alls*	*Dvalartími í vikum*
Vesturlandsumdæmi:								
Varmalandsskóli	13	18	13	9	19	17	89	9–30
Laugargerðisskóli	4	3	5	8	4	5	29	16–30
Laugaskóli í Dölum	5	6	9	11	12	15	58	20–23
Vestfjarðaumdæmi:								
Grunnsk. í Geirdalshreppi	1	3	2	2	3		11	15–24
Reykholtskóli	1		1	2	2	3	9	24–30
Grunnsk. í Rauðasandshreppi						4	4	28
Grunnsk. í Reykjanesi	2	4	4	4	2	2	18	7–22
Finnbogastaðaskóli	4	3	4	3	1	1	16	14–16
Norðurlandsumdæmi vestra:								
Laugabakkaskóli				2	4	2	8	30
Varmahlíðarskóli			1	1	1	2	5	30
Norðurlandsumdæmi eystra:								
Húsabakkaskóli	8	3	5	6	5	7	34	22–30
Stórutjarnaskóli				4	10	8	22	30
Grunnsk. í Bárðardal	5	3	2	8	3	3	24	
Hafralækjarskóli	2	1		1	2	2	8	29–30
Grunnsk. í Skúlagarði	2	2	5		2		11	30
Austurlandsumdæmi:								
Grunnsk. á Vopnafirði			4	5	2	2	13	29
Brúarásskóli	1	3		4	1	3	12	17–27
Skjöldólfsstaðaskóli	1	2	3	3	6	5	20	16–27
Grunnsk. á Eiðum	4	4	5	5	7	3	28	15–29
Hallormsstaðaskóli			4	6	6	8	24	29
Suðurlandsumdæmi:								
Kirkjubæjarskóli			4	3		2	9	30
Ljósafossskóli	1			3	1		5	20–30
Samtals	**54**	**55**	**71**	**90**	**93**	**96**	**459**	

Sþ. 172. Fyrirspurn [157. mál]

til forsætisráðherra um lánsfjárfyrirheit vegna kaupa á togaranum Má.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hefur verið staðið við loforð um fjármagnsfyrirgreiðslu sem ríkisstjórnin gaf þegar togarinn Már var keyptur til Ólafsvíkur?

Nd. 173. Frumvarp til laga [158. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Flm.: Guðmundur Einarsson.

1. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna hljóði svo:

Viðskiptaráðherra skipar fimm menn í bankaráð ríkisviðskiptabanka til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi aðalmanna til fjögurra ára.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein er hljóði svo:

Ráðherra er ekki heimilt að skipa alþingismenn í bankaráð ríkisviðskiptabankanna.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II hljóði svo:

Við gildistöku laga þessara skal viðskiptaráðherra skipa fimm menn í bankaráð hvers ríkisviðskiptabanka og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðum ríkisviðskiptabanka.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Hér er lagt til að

a. **viðskiptaráðherra skipi bankaráð ríkisviðskiptabankanna,**

b. **alþingismönnum verði óheimil seta í bankaráðum.**

Þessar tillögur voru fluttar við meðferð frv. til laga um viðskiptabanka og voru til umræðu á síðasta þingi. Þá voru þær felldar.

En nú eru sérstakar aðstæður. Einn ríkisbankanna stendur frammi fyrir stórkostlegum skaða, jafnvel svo að skiptir hundruðum milljóna. Þar er um eignir skattborgara þessa lands að ræða. Alþingi hefur kjörið bankaráðsmenn bankans og er þannig beinn aðili að þessu máli.

2. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvaldið.“

Gömlu flokkarnir á Alþingi hafa tileinkað sér þann skilning á þessari grein að löggjafarvaldið skuli kjósa stjórnir og ráð fyrirtækja framkvæmdarvaldsins þótt þau heyri beint undir einstaka ráðherra samkvæmt lögum. Þannig er brotin grundvallarregla stjórnskipunarinnar um aðgreiningu valdþáttanna. Valdahlutföll, sem fást í alþingiskosningum, eru framlengd inn á svið ríkisstarfseminnar, svo sem í stjórnir ríkisverksmiðja og í bankaráð ríkisbankanna. Með þessu lagi verður það hlutskipti banka og lánastofnana hér á landi að vera leikvangur þingflokka og alþingismanna sem þó eru einungis kjörnir til að setja landsmönnum lög.

Það verður ekki séð að gæta þurfi flokkspólitískra sjónarmiða eða hagsmuna í bankaráðum ríkisbankanna. Þess vegna þurfa þau ekki að vera skipuð fulltrúum flokkanna. Bankaráðin eiga alls ekki að vera skipuð í einhverju sérstöku hlutfalli við það hvernig fólk í landinu velur þingmenn inn á Alþingi til að setja landinu lög.

Starfsemi ríkisbanka og annarra ríkisfyrirtækja er á ábyrgð og í umsjón viðkomandi ráðherra. Að hverri ríkisstjórn stendur meiri hluti löggjafarsamkomunnar. Það er eðli þingræðislegs fyrirkomulags að treysta verður ríkisstjórn og ráðherrum til að fara með stjórn fyrirtækja ríkisvaldsins. Ef viðskiptaráðherra er ekki treystandi til að fara með stjórn ríkisviðskiptabankanna og skipa menn í bankaráð á hann einfaldlega ekkert erindi í stól viðskiptaráðherra. Það er hlutverk framkvæmdarvaldsins og á ábyrgð þess að stjórna þessum fyrirtækjum. Alþingismenn mega svo hafa eftirlit með starfseminni en þeir eiga ekki að sitja þar á stjórnarfundum.

Fyrir utan hina stjórnarfarslegu árekstra er þetta fyrirkomulag beinlínis skaðlegt. Hin flokkslega skipun bankaráðanna býður heim hættunni á pólitískum skiptareglum á fjármunum skattborgaranna. Jafnvel þótt engin slík misnotkun fari fram veldur þetta fyrirkomulag efasemdum og vantrausti og það er skaðlegt í sjálfu sér. Þessi starfsemi verður að vera hafin yfir allan slíkan efa.

Núverandi skipan bankaráðanna lokar einnig fyrir upplýsingar til Alþingis. Seta alþingismanna og annarra fulltrúa þingflokka í bankaráðum hefur verið rökstudd þannig að þinginu sé nauðsyn á beinu eftirliti með starfi bankanna og á þennan hátt fáist milliliðalaus aðgangur að upplýsingum. Þessi staðhæfing er fróðleg nú í ljósi Hafskipamálsins því að bankaráð Útvegsbankans hefur ekkert aðhafst til að upplýsa þingmenn í þessu máli. Það litla, sem þeir vita, er að þakka duglegum blaðamönnum. Bankaráðsmenn þessa banka þögðu í júní s.l. þegar spurt var á Alþingi um áhættu Útvegsbankans vegna Hafskipa. Ekki er heldur svo að sjá að þeir hafi upplýst flokkssystkini sín í trúnaði á þingflokksfundum því að þingmenn allra flokka krefjast nú upplýsinga í þessu máli. Niðurstaðan virðist sú að fulltrúar þingflokkanna í stjórnum og ráðum koma í veg fyrir eðlilegt aðhald flokkssystkina sinna á Alþingi vegna þess að þeir mynda skjaldborg og verjast utanaðkomandi eftirliti í stað þess að opna ráðin og stjórnirnar í upplýsingaskyni. Um þetta höfum við fleiri dæmi. Það voru t.d. ekki bankaráðsmenn sem sögðu frá því hvaða reglur giltu um bílafríðindi né heldur um lífeyrismál bankastjóra ríkisbankanna.

Þegar Alþingi kýs bankaráðsmenn verður það beinn aðili að rekstri bankanna og ber þar með ábyrgð. Þetta hefur verið gert með fullu samþykki allra þingflokka nema þingflokks BJ sem hefur ætíð gagnrýnt þessa aðferð. Samkvæmt lögum heyra bankarnir undir viðskiptaráðherra. Bankaráðin, sem fara með stjórn bankanna, eru hins vegar kosin af Alþingi. **Þannig ber Alþingi ábyrgð á störfum embættismanna í bönkum án þess þó að þeir heyri undir þingið eða að þingmenn fái upplýsingar um störf þeirra.**

Í löndum, þar sem er sæmilega þroskað pólitískt siðferði, hefðu bankastjórar, bankaráðsmenn og viðskiptaráðherra sagt af sér undir sömu kringumstæðum og nú eru í málefnum Hafskips og Útvegsbankans. Hér færa þessir aðilar sig hins vegar upp á skaftið.

Með fulltrúum sínum í bankaráði Útvegsbankans veitir Alþingi Íslendinga nú jafnvel skjól fyrir fjárglæfrastarfsemi og hugsanleg lagabrot.

Slíkt fyrirkomulag er óþolandi lengur. Með því að slíta hin beinu tengsl bankanna og þingsins fær þingið frjálsari hendur til að sækja rétt sinn til eftirlits.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting að viðskiptaráðherra skipi bankaráð ríkisviðskiptabankanna í stað þess að Alþingi kjósi þá eins og nú er í lögum.

Um 2. gr.

Grundvallarreglur stjórnskipunarinnar gera ráð fyrir aðskilnaði valdþátta.

Um 3. og 4. gr.

Lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka, taka gildi í ársbyrjun 1986. Þau bankaráð, er nú sitja, eru kjörin til mismunandi langs tíma. Ákvæði til bráðabirgða II er til að tryggja að ný bankaráð taki til starfa með nýjum lögum.

Sþ. 174. Fyrirspurn [159. mál]

til fjármálaráðherra um kaup á Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvenær á árinu 1984 var samið um kaup á hinni nýju Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar?
2. Hver undirritaði samninginn?
3. Í hvaða gjaldmiðli var samið um greiðslu?
4. Hvert var verðið sem um var samið í þeim gjaldmiðli?
5. Hvaða gengistryggingarákvæði voru í samningnum?
6. Hvaða búnaður var innifalinn í kaupunum umfram grundvallarbúnað („basic"-búnað)?
7. Hvaða búnaði var síðar bætt við og hvaða verð var á honum?
8. Hver er þyngd, burðargeta og flugþol þyrlunnar? Hvers vegna þurfti að fjarlægja tæki úr vélinni áður en henni var flogið frá Færeyjum til Íslands?
9. Hvaða aðili eða aðilar hafa haft umboð hér á landi fyrir Aerospatiale-verksmiðjurnar, sem þyrluna framleiddi, frá árinu 1980?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 175. Svar [132. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Skúla Alexanderssonar um skerðingu á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

1. a. Samkvæmt lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971, með síðari breytingum, er hlutverk hennar að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtuféð. Er þetta hlutverk nánar skilgreint í lögunum.

Í lögunum er ákveðið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar. Einnig ber Jöfnunarsjóðnum að greiða rekstrarkostnað Innheimtustofnunarinnar.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna meðlagsgreiðslna hennar til Tryggingastofnunar ríkisins hafa verið sem hér segir frá 1980:

1980	6 000 000 kr.
1981	7 700 000 kr.
1982	9 700 000 kr.
1983	18 200 000 kr.
1984	82 779 455 kr.
1985	142 795 668 kr.

Rétt er að útskýra þessar tölur nokkru nánar. Í lögunum um Innheimtustofnun sveitarfélaga frá 1971 voru ákvæðin um greiðslur Jöfnunarsjóðs þannig að Innheimtustofnunin átti að láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. júní ár hvert reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið reikningsár. Jöfnunarsjóðurinn átti síðan að gera fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar fyrir 1. október ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.

Með lögum nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, voru ákvæðin um endurgreiðslur Innheimtustofnunar til Tryggingastofnunar hert verulega. Skal Innheimtustofnunin nú skila Tryggingastofnuninni innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist. Það, sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum, skal Innheimtustofnunin greiða innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt. Greiðslur Jöfnunarsjóðs skulu inntar af hendi þannig tímanlega að Innheimtustofnunin geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum.

Þessi lagabreyting leiddi af sér svo mikla hækkun á framlagi Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunarinnar 1984 að ekki þótti rétt að Jöfnunarjóðurinn tæki þá skerðingu alla á sig á einu ári. Með tilvísun til heimildar í þessum sömu lögum tók því Jöfnunarsjóðurinn lán að upphæð 4 621 645 bandaríkjadollarar, upphaflega 138 372 062 ísl. kr. Lán þetta átti að endurgreiða á næstu 5 árum með 6 jöfnum missirislegum afborgunum, þann 15. júní og 15. des. ár hvert, í fyrsta sinn 15. júní 1987. Vextir á einnig að greiða tvisvar á ári og voru greiddir í fyrsta sinn 15. júní á þessu ári.

Rekstrarkostnaður Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sem Jöfnunarsjóðurinn hefur greitt, hefur verið sem hér segir frá 1980:

1980	396 842. — kr.
1981	484 720. — kr.
1982	834 814. — kr.
1983	1 460 579. — kr.
1984	2 721 091. — kr.

Upphæðin fyrir árið 1985 liggur að sjálfsögðu ekki fyrir.

1. b. Í 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, segir að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skuli m. a. vera framlag úr ríkissjóði sem nemur 8% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, svo og 5% af verðtollstekjum ríkissjóðs skv. lögum nr. 6/1974, um tollskrá o.fl.

Söluskattur er nú 20% (2,5% söluskattsauki, 1,5% orkujöfnunargjald og 1% húsnæðisgjald; samtals 25% frá 1. júlí 1985) og framlag ríkissjóðs á því að nema 8% af þeim tekjum sem 20% söluskattur gefur.

Í meðfylgjandi yfirliti er sýnt hvert framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðsins ætti að vera skv. 9. gr. laga nr. 73/1980 og hversu hátt framlagið raunverulega var (verður) á tímabilinu 1984–1985. Á árunum 1980–1983 var ekki um að ræða neina skerðingu vegna ákvarðana ríkisstjórnar og Alþingis.

	1984[1]	1985[2]
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur	þús.kr.	þús.kr.
Lögbundið framlag	591 444	732 333
Raunverulegt (áætlað) framlag	495 000[3]	635 000
Skerðing	96 444	97 333
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, aðflutningsgjöld		
Lögbundið framlag	128 033	160 000
Raunverulegt (áætlað) framlag	100 000[3]	160 000
Skerðing	28 033	

1) Skv. ríkisreikningi 1984.
2) Skv. endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs 1985 frá 30. ágúst 1985.
3) Sbr. 7. gr. laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

1. c. Eins og kemur fram hér áður í a-lið tók Jöfnunarsjóðurinn lán 1984 vegna uppgjörs Innheimtustofnunar ríkisins við Tryggingastofnun ríkisins. Á árinu 1985 greiðir sjóðurinn vexti vegna þessa láns. Upphæðin, sem var greidd 15. júní, var 23 442 421 kr. Upphæðin, sem greidd verður 15. des. n.k. liggur ekki fyrir. Vaxtaákvæði skuldabréfsins eru þannig að vextirnir eru breytilegir og miðast við millibankavexti í London (eða þeim borgum þaðan sem hið erlenda fjármagn kemur) á hverjum tíma, þó þannig að vextir þessa láns verða 5/8% yfir þeim vöxtum. Þetta er fyrsta árið þar sem til slíkra greiðslna kemur:

2. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga árið 1986, með boðaðri lækkun söluskattstekna um 400 millj.kr., sbr. ræðu fjármálaráðherra á Alþingi 12. nóv. s.l., ætti lögbundinn hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti að vera 855 360 000 kr. en áætlað framlag er 730 000 000 kr. Skerðing miðað við þetta er 125 360 000 kr. Lögbundinn hluti Jöfnunarsjóðs í aðflutningsgjöldum er 155 000 000 kr. Þar er ekki gert ráð fyrir neinni skerðingu.

Á þessu stigi málsins er ekkert hægt að fullyrða um endanlega niðurstöðu þessa máls. Eftir er að endurskoða tekjuáætlun ríkissjóðs og fjárlög eru óafgreidd.

3. Ekki er hægt að gefa neitt fullnægjandi svar á þessu stigi málsins við því hverju framlög Jöfnunarsjóðs nema sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga árin 1984, 1985 og 1986. Úrvinnslu úr reikningum sveitarfélaganna fyrir árið 1984 er ekki lokið. Reikningar sveitarfélaganna 1985 liggja að sjálfsögðu ekki fyrir. Sveitarfélögin hafa enn ekki gengið frá fjárhagsáætlunum sínum fyrir árið 1986. Fyrir liggja upplýsingar um álagningu fasteignaskatta, aðstöðugjalda og útsvara hjá sveitarfélögunum árin 1984 og 1985. Ef miðað er við þessar tekjur ásamt greiðslum Jöfnunarsjóðs eru greiðslur sjóðsins 1984 um 12,8%. Samkvæmt áætlunum verður sambærileg tala fyrir árið 1985 eitthvað yfir 13%. Ef aðeins er miðað við þær greiðslur Jöfnunarsjóðsins sem ganga beint til sveitarfélaganna sjálfra verður hlutfallið 1984 um 11,9% en áætlað hlutfall 1985 rúmlega 10%. Rétt er að benda á að endanlegar tekjur sveitarfélaganna af fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum geta vikið eitthvað frá því sem álagningarskrárnar sýna.

4. Almennu framlögin úr Jöfnunarsjóði voru árið 1984 2 350 kr. á íbúa. Áætlað er að árið 1985 verði þau 2500–2600 kr. á íbúa. Hér eru ekki meðtalin aukaframlög eða fólksfækkunarframlög.

Á þessu stigi málsins er nánast ógjörningur að áætla þessa tölu vegna ársins 1986. Heildartekjur sjóðsins liggja ekki fyrir. Íbúatalan liggur ekki fyrir og óvissa er um hverjar greiðslurnar verða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sþ. 176. Fyrirspurn [160. mál]

til sjávarútvegsráðherra um upptöku ólöglegs sjávarafla.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvert er andvirði upptæks ólöglegs sjávarafla frá 1. janúar 1980 til 1. nóvember 1985 og hverjar eru vaxtatekjur af því fé?
2. Hvaða fiskur hefur verið gerður upptækur, hjá hvaða skipum og hvað eru háar greiðslur í hverju tilfelli?
3. Hvernig hefur þessu fjármagni verið ráðstafað, sundurliðað eftir málaflokkum og aðilum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 177. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og mælir einróma með samþykkt hennar.

Fundinn sátu Guðmundur Einarsson og Eiður Guðnason og eru þeir samþykkir áliti þessu.

Alþingi, 28. nóv. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Hjörleifur Guttormsson.	Haraldur Ólafsson.
Friðjón Þórðarson.	Guðrún Agnarsdóttir.	Gunnar G. Schram.

Sþ. 178. Þingsályktun [149. mál]

um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda.

(Afgreidd frá Sþ. 28. nóv.)

Samhljóða þskj. 163.

Ed. 179. Lög [65. mál]

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 73 26. nóvember 1980.

(Afgreidd frá Ed. 2. des.)

Samhljóða þskj. 67.

Sþ. 180. Skýrsla [161. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1983.

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1983 urðu sem hér segir:

	Millj.kr
Almennar hafnir	151,3
Reykjavíkurhöfn	29,4
Landshafnir	3,2
Ferjuhafnir	0,6
Samtals:	184,5

Árið 1982 voru heildarframkvæmdir í höfnum 144,3 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1983 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var að grjótnámsleit og rannsóknum í því sambandi. Enn fremur voru gerðar tilraunaboranir.

Lokið var við byggingu hafnarhúss. Byggt var ljósamastурshús á aðalhafnargarði og keypt ljósamastur og búnaður.

Byggt var spennistöðvarhús á aðalhafnargarði ásamt tengihúsi fyrir hitaveitu.

Haldið var áfram framkvæmdum við stálþilskant í Lambhúsasundi, steyptur var kantur á viðgerðarkantinn. Steypt tvö ljósamastурshús og eitt tengihús fyrir vatn og hitaveitu. Keypt var eitt ljósamastur ásamt búnaði. Gengið var frá tengibrunnum og lögnum.

Í ágúst, september og október var siglt út grjóti í fót brimvarnargarðsins. Hér var um 12 300 m^3 af grjóti að ræða. Verkið annaðist Skóflan hf. samkvæmt samningi.

Unnið var einnig að endurhleðslu grjótkápu brimvarnargarðsins. Var hún hlaðin með fláa 1:2 frá stórstraumsfjöruborði upp í kóta 8,5—9,0 og jafnframt bætt í stóru grjóti (6—10 tonn).

Unnið var við þessi verk meiri hluta ársins.

Framkvæmdakostnaður: 6 514,6 þús. kr.

Borgarnes.

Tæknikostnaður o. fl.: 79,0 þús. kr.

Arnarstapi.

Unnið var grjót í námu um 3 km frá höfninni. Grjótið var flokkað og bíður útkeyrslu. Unnir voru 10 000 m³ þar af eru 400 m³ stærra grjót en 5 tonn. Grjót 2—5 tonn er 2 900 m³ og afgangurinn kjarni.

Verkið hófst 14. nóvember 1983. Um haustið var gerð ítarleg könnun á möguleikum á frekara grjótnámi en meira grjót, yfir 5 tonn, vantar ef grjótgarðurinn á Arnarstapa verður endurbyggður.

Framkvæmdakostnaður: 1 074,4 þús.

Hellnar.

Tæknikostnaður: 0,9 þús. kr.

Ólafsvík.

Unnið var við endurbyggingu timburbryggjunnar. Þekjan var endurnýjuð með nýjum harðviðarplönkum 2½" þykkum.

Klæðning utan á bryggjunni var endurbætt. Einnig voru burðargrind og bitar styrkt og hert. Nýja þekjan er alls um 1 600 m². Verkið hófst 25. apríl og lauk 9. nóvember.

Unnið var við innsiglingarljós.

Sett var grjót í skarð sem komið hafði í brimvarnargarðinn.

Framkvæmdakostnaður: 4 505,6 þús. kr.

Grundarfjörður.

Haldið var áfram frágangi við nýja stálþilið á Norðurgarði, steyptur var kantur alls 85 metrar. Jafnað var undir væntanlega þekju og lagður stofnstrengur raflagna.

Verkið hófst 26. ágúst og lauk 22. október.

Framkvæmdakostnaður: 5 800,9 þús. kr.

Stykkishólmur.

Lokið var við áfanga í endurbyggingu gömlu timburbryggjunnar í Stykkishólmi. Unnið var við innsiglingarmerki við höfnina í Skipavík. Þar var unnið við vatnslögn að nýja stálþilinu.

Unnið var við þessi verk frá 8. maí til 8. júlí og frá 5. desember til 12. desember.

Framkvæmdakostnaður: 2 292,7 þús. kr.

Örlygshöfn.

Tæknikostnaður: 4,8 þús. kr.

Patreksfjörður.

Tæknikostnaður o. fl.: 39,4 þús. kr.

Tálknafjörður.

Haldið var áfram byggingu löndunarbakka við frystihúsið og keyrður út fyrirstöðugarður.

Stálþil var rekið niður alls 83 metrar, fyllt í það og steyptur kantur. Einnig var steypt mastursbús. Þá dýpkaði Hákur framan við þilið.

Framkvæmdakostnaður: 7 230,0 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður: 17,5 þús. kr.

Þingeyri.

Sett var upp 50 tonna hafnarvog. Byggt var 30 m² hús fyrir vigtarmann og aðstöðu hafnarvarðar. Húsið var fokhelt um áramótin 1983—1984.

Verkið hófst 30. maí og lauk 30. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 1 197,3 þús. kr.

Flateyri.

Keypt var efni vegna væntanlegs stálþils í viðleguhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 862,0 þús. kr.

Suðureyri.

Steypt var þekja alls 1 300 m² við nýja löndunarkantinn við frystihúsið. Lagðar voru vatns- og rafmagnslagnir og enn fremur snjóbræðslulögn undir þekju (500 m²). Byggt var masturshús og sett upp ljósamastur. Unnið var við innsiglingarmerki, þ. e. sett voru upp formerki og bakmerki í ytri hluta innsiglingar. Verkið hófst 24. maí og lauk 11. október.

Framkvæmdakostnaður: 4 121,5 þús. kr.

Bolungarvík.

Boðin var út bygging stálþilsbakka innan á Grundargarð, alls 78 metrar.

Verktakinn fyllti í það og setti á það bráðabirgðakant og polla. Einnig bætti verktakinn grjóti utan á Grundargarð um 550 m³.

Verksamningur var gerður 20. júní 1983 og verkinu lauk í byrjun október.

Framkvæmdakostnaður: 8 526,1 þús. kr.

Ísafjörður.

Unnið var við lengingu Mávagarðs í Sundahöfn. Keyrt var í hann um 10 000 m³ af grjóti og hann lengdur um 80 metra.

Byggð var löndunarbryggja fyrir asfalt og olíu á uppfyllingu innan á miðjum Mávagarði. Bryggjan er léttbyggð og 10 metra löng.

Verkið hófst 5. maí og lauk 6. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 4 359,6 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður: 15,3 þús. kr.

Norðurfjörður.

Haldið var áfram rannsóknum vegna væntanlegs hafnarkants á Norðurfirði. Borað var í hafnarstæðinu, öldur mældar og gerðar dýptarmælingar.

Framkvæmdakostnaður: 557,5 þús. kr.

Gjögur.

Tæknikostnaður: 1,1 þús. kr.

Drangsnes.

Tæknikostnaður o. fl.: 51,6 þús. kr.

Hólmavík.

Unnið var við frágang nýja löndunarkantsins. Steyptur var kantur 56 metra langur og mastursbús.

Verkið hófst 15. maí og lauk 15. júlí.
Framkvæmdakostnaður: 1 729,6 þús. kr.

Hvammstangi.

Tæknikostnaður. Uppgjör vegna grjótvarnar 1982.
Leiðrétting: (643,7 þús. kr.)

Blönduós.

Unnið var við endurbætur og færslu vegar niður að höfninni. Fluttir voru í veginn 10 000 m³ af fyllingarefni og bætt á grjótvörn við fjöruborð.

Unnið var frá 2. maí til 28. maí og 6. september til 16. september.

Unnið var að lausn hafnar á Blönduósi í líkanstöð Hafnamálastofnunar að Funahöfða 13, Reykjavík. Byggt var líkan af núverandi höfn og umhverfi og síðan prófaðir hinir ýmsu valkostir er til greina koma. Tilraunirnar hófust í ársbyrjun, en undirbúningur var unninn haustið 1982. Þeim lauk í desember 1982. Unnið var að niðurstöðum mælinga og rannsókna og gerð skýrslu.

Framkvæmdakostnaður: 2 771,3 þús. kr.

Skagaströnd.

Unnið var við byggingu dráttarbrautar. Steyptir voru garðar undir brautina í sjó fram og lagðir á þá teinar en frágangi er ólokið. Steyptar voru undirstöður fyrir spilhús, en því er að öðru leyti ólokið.

Verkið hófst 9. maí og unnið var til 21. október.

Framkvæmdakostnaður: 5 447,7 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Steypt var þekja alls um 640 m² við nýja stálþilið í vikinu. Suðurgarðurinn var lagfærður og á hann bætt grjóti, alls 3 500 m³, en hann skemmdist í flóðinu í nóvember 1982.

Verkið hófst 6. október og lauk 2. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 1 289,7 þús. kr.

Hofsós.

Unnið var við grjótvörn utan á Norðurgarð, ekið var utan á hann 22 000 m³. Því verki er ekki lokið og vantar enn um 11 000 m³. Grjótið var tekið að hluta til í námu við Hofsós og að hluta tínt við Hraun í Unadal í 8 km fjarlægð. Þurfti að leggja veg um einn kílómetra, byggja brú og styrkja veginn á tveggja kílómetra kafla.

Verkið hófst 9. júní og lauk 13. september.

Framkvæmdakostnaður: 6 811,1 þús. kr.

Siglufjörður.

Keypt var hafnarvog og einingahús frá Húseiningum hf., Siglufirði. Hvort tveggja er óuppsett.

Framkvæmdakostnaður: 613,3 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Gert var við skemmdir á nyrðri hafnargarði, sem er staurakista fyllt með grjóti. Keyrt var í holur sem myndast höfðu. Einnig þurfti að laga ytri varnargarð vesturhafnarinnar, svo hægt væri að komast að skemmdunum. Verkið hófst 30. september og lauk 7. október. Einnig var settur niður stormpolli við togarakant og hringur.

Malbikað var við stálþilið í vesturhöfninni alls 960 m². Heimamenn sáu um verkið.
Framkvæmdakostnaður: 826,7 þús. kr.

Dalvík.

Tæknikostnaður o. fl.: 95,3 þús. kr.

Hrísey.

Í óveðrinu og flóðinu 16. nóvember 1982 urðu töluverðar skemmdir á brimvarnargarðinum í Hrísey. 17. maí 1983 hófst endurbygging brimvarnargarðsins og var hann allur hækkaður og breikkaður samkvæmt þeim stöðlum sem nú gilda um hönnun slíkra garða. Einnig var bætt grjótvörn suðvestan á aðalhafnargarðinn og keyrt grjót í sjóvarnargarða sunnan við höfnina.

Verkinu lauk 22. júlí. Höfðu þá verið keyrðir 4 450 m³ af grjóti í brimvarnargarðinn og 6 610 m³ í sjóvarnir.

Framkvæmdakostnaður (sjóvarnir undanskildar og styrkur vegna tjóns): 2 159,9 þús. kr.

Styrkur vegna tjóns: 1 100,0 þús. kr.

Árskógssandur.

Tæknikostnaður o. fl.: 2,3 þús. kr.

Hauganes.

Sett var grjót á brimvörnina, sem gengið hafði niður í flóðinu 16. nóvember 1982. Alls um 2 400 m³ af stóru grjóti. Steypt var 455 metra langur kantur á nýja stálþilið. Lögð raflögn, vatnslögn að hluta og steypt 430 m² þekja.

Verkið hófst 23. júlí og lauk 26. október.

Framkvæmdakostnaður: 1 813,4 þús. kr.

Ekki innifalinn 300 000 kr. styrkur vegna tjóns 16. nóvember 1982.

Hjalteyri.

Grafið var úr höfninni með gröfu og landgangur styrktur með grjóti. Heimamenn sáu um framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 77,7 þús. kr.

Ekki innifalinn 100,0 þús. kr. styrkur v/tjóns.

Akureyri.

Gengið var frá raflögn í Oddeyrarbryggju. Lokið var við frágang á viðgerðarkanti við Slippstöðina. Lokið var við frágang á nýja löndunarkantinum við Ú. A. Keypt var vigt á löndunarkrana í Sandgerðisbót.

Unnið var að skipulagsmálum hafnarinnar af Arkitektastofu Svans Eiríkssonar. Unnið var við brimvarnargarð við væntanlega smábátahöfn í Sandgerðisbót.

Um áramót voru komnir í garðinn um 21 000 m³ af kjarna. Unnið var við þessi verk mestan hluta ársins.

Framkvæmdakostnaður: 4 978,3 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 6,7 þús. kr.

Grímsey.

Byggður var 51 metra langur staurakantur upp með efri hluta hafnargarðsins.
Einnig var sprengt grjót á hafnarsvæðinu og sett í grjótvörnina utan á hafnargarðinum.
Verkið hófst 13. júní og lauk 17. september.
Framkvæmdakostnaður: 3 535, 2 þús. kr.

Húsavík.

Þar sem áætlað var að Hákur mundi dæla úr bátahöfninni á árinu 1984 og efninu yrði dælt í uppfyllingu sunnan hafnarinnar var keyrður út fyrirstöðugarður til undirbúnings þessa verks. Verkið hófst 30. september og lauk 4. nóvember. Höfðu þá verið keyrðir um 13 500 m^3 af grjóti, kjarna og möl í fyrirstöðugarðinn, sem er 155 metra langur.
Framkvæmdakostnaður: 2 255,6 þús. kr.

Hallbjarnarstaðakrókur.

Að frumkvæði heimamanna var bryggjan lengd um 18 metra. Heimamenn sáu um verkið.
Framkvæmdakostnaður: 533,5 þús. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður o. fl.: 17,6 þús. kr.

Raufarhöfn.

Unnið var við innsiglingarmerki. Gengið var frá stálþilsbakka í bátahöfn og byggð bryggja fyrir smábáta.
Við þessi verk var unnið frá 3. janúar til 4. febrúar og frá 6. júní til 17. september.
Framkvæmdakostnaður: 1 162,2 þús. kr.

Þórshöfn.

Efri hluti brimvarnargarðsins var styrktur og hækkaður. Keyrt var í hann um 550 m^3 af grjóti. Unnið var við þetta verk frá 10. nóvember til 28. nóvember.
Framkvæmdakostnaður: 589,8 þús. kr.

Bakkafjörður.

Undirbúið var útboð brimvarnargarðs á Bakkafirði í apríl og maí. Gerð verklýsingar og útboðsgagna annaðist Almenna verkfræðistofan, Reykjavík en öll hönnun var unnin af Hafnamálastofnun ríkisins. Hönnun garðsins var samkvæmt aðferð, sem ekki hefur verið reynd hér á landi fyrr, en getur valdið byltingu í gerð slíkra garða í framtíðinni. Tilboð í verkið voru opnuð 21. júní og var tilboð verktakans Ellerts Skúlasonar hf. lægst. Var samið við lægstbjóðanda um framkvæmdina. Verksamningurinn sem var undirritaður 19. júlí var 12,4 millj. kr. á verðlagi 10. júní 1983. Umsamið verk er brimvarnargarður tæplega 90 000 m^3 af grjóti og kjarna, lengd tæplega 200 metrar. Verkinu átti að vera lokið 1. desember 1983. Vinnu var hætt 19. desember og var verkið þá rúmlega hálfnað. Höfðu þá verið keyrðir tæpir 50 000 m^3 í garðinn úr námunni, sem er alveg við brimvarnargarðinn. Miklar bilanir töfðu verkið, það komst seint af stað eða ekki af fullum krafti fyrr en um 20. ágúst. Náman hefur valdið nokkrum vonbrigðum miðað við fyrri könnun. Verktaki hefur gert kröfur um aukagreiðslur sem settar verða í gerðardóm.
Framkvæmdakostnaður: 9 975 þús. kr.

Vopnafjörður.

Tæknikostnaður o. fl.: 33,1 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Skoðaðir voru grjótnámsmöguleikar í Borgarfirði eystra, en ekki voru gerðar neinar tilraunasprengingar. Gerðar voru öldumælingar með dufli á miðjum firði og með dufli inni við Bakkageröi. Duflið við Bakkageröi var flutt að Hafnarhólma haustið 1983.

Framkvæmdakostnaður: 696,5 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Unnið var við smábátahöfn. Hún var dýpkuð með J.C.B. gröfu. Grafnir voru upp 9 000 m^3. Garðurinn um höfnina var lagfærður og styrktur. Skutaðstaða færeysku ferjunnar var lagfærð vegna tilkomu nýrrar ferju.

Verkið hófst 20. október og lauk 11. september.

Framkvæmdakostnaður: 2 327,8 þús. kr.

Neskaupstaður.

Steypt var þekja alls 820 m^2 við stálþilið í nýju höfninni og malbikaðir 870 m^2. Lögð voru rör fyrir raflögn.

Verkið hófst 18. júlí og lauk 9. september.

Framkvæmdakostnaður: 1 824,1 þús. kr.

Eskifjörður.

Tæknikostnaður, selt ljósamastur: (21,0 þús. kr.)

Reyðarfjörður.

Tæknikostnaður, inneign: (10,5 þús. kr.)

Fáskrúðsfjörður.

Tæknikostnaður, selt timbur, viðgerð trébryggju.

Inneign: (44,5 þús. kr.)

Stöðvarfjörður.

Hafin var bygging nýs hafnargarðs með útkeyrslu grjótgarðs. Keyrðir voru út alls 30 000 m^3 af grjóti. Grjótið var tekið rétt utan við staðinn að Birgisnesi.

Verkið hófst 8. júlí og lauk 12. október.

Framkvæmdakostnaður: 7 384,6 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Tæknikostnaður o. fl.: 58,6 þús. kr.

Djúpivogur.

Steypt var þekja við nýja löndunarkantinn við frystihúsið, alls 1 010 m^2.

Verkið hófst 26. mars og lauk 2. september.

Framkvæmdakostnaður: 703,2 þús. kr.

Höfn.

Steypt var þekja við Miklagarð 1 130 m^2. Steypt var mastursh ús og sett á það ljósamastur. Unnið var við lagnir, en ólokið er við raflögn. Þessi verk voru boðin út og samið var við lægstbjóðanda, Guðlaug Einarsson, Fáskrúðsfirði.

Framkvæmdakostnaður: 1 948,4 þús. kr.

Dyrhólaey.

Unnið var að samsetningu og smíði útbúnaðar til sjósetningar báta. Verk þetta var unnið af fyrirtækinu Véltak, Hafnarfirði, samkvæmt ósk og fyrirsögn heimamanna.

Útbúnaðurinn var kominn á staðinn í ágúst 1983 en eftir var að prófa hann þegar Náttúruverndarráð lét stöðva framkvæmdir í Dyrhólaey.

Framkvæmdakostnaður: 657,9 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Haldið var áfram framkvæmdum við skipalyftuna. Gengið var frá hliðarfærsluvagni og lýsingu á athafnasvæði.

Haldið var áfram byggingu viðgerðarkants við skipalyftuna. Stálþilið var bundið og steyptur á það kantur 80 metrar.

Sanddæluprammi hélt áfram dælingu úr svæðinu framan við skipalyftuna. Alls var dælt upp um 13 000 m^3 og var efninu dælt að hluta í fyllingu við Friðarhöfn og að hluta í pramma sem sigldu með það út úr höfninni.

Unnið var við þessi verkefni meiri hluta ársins.

Framkvæmdakostnaður: 10 626,9 þús. kr.

Stokkseyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 17,0 þús. kr.

Eyrarbakki.

Tæknikostnaður o. fl.: 90,6 þús. kr.

Grindavík.

Unnið var við endurbyggingu Eyjabakka. Hafði grjótgarður í miðju hennar sigið og óvenjulega hröð fúamyndun orðið í timbri bryggjunnar.

Framkvæmdakostnaður: 1 955,0 þús. kr.

Hafnir.

Tæknikostnaður o. fl.: 12,4 þús. kr.

Sandgerði.

Unnið var við annan áfanga stálsþilsgarðs. Keypt var stálþil og festingar í 60 metra lengingu stálþilsgarðsins. Borað var og sprengt fyrir stálþilinu með „overburden"-aðferð.

Malbikað var í kringum hafnarvogar- og hafnarvarðarhús alls 1 500 m^2.

Verkið hófst 15. júní og lauk 12. desember.

Framkvæmdakostnaður: 13 138,8 þús. kr.

Garður.

Unnið var við grjótvörn norðan við bryggjuna.

Gengið var frá uppsetningu hafnarvogar.

Verkið hófst 5. apríl og lauk 2. maí.

Framkvæmdakostnaður: 1 152,8 þús. kr.

Vogar.

Keypt var hafnarvog, en hún er óuppsett.

Framkvæmdakostnaður: 299,4 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Haldið var áfram dýpkun framan við Suðurbakka, annan áfanga. Þetta verk var boðið út í október 1982 og var samið við lægstbjóðanda, Köfunarstöðina hf., Reykjavík. Samið var um gröft á 24 000 m^3 innan hafnarinnar. Verkinu lauk í lok maí.

Stálþilsrekstur annars áfanga Suðurbakka var boðinn út í maí 1983. Samið var við lægstbjóðanda Köfunarstöðina hf. og Miðfell hf. um rekstur þilsins, steypu kants o.fl. Verkinu lauk í lok nóvember.

Bætt var í grjótvörn á Suðurgarði.

Framkvæmdakostnaður: 13 120,2 þús. kr.

Garðabær.

Fyrsti áfangi í byggingu viðgerðarkants framan við skipasmíðastöð Stálvíkur hf. í Garðabæ var boðinn út haustið 1982. Lægsta tilboð í verkið, sem er sprenging og gröftur lægis og skurður fyrir væntanlegan stálþilskant 40 m langan, kom frá Rein sf. Verksamningur var undirritaður 9. desember 1983.

Í ársbyrjun 1983 gerðu fyrirtæki þau er séð höfðu um útkeyrslu uppfyllingar í Arnarvogi við væntanlegt stálþilsstæði kröfu um að hún yrði viðurkennd sem hafnarframkvæmd og ríkishluti kostnaðar yrði greiddur. Þetta var að hluta samþykkt með ráðherraúrskurði. Styrkhæfi hlutinn var metinn á 1,5 millj. kr. á verðlagi 1. desember 1982.

Framkvæmdakostnaður: 2 064 þús. kr.

Reykjavík.

Í Vesturhöfn var haldið áfram gerð lands og landvarnar í fiskihöfn norðan verbúða og olíuhafnar vestan Örfiriseyjar. Fyllingarefni var sótt í efnisnámu á sjávarbotni við Engey. Landið var síðan varið með grjóti.

Samhliða þessum framkvæmdum var unnið að lögn holræsa og gatna um hið nýja land.

Við olíustöð í Örfirisey var árið 1981 keyrður fram skjólgarður, Eyjagarður, til austurs og á árinu 1983 lauk gerð viðlegubryggju, þar sem lesta á skip, sem flytja olíu úr birgðastöðinni.

Á Vatnagarðasvæði var úthlutað nokkrum lóðum við nýja götu, Klettagarða, og var hún lögð og malbikuð á árinu. Þá var lagt malbik á Sægarða, sem er aðkomuleið að Kleppsbakka.

Í Kleppsvík var unnið að ýmsum rannsóknum vegna hafnarmannvirkja skipaverkstöðvar. Rannsakaðir voru eiginleikar botnefna með borunum, sýnatöku og sigmælingum. Þá var unnið að gatnagerð á baksvæðum.

Framkvæmdakostnaður	**Þús. kr.**
Vesturhöfn	19 678
Sundahöfn; Vatnagarðar	3 683
Sundahöfn; Kleppsvík	2 023
Rannsóknir og undirbún. skipaverkst.	4 028
Samtals:	29 412

LANDSHAFNIR.

Landshöfnin Keflavík—Njarðvík.

Steypt var þekja við nýja stálþilið í Njarðvíkurhöfn. Alls er nýja þekjan rúmir 400 m^2.

Steypt var masturshús og sett upp ljósamastur. Byggt var vatnshús með úttökum fyrir heitt og kalt vatn. Unnið var við raflögn.

Unnið var við þessi verk frá 2. maí til 6. júní.

Framkvæmdakostnaður: 1 968,6 þús. kr.

Landshöfnin Þorlákshöfn.

Rannsóknir og tæknikostnaður: 127,9 þús. kr.

Landshöfnin Rifi.

Steyptur kantur á gamla stálþilinu var brotinn upp og endurbyggður, alls 100 metrar. Einnig voru endurnýjuð fríholt á þessum kafla.

Verkið hófst 11. júlí og lauk 10 september.

Framkvæmdakostnaður: 1 133,6 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR.

Unnið var við sjóvarnargarða á Álftanesi, Árskógssandi, Eyrarbakka, Garðskaga, Hrísey, Miðneshreppi og Reykjanesi. Smávegis var gert í Garði, á Hauganesi, Selvogi og víðar.

Stærsta verkefnið var í Hrísey, þar sem sett var sjóvörn frá höfninni og suður með ströndinni, þar sem sjór gekk á land í flóðinu 16. nóvember 1983. Einnig var bætt vörnin norðan við hafnargarðinn á Árskógssandi.

Framkvæmdakostnaður alls: 3 855,0 þús. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1983 var haldið áfram almennum rannsóknum hafnarstæða. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Norðfjörður:	Kannað hafnarstæði.
Reyðarfjörður:	Kannað hafnarstæði við Mjóeyri.
Stöðvarfjörður:	Kannað rek fyrir væntanlegan stálþilsgarð.
Sandgerði:	Könnuð berglög undir væntanlegum stálþilsgarði.
Hafnarfjörður:	Könnuð undirstaða við væntanlega viðgerðarkanta við Dröfn og Bátalón.

Mælingar á höfnum og umhverfi voru gerðar á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Arnarstapa, Ólafsvík, Grundarfirði, Tálknafirði, Bolungarvík, Ísafirði, Norðurfirði, Drangsnesi, Hvammstanga, Sauðárkróki, Hofsósi, Dalvík, Bakkafirði, Seyðisfirði, Neskaupstað, Stöðvarfirði, Djúpavogi, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Sandgerði, Njarðvík, Straumsvík, Hafnarfirði og Elliðavogi.

Unnið var að lausn hafnarstæða í samvinnu við heimamenn á eftirtöldum stöðum: Norðurfirði, Blönduósi, Hofsósi, Hrísey, Akureyri, Stöðvarfirði, Garðabæ og víðar.

Gerðar voru víðtækar öldumælingar í Faxaflóa og utan hans. Öldudufl voru höfð út af Helguvík, Vogastapa, Reykjavík, Akranesi, Þorlákshöfn og Garðskaga. Haldið var áfram öldumælingum út af Bolungarvík og Borgarfirði eystra.

Haustið 1983 hófust öldumælingar á Grímseyjarsundi, á Ólafsfirði og við Norðurfjörð.

Hafnamálastofnun rekur nú 8 öldudufl og 5 ölduþrýstimæla.

Í líkanstöð Hafnamálastofnunar að Funahöfða 13 var unnið að líkantilraun vegna Blönduóshafnar. Líkanið hafði verið byggt haustið áður. Jafnframt tilraun með lausn Blönduóshafnar voru gerðar ítarlegar og stefnumarkandi tilraunir með nýja gerð brimvarnargarða úr stórgrýti sem hafa mun meiri mótstöðu gegn ölduálagi en hefðbundnir garðar. Er þessi nýja gerð garða miklu auðveldari í uppbyggingu og gerir minni kröfur til grjótnáms. Hugmyndin kemur frá Kanada en hefur verið endurbætt og aðlöguð aðstæðum hér á landi.

Ákveðið var að byggja nýja brimvarnargarðinn á Bakkafirði eftir þessum hugmyndum og grjótvörnina utan á Norðurgarðinn á Hofsósi. Á árinu var unnið við verkefni á vegum Norðurlandaráðs. Þetta verkefni er ákvörðun leyfilegra marka hreyfingar skipa í höfnum. Í því felast bæði mælingar hreyfinga skipa í höfnum og könnun á mati skipstjórnarmanna í því

sambandi. Samtímis var unnið að þessu verkefni í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Íslandi. Smíðuð voru hér mælitæki í þessum tilgangi, þar sem hreyfingar skipa í höfnum eru almennt meiri hér en annars staðar.

Hreyfingar skipa voru mældar með tækinu í Þorlákshöfn, á Akranesi og í Reykjavík. Þessum mælingum lauk í desember 1983. Mælitækið var þá sent til Færeyja.

Úrvinnslu mælinga er ólokið.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Á árinu 1983 höfðu verið fyrirhugaðar nokkrar dýpkanir með Gretti, gröfufleka Hafnamálastofnunar.

Áður en til þessara framkvæmda kom sökk Grettir hinn 4. mars NNV af Garðskaga þegar verið var að flytja hann til Húsavíkur.

Hákur var meiri hluta ársins 1983 í Fossvogi í Áhaldahúsi Hafnamálastofnunar. Þar var unnið að viðhaldi og viðgerð Háks. Töluverðar skemmdir höfðu orðið á Háki þegar hann sökk í Ísafjarðarhöfn haustið 1981. Gert hafði verið við hann til bráðabirgða eftir áfallið og á árinu 1983 var þeirri viðgerð haldið áfram. Enn fremur var skipt um slitfleti í dælubúnaði og hús einangrað. Að viðgerð lokinni var Hákur í góðu lagi.

Fyrri hluta nóvember 1983 var Hákur dreginn til Tálknafjarðar. Hákur hóf þar dælingu 11. nóvember og lauk henni 16. desember. Verkið gekk vel og dældi Hákur upp 12 000 m^3 af sandi og möl í uppfyllingu við nýja stálþilsbakkann.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1983
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes	Grjótnám	75%	114,0		
	Ljósamastur aðalhafnarg.	75%	227,0		
	Lagnir viðgerðar bryggju o.fl.	75%	1 740,0		
	Styrking grjótgarðs: aðalhafnarg.	75%	4 500,0		
	Stálþil '82	75%	(66,4)		
				6 514,6	4 885,9
Borgarnes	Tæknikostnaður o. fl.	75%		79	59,2
Arnarstapi	Grjótleit og opnun námu	75%		1 074,4	805,8
Hellnar	Tæknikostnaður	75%		0,9	0,7
Ólafsvík	Harðviðardekk sett á bryggju og gert við þybbur o. fl.	75%		4 505,6	3 379,2
Grundarfjörður	Viðgerð á grjótv. Suðurg.	75%	447,1		
	Frág. á grjótv. Norðurg.	75%	447,0		
	Steyptur kantur	75%	2 186,8		
	Vextir og gengismunur	75%	3 220,0		
	Styrkur v/tjóns		(500,0)		
				5 800,9	4 350,7
Stykkishólmur	Innsiglingarmerki	75%	1 100,0		
	Viðgerð á timburbr.	75%	1 192,7		
				2 292,7	1 719,5
Örlygshöfn	Tæknikostnaður	75%		4,8	3,6
Patreksfjörður	Tæknikostnaður o. fl.	75%		39,4	29,5
Tálknafjörður	Stálþil: rekið og bundið	75%	2 006,4		
	Kantur og ljósamastur	75%	1 640,0		
	Dýpkun Háks	75%	3 700		
	Fylling '82		(116,4)		
				7 230,0	5 422,5
Bíldudalur	Tæknikostnaður o. fl.	75%		17,5	13,1
Þingeyri	Bílvog 50 t.	40%		1 197,3	478,9
Flateyri	Stálþilsbakki	75%	442,1		
	Vextir af bráðabl.	75%	460,0		
	Grjótgarður '82	75%	(40,1)		
				862,0	646,5
Suðureyri	Steypt þekja	75%	1 907,5		
	Rafmagnshús og lagnir	75%	1 500,0		
	Innsiglingarmerki	75%	714		
				4 121,5	3 091,1
Bolungarvík	Rannsóknir	75%	410,0		
	Stálþilsbakki	75%	8 138,8		
	Löndunarkrani '82	40%	(16,0)		
	Grjótgarður '82	75%	(6,7)		
				8 526,1	6 400,2
Ísafjörður	Lenging Mávagarðs	75%	3 120,0		
	Löndunarbryggja fyrir asfalt	75%	952,6		
	Garður vöruhöfn '82	75%	287,0		
				4 359,6	3 269,7
Súðavík	Tæknikostnaður	75%		15,3	11,5
Norðurfjörður	Rannsóknir	75%		557,5	418,1
Gjögur	Tæknikostnaður	75%		1,1	0,8

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Drangsnes	Tæknikostnaður o. fl.	75%		51,6	38,7
Hólmavík	Kantur og lagnir	75%		1 729,6	1 297,2
Hvammstangi	Tæknikostnaður o. fl.	75%	123,3		
	Grjótvörn '82	75%	(767,0)		
				(643,7)	(482,8)
Blönduós	Líkantilraun	75%	750,0		
	Vegur að bryggju	75%	2 021,3		
	Viðgerð á bryggju	75%	200		
	Styrkur v/tjóns		(200,0)		
				2 771,3	2 078,5
Skagaströnd	Dráttarbraut	40%	5 784,1		
	Tæknikostnður o. fl.	75%	36,6		
	Stálþil '82 o. fl.	75%	(373)		
				5 447,7	2 061,3
Sauðárkrókur	Þekja	75%	948,7		
	Endurbygging grjótgarðs	75%	1 873,0		
	Grjótvörn '82	75%	(23,2)		
	Styrkur v/tjóns		(1 300,0)		
				1 289,7	967,3
Hofsós	Grjót utan á Norðurg.			7 411,1	
	Styrkur v/tjóns		(600,0)	6 811,1	5 108,3
Siglufjörður	Keypt bílvog og hús	40%	819,0		
	Grjótvörn '82	75%	(1,7)		
	Styrkur v/tjóns		(200,0)		
				613,3	176,3
Ólafsfjörður	Malbikun Vesturhöfn	75%	550,0		
	Viðg. á vesturg. o. fl.	75%	284,0		
	Grjótvörn '82	75%	(7,3)	826,7	620
				826,7	620,0
Dalvík	Tæknikostnaður o. fl.	75%	88,8		
	Frágangur á kanti '82	75%	6,5		
				95,3	71,5
Hrísey	Viðgerð á Norðurg.	75%	2 770,9		
	Viðgerð á Suðurg.	75%	489		
	Styrkur v/tjóns		(1 100,0)		
				2 159,9	1 619,9
Árskógssandur	Tæknikostnaður o. fl.	75%		2,3	1,7
Hauganes	Steyptur kantur, þekja og lagnir	75%	2 113,4		
	Styrkur v/tjóns		(300,0)	1 813,4	1 316
Hjalteyri	Dýpkun o. fl.	75%	1 777		
	Styrkur v/tjóns		(100,0)		
				77,7	58,3
Akureyri	Sandgerðisbót: Brimvarnar-garður	75%	4 990,0		
	Skipulag o. fl.	75%	429,4		
	Löndunarkr. Sundg.b.	40%	69,4		
	Kantur og þekja '82	75%	(510,5)		
				4 978,3	3 709,5
Svalbarðseyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%	20,2		
	Grjótvörn '82	75%	(13,5)		
				6,7	5,0

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Grenivík	Raflagnir og mastursh.	75%	230,0		
	Viðgerð á fyllingu	75%	226,2		
	Þekja og lagnir '82	75%	(236,1	)	
	Styrkur v/tjóns		(300,0)		
				(79,9)	(59,9)
Grímsey	Viðgerð á garði, fylling og létt trébr.	75%		3 535,2	2 651,4
Húsavík	Dráttarbraut	40%	410,8		
	Fyrirstöðugarður	75%	2 688,3		
	Dráttarbraut '81, '82	40%	(343,5)		
	Styrkur v/tjóns		(500,0)		
				2 255,6	2 043,1
Tjörnes	Lenging bryggju 18 m	75%		533,5	400,1
Kópasker	Tæknikostnaður o. fl.	75%		17,6	13,2
Raufarhöfn	Innsiglingarmerki	75%	360,0		
	Trébryggja og frágangur stálþilsbakka	75%	805,9		
	Viðlegukantur '82	75%	(3,7)		
				1 162,2	871,6
Þórshöfn	Grjótvinnsla	75%		589,8	442,3
Bakkafjörður	Brimvarnargarður	75%		9 975,0	7 481,2
Vopnafjörður	Tæknikostnaður o. fl.	75%	56,0		
	Endurbætur trébr. '82		(22,9)		
				33,1	24,8
Borgarfj. eystri	Grjótleit og öldumæl.	75%		696,5	522,4
Seyðisfjörður	Dýpkun smábátahafnar	75%	1 909,7		
	Hagkvæmnisathugun dráttarbr.	40%	200,6		
	Ferjuaðstaða: þekja	75%	217,5		
				2 327,8	1 675,6
Neskaupstaður	Þekja	75%	1 818,8		
	Kantur '82	75%	5,3		
				1 824,1	1 368,1
Eskifjörður	Tæknikostnaður	75%	14,2		
	Selt ljósamastur	75%	(35,2)		
				(21,0)	(15,7)
Reyðarfjörður	Tæknikostnaður	75%		(10,5)	(7,9)
Fáskrúðsfjörður	Tæknikostnaður	75%	27,1		
	Selt timbur	40%	(320,0)		
	Hafnarb. 2. Viðg. trébr.	75%	250,0		
	Þekja '82	75%	(1,6)		
				(44,5)	78,6
Stöðvarfjörður	Grjótgarður	75%	7 386,2		
	Þekja '82	75%	(1,6)		
				7 384,6	5 538,4
Breiðdalsvík	Tæknikostnaður o. fl.	75%		58,6	43,9
Djúpivogur	Þekja	75%	717,7		
	Þekja '82	75%	(14,5)		
				703,2	527,4
Hornafjörður	Þekja	75%		400,0	
	Lagnir	75%	820,0		
	Landtenging, lýsing og ljósam.	75%	800,0		
	Stálþilsbakki '82	75%	(71,6)		
				1 948,4	1 461,3
Dyrhólaey	Spil o. fl.	75%		657,9	493,4

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Vestmannaeyjar	Skipalyfta	40%	3 223,6		
	Viðgerðarkantur	75%	4 567,0		
	Dýpkun	75%	2 400,0		
	Innsiglingaljós	75%	21,0		
	Dýpkun og viðgerðark. '82	75%	415,3		
				10 626,9	6 841,9
Stokkseyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%		17,0	12,7
Eyrarbakki	Tæknikostnaður o. fl.	75%	75,4		
	Löndunarkrani '82	40%	15,2		
				90,6	62,6
Grindavík	Viðgerð timburbryggju	75%		1 955,0	1 466,2
Hafnir	Tæknikostnaður o. fl.	75%		12,4	9,3
Sandgerði	Borun og sprengingar	75%	6 539,8		
	Efni, þil og festingar	75%	5 600,0		
	Hafnarvog: Malbik o. fl.	40%	999,0		
				13 138,8	9 504,4
Garður	Grjótvörn á hafnarg.	75%	997,8		
	Hafnarvog: Rafm. o. fl.	40%	155,0		
				1 152,8	810,3
Vogar	Bílvog	40%	259,0		
	Tæknikostnaður	75%	40,4		
				299,4	133,9
Hafnarfjörður	Stálþil Suðb.	75%	10 758,7		
	Dýpkun	75%	1 708,0		
	Grjótvörn Suðg.	75%	653,5		
				13 120,2	9 840,1
Garðabær	Uppfylling	75%		2 064,0	1 548,0
				151 255,4	109 459,9
		40%	12 469,5		
		75%	138 785,9	151 255,4	109 459,9
II. Landshafnir:					
Keflavík — Njarðvík	Ýmsar lagfæringar				1 968,6
Rif	Viðgerð á steyptum kanti				1 133,6
Þorlákshöfn	Rannsóknir o. fl.				127,9
					3 230,1
III. Ferjuhafnir:					
Hvallátur					256,0
Skáleyjar					256,0
Aðrar ferjuhafnir					56,0
					568,0
IV. Reykjavíkurhöfn:					
Vesturhöfn					19 678,0
Sundahöfn: Vatnagarður					3 683,0
Sundahöfn: Kleppsvík					2 023,0
Rannsóknir og undirbún. skipaverkst.					4 028,0
					29 412,0
	Framkvæmt alls 1983				**184 465,5**

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

		Þús. kr.
Álftanes		358,0
Árskógssandur		164,0
Eyrarbakki		201,0
Garðskagi		482,0
Gerðar		60,0
Hauganes		30,0
Hrísey		1 640,0
Miðneshreppur		178,0
Selvogur		63,0
Reykjanesskagi		647,0
Aðrir sjóvarnarg.		32,0
	Samtals:	3 855,0

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1983.
(Fjárhæð í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1982		Ríkishluti framkv. 1982	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1983	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	2 026,1		4 885,9	5 700,0	1 212,0	
2. Borgarnes		384,7	59,2	1 200,0		1 525,5
3. Arnarstapi		11,4	805,8	300	494,4	
4. Hellnar	0,7		0,7		1,4	
5. Ólafsvík	206,5		3 379,2	2 200,0	1 385,7	
6. Grundarfjörður	3 419,4		4 350,7	4 100,0	3 670,1	
7. Stykkishólmur	2 030,5		1 719,5	1 800,0	1 950,0	
8. Örlygshöfn		23,1	3,6			19,5
9. Patreksfjörður		53,9	29,5			24,4
10. Tálknafjörður			5 422,5	300,0		
11. Bíldudalur	14,7		13,1		2 197,0	
12. Þingeyri	62,0		478,9	600,0	27,8	59,1
13. Flateyri	2 350,5		646,5	3 900,0		903,0
14. Suðureyri	33,3		3 091,1	1 800,0	1 324,4	
15. Bolungarvík	2 175,2		6 400,2	5 100,0	3 4775,4	
16. Ísafjörður	400,7		3 269,7	2 800,0	870,4	
17. Súðavík	6,5		11,5		18,0	
18. Norðurfjörður	181,5		418,1		599,6	
19. Gjögur	6,0		0,8		6,8	
20. Drangsnes	46,5		38,7		85,2	
21. Hólmavík	265,3		1 297,2	1 100,0	462,5	
22. Hvammstangi	874,8		(482,8)	400,0		8,0
23. Blönduós	521,4		2 078,5	1 100,0	1 499,9	
24. Skagaströnd		1 531,1	2 061,3	1 800,0		1 269,8
25. Sauðárkrókur	539,6		967,3	1 627,0		120,1
26. Hofsós	148,1		5 108,3	5 500,0		243,6
27. Siglufjörður	157,5		176,3	1 000,0		666,2
28. Ólafsfjörður	1 695,0		620,0	2 100,0	215,0	
29. Dalvík	96,3		71,5	100,0	67,8	
30. Hrísey	37,2		1 619,9	2 500,0		842,9
31. Árskógssandur		71,9	1,7			70,2
32. Hauganes	73,5		1 360,0	1 400,0	33,5	
33. Hjalteyri	87,8		58,3	100	46,1	
34. Akureyri	2 065,4		3 709,5	4 000,0	1 774,9	
35. Svalbarðseyri	358,6		5,0	300,0	63,6	
36. Grenivík	267,0		(59,9)	700,0		492,9
37. Grímsey		388,9	2 651,4	1 500,0	762,5	
38. Flatey á Skjálfanda		81,3				81,3
39. Húsavík	1 410,5		2 043,1	4 600,0		1 146,4
40. Tjörnes		308,5	400,1		91,6	
41. Kópasker	437,4		13,2	500,0		49,4
42. Raufarhöfn	73,5		871,6	800,0	145,1	
43. Þórshöfn	24,9		442,3	1 500,0		1 032,8
44. Bakkafjörður		32,6	7 481,2	2 000,0	5 448,6	
45. Vopnafjörður	474,3		24,8	200,0	299,1	
46. Borgarfjörður e.			522,4	400,0	118,1	
47. Seyðisfjörður	864,2		1 675,6	2 300,0	239,8	
48. Neskaupstaður	422,8		1 368,1	1 300,0	490,9	
49. Eskifjörður	89,3		(15,7)	200,0		126,4
50. Reyðarfjörður	399,8		(7,9)	100,0	291,9	

	Staða við ríkissjóð í árslok 1983		Ríkishluti framkv. 1984	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1984	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
51. Fáskrúðsfjörður	267,7		78,6	600,0		253,7
52. Stöðvarfjörður	508,1		5 538,4	6 100,0		53,5
53. Breiðdalsvík		178,4	43,9	1 000,0		1 134,5
54. Djúpivogur	285,9		527,4	200,0	613,3	
55. Hornafjörður	742,8		1 461,3	1 300,0	904,1	
56. Dyrhólaey	108,5		493,4	300,0	301,9	
57. Vestmannaeyjar	4 465,0		6 841,9	4 900,0	6 596,9	
58. Stokkseyri	123,4		12,7	700,0		563,9
59. Eyrarbakki		325,7	62,6			263,1
60. Grindavík	191,9		1 466,2	2 200,0		541,9
61. Hafnir	8,3		9,3		17,6	
62. Sandgerði		1 735,0	9 504,4	4 500,0	3 269,4	
63. Garður		15,4	810,3	800,0		5,1
64. Vogar	124,2		133,9	700,0		441,9
65. Hafnarfjörður	839,9		9 840,1	6 800,0	3 880,0	
66. Garðabær		5 964,4	1 548,0			4 416,0
Samtals:	32 274,5	11 110,2	109 459,9	102 027,0	44 952,3	16 355,1

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1983

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		**102 027**
Reykjavíkurhöfn		**2 000**
Landshafnir:		
Landshöfn Þorlákshöfn	4 500	
Landshöfn Keflavík — Njarðvík	2 000	
Landshöfn Rif	500	
		7 000
Ferjubryggjur		**2 000**
	Samtals	**113 027**

Sþ. 181. Skýrsla [162. mál]

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1984.

INNGANGUR.

Framkvæmdir í hafnargerðum 1984 urðu sem hér segir:

	Millj. kr.
Almennar hafnir	160,5
Reykjavíkurhöfn	30,1
Landshafnir	10,6
Ferjuhafnir	5,7
Samtals:	206,9

Árið 1983 voru heildarframkvæmdir í höfnum 184,5 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru tölur um framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, svo og stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum.

FRAMKVÆMDIR 1984 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Unnið var við styrkingu brimvarnargarðsins. Verkið var boðið út í maí 1984. Tilboði Taks hf. Búðardal og Borgarverks Akranesi var tekið. Lagðir voru út 4 400 m^3 af kjarngrjóti og 5 900 m^3 af 0,5—0,3 tonna steinum. Notast var við grjótpramma Hafnamálastofnunar. Verkinu lauk 7. september. Keypt var af verktaka grjót stærra en 4 tonn fyrir 200 kr. rúmmetrinn, alls 1 700 rúmmetrar, þetta grjót verður síðar nýtt í brimvarnargarðinn. Settur var upp nýr polli og ljóskastari á aðalhafnargarð og samið var um rétt til vinnslu grjóts í Saltvíkurnámu. Gert var við skemmdir á grjótgarði norðan Lambhúsasunds sem urðu í flóðinu 5. janúar 1984. Í það fóru 1 200 m^3 af kjarna, 1 150 m^3 af grjóti 0,5—2,0 tonn og 1 000 m^3 af grjóti 2,0—4,0 tonn. Steypt var þekja við viðgerðakantinn alls um 600 m^3 og byggt raftengihús. Settir voru upp ljóskastarar. Steyptar voru skv. tilboði 9 trefjasteypuflot-einingar. Þær voru tendgar saman og settar niður vestan Akraborgarbryggju til bráðabirgða.

Framkvæmdakostnaður: 7 434 þús. kr.

Borgarnes.

Keypt var efni í stálþilskant, 60 m langan. Undirbúningur stálþilsrekstursins var hafinn haustið 1984 með útkeyrslu fyllingar bak við fyrirhugað stálþil. Stálþilsrekstur var ekki hafinn um áramótin en lokið var við allan undirbúning. Verkið hófst 12. nóvember og lauk 21. desember.

Framkvæmdakostnaður: 5 438 þús. kr.

Arnarstapi.

Unnið var við endurbyggingu grjótgarðs, sem byggður var árið 1976 en hann hafði látið mikið á sjá í óveðrum undanfarinna ára. Hönnun garðsins og útboðslýsing var unnin í samvinnu við Almennu verkfræðistofuna. Verkið var boðið út í júlíbyrjun 1984. Verklok voru samkvæmt verksamningi 1. október 1984. Verkið gekk miklu hægar en áætlað hafði verið og var því ekki lokið um áramót. Hafði vertakinn þá keyrt um 10 000 m^3 af grjóti í garðinn en heildarmagn samkvæmt samningi er 14 600 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 4 376 þús. kr.

Hellnar.

Tæknikostnaður: 0,7 þús. kr.

Ólafsvík.

Unnið var að frágangi á Suðurgarði. Steyptir voru 500 m^2 þekju. Malbikuð var braut meðfram höfninni. Steypt var ljósamastursbús en frágangi þess er ólokið.

Framkvæmdakostnaður: 2 677,4 þús. kr.

Grundarfjörður.

Keyptur var löndunarkrani og hann settur upp. Heimamenn sáu um verkið.

Framkvæmdakostnaður: 747,2 þús. kr.

Stykkishólmur.

Unnið var við innsiglingarljós í Skipavík, þar sem nýja vöruhöfnin er. Settur var upp löndunarkrani, en hann var til frá fyrri tíma. Unnið var að endurbótum upptökubúnaðar í dráttarbrautinni í Skipavík.

Framkvæmdakostnaður: 1 410 þús. kr.

Karlsey.

Tæknikostnaður og fl.: 53,3 þús. kr.

Örlygshöfn.

Tæknikostnaður og fl.: 2,5 þús. kr.

Patreksfjörður.

Unnið var við endurnýjun raflagna í höfninni. Lögð var ný stofnlögn og stjórntafla en tengingum var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 890 þús. kr.

Tálknafjörður.

Keypt var efni í raflögn í nýja stálþilskantinn.

Framkvæmdakostnaður: 760,7 þús. kr.

Bíldudalur.

Tæknikostnaður o. fl.: 19,2 þús. kr.

Þingeyri.

Unnið var við frágang hafnarvogar. Unnið var við lýsingu á hafnarsvæðinu.

Framkvæmdakostnaður: 570,7 þús. kr.

Flateyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 25,1 þús. kr.

Suðureyri.

Unnið var við innsiglingarmerki.
Framkvæmdakostnaður: 573,5 þús. kr.

Bolungarvík.

Boðið var út vatnslögn og ljósamastursbús á Grundargarði. Tilboði lægstbjóðanda var tekið og verkinu var lokið fyrir áramót. Vegna vaxandi skemmda á Brjótnum varð að byggja grjótvörn utan á hann. Hér var um að ræða 7 000 m^3 af grjóti. Grjótið var tekið á Skálavíkurheiði og gekk það verk vel. Verkið hófst 30. ágúst og lauk 13. nóvember.
Framkvæmdakostnaður: 4 778,1 þús. kr.

Ísafjörður.

Endurnýjuð var vatnslögn í Bátahöfn og raflögn að hluta. Steyptur var landveggur fyrir væntanlega harðviðarbryggju í Sundahöfn. Sementsbryggjan við steypustöðina var endurbyggð.
Framkvæmdakostnaður: 4 993,8 þús. kr.

Súðavík.

Tæknikostnaður: 127,8 þús. kr.

Norðurfjörður.

Hafin var bygging nýs hafnargarðs. Verkið var hannað af Almennu Verkfræðistofunni, Reykjavík, og sá hún um útboðsgögn. Hafnamálastofnun bauð verkið út í maímánuði 1984. Tekið var næstlægsta tilboði en það átti Vísir h.f., Akranesi. Verkið er grjótgarður 125 m langur eða 46 000 m^3 af grjóti og kjarnagrjóti. Verkið hófst 15. júlí en vinnu var hætt 20 desember. Voru þá komnir um 30 000 m^3 í garðinn.
Framkvæmdakostnaður: 6 775,6 þús. kr.

Drangsnes.

Tæknikostnaður: 4 þús. kr.

Hólmavík.

Sett var upp ljósamastur við nýja stálþilið.
Framkvæmdakostnaður: 270,8 þús. kr.

Hvammstangi.

Grjótvörn á Norðurgarði var styrkt og endurbætt. Í það fóru um 1 500 m^3 af grjóti, sem var tekið við bæinn Bjarg í Miðfirði. Verkið hófst 30. júlí og lauk 25. ágúst.
Framkvæmdakostnaður: 1 251,4 þús. kr.

Blönduós.

Gert var við tjón á þekju. Lokið var við skýrslu um líkantilraunir.
Framkvæmdakostnaður: 309,8 þús. kr.

Skagaströnd.

Unnið var að byggingu dráttarbrautar og var það verk langt komið um áramót. Hér er um að ræða 200 þungatonna braut, án hliðafærslu, í þessum áfanga. Gengið var frá braut í sjó, smíðaður dráttarbrautarvagn, byggt spilhús, og dráttarspil sett upp. Frágangi var ólokið um áramót. Keypt var bílavog og hún sett upp. Byggt var vogarhús. Hér er um 50 tonna tölvuvog að ræða. Stálþil, sem keypt var á sínum tíma vegna dráttarbrautarinnar var selt. Vinna hófst 26. mars og stóð með hléum til ársloka.

Framkvæmdakostnaður: 8 089 þús. kr.

Sauðárkrókur.

Unnið var að grjótleit. Jarðfræðingur rannsakaði næsta nágrenni og leitaði að heppilegu grjótnámi.

Framkvæmdakostnaður: 436,5 þús. kr.

Hofsós.

Lokið var við byggingu grjótvarnar. Vinnsla stórs grjóts var boðin út, alls 10 000 m^3. Samið var við lægstbjóðanda, Os sf., og Pálma Friðriksson, Skagafirði. Grjótið var tekið við bæinn Hraun í Unadal. Hafnamálastofnun sá um útsetningu grjótsins í garðinn en verktaki afhenti grjótið á útsetningarstað. Verkið hófst 29. maí og lauk 19. júlí.

Framkvæmdakostnaður: 6 707,5 þús. kr.

Siglufjörður.

Unnið var að byggingu hafnarvogar. Steypt var vogargryfja og pallur. Einnig var reist vogarhús. Vogarbúnaður var keyptur en hann var óuppsettur um áramót. Heimamenn sáu um framkvæmdir. Keypt var timbur í smábátakant sem byggður verður innan við eyrina í gömlu höfninni.

Framkvæmdakostnaður: 2 171 þús. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við byggingu hafnarvogar. Keyptur var vogarbúnaður, steypt vogargryfja og pallur. Sjávarföll og öldur voru mældar utan og innan hafnar.

Framkvæmdakostnaður: 1 636,7 þús. kr.

Dalvík.

Unnið var við byggingu stálþilskants innan á Norðurgarði, á um 100 m kafla, og grjótvörn sett á hann, alls um 3 000 m^3. Keypt var stálþil og rekið niður, alls 94 m. Fyllt var í það og gengið frá því með bráðabirgðapollum og -þybbum. Steypt voru tvö ljósamastursshús og gengið frá lögnum í þau.

Framkvæmdakostnaður: 10 017 þús. kr.

Hrísey.

Tæknikostnaður o. fl.: 6,7 þús. kr.

Árskógssandur.

Tæknikostnaður: 6 þús. kr.

Hauganes.

Tæknikostnaður o. fl.: 21,7 þús. kr.

Hjalteyri.

Tæknikostnaður: 1,1 þús. kr.

Akureyri.

Unnið var að dýpkunum með Háki, dælupramma Hafnamálastofnunar. Þegar dælingum lauk 9. júní hafði Hákur dælt rúmlega 26 000 m^3 af sandi. Heimamenn sáu um frágang uppfyllingar norðan Togarabryggju og gerð grjótgarðs í Sandgerðisbót. Hluti Krossanesbryggju var endurbyggður. Unnið var við skipulag hafnarsvæðisins á Arkitektastofu Svans Eiríkssonar.

Framkvæmdakostnaður: 12 805,8 þús. kr.

Svalbarðseyri.

Tæknikostnaður o. fl.: 100,1 þús. kr.

Grenivík.

Unnið var við raflögn í hafnargarðinum. Einnig var mokað upp leifum fyllingar meðfram nýja stálþilinu innst við garðinn. Heimamenn sáu um þessar framkvæmdir.

Framkvæmdakostnaður: 936,5 þús. kr.

Grímsey.

Uppgjör: 164,3 þús. kr.

Húsavík.

Dælupramminn Hákur kom til Húsavíkur 12. júní og var þar til 11. ágúst. Hákur dældi úr smábátahöfninni, við dráttarbrautina og upp með Norðurgarði. Efninu sem fékkst í smábátahöfninni, alls 16 200 m^3, var dælt í fyllingu utan við Suðurgarð en fyrirstöðugarður með grjótvörn hafði verið byggður árið áður. Efninu sem fékkst upp með Norðurgarði, alls 16 200 m^3, var dælt í gámasvæðið efst við Norðurgarð. Gengið var frá því með fyrirstöðugarði og grjótvörn. Síðar var keyrt á þetta svæði burðarlag og það malbikað, alls 5 000 m^2. Hákur dældi alls upp 21 500 m^3 úr Húsavíkurhöfn. Verkið hófst 7. ágúst og lauk 20. október.

Framkvæmdakostnaður: 9 649,9 þús. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 8,4 þús. kr.

Raufarhöfn.

Keyrður var út fyrirstöðugarður, 70 m langur, framan við væntanlegt frystihús. Í garðinn fóru um 5 500 rúmmetrar af grjóti og kjarna, einnig fóru um 1 000 rúmmetrar í veg að námu í fjörunni um 3 km vestan við þorpið. Unnið var við innsiglingarmerki. Sett var upp eitt bakmerki og lokið við frágang annars. Verkið hófst 19. júlí og lauk 2. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 632,2 þús. kr.

Þórshöfn.

Öldumælingar, tæknikostnaður: 230,3 þús. kr.

Bakkafjörður.

Haldið var áfram byggingu brimvarnargarðsins, sem er fyrsti áfangi nýrrar hafnar, um einum km innan við þorpið. Keyrðir voru í garðinn rúmlega 50 000 m^3 af grjóti á árinu 1984, svo alls fóru í garðinn tæpir 106 000 m^3 af grjóti og fyllingarefni. Það er um 16 000 m^3 meira en teikningar gerðu ráð fyrir. Gerður var samningur við verktaka um vinnslu á grjóti (5 000

m^3) í Nónfjalli sem er í 30 km fjarlægð frá hafnarsvæðinu. Verkinu lauk í desemberbyrjun og var það tekið út 7. desember af verkkaupa. Uppgjöri við verktaka var ólokið um áramót, þar eð verktaki ætlaði að leggja fram kröfur vegna aukakostnaðar.

Framkvæmdakostnaður: 19 163,8 þús. kr.

Vopnafjörður.

Tæknikostnaður o. fl.: 87,6 þús. kr.

Borgarfjörður eystri.

Grjót- og öldurannsóknir. Endurbygging hafnarvogar.

Framkvæmdakostnaður: 1 105,9 þús. kr.

Seyðisfjörður.

Byrjað var á innréttingu smábátahafnar með uppsetningu flotbryggju. Unnið var að lagfæringu ferjuaðstöðu. Heimamenn sáu um þessi verk. Unnið var við rannsóknir vegna fyrirhugaðrar dráttarbrautar.

Framkvæmdakostnaður: 1 653,0 þús. kr.

Neskaupstaður.

Tæknikostnaður o. fl.L 62,8 þús. kr.

Eskifjörður.

Tæknikostnaður: 13,9 þús. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Gert var við Bæjarbryggju. Endurnýjuð var þekja úr timbri, alls um 400 m^2. Verkið hófst 30. apríl og lauk 28. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 1 450,7 þús. kr.

Stöðvarfjörður.

Keypt var efni í rúmlega 200 m stálþil. Settur var upp löndunarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 7 257,6 þús. kr.

Breiðdalsvík.

Endurnýjuð var timburbryggja, sem er aðalviðlegu- og löndunarkantur fiskiskipa. Verkið hófst 23. júní og lauk 3. september.

Framkvæmdakostnaður: 2 021,7 þús. kr.

Djúpivogur.

Tæknikostnaður o. fl.: 22,7 þús. kr.

Höfn í Hornafirði.

Dælt var úr höfninni. Heimamenn sáu um verkið og var það unnið með sanddælu, sem þeir hafa keypt af Flugmálastjórn.

Framkvæmdakostnaður: 1 264,2 þús. kr.

Dyrhólaey.

Haldið var áfram uppsetningu landtöku fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 434,2 þús. kr.

Vestmannaeyjar.

Unnið var við skipalyftuna við raflagnir o.fl. Dæluprammi heimamanna dældi úr höfninni á svæðinu fyrir framan skipalyftuna, alls rúmlega 12 000 m^3.

Framkvæmdakostnaður: 383,2 þús. kr.

Stokkseyri.

Lokið var uppsetningu fjögurra innsiglingarmerkja.

Framkvæmdakostnaður: 1 286,6 þús. kr.

Eyrarbakki.

Krani gróf úr höfninni upp með viðlegukanti báta, alls um 2000 m^3. Heimamenn sáu um framkvæmdina.

Framkvæmdakostnaður: 498,1 þús. kr.

Grindavík.

Samið var við vélaeigendur og vörubílstjóra í Grindavík um útkeyrslu fyrirstöðugarðs í austurenda hafnarinnar. Garðurinn er u.þ.b. 500 m langur og um 17 000 m^3. Efnið í garðinn var tekið úr hrauninu í 200 m fjarlægð. Sett var grjót á garðinn sem tekið var við Melhól í um 3 km fjarlægð. Verkið hófst 12. nóvember en var ólokið um áramót.

Framkvæmdakostnaður: 1 376,7 þús. kr.

Hafnir.

Keyrð var grjótvörn utan á bryggjuna. Verkið var unnið frá 5. mars til 27. apríl.

Framkvæmdakostnaður	1 030 þús. kr.
Tjónastyrkur	1 000 þús. kr.
Mismunur	30 þús. kr.

Sandgerði.

Grafið var upp úr skurði, sem sprengdur hafði verið árið áður, rekið niður stálþil 2 × 60, bundið og fyllt að, gengið frá bráðabirgðakanti og lýsingu.

Grabbað var frá þilinu með krana eins og hægt var.

Framkvæmdakostnaður: 8 841,6 þús. kr.

Vogar.

Tæknikostnaður: 11,9 þús. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var við Suðurbakka, annan áfanga. Verkið var að mestu boðið út. Hafnamálastofnun sá um gerð útboðsgagna. Tekið var lægsta tilboði og samið við Þorstein Sveinsson og Hjört Gunnarsson, Hafnarfirði. Verkið var raf- og vatnslagnir ásamt brunnum, ljósamastursthús og um 1 200 m^2 þekja.

Framkvæmdakostnaður: 3 642 þús. kr.

Garðabær.

Vinna hófst í janúar við dýpkun viðlegudokkar framan við skipasmíðastöðina Stálvík. Þetta verk var boðið út og samið um það við verktakann Rein s.f. í árslok 1983. Verkið var dýpkun með sprengingum á 30 × 80 m^2 lægi við væntanlegan stálþilskant. Sprengt efni var um 13 000 m^3 og laust efni um 7 000 m^3. Verkinu lauk í ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 12 082,8 þús. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Í Vesturhöfn var unnið við grjótvörn landfyllingar við olíustöð. Í tengslum við þá framkvæmd var gengið frá útrás sem síðar mun taka við frárennsli frá sameinuðu holræsakerfi Vesturhafnar. Grjótvörn utan við frystihús Ísbjarnarins við Norðurgarð var aukin, endurbætt, og Norðurslóð sem liggur með húsinu austanverðu var malbikuð. Unnið var að ýmsum frágangi bryggju og aðkomuleiðar við Eyjagarð í tengslum við framkvæmdir olíufélaganna. Við kaup Eimskipafélags Íslands á gámakrana á Kleppsbakka ákvað hafnarstjórn að leggja til burðarbita undir spor kranans. Undir bitann voru reknir 114 steyptir staurar 12 til 17 m langir. Staurarekstur var unninn af Vegagerð ríkisins, en sænska fyrirtækið Binab sendi mann og búnað til fullnaðarreksturs staura og mælinga burðargetu. Í Kleppsvík var boðin út gerð II. áfanga Holtabakka og var verkið falið Köfunarstöðinni hf., en tilboð fyrirtækisins var 76,71% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið gekk hægar en áætlað var, aðallega vegna tafa á afhendingu efnis í stálþil.

Yfirlit yfir fjárfestingu 1984:

	þús. kr.
Gamla höfnin:	
Landauki í Vesturhöfn	3 150
Gatnagerð í Vesturhöfn	1 000
Útrás holræsa	831
Vatnagarðar:	
Styrking Kleppsbakka	8 612
Kleppsvík:	
Holtabakki, lenging	9 593
Gatnagerð	1 308
Olíuhöfn:	
Eyjagarður	721
Ýmislegt:	
Húsakaup	1 909
Endurnýjun tækja	3 020
Samtals:	30 144

LANDSHAFNIR.

Keflavík—Njarðvík.

Unnið var við nýja stálþilsbakkann í Njarðvík. Gengið var frá þekju og lögnum. Unnið var við verkið frá 21. maí til 22. júní. Einnig var gámasvæðið malbikað, alls um 7 000 m^2. Verkið var boðið út og sá verkfræðistofa Suðurnesja um útboðsgögnin.

Framkvæmdakostnaður: 5 100 þús. kr.

Rif.

Framkvæmdakostnaður: 140 þús. kr.

Þorlákshöfn.

Grjótvörn í vikinu suðvestan við suðurvarnargarð var færð út svo landauki myndaðist undir athafnasvæði fyrir væntanlegan vikurútflutning. Verkið var boðið út. Lægstbjóðandi var Sveinbjörn Runólfsson sf. og Fossvélar hf. Tilboð þeirra var mun lægra en kostnaðaráætlun Almennu verkfræðistofunnar, sem sá um gerð útboðsgagna. Efnið var að mestu tekið á staðnum, en grjót var unnið til viðbótar í námu við Hafnarberg, alls um 10 500

m^3. Verkið gekk mjög vel, það hófst í nóvember og lauk um miðjan desember. Samið var við verktaka um lagningu grjótvarnar á Norðurgarð. Var það verk unnið jafnframt hinu verkinu.

Framkvæmdakostnaður: 5 400 þús. kr.

FERJUBRYGGJUR.

Við ferjubryggjur var unnið á eftirtöldum stöðum:

Brjánslæk, Búðardal, Flatey á Breiðafirði, Hvallátrum, Múlanesi, Skáleyjum, Mjólká, Ögri, Æðey og víðar.

Stærstu verkin voru: Í Borgarvogi við Mjólká var byggð bryggja. Byggður var grjótgarður um 40 m langur og 6 m viðlegukantur úr timbri utan á hann. Í garðinn fóru rúmlega 7 000 m^3 af fyllingu og grjóti. Unnið var við verkið frá 22. ágúst til 26. september.

Í Flatey á Breiðafirði var gert við bryggjuna. Verkið hófst í byrjun maí og lauk 5. júlí.

Í Ögri var gert við skemmdir á stöplum og brúm. Verkið hófst um miðjan júlí og lauk í lok júlí.

Í Hvallátrum og Skáleyjum voru steyptar þekjur.

Framkvæmdakostnaður alls: 5 716,1 þús. kr.

SJÓVARNARGARÐAR.

Unnið var víða við sjóvarnargarða. Stærstu verkin voru á Akranesi, Álftanesi, Miðneshreppi, Sauðárkróki og Seltjarnarnesi, öll á bilinu 1—2 m.kr.

Á Akranesi var byggður sjóvarnargarður við Ægisbraut, 580 m langur og grjótvörn við Steinsvör, alls um 19 600 m^3. Var ákvörðun um byggingu þessarra flóðvarna tekin í kjölfar flóðanna í ársbyrjun 1984. Verkið var boðið út og unnið af verktaka.

Í Miðneshreppi var byggður sjóvarnargarður frá Sandgerðishöfn um 300 m í norður eftir ströndinni. Á Sauðárkróki var vegurinn framan við kaupstaðinn varinn. Á Siglufirði var keyrð grjótvörn á fjöruna utan við dráttarbrautina að síldarverksmiðjunum, alls um 2 000 m^3.

Á Seltjarnarnesi var unnið í Gróttu, á Kotagranda og í Sandvík. Á Ólafsvík var unnið við vörn þjóðvegarins inni í þorpinu. Vegagerðin sá um framkvæmdir. Í Búðardal var gerður sjóvarnargarður við Ægisbraut og framan við sláturhús, samtals um 3 000 m^3.

Í Vestmannaeyjum var unnið að bráðabirgðastyrkingu Eiðis. Gerð var skýrsla um strandvarnir og flóðhættu í nágrenni Eyrarbakka, Stokkseyrar og Selvogs. Hún var unnin af Fjarhitun hf.

Framkvæmdakostnaður: 14 190,3 þús. kr.

ÁÆTLANAGERÐ OG RANNSÓKNIR.

Á árinu 1984 var unnið að almennum könnunum hafnarstæða sem fyrr. Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Borgarnes	Kannað þilstæði
Brjánslækur	Könnun vegna ferjuhafnar og smábátaaðstöðu.
Ísafjörður	Könnun vegna dráttarbrautar.
Súðavík	Borað framan við frystihús vegna löndunarbryggju.
Seyðisfjörður	Borað vegna fyrirhugaðrar dráttarbrautar.
Grindavík	Borað vegna væntanlegrar smábátahafnar.
Hafnarfjörður	Borað framan við skipasmíðastöðvarnar Dröfn og Bátalón. Einnig var kannaður botn í Suðurhöfn vegna stækkunar vöruhafnar.
Garðabær	Könnun vegna skipasmíðakants.

Mælingar í höfnum og umhverfi þeirra voru framkvæmdar á eftirtöldum stöðum:
Akranesi, Arnarstapa, Rifi, Tálknafirði, Bolungarvík, Skagaströnd, Siglufirði, Ólafsvík, Akureyri, Grenivík, Húsavík, Bakkafirði, Hornafirði, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Njarðvík, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Einnig var ölduduf á Grímseyjarsundi við Þórshöfn og við Hafnarhólma, Borgarfirði eystra.

DÝPKUNARTÆKI HAFNAMÁLASTOFNUNAR.

Hafnamálastofnun rekur dæluprammann Hák.
Árið 1984 dældi Hákur á eftirtöldum stöðum:

Akureyri	26 100 m³
Húsavík	21 500 m³
Alls:	47 600 m³

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnaframkvæmdir 1984
(Fjárhæðir í þús. kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
I. Aðrar hafnir:					
Akranes	Grjót í fót aðalhafnarg.	75%	4 450,0		
	Viðgerð á grjótg. Lambhúsas. o. fl.	75%	2 588,0		
	Lambhúsasund: Þekja á viðg.kant o. fl.	75%	863,0		
	Flotbryggja: Einingar byggðar	75%	801,0		
	Styrking grjótgarðs o. fl. '83	75%	232,0		
	Tjónastyrkur		(1 500,00)		
				7 434,0	5 575,0
Borgarnes	Efni í nýjan stálþilsbakka	75%	3 700,0		
	Byrjunarframkv. við rekstur þils	75%	1 738,0		
				5 438,0	4 078,0
Arnarstapi	Endurbætur grjótgarðs	75%		4 376,0	3 282,0
Hellnar	Tæknikostnaður	75%		0,7	0,5
Ólafsvík	Suðurhöfn: Þekja og slitlag	75%	1 663,0		
	Ljósamastursh. við timburbr.	75%	446,0		
	Leiðarljós og viðgerð á grjótg. '83	75%	568,4		
				2 677,4	2 008,0
Grundarfjörður	Löndunarkrani	40%	338,0		
	Vextir og gengismunur	75%	600,0		
	Steyptur kantur o. fl.	75%	(190,8)		
				747,2	442,1
Stykkishólmur	Uppsetning löndunarkrana	40%	214,0		
	Lagnir Skipavík	75%	602,0		
	Dráttarbr.: Upptöku og stillibún.	40%	440,0		
	Innsiglingaljós	75%	170,0		
	Trébryggja o. fl.	75%	(16)		
				1 410,0	828,6
Karlsey	Tæknikostnaður o. fl.	75%		53,3	40,0
Örlygshöfn	Tæknikostnaður o. fl.	75%		2,5	1,9
Patreksfjörður	Endurnýjun raflagna	75%		890,0	667,5
Tálknafjörður	Dýpkun	75%	566,0		
	Stálþil og kantur '83	75%	194,7		
				760,7	570,5
Bíldudalur	Tæknikostnaður o. fl.	75%		19,2	14,4
Þingeyri	Lokafrágangur hafnarvigtar	40%	262,0		
	Lýsing hafnarsvæðis	75%	296,0		
	Hafnarvog	40%	12,7		
				570,7	331,9
Flateyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%		25,1	18,8
Suðureyri	Innsiglingarmerki o. fl.	75%	410,0		
	Þekja '83	75%	163,5		
				573,5	430,1

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Bolungarvík	Grundarg.: Endurnýjun lagna ..	75%	412,0		
	Lýsing á Brjót og bátabryggju ..	75%	462,0		
	Grjót utan á Brjót o. fl.	75%	6 334,0		
	Líkan og öldumælingar	75%	2 200,0		
	Fjármagnskostnaður	75%	612,0		
	Stálþilsbakki '83	75%	58,1		
	Tjónastyrkur	75%	(5 300,0)		
				4 778,1	3 583,6
Ísafjörður	Bátahöfn: Vatn, raflagnir	75%	867,0		
	Löndunarbr. Mávag.: Steyptur landveggur og keyptir staurar ..	75%	2 720,0		
	Endurbætur sementsbryggju v/Grænagarðs	75%	398,0		
	Mælingar og rannsóknir	40%	1 012,0		
	Löndunarbryggja '83	75%	(3,2)		
				4 993,8	3 391,1
Súðavík	Tæknikostnaður	75%		127,8	95,8
Norðurfjörður	Grjótgarður (verki ekki lokið) ..	75%	6 315,3		
	Öldumælingar	75%	245,0		
	Fjármagnskostnaður		215,3		
				6 775,6	5 081,7
Drangsnes	Tæknikostnaður o. fl.	75%		4,0	3,0
Hólmavík	Ljósamastur	75%	259,5		
	Kantur og lagnir	75%	11,3		
				270,8	203,1
Hvammstangi	Norðurgarður: Viðgerð á grjótvörn	75%		1 251,4	
Blönduós	Tjónaviðg.	75%	87,0		
	Rannsóknir o. fl.	75%	444,0		
	Líkan o. fl. '83	75%	(121,2)		
	Tjónastyrkur		(100,0)		
				309,8	232,3
Skagaströnd	Dráttarbraut	40%	7 158,2		
	Bílavog	40%	1 466,0		
	Selt þil	40%	(672,2)		
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	205,0		
	Dráttarbraut '83	40%	32		
	Tjónastyrkur		(100,0)		
				8 089,0	3 272,3
Sauðárkrókur	Rannsóknir og grjótleit	75%	229,5		
	Lagnir o. fl. '83	75%	207,0		
				436,5	327,4
Hofsós	Norðurgarður: Grjótvörn og viðgerð á þekju	75%	6 004,0		
	Brimvarnargarður o. fl. '83	75%	703,5		
				6 707,5	5 030,6
Siglufjörður	Hafnarvog 1. áf.	40%	1 180,0		
	Smábátabr., efni o. fl.	75%	991,0		
				2 171,0	1 215,2
Ólafsfjörður	Hafnarvog 1. áf.	40%	1 100,0		
	Öldumælingar	75%	510,0		
	Viðgerð á Vesturgarði '83	75%	26,7		
				1 636,7	842,5
Dalvík	Norðurg.: Stálþil, grjótvörn og ljósam.	75%		10 017,0	7 512,7

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Hrísey	Tæknikostnaður		40,2	40,2	
	Viðgerð á Suðurgarði '83	75%	(33,5)		
				6,7	5,0
Árskógssandur	Tæknikostnaður	75%		6,0	4,5
Hauganes	Tæknikostnaður o. fl.	75%	21,7		16,3
Hjalteyri	Tæknikostnaður	75%	1,1		0,8
Akureyri	Togarabryggja	75%	1 786,6		
	Sandgerðisbót:				
	Grjótg. o. fl., verklok	75%	5 251,0		
	Dýpkun Sandg.bótar, togara-				
	kant og Krossanesbryggju	75%	5 236,4		
	Viðgerð Krossanesbryggju	75%	501,0		
	Skipulag '83	75%	30,8		
				12 805,8	9 604,3
Svalbarðseyri	Tæknikostnaður o. fl.	75%	100,1		75,1
Grenivík	Dýpkun	75%	300,0		
	Raflagnir	75%	350,0		
	Fylling o. fl. '83	75%	286,5		
				936,5	702,4)
Grímsey	Seldur harðviður o. fl.	75%	(15,6)		
	Viðgerð á garði '83	75%	(148,7)		
				(164,3)	
Flatey á Skjálfanda	Tæknikostnaður	75%	0,5		0,4
Húsavík	Smábátahöfn: Dýpkun	75%	5 987,0		
	Norðurgarður: Gámaplan	75%	4 301,0		
	Fylling o. fl.	75%	(638,1)		
				9 649,9	7 237,4
Kópasker	Tæknikostnaður	75%		8,4	6,3
Raufarhöfn	Löndunarkantur: Fylling 1. áf.	75%	1 206,0		
	Innsiglingarmerki	75%	453,0		
	Stálþilsbakki o.fl.		(26,8)		
				1 632,2	1 224,1
Þórshöfn	Öldumælingar	75%	170,2		
	Tæknikostnaður	75%	60,1		
				230,3	172,7
Bakkafjörður	Brimvarnargarður	75%		19 163,8	14 372,8
Vopnafjörður	Tæknikostnaður o. fl.	75%		87,6	65,7
Borgarf. eystri	Grjót- og öldurannsóknir	75%	745,9		
	Endurbygging hafnarvogar	40%	360,0		
				1 105,9	703,4
Seyðisfjörður	Flotbryggja og lagfæring				
	ferjuaðstöðu	75%	558,0		
	Dráttarbraut: Rannsóknir	40%	998,4		
	Tæknikostnaður	75%	123,0		
	Dýpkun smábátahafnar '83	75%	(26,4)		
				1 653,0	890,3
Neskaupstaður	Tæknikostnaður	75%	17,3		
	Þekja '83	75%	45,5		
				62,8	47,1
Eskifjörður	Tæknikostnaður	75%		13,9	10,4
Fáskrúðsfjörður	Viðgerð á timburbryggju	75%	1 120,7		
	Slippur frá fyrra ári	40%	330,0		
				1 450,7	972,5
Stöðvarfjörður	Stálþil og festingar (efniskaup)	75%	6 860,6		
	Löndunarkrani	40%	403,0		
	Grjótgarður '83	75%	(6,0)		
				7 257,6	5 302,1

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.		Ríkishluti
Breiðdalsvík	Viðgerð á timburbryggju	75%		2 021,7	1 516,3
Djúpivogur	Tæknikostnaður o. fl.	75%	9,8		
	Þekja '83	75%	12,9		
				22,7	17,0
Höfn í Hornafirði	Dýpkun	75%	1 272,3		
	Lagnir o. fl.	75%	(8,1)		
				1 264,2	948,1
Dyrhólaey	Lendingarbætur	75%		434,2	325,6
Vestmannaeyjar	Skipalyfta: Færsluhús o. fl.	40%	829,5		
	Dýpkun o. fl.	75%	2 026,9		
	Viðgerðarkantur o. fl.	75%	(2 473,2)		
				383,2	(2,9)
Stokkseyri	Innsiglingarmerki o.fl.	75%	1 3491,4		
	Tæknikostnaður o. fl.	75%	(62,8)		
				1 286,3	964,9
Eyrarbakki	Dýpkun	75%		498,1	373,6
Grindavík	Smábátahöfn: Fyrirstöðugarður .	75%	1 491,3		
	Rannsóknir	75%	14,9		
	Viðgerð á timburbryggju '83 ...	75%	(129,5)		
				1 376,7	1 032,5
Hafnir í Höfnum	Grjótvörn utan á bryggju	75%	1 030,0		
	Tjónastyrkur		(1 000,0)	30,0	22,5
Sandgerði	Stálþilsgarður lengdur	75%	9 236,2		
	Borun og sprengingar '83	75%	(261,6)		
	Hafnarvog '83	40%	(133,0)		
				8 841,6	6 677,7
Vogar	Tæknikostnaður	75%		11,9	8,9
Hafnarfjörður	Suðurbakki 2. áf., lagnir,				
	þekja o. fl.	75%	4 446,0		
	Stálþil og grjótvörn –3	75%	(804,0)		
				3 642,0	2 731,5
Garðabær	Viðgerðarkostnaður 1. áf.	75%		12 082,8	9 062,1
				160 473,2	114 987,4
		40%	14 676,6		
		75%	145 796,6	160 473,2	114 987,4
II. Landhafnir:					
Keflavík — Njarðvík	Stálþilsb.: Frágangur				
	lagna og þekja			1 100,0	
	Gámasvæði malbikað			4 000,0	
					5 100,0
Rif	Tæknikostnaður				140,0
Þorlákshöfn	Svartaskersgarður: Viðgerð og				
	hækkun			1 000,0	
	Land undir Víkurgarð			3 800,0	
	Öldumælingar			600,0	
					5 400,0
					10 640,0

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
III. Ferjuhafnir:				
Brjánslækur				86,9
Búðardalur				446,0
Flatey á Breiðafirði				1 545,4
Hvallátrar				261,4
Múlanes				112,7
Skáleyjar				532,4
Mjólká				1 485,0
Ögur				716,4
Æðey				426,2
Aðrar				103,7
				5 716,1
IV. Reykjavíkurhöfn:				
Gamla höfnin:				
Landauki Vesturhöfn				3 150,0
Gatnagerð Vesturhöfn				1 000,0
Úrás holræsa				831,0
Vatnagarðar:				
Styrking Kleppsbakka				8 612,0
Kleppsvík:				
Holtabakki, lenging				9 593
Gatnagerð				1 308,0
Olíuhöfn:				
Eyjagarður				721,0
Ýmislegt:				
Húsakaup				1 909,0
Endurnýjun tækja				3 020,0
				30 144,0
	Framkvæmdir alls 1983			**206 973,3**

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

		Þús. kr.
	Akranes	4 752,0
	Álftanes	1 549,4
	Búðardalur	418,8
	Dalvík	73,4
	Eyrarbakki	228,6
	Grótta	377,8
	Hvaleyri	218,7
	Hafnir í Höfnum	825,9
	Miðneshreppur	1 524,4
	Ólafsvík	553,7
	Sauðárkrókur	1 772,4
	Seltjarnarnes	172,2
	Selvogur	509,0
	Siglufjörður	203,6
	Stokkseyri	869,8
	Vestmannaeyjar	136,2
	Reykjanesskagi	54,5
	Samtals:	14 190,3

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1984.
(Fjárhæð í þús. kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1983		Ríkishluti framkv. 1984	Fjárveit. almennra hafna*	Staða við ríkissjóð í árslok 1984	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	1 212,0		5 575,0	5 574,0	1 280,0	
2. Borgarnes		1 525,5	4 078,0	3 141,0		588,5
3. Arnarstapi	494,4		3 282,0	2 286,0	1 490,4	
4. Hellnar	1,4		0,5		1,9	
5. Ólafsvík	1 385,7		2 008,0	3 141,0	252,7	
6. Grundarfjörður	3 670,1		442,1	3 927,0	185,2	
7. Stykkishólmur	1 950,0		840,6	2 454,0	336,6	
8. Karlsey			40,0	2 257,0		2 217
9. Örlygshöfn		19,5	1,9			17,6
10. Patreksfjörður		24,4	667,5	1 187,0		543,9
11. Tálknafjörður	2 197,0		570,5	2 945,0		177,5
12. Bíldudalur	27,8		14,4	0,0	42,2	
13. Þingeyri		59,1	331,9	295,0		22,2
14. Flateyri		903,0	18,8	1 277,0		2 161,2
15. Suðureyri	1 324,4		430,1	1 964,0		209,5
16. Bolungarvík	3 475,4		3 583,6	3 731,0	3 328,0	
17. Ísafjörður	870,4		3 391,1	4 633,0		371,5
18. Súðavík	18,0		95,8		113,8	
19. Norðurfjörður	599,6		5 081,7	1 375,0	4 306,3	
20. Gjögur	6,8		0,0	0,0	6,8	
21. Drangsnes	85,2		3,0	98,0		9,8
22. Hólmavík	462,5		203,1	393,0	272,6	
23. Hvammstangi		8,0	938,6	1 964		1 033,4
24. Blönduós	1 499,9		232,3	1 277,0	455,2	
25. Skagaströnd		1 269,8	3 272,3	1 473,0	529,5	
26. Sauðárkrókur		120,1	327,4	196,0	11,3	
27. Hofsós		243,6	5 030,6	4 615,0	172,0	
28. Siglufjörður		666,2	1 215,2	1 178,0		629,0
29. Ólafsfjörður	215,0		842,5	1 571,0		513,5
30. Dalvík	67,8		7 512,7	7 364,0	216,5	
31. Hrísey		842,9	5			837,9
32. Árskógssandur		70,2	4,5			65,7
33. Hauganes	33,5		16,3		49,8	
34. Hjalteyri	46,1		0,8		46,9	
35. Akureyri	1 774,9		9 604,3	7 218,0	4 161,2	
36. Svalbarðseyri	63,6		75,1	98,0	40,7	
37. Grenivík		492,9	702,4	196,	13,5	
38. Grímsey	762,5		(123,5)	589,0	50,3	
39. Flatey á Skjálfanda		81,3	0,4			80,9
40. Húsavík		1 146,4	7 237,4	2 357,0	3 734,0	
41. Tjörnes	91,6			98,0		6,4
42. Kópasker		49,4	6,3			43,1
43. Raufarhöfn	145,1		1 224,1	1 473,0		103,8
44. Þórshöfn		1 032,8	172,7	1 375,0		2 235,1
45. Bakkafjörður	5 448,6		14 372,8	6 886,0	12 935,4	
46. Vopnafjörður	299,1		65,7	295,0	69,8	
47. Borgarfjörður e.	118,1		703,4	1 277,0		455,5
48. Seyðisfjörður	239,8		890,3	995,0	135,1	
49. Neskaupstaður	490,9		47,1	491,0	47,0	
50. Eskifjörður		126,4	10,4	0,0		116,0

	Staða við ríkissjóð í árslok 1982		Ríkishluti framkv. 1982	Fjárveit. almennra hafna	Staða við ríkissjóð í árslok 1983	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
51. Reyðarfjörður	291,9		0,0	295,0		3,1
52. Fáskrúðsfjörður		253,7	972,5	295,0	423,8	
53. Stöðvarfjörður		53,5	5 302,1	7 364,0		2 115,4
54. Breiðdalsvík		1 134,5	1 516,3	0,0	381,8	
55. Djúpivogur	613,3		17,0	589,0	41,3	
56. Hornafjörður	904,1		948,1	1 375,0	477,2	
57 Dyrhólaey	301,9		325,6	491,0	136,5	
58. Vestmannaeyjar	6 596,9		(2,9)	7 400,0		806,0
59. Stokkseyri		563,9	964,9		401,0	
60. Eyrarbakki		263,1	373,6	4 124,0		4 013,5
61. Grindavík		541,9	1 032,5	2 651,0		2 160,4
62. Hafnir	17,6		22,5	0,0	40,1	
63. Sandgerði	3 269,0		6 677,7	10 310,0		362,9
64. Garður		5,1	0,0		5,1	
65. Vogar		441,9	8,9			433,0
66. Hafnarfjörður	3 880,0		2 731,5	5 124,0	1 487,5	
67. Garðabær		4 416,0	9 062,1		4 646,1	
Samtals:	44 952,3	16 355,1	114 999,4	123 615,0	42 325,0	22 333,3

Ed. 182. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen.

1. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna, **Félagslegar ástæður**, falli niður.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús þar sem aðgerðin fer fram en hinn að jafnaði sá læknir sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti þrír menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanna að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna". Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það til hvers skuli tekið tillit við mat á því hvað er „of erfitt" í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður". Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum skal lífi þess tortímt ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú að fóstureyðing geti verið heimil ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu". Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt".

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverja 100 lifandi fædda árið 1965 voru 1,4, árið 1970 2,5, árið 1975 6,3, árið 1980 11,6, árið 1981 13,7, árið 1982 14,1 og árið 1983 15,7.

Á árinu 1965 voru fóstureyðingar 68, árið 1970 99, árið 1975 274, árið 1980 523, árið 1981 597, árið 1982 613, árið 1983 687 og árið 1984 um 730. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum. Aukningu fóstureyðinga frá því lögin voru sett 1975 er eingöngu til þeirra að rekja. Raunar hefur fóstureyðingum af læknisfræðilegum ástæðum ekki fjölgað á síðustu árum. Eru nú um níu af hverjum tíu fóstureyðingum framkvæmdar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975 var borin fram breytingartillaga við frumvarp að lögum þessum þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Breytingartillagan náði ekki fram að ganga. Þessi breytingartillaga hefur verið tekin upp á ný á fjórum þingum í formi frumvarpa til laga sem voru samhljóða því sem hér er nú lagt fram. Þá hlutu frumvörpin ekki afgreiðslu. Er þess nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess að það nái nú fram að ganga. Það skal tekið fram, að Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reyknesinga, sem áður hefur verið meðflutningsmaður, er ekki flutningsmaður að þessu sinni vegna dvalar erlendis í opinberum erindum, en afstaða hennar til málsins er hin sama og fyrr.

Nú er liðinn áratugur síðan gildandi lög um fóstureyðingar voru sett. Margt hefur drifið á dagana síðan. Á þessum tíma helguðu Sameinuðu þjóðirnar börnum og málefnum þeirra eitt ár. Þess hefði mátt vænta að þessi viðbrögð alheimssamtakanna yrðu okkur Íslendingum einhver hvatning til að hamla gegn því að lífi barna í móðurkviði yrði tortímt. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum? En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, viku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó þagað væri þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi sem rétturinn til lífsins er þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t.d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins ítarleg ályktun um velferðarmál barna. Ályktun þessi kveður meðal annars á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari var skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barna sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frumvarp, sem nú er flutt enn á ný, hefur því verið meðal annars á undanförnum árum eðlilegt andsvar við því sem hefur verið að gerast í þessu efnum.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðingar.

Það er því fullkomin öfugþróun sem átt hefur sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25/1975. Með frumvarpi þessu er lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðingar. Frumvarpið felur í sér að fóstureyðingar verði ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geta skapað félagslegt vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til að í þessu landi búum við við víðtæka almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar félagslegum vandamálum. En satt er það að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna og fjölga mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir sem ekki er til að hafa orð á samanborið við hið

óbætanlega tjón sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Íslendingar hafa sérstöðu í þessum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum og þá einkum þeim fjölmennustu er fólksfjölgun eitt meginvandamálið sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál sem þar er við að stríða þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum sem því fylgja. Það er í húfi að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frumvarp þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því að það er um mannslíf að tefla þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir að fólk geti notið þess sem hugurinn girnist en þurfi ekki að taka afleiðingum gjörða sinna, þá er það sama þjóðfélag á villigötum. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið að jafnvel eigin geðþótti og makræðissjónarmið ráði því hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagur og félagsleg aðstoð verða þá aldrei einhlít vörn í þessum vanda því að það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er rétturinn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi.

En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama hve lífið hafði langt fram gengið þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frumvarpi þessu er þess freistað að svo megi verða.

Hér fylgja með eftirfarandi töflur úr Heilbrigðisskýrslum landlæknisembættisins (Fylgirit 1985, nr. 2):

1. Fóstureyðingar á Íslandi frá 1935—1983. (Tafla 1.)
2. Fæðingar og fóstureyðingar 1961—1983. (Tafla 2.)
3. Fjöldi fóstureyðinga eftir forsendum umsókna 1976—1981. (Tafla 8.)
4. Hlutfallsleg skipting fóstureyðinga eftir forsendum umsókna 1976—1981. (Tafla 9.)
5. Tíðni fóstureyðinga eftir hjúskaparstöðu og aldri kvenna 1976—1981. (Tafla 22.)

Tafla 1. Fóstureyðingar á Íslandi frá 1935 til 1983

Ár	Fjöldi fóstureyðinga[1] Skv.l. nr.38/1935[2]	Skv.l. nr.16/1938[3]	Skv.l. nr.25/1975	Alls
1935	26	-	-	26
1936	33	-	-	33
1937	37	-	-	37
1938	33	-	-	33
1939	49	-	-	49
1940	46	-	-	46
1941	52	-	-	52
1942	65	1	-	66
1943	48	-	-	48
1944	49	-	-	49
1945	45	1	-	46
1946	38	-	-	38
1947	39	1	-	40
1948	39	-	-	39
1949	63	1	-	64
1950	57	1	-	58
1951	59	-	-	59
1952	67	-	-	67
1953	73	-	-	73
1954	59	13	-	72
1955	29	18	-	47
1956	43	5	-	48
1957	59	2	-	61
1958	51	1	-	52
1959	41	4	-	45
1960	49	6	-	55

Ár	Fjöldi fóstureyðinga[1]			
	Skv.l. nr.38/1935[2]	Skv.l. nr.16/1938[3]	Skv.l. nr.25/1975	Alls
1961	62	5	-	67
1962	60	1	-	61
1963	63	23	-	86
1964	43	61	-	104
1965	60	8	-	68
1966	66	8	-	74
1967	76	9	-	85
1968	66	8	-	74
1969	97	7	-	102
1970	95	5	-	99
1971	136	6	-	142
1972	136	15	-	151
1973	194	30	-	224
1974	219	5	-	224
1975	-	-	274[4]	274
1976	-	-	368	368
1977	-	-	456	456
1978	-	-	455	455
1979	-	-	556	556
1980	-	-	523	523
1981	-	-	597	597
1982	-	-	613	613
1983	-	-	687	687

1) Fóstureyðingar 1935-1975 skv. Heilbrigðisskýrslum en 1976-1981 skv. endurskoðuðum gögnum landlæknis.
2) Framkvæmdar fóstureyðingar.
3) Heimilaðar fóstureyðingar, sem í flestum tilvikum voru framkvæmdar. Sjá rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 4/1973 um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, bls. 46.
4) Þar með taldar fóstureyðingar skv. eldri lögum, sem giltu til 22. maí 1975.

Tafla 2. Fæðingar og fóstureyðingar 1961-1983.

Ár	Fjöldi fæddra			Framkvæmdar fóstureyðingar			
	Lifandi fæddir	Andvana fæddir	Fæddir alls	Fjöldi	Fjöldi á 100 þunganir[1)]	Fjöldi á 100 lifandi fædda	Fjöldi á 1000 konur 15-49 ára
1961	4563	71	4634	67	1,4	1,5	1,7
1962	4711	58	4769	61	1,3	1,3	1,5
1963	4820	71	4891	86	1,7	1,8	2,1
1964	4787	58	4845	104	2,1	2,2	2,5
1965	4721	71	4792	68	1,4	1,4	1,6
1966	4692	58	4750	74	1,5	1,6	1,7
1967	4404	50	4454	85	1,9	1,9	1,9
1968	4227	52	4279	74	1,7	1,8	1,6
1969	4218	47	4265	102	2,3	2,4	2,2
1970	4023	40	4063	99	2,4	2,5	2,1
1971	4277	38	4315	142	3,2	3,3	3,0
1972	4676	50	4726	151	3,1	3,2	3,1
1973	4598	43	4641	224	4,6	4,9	4,5
1974	4276	34	4310	224	4,9	5,2	4,4
1975	4384	33	4417	274	5,8	6,3	5,3
1976	4291	27	4318	368	7,9	8,6	7,0
1977	3996	25	4021	456	10,2	11,4	8,6
1978	4162	30	4192	455	9,8	10,9	8,4
1979	4475	17	4492	556	11,0	12,4	10,1
1980	4528	21	4549	523	10,3	11,6	9,4
1981	4345	21	4366	597	12,0	13,7	10,6
1982	4337	17	4354	613	12,3	14,1	10,6
1983	4371	14	4385	687	13,5	15,7	11,7

1) Hér skilgreint sem samanlagður fjöldi fæddra (lifandi fæddir + andvana fæddir) og fóstureyðinga.

Tafla 8. Fjöldi fóstureyðinga eftir forsendum umsókna 1976-1981

Forsendur umsókna	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Alls 1976-1981
Eingöngu félagslegar	232	355	327	417	445	525	2301
Eingöngu læknisfræðilegar	66	49	74	104	42	45	380
Hvort tveggja	68	47	50	32	31	26	254
Félagslegar (d)	(161)	(283)	(266)	(340)	(379)	(436)	(1865)
Læknisfræðilegar (a)	(84)	(68)	(39)	(42)	(42)	(43)	(318)
Ótilgreint	2	5	4	3	5	1	20
Samtals	368	456	455	556	523	597	2955

Tafla 9. Hlutfallsleg skipting fóstureyðinga eftir forsendum umsókna 1976-1981

Forsendur umsókna	1976	1977	1978	1979	1980	1981	Alls 1976-1981
Eingöngu félagslegar	63,1	77,9	71,9	75,0	85,1	87,9	77,8
Eingöngu læknisfræðilegar	17,9	10,7	16,3	18,7	8,0	7,5	12,9
Hvort tveggja	18,5	10,3	11,0	5,8	5,9	4,4	8,6
Félagslegar (d)	(43,8)	(62,1)	(58,5)	(61,2)	(72,5)	(73,0)	(63,1)
Læknisfræðilegar (a)	(22,8)	(14,9)	(8,6)	(7,6)	(8,0)	(7,2)	(10,8)
Ótilgreint	0,5	1,1	0,8	0,5	1,0	0,2	0,7
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Tafla 22. Tíðni fóstureyðinga eftir hjúskaparstöðu og aldri kvenna 1976-1981.

	Fjöldi fóstureyðinga á 1000 konur í hverjum aldurshópi og viðkomandi hjúskaparstétt.						
Ár/aldur	15-49[1]	15-19[2]	20-24	25-29	30-34	35-39	40-49
Konur alls:							
1976	7,0	5,8	7,9	7,6	8,5	9,7	4,8
1977	8,6	8,5	11,9	8,2	10,8	9,4	4,2
1978	8,4	8,9	10,5	9,5	10,2	9,6	3,5
1979	10,2	13,4	13,3	10,1	8,7	11,6	4,1
1980	9,4	10,5	13,1	10,8	9,8	8,8	3,6
1981	10,6	11,9	16,1	11,6	11,9	8,9	2,9
Giftar konur:							
1976	5,4	-	3,8	4,6	6,2	9,2	4,6
1977	6,2	6,2	6,1	4,5	9,5	8,5	3,9
1978	6,3	7,1	6,6	6,6	8,1	7,9	3,9
1979	6,4	7,6	5,9	6,2	7,3	9,4	4,6
1980	5,1	-	2,5	6,7	5,7	6,6	3,6
1981	6,4	12,1	7,2	7,0	8,8	8,1	2,8
Ógiftar konur:							
1976	7,3	6,0	9,0	12,5	13,1	2,3	1,9
1977	10,7	8,3	15,3	15,9	10,9	4,4	5,0
1978	9,9	8,9	11,1	13,4	11,2	15,0	2,1
1979	14,2	13,4	17,0	17,0	11,6	14,5	1,1
1980	12,9	10,4	17,1	15,6	13,8	13,6	4,5
1981	14,2	11,6	18,9	15,9	19,6	11,0	-
Áður giftar konur[3]:							
1976	24,5	-	103,7[4]	46,5	27,8	26,6	4,3
1977	20,3	(166,7)	46,7	38,1	29,3	28,0	3,1
1978	22,1	-	77,4	36,0	41,0	22,8	1,0
1979	20,3	(500,0)	54,1	36,7	22,3	32,6	2,9
1980	24,7	-	64,3	36,3	53,2	25,9	2,9
1981	21,1	(200,0)	47,0	49,1	34,0	7,9[5]	5,7

1) Allar fóstureyðingar á 1000 konur 15-49 ára.
2) Fóstureyðingar kvenna innan 20 ára á 1000 konur 15-19 ára.
3) Fráskildar og ekkjur.
4) Um er að ræða 14 konur af 135.
5) Um er að ræða 4 konur af 505.

Ed. 183. Frumvarp til laga [164. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson, Árni Johnsen.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	50 000
Með tveim börnum	—	75 000
Með þrem börnum eða fleiri	—	125 000

2. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. laganna bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

3. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. laganna bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

4. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:

Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr. er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fara ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

5. gr.

Í stað orðsins „ekkjubætur“ í stafliðum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

6. gr.

Niður falli orðin „fjárhæð meðlags og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp hefur verið flutt á fjórum þingum en ekki hlotið afgreiðslu. Það er nú endurflutt með þeim breytingum að upphæð mæðralauna skv. 1. gr. er hækkuð til samræmis

við hækkað verðlag. Salome Þorkelsdóttir, 4. þm. Reyknesinga, sem áður hefur verið meðflutningsmaður, er ekki flutningsmaður að þessu sinni vegna dvalar erlendis í opinberum erindum, en tekið skal fram að afstaða hennar til málsins er hin sama og fyrr.

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð frá því sem nú er. Sú hækkun er fyrst og fremst með einu barni.
2. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
3. Þegar bætur skv. 2. tl. falla niður er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum ellilífeyri einstaklingsins samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
4. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.

Sþ. 184. Fyrirspurn [165. mál]

til forsætisráðherra um greiðslur til Vinnuveitendasambands Íslands.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvaða ríkisfyrirtæki og önnur fyrirtæki með eignaraðild ríkisins hafa í tíð núverandi ríkisstjórnar gerst aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands og greiða til þess félagsgjöld?
2. Um hversu háar greiðslur hefur verið að ræða ár hvert 1983—1985 frá hverju þessara fyrirtækja?
3. Hvað hefur Íslenska álfélagið hf. (Ísal) greitt til Vinnuveitendasambandsins í félagsgjöld á þessu sama tímabili?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 185. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Valdimar Indriðason.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 186. Frumvarp til laga [166. mál]

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist nýr liður er orðist svo:

Alþingi kýs fimm manna nefnd til þess að annast um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélagsbanka. Skal nefndin ganga frá samþykktum og ákveða hlutafé hvers banka miðað við eignir hans og viðskiptastöðu í samráði við bankaráð, bankaeftirlit og endurskoðendur hvers banka. Breyting ríkisviðskiptabanka í hlutafélagsbanka skal eiga sér stað eigi síðar en 1. janúar 1987 og falla þá úr gildi sérákvæði laga um ríkisviðskiptabanka, eftir því sem við á.

Nefndin skal bjóða hlutabréf bankanna til sölu á frjálsum markaði þegar að loknum stofnfundum þeirra. Enginn einn hluthafi má kaupa meira en 5 af hundraði hlutafjár.

Umboð nefndarinnar til sölu hlutabréfa fellur niður 31. desember 1987. Óseld hlutabréf skulu þá falin í vörslu viðkomandi banka og skulu bankaráð annast sölu þeirra.

Viðskiptaráðherra fer með atkvæði óseldra hlutabréfa á aðalfundi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reynslan af því rekstrarfyrirkomulagi bankastarfseminnar, sem sparifjáreigendum hefur staðið til boða síðast liðin 50 ár, hefur sýnt og sannað að ekki er siðferðilega verjandi að standa lengur að því af löggjafans hálfu að sparifé landsmanna eða skattfé sé misnotað með þeim hætti sem ríkisvaldið hefur gert og gerir enn í gegnum ríkisbankana.

Sþ. 187. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Flm.: Gunnar G. Schram, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Jafnframt verði kannað á hvaða stöðum helst komi til greina að reisa heilsubótarstöðvar er byggi starfsemi sína á jarðhita og hver sé rekstrargrundvöllur slíkra stöðva.

Greinargerð.

Mál þetta var borið fram á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Jarðhiti er til ýmissa hluta nytsamlegur svo sem við Íslendingar þekkjum af eigin raun. Einum þætti nýtingar jarðhitans hefur þó verið minni gaumur gefinn en efni standa til að dómi flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu. Það er nýting jarðhita, hveravatns og hveraleirs til heilsuræktar og baðlækninga. Víða um heim hefur verið komið á fót heilsuræktar- og baðlækningastöðvum sem byggja starfsemi sína á jarðhita og hveravatni, auk ölkelduvatns svo sem alkunna er. Frá fornu fari hafa menn sótt slíka baðstaði sér til heilsubótar en víðkunna baðstaði er m.a. að finna í Þýskalandi, Frakklandi, Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Hlutaðeigandi þjóðir hafa lengi haft verulegar tekjur af slíkum heilsubótarstöðvum. Hafa þær átt sinn þátt í að laða að erlenda ferðamenn enda eru hinir kunnu baðstaðir í Evrópu mjög fjölsóttir og leita þangað gestir úr öllum heimsálfum sér til heilsubótar, hressingar og afþreyingar.

Þáttur jarðhitans í heilsurækt á slíkum stöðum hefur um langan aldur verið allstór. Farið hefur í vöxt á undanförnum árum að heilsuræktarstöðvar séu byggðar við heitar lindir, m.a. í Ungverjalandi og Japan. Er það ekki síst með móttöku erlendra gesta í huga. Tæplega 30% af nýtingu jarðvarma í heiminum eru tengd heilsurækt og ferðamálum. Á því sviði er verðmætasköpunin langmest eða rúmlega 50% af heildarverðmætasköpun í öllum jarðvarmaiðnaði í heiminum. Til samanburðar má nefna að tæplega 33% þess jarðvarma, sem nýttur er, fer til raforkuframleiðslu.

Það fer ekki á milli mála að á Íslandi eru miklir möguleikar fyrir hendi á þessu sviði. Þeir eru nú að langmestu leyti ónýttir og því má segja að við stöndum á þröskuldi nýrrar aldar í þessum efnum. Þó hafa framsýnir menn lengi bent á að einboðið væri að nýta auðlindir jarðvarmans og hveravatnsins í miklu meira mæli til heilsubótar. Skal þar sérstaklega nefndur Gísli Sigurbjörnsson forstjóri sem byggt hefur hluta elliheimilisins Grundar í Hveragerði í nánd við hina heitu hveri.

Fram til þessa hefur aðeins verið reist hér ein heilsubótarstöð sem sérstaklega byggir á nýtingu jarðvarmans, hæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, en önnur slík stöð er í byggingu á Akureyri á vegum náttúrulækningasamtakanna. Má þó í þessu sambandi ekki gleyma hinum fjölmörgu sundstöðum um land allt sem nýta heita vatnið til heilsubótar þótt þeir falli að mestu utan ramma þessarar tillögu.

Að áliti flutningsmanna er löngu orðið tímabært að hér á landi verði hafist handa um byggingu alhliða heilsubótarstöðva þar sem nýttur væri jarðvarmi, hveravatn, hveraleir og ölkelduvatn. Þar er um náttúrugæði að ræða sem óvíða er að finna í Evrópulöndum og skapa þau því betri aðstöðu til framkvæmda á þessu sviði hér á landi. Slíkar heilsubótarstöðvar

mundu, eins og reynslan frá Hveragerði sýnir, verða sóttar í verulegum mæli af Íslendingum. En einnig má telja líklegt að útlendingar sæktu slíkar stöðvar í miklum mæli ef vel tekst til um framkvæmdina og kynningu þeirra erlendis. Gæti stofnun heilsuræktarstöðvar hérlendis á þann hátt stuðlað mjög að því að ferðamenn sæktu hingað til lands í auknum mæli og skapað bæði atvinnu á nýjum vettvangi og gjaldeyristekjur.

Könnun Sameinuðu þjóðanna.

Um 1970 var þess óskað af hálfu íslenskra stjórnvalda að aðstoð fengist frá Sameinuðu þjóðunum til úttektar á framtíðarmöguleikum Íslands sem ferðamannalands. Bandarísku ráðgjafarfyrirtæki í ferðaþjónustu, Checchi and Company, var falið að annast verkið í samráði við íslenska ferðamálaaðila. Fyrirtækið skilaði umfangsmiklum skýrslum og tillögum um það hvernig unnt væri að efla ferðaþjónustu hér á landi og kenndi þar margra grasa. Sérstök skýrsla fjallaði um byggingu heilsubótarstöðva sem nýttu jarðvarmann og heita vatnið á ýmsan hátt. Tveir Íslendingar lögðu hönd á plóginn við gerð skýrslunnar, þeir dr. Gunnar Böðvarsson, er fjallaði um íslensk jarðhitasvæði, og Sigurður R. Guðmundsson efnafræðingur sem gerði skýrslu um jarðhitasvæði og efnasamsetningu vatnsins þar.

Sérstaka skýrslu um heilsubótaráhrif heita vatnsins hér á landi gerði síðan dr. Maurice Lamarche, prófessor við læknadeild háskólans í Nancy í Frakklandi. Í niðurstöðum hans kemur m.a. fram að lindarvatn og hveravatn hér á landi er víða gætt þeim sömu heilsubótareiginleikum og vatn það sem notað er við ýmsar kunnustu heilsubótarstöðvar Evrópu. Gerir prófessorinn tillögur um að komið verði á stofn baðlækningastöðvum hér á landi sem ætla mætti að sóttar yrðu ekki síst frá öðrum löndum. Jafnframt rekur hann læknisfræðileg atriði sem lúta að meðferð við ýmsum sjúkdómum miðað við eiginleika íslenska lindarvatnsins, hveravatnsins og leirbaða. (M. Lamarche, Medical Hydrology in Iceland, Tourism in Iceland, Phase Two, Vol. II.)

Ekki er kunnugt um að neinar af þessum tillögum hafi leitt til framkvæmda af hálfu hins opinbera eða einkaaðila en ljóst er að þar eru dregnar saman mjög gagnlegar rannsóknaniðurstöður um þessi efni sem að notum geta komið í framtíðinni.

Nýjar nýtingarleiðir jarðhitans.

Svo sem hér hefur verið greint frá liggja þegar fyrir allmiklar upplýsingar um nýtingu jarðhitans hér á landi í heilsubótar- og lækningaskyni og fram hefur komið í rannsókn Sameinuðu þjóðanna að skilyrði fyrir slíkar heilsubótarstöðvar eru jafngóðar eða betri hér á landi en víðast annars staðar. Þess vegna er fyllilega tímabært að heilbrigðisyfirvöld hafi forgöngu um að gerð verði áætlun um það á hvern hátt jarðhiti og hveravatn verði best nýtt hér á landi í heilsubótarskyni. Hluti þeirrar könnunar ætti að leiða í ljós hvaða staðir á landinu eru vænlegastir í þessu efni. Auk Hveragerðis er ljóst að til greina kæmi að reisa slíka stöð í nágrenni Svartsengis á Reykjanesi þar sem margir hafa sótt böð í Bláa lóninu sér til heilsubótar. Fyrir dyrum stendur sérstök könnun heilbrigðisyfirvalda á lækningarmætti jarðsjávarins þar. En ljóst er að ýmsir aðrir staðir á landinu hafa upp á landkosti og náttúrugæði að bjóða sem máli skipta í þessu efni.

Jafnframt er eðlilegt að hluti af slíkri könnun verði áætlun um rekstrargrundvöll heilsubótarstöðva. Þær upplýsingar verða að liggja fyrir áður en unnt er að leggja drög að framkvæmdum á þessu sviði hvort sem er af hálfu einstaklinga eða áhugafélaga.

Þegar litið er á þetta mál í heild má segja að hér tvinnist saman leiðir til nýrrar nýtingar jarðhitans hér á landi, stofnun nýrrar heilsubótaraðstöðu fyrir útlendinga jafnt sem Íslendinga og efling ferðaþjónustunnar hér á landi.

Fylgiskjal.

ORKUSTOFNUN, 7. júní 1985.

Hr. Birgir Ísl. Gunnarsson alþm.
atvinnumálanefnd sameinaðs Alþingis
Alþingi
Reykjavík.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Orkustofnun hefur borist bréf yðar, dags. 29. maí 1985, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í tillögunni felst, ef samþykkt verður, að gerð verður áætlun um það á hvern hátt jarðhiti verður best nýttur hér á landi í heilsubótarskyni. Til þessa hefur slík notkun verið lítil hér á landi ef frá eru taldar almenningssundlaugar. Helst er það heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði og nú nýverið Bláa lónið í Svartsengi.

Það er staðreynd að í mörgum löndum Evrópu og Asíu eru volgar lindir notaðar til heilsubaða og hvílir sú notkun á aldagamalli reynslu og hefð. Víða eru í byggingu ný heilsuhæli af þessu tagi sem höfða ekki síst til ferðamanna. Markaðurinn er stór og ekkert sem bendir til þess að hann sé að dragast saman. Hér á landi er jarðhiti mjög víða til staðar og aðstæður að því leyti ákjósanlegar, betri en í mörgum öðrum löndum. Þótt eflaust megi ýmislegt finna neikvætt, svo sem kaldara loftslag, virðist þó ástæða til að skoða vandlega þá möguleika til atvinnutækifæra sem kunna að leynast á þessu sviði.

Hér skal enginn dómur á það lagður hver sé lækningarmáttur heita vatnsins heldur látið nægja að benda á þá staðreynd að fólk sækist eftir heilsuböðum sem byggja á jarðhita. Tímabært er orðið að skoða í alvöru hvaða möguleika við eigum á þessu sviði og kynna þá fyrir áhugaaðilum.

Orkustofnun mælir því með því fyrir sitt leyti að umrædd þingsályktunartillaga verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Jakob Björnsson,
orkumálastjóri.

Guðmundur Pálmason,
forstjóri jarðhitadeildar.

Ed. 188. Frumvarp til laga [168. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. l. nr. 21/1984 og l. nr. 12 1985, komi ný ákvæði til bráðabirgða, sem orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III.

1.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M.kr.
a) Almenn deild	250
b) Verðjöfnunardeild	250
c) Áhafnadeild	100

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða og síldveiða.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

2.

Árið 1986 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins samkvæmt I. kafla laganna greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

3.

Auk sérstakra bóta samkvæmt 2 skal á tímabilinu 1. september 1985 til 31. desember 1986 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í 2 samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

4.

Árið 1986 skal áhafnadeild auk greiðslu fæðispeninga greiða lífeyrisframlag sem er 1% á sama stofn og greinir í 2. Greiðsla þessi skal renna til útvegsmanna til þess að standa undir hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. október 1985 til 31. janúar 1986, var við það miðað, að greiðslur úr Aflatryggingasjóði yrðu með sama hætti og verið hefur. Að undanförnu hafa verið greiddar sérstakar 4% bætur af öllu aflaverðmæti inn á reikning hvers skips í Stofnfjársjóði fiskiskipa í stað bótagreiðslna skv. fyrri reglum hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs. Þá hafa einnig verið greiddar 3% tímabundnar bætur úr almennu deildinni beint til útgerðar á sama stofn auk 1% lífeyrisframlags úr áhafnadeild til lífeyrissjóða sjómanna. Samtals eru því greiddar 8% bætur úr Aflatryggingasjóði í beinu hlutfalli við aflaverðmæti hvers skips.

Úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs eru nú greiddar bætur sem hér segir:

1. Á verð ufsa 25% uppbót, þó ekki í mars og apríl.
2. Á verð karfa (og grálúðu, sem veidd er á línu tímabilið 1/6 til 31/8) 16% uppbót.
3. Á verð ýsu engin uppbót.
4. Á verð annars botnfisks 6% uppbót.
5. Á verð loðnu og síldar 6% uppbót.

Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs greiðir nú fæðispeninga til áhafna sem hér segir:

	1/9 til 30/11/85 kr. pr. mann/dag
1. Opnir bátar undir 12 brl.	120
2. Bátar 12-100 brl.	190
3. Bátar 101 brl. og yfir, aðrir en í 4.	254
4. Loðnuskip, skuttogarar og sambærileg skip, þó ekki stóru togararnir	317

Áhafnir stóru togaranna (yfir 500 brl.) hafa frítt fæði skv. samningum, en auk þess var ákveðið við kjarasamningana í vetur, að hver áhafnarmaður fengi greiðslu, sem nú er 63 kr. á dag. Útgerðir stóru togaranna fá endurgreitt áætlað framlag sitt til áhafnadeildarinnar. Auk þessara greiðslna, sem tengdar eru fæðiskostnaði áhafna, greiðir áhafnadeildin eins og fyrr var getið 1% af aflaverðmæti til að standa straum af lífeyrisiðgjöldum sjómanna. Þetta var ákveðið í tengslum við kjarasamninga á s.l. vetri, þegar lífeyrisréttindi sjómanna voru aukin.

Reglulegir tekjustofnar Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi duga ekki til að standa undir öllum framangreindum greiðslum, eins og glöggt kemur fram í töflu 1, sem sýnir áætlun um fjárhag sjóðsins 1985/86. Því er hér lagt til, að endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegsfyrirtækja 1986 renni öll til Aflatryggingasjóðs, eins og ákveðið var fyrir árið 1985, en þá verður varið 540 m. kr. í þessu skyni lögum samkvæmt. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 eru ætlaðar 600 m.kr. í þessu skyni. Eins og áætlanir í töflu 1 sýna er það lægri fjárhæð en ætla má að þurfi, ef allar reglur sjóðsins haldast óbreyttar árið 1986, og einnig lægra en áætlað er að uppsafnaður söluskattur sjávarútvegsins nemi (sjá töflu 2).

Nú stendur yfir endurskoðun á sjóðakerfi og tekjuskiptingu í sjávarútvegi á vegum nefndar, sem sjávarútvegsráðherra hefur skipað. Í þessari nefnd eru fulltrúar sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslu auk manna, sem sjávarútvegsnefndir beggja deilda Alþingis og sjávarútvegsráðherra hafa tilnefnt. Að því er stefnt, að nefndin ljúki störfum fyrir mitt næsta ár, en til þess að fullnægja forsendum síðustu fiskverðsákvörðunar, og vegna þess hversu mikilvægar greiðslurnar úr Aflatryggingasjóði eru fyrir afkomu veiða og vinnslu, er hér lagt

til, að sú bráðabirgðaskipan á störfum Aflatryggingasjóðs, sem gilt hefur að undanförnu, verði framlengd til loka næsta árs. Takist að ljúka endurskoðun sjóðakerfisins á árinu 1986 koma þessi ákvæði eins og önnur er varða sjóði sjávarútvegs til gagngerrar endurskoðunar fyrir árslok. Þess er vænst að endurskoðuninni verði svo tímanlega lokið að fjárveiting sú sem til er lögð í frumvarpi til fjárlaga dugi til að standa við greiðsluskuldbindingar sjóðsins samkvæmt þessum reglum. Verði dráttur á endurskoðun sjóðakerfisins er hins vegar ljóst að afla þarf aukins fjármagns til þessa verkefnis fyrir árslok 1986.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr., 1.

Hér er þeirri 600 m.kr. fjárveitingu, sem er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 til þessara þarfa, skipt milli deilda sjóðsins.

Skiptingin á fénu er hér fyrst og fremst ákveðin með hliðsjón af fjárþörf einstakra deilda eins og hún er nú áætluð (sbr. töflu 1). Rétt þykir að hafa heimild fyrir sjávarútvegsráðherra til þess að ákveða að greiða til loðnuveiða og síldveiða sérstaklega af þessu fé. Þá þykir rétt að heimila með þessum lögum að færa fé þetta milli deilda sjóðsins, ef þurfa þætti vegna breyttra aðstæðna.

Þessi fjárhæð er lægri en bæði áætlanir um fjárþörf sjóðsins og um fjárhæð uppsafnaðs söluskatts í sjávarútvegi benda til.

Um 1. gr., 2.

Hér er lagt til, að ákvæði til bráðabirgða, II., í lögum nr. 12 19. apríl 1985 verði framlengt efnislega órbreytt og látið gilda allt árið 1986.

Um 1. gr., 3.

Hér er lagt til, að ákvæði til bráðabirgða, III., í lögum nr. 12 19. apríl 1985 verði látið gilda áfram á tímabilinu 1. september 1985 til 31. desember 1986.

Um 1. gr., 4.

Hér er lagt til, að áhafnadeild greiði 1% lífeyrisframlag af aflaverðmæti til að bæta lífeyrisréttindi sjómanna, auk greiðslu fæðispeninga til starfandi sjómanna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Tafla 1. Áætlanir um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985-1986.

	Áætlun 1985				Lausleg áætlun 1986 m.v. verðlag í árslok 1985
	Almenn deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	1985 Samtals	1986 Samtals
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1. Til ráðstöfunar:					
1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun ...	84	−90	26	20	−50
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi ..	191	255	267	713	780
1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti[1])	230	230	80	540	600
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar			50	50	
Samtals	505	395	423	1323	1330
2. Ráðstöfun:[2])					
2.1 Útgjöld verðjöfnunardeildar til verðuppbóta á botnfisk, loðnu og síld		476		476	530
2.2 Útgjöld almennrar deildar, 7% sérstakar bætur	568			568	630
2.3 Útgjöld áhafnadeildar v/fæðis-peninga o. fl.			248	248	270
2.4 Útgjöld áhafnadeildar v/lífeyris-sjóðsgr., 1%			81	81	90
Samtals	568	476	329	1373	1520
3. Til ráðstöfunar í árslok	**−63**	**−81**	**94**	**−50**	**−190**

1) Hér er reiknað með 540 m.kr. ríkisframlagi 1985 eins og kveðið er á um í l. nr. 12/1985, en 600 m.kr. árið 1986 skv. fjárlagafrumvarpi.
2) Áætlun um útgjöld er miðuð við áfallnar greiðsluskuldbindingar en ekki greiðslustreymi.

Tafla 2. Áætlun um uppsafnaðan söluskatt í rekstrarkostnaði fiskveiða og fiskvinnslu árið 1986.

	Áætlaður rekstrar-kostnaður	Áætlun um uppsafnaðan söluskatt 1986 m.v. verðlag í árslok 1985
1. Fiskveiðar, bátar og togarar	13.400	140
2. Fiskvinnsla, frysting og söltun	16.300	440
3. Mjölvinnsla	4.100	190
		770

Nd. 189. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 123 31. desember 1984, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1985“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 83/1981 var fjármálaráðherra veitt tímabundin heimild til þess að leggja jöfnunarálag á hús og húshluta í tilteknum tollskrárnúmerum. Gjaldtöku þessari var ætlað að rétta hlut innlendrar húsagerðar gagnvart aukinni samkeppni erlendis frá. Átti álagið að samsvara uppsöfnuðum gjöldum af efnivöru í innlenda framleiðslu, en ýmis hátollavara til húsbygginga ber lægri aðflutningsgjöld ef hún er flutt inn með húsi eða húshluta heldur en hún ber ef hún er flutt inn sérstaklega. Um frekari rökstuðning fyrir jöfnunarálaginu vísast í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 83/1981. Álagning gjalds þessa hefur síðan verið framlengd ár frá ári og nú síðast með lögum nr. 123/1984. Þar sem gert er ráð fyrir að aðflutningsgjöld og sérstakt vörugjald haldist áfram óbreytt á næsta ári verða forsendur gjaldtökunnar óbreyttar og þykir því eigi fært að fella gjaldið niður um næstkomandi áramót.

Nd. 190. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 107/1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 126/1984, breytist með svofelldum hætti:

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greitt til og með 31. desember 1986 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sérstakt vörugjald verði framlengt um eitt ár eða til ársloka 1986.

Gert er ráð fyrir að innheimta sérstaks tímabundins vörugjalds haldist óbreytt á næsta ári eins og innheimta ýmissa annarra óbeinna skatta, t. d. aðflutningsgjalda.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er gert ráð fyrir að tekjur vegna innheimtu sérstaks vörugjalds verði tæpar 1 900 m.kr. á árinu 1986 en samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1985 var innheimtan áætluð 1 580 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á þeim vöruflokkum sem vörugjaldið er nú lagt á og verður gjaldið eftir sem áður lagt á í tveimur gjaldflokkum.

Sþ. 191. Skýrsla [107. mál]

frá utanríkisráðherra um töf á brottför sovéska utanríkisráðherrans frá Keflavíkurflugvelli 30. október s.l., samkvæmt beiðni.

Hinn 5. nóvember s. l. var borin fram á Alþingi beiðni 9 þingmanna um skýrslu vegna tafar á brottför utanríkisráðherra Sovétríkjanna frá Keflavíkurflugvelli 30. október 1985.

Sama dag og umrætt atvik varð, 30. október 1985, fór utanrrh. fram á það við varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og flugmálastjórnina á Keflavíkurflugvelli að skýringa yrði aflað. Frumskýrsla barst frá flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli samdægurs. Þann 31. október 1985 voru segulbandsupptökur fjarskipta sem fram fóru við brottför sovéska utanríkisráðherrans kannaðar. Þeir sem hlýddu á upptökurnar voru: Sverrir H. Gunnlaugsson, skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu, E.K. Anderson, aðmíráll, yfirmaður varnarliðsins, Pétur Guðmundsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, og Guðmundur Óli Ólafsson, yfirflugumferðarstjóri.

Í kjölfar þess óskaði skrifstofustjóri varnarmálaskrifstofu eftir skýrslu um málið frá yfirflugumferðarstjóra, svo og varnarliðsmönnum, þar á meðal flugmönnum F-15 vélanna.

Þann 5. nóvember 1985 samþykkti flugráð á 1103. fundi sínum að fela rannsóknarmönnum loftferðaeftirlitsins að rannsaka málið. Taldi ég þá rétt og eðlilegt að allar skýrslur um brottför sovéska utanríkisráðherrans, sem höfðu borist eða voru að berast, yrðu afhentar rannsóknarmönnum loftferðaeftirlitsins. Var það gert.

Á 1104. fundi flugráðs 19. nóvember 1985 var síðan lögð fram skýrsla með niðurstöðum loftferðaeftirlitsins. Skýrsla þessi ásamt bréfi Leifs Magnússonar, formanns flugráðs, fylgir hér með (sjá fskj. 1 og 2).

Önnur gögn, sem tengjast málinu, eru sem hér segir (sjá fskj. 3—12).

3. Afrit af skýrslu flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, dags. 30. október 1985;
4. Afrit af skýrslu varðstjóra flugumferðarstjórnar á þessum tíma, dags. 30. október 1985;
5. Afrit af skýrslu yfirflugumferðarstjóra á Keflavíkurflugvelli, dags. 4. nóvember 1985;
6. Afrit af skýrslu viðkomandi flugumferðarstjóra í flugturninum á Keflavíkurflugvelli, dags. 14. nóvember 1985;
7. Afrit af skýrslu yfirmanns í bandaríska flughernum á Keflavíkurflugvelli um reglur o. fl., er varða lágmarkseldsneyti F-15 flugvélanna, dags. 13. nóvember 1985;
8. Afrit af skýrslum eftirlitsmanns æfingaflugsins og allra flugmanna F-15 flugvélanna;
9. Afrit af skýrslum slökkviliðsmanna flugvallarins, sem voru sjónarvottar að brottför Aeroflot 4136, dags. 14. nóvember 1985;
10. Afrit af skýrslu Lárusar Kristjáns Péturssonar, deildarstjóra í tollgæslu á Keflavíkurflugvelli, dags. 12. nóvember 1985;
11. Afrit af skýrslu Guðmanns Magnúsar Héðinssonar, bifreiðarstjóra, dags. 13. nóvember 1985.

Niðurstaða athugana varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og rannsóknar loftferðaeftirlitsins er sú að ekkert bendi til þess að loftfari sovéska utanríkisráðherrans hafi verið ögrað eða það vísvitandi tafið, heldur hafi hér verið um að ræða röð tilviljanakenndra atvika.

Rétt er að undirstrika, að flugumferðarstjórnin á Keflavíkurflugvelli er alfarið í höndum íslenskra aðila.

Í annan stað er rétt að fram komi að engar reglur um forgang sérstakra flugvéla frá Keflavíkurflugvelli hafa verið til.

Í ljósi þessa atviks hefi ég sett reglur, dags. 29. nóvember 1985 „um forgang sérstakra flugvéla frá Keflavíkurflugvelli". Reglur þessar fylgja hér með (sjá fskj. 12).

Fylgiskjal 1.

Flugráð Reykjavíkurflugvelli

	Tilvísun vor	Dags. vor
Utanríkisráðuneyti, Varnarmálaskrifstofa, Skúlagötu 63, 105 Reykjavík.	FR.62.85	19. nóv. 1985

Á 1103. fundi flugráðs, sem haldinn var 5. þ. m., óskuðu tveir flugráðsmanna eftir umræðum um það atvik á Keflavíkurflugvelli 30. f.m., er flugvél sovéska utanríkisráðherrans tafðist við brottför.

Á þeim fundi samþykkti flugráð að fela loftferðaeftirliti flugmálastjórnar að rannsaka þetta mál, og skila um það skýrslu á næsta fund flugráðs.

Sú skýrsla var lögð fram á 1104. fundi ráðsins, sem haldinn var í dag, og fylgir hún með bréfi þessu.

Í umræðum um skýrsluna kom m. a. fram, að raunveruleg töf flugvélar ráðherrans var um 7 mínútur, þ. e. frá kl. 1043, er flugvélin kom að flugtaksbraut, og þar til kl. 1050, er vélin fær heimild flugturns til aksturs í flugtaksstöðu.

Að öðru leyti vísast til skýrslunnar sjálfrar.

Leifur Magnússon
formaður.

Fylgiskjal 2.

SKÝRSLA
um tiltekna flugumferð á Keflavíkurflugvelli 30. okt. 1985

Atburðarás:

Miðvikudaginn 30. október 1985 fóru nokkrar F-15 þotur frá varnarliðinu í æfingaflug, svo sem venjulegt er.

Æfingaflugið var framkvæmt m. a. svo sem hér greinir:

1. Þrjár þotur, með kallmerki Dagger-1, Dagger-2, og Dagger-4, áætluðu brottför kl. 0830 og fóru kl. 0832. Gert var ráð fyrir að vera í æfingasvæði 1-A, sjá viðbæti.
   Flugáætlun gerði ráð fyrir að þær kæmu aftur kl. 1015. Dagger-1 og Dagger-2 hófu aðflug kl. 1029.
   Dagger-4 kom til baka með Dagger-3, sjá hér á eftir.
2. Þrjár þotur, með kallmerki Hawk-1, Hawk-2 og Hawk-3, áætluðu brottför kl. 0900, en fóru kl. 0856.
   Gert var ráð fyrir að vera í æfingasvæði 1-C, sjá viðbæti.
   Flugáætlun gerði ráð fyrir, að þær kæmu aftur kl. 1040. Þessar þotur voru komnar í umferðarhring flugvallarins kl. 1030.
3. Ein þota, með kallmerki Dagger-3, áætlaði brottför kl. 0915, en fór kl. 0913.
   Gert var ráð fyrir að vera í æfingasvæði 1-A. Flugáætlun gerði ráð fyrir, að þær kæmu aftur kl. 1100. Dagger-3 og Dagger-4 (sjá 1.) voru í aðflugi að flugvellinum kl. 1039.

Á Keflavíkurflugvelli var veður á þessum tíma bjart og gott. Veðurlýsing Veðurstofu Íslands var svo sem hér segir:

Kl. 0800: Vindur 30° 16 hnútar, skýjafar ⅜ SC í 1800 feta hæð, skyggni ótakmarkað, hiti +4°.
Kl. 0900: Vindur 40° 12 hnútar, skýjafar ⅛ Cu í 1800 feta hæð og ⅜ Ci í 18000 feta hæð, skyggni ótakmarkað, hiti +4°.
Kl. 1000: Vindur 50° 15 hnútar, heiðríkt, hiti +4°.
Kl. 1100: Vindur 30° 14 hnútar, heiðríkt, hiti +4°.

Klukkan 0742 þennan sama morgun lenti Iljushin IL-62 flugvél frá AEROFLOT á Keflavíkurflugvelli, flugnúmer hennar var SU-4136.

Með flugvél þessari kom utanríkisráðherra Sovétríkjanna og samkvæmt upplýsingum, sem undirritaðir fengu hjá íslenska utanríkisráðuneytinu, var fyrst fyrirhugað, að sovéski utanríkisráðherrann hefði stutta viðdvöl á Keflavíkurflugvelli. Því var síðan breytt á þann veg, að hann kæmi í stutta heimsókn til Reykjavíkur og áætlaði utanríkisráðuneytið, að brottför hans yrði frá flugvellinum kl. 1030.

Klukkan 0840 gerðu flugliðar SU-4136 flugáætlun, frá Keflavík til Moskvu. Samkvæmt flugáætluninni var brottför fyrirhuguð kl. 1040.

Klukkan 1032 kallaði SU-4136 jarðumferðarstjórn flugturnsins, eða „Grund", á tíðni hennar, 121.9 MHz, og bað um heimild til þess að mega ræsa hreyfla.

„Grund" gaf vélinni flugtaksupplýsingar, þ. e. upplýsingar um braut í notkun, vind, loftþrýsting o. fl. og bað hana að bíða augnablik eftir heimildinni.

Innan einnar mínútu fékk SU-4136 heimild frá „Grund" til að ræsa hreyflana.

Á þessum tíma voru 5 F-15 flugvélar Varnarliðsins, þ. e. Dagger-1, Dagger-2, Hawk-1, Hawk-2 og Hawk-3, í umferðarhring Keflavíkurflugvallar, að æfa aðflug að braut 02, eftir að

þær komu úr æfingasvæðunum. Auk þeirra var PA-31 Aztec flugvél frá Flugfélagi Norðurlands hf., flugnúmer FN-205, í sjónflugi frá Reykjavík til Keflavíkur.

Klukkan 1037 bað SU-4136 um heimild til aksturs.

„Grund" gaf þá SU-4136 flugheimildina til Moskvu og jafnframt því sem SU-4136 var heimilaður akstur, var flugmönnunum sagt að skipta við flugturninn á tíðni hans, eða á 118.3 MHz. SU-4136 las heimildirnar til baka, og hóf eftir það akstur sinn.

Klukkan 1039 óskaði flugvélin eftir heimild frá turninum á 118.3 MHz til að mega aka í flugtaksstöðu, en var þá sagt að aka að braut 02 og bíða.

Klukkan 1043 kallaði SU-4136 turninn aftur og var flugvélinni þá sagt að staðnæmast („SU-4136 — a full stop") við brautina.

Þegar hér var komið voru tvær F-15, eða Dagger-3 og Dagger-4, að gera blindaðflug inn að braut 02 og þær voru staddar um 17 mílur á lokastefnu aðflugsins.

Flugumferðarstjórinn í turni gaf fyrirmæli til F-15 sjónflugsvélanna, að víkja frá um tíma vegna brottfarar flugvélar.

Flugmenn tveggja F-15 flugvélanna, Dagger-2 og Hawk-2, sögðust ekki geta það, því þeir væru með lágmarkseldsneyti, („Unable minimum fuel", „Minimum fuel"). Flugmaður þriðju F-15 flugvélarinnar, Dagger-1, kvaðst einnig þurfa að lenda („Also have to land").

Samkvæmt upplýsingum frá varnarliðinu segja reglur flughersins að lágmarkseldsneyti (Minimum fuel) F-15 þotnanna sé 1200 pund, sem samsvarar um 12 mínútna flugþoli þeirra, í venjulegu láréttu flugi í umferðarhring flugvallarins.

Dagger-1 lenti klukkan 1045, Hawk-2 klukkan 1047, Dagger-2 klukkan 1048 og Hawk-3 klukkan 1050.

FN-205 hafði verið sett í biðflug suðaustur af flugvellinum vegna þessa og fór þar þrjá hringi, áður en lendingarheimild var veitt. FN-205 lenti kl. 1050, á sömu mínútu og Hawk-3.

SU-4136 fékk heimild til þess að aka út á flugbrautina kl. 1050 og hóf flugtak kl. 1054.

Eftir að SU-4136 hóf sig til flugs lentu eftirtaldar vélar:

Dagger-3 klukkan 1057, Dagger-4 klukkan 1101 og Hawk-1 klukkan 1102.

Umfjöllun:

Í ICAO DOC-4444, sem er eitt af vinnuplöggum flugumferðarstjórnar, í kafla IV, „Approach Control Service", 14. grein, „Separation of departing aircraft from arriving aircraft", stendur m.a.:

„If an arriving aircraft is making a straight-in approach, a departing aircraft may take-off:

(a) in any direction until five minutes before the arriving aircraft is estimated to be over the instrument runway,

(b) in any direction which is different by at least 45 degrees from the reciprocal of the direction of approach of the arriving aircraft:

(i) until three minutes before the arriving aircraft is estimated to be over the beginning of the instrument runway (see fig. IV-5), or

(ii) before the arriving aircraft crosses a designated fix on the approach track, the location of such fix to be determined by the appropriate ATS authority after consultation with the operator."



Fig. IV-5 [see 14.1 and 14.2]

Samkvæmt ofanskráðu bar flugumferðarstjóra samkvæmt starfsreglum sínum að láta brottflugið bíða, þar til flugvélarnar sem voru í blindaðfluginu höfðu lokið því.

Á Keflavíkurflugvelli hagar þannig til, að þegar braut 02 er í notkun, og ekið er að henni eftir Suðurakbrautinni, tekur það 3 til 6 mínútur fyrir flugvélar að aka út á enda flugbrautarinnar frá Suðurakbrautinni, þar til þær eru búnar að hefja sig til flugs.

Svo sem hér kom fram, tók þetta SU-4136 4 mínútur.

Eins og áður var sagt, var veður mjög gott og bjart á þessum tíma. Braut 02 lá best við vindi og var því í notkun fyrir flugtök og lendingar.

Mjög algengt er, að þotur Varnarliðsins æfi aðflug, ýmist í blindflugi eða sjónflugi, svo og lágflug yfir brautum og snertilendingar, þegar þær koma úr daglegum æfingaferðum. Þetta er sérstaklega gert, þegar gott veður er á flugvellinum, eins og var þennan morgun.

Venjulega tekur æfingaflug F-15 þotnanna frá 1:45 klst., til 2 klst., talið frá flugtaki til lokalendingar.

F-15 þoturnar eru í fjarskiptum við flugumferðarstjórnina á UHF-bylgjum og flugmenn þeirra hafa ekki tíðni borgarlega flugsins, sem er á VHF-bylgjum.

Flugumferðarstjórarnir hafa bæði tíðnisviðin í fjarskiptatækjum sínum.

Hér á landi hefur flugumferðarþjónustan ekki í starfsreglum sínum ákvæði um forgang loftfara, nema sjúkraflugs og neyðarflugs.

Niðurstaða:

Verður eigi annað séð, en að allt hafi verið með eðlilegum hætti hvað snertir meðhöndlun aðvífandi flugumferðar og brottför SU-4136 og að vinnubrögð flugumferðarstjórnarinnar hafi verið í fullu samræmi við starfsreglur.

Samkvæmt myndböndum radarsins og framburði flugumferðarstjóranna í flugturninum og sjónarvotta, sem voru við brautina, kemur skýrt fram að F-15 flugvélarnar gerðu öll sín aðflug á eðlilegan hátt inn yfir flugbrautina og SU-4136 beið í löglegri fjarlægð utan hennar.

Hvergi er að finna í starfsreglum íslensku flugumferðarstjórnarinnar heimild til þess að flugumferðarstjóri veiti að eigin frumkvæði tilteknum flugvélum forgang nema um neyðar- eða sjúkraflug sé að ræða.

Málsgögn:

Undirritaðir höfðu m.a. eftirtalin gögn til umráða, við gerð þessarar skýrslu:

1. Hljóðbandsupptökur af fjarskiptum við flugturninn á Keflavíkurflugvelli,
2. Myndbandsupptöku af SSR-ratsjá flugvallarins,
3. Öll vinnugögn flugumferðarstjóranna,
4. Skýrslur yfirflugumferðarstjóra á Keflavíkurflugvelli, varðstjóra flugumferðarstjórnarinnar á þessum tíma og skýrslu viðkomandi flugumferðarstjóra í flugturninum,
5. Skýrslur allra flugmanna F-15 flugvélanna og eftirlitsmanns æfingaflugsins,
6. Skýrslu yfirmanns „Director of Operations" í bandaríska flughernum á Keflavíkurflugvelli, um reglur o.fl. er varðar lágmarkseldsneyti F-15 flugvélanna,
7. Gögn frá Veðurstofu Íslands,
8. Skýrslur gefnar af 6 slökkviliðsmönnum flugvallarins, sem voru sjónarvottar, þar af voru 4 við flugbrautina og tveir sunnarlega á Suðurakbrautinni,
9. Skýrslur teknar af deildarstjóra í tollgæslunni og af olíubílstjóra, sem staddir voru við afgreiðslu ESSO hf. sunnan við flugstöðvarbygginguna,
10. Öll málsgögn sem komið hafa frá skrifstofu flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, hr. Péturs Guðmundssonar.

Viðbætir:

1. Yfirlitsmynd af flugvellinum,
2. Æfingasvæði F-15 þotnanna.

Reykjavík 09. 11. 1985.

Skúli J. Sigurðsson,
deildarstj. ranns. deildar
loftferðaeftirlits.

Einar Einarsson,
eftirlitsmaður
flugumferðarþjónustu.



Viðbætir 1.
Yfirlitsmynd af flugvellinum.

Viðbætir 2.
Æfingasvæði F-15 þotnanna út af Keflavík. 1-A, 1-B, 1-C og 3



Fylgiskjal 3.

SKÝRSLA
flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli

Efni: Brottför AEROFLOT SU 4136 30. október 1985.

SU 4136 áætlaði lendingu á Keflavíkurflugvelli kl. 08:00 á leiðinni Kúba/Moskva. Vélin millilenti á Keflavíkurflugvelli kl. 07:44. Orrustuflugsveit varnarliðsins hafði sent flugturni flugáætlun vegna sjö F-15 véla. Áætluð brottför var á tímabilinu 08:30 til 09:15. Þær fóru á áætluðum brottfarartíma í reglubundið tveggja stunda æfingaflug suður af Íslandi. Fyrstu F-15 vélarnar hófu aðflug til vallarins kl. 10:15. Allar F-15 vélarnar voru komnar í umferðarhring flugvallarins kl. 10:37 þegar SU 4136 fór af stæði. Kl. 10:43 nálgast SU 4136 flugbraut í notkun og kveðst tilbúin til brottfarar.

Þá gaf flugumferðarstjóri F-15 vélunum fyrirmæli um að víkja úr umferðarhring. Flugmaður fyrstu F-15 tilkynnti þá: „Low on fuel, have to land". Síðan tilkynntu tvær F-15 vélar það sama. Alls lentu 4 F-15 flugvélar á flugvellinum á tímabilinu 10:45 til 10:50 auk flugvélar frá Flugfélagi Norðurlands. Ekki var hægt að koma SU 4136 út á braut í notkun vegna þessa fyrr en kl. 10:50. SU 4136 hóf sig síðan til flugs 10:54. Síðan lentu þrjár F-15 vélar sem biðu lendingar.

Flugumferðarstjórar túlka tilkynningu um „Low fuel state" sem fyrsta stig neyðarástands og var flugumferð í morgun í samræmi við það. Rétt er að taka fram að flugvélar í flugi hafa forgang yfir vélar á jörðu niðri. Engu að síður voru F-15 vélarnar beðnar að yfirgefa umferðarhringinn en flugmenn vélanna sáu sér það ekki fært eins og áður er komið fram.

PG/301085

Fylgiskjal 4.

Til yfirflugumferðarstjóra Keflavíkurflugvelli.

Efni: Brottför Aeroflot flugvélar SU 4136 30. október 1985.

Aeroflot SU 4136 áætlaði lendingu á Keflavíkurflugvelli kl. 0800 á leiðinni, Kúba—Moskva, en vélin lenti hér kl. 0744.

Var flugrekstraraðilum varnarliðsins tilkynnt um ferðir vélarinnar.

Orrustuflugsveit varnarliðsins hafði sent flugáætlun á 7 vélar af gerðinni F-15, áætluð brottför á vélarnar var á tímabilinu 0830 til 0915, og fóru þær á áætluðum brottfarartíma til tveggja klukkustunda flugs. Var þetta reglubundið æfingaflug til svæðis suður af landinu. Vélarnar byrjuðu fyrst aðflug til vallarins kl. 1015 og voru vélarnar allar í umferðarhring þegar Aeroflot SU 4136 fór af stæði kl. 1037 um kl. 1043 nálgast vélin braut 02 og kveðst vera tilbúin til brottfarar.

Þá gaf flugumferðarstjóri í flugturni F-15 vélunum fyrirmæli um að víkja úr umferðarhring, þá tilkynnti flugmaður fyrstu vélarinnar „Low on fuel, have to land", síðan tilkynntu 2 til viðbótar það sama. Var ekki hægt að koma Aeroflot vélinni út á brautina fyrr en kl. 1050. Ók vélin síðan niður brautina í brautarstöðu og hóf flug kl. 1054.

Skilningur flugumferðarstjóra á tilkynningu flugmanns á „Low fuel state" er að það sé fyrsta stig neyðarástands og var flugumferð í morgun afgreidd með tilliti til þess, jafnframt er rétt að geta þess að vélar í flugi hafa forgang yfir vélar á jörðu, voru F-15 vélarnar beðnar að yfirgefa umferðarhringinn, en þær sáu sér það ekki fært eins og að ofan greinir.

Keflavíkurflugvelli, 30. október 1985.
Páll H. Ásgeirsson varðstjóri.

Fylgiskjal 5.

FLUGMÁLASTJÓRNIN
KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Keflavíkurflugvöllur, 4. nóvember 1985.

Til flugvallarstjóra
Péturs Guðmundssonar.

Efni: Brottför Aeroflot 4136 30. október s.l.

Vegna athugasemda sem fram hafa komið um brottför Aeroflot flugvélar SU 4136 30. október s. l. frá Keflavíkurflugvelli óskar undirritaður að skýra nánar nokkur atriði við brottflug vélarinnar.

Þegar Aeroflot 4136 ekur út að flugbraut 02 til brottfarar voru 2 vélar í blindaðflugi að sömu braut og var því ekki hægt að hleypa Aeroflotvélinni hindrunarlaust á braut 02. Flugbraut 02 hefur enga ökubraut sem tengist enda hennar þannig að vélar sem aka til flugtaks þurfa að fara 1 kílómetra eftir brautinni áður en þær snúa við til flugtaks og er brautartími véla venjulega 3—6 mínútur.

Þetta þarf flugumferðarstjóri að hafa sérstaklega í huga er flugvélar aka út til brottfarar og aðrar eru í blindaðflugi til að löglegur aðskilnaður haldist.

Aeroflot-vélin stansar á ökubrautinni a.m.k. 50 metra frá flugbraut 02 eins og lög gera ráð fyrir.

Nokkru áður, og eins er Aeroflot vélin bíður eftir að blindaðflugi sé lokið, eru nokkrar þotur úr flugsveit vallarins í sjónflugslendingar- og lágflugsæfingum.

Þær eru þannig framkvæmdar að þoturnar koma ein eða fleiri saman yfir flugbrautarenda í 1700 fetum, fljúga síðan krappan umferðarhring, ein eftir annarri í sömu hæð þar til þær eru á þverlegg, er þær lækka flugið ört inná brautina eins og þær ætli að lenda á réttum snertipunkti, hætta þá við lendingu og fljúga yfir brautinni í lágmarkshæð. Venjulegt er að þetta sé æft nokkrum sinnum fyrir lokalendingu.

Flugumferðarstjórar á vakt tjá mér að öll æfingaflug að brautinni þennan dag hafi verið eðlileg og í samræmi við hefðbundnar flugaðferðir eins og þær hafa verið framkvæmdar í a. m. k. 30 ár. Er blindaðfluginu áðurnefnda var lokið og flugumferðarstjóri bað vélar í

umferðarhring að víkja, lýsti einn flugmaður yfir því að hann hefði lágmarkseldsneyti og þyrfti að lenda strax. Tveir flugmenn til viðbótar lýstu yfir sama ástandi og tafðist því brottflug Aeroflotvélarinnar um nokkrar mínútur. Gerði flugmaður engar athugasemdir við töfina.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um tímasetningu atvika gerðar eftir segulbandsathugun með leyfi loftferðaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Óli Ólafsson,
yfirflugumferðarstjóri.

Brottför Aeroflot 4136 frá Keflavíkurflugvelli 30. október 1985.

Tímasetning atvika gerð eftir segulbandsathugun.

1032 Aeroflot 4136 biður um heimild til að ræsa hreyfla.
1032 Aeroflot 4136 fær heimild til að ræsa hreyfla.
1037 Aeroflot 4136 fær flugheimild og aksturshemild.
1039 Aeroflot 4136 kallar flugturn og óskar eftir heimild til að aka í flugtaksstöðu.
Aeroflot sagt að aka að brautinni og bíða.
Flugvélar D 3 og 4 eru í blindaðflugi að braut 02.
1043 Aeroflot 4136 óskar eftir flugtaki.
Flugumferðarstjóri segir flugvélum D og H að fljúga hring þar sem flugvél bíði brottfarar.
Flugmaður úr H flugi svarar: Unable, minimum fuel.
Tveir flugmenn til viðbótar lýsa yfir sama ástandi — : also need to land.
Flugumferðarstjóri heimilar lendingu fyrir D 1 sem lendir 1045, H 2 1047, D 2 1048, H 3 1050. Einnig lenti þá vél frá Flugfélagi Norðurlands sem hafði beðið dágóða stund eftir lendingu.
1050 Aeroflot 4136 fær heimild til að aka á brautina og flugtaksheimild.
1054 Aeroflot 4136 fer í loftið.

Fylgiskjal 6.

Til yfirflugumferðarstjóra Keflavíkurflugvelli.

Í framhaldi af skýrslu varðstjóra á vakt 30/10 1985 og öðrum gögnum sem fylgja.

Vill undirritaður flugumferðarstjóri taka fram að ég tel flug umræddra varnarliðsþotna hafa verið vanabundið og eðlilegt, þær fóru ekki nær vél Aeroflot 4136 en eðlilegt gat talist, þar sem hún beið að minnsta kosti 50 metra frá flugbraut þeirri sem í notkun var, sem er samkvæmt alþjóðareglum og merkingum, umrædd flugbraut er 60 metra breið og lendingar, flugtök eða lág-aðflug eftir brautum fara ætíð fram sem næst miðju brauta.

14. nóvember 1985.
Gunnsteinn Magnússon flugumferðarstjóri.

Fylgiskjal 7.

DEPARTMENT OF THE AIR FORCE
Headquarters Air Forces Iceland (TAC)
FPO New York 09571-2055

Reply to attn of: AFI/DO 13 November 1985
Subject: Minimum Fuel
To: Whom It May Concern

1. Following information provided as requested.

a. Minimum fuel is defined in Air Force Regulation 60-16, "General Flight Rules", para 2-3d. Minimum fuel is defined as:

"This term means that the aircraft's fuel supply is so low that, when reaching its destination, it can accept little or no delay. This is not an emergency situation, but means that an emergency may occur if there is a delay. If the remaining usable fuel suggests the need for traffic priority to ensure a safe landing, the aircrew will declare an emergency."

b. Minimum fuel in pounds is different for every aircraft due to the different fuel consumption rates. For the F-15 minimum fuel is 1200 pounds. This amount of fuel equates to approximately 12 minutes of flying time at traffic pattern airspeeds and altitudes with no excessive throttle movements.

David E. Rickert, Lt Col, USAF
Director of Operations

Cy to: AFI/CC
57FIS/CC
IDF/Col Bujalski

Fylgiskjal 8.

STATEMENT

Statement concerning the AEROFLOT incident of 30 Oct 1985.

I was in the mobile unit parked near the barrier housing for Runway 02 (the active). There were seven F-15's in the air with good weather and the overhead open. Hawk flight entered the pattern first with 3 aircraft, probably between 10:30 and 10:35 (estimate). All three began doing multiple overhead patterns. Hawk 1 eventually returned to the radar pattern. Hawk 1 was out of the overhead before AEROFLOT taxied up to the # 1 position. Hawk 2 also went to the radar pattern at some point, but I am not sure when. Hawk 3 may have gone back to radar, but I'm not sure. However there was one or more F-15's in the overhead pattern from Hawk flight's arrival until AEROFLOT took off. Dagger 1 and 2 entered next, I think from a straight in (form low app?). They also entered the overhead. There are now 5 F-15s in either the overhead or radar patterns. I am not sure exactly when AEROFLOT taxied up, but I am positive he's at # 1 at 1045, and at that time had been waiting for 3 to 5 minutes. I also don't know whether Dagger entered the pattern before or after AEROFLOT taxied up to # 1. All 5 F-15s continued doing either overhead or radar

patterns, generally taking advantage of the rare good weather to practice pattern work. At 1046 Dagger 1 landed. I don't think the tower had asked anyone to go straight-thru, breakout, or low approach up to this point. It must be noted that there was also a civilian aircraft in the area at this time. In fact, I almost had to warn Dagger 1 as he rolled out on final about the civilian, but the civilian turned away. The civilian was a twin engine Piper ??, Icelandic registry, red and white with a large fn and the vertical tail in yellow. He was circling east of final to runway 02 at about 300' AGL. I think the civilian landed before AEROFLOT took off also.

At some unknown point in this process Dagger 3 and 4 arrived on initial. Now 7 F-15s present, but at no time were all seven in the overhead pattern. Dagger 3 and 4 also low approached, but Dagger 3 went around with his gear hanging (gear would not retract). Dagger 3 went to outside down wind and Dagger 4 rejoined to work the problem. Dagger 3 and 4 were in visual sight the entire time, and appeared to be holding about 10 DME Southwest of the field while checking Dagger's problem, Dagger 3 and 4 made only one low approach while AEROFLOT waited.

Now 6 F-15s remain airborne. As Hawk 2 calls base full stop tower asks him to go around (or maybe to breakout). Anyway, this was the first time tower had appeared concerned about departures. Hawk 2 then called min fuel, and tower let him land at 1047. Hawk 3 was on initial, and he called "Hawk 3 on initial and I need to land this time". Tower also cleared Hawk 3 to land at 1048. Tower at some point directed an aircraft on inside downwind to breakout. In fact the loud tone of voice from the tower controller surprised me, and I wasn't really sure if he really meant for the aircraft (I think it was Dagger 2) to breakout or if he accidentally keyed the mike while requesting that someone else tell the civilian to breakout. Anyway, the F-15 called min fuel and was allowed to continue and land. Dagger 2 landed at 1051.

Now only 3 remain airborne. I think the civilian lands next, but I'm not sure. Now Dagger 3 and 4 are 10 miles out and Hawk 1 is in the radar pattern and out of sight. I am flipping between ch 3 and ch 1 trying to find out what's going on with Dagger 3. Just as tower clears AEROFLOT for takeoff I heard Dagger 3 say he was ready to head in to land, and then immediately he said "no, he would do one more 360 because tower just cleared an airliner for takeoff". Anyway, Dagger 3 landed at 1058 with Dagger 4 chasing. Dagger went closed, extended his base and rolled in behind Hawk 1 who showed up on final. Hawk 1 and Dagger 4 landed at 1101.

— AEROFLOT took off somewhere between Dagger 2 at 1051 and Dagger at 1058.

— All F-15s complied with tower instructions or called min fuel and were then cleared to land. Hawk 3 pre-empted tower, but did not disobey instructions.

— Tower did not mention any need to allow a departure until after 1046. F-15s airborne wouldn't know the airliner was ready to depart because they don't have VHF.

— About 20 min after I got back into the building I received a call from the Chief Tower Controller. He asked what "Min Fuel" meant. He was apparently on his way to the office of the airport manager.

Gregory Taylor.

STATEMENT

At approximately 1045 on 31 Oct (sic) 1985, I entered the VFR traffic pattern as Dagger 4 on the wing of Dagger 3. As we entered I noted that the pattern was very busy and I recall hearing an F-15 call "min fuel". Dagger 3 and I pitched out and did a low approach. I recall seeing a large aircraft waiting #I. On my low approach my gear failed to retract so I flew about 10 NM to the west and then arced around to the south and waited until all the F-15s had landed before declaring an emergency. Because of my pre-occupation with my own aircraft problems, I do not recall when the aircraft waiting #I was cleared for takeoff.

David J. Wilder, LT COL, USAF
Pilot, Dagger 4.

STATEMENT

At approximately 1050, Dagger 3 (myself) and Dagger 4 (LTC Wilder) on the wing, reported 7 mile straight into initial for overhead pattern low approaches. Keflavik Tower acknowledged and advised us to "continue".

At this time there were several other F-15s in the overhead traffic pattern (some of which were trying to full stop). Also, the Aeroflot aircraft was sitting "number 1" for takeoff on Runway 02.

Dagger 3 and 4 completed one each low approach from the overhead and were directed to „breakout and re-enter" the pattern for a „priority departure" (Aeroflot).

Dagger 3 and 4 complied and proceeded to outside downwind at which time the Aeroflot aircraft was "cleared for takeoff" by tower and departed Keflavik.

Ronald R. Dufresne, Capt, USAF
Pilot of Dagger 3.

STATEMENT

On 30 Oct 85 I flew as a member of Dagger Flight. My call sign was Dagger 2. After flying one straight in pattern I was broken out by tower and told to re-enter initial, I reported initial and requested a full stop landing. Tower denied the pattern and I was told to re-enter a second time. On this pattern I had reached minimum fuel 1200 lbs and told tower I was minimum fuel. Tower then gave me clearance to land.

W.H. Keeler, Jr., Maj, USAF
57 FIS.

STATEMENT

Wednesday, 30 October 85, I flew as Hawk 3 on a local ACM training sortie. After uneventful training in the working area, I returned to the VFR overhead pattern. After several closed patterns, I entered the radar pattern for a practice ASR approach. As I went low approach from the ASR, I saw the waiting Soviet aircraft. I attempted to request a closed pattern to full stop, but was unable to make a radio transmission due to traffic on the frequency.

By this time, I was approaching 2000 lbs fuel remaining so I entered a short initial and was cleared for a full stop. I never approached a minimum fuel situation or requested traffic priority. I did, however, advise tower that I needed to full stop shortly.

R.G. Aquirre, Maj, USAF
57 FIS ADO

STATEMENT

On Wednesday, 30 Oct 85, I was Hawk 2 (Number 2 of Hawk 1 Flight). This was an uneventful ACM training sortie. We returned for some overhead pattern work which was when the conflict occurred. I performed 2 overhead patterns, and after the last low approach I observed the overhead pattern getting busy, and the Soviet airliner approaching number one for departure. I requested a closed full stop; it was denied, so I departed for a VFR re-entry. I had 1900 lbs of fuel at this time. As I approached the break again I was told to carry straight through initial, with 1500 lbs fuel. I performed another, shorter VFR pattern and as I approached the break, I was again told to break out and re-enter. By now I was at 1250 lbs fuel, so I declared "minimum fuel" (1200 lbs for the F-15). At this point, tower cleared me to land, which I did uneventfully.

D.F. Root, Capt, USAF
Squadron Standard Officer

STATEMENT

Statement concerning AEROFLOT incident of 30 Oct 1985.

My call sign was Dagger 01. At approximatly 1030 I led a flight of 2 F-15's into the VFR traffic pattern. We both pitched out and made a low approach and then re-entered initial due to traffic (Hawk flight). I full stopped on my next approach, but number two did a low approach for an aircraft declaring "Minimum Fuel". At no time did I hear tower request aircraft to full stop or say they had a priority take-off.

Steve Jackson, Major, USAF

STATEMENT

Soviet Airliner Incident

Arrived in the pattern as a three ship, me as lead, Capt Root #2 and Maj Aquirre as #3. Flew down initial at approx 1020-1025 hrs. I did three overhead patterns (2 succéssive closed) to low approaches. After the 3rd low approach I went outside downwind and went to radar approach. I flew an ASR that was tower directed "break out" at 1½ NM final. I think it was for an F-15 in the pattern with a problem, but I don't remember seeing anyone on the runway. I remained south of the field until Col Wilder flew his straight in and I followed him down final with an ASR full stop, landing at 1101 hrs.

While I was in the pattern tower never advised of any departures and I never saw an aircraft holding #1 for RW/02.

R. Van Orne
57 FIS

Fylgiskjal 9.

14. nóvember 1985

YFIRLÝSING

Ég undirritaður Haraldur Stefánsson hef verið í starfi hjá varnarliðinu á Íslandi síðan 1955 fyrst við sjúkraflutninga og síðan 1956 í Slökkviliðinu. Síðastliðin 9 ár hef ég gegnt starfi varaslökkviliðsstjóra Slökkviliðsins.

Fyrir hádegi 30. október 1985 var ég við eftirlitsstörf vestast á flugvellinum á svæði nýju steyptu flugskýlanna ásamt Ástvaldi Eiríkssyni yfirmanni brunavarnaeftirlits og LT.CDR Ray frá framkvæmdastofnun flotastöðvarinnar (ROICC). Þetta var heiðskír morgunn og athygli mín beindist að óvenjulegum fjölda F-15 flugvéla í flugi. Ég taldi átta vélar í flugi til aðflugs og lendingar á braut 02. Flughegðun var eins og ég hefi séð framkvæmt af orrustuvélum í óteljandi skipti í nærri þrjá áratugi á þessum flugvelli. Það eina óvenjulega sem ég tók eftir var heiðskírt veður og fjöldi véla í æfingaflugi í einu.

Haraldur Stefánsson
varaslökkviliðsstjóri
Keflavíkurflugvelli

14. nóvember 1985

YFIRLÝSING

Að morgni þess 30. október 1985 var ég undirritaður staddur vestarlega á varnarsvæðinu n. t. hjá nýju steinsteyptu flugskýlunum, ásamt Haraldi Stefánssyni. Veðrið var óvenju gott, logn og heiðríkja, nokkurt frost. Veittum við þá skyndilega athygli flugi nokkurra orrustuflugvéla, F-15, sem voru að bera sig til við að lenda ein af annarri á braut #02. Mig minnir að þær hafi verið nokkuð þétt saman í aðfluginu þannig að sumar þurftu að fljúga yfir brautina á meðan aðrar lentu, en fóru síðan umferðarhring hver, og lentu síðan.

Ég minnist þess í umræðunni, sem skapaðist er við vorum að horfa á flug þessara véla, að við töluðum um að nú væru þeir að reyna að vinna upp tapaðan flugtíma eftir nokkurn óveðurskafla á undangengnum dögum, eins og venja er til hjá 57. flugsveitinni þegar þannig stendur á, og mættum við búast við töluverðri hreyfingu hjá okkar fólki þann daginn vegna þessa.

Ástvaldur Eiríksson
forstöðumaður eldvarnaeftirlits
(handhafi atvinnuflugmannsréttinda
auk flugkennararéttinda).

14. nóvember 1985

YFIRLÝSING

Þann 30. okt. síðastliðinn kl. 10:55 voru undirritaðir staddir á suðurtaxanum (aksturs-braut) við norður suður flugbraut 02/20, og biðum eftir heimild til þess að fara yfir braut 02, en vegna mikillar umferðar fengum við ekki heimild yfir braut 02. Þennan umrædda dag var mjög gott veður og voru F-15 búnar að vera að æfa aðflug að braut 02 í nokkurn tíma. Að okkar mati er þetta mjög algengt við svona veðurskilyrði. Þar sem við höfum í mörg ár fylgst með umferð á brautunum, annar okkar í 30 ár og hinn í 10 ár, teljum við þetta ekkert vera óeðlilegt.

Guðjón Þórarinsson
bifreiðarstjóri/slökkviliðsmaður
Slökkviliðinu Keflavíkurflugvelli

Egill Ólafsson
slökkviliðsmaður
Slökkviliðinu Keflavíkurflugvelli

14. nóvember 1985

YFIRLÝSING

Við undirritaðir, Sigurður G. Sigurðsson, Kirkjubraut 2, Njarðvík og Emil Pálsson, Fögrubrekku 1, Kópavogi, starfsmenn Slökkviliðs Keflavíkurflugvallar, vorum á brautar-vakt 30. okt. 1985 frá kl. 0800—1200 (þ. e. að fylgjast með flugumferð allri: aðflugi, lendingum og flugtaki o. s. frv.) við staur nr. 10, þar sem braut 02 var í notkun. Að gefnu tilefni varðandi flug ákveðinna flugvéla (F-15) og bið ákveðinnar rússneskrar „diplómata" flugvélar eftir að fá að komast í loftið (flugtak), höfum við þetta að segja:

Fyrr um morguninn fóru 7 F-15 þotur í loftið. Síðan þegar þær nálguðust flugvöllinn og stefndu að braut 02, tóku þær nokkra hringi í lágflugi yfir brautinni hver af annarri, áður en til lendingar kom og lentu 5 af 7. Yfirflug með þessum hætti hvað varðar herþotur varnarliðsins var að okkar mati eðlilegt og nákvæmt eins og við höfum fylgst með í gegnum árin.

Á meðan þessar umræddu F-15 þotur voru að lenda, biðu 2 flugvélar sitt hvorum megin við flugbraut 02, önnur eftir að komast í loftið (rússneska) vélin og hin þ. e. lítil íslensk flugvél, sem var nýlega lent og þurfti að komast yfir umrædda braut að flugstöðinni. Rússneska vélin fór í loftið kl. 10:55 samkvæmt okkar skráningu.

Sigurður G. Sigurðsson
bifreiðarstjóri/slökkviliðsmaður
Slökkviliðinu Keflavíkurflugvelli

Emil Pálsson
slökkviliðsmaður
Slökkviliðinu Keflavíkurflugvelli

Fylgiskjal 10.

Rannsóknarlögreglan á Keflavíkurflugvelli

SKÝRSLA

Skýrsla nr. 1437/85 Rannsókn nr. 135/85.

Þriðjudaginn 12/11 '85 kl. 1300
Skýrslu gerir: Sigurður Sigurðsson, yfirlögrþj.
Efni skýrslu: Truflun á brottför rússneskrar flugvélar, vegna ónæðis frá herþotum.

Vitni:

Nafn: Lárus Kristján Pétursson.
Lögheimili: Holtsbúð 35. Fæðingarstaður: Skagafjörður
Fd. og ár: 17/5 1930 Nafnnúmer: 5877-0612
Staða: Deildarstjóri.
Vinnustaður: Keflavíkurflugvöllur.
Aðrar upplýsingar: Skýrslugefandi telur, að 6 eða 7 herþotur hafi komið hér við sögu.

Kristján gefur eftirfarandi skýrslu, varðandi atburð, er skeði á Keflavíkurflugvelli hinn 30. október s. l., er að því að talið er, tvær herþotur trufluðu brottför rússneskrar flugvélar. Honum er kunngjörð vitnaskyldan og skýrir hann svo frá:

„Um það leyti, sem rússneska vélin fór af flugvélastæði, en hún var staðsett á móts við afgreiðslustöð „Esso" veittum við því athygli, þ. e. tollgæslumenn, lögreglumenn, starfsmenn rússneska sendiráðsins og fl., sem vorum staðsettir við vélina, að bandarískar herþotur, F-15, flugu í lágflugi yfir braut 02/20. Flugu síðan í hringi og komu inn eins og um lendingu væri að ræða á suðurenda brautarinnar. Rússneska vélin var komin að brautinni, samkv. minni kl. 10,37. Næstu 8 mínútur, eða til kl. 10,45 lenti engin hervél á brautinni, heldur flugu þær stöðugt í hringjum yfir og í nágrenni flugvallarins. Komu þær margsinnis í lágflugi yfir brautinni og spunnu sig síðan upp í loftið. Frá kl. 10,45 — kl. 10,50 lentu þrjár herþotur og ein íslensk vél á brautinni, en kl. 10,54 fór rússneska farþegaþotan.

Þær skýringar flugvallarstjóra og fleiri aðila um eldsneytisskort herþotna í umrætt sinn, kemur sjónarvottum einkennilega fyrir sjónir, því hefði svo verið, þá skyldi ætla að eðlilegt hefði verið að lenda þeim á tímabilinu kl. 10,37—10,45 meðan rússneska vélin beið við brautina, heldur en að fljúga hring eftir hring í lágflugi yfir brautinni. Allir þeir sem ég ræddi við um þennan atburð voru sammála um að þessi „flugsýning" þotnanna hefði virst mjög ögrandi og verið frekleg móðgun við land og þjóð. Við höfðum gott yfirsýn yfir það sem gerðist frá flugvélastæði, bæði er lýtur að flugbrautinni og umferð flugvélanna í lofti. Heiðskírt veður var, er atburður þessi skeði.

Þekking mín á sviði flugvéla og flugumferðar grundvallast m. a. af veru minni á Keflavíkurflugvelli í 35 ár."

Aðspurður kveðst Kristján hafa séð flugvél Aeroflots allan tímann, sem hún beið við brautina og jafnframt afstöðu hennar til flugs F-15 þotnanna.

Vék frá kl. 13,40.
Upplesið. Staðfest.
Kristján Pétursson.

Þannig gjört.
Sigurður Sigurðsson,
yfirlögregluþj.

Fylgiskjal 11.

Rannsóknarlögreglan á Keflavíkurflugvelli

SKÝRSLA

Miðvikudaginn 13. nóv. 85 kl. 13,50.
Skýrslu gerir Sigurður Sigurðsson, yfirlögrþj.

Vitni:

Nafn: Guðmann Magnús Héðinsson.
Lögheimili: Heiðarbr. 9, Keflav. Fæðingarstaður: Keflavík.
Sími: 1897 Fd. og ár: 25/7 1953 Nafnnúmer: 3007-7703
Staða: Bifreiðarstjóri.
Vinnustaður: Keflavíkurflugvöllur. Sími: 1481.

Guðmann er hér mættur sem vitni, varðandi atburð, er skeði á Keflavíkurflugvelli hinn 30. október sl., er herþotur frá varnarliðinu trufluðu brottför rússneskrar farþegaflugvélar. Mætta er kunngjörð vitnaskyldan og skýrir hann svo frá:

„Er atvik það skeði, sem hér um ræðir, var ég, ásamt fleiri starfsmönnum „ESSO", staddur inni í afgreiðslu félagsins, sem er skammt sunnan við flugstöðvarbygginguna. Hin umrædda rússneska flugvél var í góðu sjónmáli þaðan, fjarlægð um það bil 300—400 metrar. Upphaflega beindist athygli okkar að vélinni vegna þess að kveðjuathöfn átti sér stað við hana og meðan á kveðjuathöfninni stóð byrjuðu herþoturnar að hnita ótal hringi yfir vélinni. Eftir að kveðjuathöfninni var lokið við vélina var vélin færð að flugtaksbraut (02) og stöðvuð þar. Þá byrjuðu herþoturnar að stinga sér niður framan við rússnesku vélina og síðan spunnu þær sig upp aftur. Þetta gekk svona nokkurn tíma og tel ég að þetta hafi tafið flugtak rússnesku vélarinnar a. m. k. 13—15 mínútur.

Við hjá Essofélaginu á Keflavíkurflugvelli sjáum um eldsneytis áfyllingu herþotnanna. Eftir að þær voru lentar tóku þær allar eldsneyti hjá okkur. Það er ekki í okkar verkahring að athuga hversu mikið eldsneyti er eftir á vélunum, þegar áfylling fer fram, en í þessu tilfelli minnist ég þess glöggt, að **óvenju mikið** eldsneyti fór á þoturnar, sem voru sex talsins.

Upphafleg tímasetning mín á atburðarásinni er ekki til staðar, en kl. 10,39 leit ég á klukku mína og þá var rússneska vélin búin að vera í kyrrstöðu nokkurn tíma við brautina.

Ég hefi ekki bóklega flugfræðilega þekkingu, en með fimm ára starfi mínu á flugbrautum Keflavíkurflugvallar tel ég mig geta dæmt um það, hvað geti talist eðlilegt og hvað óeðlilegt í þessum efnum."

Vék frá kl. 14,15.
Upplesið. Staðfest.
Guðmann Magnús Héðinsson.

Þannig gjört.
Sigurður Sigurðsson,
yfirlögregluþjónn.

Fylgiskjal 12.

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

REGLUR
um forgang sérstakra loftfara á Keflavíkurflugvelli.

1. Reglur þessar eiga við um komu og brottför sérstakra loftfara til Keflavíkurflugvallar.
2. Sérstök loftför eru þau sem flytja þjóðhöfðingja og mjög háttsetta fulltrúa erlendra ríkja, sem að mati utanríkisráðuneytisins ber að veita forgang ef flugöryggisreglur leyfa.
3. Telji utanríkisráðuneytið að veita beri sérstöku loftfari forgang umfram önnur samkvæmt 2. grein, skal utanríkisráðuneytið tilkynna það flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar með nægum fyrirvara. Flugvallarstjóri sér um framkvæmd slíkra undanþága.

Utanríkisráðuneytið, 29. nóvember 1985.

Geir Hallgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

Ed. 192. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á mörgum fundum. Eftirtaldir aðilar hafa komið til viðræðna við nefndina: Ólafur Ólafsson landlæknir, Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Helgi Valdimarsson prófessor, sérfræðingur í ónæmisfræði, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, og Guðni Baldursson. Nefndinni barst einnig greinargerð frá samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans um varnir gegn ónæmistæringu og sérálit Haralds Briem og Sigurðar Guðmundssonar, sérfræðinga í smitsjúkdómum.

Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem tillaga er gerð um á sérstöku þingskjali. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 5. des. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.
Björn Dagbjartsson.
Kristjana Milla Thorsteinsson.
Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.
Árni Johnsen.

Ed. 193. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar (DA, BD, KMT, KSG, ÁJ).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
1. gr. laganna orðist svo:
Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhea),
klamydíusýkingar (sýkingar af völdum Chlamydia trachomatis),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum,
granuloma inguinale,
alnæmi (acquired immune deficiency syndrome — AIDS).

Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

Sþ. 194. Beiðni um skýrslu [171. mál]

frá viðskiptaráðherra um stöðu Útvegsbanka Íslands í ljósi upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni, Kolbrúnu Jónsdóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðmundi Einarssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Karli Steinari Guðnasyni, Sighvati Björgvinssyni og Kristínu H. Tryggvadóttur.

Með vísan til
1. 30. gr. þingskapa,
2. upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. og hugsanlegra afleiðinga þeirra,
3. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, bankaeftirlit og tilkynningarskyldu bankaeftirlits til ráðherra,
4. ákvæða gildandi laga um ríkisábyrgð á skuldbindingu ríkisbanka

óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands. Í skýrslunni komi m.a. fram svör við eftirfarandi spurningum:
1. Hversu hárri upphæð nema heildarútlán og erlendar ábyrgðir Útvegsbankans vegna Hafskips hf.?
2. Hversu hátt hlutfall er hér um að ræða af heildarútlánum og skuldbindingum bankans?
3. Hvert var eigið fé bankans miðað við 12. nóv. 1985?
4. Hvað er ætlað að tap bankans vegna viðskipta hans við Hafskip nemi mikilli upphæð?
5. Hefur stjórn Útvegsbankans sniðgengið reglur og hefðir í bankaviðskiptum um greiðslutryggingar útlána?
6. Hefur bankastjórn Útvegsbankans fengið villandi upplýsingar frá Hafskipi hf. um rekstur, afkomu, hagnað og veðhæfi eigna?

7. Hvenær voru upplýsingar um yfirvofandi hættuástand vegna ábyrgða og útlána bankans til Hafskips hf. fyrst lagðar fyrir bankaráð?
8. Hver hafa verið viðbrögð og aðgerðir hins þingkjörna bankaráðs til þess að gegna eftirlitsskyldu sinni og firra ríkissjóð og skattgreiðendur fjárhagstjóni?
9. Hyggst ríkisstjórnin leita úrræða til að aflétta bankaleynd vegna þessara viðskipta til þess að allir aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, geti leitað réttar síns til ábyrgra aðila?
10. Hvers vegna hafa stjórn Seðlabanka Íslands og bankaeftirlit ekki vikið bankastjórninni frá eins og fordæmi er fyrir af hliðstæðu tilefni?
11. Með hvaða hætti hyggst ríkisstjórnin draga þá menn til ábyrgðar sem vegna aðgerða sinna eða aðgerðaleysis í stjórn Útvegsbankans kunna að hafa valdið ríkissjóði og skattgreiðendum fjárhagslegu tjóni, með vísan til lagaákvæða um ríkisábyrð á skuldbindingum bankans?
12. Hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir fækkun, afnámi eða sameign ríkisbanka af þessu tilefni?
13. Hvaða breyting varð á skuldastöðu Hafskips hf. við Útvegsbankann á tímabilinu 15. jan. 1980 til 2. júní 1983?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu við fyrstu hentugleika á fundi sameinaðs Alþingis eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 5. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.	Kolbrún Jónsdóttir.	Kristín Halldórsdóttir.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Guðmundur Einarsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
Karl Steinar Guðnason.	Sighvatur Björgvinsson.	Kristín H. Tryggvadóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 195. Beiðni um skýrslu [172. mál]

frá viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Karli Steinari Guðnasyni, Ólafi Ragnari Grímssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Kristínu Halldórsdóttur, Grétari Þorsteinssyni, Skúla Alexanderssyni og Stefáni Benediktssyni.

Með vísan til 30. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að viðskiptaráðherra flytji Alþingi skýrslu um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans þar sem eftirfarandi komi m.a. fram:

1. hver hafi verið afskipti bankaeftirlits Seðlabankans af málefnum Útvegsbankans frá og með árinu 1975 til þessa dags,
2. til hvaða aðgerða afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans hafi leitt,
3. hvort viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf. eða annarra stærri viðskiptavina bankans hafi orðið tilefni til sérstakra afskipta af hálfu bankaeftirlitsins,
4. hverjir hafi fjallað um álit bankaeftirlitsins eða framkvæmt þær tillögur þess sem tilgreindar eru hér að framan, og hver hafi orðið framgangur þeirra mála í hverju einstöku tilfelli?

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 5. des. 1985.

Steingrímur J. Sigfússon.	Karl Steinar Guðnason.	Ólafur Ragnar Grímsson.
Guðrún Helgadóttir.	Helgi Seljan.	Kristín Halldórsdóttir.
Grétar Þorsteinsson.	Skúli Alexandersson.	Stefán Benediktsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Nd. 196. Tillaga til ályktunar [173. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, svo og samningatilboð um yfirtöku eigna Hafskips hf. (Íslenska skipafélagsins hf.).

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðmundur Einarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni nefndarinnar eru að rannsaka eftirfarandi:

1. Viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. og forsendur þeirra viðskipta.
2. Hvort Útvegsbanki Íslands hafi fengið réttar upplýsingar um stöðu og rekstur Hafskips hf. á hverjum tíma.
3. Ábyrgð bankastjórnar og bankaráðs Útvegsbanka Íslands á fjárhagslegri stöðu bankans og þar með ríkissjóðs vegna þessara viðskipta og hvort þau samrýmist lögum og reglum bankans með tilliti til hagsmuna hans og viðskiptamanna.
4. Hvort yfirtaka Eimskipafélags Íslands hf. á eignum Hafskips og Íslenska skipafélagsins sé ótvírætt hagkvæmasti kosturinn til að tryggja
   a. hagsmuni Útvegsbanka Íslands og ríkissjóðs,
   b. samkeppni í flutningum til og frá landinu,
   c. atvinnuöryggi þeirra sem starfa við flutninga skipafélaga.
5. Hvort réttar upplýsingar hafi verið gefnar í tengslum við hlutafjárútboð (að upphæð 80 m. kr.) fyrir aðalfund Hafskips í júní 1985.

Nefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og hafa fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Nefndin skal einnig afla sér dómsúrskurðar ef með þarf til að aflétta bankaleynd vegna viðskipta Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og kostur er og skila niðurstöðum til Alþingis.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þeim umræðum, sem fram hafa farið um viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, hefur mikið skort á að Alþingi fengi nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þótt eftir því hafi ítrekað verið leitað.

Hér eru þó í húfi hagsmunir eins ríkisbankans og þar með ríkissjóðs. Það hefur áhrif á hagsmuni almennings.

Mikið fjárhagslegt tjón bankans, sem yfir vofir og fyrirsjáanlegt er, kemur í hlut landsmanna með einum eða öðrum hætti að greiða. Hver niðurstaða þessa máls verður mun einnig hafa áhrif á starfsöryggi og hag á fjórða hundrað starfsmanna Hafskips hf. og fjölskyldna þeirra. Afleiðingar þessa máls eru ekki einungis mikið fjárhagslegt tap ríkissjóðs heldur munu þær einnig hafa bein og óbein áhrif á hag fjölmargra aðila í landinu.

Skylda Alþingis er að halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með ríkisbönkunum sem og öðrum ríkisstofnunum. Alþingi verður því að bregðast við með viðeigandi hætti, ef nauðsyn krefur, þegar sýnt er að hagsmunir bankans sem og hagur almennings er í húfi. Upplýst er að hjá fjárhagslegu tjóni bankans verður ekki komist. Hversu mikið það verður veltur á því hvaða ákvörðun verður tekin og hvernig samningum um yfirtöku eigna Hafskips hf. og skuldaskilum við Útvegsbankann verður háttað.

Ljóst er að yfir samningaumleitunum, sem fram hafa farið um yfirtöku á eignum Hafskips og Útvegsbanka Íslands, bæði við Eimskip og SÍS, hefur ríkt mikil leynd. Ógerningur hefur verið að fá fram nauðsynlegar upplýsingar um stöðu mála þannig að hægt sé að leggja raunhæft mat á hagkvæmni þeirra kosta sem fyrir hendi eru til að leysa þetta mál með sem minnstum skaða fyrir alla aðila sem hlut eiga að máli.

Slík leynd, sem yfir öllu þessu máli hefur hvílt, er einungis til þess fallin að vekja tortryggni um viðskipti bankans við Hafskip hf., sem og að ekki hafi verið gætt ýtrustu hagkvæmni við lausn þessa máls í þeirri stöðu sem upp er komin.

Því hefur verið haldið fram að Útvegsbankinn hafi í viðskiptum sínum við Hafskip hf. gengið lengra en samrýmst geti hag og velferð bankans. Því hefur einnig verið haldið fram að viðskipti Útvegsbankans og lánafyrirgreiðsla hans við Hafskip hf. hafi byggst á röngum upplýsingum, sem bankinn hafi fengið, um stöðu og hag fyrirtækisins.

Þegar svo er komið málum er nauðsynlegt að Alþingi grípi í taumana með skipun rannsóknarnefndar til að allir þættir þessa máls verði upplýstir. Rannsóknin ætti einnig að leiða í ljós hvort hagur allra málsaðila hafi sem best verið tryggður með þeirri ákvörðun sem tekin verður til að leiða mál þetta til lykta.

Það er öllum fyrir bestu að staða þessara mála liggi ljós fyrir.

Nd. 197. Frumvarp til laga [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 110/1984 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 24. júní 1984 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu, sérstaklega með skipulag

heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu í huga. Var stofnað til þessa nefndarstarfs í samræmi við niðurstöður fundar, sem ráðuneytið hélt með sveitarstjórnarmönnum á höfuðborgarsvæðinu í apríl 1984.

Nefndin skilaði tillögum í búningi lagafrumvarps á s. l. sumri og hafa tillögurnar verið til umfjöllunar í ráðuneytinu á undanförnum mánuðum.

Þar sem fyrirsjáanlegt er að ekki vinnst tími til þess að leggja endanlegar tillögur fram fyrir áramót hefur orðið að ráði að leggja til eins árs framlengingu á fresti þeim sem lögin áskilja vegna kerfis heilsugæslu í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Ed. 198. Frumvarp til laga [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

3. gr. laga nr. 95/1975 orðist svo:

1. Á árinu 1986 skulu skattstjórar leggja sjúkratryggingagjald á menn sem skattskyldir eru samkvæmt lögum nr. 75/1981.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1986.
3. Af fyrstu 403 000 kr. gjaldstofns sjúkratryggingagjalds greiðist ekkert gjald, en af þeim hluta gjaldstofnsins sem umfram er 403 000 kr., greiðast 2%.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 og vegna tekna ársins 1986 hjá mönnum sem skattskyldir eru skv. 1. tölul. 3. gr., sbr. 71. gr. sömu laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir komandi ár er gert ráð fyrir því að á því ári verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár. Er frumvarp þetta því lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 127/1984. Álagt sjúkratryggingagjald á yfirstandandi ári nemur 170 m.kr. og er áætlað að af því innheimtist um 150 m.kr. Ætla má að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1986 nemi um 225 millj. kr. og af því innheimtist um 200 m. kr. Þessi upphæð er þó ekki endanleg heldur byggist á spá Þjóðhagsstofnunar um breytingar launa milli áranna 1984 og 1985, þ. e. a. s. 36% hækkun, en gengið er út frá því, að skattbyrði vegna sjúkratrygginga skv. þessu frumvarpi verði óbreytt hlutfall af tekjum gjaldenda á greiðsluári, milli áranna 1985 og 1986 eða á sama hátt og áður hefur tíðkast.

Nd. 199. Frumvarp til laga [176. mál]

um sjálfstætt bankaeftirlit.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Geir Gunnarsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Sérstök stofnun, Bankaeftirlitið, hefur með höndum eftirlit með starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar sem tekur við innstæðum frá almenningi og stofnunum eða rekur sambærilega starfsemi að mati þess.

2. gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Bankaeftirlitsins en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma undir stjórn forsætisráðuneytis.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur Bankaeftirlitsins.

3. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því að innlánsstofnanir og þeir aðilar, er annast kaup og sölu verðbréfa hvers konar, fylgi lögum og reglum sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Einnig skal það gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur fyrrgreindra aðila óheilbrigðan og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ríkisstjórninni þegar í stað.

4. gr.

Skylt er innlánsstofnunum og verðbréfasölum að láta Bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er Bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana og verðbréfasala hvenær sem því þykir ástæða til.

5. gr.

Nú óskar innlánsstofnun að opna útibú eða umboðsskrifstofu, sbr. 3. og 21. gr. l. nr. 86 1985 og 24. gr. l. nr. 87/1985, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Bankaeftirlitsins. Leggur það leyfisumsókn ásamt áliti sínu fyrir viðskiptaráðherra og tekur þá ráðherra ákvörðun um hvort leyfi skuli veitt.

6. gr.

Kostnaður við störf Bankaeftirlitsins greiðist af þeim stofnunum sem eftirlit er haft með skv. lögum þessum, í hlutfalli af heildarinnstæðum í hverri innlánsstofnun í upphafi hvers reikningsárs.

Nánari reglur um greiðslur skv. þessari grein skal setja í reglugerð, svo og um greiðslur verðbréfasala vegna kostnaðar við eftirlit með þeim.

7. gr.

Bankaeftirlitið skv. lögum þessum skal taka við þeim störfum sem bankaeftirliti Seðlabankans voru falin í lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, sbr. einnig lög um viðskiptabanka, nr. 86/1985, og lög um sparisjóði, nr. 87/1985.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 1. gr. laga nr. 10/1964, um breytingar á þeim lögum.

Greinargerð.

Bankaeftirlitið starfar eins og kunnugt er samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands og er undir yfirstjórn hans. Frumvarp þetta gerir hins vegar ráð fyrir að Bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins og þar með ríkisstjórnarinnar allrar, enda varða bankamál sannarlega fleiri ráðuneyti en viðskiptaráðuneytið.

Um það hefur verið rætt um langt skeið að bankaeftirlitið ætti að vera sjálfstæð stofnun sem væri óháð bankakerfinu og engum hefur verið það ljósara en starfsmönnum þess sjálfs. Bankaeftirlitið á að fylgjast með að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum sem þeim hafa verið settar og sjá til þess að rekstur þeirra sé með eðlilegum hætti svo að hagur hins almenna innstæðueiganda sé jafnan tryggður og ávöxtun fjármuna hans örugg.

Í íslenskum lögum eru engin ákvæði um hámark útlána í hlutfalli við eigið fé innlánsstofnana, en eðli málsins samkvæmt hlýtur það að vera skylda bankaeftirlitsins að fylgjast með því að innlánsstofnanir stofni ekki eigin fé sínu í hættu, þ.e. fjármunum almennings, með óhóflegum lánum til áhættusamra fyrirtækja. Til þess þarfnast bankaeftirlitið meira sjálfstæðis en það nýtur nú sem deild í Seðlabankanum.

Í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands segir í 5. lið, en greinin fjallar um hlutverk bankans: „að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum".

En jafnframt segir í 4. gr. laganna:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum."

Augljóst er að seðlabankastjórn, sem hinir þrír bankastjórar bankans skipa, er samkvæmt lögum bundin stjórnmálastefnu hverrar ríkisstjórnar og því pólitísk í eðli sínu. Bankaeftirlitið ætti aldrei að vera háð stjórnmálastefnu þeirrar ríkisstjórnar sem við völd er hverju sinni og því brýnt að skilja milli starfsemi þess og Seðlabankans. Aðeins með því getur bankaeftirlitið sinnt starfi sínu án íhlutunar bankastjórnar hans.

Nýlegir atburðir í viðskiptalífinu, sem nú ógna tilveru eins ríkisbankanna, knýja á um að starfsemi bankaeftirlitsins verði efld, en við það starfa nú sjö menn. Þá er ekki síður nauðsyn á að rekstri þess verði tryggt fé til þess að það geti hagað störfum sínum eftir því sem talið er nauðsynlegt og því tryggður nægilegur starfskraftur. Með frumvarpi þessu er gerð tillaga um fjármögnun starfseminnar.

Frumvarpið gerir enn fremur ráð fyrir að innlánsstofnanir, sem óska eftir að opna ný útibú eða umboðsskrifstofur, leiti leyfis Bankaeftirlitsins sem geri síðan viðskiptaráðherra grein fyrir stöðu stofnunarinnar. Nú er sótt um slík leyfi til Seðlabankans.

Þá er lagt til að forsætisráðherra skipi forstöðumann Bankaeftirlitsins en ekki hinir þrír bankastjórar Seðlabankans eins og nú er. Er með því tvímælalaust betur tryggt sjálfstæði þess gagnvart yfirstjórn bankamála.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Gert er ráð fyrir að Bankaeftirlitið verði sjálfstæð stofnun.

Við 2. gr.

Bankaeftirlitið heyri undir forsætisráðuneytið og þar með ríkisstjórnina alla og forsætisráðherra skipi forstöðumann, en hann skipi síðan aðra starfsmenn. Áður skipaði stjórn Seðlabankans, bankastjórarnir þrír, alla starfsmenn bankaeftirlitsins og gat sagt þeim upp störfum.

Við 3. gr.

Sérstaklega er tekið fram að Bankaeftirlitið skuli einnig hafa umsjón með þeim aðilum sem annast sölu verðbréfa hvers konar. Samkvæmt lögum um Seðlabanka eru ekki skýr ákvæði um verðbréfasölu. Bankaeftirlitið skal gera ríkisstjórninni grein fyrir athugasemdum sínum. Það lýtur nú ákvörðunum bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans um þær athugasemdir sem það kann að setja fram um starfsemi einstakra banka.

Við 4. gr.

Hér er skýrt kveðið á um skyldu þeirra sem annast sölu verðbréfa til að veita Bankaeftirlitinu allar umbeðnar upplýsingar um viðskipti sín.

Við 5. gr.

Umsóknir innlánsstofnana um að stofnsetja ný útibú eða umboðsskrifstofur skal samkvæmt frumvarpinu leggja fyrir Bankaeftirlitið sem síðan skilar áliti til viðskiptaráðherra. Samkvæmt núgildandi lögum er sótt um slíkt til Seðlabanka Íslands.

Við 6. gr.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að þær innlánsstofnanir, sem Bankaeftirlitið hefur umsjón með, greiði þann kostnað sem af störfum þess stofnast. Skulu þær greiða framlag sitt í hlutfalli af heildarinnstæðum í upphafi hvers reikningsárs. Við það verður fjárhagsstaða Bankaeftirlitsins öll önnur og tryggari en nú er þar sem bankastjórn Seðlabankans hefur öll ráð yfir henni.

Við 7. og 8. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringar.

Nd. 200. Tillaga til ályktunar [177. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki og viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Geir Gunnarsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni rannsóknarnefndarinnar séu:

1. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands á s.l. 10 árum, þar á meðal dagsetningar, upphæðir og veð lána og umfjöllun bankans um þau, eftirlit með rekstri og bókhaldi fyrirtækisins og sannleiksgildi þeirra skýrslna sem Hafskip hf. lét Útvegsbankanum í té.
2. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við innlend og erlend fyrirtæki í því skyni meðal annars að sannreyna upplýsingar um að fjármunir hafi verið fluttir út úr fyrirtækinu og til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, kanna staðhæfingar um að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og kanna einnig öll önnur atriði sem snerta viðskipti og reikningshald Hafskips.

3. Að rannsaka öll afskipti ráðherra, alþingismanna og annarra forustumanna í stjórnmálum, svo sem fyrrum starfsmanna fulltrúaráða og formanna flokksfélaga og kjördæmissambanda, af málefnum Hafskips á liðnum árum í því skyni að leiða í ljós hvort sannar eru ásakanir um að fyrirtækið hafi á beinan eða óbeinan hátt notið velvildar og fyrirgreiðslu pólitískra áhrifaaðila.
4. Að rannsaka skuldastöðu helstu stórfyrirtækja sem meiri háttar lán hafa fengið frá ríkisbönkunum þremur og skal í þeirri athugun tekið mið af: a. sérstakri aukningu lána til einstakra fyrirtækja á s.l. tveimur árum og veðum þeirra lána; b. skuldastöðu þeirra 10 fyrirtækja sem skuldugust eru við hvern ríkisbankanna, alls 30 fyrirtæki; c. ábendingum frá bankaeftirlitinu um hvaða fyrirtæki beri að athuga sérstaklega.

Rannsóknarnefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Í samræmi við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar skal rannsóknarnefndin hafa í störfum sínum fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist. Fundir rannsóknarnefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Rannsóknarnefndin skal hafa heimild til að ráða í sína þjónustu sérfræðinga, svo sem lögfræðinga, rekstrarfræðinga og bókhaldsfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt reynist og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefndin skal mánaðarlega skila Alþingi bráðabirgðaskýrslum um störf sín og lokaskýrslu eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá samþykkt þessarar ályktunar.

Kjósi efri deild sams konar rannsóknarnefnd skulu nefndirnar vinna saman að athugun þessara mála.

Greinargerð.

Undanfarna daga og vikur hafa sífellt fleiri þættir Hafskipsmálsins svonefnda komið fram í dagsljósið. Hér er um að ræða stærsta gjaldþrotamál í sögu lýðveldisins. Útvegsbanki Íslands hefur tapað svo miklum fjármunum að eigandi bankans, almenningur í landinu, verður að leggja fram verulega fjármuni til styrktar bankanum. Jafnframt hafa birst í fjölmiðlum frásagnir manna, sem gegnt hafa stjórnunarstörfum á vegum Hafskips, um að verulegt misferli hafi átt sér stað í rekstrinum, svo sem tilflutningur á fjármagni frá félaginu til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, falsanir á bókhaldi, lúxuseyðsla og ýmislegt annað sem er stórlega vítavert hjá fyrirtæki sem fengið hefur hundruð milljóna að láni frá banka í eigu þjóðarinnar. Vitað er að margir forustumenn Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi, í ríkisstjórn, í flokksfélögum, fulltrúaráðum og kjördæmasamböndum, hafa gegnt trúnaðar- og ábyrgðarstörfum á vegum Hafskips og vekur það margvíslegar spurningar um hugsanlega misnotkun á pólitískri aðstöðu. Einnig bendir margt til þess að mörg önnur fyrirtæki skuldi þeim þremur viðskiptabönkum, sem alfarið eru í eigu þjóðarinnar, verulegar fjárhæðir án þess að rekstur eða veðhæfi fyrirtækjanna séu örugg og gæti Hafskipsmálið því verið upphafið að fleiri hliðstæðum málum.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur nauðsynlegt að Alþingi noti ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka alla þætti þessara mála og verði sú rannsókn með þeim hætti að allur almenningur geti fylgst með þeim upplýsingum og atriðum sem fram kunna að koma við athugun málsins. Hér er slíkt stórmál á ferðinni að trúnaður milli þings og þjóðar og traust almennings á meðferð opinberra fjármuna krefjast þess að málið verði rannsakað í botn á sýnilegan og sannanlegan hátt.

Nánari grein verður gerð fyrir þessari tillögu um kosningu rannsóknarnefndar í framsöguræðu.

Ed. 201. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en undirritaður telur að betur þurfi að huga að ýmsu áður en til afgreiðslu kemur og vísar í því efni alveg sérstaklega til álits samstarfsnefndar Landspítala og Borgarspítala um varnir gegn alnæmi sem birt er hér sem fylgiskjal.

Undirritaður leggur megináherslu á virkar aðgerðir gegn þessum sjúkdómi og útbreiðslu hans en er ekki sannfærður um að lagasetning af þessu tagi sé brýnust alls í þessu efni.

Rannsóknaraðstöðu alla þarf að stórbæta og að því mun unnið. Upplýsingaflæði þarf að auka mjög, svo og alla fræðslu tengda þessum sjúkdómi. Heilsugæslu okkar þarf að efla sem allra best til að takast á við þetta válega vandamál og virkja heilbrigðisstéttir okkar, svo og alla aðra, á þann veg að sem best takist að sporna hér á móti.

Huga þarf að heildarendurskoðun laga um bráða smitsjúkdóma og fella þau inn í heildstæða löggjöf í takt við nútímaviðhorf og aðstæður.

Allt þetta er unnt að gera þó að þetta frumvarp verði ekki samþykkt og í ljósi viðvarana í áliti samstarfsnefndarinnar treystir undirritaður sér ekki til að styðja frv. á þessu stigi málsins.

Alþingi, 5. des. 1985.

Helgi Seljan,
fundaskr.

Fylgiskjal.

Heilbrigðis- og trygginganefnd efri deildar Alþingis,
Davíð Aðalsteinsson formaður.

12. nóv. 1985

Samstarfsnefnd Landspítalans og Borgarspítalans um varnir gegn ónæmistæringu (alnæmi) hefur fjallað um erindi bréfs yðar, dags. 6. nóvember 1985, varðandi frumvarp um breytingu á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Í nefndinni eru eftirtaldir læknar: Björg Rafnar, sérfræðingur í veirufræði, Haraldur Briem, sérfræðingur í smitsjúkdómum, Helgi Valdimarsson, sérfræðingur í ónæmisfræði, Jóhannes Bergsveinsson, sérfræðingur í geðsjúkdómum, Kristján Erlendsson, sérfræðingur í ónæmisfræði, Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum, og Sigurður B. Þorsteinsson, sérfræðingur í smitsjúkdómum. Haraldur Briem mun skila séráliti en að öðru leyti eru allir nefndarmenn sammála um eftirfarandi.

Samstarfsnefndin varar eindregið við því að ónæmistæring verði á þessu stigi sett undir ákvæði umræddra laga án þess að þeim verði breytt að öðru leyti.

Þótt eðlilegt sé að skilgreina ónæmistæringu læknisfræðilega sem kynsjúkdóm vegna þess að smitun verður nær einvörðungu við kynmök eða blóðblöndun er þessi sýking að öðru leyti afgerandi frábrugðin þeim sem nú falla undir kynsjúkdómalögin. Aðrir kynsjúkdómar hafa venjulega í för með sér einkenni sem reka sjúklingana á fund lækna og þá er í langflestum tilfellum hægt að lækna þannig að sjúklingurinn og þeir, sem hann hefur

haft kynmök við, hætta að vera smitberar. Hins vegar eru 90% þeirra, sem smitast hafa af ónæmistæringarveirunni, einkennalausir og þessum sjúklingum stendur ekki til boða nein lækning sem kemur í veg fyrir að þeir smiti aðra.

Eins og málin standa í dag er erfitt að sjá hvernig ákvæði laga um kynsjúkdómavarnir geti stuðlað að takmörkun á útbreiðslu ónæmistæringar. Hins vegar eru verulegar líkur á því að þau geti fælt smitaða einstaklinga frá því að leita læknis. Í flestum tilvikum mun það verða ábyrgðartilfinning en ekki lagaákvæði sem mun ráða úrslitum um það hvort hlutaðeigandi gefa sig fram. Þó þyrftu að vera til lagaákvæði í þessu sambandi sem taka sérstaklega til þeirra er hafa takmarkaða dómgreind eða skerta ábyrgðartilfinningu vegna persónuleikagalla eða langvarandi neyslu vímuefna.

Eina raunhæfa aðgerðin á þessu stigi til að takmarka útbreiðslu veirunnar er að finna sem flesta þá einstaklinga, sem þegar hafa smitast, og hjálpa þeim með öllum tiltækum ráðum til að forðast að smita aðra. Skipulagðar aðgerðir í þessa átt hafa nýlega hafist hér á landi og er mikilvægt að tími gefist til þess að meta hvernig þær reynast. Einstaklingum, sem óttast að þeir hafi smitast, er gefinn kostur á upplýsingum og rannsókn og hefur verið mikil ásókn í þessa þjónustu. Það er eindregin skoðun þeirra, sem hafa annast þessa þjónustu, að það muni geta torveldað varnarráðstafanir gegn ónæmistæringu ef sjúkdómurinn verður á þessu stigi settur undir kynsjúkdómalögin eins og þau eru nú. Tæknileg atriði, eins og greiðslu á kostnaði vegna þessarar þjónustu og skráningu sýktra, ætti að vera auðvelt að leysa á annan hátt.

Samstarfsnefndin leggur til að lög um farsóttir og varnir gegn kynsjúkdómum verði endurskoðuð og m.a. rýmkuð þannig að heilbrigðisyfirvöld geti gripið til aðgerða með reglugerðarsetningu eftir því sem við á hverju sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. samstarfsnefndar Landspítala og
Borgarspítala um varnir gegn ónæmistæringu,

Helgi Valdimarsson.

Ed. 202. Frumvarp til laga [178. mál]

um breytingu á lögum nr. 71 1. júlí 1985, um breytingu á jarðræktarlögum nr. 79 29. maí 1972.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Við bráðabirgðaákvæði VI, **Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna**, í 1. gr. laganna bætist nýr liður svohjóðandi:

f. heygeymslur fyrir plastklædda rúllubagga 600 kr. pr. m^3

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur rutt sér til rúms sú heyskaparaðferð að binda hey með rúllubindivél og verja það með plastklæðningu.

Svo einkennilega hefur til tekist við afgreiðslu breytinga á jarðræktarlögum á s.l. vetri að byggingar, sem breyta þarf fyrir þessa heyverkunaraðferð, hafa gleymst og eru því ekki styrkhæfar eins og aðrar heygeymslur. Sú reynsla er þegar fengin að þetta sé ein öruggasta og fljótvirkasta heygeymsluaðferð sem völ er á eins og í ljós kom óþurrkasumrin á Suðurlandi 1984 og á Norðurlandi 1985.

Frumvarp þetta er flutt til að bæta hér úr.

Ed. 203. Tillaga til ályktunar [179. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka viðskipti Hafskips hf. og Útvegsbanka Íslands, öll viðskipti Hafskips við innlend og erlend fyrirtæki og viðskipti annarra skuldugra stórfyrirtækja við ríkisbankana þrjá.

Flm.: Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds, Helgi Seljan.

Efri deild Alþingis ályktar að kjósa sjö manna rannsóknarnefnd samkv. ákvæðum 39. gr. stjórnarskrárinnar.

Verkefni rannsóknarnefndarinnar séu:

1. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við Útvegsbanka Íslands á s.l. 10 árum, þar á meðal dagsetningar, upphæðir og veð lána og umfjöllun bankans um þau, eftirlit með rekstri og bókhaldi fyrirtækisins og sannleiksgildi þeirra skýrslna sem Hafskip hf. lét Útvegsbankanum í té.
2. Að rannsaka öll viðskipti Hafskips hf. við innlend og erlend fyrirtæki í því skyni meðal annars að sannreyna upplýsingar um að fjármunir hafi verið fluttir út úr fyrirtækinu og til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, kanna staðhæfingar um að blekkingum og fölsunum hafi verið beitt í bókhaldi Hafskips og kanna einnig öll önnur atriði sem snerta viðskipti og reikningshald Hafskips.
3. Að rannsaka öll afskipti ráðherra, alþingismanna og annarra forustumanna í stjórnmálum, svo sem fyrrum starfsmanna fulltrúaráða og formanna flokksfélaga og kjördæmissambanda, af málefnum Hafskips á liðnum árum í því skyni að leiða í ljós hvort sannar eru ásakanir um að fyrirtækið hafi á beinan eða óbeinan hátt notið velvildar og fyrirgreiðslu pólitískra áhrifaaðila.
4. Að rannsaka skuldastöðu helstu stórfyrirtækja sem meiri háttar lán hafa fengið frá ríkisbönkunum þremur og skal í þeirri athugun tekið mið af: a. sérstakri aukningu lána til einstakra fyrirtækja á s.l. tveimur árum og veðum þeirra lána; b. skuldastöðu þeirra 10 fyrirtækja sem skuldugust eru við hvern ríkisbankanna, alls 30 fyrirtæki; c. ábendingum frá bankaeftirlitinu um hvaða fyrirtæki beri að athuga sérstaklega.

Rannsóknarnefndin skal einnig kanna aðra þætti þessara mála eftir því sem henni þykir ástæða til og nauðsynlegt reynist.

Í samræmi við ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar skal rannsóknarnefndin hafa í störfum sínum fullan rétt til allra upplýsinga frá opinberum aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum eftir því sem nauðsynlegt reynist. Fundir rannsóknarnefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði.

Rannsóknarnefndin skal hafa heimild til að ráða í sína þjónustu sérfræðinga, svo sem lögfræðinga, rekstrarfræðinga og bókhaldsfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt reynist og skal kostnaður við störf nefndarinnar greiðast úr ríkissjóði.

Rannsóknarnefndin skal mánaðarlega skila Alþingi bráðabirgðaskýrslum um störf sín og lokaskýrslu eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá samþykkt þessarar ályktunar.

Kjósi neðri deild sams konar rannsóknarnefnd skulu nefndirnar vinna saman að athugun þessara mála.

Greinargerð.

Undanfarna daga og vikur hafa sífellt fleiri þættir Hafskipsmálsins svonefnda komið fram í dagsljósið. Hér er um að ræða stærsta gjaldþrotamál í sögu lýðveldisins. Útvegsbanki Íslands hefur tapað svo miklum fjármunum að eigandi bankans, almenningur í landinu, verður að leggja fram verulega fjármuni til styrktar bankanum. Jafnframt hafa birst í

fjölmiðlum frásagnir manna, sem gegnt hafa stjórnunarstörfum á vegum Hafskips, um að verulegt misferli hafi átt sér stað í rekstrinum, svo sem tilflutningur á fjármagni frá félaginu til annarra fyrirtækja í eigu stjórnenda Hafskips, falsanir á bókhaldi, lúxuseyðsla og ýmislegt annað sem er stórlega vítavert hjá fyrirtæki sem fengið hefur hundruð milljóna að láni frá banka í eigu þjóðarinnar. Vitað er að margir forustumenn Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi, í ríkisstjórn, í flokksfélögum, fulltrúaráðum og kjördæmasamböndum, hafa gegnt trúnaðar- og ábyrgðarstörfum á vegum Hafskips og vekur það margvíslegar spurningar um hugsanlega misnotkun á pólitískri aðstöðu. Einnig bendir margt til þess að mörg önnur fyrirtæki skuldi þeim þremur viðskiptabönkum, sem alfarið eru í eigu þjóðarinnar, verulegar fjárhæðir án þess að rekstur eða veðhæfi fyrirtækjanna séu örugg og gæti Hafskipsmálið því verið upphafið að fleiri hliðstæðum málum.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins telur nauðsynlegt að Alþingi noti ákvæði 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka alla þætti þessara mála og verði sú rannsókn með þeim hætti að allur almenningur geti fylgst með þeim upplýsingum og atriðum sem fram kunna að koma við athugun málsins. Hér er slíkt stórmál á ferðinni að trúnaður milli þings og þjóðar og traust almennings á meðferð opinberra fjármuna krefjast þess að málið verði rannsakað í botn á sýnilegan og sannanlegan hátt.

Nánari grein verður gerð fyrir þessari tillögu um kosningu rannsóknarnefndar í framsöguræðu.

Ed. 204. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Á fund nefndarinnar hafa verið kallaðir þeir sem mest hafa kynnt sér ónæmistæringu og haft veg og vanda af uppbyggingu varnarstarfs gegn þessum hættulega sjúkdómi.

Það ber að harma að samkomulag varðandi lagasetningu hefur ekki náðst. Hér er um að ræða sjúkdóm sem herjar mest á einstaklinga sem nú þegar eru í felum vegna kynhneigðar sinnar. Þar sem mikil hætta er á að skráning smitaðra einstaklinga eftir 4. gr. núgildandi laga um varnir gegn kynsjúkdómum geti haft það í för með sér að færri komi til rannsóknar mun undirrituð greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi. Alþingi ber skylda til að finna þær leiðir í svo viðkvæmu máli sem þessu sem stuðla að samvinnu í stað sundrungar hjá þeim sem eiga að vinna að því að hefta útbreiðslu ónæmistæringarveirunnar.

Í fylgiskjali með nefndaráliti þessu er grein eftir formann Samtakanna 78 þar sem hann varar sérstaklega við þessari lagasetningu.

Alþingi, 6. des. 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.

Fylgiskjal.

Ætla Íslendingar að gefast upp í baráttunni við ónæmistæringu?

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um varnir gegn kynsjúkdómum og felst hún í því að ónæmistæring bætist í þann flokk sjúkdóma sem lögin taka til. Í sjálfu sér

má það heita aukaatriði hvort sjúkdómur kallast kynsjúkdómur eða ekki enda ætti slík flokkun að sjálfsögðu að þjóna læknisfræðilegum tilgangi einum. En vegna þess að lög þessi fyrirskipa aðra meðferð á upplýsingum um sjúkdómsferil og sjúkling en þegar um aðra smitandi sjúkdóma er að ræða skiptir það meginmáli hvort ónæmistæring verður látin falla undir lögin *óbreytt* eða ekki.

Annars konar sjúkdómur.

Þegar maður smitast af einhverjum þeim sjúkdómi sem fellur nú undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum fer það saman að það er hagsmunamál hins sýkta að fá lækningu af sjúkdómnum sem fyrst og hagsmunamál annarra að hann hætti að vera smitandi. Þess vegna er það hverjum og einum hvatning að leita læknis ef minnsti grunur vaknar um smitun eða smithættu af kynsjúkdómi.

Smitun af ónæmistæringarveirunni hefur allt öðruvísi afleiðingar á heilsu manns en smitun af „gömlu" kynsjúkdómunum. Langsamlega flestir sem veiran hefur komist í eru heilir heilsu og kenna sér einskis meins. Þeir eiga þess vegna ekki það erindi til læknis að losna við líkamleg óþægindi eða önnur einkenni af völdum smits. Þeir eiga heldur ekki það erindi til læknis að smitinu verði útrýmt úr líkamanum því að til þess eru engin ráð kunn enn. Tilefni fyrir þann, sem verður ekki var neinna sjúkdómseinkenna, til að láta lækna ganga úr skugga um hvort veiran hefur komist í hann er þá annað en að leita lækningar. Það sem honum gæti þótt skynsamlegt tilefni er þá það að hann vill vita hvort hann gæti smitað aðra, hvort honum sé sérstaklega ráðlagt að fara vel með sig líkamlega og andlega svo að veiran nái síður að valda honum sjúkdómi og síðast en ekki síst hvort honum sé óhætt að anda léttar vegna þess að enn sem komið er hafi veiran ekki komist í hann.

Skráning smitaðra.

Lög um varnir gegn kynsjúkdómum gera lækni skylt að tilkynna landlæknisembættinu um nafn og fæðingarnúmer hvers þess sem smit greinist hjá og eftir samþykkt frumvarpsins mun það gilda um þá sem ónæmistæringarveiran finnst í, hvort sem þeir hafa veikst af sjúkdómnum eða ekki.

Nú er öllum kunnugt að ein tíðasta leið veirunnar frá manni til manns er kynmök milli karlmanna. Slík kynmök hafa verið gríðarlegt felumál í samfélagi okkar og það svo að margir telja þau tiltölulega sjaldgæf. Svo er þó alls ekki. Öllum er núorðið kunnugt um tilvist homma en þá hættir mönnum enn til að blekkjast með því að halda að kynmök milli karlmanna séu bundin við homma eina og telja jafnvel að nákvæm hundraðstala þeirra af heildarfjöldanum skipti máli varðandi útbreiðslu ónæmistæringarveirunnar. Hvort hommar eru 10, 15 eða 25% af karlmönnum skiptir þó engum sköpum því að kynhneigð og kynhegðun fara ekki nærri alltaf saman. Það sem skiptir máli er það að á Íslandi búa margir hommar sem njóta ásta með öðrum hommum í sambúð eða utan, hér búa margir hommar sem njóta ásta með konu sinni einni eða öðrum konum eða körlum jafnframt, hér búa margir karlmenn sem hneigjast jafnt til einstaklinga af hvoru kyni sem er og hér búa margir gagnkynhneigðir karlmenn sem hafa einhvern tíma meiri eða minni mök við karlmenn. Mestallt fer þetta kynlíf svo leynt að enginn veit um tilvist þess nema hlutaðeigendur sjálfir.

Settir í vanda.

Sú ráðabreytni að skylda lækna til að tilkynna landlæknisembættinu *hverjir það eru* sem ónæmistæringarveiran hefur komist í setur allan þennan fjölda manna í mikinn vanda. Langsamlega flestir hafa þeir haft það að leiðarljósi að enginn, sem þá þekkti, vissi um þennan þátt í lífi þeirra og oft líka að enginn, sem um hann vissi, þekkti þá að öðru leyti. Ef þeir vilja nú láta prófa hvort þeir hafa mótefni gegn veirunni standa þeir frammi fyrir því að

ef það finnst fara þeir á skrá sem haldin er hjá opinberu embætti. Þá mun ákaflega mörgum þykja það skynsamlegri kostur, úr því að enga meðferð er að sækja til læknis, að láta ógert að fara í prófun sem leiddi hvort sem er ekki til neins nema þá þess að nafn þeirra færi á skrá yfir menn sem hafa komist í snertingu við veiruna. Sjálfur getur maður farið vel með sig án sérstakrar hvatningar frá lækni og vegna þess að smithætta er gagnkvæm þarf maður hvort sem er að gæta þess að haga kynmökum sínum á „öruggan hátt". Það eina sem maður í þessari aðstöðu fer á mis við með því að fara ekki í prófun er léttirinn yfir því að vera smitlaus. En vitneskjan um smitleysi getur samkvæmt eðli málsins einungis átt við liðinn tíma svo að ekki virðist sérstaklega rík ástæða til þess að hætta miklu hennar vegna. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga ef skylt verður að skrá smitaða einstaklinga að ekki verði öll sund lokuð til þess að gangast undir ónæmistæringarpróf án þess að eiga skráningu á hættu. Íslendingar ættu þá að nýta sér að í flestum öðrum löndum hefur verið ákveðið að *skrá ekki* þá sem veiran finnst í. Auðvelt er fyrir þá sem vilja fara þannig að að afla sér upplýsinga um hvert ber að snúa sér.

Gagnsleysi og skaðsemi skráningar.

Þeir sem veikjast af ónæmistæringu munu að sjálfsögðu leita læknis vegna veikindanna og verða síðan undir læknishendi. Ekki verður séð að það þjóni neinum tilgangi að skrá þessa einstaklinga sérstaklega, um þá verður haldið nákvæmt bókhald eins og alla aðra sem þurfa á lækningu og sjúkrahúsvist að halda. Skráning þeirra sem hafa í sér ónæmistæringarveiruna mun því ekki afla neinnar aukinnar vitneskju nema um þá sem ekki hafa veikst þó að hún sé í þeim. Botninn fellur hins vegar úr slíku skrárhaldi ef einkennalausir menn koma ekki til skoðunar vegna þeirrar áhættu sem þeim finnst þeir taka varðandi skráninguna.

Miklu verri en gagnsleysið er skaðsemi skráningarinnar. Hún kann að valda því að fjöldi einkennalausra en smitaðra manna láti hjá líða að koma til rannsóknar. Þeir munu veðja á að allt fari vel þó að þeir kunni að vera smitaðir og telja fráleitt að bjóða nafn sitt fram á skrá yfir smitaða.

Skynsamlegar leiðir og óskynsamlegar.

Það hefur gleymst að gæta að hinum félagslega þætti í því viðfangsefni sem ónæmistæring er fyrir stjórnvöld. Það gengur ekki að horfa framhjá því að mjög margir af þeim, sem eru í mestri hættu að smitast af veirunni, *óttast það jafnvel meira en sjúkdóminn sjálfan* að kunnugt verði um kynhegðun þeirra.

Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að laða til samstarfs þá sem kunna að eiga smitun á hættu og þau verða að leggja sig óvenjulega mikið fram vegna þess að hér er um að ræða einstaklinga sem margir eru, af eðlilegum orsökum, afar tortryggnir gagnvart yfirvöldum. Yfirvöldin þurfa því að hamra á öllu því góða sem þau ætla að gera fyrir þá sem hér koma við sögu. Þau verða að vinna ötult fræðslu- og upplýsingastarf. Þau verða að tryggja þeim sem reynast smitaðir, áður en á reynir, fyllstu vernd svo að þeir njóti mannréttinda, svo sem varðandi húsnæði og atvinnu.

Læknar þeir, sem starfa að vörnum gegn ónæmistæringu, verða að fá að vera í aðstöðu til þess að heita hverjum, sem til þeirra leitar í því sambandi, algjörum trúnaði. Trúnaður milli lækna og þeirra, sem vilja sinna ónæmistæringarvörnum með því að koma til rannsóknar, verður að vera tryggur og gagnkvæmur og honum má ekki spilla með óskynsamlegum lagaákvæðum.

Ef úr verður að smitun af ónæmistæringarveiru falli undir lögin um varnir gegn kynsjúkdómum óbreytt verður Ísland eina landið í veröldinni þar sem skráning smitaðra verður með slíkum hætti sem þar er kveðið á um. Hvergi annars staðar hefur það hvarflað að heilbrigðisyfirvöldum að það væri ráð til þess að stemma stigu við útbreiðslu ónæmistæringar

að setja lög um skráningu nafna og um refsingar. Þvert á móti leggja þau áherslu á það að skráning komi ekki til greina, einmitt vegna þess að þau vita að annars yrði svo lítils árangurs að vænta.

Uppgjöf.

Sú afstaða stjórnvalda til baráttunnar gegn ónæmistæringu, sem birtist í frumvarpinu um að fella smit af henni undir kynsjúkdómalögin, felur í sér hreina uppgjöf. Stjórnvöld virðast reiðubúin til þess að fórna tækifærum sínum til þess að laða til samstarfs alla sem þau þurfa á að halda sem bandamönnum í því stríði. Og með því virðast þau sátt við að geta aldrei öðlast fulla yfirsýn yfir útbreiðslu smits á landinu. Þau ætla að gefa upp á bátinn það ætlunarverk að ná til allra smitaðra. Þau ætla að láta sér nægja að „halda utan um" þá sem á annað borð veikjast og þann hluta einkennalausra sem lætur skráningaratriðið ekki á sig fá.

Ávinningur af fyrirhugaðri lagabreytingu er enginn og er þó með henni fórnað öllum möguleikum til þess að vinna bug á útbreiðslu ónæmistæringar. Það sýnir ótrúlegan skort á því að menn skilji viðfangsefni það sem hér er að fást við ef menn telja það mikilvægara að eiga á blaði nöfn þeirra sem lúta í lægra haldi fyrir sjúkdómnum en að vinna bráðnauðsynlegt forvarnarstarf til þess að hefta útbreiðslu hans og kenna smituðum að lifa með honum svo að hann valdi þeim og öðrum sem minnstum skaða.

Guðni Baldursson.

Ed. 205. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

16. gr. laganna (1. gr. l. nr. 97/1980) orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á sex mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, hvort sem um er að ræða fólk í launuðum störfum á vinnumarkaði eða fólk í ólaunuðum störfum utan vinnumarkaðar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs telst fæðingarorlof hafið á fæðingardegi.

Fæðingarorlof föður má nema allt að tveimur mánuðum ef móðir óskar þess og skerðist þá orlof móður sem því nemur.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi skal hún tikynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 21 dags fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við full laun foreldris. Til fullra launa teljast dagvinnutekjur og meðaltal yfirvinnu eða álagstíma síðustu tólf mánuði. Fæðingarorlofsgreiðslur breytast í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma. Fæðingarorlofsgreiðslur skulu þó aldrei vera lægri en 24 655 kr. á mánuði miðað við 15. október 1985 og breytast skv. 9. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um a. m. k. tvo mánuði sé um að ræða tvíburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris. Fæðingarorlof framlengist um allt að 4 mánuði ef um er að ræða fæðingu fleiri en tveggja barna. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu þá mánuði sem bætast við á þennan hátt. Fæðingarorlofsgreiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr. þá mánuði sem orlofið framlengist um.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar sex mánuðum, þó aldrei lengri en samtals sjö mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg samkvæmt þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis, eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein skal fæðingarorlof aldrei vera minna en þrír mánuðir eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga sama rétt á fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns eða barna og aðrir foreldrar.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það sem hér greinir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður flutt á 106. og 107. löggjafarþingum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að koma til móts við breyttar þjóðfélagsaðstæður hér á landi og tryggja velferð barna og foreldra þeirra tímabilið eftir fæðingu barns.

Á undanförnum árum hefur íslenskt þjóðfélag tekið miklum stakkaskiptum. Þær breytingar hafa m. a. orðið á högum fólks hér á landi að það er nú fjárhagsleg nauðsyn fyrir fjölmörg heimili í landinu að hafa tvær fyrirvinnur. Á þetta ekki síst við um þá aldurshópa sem nú eru að koma sér upp húsnæði, hasla sér völl í atvinnulífinu og eignast börn.

Nauðsyn þess að hvert heimili hafi tvær fyrirvinnur sést m. a. á þeirri gífurlegu aukningu sem orðið hefur á atvinnuþátttöku kvenna undanfarin ár. Árið 1960 unnu um 29% kvenna utan heimilis, en árið 1982 voru yfir 80% kvenna útivinnandi. Það gefur auga leið að við slíkar aðstæður gefst konum lítið svigrúm til þess að sinna nauðsynlegri umönnun ungbarna. Heimilin bera það ekki fjárhagslega að önnur fyrirvinnan láti af launuðum störfum utan heimilis til þess að sinna því mikilvæga hlutverki að annast um barn á fyrsta æviskeiði þess. Enn fremur fer þeim heimilum sífellt fjölgandi þar sem fyrirvinnan er aðeins ein, en nú mun um áttunda hvert barn í landinu vera á framfæri einstæðrar móður.

Það ber því brýna nauðsyn til að við skipan fæðingarorlofsmála sé komið til móts við þessar breyttu þjóðfélagsaðstæður og fólki gert fjárhagslega kleift að eignast börn. Það verður ekki gert nema með því að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna, móður- og fjölskylduhlutverk þeirra annars vegar og nauðsynlega þátttöku þeirra í atvinnulífinu hins vegar. Auk þessa meginmarkmiðs er með frumvarpi þessu ítrekað

mikilvægi barnaumönnunar og móður- og föðurhlutverksins fyrir þá einstaklinga, sem í hlut eiga, og fyrir samfélagið sem heild.

Breytingar frá núverandi lögum skv. þessu frumvarpi eru eftirfarandi:

1. Gert er ráð fyrir lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex mánuði fyrir allar konur. Greiðsla fæðingarorlofs tryggir móður næði og öryggi til samskipta við barn sitt eftir fæðingu þess. Þó að sex mánaða gamalt barn sé enn háð uppalanda sínum og sé hvergi nærri sjálfbjarga er það þó mun þroskaðra til að takast á við umhverfið en þriggja mánaða gamalt barn. Jafnframt er móðurinni gefið tækifæri til að ná sér eftir áreynslu barnsburðarins og aðlagast þeirri gjörbreytingu sem hann veldur á högum hennar. Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós hve mikilvægt það er fyrir velferð og þroska barns að náið og traust samband myndist milli þess og móður þess eða nánasta uppalanda þegar á fyrsta æviskeiði. Gildi móðurmjólkur fyrir ungabörn er ótvírætt, bæði til næringar og verndar gegn sýkingum. Þó að allt sé betra en ekkert í þeim efnum hefur löngum verið miðað við a. m. k. sex mánuði sem æskilegan lágmarkstíma brjóstagjafar, en eftir þann tíma fer ónæmiskerfi barnsins að geta annað eigin vörnum. Jafnframt er brjóstagjöf mjög virk til að mynda sterk tilfinningatengsl milli móður og barns. Eins og nú er duga þriggja mánaða fæðingarorlof ekki til að uppfylla þessar lágmarkskröfur.

2. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlofsgreiðslur miðist við full laun foreldris þannig að foreldri verði ekki fyrir fjárhagslegu tapi vegna fæðingarorlofs svo sem nú er. Í fyrsta lagi er með þessu verið að viðurkenna að störf þau, er lúta að umönnun og uppeldi barna, eru engu síður þjóðhagslega mikilvæg en störf á hinum almenna vinnumarkaði og að foreldrahlutverkið er a. m. k. jafnmikils virði og fyrirvinnuhlutverkið í krónum talið. Í öðru lagi er hér um beint fjárhagsatriði að ræða fyrir konur sem annars lækka í launum við töku fæðingarorlofs og óvíst er að fjárhagur heimilanna geti borið. Sama gildir um feður sem í flestum tilfellum eru hærra launaðir en mæðurnar og mundu því velflestir lækka mikið í launum við töku fæðingarorlofs. Hér er því einnig um að ræða mikilvægan þátt þess að feður geti nýtt sér þessi réttindi og borið aukna ábyrgð á umönnun barna sinna. Þess skal getið að þessi skipan fæðingarorlofsmála, þ. e. að foreldrum séu tryggð óskert kjör á meðan á fæðingarorlofi stendur, hefur um árabil verið í gildi hjá opinberum starfsmönnum og hjá bankamönnum. Einnig hefur það lengi verið ein af kröfum Alþýðusambands Íslands að foreldri missi einskis í af launum sínum við töku fæðingarorlofs.

3. Gert er ráð fyrir að allar konur fái a. m. k. óskert lágmarksfæðingarorlof án tillits til atvinnuþátttöku. Hér með er afnumið það óréttlæti gagnvart heimavinnandi konum sem viðgengst skv. gildandi lögum og í verki viðurkennd réttarstaða heimavinnandi móður og gildi starfa hennar fyrir þjóðfélagið í heild. Tekið skal fram að með þessu er engan veginn verið að leggja endanlegt mat á störf heimavinnandi kvenna, slíkt starfsmat er ekki til og verður ekki hrist fram úr erminni. Með þessu móti er hins vegar tryggt að heimavinnandi njóti fullra fæðingarorlofsgreiðslna skv. viðmiðun laganna og er það eina færa leiðin til að tryggja fullan rétt heimavinnandi kvenna til fæðingarorlofsgreiðslna á meðan mat á störfum þeirra er ekki fyrir hendi. Heimavinnandi konur eru einu konurnar sem hækka beinlínis í launum við töku fæðingarorlofs og má það sanngjarnt teljast þar sem þær njóta allajafnan engra peningalauna fyrir störf sín.

4. Gert er ráð fyrir að breytingar á lágmarksfæðingarorlofi miðist við 9. fl. taxta Verkamannasambandsins í stað 8. fl. skv. núgildandi lögum, en í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins haustið 1982 var svo um samið að allir launamenn skyldu hækka um einn flokk 1. janúar 1983, þannig að þeir, sem tóku laun skv. 8. fl. VMSÍ, þegar lögin voru sett, taka nú laun skv. 9. fl. VMSÍ.

5. Gert er ráð fyrir að faðir eigi þess kost að taka fæðingarorlof í tvo mánuði með samþykki móður og skerðist þá orlof hennar sem því nemur. Það er ekki síður mikilvægt að

faðir hafi tök á að tengjast barni sínu sem nánast og sem fyrst, en til þess er sá eini mánuður, sem feður eiga nú rétt á skv. gildandi lögum, mjög naumur. Ekki er gert að skilyrði að hér sé um að ræða tvo síðustu mánuði fæðingarorlofs, heldur hljóti foreldrar að ráða tilhögun orlofstökunnar sjálf, án afskipta löggjafans.

6. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof lengist um a. m. k. tvo mánuði sé um tvíburafæðingu að ræða, og allt að fjórum mánuðum eignist kona fleiri en tvö börn. Hér er tekið tillit til þess að fjölburaforeldrar þurfa lengri tíma til þess að aðlagast breyttum aðstæðum en einburaforeldrar og að barnaumönnun er umfangsmeiri eftir því sem börnin eru fleiri.

7. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof verði aldrei skemmra en þrír mánuðir ef móðir lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs til varanlegrar dvalar á stofnunum. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát er jafna má til fæðingar, þar sem gera má ráð fyrir að sérhver kona þurfi a. m. k. þrjá mánuði til að jafna sig andlega og líkamlega eftir áreynslu barnsburðarins. Jafnframt er fellt niður ákvæði er varðar fæðingu andvana barns þar sem rétt þykir að kona sem fæðir andvana barn njóti sama réttar og kona sem missir barn sitt skömmu eftir fæðingu.

8. Gert er ráð fyrir að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar eigi sama rétt á fæðingarorlofi og aðrir foreldrar. Eðlilegt hlýtur að teljast að kjörforeldrar, uppeldis- eða fósturforeldrar njóti sama réttar og aðrir foreldrar í þessu sambandi þar sem tíma þarf til að aðlagast breyttum aðstæðum bæði fyrir foreldra og barnið.

Frumvarpið var fyrst flutt á 106. löggjafarþingi í öllum megindráttum samhljóða þessu frv. Var því frv. vísað til heilbrigðis- og tryggingánefndar efri deildar að lokinni fyrstu umræðu 8. febrúar sl., en fékkst ekki afgreitt úr nefndinni til annarrar umræðu og atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir 22. maí. Umsagnir meðmæltar frumvarpinu bárust m.a. frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum kvenna á vinnumarkaðinum, Stéttarsambandi bænda og Kvenfélagasambandi Íslands. Jafnframt beindi Félag einstæðra foreldra þeirri áskorun til Alþingis að veita frumvarpi þessu framgang. Frumvarpið var síðan endurflutt á 107. löggjafarþingi. Því var vísað til heilbrigðis- og tryggingánefndar efri deildar að lokinni fyrstu umræðu um það, 17. des. 1984, en fékkst ekki afgreitt úr nefndinni til annarrar umræðu og atkvæðagreiðslu fyrir þinglausnir 21. júní s.l. Í þetta skipti sendi nefndin málið hvorki út til umsagnar né sá hún ástæðu til að taka það fyrir oftar en þrisvar á þeim sex mánuðum sem frumvarpið var í vörslu hennar. Ekki dugði það heldur til að hreyfa málinu úr nefndinni að 18. apríl s.l. voru nefndinni afhentar 4200 undirskriftir frumvarpinu til stuðnings og áskorunum að afgreiða frumvarpið hið snarasta úr nefndinni. En allt kom fyrir ekki.

Það er þó ekkert efunarmál að mál þetta er brýnt réttlætismál fyrir alla foreldra hér á landi. Það er heldur ekkert efunarmál að eigi konur í raun og veru að hafa eitthvert val um það hvernig lífi þeirra og störfum er háttað er nauðsynlegt að samhæfa hin mismunandi og félagslega nauðsynlegu hlutverk kvenna. Í þessu frumvarpi er leitast við að samhæfa þátttöku og mikilvægi kvenna í atvinnulífinu annars vegar og hið mikilvæga móðurhlutverk hins vegar. Jafnframt er hér verið að treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkja hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði, tryggja velferð barna á fyrsta æviári þeirra og gefa feðrum kost á að taka aukinn þátt í umönnun barna sinna. Að síðustu er hér verið að viðurkenna almennt þjóðfélagslegt gildi móðurhlutverksins og þeirra starfa sem því fylgja þar sem hér er lagt til að allar fæðandi konur njóti óskertra fæðingarorlofsgreiðslna.

Í framsögu með þessu frumvarpi á síðasta löggjafarþingi var gerð grein fyrir kostnaði vegna þessa frumvarps og samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins hafa þær kostnaðaráætlanir staðist miðað við þróun fæðingarorlofsgreiðslna á þessu ári. Jafnframt er nú lagt fram fylgifrumvarp með þessu frumvarpi þar sem gert er ráð fyrir sérstakri tekjuöflun til fæðingarorlofsgreiðslna. Nánar verður gerð grein fyrir fjárhagsatriðum þessa máls í framsögu.

Ed. 206. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 103/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

20. gr. laganna (1. gr. l. 103/1980) orðist svo:

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekanda skal vera 3% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var áður flutt á 107. löggjafarþingi. Það gerir ráð fyrir 1%-hækkun á framlagi atvinnurekenda til lífeyristrygginga og er flutt til þess að afla tekna til aukinna fæðingarorlofsgreiðslna, sbr. frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1980, um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari beytingum. Á fjárlögum 1985 er gert ráð fyrir að lífeyristryggingagjald atvinnurekenda nemi 595 milljónum króna og miðað við þá upphæð er hér um að ræða nær 300 milljón króna tekjuaukningu ríkissjóðs. Nemur þessi tekjuaukning ríflega tveimur þriðja þess kostnaðar sem lenging fæðingarorlofs hefur í för með sér.

Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1986 er hagur atvinnurekstrar í landinu, að undanskildum sjávarútvegi, allgóður um þessar mundir. Á það einkum við um verslun, iðnað og ýmsar greinar þjónustu og munu þessar atvinnugreinar því auðveldlega geta borið þá gjaldaaukningu sem hér er lögð til.

Bætt aðstaða foreldra og ungbarna, sem lenging fæðingarorlofs felur í sér, skilar sér án nokkurs vafa í heilbrigðari einstaklingum. Á það jafnt við um börn sem í hlut eiga og um foreldra þeirra sem nú eru uppistaða vinnuafls í landinu. Öllum atvinnurekstri er hagur að því að fá til starfa heilbrigða einstaklinga og því er sjálfsagt að atvinnurekendur leggi nokkuð af mörkum til þess að svo megi vera.

Sþ. 207. Svar [154. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útgjöld vegna læknis- og lyfjakostnaðar.

Útgjöld sjúkratrygginga frá 1. janúar 1983 til 31. október 1985 vegna heimilislækninga, sérfræðiþjónustu, lyfjakostnaðar og tannlæknisþjónustu.

Í eftirfarandi fjórum töflum (I—IV) eru tilgreind útgjöld sjúkratrygginga vegna heimilislækninga, sérfræðiþjónustu, lyfjakostnaðar og tannlæknisþjónustu eftir mánuðum

tímabilið janúar 1983 til október 1985. Sýna töflurnar bæði raunverulegar fjárhæðir og fjárhæðir uppfærðar miðað við lánskjaravísitölu októbermánaðar 1985 til nánari samanburðar.

Almennar athugasemdir við töflur I—IV.

1. Hvers kyns breytingar, sem áhrif hafa á kostnað við læknishjálp, koma yfirleitt ekki fram fyrr en í tölum næsta mánaðar eftir breytinguna. Sams konar breytingar á lyfjakostnaði og kostnaði við tannlæknisþjónustu koma hins vegar fram að verulegu leyti strax.

2. Fjárhæðir janúar- og desembermánaða eru ekki samanburðarhæfar við fjárhæðir annarra mánaða. Byggist það á þeirri bókhaldsvenju Tryggingastofnunar ríkisins að færa greiðslur í janúarmánuði vegna þjónustu, sem veitt hefur verið fyrir áramót, yfir á kostnað desembermánaðar.

3. Fjárhæðir í október- og nóvembermánuði 1984 eru ekki samanburðarhæfar við fjárhæðir annarra mánaða vegna verkfalls opinberra starfsmanna innan BSRB í október 1984.

4. Þjónusta lækna og tannlækna, svo og lyfjaneysla, virðist ætíð dragast saman yfir sumarmánuðina.

TAFLA I:

Kostnaður við heimilislæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	1983			1984			1985		
	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85
JAN.	3058448	488	2.594 7934416	4308169	846	1.496 6446976	3882124	1006	1.258 4885456
FEB.	4022172	512	2.473 9945449	8001875	850	1.489 11918087	3710267	1050	1.206 4473522
MARS	4289000	537	2.358 10111497	4934947	854	1.482 7315741	4131951	1077	1.175 4857057
APRIL	4871037	569	2.225 10837843	4767436	865	1.464 6977542	3683485	1106	1.145 4216358
MAI	4703200	606	2.089 9825497	6182816	879	1.440 8904943	4040559	1119	1.131 4571356
JÚNI	5289619	656	1.930 10208320	4339528	885	1.431 6207732	6602261	1144	1.107 7306348
JÚLI	5308271	690	1.835 9739523	3483561	903	1.402 4883929	3991427	1178	1.075 4289598
ÁGÚST	5239276	727	1.741 9123691	3074698	910	1.391 4277547	8120653	1204	1.051 8538826
SEPT.	5444699	786	1.611 8769706	3599232	920	1.376 4952856	10363178	1239	1.022 10589010
OKT.	5182832	797	1.588 8232704	2146470	929	1.363 2925114	11179143	1266	1.000 11179143
NÓV.	5186030	821	1.542 7996972	5739867	938	1.350 7746985			
DES.	6939943	836	1.514 10509531	2853763	959	1.320 3767324			
Samtals	59534527		113235150	53432362		76324777	59705048		64906675

Skýringar:

Taflan innifelur bæði taxtagreiðslur til heimilis- og heilsugæslulækna og fastar mánaðargreiðslur til þeirra fyrrnefndu. Alls munu nú starfandi milli 105 og 110 heimilis- og heilsugæslulæknar. Kostnaður árið 1983 er tiltölulega mikill vegna þess hversu lítinn hluta sjúklingar greiddu þá. Í júní 1984 var hluti sjúklings hækkaður verulega og kemur það fram í greiðslum frá og með júlímánuði sama árs. Í júní 1985 má sjá hækkun vegna nýrra samninga við heimilislækna utan heilsugæslustöðva sem verkaði frá 1. janúar 1985 að hluta og var að mestu innheimt í júní 1985. Taxtagreiðslur hækkuðu ekkert frá desember 1984 til 31. júlí 1985 er gerðardómur gekk um þær sem olli margfaldri hækkun á hluta sjúkratryggingana, m.a. vegna þess að hluti sjúklinga í kostnaði við símaþjónustu lækna var þá alfarið færður yfir á sjúkratryggingarnar. Má sjá hækkunina í tölum frá og með septembermánuði 1985.

TAFLA II:

Kostnaður við sérfræðilæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	1983			1984			1985		
	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85
JAN.	628158	488	2.594 1629607	1058078	846	1.496 1583365	1058205	1006	1.258 1331697
FEB.	5637622	512	2.473 13939901	16618723	850	1.489 24752122	13243239	1050	1.206 15967562
MARS	8082182	537	2.358 19054083	12269215	854	1.482 18188321	15820282	1077	1.175 18596543
APRIL	8565709	569	2.225 19058326	13070869	865	1.464 19130312	14107330	1106	1.145 16148173
MAI	8641791	606	2.089 18053643	13568038	879	1.440 19541679	15255108	1119	1.131 17259130
JÚNÍ	7906304	656	1.930 15258203	13168288	885	1.431 18837348	16680620	1144	1.107 18459497
JÚLÍ	9732881	690	1.835 17857721	9341466	903	1.402 13096673	24942453	1178	1.075 26805726
ÁGÚST	8005944	727	1.741 13941575	8448432	910	1.391 11753533	22149075	1204	1.051 23289642
SEPT.	9259000	786	1.611 14913351	10035352	920	1.376 13809517	21717039	1239	1.022 22190292
OKT.	11993910	797	1.588 19051807	4276937	929	1.363 5828420	26437702	1266	1.000 26437702
NÓV.	11672054	821	1.542 17998563	15726226	938	1.350 21225375			
DES.	21617417	836	1.514 32736423	19308680	959	1.320 25489874			
Samtals	111742972		203493202	136890304		193236539	171411053		186485966

Skýringar:

Taflan innifelur greiðslur sjúkratrygginga sem færðar eru undir sérfræðilæknishjálp, þ.m.t. greiðslur til Hjartaverndar og rannsóknalækna en tveir þeirra síðar nefndu reka í raun blóð- og meinarannsóknadeildir tveggja af stærstu sjúkrahúsum landsins. Í allt eru sérfræðingar, sem fá greiðslur frá sjúkratryggingum, nú 279 talsins og hefur þeim fjölgað nokkuð að undanförnu. Mikill meiri hluti þeirra gegnir einnig föstu starfi á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum.

Hluti sjúklings í kostnaði við sérfræðilæknishjálp var tiltölulega lítill á árinu 1983 og skýrir það mikil útgjöld sjúkratrygginga það ár. Í júní 1984 var hluti sjúklings hins vegar hækkaður töluvert og má sjá áhrif þess á fjárhæðum frá og með júlímánuði 1984. Í desember 1984 var dregið nokkuð úr þátttöku sjúklinga með því að lækka hlutdeild elli- og örorkulífeyrisþega og breyta túlkun á því hvernig sjúklingar skyldu greiða við áframhaldandi komur til rannsókna og aðgerða. Má greina áhrif þessa á fjárhæðum frá og með febrúarmánuði 1985. Í maí 1985 var gengið frá nýjum samningi um sérfræðilæknishjálp sem fól í sér gildistöku nýrrar gjaldskrár afturvirkt frá áramótum. Er það m.a. skýringin á háum greiðslum í júlí og ágúst 1985. Greiðslur sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp hafa hins vegar aldrei verið eins háar og undanfarna mánuði. Virðist ljóst að um nokkuð aukna þjónustu hefur verið að ræða en jafnframt að einstakar sérfræðigreinar hafa borið mun meira úr býtum en til var ætlast við endurskoðun gjaldskrárinnar. Mál þetta hefur verið til umræðu hjá samninganefndum Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins á undanförnum vikum.

TAFLA III:

Lyfjakostnaður jan. 1983 — okt. 1985

	1983			1984			1985		
	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-visitala	kr. verðgildi október 85
JAN.	15977004	488	2.594 41448539	29747444	846	1.496 44515679	43025122	1006	1.258 54144935
FEB.	30638338	512	2.473 75758078	54102659	850	1.489 80581137	59819835	1050	1.206 72125630
MARS	35774849	537	2.358 84340705	47815181	854	1.482 70882926	59392621	1077	1.175 69815282
APRÍL	34760665	569	2.225 77340952	47097637	865	1.464 68931339	56688352	1106	1.145 64889199
MAÍ	36934600	606	2.089 77160402	59642714	879	1.440 85901793	59218361	1119	1.131 66997717
JÚNÍ	37658801	656	1.930 72676893	44287799	885	1.431 63354072	61323977	1144	1.107 67863772
JÚLÍ	50449050	690	1.835 92563040	39956171	903	1.402 56018286	63508212	1178	1.075 68252459
ÁGÚST	50955347	727	1.741 88733795	34906317	910	1.391 48561975	70306674	1204	1.051 73927117
SEPT.	57244870	786	1.611 92203569	39625112	920	1.376 54527600	65716560	1239	1.022 67148640
OKT.	46607733	797	1.588 74034366	41961191	929	1.363 57182850	80454994	1266	1.000 80454994
NÓV.	45704205	821	1.542 70476886	48852161	938	1.350 65934793			
DES.	60260831	836	1.514 91256235	55864545	959	1.320 73748190			
Samtals	502966293		937993461	543858931		770140640	619454708		685619743

Skýringar:

Taflan sýnir greiðslur sjúkratrygginga á lyfjum til lyfsala. Áhrifa hækkana á greiðslum almennings gætir greinilega í október 1983 og júní 1984. Að öðru leyti virðist kostnaður fylgja breytingum á lyfjaverðskrá.

TAFLA IV:

Kostnaður við tannlæknishjálp jan. 1983 — okt. 1985

	1983			1984			1985		
	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85	kr.	lánskjara-vísitala	kr. verðgildi október 85
JAN.	4635490	488	2.594 12025677	7315663	846	1.496 10947552	10041906	1006	1.258 12637230
FEB.	6875191	512	2.473 16999984	12137538	850	1.489 18077792	13566370	1050	1.206 16357166
MARS	9021365	537	2.358 21268246	11876477	854	1.482 17606112	15770427	1077	1.175 18537939
APRIL	7192430	569	2.225 16002841	11373791	865	1.464 16646496	13984603	1106	1.145 16007692
MAI	8371496	606	2.089 17488967	12774404	879	1.440 18398630	15869836	1119	1.131 17954613
JÚNÍ	9574576	656	1.930 18477764	10566930	885	1.431 15116083	14138887	1144	1.107 15646705
JÚLÍ	8120047	690	1.835 14898521	9393073	903	1.402 13169026	13985326	1178	1.075 15030070
ÁGÚST	7228685	727	1.741 12588054	8950751	910	1.391 12452363	13888478	1204	1.051 14603665
SEPT.	10361262	786	1.611 16688750	10149905	920	1.376 13967152	16369739	1239	1.022 16726465
OKT.	10510196	797	1.588 16694991	6346944	929	1.363 8649334	18470797	1266	1.000 18470797
NÓV.	12215346	821	1.542 18836331	17331321	938	1.350 23391740			
DES.	12819971	836	1.514 19413975	13253938	959	1.320 17496857			
Samtals	106926055		201384102	131470735		185919138	146086369		161972343

Skýringar:

Taflan sýnir kostnað sjúkratrygginganna við tannlæknisþjónustu sem innifelur bæði kostnað sjúkrasamalaga vegna tryggðra sjúklinga og kostnað sjúkratryggingadeildar vegna styrkja til ákveðinna tannaðgerða. Fjöldi tannlækna, sem starfa fyrir sjúkratryggingarnar að meira eða minna leyti, er nú 194. Greiðslur hafa verið tiltölulega jafnar þann tíma sem taflan nær yfir.

Þátttaka sjúklinga í heildargreiðslum læknis- og lyfjakostnaðar.

Nákvæmar tölur um þátttöku sjúklinga í lækn- og lyfjakostnaði liggja ekki fyrir hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þannig er t.d. engar upplýsingar að hafa þegar hluti sjúklings tæmir greiðslukröfu læknis eða lyfsala. Þátttaka sjúklings verður einungis áætluð á grundvelli sérstakra kannana og eru eftirfarandi upplýsingar byggðar á slíkum áætlunum:

Heimilislækningar.

Í byrjun árs 1984 var hluti sjúklings u.þ.b. 20% af heildarkostnaði en fór upp í u.þ.b. 70% við hækkun á hluta sjúklings í júní sama ár og hélst síðan í u.þ.b. 60% til júníloka 1985. Frá ágúst 1985 hefur hlutdeild sjúklings hins vegar minnkað niður í u.þ.b. 30% af heild vegna áhrifa gerðardóms frá 31. júlí s.l.

Sérfræðilæknishjálp.

Árið 1983 greiddu sjúklingar u.þ.b. 10% af heildarkostnaði, árið 1984 u.þ.b. 30% og í byrjun ársins 1985 var þátttaka sjúklinga komin niður í u.þ.b. 25% af heildarkostnaði.

Lyfjakostnaður.

Í apríl 1984 greiddu sjúklingar u.þ.b. 13% af heildarkostnaði, í nóvember sama ár var hluti sjúklings u.þ.b. 25% en var kominn niður í u.þ.b. 23% í febrúar 1985.

Hlutfallsleg lækkun lyfja- og lækniskostnaðar sjúklinga.

Í töflu V má sjá hluta sjúklings í lækn- og lyfjakostnaði á hverjum tíma sem hlutfall af grunnlífeyri annars vegar og tekjutryggingu hins vegar:

TAFLA V:

Sjúklingshluti í læknishjálp og lyfjum sem hlutfall af grunnlífeyri og tekjutryggingu eftir tímabilum.

Tímabil	Grunn-lífeyrir (G)	Tekju-trygg. (T)	Alm.læknishjálp - viðt. hl.sjúkl.			Sérfr.læknishj. hl.sjúkl. alm.			Sérfr.læknishj. hl.sjúkl. El/Ur			Lyf skv.skrá II hl.sjúkl. alm.			Lyf skv.skrá II hl.sjúkl. El/Ur		
	kr.	kr.	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T	kr.	% G	% T
01.01.83 - 28.02.83	2449	2863	12	.49	.42	50	2.04	1.75	25	1.02	.87	50	2.04	1.75	25	1.02	.87
01.03.83 - 31.05.83	2810	3285	15	.53	.46	64	2.28	1.95	32	1.14	.97	64	2.28	1.95	32	1.14	.97
01.06.83 - 30.09.83	3035	3712	15	.49	.40	64	2.11	1.72	32	1.05	.86	64	2.11	1.72	32	1.05	.86
01.10.83 - 29.02.84	3157	3861	25	.79	.65	100	3.17	2.59	50	1.58	1.30	100	3.17	2.59	50	1.58	1.30
01.03.84 - 31.05.84	3378	4728	25	.74	.53	100	2.96	2.12	50	1.48	1.06	100	2.96	2.12	50	1.48	1.06
01.06.84 - 31.08.84	3445	4823	75	2.18	1.56	270	7.84	5.60	135	3.92	2.80	240	6.97	4.98	120	3.48	2.49
01.09.84 - 31.10.84	3548	4957	75	2.11	1.51	270	7.61	5.45	135	3.80	2.72	240	6.76	4.84	120	3.38	2.42
01.11.84 - 30.11.84	4045	5663	75	1.85	1.32	270	6.67	4.77	135	3.34	2.38	240	5.93	4.24	120	2.97	2.12
01.12.84 - 31.12.84	4045	5663	75	1.85	1.32	270	6.67	4.77	100	2.47	1.77	240	5.93	4.24	100	2.47	1.77
01.01.85 - 28.02.85	4248	5946	75	1.77	1.26	270	6.36	4.54	100	2.35	1.68	240	5.65	4.04	100	2.35	1.68
01.03.85 - 30.04.85	4349	6088	75	1.72	1.23	270	6.21	4.43	100	2.30	1.64	240	5.52	3.94	100	2.30	1.64
01.05.85 - 30.06.85	4654	6819	75	1.61	1.10	270	5.80	3.96	100	2.15	1.47	240	5.16	3.52	100	2.15	1.47
01.07.85 - 31.07.85	5003	7331	75	1.50	1.02	270	5.40	3.68	100	2.00	1.36	240	4.80	3.27	100	2.00	1.36
01.08.85 - 30.09.85	5123	7506	75	1.46	1.00	270	5.27	3.60	100	1.95	1.33	240	4.68	3.20	100	1.95	1.33
01.10.85 - 14.10.85	5434	7962	75	1.38	.94	270	4.97	3.39	100	1.84	1.26	240	4.42	3.01	100	1.84	1.26
15.10.85 -	5514	8080	75	1.36	.93	270	4.90	3.34	100	1.81	1.24	240	4.35	2.97	100	1.81	1.24

Athugasemdir:

Frá 1. júní 1984 greiða elli- og örorkulífeyrisþegar aðeins fyrir sérfræðilæknishjálp fyrstu 12 skiptin árlega. Frá 1. desember 1984 greiða sjúklingar yfirleitt ekkert vegna rannsókna í framhaldi af fyrra viðtali hjá sérfræðingi, sbr. meðfylgjandi túlkun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á reglugerð nr. 436/1984 sem birtist hér með sem fylgiskjal ásamt reglugerðinni.

Fylgiskjal I.

Nr. 436 21. nóvember 1984

REGLUGERÐ

um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 75 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 110 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination), samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum, greiðir samlagsmaður fyrstu 120 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 240 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 50 og kr. 100 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgrein, fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D,R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðihjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 hverrar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 100 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúkling um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferðin er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 800 krónum, en síðari ferðir að frádregnum 400 krónum. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði samlagslækna.

Samlagsmenn skulu greiða 30 kr. fyrir óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis í hverri vitjun.

Greiðslur þessar dragast frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjanda hans þegar reikningur er greiddur til sjúkrasamlags.

Þetta snertir ekki greiðslur samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á númerasamningi.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. desember 1984. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 260 1984, reglugerð nr. 262/1984 og reglugerð nr. 281/1984, sbr. reglugerð nr. 88/1983.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Túlkun á reglugerð nr. 436/1984

Með reglugerð nr. 436/1984, sem gildi tók 1. des. 1984, urðu nokkrar breytingar á greiðslum sjúklinga fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa.

Nauðsynlegt hefur reynst að setja fram skýringar við þessa reglugerð þannig að hún yrði framkvæmd eins um land allt og hefur verið haft samráð við landlæknisembættið, Tryggingastofnun ríkisins og Læknafélag Íslands um það á hvern hátt reglugerðin verður framkvæmd.

1. Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Sjúkratryggðir greiða, eins og verið hefur, fyrstu 75 krónur fyrir hvert viðtal á lækningastofu og fyrstu 110 kr. fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings, að viðbættum 30 kr. fyrir ferðakostnað.

Þetta gjald er óbreytt frá því sem verið hefur.

2. Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

Samlagsmaður greiðir fyrstu 120 kr. af lyfjum í Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum en 240 kr. af lyfjum í Lyfjaverðskrá II.

Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 50 og 100 kr. fyrir hverja afgreiðslu lyfja svo sem til er vitnað hér að framan.

Með þessu ákvæði eru greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega lækkaðar frá því sem áður var en þá greiddu þeir helming.

3. Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu.

Samlagsmenn skulu greiða 270 kr. fyrir hverja komu til sérfræðings, fyrir hverja rannsókn á rannsóknastofu eða fyrir hverja röntgengreiningu. Þó má aldrei krefja sjúkling nema um eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

Samlagsmaður, sem fer til heimilislæknis og greiðir þar 75 kr., greiðir 195 kr. fyrir röntgenskoðun eða rannsókn sem gerð er í beinu framhaldi af og vegna þeirrar skoðunar sem um ræðir.

Fari sjúklingur í framhaldi af komu til sérfræðings í aðgerð og svæfingu greiðir hann engan hlut af aðgerðarkostnaði en greiðir fyrstu 270 kr. af þóknun svæfingalæknis. Sama máli gegnir ef sérfræðingur vísar til annars sérfræðings; þá greiðir sjúklingur að nýju 270 kr.

Fyrir þá sérfræðiþjónustu, sem hér um ræðir, greiða elli- og örorkulífeyrisþegar 100 kr. í hvert skipti, fyrstu 12 aðskilin skipti árlega, en eftir það ekkert.

Hér eru því greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega lækkaðar frá því sem áður var því að þá greiddu þeir helming kostnaðar.

Elli- og örorkulífeyrisþegar eiga því, eins og aðrir, að fá kvittun fyrir greiðslum sínum og ef þessir lífeyrisþegar leggja fram kvittanir fyrir 12 greiðslum fá þeir yfirlýsingu sjúkrasamlags um að þeir eigi ekki að greiða fyrir þessa þjónustu út það almanaksár.

4. Á rannsóknastofu eða röntgendeild þarf sjúklingur aldrei að greiða fyrir einnota vörur eða lyf; sá kostnaður er innifalinn í heildargjaldi.

5. Hjá heimilislækni og sérfræðingi þarf sjúklingur að greiða fyrir einnota vörur sem notaðar eru vegna sjúklings sjálfs og hann fer með burt með sér, svo sem lyf og umbúðir.

Sjúklingur á hins vegar ekki að greiða fyrir einnota vörur sem eru rekstrarvara, svo sem sprautur, nálar, hnífar, pinsettur, sloppar, lök, hlífðarskór og annað því um líkt.

6. Á reikningi læknis eða stofnunar, sem krefur samlag um fulla greiðslu, þarf að koma fram frá hvaða lækni eða stofnun sjúklingur kom.

7. Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnunin kynni almenningi þessar breyttu reglur og verður haft samráð við læknafélögin um form og fyrirkomulag þeirra tilkynninga sem eðlilegt er að settar verði upp á biðstofum lækna og stofnana.

Nd. 208. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Önnur setning 1. tl. 10. gr. hljóði svo:
Skal gjaldið nema 1 000 kr. á hvern gjaldanda 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá því að Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49/1981 til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hafa umsóknir um styrki úr sjóðnum numið upphæðum sem eru hærri en það fé, sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar.

Tekjur sjóðsins hafa einkum byggst á svonefndum „nefskatti" sem er á yfirstandandi ári 580 kr. á gjaldanda frá 16 ára aldri til 75 ára hafi þeir ákveðnar lágmarkstekjur.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins nemi 65 m. kr.

Að auki er gert ráð fyrir að 14 m. kr. verði til ráðstöfunar sem framlag ríkisins til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila á vegum sveitarfélaga.

Með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er á fé til bygginga húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hefur sjóðsstjórnin farið þess á leit að gjald á hvern gjaldanda verði 1 000 kr. fyrir árið 1986. Yrðu þá tekjur sjóðsins af því 100 m. kr. Full ástæða er til þess að verða við þessari beiðni um leið og bent er á að aðeins standa eftir tvö ár af greiðslum í sjóðinn því að samkvæmt laganna hljóðan falla lögin úr gildi í lok ársins 1987.

Ed. 209. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Fékk nefndin á sinn fund fulltrúa iðnaðarráðuneytisins, Rafmagnsveitna ríkisins, Landsvirkjunar og fyrrv. yfirverkfræðing Kröfluvirkjunar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt. Meiri hl. mun flytja brtt. á sérstöku þingskjali.

Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Stefán Benediktsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. des. 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Björn Dagbjartsson, frsm.
Davíð Aðalsteinsson.		Egill Jónsson.

Ed. 210. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar (ÞK, BD, EgJ, DA, KSG).

Við 2. gr. bætist: svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

Ed. 211. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26/1980 og 91/1984.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund formann og framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja. Mælir nefndin með að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Karl Steinar Guðnason, mun bera fram breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 6. des. 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Stefán Benediktsson.	Björn Dagbjartsson.	Egill Jónsson.
	Skúli Alexandersson, með fyrirvara.	

Ed. 212. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Við 3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja skal skipuð níu mönnum. Iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra skipa sameiginlega einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Keflavíkurbær skipar tvo fulltrúa í stjórnina og tvo til vara. Þau önnur sveitarfélög, sem aðilar eru að fyrirtækinu, skipa hvert einn fulltrúa í stjórnina og einn til vara. Fulltrúar sveitarfélaganna skulu skipaðir til fjögurra ára og hefst kjörtímabil þeirra 1. ágúst næstan eftir almennar sveitarstjórnarkosningar en lýkur 31. júlí fjórum árum síðar. Fulltrúi ríkissjóðs skal skipaður til eins árs í senn frá aðalfundi til aðalfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Við afgreiðslu mála skal að jafnaði viðhafa hlutfallslega atkvæðagreiðslu miðað við eignarhlutfall skv. 2. gr. enda komi fram ósk að minnsta kosti eins stjórnarmanns þar um og þarf þá 60% atkvæða til að mál teljist samþykkt. Undirskrift meiri hluta stjórnar bindur fyrirtækið.

Sþ. 213. Svar [146. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Sveins Jónssonar um rekstur Síldarverksmiðja ríkisins.

1. Starfræksla verksmiðja S.R. s.l. þrjú ár.

Á árinu 1982 var engin loðnumóttaka hjá verksmiðjum S.R. Loðnuvinnsla var samt sem áður í byrjun ársins í verksmiðjunum á Raufarhöfn og Seyðisfirði úr loðnu landaðri fyrir áramót 1982. Í bókhaldi verksmiðjanna eru afurðir úr þessari loðnu teknar með afurðum framleiddum 1981.

Eins og kunnugt er starfrækja S.R. verksmiðjur á sex stöðum á landinu, þ.e. Skagaströnd, Siglufirði, Húsavík, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Verksmiðjurnar á Skagaströnd og Húsavík eru eingöngu í beinavinnslu og í þessu svari er þeim sleppt til einföldunar. Það skal einnig tekið fram að dagafjöldi í loðnuvinnslu og í beinavinnslu er ekki sambærilegur þar sem loðnuvinnsla stendur yfir allan sólarhringinn en beinavinnsla aðeins á daginn og stundum hluta úr degi.

Á árinu 1982 voru vinnsludagar eftirfarandi: Reyðarfjörður 27 dagar í beinavinnslu, Seyðisfjörður 26 dagar í loðnuvinnslu í janúar. Raufarhöfn 6 dagar í loðnuvinnslu í janúar og 25 dagar í beinavinnslu. Siglufjörður 35 dagar í beinavinnslu.

Á árinu 1983 eru vinnsludagar eftirfarandi: Reyðarfjörður 9 dagar í loðnuvinnslu í desember og 7 dagar í beinavinnslu. Seyðisfjörður 24 dagar í loðnuvinnslu í nóvember og desember. Raufarhöfn 43 dagar í loðnuvinnslu í nóvember. Siglufjörður 30 dagar í loðnuvinnslu í nóvember—desember og beinavinnsla í 28 daga.

Á árinu 1984 eru vinnsludagar eftirfarandi: Reyðarfjörður með 87 daga í loðnuvinnslu, 26 daga í febrúar, 18 daga í mars og 43 daga í febrúar—mars og 42 daga í nóvember—desember. Á Raufarhöfn er 82 daga loðnuvinnsla, 29 daga í janúar—mars og 53 daga í október—desember og beinavinnsla í 14 daga á árinu. Siglufjörður er með 108 daga loðnuvinnslu, 37 daga í febrúar—mars og 71 dag í október—desember. Beinavinnsla í 16 daga á árinu.

2. Afkastageta verksmiðjanna í loðnu og móttaka á afla.

Afkastageta verksmiðjanna er sem hér segir í loðnuvinnslu á þessu tímabili:

Reyðarfjörður	4— 500 tonn á sólarhring.
Seyðisfjörður	8—1000 tonn á sólarhring.
Raufarhöfn	6— 800 tonn á sólarhring.
Siglufjörður	12—1400 tonn á sólarhring.

Móttaka á loðnu var eftirfarandi:

1982:	Engin móttaka.		
1983:	Reyðarfjörður	3 293	tonn
	Seyðisfjörður	12 052	—
	Raufarhöfn	24 666	—
	Siglufjörður	23 930	—
	Alls:	63 941	tonn
1984:	Reyðarfjörður	34 600	tonn
	Seyðisfjörður	67 002	—
	Raufarhöfn	44 109	—
	Siglufjörður	83 484	—
	Alls:	229 195	tonn

3. Afurðir verksmiðjanna og verðmæti.

Eins og áður sagði teljast afurðir verksmiðjanna, sem unnar eru úr lönduðu hráefni, til þess árs er hráefninu er landað. Afurðatekjur eru bókfærðar á því ári sem tekjurnar koma inn og vegna birgðastöðu um hver áramót verða tekjur ársins ekki alltaf í samræmi við framleiðslu sama árs:

Framleiðsla afurða var eftirfarandi:

1982:	Fiskmjöl:	Lýsi:
Siglufjörður	952 tonn.	189 tonn.
Raufarhöfn	304 —	25 —
Seyðisfjörður	—	—
Reyðarfjörður	146 —	—
Samtals:	1 402 tonn.	214 tonn.

1983:	Loðnumjöl:	Fiskmjöl:	Lýsi:
Siglufjörður	4 171 tonn.	906 tonn.	3 203 tonn.
Raufarhöfn	3 867 —	321 —	3 444 —
Seyðisfjörður	1 889 —	—	1 594 —
Reyðarfjörður	541 —	13 —	445 —
Alls:	10 460 tonn.	1 240 tonn.	8 686 tonn.

1984:	Loðnumjöl:	Fiskmjöl:	Lýsi:
Siglufjörður	13 048 tonn.	436 tonn.	10 386 tonn.
Raufarhöfn	7 048 —	287 —	6 075 —
Seyðisfjörður	11 278 —	—	8 221 —
Reyðarfjörður	5 662 —	8 —	3 024 —
Alls:	37 036 tonn.	731 tonn.	27 706 tonn.

Verðmæti afurða.

	1982 kr.	1983 kr.	1984 kr.
Siglufjörður	55 623 212	15 319 252	282 664 577
Raufarhöfn	25 076 960	30 374 841	180 197 554
Seyðisfjörður	19 770 435	16 288 676	167 531 456
Reyðarfjörður	7 686 380	200 805	92 360 281
Alls: Kr.	108 156 987	62 183 574	722 753 868

4. Endurbætur verksmiðjanna á s.l. árum:

Vegna loðnuveiðibanns á árinu 1982 voru endurbætur og viðhald verksmiðjanna í lágmarki en á árunum 1983 til ársins í ár voru helstu endurbætur þessar:

REYÐARFJÖRÐUR:

1983: Endurnýjuð mjöllyfta við kvarnir, þurrkofnar yfirfarnir. Byrjað að ryðverja nýju hráefnistankana.

1984: Smíðaðir og settir upp forsjóðarar sem nýta orku frá soðtækjum sem annars nýtast ekki í vinnslunni. Hráefnisinntaki verksmiðjunnar breytt vegna forsjóðaranna. Lagnir við soðtæki endurnýjuð og lögnum breytt þannig að betri afköst og orkunýting fáist.

1985: Löndunarvogir endurbyggðar með tölvubúnaði frá Pólnum á Ísafirði. Annar þurrkofn verksmiðjunnar endurbyggður. Keypt þurrlöndunardæla og settur upp búnaður fyrir löndun á bíla.

SEYÐISFJÖRÐUR:

1983: Löndunarvogir endurbyggðar með tölvubúnaði frá Pólnum á Ísafirði. Endurnýjað allt snigilflutningakerfi verksmiðjunnar með ryðfríum sniglum. Ný flutningadæla fyrir dælingu á hráefni úr tönkum í verksmiðju.

1984: Mjölskilvindur endurnýjaðar. Skrúfur í pressu endurbyggðar. Smíðaðir tveir mjölblöndunartankar fyrir 220 tonn af mjöli og húsakynnum breytt fyrir þá.

1985: Fengin ný þurrlöndunardæla og ytra löndunarsettið endurbyggt. Annar þurrkari verksmiðjunnar endurbyggður. Settur nýr botn í lýsistank.

RAUFARHÖFN:

1983: Löndunarvogir endurbyggðar með tölvubúnaði frá Pólnum á Ísafirði. Lagnir við soðtæki endurnýjuð og lögnum breytt þannig að betri afköst og orkunýting fáist. Byggt nýtt hús fyrir beinamóttöku og keypt ný hjólaskófla.

1984: Byggð undirstaða fyrir nýjan hráefnistank. Keypt og sett upp ný þriggja-fasa mjölskilvinda.

1985: Byggður nýr hráefnistankur. Keypt ný flutningsdæla fyrir loðnu úr hráefnistank í verksmiðju. Byggður grunnur fyrir nýtt verkstæðishús og starfsmannaaðstöðu.

SIGLUFJÖRÐUR:

1983: Löndunarvog flutt fram á bryggju og viðgerð á bryggju. Endakassar við þurrkara endurnýjaðir úr ryðfríu stáli. Smíðaðir tveir mjölblöndunartankar fyrir 220 tonn af mjöli.

1984: Keypt og sett upp ný þriggja-fasa mjölskilvinda, smíðaður og settur upp blóðvatnssjóðari fyrir hana. Sjóðari og pressa frá Skagaströnd sett upp. Sogblásarar og rykskiljur við þurrkara endurnýjuð úr ryðfríu stáli.

1985: Löndunarvogir endurbyggðar með tölvubúnaði frá Pólnum á Ísafirði. Byggt nýtt hús fyrir soðtæki, vinnslutank og hitara fyrir vinnsluvökva. Sjóðarar og soðtæki endurnýjuð, sett upp varmaendurvinnslutæki á reyk, svo og þvottur. Hannað og sett upp tölvustjórnkerfi fyrir verksmiðjuna.

Kostnaður við viðhald og endurbætur verksmiðjanna var eftirfarandi á árunum 1982—1984 (kostnaðartölur fyrir árið 1985 liggja enn ekki fyrir):

	1982: kr.	1983: kr.	1984: kr.
Siglufjörður	7 829 663	13 494 791	33 389 004
Raufarhöfn	3 645 535	7 109 934	8 152 550
Seyðisfjörður	3 043 658	6 456 982	18 082 551
Reyðarfjörður	619 949	877 848	7 919 485
Samtals:	15 147 805	27 939 555	67 543 590

5. Endurbætur sem áformaðar eru á næstu árum.

Á þessu ári var byggð ný soðeimingarstöð á Siglufirði sem nýtir orku frá reyk þurrkaranna. Einnig eru í eimingarstöðinni notaðir lífefnahvatar við eiminguna sem koma til með að spara talsverða orku. Við þessa framkvæmd hverfur reykurinn frá verksmiðjunni að mestu og loftmengun verður ekki umtalsverð. Sjóðarar í verksmiðjunni á Siglufirði voru einnig endurnýjaðir og nýta þeir orku frá soðeimingartækjum á sama hátt og sá búnaður gerir sem þegar var búið að setja upp í hinum þrem verksmiðjum S.R. Þessar framkvæmdir á Siglufirði spara mikla orku og gera afköst verksmiðjunnar jafnari.

Áformað er að byggja upp verksmiðjur S.R. á Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði á svipaðan hátt og gert hefur verið á Siglufirði. Stjórn S.R. hefur áform um að leggja aðaláherslu á framkvæmdir við verksmiðjuna á Seyðisfirði á næstu tveim árum og er undirbúningur að því verki þegar hafinn. Kostnaðaráætlun fyrir þá framkvæmd liggur ekki fyrir.

6. Starfsmannafjöldi og launagreiðslur.

Laun við framleiðslu mjöls og lýsis:

	1982: kr.	1983: kr.	1984: kr.
11. Rafveita Reyðarfjarðar	2,1	5,9	2,81
12. Rafveita Siglufjarðar	8,1	22,5	2,79
13. Rafveita Borgarness	7,8	20,4	2,63
14. Rafmagnsveita Reykjavíkur	409,5	1.010,4	2,47
15. Rafveita Vestmannaeyja	26,9	64,2	2,38
16. Rafveita Akureyrar	45,8	107,2	2,34
17. Rafveita Akraness	30,8	69,3	2,25

(1) Sala til búrekstar (skv. marktaxta) er ekki talin með að neinu leyti.
Tölur fyrir Reyðarfjörð eru áætlaðar.
Tölur fyrir Hitaveitu Suðurnesja eru fundnar með því að leggja saman tölur fyrir þær sex rafveitur sem voru á Suðurnesjum til 01.10.1985.
Tilhögun reikningsútskriftar getur valdið minni háttar frávikum í samanburði milli veitna.

Heimildir:
Söluskýrslur rafveitna fyrir árið 1984.
Gjaldskrár rafveitna 01.10.1985.

Fylgiskjal 11.

Frumvarp til laga

um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

1. gr.

Þann 1. janúar 1986 yfirtekur ríkissjóður áhvílandi lán Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða eins og þau þá verða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 120/1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt nefndaráliti, dags. 02.12. 1985, er lagt til að Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða verði bættur tekjumissir vegna afnáms verðjöfnunargjalds með þessum hætti. Rök eru að því leidd í nefndarálitinu, að skylda ríkissjóðs í þessu efni sé ótvíræð.

Hér er um að ræða lán að fjárhæð 2 975 millj. kr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 816 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða, hvorutveggja á verðlagi 1. nóvember 1985.

Um 2. gr.

Nauðsyn ber til, að lögin taki gildi 1. janúar 1986, enda falla gildandi lög um verðjöfnunargjald af raforkusölu úr gildi 31.12.1985.

Ed. 217. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981, um iðnráðgjafa.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 86 31. desember 1981 voru sett sérstök lög um iðnráðgjafa. Samkvæmt lögunum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlög vegna launakostnaðar iðnráðgjafa er samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög ráða til starfa. Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði samtaka sveitarfélaga eða miðað við kjördæmi. Samkvæmt 5. gr. laganna er gildistími laganna til 31. desember 1985.

Iðnaðarráðherra skipaði með bréfi, dags. 6. nóvember 1984, eftirtalda þrjá menn í nefnd til að endurskoða lög um iðnráðgjafa:

Gunnar Guttormsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu (formaður), Theodór Blöndal, tæknifræðing, og Sigurð Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóra.

Álit nefndarinnar, sem dagsett er í Reykjavík 16. júlí 1985, er fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eins og fram kemur í nefndarálitinu er þar lagt til að lögin verði framlengd og að samhliða því verði lögfestar nokkrar breytingar á lögunum, m. a. um auknar heimildir til að greiða skrifstofu- og ferðakostnað iðnráðgjafa. Ekki náðist samstaða nú um þær breytingar sem nefndin lagði til og settar eru fram í frumvarpi því til laga um iðnráðgjafa sem nefndin hefur samið og er fylgiskjal nr. II með nefndarálitinu. Með hliðsjón af þessu og til þess að fjalla megi betur um framtíðartilhögun iðnráðgjafar í landshlutunum er lagt til að gildistími laganna verði nú framlengdur um eitt ár, þ. e. til ársloka 1986. Stefnt er að því að frumvarp um framtíðarskipan iðnráðgjafar í landshlutunum verði lagt fyrir Alþingi í október 1986.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að gildistími laga nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, sem samkvæmt ákvæðum þeirra falla úr gildi 31. desember 1985, verði framlengdur um eitt ár, þ. e. til 31. desember 1986.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal: Nefndarálit og tillögur til iðnaðarráðuneytisins um endurskoðun laga um iðnráðgjafa, dags. 16. júlí 1985.

Fylgiskjal.

ENDURSKOÐUN LAGA UM IÐNRÁÐGJAFA

Nefndarálit og tillögur til iðnaðarráðuneytisins.

Nefnd um endurskoðun laga um iðnráðgjafa

Hr. iðnaðarráðherra
Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. júlí 1985.

Nefnd sú er skipuð var með bréfi ráðuneytisins, 6. nóvember 1984, til að endurskoða lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa, hefur lokið störfum. Fylgir álit nefndarinnar hér með.

Nefndin hefur orðið sammála um tillögur til breytinga á lögunum. Með áliti nefndarinnar fylgja drög að frumvarpi til laga um iðnráðgjafa þar sem breytingartillögur nefndarinnar hafa verið felldar að texta gildandi laga.

Nefndin hefur haldið 10 reglulega fundi, auk viðræðufunda sem einstakir nefndarmenn hafa í umboði nefndarinnar átt við aðila er málið varðar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson Theodór Blöndal
Gunnar Guttormsson (form.)

1. NIÐURSTÖÐUR

1.1 Helstu forsendur og ályktanir

Starfsemi iðnráðgjafa, skv. núgildandi lögum, hefur ótvírætt sannað gildi sitt.

- Með nýjum lögum þarf að rýmka heimildir ríkisins til að styrkja starfsemina. Mikilvægt er að iðnráðgjafastarfsemin verði áfram rekin að frumkvæði og með fjárhagslegum stuðningi aðila í héraði.
- Telja verður þá þróun æskilega að iðnþróunarfélög taki í auknum mæli við ráðgjafaþjónustunni af landshlutasamtökum sveitarfélaga.
- Gengið er út frá óbreyttum markmiðum varðandi iðnráðgjafaþjónustuna, þ. e. að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði þar sem meginhersla verði lögð á upplýsingaþjónustu við smærri fyrirtæki, greiningu á vandamálum þeirra og ráðgjöf varðandi viðeigandi sérfræðiaðstoð.
- Stuðningur ríkisins þjóni áfram þeim tilgangi að gera ráðningaraðilum kleift að hafa fastráðna iðnráðgjafa í þjónustu sinni og að jafna aðstöðumun milli landshluta varðandi ráðgjafarþjónustuna.
- Gera verður ráð fyrir að iðnráðgjöfum fjölgi eitthvað frá því sem nú er. Í svipinn telur nefndin að þörfin sé ekki brýn nema á Norðurlandi.
- Tryggja þarf sem best samræmi í ákvörðunum og aðgerðum varðandi stuðning ríkisins við iðnráðgjafarþjónustu, tæknistofnanir og aðrar stofnanir sem hafa hlutverki að gegna í atvinnuþróun.
- Nefndin telur eðlilegt, að auk endurskoðaðrar löggjafar um iðnráðgjafastarfsemina verði sett reglugerð þar sem kveðið verði nánar á um einstaka þætti varðandi framkvæmd laganna.

1.2 Tillögur um lagabreytingar

Nefndin leggur til að auk núverandi heimildar til greiðslu á kostnaði við starfsemina verði ríkinu heimilað að taka þátt í kostnaði við:

a) skrifstofuhald
b) ferðir innan starfssvæðis
c) ferðir frá starfsstöð til höfuðborgarsvæðisins.

Í samræmi við þetta leggur nefndin til að lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa verði framlengd ótímabundið með eftirfarandi breytingum:

a. Við 2. mgr. 1. gr. bætist svofelld setning:
„auk þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði, skv. mati og nánari ákvörðun ráðuneytis."

b. 3. gr. breytist og orðist þannig:
„Hlutverk iðnráðgjafa er að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði. Meginhersla skal lögð á almenna ráðgjöf og upplýsingaþjónustu er örvað geti nýsköpun í iðnaði og stofnun arðbærra fyrirtækja. Iðnráðgjafar skulu eftir föngum veita aðstoð við greiningu á vandamálum fyrirtækja og leggja á ráðin um viðeigandi sérfræðiaðstoð."

c. Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi svofelld setning:
„Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna."

d. 5. grein orðist þannig:
„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986."

Framangreindar breytingartillögur hefur nefndin fellt að núgildandi lagatexta, og leggur á fylgiskjali II fram tillögu að nýju frumvarpi til laga um iðnráðgjafa.

2. GREINARGERÐ

2.1 Almennt

Nefndin telur að þegar á heildina er litið hafi jákvæð reynsla fengist af störfum iðnráðgjafa, skv. núgildandi lögum. Hún telur því ekki nauðsynlegt að gerðar verði miklar breytingar á lögunum.

Meginbreytingin á lögunum, sem nefndin gerir tillögu um, miðar að því að renna styrkari stoðum undir starfsemina og jafna aðstöðumun milli starfssvæðanna.

Til að koma til móts við óskir ráðningaraðila er lagt til, að auk núverandi framlags taki ríkið þátt í kostnaði við lágmarksskrifstofuaðstöðu við starfsemina — þar sem slík þjónusta er veitt — svo og ferðakostnaði að vissu marki.

Stuðningur ríkisins skv. núgildandi lögum hefur reynst mikilvægur við að koma starfseminni af stað, en framlagið hefur einungis hrokkið til að greiða laun iðnráðgjafanna. Ráðningaraðilar telja að kostnaður þeirra af starfsemi eins iðnráðgjafa sé ámóta hér og framlag ríkisins.

Með það sjónarmið í huga að ríkisstuðningur vegna starfsemi iðnráðgjafa eigi fyrst og fremst að vera „hjálp til sjálfshjálpar", gerir nefndin ekki tillögu um að heimildir varðandi fjölda iðnráðgjafa verði rýmkaðar frá því sem nú er.

2.2 Aukinn stuðningur — Kostnaðaráhrif

Nefndin leggur til að stuðningur ríkisins vegna eins ráðgjafa á hverju starfssvæði verði það hár að hann geti, auk launakostnaðar, staðið undir helstu rekstrarþáttum sem leiðir af starfi ráðgjafans.

Þjónusta iðnráðgjafa er ekki sambærileg við þjónustu tæknistofnana að því er varðar möguleika til sjálfstæðrar tekjuöflunar. Ekki er gert ráð fyrir að iðnráðgjafinn taki að sér tímafrek verkefni fyrir einstök fyrirtæki. Aðstoð hans við fyrirtæki á starfssvæðinu er fyrst og fremst fólgin í stuttum heimsóknum og símasambandi. Um tekjur af útseldri vinnu er því ekki að ræða.

Með tilliti til framangreinds má færa rök fyrir því að aukinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins við starfsemina, að því marki sem hér er lagt til, eigi að geta tryggt meiri og virkari tengsl ráðgjafans við þá aðila sem á þjónustunni þurfa að halda. Þegar á heildina er litið ætti þannig að fást betri nýting á starfskröftum ráðgjafans.

Hér verður stuttlega vikið að helstu rekstrarþáttum sem aukinn stuðningur ríkisins þyrfti að taka til (verðlag í mars 1985).

a) Skrifstofuhald:

Lagt er til að stuðningur vegna lágmarksskrifstofuaðstöðu taki til allra starfssvæða sem veita slíka þjónustu. Gera má ráð fyrir að kostnaður við þennan þátt nemi um 30% af núverandi framlagi vegna hvers iðnráðgjafa, eða um 1.1 mkr. á ári miðað við 7 starfssvæði.

b) Ferðakostnaður innan starfssvæðis:

Þessi kostnaður er í flestum tilvikum verulegur. Því telur nefndin rétt að ríkið taki þátt í þessum kostnaði á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Áætlað er að þessi kostnaður verði svipaður og kostnaður við a-lið, þ. e. um 1.1 mkr. á ári.

c) Ferðakostnaður frá starfsstöð til höfuðborgarsvæðis:
Þessi kostnaður er mismunandi eftir starfssvæðum. Lagt er til að ríkið taki þátt í þessum kostnaði á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Áætlað er að þátttaka ríkisins í þessum kostnaði nemi 200—300 þús. kr. á ári.

Gengið er út frá því að kostnaður við framangreinda þrjá liði yrði greiddur samkvæmt mati og nánari ákvörðun iðnaðarráðuneytis.

Samanlagður kostnaðarauki við þessa liði myndi þannig þýða að heildarframlag ríkisins til iðnráðgjafaþjónustunnar hækkaði um 2.5 mkr. á ári miðað við heimildir skv. núgildandi lögum.

Nefndin gengur út frá því að hækkun á framlagi ríkisins leiði ekki til þess að framlag ráðningaraðila til starfseminnar minnki.

2.3 Heimild til að setja reglugerð

Nefndin telur rétt að í lögunum sé heimild til að setja reglugerð um framkvæmd einstakra atriða varðandi starfsemi iðnráðgjafa. Meðal atriða sem þar gætu átt heima eru:

1. Leiðbeiningar varðandi ráðningu iðnráðgjafa
Hér yrðu skýrgreindir þættir sem snerta framkvæmd 1. mgr. 1. gr. laganna og hafa þarf í huga þegar iðnráðgjafi er ráðinn til starfa. Til álita koma atriði eins og:

- kröfur til starfshæfni (æskileg menntun/starfsreynsla),
- gerð ráðningarsamnings milli iðnráðgjafa og ráðningaraðila,
- ráðningarskilmálar (helstu atriði varðandi réttindi og skyldur ráðgjafans. — Dæmi: Trúnaður varðandi upplýsingar, að ráðgjafa sé óheimilt að sitja í stjórnum fyrirtækja o. s. frv.),
- hvernig auglýsa skuli starfið.

2. Reglur varðandi útreikninga á framlagi ríkisins
Hér yrði gerð grein fyrir þeim meginreglum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi ráðuneytis á framlagi til ráðningaraðila iðnráðgjafa, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. laganna. Einnig yrði kveðið á um tilhögun þessara greiðslna til ráðningaraðila og Iðntæknistofnunar vegna kostnaðar við samhæfingu á starfseminni.

3. Verkefni og starfshættir iðnráðgjafa
Í samræmi við þá tillögu nefndarinnar að ákvæði 3. gr. laganna um verkefni iðnráðgjafa verði gerð almennari kemur til álita að kveðið verði nánar á um verkefnasvið ráðgjafanna í reglugerð. Einnig kemur til álita að í reglugerð verði ákvæði um ýmis grundvallaratriði varðandi starfshætti iðnráðgjafanna og samskipti þeirra við þiggjendur þjónustunnar.

4. Yfirstjórn og samræming á starfseminni
Til álita kemur að kveða nánar á um verkaskiptingu milli Iðnaðarráðuneytis sem fer með yfirstjórn ráðgjafastarfseminnar og Iðntæknistofnunar sem samkv. 4. gr. laganna annast samræmingu á starfseminni.

Með erindisbréfi, dags. 19. mars 1984, fól Iðnaðarráðuneytið Iðntæknistofnun að annast samræmingu á störfum iðnráðgjafa. Nefndin telur skynsamlegt að ýmis þau atriði sem tilgreind eru í þessu bréfi verði sett í reglugerð. Sama á við um tengsl starfseminnar við stofnanir sem fjalla um atvinnuþróun.

Við samningu reglugerðarinnar þarf að hafa náið samráð við alla aðila sem tengjast framkvæmd laganna.

2.4 Gildistími laganna

Núgildandi lög um iðnráðgjafa hafa fastan gildistíma, þ. e. til 31. desember 1985. Með vísun til þeirrar jákvæðu reynslu, sem nú liggur fyrir af starfseminni, telur nefndin ekki ástæðu til að í endurskoðaðri löggjöf verði kveðið á um sérstakan gildistíma. Alþingi getur að sjálfsögðu hvenær sem er breytt lögunum til samræmis við breyttar aðstæður eða forsendur. Með endurskoðun á reglugerð, ef sett yrði, geta stjórnvöld líka komið fram vissum breytingum innan þess ramma sem lögin marka.

3. YFIRLIT UM STÖRF NEFNDARINNAR

Nefnd til að endurskoða lög um iðnráðgjafa var skipuð með bréfi Iðnaðarráðuneytisins hinn 6. nóvember 1984 (sjá fskj. I). Nefndin tók þegar til starfa og hefur haldið 10 fundi. Í upphafi var rætt við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga, iðnráðgjafana og forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands. Tilgangurinn var að kynna verkefni nefndarinnar þeim sem sterkast eru tengdir framkvæmd laganna og heyra viðhorf þeirra varðandi reynslu af iðnráðgjafastarfseminni.

Í framhaldi af þessum viðræðum sendi nefndin ýmsum aðilum bréf þar sem óskað var eftir ábendingum varðandi einstök efnisatriði laganna og hugsanlegar breytingar.

Eftirtaldir aðilar sendu svör við fyrirspurnum nefndarinnar: Iðnþróunarfélag Suðurnesja; Fjórðungssamband Norðlendinga, iðnráðgjafi Norðurlands, Friðfinnur K. Daníelsson; iðnráðgjafi Suðurlands, Þorsteinn Garðarsson; Iðnþróunarfélag Austurlands; Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi; Alþýðusamband Íslands; Iðntæknistofnun Íslands; Landssamband iðnaðarmanna; Samtök sunnlenskra sveitarfélaga; Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar og Fjórðungssamband Vestfirðinga. — Vill nefndin þakka fyrir svörin og þær ábendingar sem þar komu fram.

Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti til iðnaðarráðherra í byrjun marsmánaðar s. l. Í framhaldi af viðbrögðum við hugmyndum, sem þar voru settar fram, skilar nefndin nú lokaniðurstöðu.

4. NOKKRAR ÁBENDINGAR

Auk framangreindra tillagna varðandi lög um iðnráðgjafa og hugsanleg reglugerðarákvæði vill nefndin vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

- Í skýrslunni „Iðnráðgjöf í landshlutunum“ (Skýrsla SIL til Iðnaðarráðuneytisins, sept. 1984) er að finna margvíslegar upplýsingar um iðnráðgjafastarfsemina. Einnig er þar vikið að nauðsyn endurskoðunar á lögunum og ýmsar ábendingar og tillögur settar fram. Skal hér sérstaklega bent á kafla 2.2 og kafla 6 í þessari skýrslu.
- Störf iðnráðgjafa eru umfangsmikil og það því fremur sem þau hvíla alls staðar á einum manni. Þetta á ekki síst við á stærstu starfssvæðunum. — Reynslan sýnir að iðnráðgjafar eru eftirsóttir til annarra starfa í atvinnulífinu og mannaskipti hafa því verið nokkuð tíð. Þetta er öðrum þræði jákvætt, en hefur vissulega skapað nokkurn vanda fyrir ráðningaraðila og starfsemina í heild. Til að sem minnst röskun verði á starfseminni þegar ráðgjafi hættir störfum, telur nefndin því skipta miklu máli að sá sem við starfinu tekur eigi þess kost að starfa um tíma með þeim sem lætur af starfi.
- Góð starfsaðstaða, menntunarmöguleikar og launakjör, sambærileg við það sem gerist í hliðstæðum störfum á almennum vinnumarkaði, eru þættir sem stuðlað geta að því að gera iðnráðgjafastarfið eftirsótt og draga úr óeðlilega tíðum mannaskiptum.
- Á vettvangi norrænnar samvinnu er nú, með þátttöku Iðnaðarráðuneytisins, unnið að því að koma á samstarfi milli iðnráðgjafa á Norðurlöndum. Hér er um tilraunaverkefni að

ræða, sem stutt er af Norræna iðnaðarsjóðnum. Þeir möguleikar, sem með þessu verkefni gætu opnast fyrir iðnráðgjafa til þess að skiptast á reynslu við ráðgjafa annars staðar á Norðurlöndum, eru að mati nefndarinnar mjög áhugaverðir. Verkefnið getur einnig opnað möguleika fyrir iðnráðgjafa hér til að taka þar þátt í námskeiðum í ráðgjafartækni, heimsækja fyrirtæki, sækja áhugaverðar sýningar o. þ. h. — Sótt hefur verið um styrk til Norrænu embættismannanefndarinnar í byggðamálum til að auðvelda iðnráðgjöfum hér að hagnýta sér þessa möguleika.

Fylgiskjal I.

Hr. deildarstjóri
Gunnar Guttormsson
Eskihlíð 12
105 REYKJAVÍK

6. nóvember 1984

Iðnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 86/1981 um iðnráðgjafa.

Hér með eruð þér, hr. deildarstjóri, skipaður í framangreinda nefnd, og jafnframt falið að gegna þar formennsku.

Aðrir nefndarmenn eru: Theodór Blöndal, tæknifræðingur, Botnahlíð 19, Seyðisfirði. Sigurður Guðmundsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, Vatnaseli 3, Rvík.

Lög um iðnráðgjafa gilda til 31. desember 1985. Stefnt er að því að leggja endurskoðað lagafrumvarp fram á Alþingi, fyrir þinglok vorið 1985. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum fyrir 1. febrúar 1985 og skila til ráðuneytisins tillögum og greinargerð um hugsanlegar lagabreytingar. Æskilegt er að nefndin skili drögum að frumvarpi til laga um iðnráðgjafa.

Auk tillagna um efnislegar breytingar á lögunum er þess vænst að nefndin setji fram hugmyndir um atriði sem horft gætu til bóta varðandi framkvæmd laganna og kynnu að eiga heima í reglugerð ef sett yrði.

Ætlast er til þess að nefndin kynni sér, eftir því sem við verður komið, sjónarmið þeirra aðila, sem eiga að njóta iðnráðgjafastarfseminnar, og hafi hliðsjón þar af við tillögugerð sína. Sama máli gegnir um aðila, er komið hafa við sögu varðandi framkvæmd laganna. Í þessu sambandi er sérstaklega vakin athygli á tillögum, ábendingum og upplýsingum sem fram koma í skýrslu Samstarfsnefndar um iðnráðgjöf (SIL), „Iðnráðgjöf í landshlutunum“ frá september 1984.

Þegar nefndin hefur lokið störfum verður þóknun fyrir störf hennar ákveðin af „þóknananefnd“ fjármálaráðuneytisins.

Sverrir Hermannsson.
Árni Þ. Árnason.

Fylgiskjal II.

Drög

Frumvarp til laga

um iðnráðgjafa.*)

1. gr.

Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt að greiða úr ríkissjóði framlag vegna starfa þeirra, svo og kostnað við samræmingu, sbr. 4. gr.

Framlagið miðist við launakostnað vegna starfa eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka eða miðað við kjördæmi, **auk þátttöku í skrifstofu- og ferðakostnaði, skv. mati og nánari ákvörðun ráðuneytis.**

2. gr.

Iðnþróunarfélag, skv. lögum þessum, merkir félag er hefur landshluta eða kjördæmi sem starfssvæði og sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklingar geta átt aðild að, enda hafi félagið það markmið að efla iðnþróun á starfssvæði sínu.

3. gr.

Hlutverk iðnráðgjafa er að stuðla að atvinnuþróun á viðkomandi starfssvæði. Meginhersla skal lögð á almenna ráðgjöf og upplýsingaþjónustu er örvað geti nýsköpun í iðnaði og stofnun arðbærra fyrirtækja. Iðnráðgjafar skulu eftir föngum veita aðstoð við greiningu á vandamálum fyrirtækja og leggja á ráðin um viðeigandi sérfræðiaðstoð.

4. gr.

Iðnaðarráðuneytið sér um framkvæmd þessara laga. **Heimilt er að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.**

Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd, undir forustu Iðntæknistofnunar, með hliðsjón af stefnumörkun um iðnþróun og þeim aðgerðum sem unnið er að á hverjum tíma.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi lög um iðnráðgjafa nr. 86 1981.

*) Breytingartillögur frá gildandi lögum eru undirstrikaðar.

Ed. 218. Frumvarp til laga [186. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Síðasti málsliður 10. mgr. 16. greinar orðist svo:
Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalist hjá barni sínu þann mánuð.

2. gr.

11. mgr. 16. greinar orðist svo:
Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. og 7. mgr. þann tíma, sem nauðsyn krefur, allt að einum mánuði, til viðbótar rétti skv. öðrum ákvæðum greinar þessarar. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda um fæðingar frá 1. janúar 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 98 1. júní 1984 var fæðingarorlof lengt, þegar um fleirburafæðingu er að ræða, um einn mánuð fyrir hvert barn umfram eitt, ef fleiri fæðast í einu.

Samtímis þessari breytingu hefði þurft að laga orðalag í niðurlagi 10. mgr. 16. greinar laga um almannatryggingar, þar sem rætt er um „hinn fjórða mánuð", svo sem hér er lagt til að gert verði.

Þá hefði enn fremur þurft að breyta orðalagi 11. mgr. 16. greinar og fella burtu tilvísunina til fjögurra mánaða sem að sjálfsögðu stóðst ekki eftir gildistöku laga nr. 98 1984.

Með þessu frv. er það eitt lagt til, að fyrrgreindar leiðréttingar verði gerðar á 10. og 11. mgr. 16. greinar laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Ed. 219. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhea),
klamydíusýkingar (sýkingar af völdum Chlamydia trachomatis),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum,

granuloma inguinale,
smitun af HTLV3 veiru.

Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 220. Breytingartillögur [84. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsl. 6. tölul. 1. mgr. orðist svo: Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skip, sem fullnægja þjóðernisskilyrðum 1. mgr. 1. gr. eða skráð hafa verið samkvæmt 2. mgr. 1. gr., teljast íslensk skip og hafa rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands. Óheimilt er þeim að sigla undir þjóðfána annars ríkis.
3. Við 5. gr. Í stað orðsins „eignarrétt“ í 1. málsl. 2. mgr. komi: einkarétt.
4. Við 6. gr. Síðasta mgr. falli brott.
5. Við 10. gr. Orðin „sbr. 22. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 63 29. mars 1961“ í fyrri mgr. falli brott.
6. Við 13. gr. Á eftir orðunum „staðfest endurrit“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. komi: eða ljósrit.

Ed. 221. Nefndarálit [84. mál]

um frumvarp til laga um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mæltu þessi samtök öll með samþykkt frumvarpsins. Enn fremur kom á fund nefndarinnar Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem samgönguráðherra er veitt heimild til að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar. Eftirlit íslenskra stjórnvalda með skipum í eigu erlendra aðila, sem gerð eru út hér á landi með íslenskri áhöfn, er nú nánast ekkert þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga um eftirlit með skipum.

Nefndin flytur á sérstöku þskj. nokkrar brtt. sem allar eru um orðalagsatriði og snerta ekki meginstefnu frumvarpsins. Með þeim breytingum leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. des. 1985.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Valdimar Indriðason.	

Ed. 222. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Krófluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á sölu mannvirkja Krófluvirkjunar til Landsvirkjunar en virkjunin hefur undanfarin ár verið rekin af Rafmagnsveitum ríkisins (RARIK). Fulltrúar Landsvirkjunar, RARIK og iðnaðarráðuneytis komu á fundi nefndarinnar og veittu upplýsingar.

Spurt var í nefndinni:

Í fyrsta lagi hvort RARIK hafi óskað eftir því að Landsvirkjun yfirtæki Krófluvirkjun. Svarið var að RARIK hefði ekki óskað eftir þessu.

Í öðru lagi var spurt hvort Landsvirkjun hefði óskað eftir því að yfirtaka Krófluvirkjun. Svarið var aftur neitandi.

Í þriðja lagi var spurt hvort Reykjavíkurborg hefði óskað eftir að Landsvirkjun yfirtæki Krófluvirkjun. Svarið var enn neikvætt.

Það liggur því ljóst fyrir að eini aðilinn, sem óskaði eftir breytingu á eignayfirráðum Krófluvirkjunar, er ríkið og forráðamenn þess sem hafa ákveðið að taka á ríkissjóð stóran hluta af lánum Krófluvirkjunar og selja virkjunina á verði sem er bersýnilega langt undir sannvirði — án þess að aðrir óskuðu eftir þessari yfirtöku.

Á nefndarfundi upplýsti Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Krófluvirkjunar, að hámarksafl annarrar vélar virkjunarinnar væri 35 mw. Því er unnt að reka þá vél með 30 mw. að jafnaði þannig að vélin dugi til spennujöfnunar og til að auka stöðugleika kerfisins. Með 30 mw. framleiðslu er fullkomlega raunhæft að önnur vélin skili 200—220 gwst. afköstum á ári. Tvær vélar gætu þá skilað yfir 400 gwst. þegar nægrar orku hefði verið aflað en til þess þyrfti væntanlega að bora 11—12 holur til viðbótar.

Þess vegna var um það spurt hvert yrði útreiknað kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með 170 gwst. orkusölu frá annarri vél Kröflu þegar frá næstu áramótum (framleiðslugeta vélarinnar gæti orðið 200—220 gwst.). Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis reiknaði út að þessi eina breyting mundi hækka kaupverðið um 165 millj. kr. Í útreikningum á söluverði virkjunarinnar er hins vegar aðeins reiknað með 125 gwst. orkusölu frá Kröflu næstu tvö árin, 130—160 gwst. á árunum 1988—1991 og aldrei meiri orkusölu en 170 gwst. allt til ársins 2010.

Spurt var að því hvort eitthvert tillit hefði verið tekið til þess við ákvörðun kaupverðs að seinni vélin fylgir með í kaupunum og er mikils virði sem slík, auk þeirra möguleika á fullnýtingu mannvirkja sem hún býður upp á. Þessu var svarað neitandi.

Spurt var hvort ekki væri orkumarkaður hjá RARIK fyrir alla þá orku sem Kröfluvirkjun gæti framleitt og var því svarað játandi.

Spurt var hvert yrði kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með fullri nýtingu fyrri vélar nú þegar og seinni vélar 1989. Þetta dæmi virðist ekki hafa verið reiknað út við samningsgerð og var vísað til óvissu um orkuöflun.

Miðað við að hver ný borhola kosti 40 millj. kr., holurnar yrðu 12 og tengikostnaður væri áætlaður 30 millj. kr. og þessi viðbótarorka kæmi í gagnið í þremur áföngum á árunum 1988—1990 taldi ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis að kaupverð Kröfluvirkjunar, reiknað á hliðstæðan hátt að öðru leyti eins og gert er í frumvarpinu, mundi teljast 388 millj. kr. hærra. Ljóst er að enn aukin nýting á orkugetu virkjunarinnar til viðbótar við þetta, sbr. það sem áður er sagt, mundi hækka útreiknað kaupverð virkjunarinnar enn frekar.

Í ljósi þessara upplýsinga virðist ljóst að útreikningur á kaupverði virkjunarinnar er mjög umdeilanlegur. Óvissan um orkuöflun á Kröflusvæðinu er látin ráða því að virkjunin er verðlögð langt undir sannvirði. Þar sem ekkert kallar á yfirtöku Landsvirkjunar á Kröflu bendir flest til þess að réttara væri að bíða með þessa skipulagsbreytingu í orkukerfinu.

Að þessu athuguðu treystir minni hl. nefndarinnar sér ekki til þess að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Ragnar Arnalds sat tvo fundi nefndarinnar í forföllum mínum þar sem mál þetta var til umfjöllunar.

Alþingi, 9. des. 1985.

Skúli Alexandersson.

Sþ. 223. Tillaga til þingsályktunar [187. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Páll Pétursson, Ingvar Gíslason, Stefán Valgeirsson,
Haraldur Ólafsson, Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur Bjarnason,
Jón Kristjánsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að lýsa þeirri skoðun sinni að Ísland eigi að leitast við að ná samstöðu með öðrum ríkjum Norðurlanda um „frystingu“ á framleiðslu kjarnavopna og bann við tilraunum með kjarnavopn. Ísland skal hafa frumkvæði um tillöguflutning á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um þau mál á grundvelli ályktunar Alþingis 23. maí 1985.

Greinargerð.

Í ályktun Alþingis um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum, sem samþykkt var einróma 23. maí 1985, segir m.a.:

„Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið."

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er til umfjöllunar tillaga um „frystingu" kjarnorkuvígbúnaðar, flutt af Mexíkó, Svíþjóð og fleiri ríkjum. Afstaða Íslands var sú að sitja hjá, en þeirri afstöðu viljum við breyta. Þess er rétt að geta að Norðmenn höfðu sömu skoðun en hafa nú breytt afstöðu sinni og styðja tillöguna.

Flutningsmenn telja eðlilegt að Íslendingar hafi frumkvæði að sameiginlegri stefnumótun Norðurlanda.

Fylgiskjal I.

ÞINGSÁLYKTUN UM STEFNU ÍSLENDINGA Í AFVOPNUNARMÁLUM

(Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.)

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Fylgiskjal II.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR
ALLSHERJARÞINGIÐ
FYRSTA NEFND

5. nóvember 1985.

Endurskoðun og framkvæmd á efni lokaskjals tólfta auka-allsherjarþingsins.

FRAMKVÆMD SAMÞYKKTAR ALLSHERJARÞINGSINS NR. 39/63C UM FRYSTINGU KJARNAVOPNA

Ályktunartillaga frá Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú.

Frysting kjarnavopna.

Allsherjarþingið,

minnugt þess að í lokaskjali 10. auka-allsherjarþingsins, fyrsta auka-allsherjarþings um afvopnunarmál, sem samþykkt var 1978 og staðfest á ný samhljóða og eindregið á tólfta auka-allsherjarþinginu, öðru auka-allsherjarþinginu helguðu afvopnun, lét allsherjarþingið í ljós þungar áhyggjur vegna þeirrar ógnunar sem tilvist mannkyns stafar af kjarnavopnum og áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaupi,

minnugt þess einnig að þingið, við umrædd tækifæri, vakti athygli á að núverandi birgðir kjarnavopna væru meira en nægilegar til að útrýma lífi á jörð og lagði áherslu á að mannkyn ætti því um tvo kosti að velja: að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa sér að afvopnun eða horfast í augu við gereyðingu,

með tilliti til að lýst var yfir á sjöundu ráðstefnu þjóðhöfðingja eða forsætisráðherra óháðra ríkja, sem haldin var í Nýju-Delhi í mars 1983, og á áttundu ráðstefnu utanríkisráðherra óháðra ríkja, sem haldin var í Lúanda, Alþýðulýðveldinu Angóla, í september 1985, að endurnýjuð stigmögnun kapphlaupsins á sviði kjarnorkuvígbúnaðar hvað varðar magn og tæknilega fullkomnun vopna, svo og að traust á kenningum um fælingarmátt kjarnavopna, hafi aukið hættuna á að kjarnorkustríð brjótist út og hafi leitt til frekara öryggisleysis og óstöðugleika í alþjóðamálum,

hafandi hugfast að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar sex aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna frá fimm heimsálfum hvöttu kjarnorkuveldin í sameiginlegri yfirlýsingu 22. maí 1984 til þess „sem nauðsynlegs fyrsta áfanga, að stöðva með öllu tilraunir, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra“ og að í Delhi-yfirlýsingunni frá 28. janúar 1985 ítrekuðu þeir: „Það skiptir nú sköpum að kjarnorkuvopnakapphlaupið verði stöðvað. Með því einu er hægt að tryggja að kjarnavopnabirgðir vaxi ekki á meðan samningaviðræður standa yfir“,

í þeirri trú að brýna þörf beri til að koma í veg fyrir hvers kyns frekari aukningu hinna ógnvænlegu kjarnavopnabirgða kjarnorkuveldanna tveggja sem þegar hafa yfir að ráða óumdeilanlegri endurgjaldsgetu og geigvænlegum umframeyðingarmætti,

fagnandi viðræðum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um margvísleg úrlausnarefni er varða himingeiminn og kjarnavopn — langdræg og meðaldræg — þar sem þessi málefni öll eru til meðferðar og úrlausnar með tilliti til hvernig þau tengjast innbyrðis,

með hliðsjón af því að frysting kjarnavopna, þótt hún sé ekki lokatakmark í sjálfu sér, mundi marka árangursríkasta frumskrefið til að koma í veg fyrir áframhaldandi fjölgun og tæknilega þróun núverandi gerða kjarnavopna meðan samningaviðræður standa yfir,

fyllilega sannfært um að aðstæður nú séu hinar ákjósanlegustu fyrir slíka frystingu þar eð Sovétríkin og Bandaríkin búa nú yfir jafnmiklum hernaðarmætti á sviði kjarnorku og augljóst virðist að í heild sé nokkurn veginn jöfnuður með þeim,

vitandi það að notkun þeirra aðferða við könnun, sannprófun og eftirlit, sem þegar hefur verið fallist á í nokkrum fyrri tilvikum, mundi nægja til að veita sanngjarna tryggingu fyrir trúverðugum efndum skuldbindinga sem frysting felur í sér,

sannfært um að það yrði öllum öðrum ríkjum, er ráða yfir kjarnavopnum, í hag að fylgja fordæmi tveggja mestu kjarnorkuveldanna:

1. *hvetur enn einu sinni* Sovétríkin og Bandaríkin, sem tvö fremstu kjarnorkuveldin, til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða sem sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem verða mundi fyrsta skref í átt til allsherjaráætlunar um afvopnun er að formi og umfangi yrði sem hér greinir:
   (a) hún mundi fela í sér:
      (i) allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra,
      (ii) algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,
      (iii) bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,
      (iv) algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi;
   (b) hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum, svo sem þeim er þegar hefur orðið samkomulag um í SALT I og SALT II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum um þríhliðasamningana, sem haldnar eru í Genf, um allsherjarbann við tilraunum;
   (c) hún yrði í fyrstu miðuð við fimm ára tímabil, með fyrirvara um framlengingu eftir að önnur kjarnavopnaríki gerast þátttakendur í slíkri frystingu, eins og allsherjarþingið hvetur þau til;
2. *óskar eftir* því við fyrrnefndu tvö mestu kjarnavopnaveldin að þau leggi fram sameiginlega skýrslu eða tvær aðskildar skýrslur til allsherjarþingsins, áður en fertugasta og fyrsta þing þess hefst, um framkvæmd þessarar ályktunar;
3. *ákveður* að setja á dagskrá fertugasta og fyrsta þingsins dagskrárlið er beri heitið: „Framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins nr. 40/... um frystingu kjarnavopna."

Sþ. 224. Tillaga til þingsályktunar [188. mál]

um frystingu kjarnorkuvopna.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að Sovétríkin og Bandaríkin lýsi yfir tafarlausri frystingu kjarnorkuvopna, annaðhvort með samtíma, einhliða yfirlýsingum eða með sameiginlegri yfirlýsingu. Slík yfirlýsing yrði fyrsta skref í átt að yfirgripsmikilli afvopnunaráætlun sem felur í sér:

1. Allsherjarbann við tilraunum með, framleiðslu á og uppsetningu kjarnorkuvopna og skotbúnaðar þeirra. Enn fremur algjöra stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna til vopnanotkunar.
2. Frystingu sem er háð öllum þeim aðferðum til sönnunar og eftirlits sem þegar hafa verið samþykktar af málsaðilum í SALT I og SALT II samningunum, auk þeirra aðferða sem þeir hafa samþykkt í grundvallaratriðum í þríhliða undirbúningsviðræðum í Genf um algjört bann við kjarnorkuvopnatilraunum.
3. Frystingu sem gildir í fimm ár til að byrja með en gæti orðið lengri ef önnur kjarnorkuveldi slást í hópinn eins og vonir standa til.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 106. og 107. löggjafarþingi og er nú endurflutt.

Augu æ fleiri stjórnmálamanna eru að opnast fyrir þeirri staðreynd að kjarnorkuvopn eru ekki nothæf til að ná skynsamlegum pólitískum markmiðum né heldur er hægt að nota slík vopn til að öðlast hernaðarlega yfirburði vegna þess að ekki er hægt að nýta þau til hernaðarsigurs.

Eðli vopnanna og gjöreyðingarmáttur er slíkur að ekki er hægt að beita þeirri hernaðarlist og hugsunarhætti sem þróast hefur um hefðbundin vopn. Veröld okkar stendur því á barmi hyldýpis þar sem mannkynið býr nú yfir tækniþekkingu til að tortíma sjálfu sér. Kjarnorkustyrjöld mundi deyða hundruð milljóna manna á augabragði. Heimsmenningin yrði lögð í rúst og framtíð þeirra, sem kynnu að lifa af, væri ótrygg ef nokkur. Eyðileggingarmáttur þeirra vopnabirgða, sem Bandaríkin og Sovétríkin eiga nú, er langtum meiri en mögulegur fjöldi skotmarka beggja aðila. Því er það blekking að fleiri kjarnorkuvopn, af hvaða gerð sem er, gefi nokkra hernaðarlega eða pólitíska yfirburði.

Í þessu efni eru hagsmunir og velferð Íslands og alls heimsins sameiginleg, þ.e. að kjarnorkuvopnum verði aldrei beitt. Jafnframt er það skylda Íslands eins og allra annarra þjóða að leggja sitt af mörkum til að tryggja lausn þessa ógnarlega vanda. Vert er að geta þess að á þessu hausti hafa öll Norðurlöndin önnur en Ísland séð sér fært að styðja efnislega samhljóða tillögu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna sem flutt er af Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú.

Þessi tillaga miðar að því að hindra frekari vopnasöfnun. Mikilvægt er að Alþingi fjalli um þessa þingsályktunartillögu áður en efnislega svipuð tillaga verður borin upp til atkvæða á þingi Sameinuðu þjóðanna sem nú stendur yfir.

Sþ. 225. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um afstöðu Íslands til stöðvunar kjarnorkuvígbúnaðar.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi lýsir yfir stuðningi við ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó og fleiri ríkja á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna („frystingu") og felur ríkisstjórninni að styðja þá tillögu á allsherjarþinginu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þegar gert.

Greinargerð.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa tillögur með áskorun á risaveldin, Sovétríkin og Bandaríkin, um að stöðva kjarnorkuvígbúnað, svonefnd frysting kjarnavopna, verið bornar fram og samþykktar nokkur undanfarin ár.

Sú tillaga, sem mest fylgi hefur hlotið um þetta efni, hefur verið borin fram af Mexíkó, Svíþjóð og nokkrum fleiri ríkjum. Hlaut hún 129 atkvæði á allsherjarþinginu í fyrra, 12 ríki, aðallega vestræn stórveldi, greiddu atkvæði gegn tillögunni en 8 ríki sátu þá hjá, þar á meðal Noregur og Ísland. Aðrar Norðurlandaþjóðir, Danir, Svíar og Finnar, greiddu tillögunni atkvæði.

Við atkvæðagreiðslu í 1. nefnd allsherjarþingsins 20. nóvember s.l. gerðust þau tíðindi að allar Norðurlandaþjóðirnar greiddu atkvæði með tillögunni *nema Íslendingar* sem sátu hjá ásamt 5 öðrum ríkjum.

Þetta gerist eftir að Alþingi samþykkti hinn 23. maí s.l. ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum þar sem m.a. kemur fram eindreginn stuðningur við stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja einboðið að Ísland eigi að greiða atkvæði með ályktunartillögu Svíþjóðar, Mexíkó o.fl. (L.18) á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þegar hún kemur til atkvæða á allsherjarþinginu nú í desember og brýnt að Alþingi lýsi vilja sínum í því efni.

Gera má ráð fyrir að hliðstæð tillaga og L.18 verði flutt að ári á 41. allsherjarþinginu og má heldur enginn vafi leika á um afstöðu Íslands þegar þar að kemur. Einnig þess vegna er tímabært að Alþingi taki af allan vafa um afstöðuna til hugmyndarinnar um frystingu kjarnavopna. Raunar er eðlilegt að Ísland leiti eftir að gerast meðflytjandi að tillögu Svíþjóðar, Mexíkó o.fl. ef hún kemur fram á 41. þingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1986.

Fylgiskjal I.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR
ALLSHERJARÞINGIÐ
FYRSTA NEFND

5. nóvember 1985.

Endurskoðun og framkvæmd á efni lokaskjals tólfta auka-allsherjarþingsins.

FRAMKVÆMD SAMÞYKKTAR ALLSHERJARÞINGSINS NR. 39/63C UM FRYSTINGU KJARNAVOPNA

Ályktunartillaga frá Indónesíu, Mexíkó, Pakistan, Svíþjóð, Uruguay og Perú.

Frysting kjarnavopna.

Allsherjarþingið,

minnugt þess að í lokaskjali 10. auka-allsherjarþingsins, fyrsta auka-allsherjarþings um afvopnunarmál, sem samþykkt var 1978 og staðfest á ný samhljóða og eindregið á tólfta auka-allsherjarþinginu, öðru auka-allsherjarþinginu helguðu afvopnun, lét allsherjarþingið í ljós þungar áhyggjur vegna þeirrar ógnunar sem tilvist mannkyns stafar af kjarnavopnum og áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaupi,

minnugt þess einnig að þingið, við umrædd tækifæri, vakti athygli á að núverandi birgðir kjarnavopna væru meira en nægilegar til að útrýma lífi á jörð og lagði áherslu á að mannkyn ætti því um tvo kosti að velja: að stöðva vígbúnaðarkapphlaupið og snúa sér að afvopnun eða horfast í augu við gereyðingu,

með tilliti til að lýst var yfir á sjöundu ráðstefnu þjóðhöfðingja eða forsætisráðherra óháðra ríkja, sem haldin var í Nýju-Delhí í mars 1983, og á áttundu ráðstefnu utanríkisráðherra óháðra ríkja, sem haldin var í Lúanda, Alþýðulýðveldinu Angóla, í september 1985, að endurnýjuð stigmögnun kapphlaupsins á sviði kjarnorkuvígbúnaðar hvað varðar magn og tæknilega fullkomnun vopna, svo og að traust á kenningum um fælingarmátt kjarnavopna, hafi aukið hættuna á að kjarnorkustríð brjótist út og hafi leitt til frekara öryggisleysis og óstöðugleika í alþjóðamálum,

hafandi hugfast að þjóðhöfðingjar eða forsætisráðherrar sex aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna frá fimm heimsálfum hvöttu kjarnorkuveldin í sameiginlegri yfirlýsingu 22. maí 1984 til þess „sem nauðsynlegs fyrsta áfanga, að stöðva með öllu tilraunir, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra“ og að í Delhi-yfirlýsingunni frá 28. janúar 1985 ítrekuðu þeir: „Það skiptir nú sköpum að kjarnorkuvopnakapphlaupið verði stöðvað. Með því einu er hægt að tryggja að kjarnavopnabirgðir vaxi ekki á meðan samningaviðræður standa yfir“,

í þeirri trú að brýna þörf beri til að koma í veg fyrir hvers kyns frekari aukningu hinna ógnvænlegu kjarnavopnabirgða kjarnorkuveldanna tveggja sem þegar hafa yfir að ráða óumdeilanlegri endurgjaldsgetu og geigvænlegum umframeyðingarmætti,

fagnandi viðræðum Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um margvísleg úrlausnarefni er varða himingeiminn og kjarnavopn — langdræg og meðaldræg — þar sem þessi málefni öll eru til meðferðar og úrlausnar með tilliti til hvernig þau tengjast innbyrðis,

með hliðsjón af því að frysting kjarnavopna, þótt hún sé ekki lokatakmark í sjálfu sér, mundi marka árangursríkasta frumskrefið til að koma í veg fyrir áframhaldandi fjölgun og tæknilega þróun núverandi gerða kjarnavopna meðan samningaviðræður standa yfir,

fyllilega sannfært um að aðstæður nú séu hinar ákjósanlegustu fyrir slíka frystingu þar eð Sovétríkin og Bandaríkin búa nú yfir jafnmiklum hernaðarmætti á sviði kjarnorku og augljóst virðist að í heild sé nokkurn veginn jöfnuður með þeim,

vitandi það að notkun þeirra aðferða við könnun, sannprófun og eftirlit, sem þegar hefur verið fallist á í nokkrum fyrri tilvikum, mundi nægja til að veita sanngjarna tryggingu fyrir trúverðugum efndum skuldbindinga sem frysting felur í sér,

sannfært um að það yrði öllum öðrum ríkjum, er ráða yfir kjarnavopnum, í hag að fylgja fordæmi tveggja mestu kjarnorkuveldanna:

1. *hvetur enn einu sinni* Sovétríkin og Bandaríkin, sem tvö fremstu kjarnorkuveldin, til að lýsa yfir, annaðhvort með einhliða yfirlýsingu samtímis eða sem sameiginlegri yfirlýsingu, tafarlausri frystingu kjarnavopna sem verða mundi fyrsta skref í átt til allsherjaráætlunar um afvopnun er að formi og umfangi yrði sem hér greinir:

   (a) hún mundi fela í sér:

      (i) allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn og skotbúnað þeirra,

      (ii) algera stöðvun framleiðslu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

      (iii) bann við allri frekari uppsetningu kjarnavopna og skotbúnaðar þeirra,

      (iv) algera stöðvun framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarlegum tilgangi;

   (b) hún yrði háð viðeigandi eftirlitsráðstöfunum og reglum, svo sem þeim er þegar hefur orðið samkomulag um í SALT I og SALT II samningunum, svo og þeim sem grundvallarsamstaða hefur náðst um í undirbúningsviðræðum um þríhliðasamningana, sem haldnar eru í Genf, um allsherjarbann við tilraunum;

   (c) hún yrði í fyrstu miðuð við fimm ára tímabil, með fyrirvara um framlengingu eftir að önnur kjarnavopnaríki gerast þátttakendur í slíkri frystingu, eins og allsherjarþingið hvetur þau til;

2. *óskar eftir* því við fyrrnefndu tvö mestu kjarnavopnaveldin að þau leggi fram sameiginlega skýrslu eða tvær aðskildar skýrslur til allsherjarþingsins, áður en fertugasta og fyrsta þing þess hefst, um framkvæmd þessarar ályktunar;

3. *ákveður* að setja á dagskrá fertugasta og fyrsta þingsins dagskrárlið er beri heitið: „Framkvæmd ályktunar allsherjarþingsins nr. 40/... um frystingu kjarnavopna.“

Fylgiskjal II.

Atkvæðagreiðsla í 1. nefnd Sameinuðu þjóðanna um tillögu Mexíkó, Svíþjóðar o.fl. um stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar risaveldanna (frystingu).

Tillagan var samþykkt með 113 atkv. gegn 11, 6 sátu hjá, 28 voru fjarverandi.

Samþykkir: Afganistan, Alsír, Angóla, Argentína, Austur-Þýskaland, Austurríki, Ástralía, Bahrain, Bangladesh, Benín, Bhútan, Botswana, Bólivía, Brasilía, Brunei (Daruesalam), Burkina Faso, Burma, Burundi, Búlgaría, Chad, Chile, Danmörk, Djibouti, Dóminíska lýðveldið, Egyptaland, Ekvador, Eþíópía, Fidjieyjar, Finnland, Fílabeinsströndin, Gabon, Ghana, Grikkland, Guatemala, Guinea, Gyana, Haiti, Honduras, Hvíta-Rússland, Indland, Indónesía, Írak, Íran, Írland, Jamaica, Jórdanía, Júgóslavía, Kamerún, Kenýa, Kongó, Kólumbía, Kuwait, Kúba, Kýpur, Laos, Lesotho, Líbýa, Lýðveldið Yemen, Madagaskar, Malaysía, Maldiveyjar, Malí, Malta, Marokkó, Mauritanía, Mexíkó, Mið-Afríka, Mongólía, Mósambik, Nepal, Nikaragua, Níger, Nígería, Noregur, Nýja-Sjáland, Oman, Pakistan, Panama, Papúa Nýja-Guinea, Paraguay, Perú, Pólland, Qater, Rúanda, Rúmenía, Sameinuðu arabafurstadæmin, Saudi-Arabía, Senegal, Singapore, Sovétríkin, Sómalía, Sri Lanka, Surinam, Súdan, Svíþjóð, Swaziland, Sýrland, Tanzanía, Tékkóslóvakía, Thailand, Togo, Trinidad og Tobago, Túnis, Uganda, Ukraína, Ungverjaland, Uruguay, Venezúela, Vietnam, Yemen, Zaire, Zambía, Zimbabwe.

Á móti: Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Bretland, Frakkland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Portúgal, Tyrkland, Vestur-Þýskaland.

Sátu hjá: Bahamaeyjar, Holland, Ísland, Kína, Luxemburg, Spánn.

Fjarverandi: Albanía, Antigua og Barbuda, Barbados, Belize, Comoreyjar, Costa Rica, Dóminíka, El Salvador, Filippseyjar, Gambía, Grenada, Grænhöfðaeyjar, Guinea-Bissau, Kampútsea, Líbanon, Líbería, Malawi, Mauritius, Miðbaugs-Guinea, Saint Christopher og Nevis, Saint Lucia, Saint Vincent, Salómonseyjar, Samoa, Sao Tomé og Principe, Seychelleyjar, Sierra Leone, Vanuatu.

Fylgiskjal III.

ÞINGSÁLYKTUN UM STEFNU ÍSLENDINGA Í AFVOPNUNARMÁLUM
(Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.)

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskyni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það áliti til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmálaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Nd. 226. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Með fyrirliggjandi frumvarpi liggur fyrir samningsleg niðurstaða í aðeins *einum af mörgum þáttum samningaviðræðna* milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse.

Í bráðabirgðasamningi núverandi ríkisstjórnar og Alusuisse frá 23. september 1983 var dreginn rammi um samningaviðræður aðila. Sá samningur gerði ráð fyrir *„endanlegu samkomulagi eigi síðar en 1. apríl 1984“, einnig um endurskoðað skattkerfi*. Um skattadeilu vegna liðinna ára skyldi fjallað sérstaklega og óháð samningaviðræðum um breytingar á aðalsamningi.

Þessum grundvelli bráðabirgðasamningsins frá september 1983, þar sem strax hallaði mjög á stöðu Íslands, hefur *Alusuisse síðan tekist að rifta og snúa samningsstöðunni enn á ný sér í hag*. Birtist það m.a. í eftirfarandi staðreyndum:

- Í stað heildarsamkomulags um endurskoðun tókst Alusuisse að *deila samningamálum* gagnvart ríkisstjórninni í marga sundurgreinda þætti.
- Í *nóvember 1984* var innsigluð sáttargerð í skattadeilunni vegna fyrri ára samhliða ófullnægjandi breytingum á rafmagnssamningi og ýmsum breytingum á skattareglum sem allar voru til hagsbóta fyrir Alusuisse.
- Með *„syndakvittun“ í skattadeilunni*, sem hnýtt var upp á með eftirminnilegum ákvæðum, var létt miklum þrýstingi af Alusuisse og öll frekari samningsstaða breyttist

til hins verra fyrir Ísland. Skattsvik Alusuisse voru í rauninni eina vopnið sem Ísland hafði til að neyða Alusuisse til samninga um hækkað raforkuverð.

- Samningur sá um breyttar skattareglur, sem nú liggur fyrst fyrir *einu og hálfu ári eftir að heildarendurskoðun samninga skyldi lokið*, er gerður við mjög þægilegar aðstæður fyrir Alusuisse og bera niðurstöður hans þess augljós merki.

Meginniðurstöður.

Samkomulagið frá 11. nóvember 1985, sem á að lögfesta með þessu frumvarpi, felur í sér eftirfarandi meginniðurstöður:

1. Hríðlækkandi lágmarksskattur (grunnframleiðslugjald). Framleiðslugjald er samkvæmt samningnum óbreytt að lágmarki í dollurum frá því sem um var samið á árinu 1975, þ.e. 20 dollarar á hvert framleitt tonn eða alls 1,7 milljónir dollara á ári miðað við 85 þús. tonna ársframleiðslu álversins.

Raunvirði þessa lágmarksgjalds hefur rýrnað stórlega s.l. 10 ár, þ.e. 20 dollarar svara nú til aðeins *11,45 dollara* á tonn miðað við þróun heildsöluvísitölu í Bandaríkjunum, samkvæmt upplýsingum iðnaðarráðherra.

Þessi lágmarksskattur er *áfram óverðtryggður* og fyrstu möguleikar á að óska eftir breytingu á honum eru að 5 árum liðnum. Þá yrði raungildi hans 25—30% lægra en nú er að mati samningamanna ríkisstjórnarinnar vegna alþjóðlegrar verðbólgu og komið niður í um *8 dollara* að raungildi miðað við andvirði 20 dollara árið 1975 (sjá línurit, mynd 1).

Þróun á raungildi grunnframleiðslugjalds Ísals



2. Lægri heildarskatttekjur. Miklar líkur eru til að heildarskatttekjur ríkisins af álverinu verði lægri í framtíðinni vegna þeirra breytinga sem hér liggja fyrir og sem gerðar voru á skattaákvæðum álsamninganna í nóvember 1984.

Getur þar munað verulegum upphæðum bæði í einstökum árum og þegar á heildina er litið.

Þetta er *þveröfug niðurstaða miðað við yfirlýst markmið* af hálfu ríkisstjórnarinnar og allt annað en haldið var fram eftir að meginniðurstöður samningaviðræðna lágu fyrir í júlí s.l.

3. Veikara aðhald að Ísal. Breytt ákvæði um verðviðmiðun, þrengri árlegur endurskoðunarréttur og brottfall samningsákvæða um að Alusuisse láti Ísal njóta bestu kjara leiðir í heild til mun veikari möguleika íslenskra stjórnvalda til skattalegs aðhalds að Ísal en áður.

Verð á aðföngum og afurðum er nú *bundið fram í tímann* og að miklu leyti tengt ákveðnum viðmiðunum, a.m.k. til 5 ára í senn.

Endurskoðendur *sem Alusuisse velur* staðfesta *einhliða* verð á rafskautum gagnvart ríkisstjórninni og endurskoðun af Íslands hálfu verður þar ekki við komið.

Svigrúm til árlegrar endurskoðunar á framleiðslugjaldsskýrslum og ársreikningum Ísals er nú *takmarkað við 4 mánuði* og *„er ekki unnt að vefengja* framleiðslugjaldsskyldu Ísals fyrir það ár, sem um er að ræða, eftir 1. október næsta ár á eftir".

Með þessu er fullvalda ríki að *afsala sér* þeim mikilvæga rétti sem felst í *skattmati* og með einhliða verðákvörðun Alusuisse á rafskautum, sem ekki er heimild til að endurskoða af Íslands hálfu, er tekin upp tilhögun sem *ekki getur staðist* í ríki sem telur sig hafa stjórnarskrárbundinn rétt til skattlagningar.

Viðurlög við undandrætti á skatti eru engin og beinlínis bannað að þeim sé beitt.

4. Skattalögsagan gagnvart Ísal áfram erlendis. Engin breyting er gerð á ákvæðum samninganna frá 1966, þar sem Ísland afsalaði sér lögsögu í skattamálum Ísals og verður eftir sem áður að leita til erlendra gerðardóma í skattadeilum.

Upplýst var í iðnaðarnefnd neðri deildar að ríkisstjórnin hefði engan teljandi áhuga sýnt á að fá þessu ákvæði álsamninganna breytt.

5. Tækni- og söluþóknun til Alusuisse óbreytt. Þótt aflétt sé samningsbundinni kvöð af Alusuisse að tryggja Ísal *bestu kjör* á aðföngum og við sölu afurða og teknar upp allt aðrar viðmiðanir um verðlagningu þeirra er *í engu* hróflað við skattfríum þóknunum Ísals til Alusuisse sem upphaflega voru rökstuddar með samningsákvæðunum um bestu kjör til handa dótturfyrirtækinu í Straumsvík. Alls nema þessar greiðslur *3,7% af árlegri veltu Ísals* sem svarar til 3—7 milljóna bandaríkjadollara eða meira en tvöfalds lágmarksskattgjalds Ísals.

Iðnaðarráðherra Íslands réttlætti þessi nýlenduviðskipti við 1. umræðu um frv. þannig: „Miklu skiptir fyrir *hagsmuni ríkisstjórnarinnar* að Alusuisse sé tæknilega sterkt fyrirtæki."

Auk þessara þátta, sem hver um sig gerir samninginn óaðgengilegan, eru *fjölmörg önnur atriði* óhæf og gagnrýni verð í skattaákvæðum álsamninganna.

Þau fáu atriði, sem talsmenn fyrirliggjandi samnings reyna að telja honum til gildis, svo sem öruggari viðmiðanir sem þeir telja að leiði til hærri skattstofna og heimild til að leita eftir endurskoðun vissra samningsákvæða að 5 árum liðnum, eru afar haldlítil og takmörkuð eins og nánar er að vikið síðar í þessu nefndaráliti.

Á heildina litið verður að telja þær breytingar, sem hér eru gerðar á skattaákvæðum álsamninganna, *til hagsbóta fyrir Alusuisse en Íslandi óhagstæðar* og þær stefna þannig í þveröfuga átt við það sem nauðsyn bar til og upphafleg samningsstaða gaf kost á. Með tilliti til þessa telur undirritaður *ekki orka tvímælis að vísa beri samningnum frá 11. nóvember s.l. á bug og fella eigi frumvarpið.*

Hrakleg málsmeðferð.

Í samningaviðræðum við Alusuisse um breytt skattaákvæði vegna Ísals hélt ríkisstjórnin fast við fyrri stefnu sína að *útiloka stjórnarandstöðuna* frá upplýsingum um gang samningaviðræðna og áhrifum á þær viðræður. Samningarnir eru þannig niðurstaða úr *leynimakki* samninganefndar og sérfræðinga ríkisstjórnarinnar við Alusuisse og örfárra manna úr innsta hring stjórnarflokkanna.

Um lýðræðislegt aðhald að þessari samningsgerð hefur þannig ekki verið að ræða frekar en um fyrri samninga, sem núverandi ríkisstjórn hefur gert við Alusuisse. Hefur sú málsmeðferð öll *veikt til muna samningsstöðu Íslands*. Forustan í samninganefnd og sérfræðingaliði er einnig hin sama og fylgt hefur samskiptum Íslands við Alusuisse eins og skuggi um 25 ára skeið. Reynslan af samningum við auðhringinn á þessu tímabili er órækur vottur um hættuna af slíkri tilhögun og hefur þar síst orðið breyting til bóta í fyrirliggjandi samningi. Þannig óma *röksemdir Alusuisse* úr munni íslensku samningamannanna og ganga aftur í ræðum þeirra stjórnmálamanna sem mæla fyrir samningnum. Um það mætti tína til fjölmörg dæmi úr greinargerð með frumvarpinu og ræðum ráðherra o. fl. við 1. umræðu málsins. Alusuisse hefur þannig tekist snilldarlega það ætlunarverk hvers fjölþjóðafyrirtækis að tryggja sér ítök í og áhrif á fremstu valdaaðilana í viðkomandi samfélagi.

Við þessa samningsgerð virðist bæði hafa *skort heildarsýn og pólitískan vilja* til að breyta skilmálum Íslandi í vil m.a. með því að hagnýta sér reynslu annarra þjóða og ný viðhorf í samskiptum ríkja við fjölþjóðafyrirtæki. *Undirnefnd* á vegum samninganefndar um stóriðju undir forustu *Garðars Ingvarssonar* hafði veg og vanda af samningsgerðinni, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. *Sverrir Hermannsson* hafði aldrei fyrir því sem iðnaðarráðherra að setja sig inn í málsatvik ef marka má ummæli hans og yfirlýsingar. Nýr iðnaðarráðherra, Albert Guðmundsson, tók við málinu á lokastigi og staðgengill hans, Matthías Bjarnason, mælti fyrir því við 1. umræðu. Allt er þetta *dæmigert fyrir* þau vettlingatök sem ríkisstjórnin hefur tekið þetta mál.

Í greinargerð með frumvarpinu er þess í engu getið að *ráðherranefnd ríkisstjórnarinnar í stóriðjumálum*, skipuð forsætisráðherra, utanríkisráðherra og iðnaðarráðherra, hafi fjallað um málið á einstökum stigum. Þó þáði þessi ráðherrahópur sérstakt heimboð Alusuisse til Sviss á síðasta sumri ásamt formanni samninganefndarinnar, Jóhannesi Nordal, þar sem stækkun álversins og fleiri mál voru til umræðu milli aðila.

Breytingar á skattareglum í forgjöf.

Þegar á fyrri stigum, þ.e. með samningnum sem undirritaður var vegna 3. viðauka við álsamninginn 5. nóvember 1984, tryggði Alusuisse sér undirtökin í skattamálum *áður en* eiginlegar samningaviðræður um breytt skattkerfi voru hafnar.

Með þeim breytingum, sem lögfestar voru í nóvember 1984 og *allar voru Alusuisse í vil*, náði auðhringurinn m.a. fram eftirfarandi:

1. Mengunarvarnabúnað álversins var heimilað að *afskrifa á 8 árum* í stað 15 ára sem var meginregla um fyrningar. Að mati Ríkisendurskoðunar var þar um tekjutap eða tilfærslu að ræða sem svarað hefði til um 900 þús. bandaríkjadala eða um *38 milljónum íslenskra króna* í skatt á árinu 1980 miðað við ársreikninga Ísals eins og þeir höfðu verið leiðréttir af endurskoðendum.

2. Ísal var veitt fullt frelsi varðandi *varasjóð* að 20%-markinu. Slík heimild hefði þýtt um 1 milljónar bandaríkjadala (*40 milljóna íslenskra króna*) lægri skatta Ísals á árinu 1980 að teknu tilliti til leiðréttinga Coopers & Lybrands.

Jafnframt var Ísal undanþegið *viðurlögum* vegna óframtalinna og ógreiddra skatta.

3. Felld voru niður ákvæði um *bestu kjör* á aðföngum frá Alusuisse til Ísals sem voru meðal grundvallaratriða hins upphaflega samnings frá 1966 og höfðu reynst sérstaklega þýðingarmikil fyrir Ísland í mati á verði aðfanga, svo sem súráli og rafskautum, á liðnum árum og skeinuhætt fyrir Alusuisse í gerðardómsmálinu í New York á árinu 1984. Krafa um að fella þetta ákvæði út var gerð að *úrslitaatriði fyrir undirskrift samningsins 5. nóvember*, aðeins degi áður en Sverrir Hermannsson hélt til Zurich til að undirrita samkomulagið. Fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar viðurkenndi ráðherrann að hér væri um að ræða „*stóra veikingu á þessum ákvæðum*“ gildandi samninga. Samt var á þessa kröfu fallist sem sett var fram af

fáheyrðri óskammfeilni af hálfu Alusuisse á síðustu stundu. Hjörtur Torfason hrl. greindi frá því fyrir iðnaðarnefnd 5. des. 1985 að umræðan um bestukjaraákvæðin hafi verið „mikill fleinn í holdi Alusuisse“ og Ragnar Aðalsteinsson hrl. lagði áherslu á gildi þessa ákvæðis í málflutningi fyrir gerðardómi vegna skattadeilunnar 1984.

Þetta ákvæði átti þátt í þeirri niðurstöðu gerðardómsins í New York að *Alusuisse bæri að opna bókhald sitt* og leggja fram frumreikninga sem sönnuðu sakargiftir af Íslands hálfu um „hækkun í hafi“ og skattsvik Ísals. Á dómsniðurstöðu reyndi hins vegar ekki þar eð íslenska ríkisstjórnin féllst á beiðni Alusuisse um sáttargerð í skattadeilunni gegn greiðslu 3 milljóna bandaríkjadala (um 125 milljóna íslenskra króna) og algjöra sakaruppgjöf. *Eftir* að aðilar höfðu orðið ásáttir um slíka málsmeðferð í júlí 1984 varð fyrst afráðið í *september 1984* að *undanskilja samninga um breytingu á skattkerfi* og láta þá bíða síðari tíma. Þar með skapaðist sú staða sem íslenskir samningamenn þurftu að vinna við á þessu ári og gat talist óskastaða fyrir Alusuisse.

Sáttargerðarsamningurinn og skattadeilan í Ástralíu.

Ástæður Alusuisse til að leggja áherslu á sættir í skattadeilunni við íslensk stjórnvöld voru margþættar.

Auðhringurinn sá fram á að *fá á sig dóm* þar sem fallist yrði á meginkröfur Íslendinga, a.m.k. vegna ársins 1980. Slíkt tap fyrir gerðardómi er fjölþjóðafyrirtæki margfalt dýrkeyptara sem *álitshnekkir* en þær fjárhæðir sem um var að tefla.

En það var fleira sem rak á eftir en gertöpuð staða fyrir gerðardómnum á móti Íslandi í New York. *Í Ástralíu stóðu spjótin á Alusuisse* vegna krafna þarlendra skattyfirvalda á hendur *Austraswiss*, dótturfyrirtækisins, sem á 70% í báxít- og súrálsverksmiðjunum í Gove í Norður-Ástralíu, þaðan sem Alusuisse flytur súrálið til Straumsvíkur.

Fregnir af málarekstri Íslendinga á hendur Alusuisse vegna Ísals voru að komast í hámæli í Ástralíu og gátu orðið vopn í höndum þarlendra stjórnvalda fyrr en varði. *Bókhaldsfalsanir Alusuisse hittu Ástralíumenn fyrir með sama hætti og Íslendinga*, sem undandráttur á hagnaði og þar með skattgreiðslum. Í stað hækkunar á súráli í hafi kom bókhaldsleg „lækkun í landi“ á súrálsverðinu út frá Gove.

Dómur vegna „hækkunar í hafi“ og vitneskja um málsatvik hefði stórlega veikt stöðu Alusuisse gagnvart áströlskum stjórnvöldum. Sérfræðingar íslensku ríkisstjórnarinnar sem komu fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar nú, þar á meðal *Hjörtur Torfason hrl.*, töldu auðsæ tengsl á milli sáttatilboðs Alusuisse í fyrra og harðnandi deilu fyrirtækisins í Ástralíu.

Sérstaklega bæri að líta á hið afdráttarlausa og harðsoðna orðalag sáttargerðarsamningsins, sem fleygt varð í umræðum á Alþingi í fyrra, í ljósi *áherslu Alusuisse að hafa alveg hreint borð á Íslandi*, m.a. vegna harðnandi deilu í Ástralíu í nátengdu máli.

Nú vita menn af blaðafregnum frá Ástralíu og umræðum í ástralska þinginu í síðasta mánuði (nóvember 1985) að mjög kreppir þar að Alusuisse. Skattayfirvöld þarlend hafa sent Austraswiss, dótturfyrirtæki Alusuisse, reikning vegna vantalins hagnaðar og *skatta á árunum 1978 og 1979 upp á 15 milljónir dollara*. Íslenska fjármálaráðuneytið sendi Ísal á sínum tíma (27. des. 1982 og 11. febr. 1983) reikning fyrir viðbótarsköttum vegna áranna 1976—1979 upp á 3,3 milljónir dollara, en *samtals námu skattakröfur Íslands á hendur Ísal með viðurlögum röskum 10 milljónum bandaríkjadala*.

Vert er að minnast þess í ljósi bakreikninga Ástralíustjórnar til Austraswiss nú á árinu 1985 vegna áranna 1978—1979 að hér heima fyrir var krafa íslenskra stjórnvalda um skattgreiðslur nokkur ár aftur í tímann af mörgum, m.a. þáverandi stjórnarandstöðu innan Sjálfstæðisflokksins, talin bera vott um mikla óbilgirni.

Á sama hátt er Austraswiss nú sakað um að hafa flutt hvert súrálstonn út frá Gove á árinu 1984 á 34 dollara lægra verði en heimildir voru fyrir.

Verslunarráðherra Ástralíu, Mr. John Dawkins, lýsti því yfir á þingi 25. nóv. s.l., að hann mundi því aðeins veita heimild fyrir áframhaldandi útflutningi frá Gove, að *fyrirtækin sæju að sér* og hafði hin hörðustu orð um framkomu Austraswiss. „This is a shabby story" (þetta er sóðaleg saga), sagði ráðherrann á ástralska þinginu.

Ekki er vitað til þess að núverandi ríkisstjórn hafi á neinn hátt leitað tengsla við áströlsk stjórnvöld vegna deilumálanna við Alusuisse, en fyrri ríkisstjórn aflaði sem kunnugt er gagna frá áströlskum yfirvöldum, sem gerðu kleift að færa sönnur á bókhaldssvik („transfer pricing") Alusuisse varðandi súrálið frá Gove.

Brot á sáttargerðarsamningi.

Í sáttargerðarsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse frá 5. nóvember 1984 segir undir tölulið 9:

„Hvorugur aðila skal gefa út neina fréttatilkynningu eða aðra svipaða tilkynningu varðandi sáttargerðarsamning þennan án samþykkis hins aðilans."

Í nefndaráliti og þingræðu í nóvember í fyrra vakti undirritaður athygli á ummælum *Ragnars Halldórssonar, forstjóra Ísals*, í ávarpi þann 7. nóvember 1984, en þau birtust í Morgunblaðinu 16. nóvember 1984. Þar túlkar Ragnar *einhliða* nýgerðan sáttasamning, m.a. með eftirfarandi orðum:

„Hið rétta er að skattinneign Ísals hjá ríkissjóði verður lækkuð um 3 milljónir dollara, sem samsvarar vöxtum af inneigninni frá 1975 þegar síðast var samið. Þetta var samþykkt með tilliti til þess mikla kostnaðar sem áframhaldandi málaferli hefðu haft í för með sér, og vegna þess, sem skiptir miklu máli, að leyfi hefur fengist til stækkunar, að nánari skilyrðum uppfylltum. Ríkisstjórnin hefur jafnframt lýst yfir að Alusuisse og Ísal hafa ekki í neinu brotið gegn fyrri samningum, þ.e. ágreiningurinn var um skilning á samningsákvæðum."

Ekki er vitað um neinar athugasemdir íslenskra stjórnvalda vegna þessara útleggínga forstjórans.

Nú hefur starfsbróðir hans í Ástralíu, *A. G. Powell, forstjóri Austraswiss*, komið formlega á framfæri svipaðri túlkun í bréfi til allra þingmanna á ástralska þinginu 16. október 1985. Þar segir í tölulið 8:

„Reference is made to a tax claim in 1980 by the Icelandic government against our parent company, Alusuisse. The fact that the Icelandic government settled its claim against Alusuisse by accepting a US$ 3 million cash payment instead of pursuing its tax claims is an indication that the claims could not be substantiated. The cash payment was made by Alusuisse because its legal costs were going to exceed $ 3 million and settlement made commercial sense."

Í lauslegri þýðingu: „Vísað er til skattakröfu íslensku ríkisstjórnarinnar 1980 á hendur móðurfélagi okkar Alusuisse. Sú staðreynd að íslenska ríkisstjórnin samdi um þessa kröfu á hendur Alusuisse með því að taka við 3 milljóna bandaríkjadollara greiðslu út í hönd fremur en að halda við kröfur sínar er vísbending um að ekki var hægt að renna stoðum undir kröfurnar. Alusuisse greiddi þessa upphæð út í hönd vegna þess að lögfræðikostnaður fyrirtækisins var að fara yfir 3 milljónir bandaríkjadala og sættir væru skynsamlegar út frá viðskiptalegu sjónarmiði."

Aðspurður sagði *Albert Guðmundsson* iðnaðarráðherra í þingræðu í neðri deild 26. nóvember 1985: „Ég mun ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en eitthvað verður aðhafst í þessu máli".

Menn ættu að bera saman framburð þeirra forstjóranna á Íslandi og í Ástralíu og spyrja sig hvort um tilviljum sé að ræða á túlkun þeirra. Um hitt þarf ekki að efast, að núverandi ráðamenn munu taka ofan og hneigja sig að fengnum „skýringum" Alusuisse við þessum brotum á sáttargerðarsamningnum.

Rangir útreikningar með frumvarpi.

Hlutur íslenskra samningamanna og stjórnvalda við undirbúning og framlagningu þessa frumvarps og samningsins, sem að baki því liggur, er með miklum endemum. *Einu tölulegu gögnin*, sem fylgdu samningnum í greinargerð með frumvarpinu, var *tafla*: „Samanburður skattgreiðslna Íslenska álfélagsins hf. við mismunandi hagnað." Þegar við fyrstu umræðu vakti undirritaður athygli á að *taflan var rangt reiknuð* og samkvæmt henni voru meintar hagsbætur af nýju samkomulagi ýktar svo að skipti *hundruðum þúsunda dollara* í mörgum tilvikum. Þetta var staðfest í bréfi frá Ríkisendurskoðun (sjá fylgiskjal I). *Albert Guðmundsson* iðnaðarráðherra baðst afsökunar á þessum „mistökum" og seint og um síðir var þingskjalið prentað upp með leiðréttingum. Samanburður leiddi í ljós að *sömu vitlausu útreikningarnir fylgdu minnisblaði* sem Sverrir Hermannsson iðnaðarráðherra kom á framfæri við formenn þingflokka sem trúnaðarmáli *17. júlí 1985*, en þá lágu fyrir til undirritunar „meginatriði endurskoðunar á skattareglum". Í iðnaðarnefnd neðri deildar upplýsti formaður undirnefndar samninganefndar um stóriðju, *Garðar Ingvarsson*, að *ástæðan fyrir þessum röngu útreikningum* sem fylgt hafa málinu, a.m.k. frá júlímánuði 1985, hafi verið *„bilun í vasatölvu"*. Það hafði ekki verið haft fyrir því að yfirfara útreikningana með öðrum hætti! Þetta grátbroslega dæmi varpar skýru ljósi á hið vítaverða kæruleysi stjórnvalda í málinu í heild.

Rangar staðhæfingar í greinargerð.

Ekki tók betra við þegar undirritaður lét yfirfara málið með tilliti til eftirfarandi meginniðurstöðu frumvarpsins í lok greinargerðar ríkisstjórnarinnar með samningum frá 11. nóvember s.l. þar sem segir:

„*Niðurstaðan* af þessari breytingu á skattstiga er því sú að tekjur af framleiðslugjaldi GETA EKKI LÆKKAÐ, en ef afkoma fyrirtækisins batnar með bata í áliðnaðinum, þá verða tekjur af framleiðslugjaldinu hærri en verið hefði með hinu gamla tonnagjaldi." (Leturbreyting H.G.).

Samkvæmt gildandi samningi frá 1975 breytist skattur Ísals (framleiðslugjaldið) umfram grunngjald (20 dollarar á tonn) með hliðsjón af heimsmarkaðsverði á hrááli eftir vissum reglum („tonnagjald"), en heildarupphæð eru sett mörk, bæði efri og neðri mörk, miðað við hagnað á bilinu 35—55% (27—44% miðað við tillag í varasjóð sem þó var aldrei notað í reynd af Ísal).

Við útreikninga, sem gerðir voru af dr. *Ragnari Árnasyni* hagfræðingi, kom í ljós að á breiðu hagnaðarbili frá Ísal, frá 4 milljónum bandaríkjadala og upp fyrir 10 milljónir dala í árlegan hagnað, *gæfi gildandi skattkerfi HÆRRI SKATTTEKJUR* en skattkerfið samkvæmt *frumvarpinu*. Munar þar í ýmsum tilvikum *verulegum upphæðum* eða yfir *1 milljón bandaríkjadala (um 40 milljónir króna) í árlegan skatt*. Þessir útreikningar voru staðfestir af samningamönnum ríkisstjórnarinnar sem komu á fund iðnaðarnefndar neðri deildar. *Staðhæfingar í greinargerð með frumvarpinu eru þannig beinlínis RANGAR*. Menn hljóta að spyrja hvort þær séu settar fram til að reyna að gylla þennan afleita samning eða hvort menn hafi öðru sinni reiknað vitlaust. Samanburður á skattkerfunum kemur skýrt fram í eftirfarandi töflu, sjá einnig fylgiskjal II.

Tafla I. Mismunur skattkerfa:
Skattur samkvæmt nýju skattkerfi — skattur samkvæmt gildandi skattkerfi

Hagnaður	Álverð (bandaríkjadalir á pund).										
M.USD	0.50	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90	0.95	1.00
0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
0.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
4.00	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06
4.50	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28
5.00	-0.38	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50
5.50	-0.38	-0.55	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72
6.00	-0.38	-0.55	-0.72	-0.87	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94
6.50	-0.26	-0.43	-0.60	-0.75	-0.90	-1.03	-1.04	-1.04	-1.04	-1.04	-1.04
7.00	-0.12	-0.29	-0.46	-0.61	-0.76	-0.89	-1.02	-1.12	-1.12	-1.12	-1.12
7.50	0.00	-0.15	-0.32	-0.47	-0.62	-0.75	-0.88	-1.00	-1.13	-1.20	-1.20
8.00	0.01	-0.01	-0.18	-0.32	-0.47	-0.60	-0.73	-0.86	-0.98	-1.11	-1.24
8.50	0.03	0.03	-0.02	-0.16	-0.31	-0.44	-0.57	-0.70	-0.82	-0.95	-1.08
9.00	0.05	0.05	0.05	0.00	-0.15	-0.28	-0.41	-0.54	-0.66	-0.79	-0.92
9.50	0.07	0.07	0.07	0.07	0.01	-0.12	-0.25	-0.38	-0.50	-0.63	-0.76
10.00	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.04	-0.09	-0.22	-0.34	-0.47	-0.60
10.50	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.07	-0.05	-0.18	-0.31	-0.44
11.00	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.11	-0.02	-0.15	-0.28
11.50	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.14	0.01	-0.12
12.00	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.04
12.50	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19
13.00	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21
13.50	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23
14.00	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25
14.50	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27
15.00	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29

Þessi samanburður skattkerfanna verður enn óhagstæðari ef gert er ráð fyrir minni framleiðslu hjá Ísal t.d. 75 þús. tonn á ári, sbr. fylgiskjal III.

Sterkar líkur benda til að hagnaður Ísals fyrir skatt muni á næstu árum og kannske um langa framtíð verða að jafnaði undir 10 milljónum bandaríkjadala á ári, þ.e. á því bili þar sem hið nýja kerfi skilar í besta falli sömu skatttekjum og gildandi skattkerfi, og í mörgum tilvikum mun lægri skatttekjum.

Hætt er við að hagnaður Ísals verði ekki heldur meiri þótt menn gefi sér þær bjartsýnisforsendur, sem samningamenn ríkisstjórnarinnar og sérfræðingar samninganefndar um stóriðju treysta mjög á og hafa alveg nýlega uppgötvað að því er virðist, að breytt reikningsskil Ísals samkvæmt hinu nýja samkomulagi leiði af sér hækkaðan skattstofn frá því sem verið hefur (sjá fylgiskjal IV).

Hér á eftir er sýnt línurit 2 sem sýnir samanburð á núgildandi og nýju skattkerfi miðað við mismunandi hagnað Ísals og álverð sem er 75 sent á pund sem er meðaltal þess sem samninganefnd um stóriðju gengur út frá í sínum forsendum. Eins og þar kemur fram gefur núgildandi kerfi verulega hærri skatt á stóru hagnaðarbili og ávinningurinn af nýja kerfinu, sem gefur hærri skatt eftir að hagnaður fer yfir 10 milljónir dollara, er lengi vel óverulegri.

Samanburður á skattkerfum



Heildarskattur miðað við mismunandi hagnað Ísals. Reiknað er með 85 þús. tonna ársframleiðslu og álverði sem er 75 sent á pund.

Heildregna línan sýnir skatt samkvæmt núgildandi kerfi.

Punktalínan sýnir skatt samkvæmt skattstiga frumvarpsins.

Þróun álverðs.

Niðurstöður á samanburði á skattkerfunum fer talsvert eftir því hvernig menn meta horfur á þróun álverðs á komandi árum. Er það vegna þess að gildandi skattkerfi er tengt álverði (hið fyrirhugaða skattkerfi hins vegar ekki) og líkurnar á verulegum skattskyldum hagnaði hjá Ísal vaxa með bata á álmarkaði.

Það kom fram hjá þeim sérfræðingum sem komu á fund iðnaðarnefndar að mat þeirra á líklegri þróun álverðs er allmismunandi.

Talsmenn iðnaðaráðuneytisins og samninganefndar um stóriðju telja líklegt að álverð verði á næstu tveimur árum á *bilinu 65—90 sent* á pund og lögðu fram á fundinum spá frá *Chase Econometrics* um þróun álverðs fram til ársins 1995 en sú spá er frá miðju ári 1985 (fylgiskjal V). Samkvæmt henni sveiflast álverð (Alcan realized price) á árunum 1986—1989 á bilinu 68—80 sent á pund, en á árunum 1990—1995 á bilinu 90—120 sent á pund. Á *föstu verði* ársins 1980 (LME price) sveiflast álverðið á bilinu 38—60 sent á pund á árunum 1986—1995. Þetta verð var hins vegar á árinu 1980 um 80 sent á pund.

Dr. *Ragnar Árnason* hagfræðingur telur hins vegar líklegast að álverð á næstu 5 árum verði að jafnaði á bilinu 55—80 sent á pund á núgildandi verðlagi. Dæmi, sem hann hefur reiknað um samanburð skatttekna Ísals, eru birtar í fylgiskjali VI með þessu nefndaráliti. Þar kemur fram miðað við *mismunandi skattstofn* fyrir gildandi og fyrirhugað skattkerfi *eftirfarandi samanburður á skattkerfunum*:

Tafla II.

Væntanlegar skatttekjur (í milljónum bandaríkjadala)

	A	B	
Álverð USD/pund	Nýtt Skattkerfi	Gildandi Skattkerfi	Mismunur (A-B)
0.55	1.70	1.70	0.00
0.60	1.70	1.70	0.00
0.65	1.70	2.24	−0.54
0.70	2.18	2.72	−0.54
0.75	3.46	3.72	−0.26
0.80	4.79	4.84	−0.05
0.85	6.19	5.96	0.23
0.90	7.61	7.14	0.47
		Samtals:	**−0.69 M.USD**

Samkvæmt þessu eru væntanlegar skatttekjur hins nýja skattkerfis, sem felst í frumvarpinu, talsvert *lægri* en samkvæmt gildandi skattkerfi.

Reikningslegur hagnaður Ísals.

Þar eð væntanlegar skatttekjur af rekstri Ísals eru mjög háðar *rekstrarhagnaði* fyrirtækisins á komandi árum er rétt að gefa gaum að rekstrarlegri afkomu Ísals til þessa. Fyrirtækið hefur nú starfað í 16 ár sem er meira en helmingur af líftíma álbræðslu á borð við Ísal.

Hagnaður Ísals frá upphafi er rakinn í eftirfarandi töflu:

Tafla III.

Ár	Hagnaður (M.USD)	
1970	1.4	
1971	−1.9	
1972	−2.5	
1973	0.2	
1974	0.9	
1975	−5.9	
1976	1.6	
1977	1.7	
1978	2.0	
1979	5.6	
1980	5.5	
1981	−27.2	
1982	−33.2	
1983	−11.4	
1984	−0.6	
Meðaltal: 70–79	0.31	M.USD.
80–84	−13.4	M.USD.
70–84	− 4.25	M.USD.

Skýringar: Hagnaður fyrir skatt samkvæmt ársreikningum Ísals færður til dollaravirðis miðað við meðalgengi hvers árs.

Ekki verður sagt að þessi sögulega reynsla gefi tilefni til bjartsýni um hagnað Ísals í framtíðinni. Afkoman hefur í rauninni frekar farið versnandi en hitt. Áratugurinn 1970—79 var fremur hagstæður áliðnaði í heild. Á þessu skeiði var Ísal jafnframt nýtt og tæknilega frambærilegt álver. Samt var hagnaður fyrirtækisins á því tímabili aðeins 0,31 milljónir bandaríkjadala að jafnaði. Nú er álverið í Straumsvík hins vegar orðið gamalt og tiltölulega óhagkvæmt í rekstri þrátt fyrir nokkrar endurbætur. Framleiðni fyrirtækisins er því talsvert minni en áliðnaðarins í heild og samkeppnisstaða fyrirtækisins í samræmi við það. Um afkomu áliðnaðarins í heild á komandi árum ríkir hins vegar lítil bjartsýni. Almennt er talið að þessi iðngrein muni eiga við áframhaldandi kreppu að stríða enn um hríð og góðærið á tímabilinu 1960—70 og jafnvel þokkalegir áratugir eins og 1970—80 muni ekki endurtaka sig í fyrirsjáanlegri framtíð.

Í ljósi þessarar reynslu er ótrúlegt, svo að ekki sé meira sagt, að hagnaður Ísals muni vaxa um meira en 14.25 bandaríkjadali að jafnaði, miðað við rekstrarafkomuna fram að þessu, og verða þannig yfir 10 milljónir bandaríkjadala.

En það er einmitt við um 10 milljóna dollara árlegan hagnað sem *skilur á milli skattkerfanna* sem hér eru til umræðu. *Verði árlegur hagnaður undir 10 milljónum bandaríkjadala eru miklar líkur á að núgildandi skattstigi gefi hærri skatttekjur* en sá skattstigi sem tillaga er gerð um í frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Þetta kemur vel fram í töflu 1 hér að framan. Verði meðalhagnaður hins vegar *yfir 10 milljónum bandaríkjadala* eru hins vegar mestar líkur á að *síðarnefndi skattstiginn gefi meiri skatttekjur*. Minna verður á þau tækifæri sem Alusuisse hefur og mun hafa samkvæmt nýjum samningi til að hagræða bókhaldslegri afkomu Ísals. Ekki hefur a.m.k. vantað viljann í því efni hjá Alusuisse hingað til.

Reynslan af svipuðum framreikningi samningamanna ríkisins á rekstrarhagnaði Ísals við áþekk tækifæri á Alþingi 1966 og 1975 sýnir jafnframt tilhneigingu til óhóflegrar bjartsýni, bæði hvað varðar afkomu Ísals og skatttekjur Íslands.

Samspil nýrra fjárfestinga og hagnaðar.

Dæmið má einnig skoða frá annarri hlið. Í rekstrarhagfræðilegri greiningu er oft litið til þess hvaða hagnaður sé nauðsynlegur til að draga að nýja fjárfestingu og þar með stöðva frekari aukningu hagnaðar. Slíkir mælikvarðar hafa reynst traustir og haft mikið forsagnargildi. Spurningin er því sú hvaða meðalhagnaður í áliðnaði sé nauðsynlegur til að leiða til nýrrar fjárfestingar í álbræðslum og þar með stöðvunar á frekari hækkun álverðs og hagnaðar. Þegar til nokkurra ára er litið má fullvíst telja að meðalhagnaður í áliðnaði fari ekki upp fyrir þessi mörk. Jafnframt er afar líklegt að hagnaður Ísals, sem eins og fyrr segir er tiltölulega tæknilega óhagkvæmt fyrirtæki, verði undir téðum meðalhagnaði.

Miðað við stofnkostnað nýrra álvera má reikna út eftirfarandi samband á milli árlegs hagnaðar eftir afskriftir og meðalarðsemi fjármagns (miðað við raunvexti) sem bundið er í 85 þús. tonna árlegri afkastagetu í nýju álveri.

Tafla IV.

Árlegur hagnaður og arðsemi fjármagns í nýjum álverum

Hagnaður (millj. dollara)	Arðsemi %
0.0	0.0
1.0	1.3
2.0	2.6
3.0	3.9
4.0	5.2
5.0	6.5
6.0	7.8
7.0	9.1
8.0	10.5
9.0	11.8
10.0	13.1

Forsendur:

Þessi stofnkostnaður er talinn vera nálægt 3000 bandaríkjadölum á hvert árlegt afkastatonn í álveri án rafskautaverksmiðju. Miðað við 15 ára afskriftatíma og 25 ára líftíma er því meðalfjármagnsbindingin í 85 þús. tonna afkastagetu um 76,5 milljónir bandaríkjadala.

Þessar arðsemistölur eru fyllilega sambærilegar við fjármagnskostnað á lánamörkuðum. Þessi fjármagnskostnaður eða raunvextir eru nú yfirleitt á milli 4 og 5% eftir myntum og fer lækkandi.

Miðað við arðsemi í öðrum iðngreinum og gerð áliðnaðarins má því fullvíst telja að afkastageta yrði aukin áður en meðalhagnaður 85 þús. tonna afkastagetu næði 10 milljónum bandaríkjadala árlega. Sé það rétt er ljóst að meðalhagnaður 85 þús. tonna álbræðslna mun ekki fara yfir 10 milljónir bandaríkjadala á komandi árum. Með hliðsjón af tæknilegri stöðu Ísals mun meðalhagnaður fyrirtækisins væntanlega vera undir meðalhagnaði í áliðnaði í framtíðinni, sem fyrr segir.

Breyttar verðviðmiðanir.

Í samingnum að baki frumvarpinu felast gjörbreyttar verðviðmiðanir á helstu aðföngum og afurðum Ísals. Allt fram að breytingum skv. 3. viðauka, sem lögfestur var í nóvember 1984, var samningsbundin krafa gagnvart Alusuisse að „færa sér í nyt viðskiptasambönd sín ... aðstoða Ísal ... (og) leitast við að tryggja Ísal áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum, með *bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru*“ (grein 2.03 (c) í aðstoðarsamningi — „Rekstur“ —). Þetta ákvæði *kom til viðbótar* almennu kröfunni um armslengdarverð eins og þau tíðkast í viðskiptum milli óháðra aðila.

Svipuð ákvæði gilda um sölu afurða samkvæmt aðstoðarsamningi — „Sala“ — þar sem segir m.a.: „skal Alusuisse ávallt leggja sig fram ... við að láta í té alla ... aðstoð við sölu og dreifingu og við að fá *besta fáanlegt verð, kjör og skilyrði handa Ísal*“ (grein 6.01).

Fyrir kvaðir samkvæmt þessum samningum hefur Alusuisse fengið 2,2% tækniþóknun og 1,5% söluþóknun, hvort tveggja frádregið frá hagnaði Ísals fyrir skatt, og *ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á þeim greiðslum, þótt tilefnið hverfi að mestu út úr samningi.*

Í staðinn fyrir *bestu kjör* eru nú teknar upp *fastar verðviðmiðanir 5 ár fram í tímann* sem eiga að gefa eins konar *meðalverð* sem íslensk stjórnvöld geta lítil sem engin áhrif haft á. Þó er látið í veðri vaka að armslengdarákvæðin skv. grein 27.03 séu nú og áfram „grundvallarregla“ en ekkert minnst á bestu kjörin sem felld voru úr gildi með beinum hætti í fyrra varðandi hráefni og óbeint nú með föstum verðviðmiðunum varðandi söluverð á áli.

Í greinargerð með frv. má lesa eftirfarandi (bls. 30):

„Á hinn bóginn er það ekki ætlunin, að hin almenna regla verði tilefni til kröfu um endurskoðun hinna sérstöku viðmiðunarreglna oftar en á þeim 5 ára fresti, sem um ræðir í málsgr. 27.07, nema um annað yrði samið milli aðila, *heldur gildi sérreglurnar í öllum tilvikum þess á milli.*“

Þetta er býsna ótvírætt.

Hér verða gerðar nokkrar athugasemdir við hinar einstöku viðmiðanir.

Rafskaut. Sérkennilegasta ákvæði samninganna er um verðákvörðun á rafskautum. Áfram er gert ráð fyrir að þau komi frá *Aluchemie*, rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam. Í stað þess að verðið taki mið af bestu fáanlegum kjörum á það nú að svara til meðalverðs úr viðskiptum Alusuisse „frá rafskautaverksmiðjum þess í Evrópu til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse samkvæmt sölusamningum“ (grein 27.04 (a)). Viðkomandi kaupaðilar mega þó eiga allt að 15% í viðkomandi rafskautaverksmiðju.

„Verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skal fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, *sem Alusuisse tilnefnir* og hefur aðgang að bókum Alusuisse, *staðfesta* gagnvart ríkisstjórninni eftir lok ársins“ (grein 27.04 (c)).

Undirritaður gagnrýndi þessi ákvæði harðlega við 1. umræðu 25. nóvember s.l. og benti m.a. á eftirfarandi:

„Hér er vandlega og ótvírætt búið um hnútana. Enginn íslenskur aðili, hvorki ráðherra né ríkisstjórn eða tilkvaddur trúnaðaraðili á vegum íslenskra stjórnvalda, fær að sjá þau gögn sem rafskautaverðið sem kostnaðarliður hjá Ísal byggir á. Með lagasetningu á Alþingi Íslendinga á samkvæmt þessu að *samningsbinda ákvæði sem útiloka íslensk skattyfirvöld* frá því að sannreyna mikilvæga útgjaldaliði hjá stærsta einstöku fyrirtæki í landinu.“

Þessari gagnrýni svaraði *Gunnar G. Schram* alþingismaður og einn af þremur aðalsamninganefndarmönnum íslensku ríkisstjórnarinnar í viðræðunum við Alusuisse með svofelldum hætti í neðri deild 26. nóvember s.l.:

„Þeir samningar eru ekkert leyndarmál, þeir eru í vörslu Coopers & Lybrand, sem gerðir hafa verið og grandskoðaðir. Og það þýðir ekki að bera því við eins og gert var í deildinni í gær, að unnt sé að Alusuisse loki sínum bókum í þessu efni. Það er ekki rétt vegna

þess að hér er samið við þriðja aðila og þeir samningar eru *opinbert plagg*, þau verð *liggja fyrir og eru á lausu.*"

Þetta sagði lagaprófessorinn og samninganefndarmaðurinn Gunnar G. Schram.

Þegar ég bað *Albert Guðmundsson* iðnaðarráðherra að upplýsa hvert það rafskautaverð sé sem gert er ráð fyrir að komi út úr umræddri verðviðmiðun taldi hann sig ekki geta það: „Verð á hráefnum til Ísals er *viðskiptaleyndarmál* og því ekki hægt að tilgreina verð hér", sagði ráðherrann við umræðuna 26. nóvember s.l.

Í *iðnaðarnefnd* bað ég um að *fram yrðu lagðir rafskautasamningarnir* „sem eru á lausu" og samningamaður ríkisstjórnarinnar sagði vera „opinbert plagg"; en án árangurs. Samningarnir lágu nú að sögn Gunnars G. Schram aðeins á lausu „fyrir okkar trúnaðarmenn", þ.e. endurskoðendur ríkisstjórnarinnar. — En á það sjónarmið vildu *lögmenn* sem fyrir nefndina komu ekki einu sinni fallast. Endurskoðendur ríkisstjórnarinnar ættu *engan aðgang* að bókum Alusuisse né samningum Alusuisse við þriðja aðila. *Eiríkur Tómasson hrl.* taldi rétt okkar óbreyttan þannig að unnt væri að krefjast þess að fá að sjá slíka samninga um rafskaut í deilu fyrir alþjóðlegum gerðardómi, en *Ragnar Aðalsteinsson hrl.* taldi það *ekki þjóna lengur neinum tilgangi* því að búið sé að ákvarða samningslega forsendur verðsins og gerðardómur hafi ekkert lengur að segja um súráls- eða rafskautaverð. *Rafskautaverðið sé samkvæmt þessum samningi undanskilið öllum endurskoðunarákvæðum.* Endurskoðendum Alusuisse sé nægilegt að staðfesta rafskautaverðið með einföldu vottorði og engin fyrirmæli séu til staðar um forsendur þess vottorðs. Ragnar Aðalsteinsson hrl. sagði jafnframt að slíkir samningar milli fjölþjóðafyrirtækja og ríkisstjórna hafi ekki verið með öllu óþekktir fyrir 20—25 árum, en hafi ætíð vakið deilur og ættu nú að heyra sögunni til.

Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra greindi frá því við 1. umræðu um frv. að ein ástæðan fyrir því, að þessi leið var valin með rafskautaverðið nú, væri sú að óháð viðskipti með rafskaut hafi verið óveruleg á árunum 1975—1980 en hafi *aukist eftir það* og allmargir aðilar kaupi nú af Alusuisse. — Aðspurður upplýsti *Garðar Ingvarsson*, formaður undirnefndar samninganefndar um stóriðju, að sölur Alusuisse á rafskautum til óháðra aðila hafi á árunum *1976—1980 numið samtals 412 þús. tonnum* en *1981—1985 479 þús. tonnum, þ.e. vaxið um aðeins 14%*. Í ár yrðu slík viðskipti væntanlega 118 þús. tonn og á árunum 1986—1990 764 þús. tonn, sagði Garðar Ingvarsson.

Með því sem hér hefur verið rakið fellur upphaflegur framburður stuðningsmanna frumvarpsins varðandi rafskautaverð, samninga um rafskaut og um endurskoðunarmöguleika íslenskra stjórnvalda á rafskautaverðinu *dauður og ómerkur* eftir skoðun á málavöxtum fyrir iðnaðarnefnd deildarinnar: *Alusuisse hefur, ásamt endurskoðendum sem það tilnefnir, verðið í hendi sér án þess að íslensk stjórnvöld komi þar nokkrum vörnum við.*

Súrál. Um verðviðmiðun á súráli gildir ákveðið hlutfall, 1:8 eða 12,5% af heimsmarkaðsverði á áli að viðbættum löndunarkostnaði á álhleifum í Rotterdam.

Menn getur greint á um, hvort þetta hlutfall sé líklegt til að endurspegla verðþróun á súráli miðað við bestu kjör og viðskipti óháðra aðila á næstu 5 árum.

Eins og stendur er framboð mun meira á súráli í heiminum en eftirspurn og verð hefur fallið um 12,5% að meðaltali á heimsmarkaði milli áranna 1984 og 1985 (Metal Bulletin, 22. nóv. 1985) og var skv. sömu heimild talið vera um 180 dollarar á tonn (cif) á öðrum ársfjórðungi 1985. Hins vegar er mikið um sölu á súráli á *miklu lægra verði* um þessar mundir, eða á 120—130 dollara tonnið í samningum til miðlungstíma (medium-term contracts). Á „spot-markaði" selst súrálið nú að sögn Metal Bulletin (22. nóv. 1985) á 85—90 dollara tonnið sem er talið langtum lægra en nægir fyrir rekstrarkostnaði súrálsverksmiðju.

Athyglisverðar eru í þessu samhengi upplýsingar sem fram hafa komið í Metal Bulletin og víðar um *tilboðsverð á súráli* á síðasta hausti á vegum stórrar álbræðslu, „Egyptalum", í

Egyptalandi. Um þetta er fjallað í fréttatilkynningu frá Austraswiss dótturfyrirtæki Alusuisse í Ástralíu 17. okt. 1985, þar sem segir m.a.:

„In 1968 we entered into a contract with the Federal government which, among other things, set out the pricing formula for sales of alumina from Gove. There is no such thing as a single alumina price. Ours is a cost-plus pricing arrangement. Pricing of alumina is complicated and is affected by many variables. Some indication of the range of alumina prices is provided by the recent tenders for the supply of 250.000 tonnes a year of alumina to Egyptalum for five years. The smelter is independent of alumina suppliers and initial tenders are reported to have ranged from US$129 to US$146 per tonne f.o.b."

„The buyers are reported to have sought negotiations to reduce the price to around US$85—US$90. So the range of prices in this instance is from US$85 to at least US$146. There could have been higher prices not disclosed by the buyer," said Mr. Powell."

Hér er um að ræða tilboð í 250 þús. tonn af súráli á ári til 5 ára. Þessi óháði aðili er sagður hafa fengið tilboð á bilinu 129—146 bandaríkjadalir á tonn fob og síðan leitað eftir viðræðum um að tilboðsaðilar lækki verðið niður í 85—90 dollara á tonn. Þannig er verðbilið frá 85—146 dollurum á tonn í þessu tilviki þar sem um er að ræða samning til 5 ára, sem er sami tími og menn eru að binda sig í hlutfallinu 1:8 gagnvart Ísal. Miðað við þetta dæmi frá Egyptalum og mikið offramboð á súráli virðist þetta hlutfall *ekki hagstætt fyrir hagsmuni íslenska ríkisins* og hefði átt að vera unnt að ná mun hagstæðari útkomu við þessar aðstæður, t.d. hugsanlega 1:10 eða þaðan af lægra.

Vert er að hafa í huga í þessu sambandi ákvæðin um *bestu kjör* á hráefnum til Ísals sem í gildi voru þar til fyrir ári og ummæli forstjóra Austraswiss um súrálsverð hér að ofan.

Almennt má telja að fast ál/súráls skiptahlutfall *dragi mjög úr líkum á miklum hagnaði hjá álverinu og þar með á háum skatttekjum til Íslands þegar söluverð á áli er hátt*. Til lengri tíma litið má búast við að þessi tilhögun dragi úr skatttekjum af rekstri Ísals og þá miðað við *virkt aðhald* samkvæmt gildandi kerfi og ákvæðin um *bestu kjör* á hráefnum.

Að sögn íslensku samninganefndarmannanna liggur armslengdarverð á bilinu 1:7,5—8,5. Munur um 0,5 í þessu hlutfalli svarar til um 2 milljóna bandaríkjadala árlega. Sjá menn af því hve ákvæðið um bestu kjör skiptir miklu máli fyrir íslenska hagsmuni.

Í iðnaðarnefnd neðri deildar var spurst fyrir um hvers vegna *súrálið* skv. grein 27.03 væri verðlagt *við hafnarbakka* í Straumsvík en *ál* hins vegar *komið í land* í Rotterdam. Því var svarað til af fulltrúum iðnaðarráðuneytisins, að hér hefði verið farið að óskum Alusuisse. Löndunarkostnaður per tonn af áli hafi skv. upplýsingum frá Ísal numið 6,75 flórínum, þannig að þetta hafi sáralítil áhrif á verðhlutfallið 1:8. Þó er það Íslandi í óhag og sýnir eitt með öðru hvernig Alusuisse heldur utan um aurana sín megin.

Ál. Verðformúlan sem söluverð á áli á að reiknast eftir er hin sama og um var samið í fyrra til viðmiðunar vegna raforkuverðs, þar sem stigið var ákvarðandi skref í að tengja raforkuverðið við afkomu í áliðnaði. Hefur *raforkuverðið* síðan verið í algjöru lágmarki, *12,5 millidalir óverðtryggt* vegna hins lága verðs á áli allt þetta ár, þvert ofan í spár sérfræðinga og fullyrðingar talsmanna raforkusamningsins um hækkun á álverði.

Af þeim fjórum verðviðmiðunum sem varða ársfjórðungslegt verð á áli inn í reikninga Ísals skv. grein 26.01 er það aðeins ein ASIP, (þ.e. helmingur meðaltalsins af sölu frá Alusuisse til óháðra viðskiptavina plús helmingur af sölu tveggja álbræðslna Alusuisse í Vestur-Þýskalandi til óháðra viðskiptavina) sem gert er ráð fyrir heimild til að sannprófa skv. grein 26.02. Hitt eru fastar verðskráningar, meðaltöl á grundvelli lista sem birtist í tímaritum.

Athygli vekur það fyrirkomulag sem taka á upp um endurskoðun á ASIP skv. 26.02. Í stað alþjóðlegs endurskoðanda, sem ríkisstjórnin hefur verið einráð um að velja hingað til og greitt kostnað af, á nú að fá *samþykki Alusuisse fyrir því hvaða endurskoðandi er ráðinn.*

Hins vegar á íslenska ríkið að sitja uppi með kostnaðinn í öllum tilvikum nema þegar athugasemdir eru gerðar. Þá skal Alusuisse „bera þann hluta kostnaðarins af þeirri endurskoðun sem heimfæra má til þess ársfjórðungs er mismunurinn varð á." Sem sagt Alusuisse borgar því aðeins endurskoðun *að hluta* að fyrirtækið sé staðið að misferli! „*Aldrei* skal útreikningur á ASIP fyrir neinn almanaksársfjórðung endurskoðaður þannig oftar en einu sinni." Íslenska ríkið ber kostnaðinn, Alusuisse eignast hlut í endurskoðandanum og tryggir samningslega að *aldrei* sé hægt að fara ofan í saumana á uppgjöri fyrirtækisins aftur í tímann.

Sennilega fellur þessi tilhögun undir þá staðhæfingu í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 24) að megintilgangur samningsins frá 11. nóvember „sé að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni". Sá ljóður er hins vegar á útfærslu á þessu markmiði að öryggið liggur Alusuisse megin og deiluefnum fækkar m.a. vegna þess að íslensk stjórnvöld eru útilokuð frá endurskoðun á verðforsendum samkvæmt samningi.

Tvísýn endurskoðunarákvæði.

Með þeim breytingum, sem gerðar voru á endurskoðunarákvæðum með 3. viðauka fyrir ári og stefnt er að með 4. viðauka við álsamningana skv. fyrirliggjandi frumvarpi, gerist einkum þrennt:

1. Þrengt er verulega að árlegri endurskoðun ársreikninga Ísals, hvað snertir umfang og svigrúm til athugasemda.
2. Ísland afsalar sér rétti til skattmats gagnvart fyrri árum og viðurlög við skattsvikum eru engin samkvæmt ákvæðum samningsins.
3. Endurskoðun á mikilvægustu aðföngum álversins (súráli og rafskautum) og afurðum þess (hrááli) er að mestu úr sögunni nema opnað er fyrir heimild á 5 ára fresti til að leita eftir leiðréttingu á umsömdum verðviðmiðunum.

Það afsal réttinda, sem felst í lið 2, sést best af reynslu liðinna ára, þar sem með mikilli fyrirhöfn tókst að komast að svikamyllu Alusuisse varðandi hráefni mörg ár aftur í tímann. Viðbrögð stjórnvalda í Ástralíu, sem segja má að hafi fetað í spor íslenskra stjórnvalda og hafa nú sent Austraswiss háa bakreikninga sjö ár aftur í tímann, segja sína sögu um hvernig Ástralía sem fullvalda ríki nýtir rétt sinn til skattmats. Ísland stígur á sama tíma stórt skref til baka í réttarfarslegu tilliti. Fullvíst má telja að það hafi fordæmisgildi gagnvart öðrum erlendum stórfyrirtækjum sem stjórnvöld reyna nú að lokka til fjárfestinga hérlendis.

Í iðnaðarnefnd neðri deildar var það staðfest sem raunar má lesa út úr athugasemdum með frumvarpinu að armslengdarviðmiðunin er orðin gagnslaus gagnvart mikilvægustu rekstrarliðum hjá álverinu, nema þá í tengslum við óskir um breytingar á verðformúlum á 5 ára fresti og þá fram í tímann.

Um árlegan endurskoðunarrétt á rafskautum hefur þegar verið rætt — hann er enginn Íslands megin. Ársfjórðungsleg endurskoðunarákvæði gagnvart einum þætti af fjórum í verðákvörðun á hrááli eru afar takmörkuð. Súrálsverðhlutfallið er fast til 5 ára í senn.

Telja verður að það sé almennt til bóta að fá inn heimild til endurskoðunar á samning þar sem engin slík ákvæði voru fyrir. Hins vegar er vafamál að æskilegt sé að binda slík ákvæði við fasta tímaviðmiðun eins og 5 ár. Betra væri að aðilum sé skylt að setjast niður til að endurskoða samningsgrundvöll hvenær sem annar hvor óskar þess og breytingar hafa orðið á aðstæðum. Þó ber vissulega að hafa í huga einstæða þrákelkni þess fjölþjóðafyrirtækis sem hér á í hlut.

Þegar litið er á þau nýmæli sem felast í grein 27.07 sést að *þar er um afar þröng endurskoðunarákvæði að ræða.* Sé ekki samningsvilji til staðar hjá aðilum, og þar mun fyrst og fremst reyna á Alusuisse, er í lófa lagið að *draga mál á langinn og tefja* fyrir að niðurstaða fáist. Lögmenn sem komu á fund iðnaðarnefndar voru sammála um að ef reyndi á

gerðardómsmeðferð samkvæmt samningsákvæðum væri hér um fleiri ár að tefla, þeir bjartsýnustu nefndu 2 ár (Hjörtur Torfason), aðrir 3 (Eiríkur Tómasson), þeir svartsýnustu 6 ár (Ragnar Aðalsteinsson). Sá síðastnefndi talaði um 3 ár, *ef* vilji væri til samninga og samvinnu milli aðila. *Ragnar Aðalsteinsson* benti á mikinn kostnað við gagnaöflun og málarekstur. Það væri misskilningur að sá farvegur, sem hér er markaður, sé kostnaðarminni en fyrri aðferðir. *Þvert á móti stefndi í að allt yrði þetta kostnaðarmeira* fyrir ríki sem halda vildi rétti sínum til haga. *Halldór J. Kristjánsson* deildarstjóri taldi hins vegar að kostnaðarminna ætti að vera að endurskoða verðviðmiðanir aðeins á 5 ára fresti en að halda fyrirtækinu árlega við efnið til að forðast hækkun í hafi („transfer pricing"). Þó yrði að leggja áherslu á að afla gagna jafnt og þétt til að búa sig undir viðræður til 5 ára að nýju.

Í ljósi þess, sem fram kom í nefndinni og lesa má út úr samningnum, *telur undirritaður að vísa verði á bug þeim staðhæfingum sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu* að með þessum samningi sé „lagður grundvöllur að *traustri framkvæmd* á skattamálum Ísals vegna núverandi álbræðslu og teknar upp nýjar reglur í því skyni, er verða munu til *mikillar einföldunar og sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði* við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt munu þær *draga stórlega úr líkum á deilum* eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum", segir þar (bls. 28). Allar eru þessar fullyrðingar fjarstæðukenndar og órökstuddar. Lætur nærri að í hverri þeirra felist *öfugmæli* sem rétt væri að snúa við, vilji menn horfast í augu við veruleikann á bak við samningsákvæði 3. og nú 4. viðauka við álsamninginn frá 1966.

Varasjóður.

Á varasjóðsákvæðunum er gerð sú breyting að Ísal er nú heimilt að ráðstafa hagnaði í skattfrjálsan varasjóð *eftir að* viðkomandi rekstrarári er lokið, eða allt til þess tíma að ríkisstjórnin og Alusuisse hafa náð endanlegu samkomulagi um skattskyldar tekjur viðkomandi árs.

Því hefur ítrekað verið haldið fram af talsmönnum þessa samnings að *Ísal hafi nú ekki heimild til að færa tap milli ára. Þetta er enn ein blekkingin.* Á hvaða ári sem er getur Ísal eytt varasjóðnum að því einu tilskildu að hann bætist við skattskyldan hagnað (eða tap) á því ári. Þegar svo háttar til að afkoman er neikvæð, eins og algengt er í áliðnaði, *getur Ísal auðveldlega flutt varasjóðinn til móðurfyrirtækisins Alusuissse* án þess að greiða af honum skatt.

Til bóta má hins vegar telja að varasjóðurinn verður verðtryggður samkvæmt ákvæðum samningsins.

Þrátt fyrir það geta varasjóðsákvæðin samkvæmt 3. og 4. viðauka, svo fremi Ísal notfæri sér þau eins og fullvíst má telja, orðið til þess að lækka skatttekjur ríkisins af rekstri Ísals, jafnvel verulega.

Endurmat á Ísal „viðkvæmt trúnaðarmál".

Frumvarpið felur í sér veruleg afskriftafríðindi til handa Ísal sem fær leyfi til viðbótarafskrifta upp á 25 milljónir bandaríkjadala að kröfu Alusuisse. Þetta er í raun leyfi til tvöfaldra afskrifta, því að umræddir fjármunir hafa verið afskrifaðir áður samkvæmt sérstökum afskriftafríðindum Ísals í upphaflegum samningi. Auk þess er afskriftatíminn nú lengdur sem er einnig í samræmi við hagsmuni Alusuisse þar eð ólíklegt verður að teljast eins og nú horfir að hagnaður Ísals verði mikill á allra næstu árum þegar afskriftum ætti að ljúka samkvæmt gildandi samningi. Í honum eru afskriftir Ísals bundnar við tiltekna áfanga í byggingu verksmiðjunnar, en í fyrirliggjandi 4. viðauka virðist hins vegar vera gert ráð fyrir margvíslegum auknum afskriftaheimildum eins og í 27.02 (b). Gætu þær hæglega lækkað skattskyldan hagnað Ísals á komandi árum.

Í iðnaðarnefnd neðri deildar spurðist undirritaður fyrir um hvernig að endurmati á fastafjármunum Ísals hefði verið staðið og hvernig niðurstaðan, 89 milljónir bandaríkjadala, sé fengin. Fulltrúar iðnaðarráðuneytis og samninganefndar um stóriðju sögðu endurmatið tilkomið að kröfu Alusuisse og *væri það viðkvæmt trúnaðarmál. Ísal* hafi í árslok 1984 beðið ráðgjafarfyrirtækið American Appraisal um matið og *er það þannig unnið einhliða af aðila sem Alusuisse velur til verksins.* Skýrsla ráðgjafarfyrirtækisins væri algjört trúnaðarmál. Að sögn talsmanna iðnaðarráðuneytisins var enginn aðili á vegum íslenskra stjórnvalda fenginn til að vinna slíkt mat til samanburðar, en látið nægja að fá erlendan aðila til að veita *óformlega* umsögn. *Nafn þess aðila fékkst ekki uppgefið* í iðnaðarnefnd — einnig það var lokað trúnaðarmál.

Hins vegar vottaði *Stefán Svavarsson* endurskoðandi og einn af fulltrúum í undirnefnd að hann teldi að skýrsla American Appraisal væri „fagmannlega unnin" (fylgiskjal VII).

Það kom hins vegar skýrt fram hjá fulltrúum íslensku samninganefndarinnar að *niðurstaðan, 89 milljónir bandaríkjadala, væri á þeirra ábyrgð og nánast samningsatriði.* Ísal hafi lagt fram viðbótarskýrslu og óskað eftir að fastafjármunir fyrirtækisins yrðu metnir á 105 milljónir bandaríkjadala, þ.e. 16 milljónum dala hærra en kom fram hjá American Appraisal, og þeirri tölu muni verða haldið inni í bókhaldi Ísals, eins og raunar kom fram í ræðu iðnaðarráðherra á Alþingi 20. nóv. s.l. *Alusuisse ríghélt sér hins vegar í töluna 89 milljónir dala* og varð ekki hnikað að sögn íslensku samninganefndarmannanna. Ber að hafa í huga að *engin sjálfstæð úttekt* var gerð á fastafjármunum Ísals á vegum íslenskra stjórnvalda þannig að *staðan var engin* þeirra megin til að knýja fram breytingar.

Endurfjármögnun Ísals.

Mikið er gert úr því í athugasemdum með frumvarpinu að Alusuisse hefur í ár lagt Ísal til eigið fé að upphæð 40 milljónir dala og lækkað skuldir álbræðslunnar sem því nemur. Á undanförnum árum hefur ræki lega verið vakin athygli á afar veikri eiginfjárstöðu Ísals og telja verður að Alusuisse hefði orðið að bæta úr í þessu efni án nýrra ákvæða í samningi.

Vissulega er greiðsla sem þessi spor í rétta átt til að draga úr óhóflegum vaxtakostnaði Ísals en varast ber að leggja of mikið upp úr þessari aðgerð sem framkvæmd er í eitt skipti. Alusuisse hefur ýmsar leiðir til að endurheimta þetta fé, a.m.k. að verulegu leyti með fjármálalegum aðgerðum, ef fyrirtækinu býður svo við að horfa.

Ef breyttar afskriftareglur eru vegnar á móti umræddri aukningu hlutafjár kemur í ljós að ekki er um stórvægilega breytingu að ræða á heildina litið úr þessum tveimur þáttum.

Rafskautaverksmiðja — engin hagkvæmniathugun.

Í „bréfi um samkomulag" frá 5. nóv. 1984 sem fylgdi 3. viðauka segir m.a.:

„Eigi síðar en 1. janúar 1985 mun Alusuisse hefjast handa um forathugun á hagkvæmni þess að koma upp rafskautaverksmiðju við bræðsluna sjálfa í samræmi við málsgrein 2.4 í bráðabirgðasamningnum."

Á fundum iðnaðarnefndar neðri deildar hefur verið innt eftir efndum á þessu ákvæði. Þar hafa fulltrúar iðnaðarráðherra upplýst að *ekkert hafi verið að gert til að standa við þetta samkomulag.* Segir það sína sögu um hvernig Alusuisse metur slíkar bókanir og loforð gagnvart íslenskum stjórnvöldum.

Hér er leitað staðfestingar Alþingis á 4. viðauka við álsamninginn frá 1966. Sá samningur var í upphafi afar slæmur fyrir Ísland þótt þeir sem að honum stóðu hafi getað fært fram sér til málsbóta að um frumraun hafi verið að ræða á þessu sviði. Síðan hafa þrívegis verið gerðar breytingar á samningnum, þ.e. 1969, 1975 og 1984. Með engri þeirra hefur íslenskum samningamönnum tekist að bæta fyrir það sem hallaði á Ísland í upphafi. Þó

ættu menn að vera reynslunni ríkari, m.a. eftir 2. viðauka frá árinu 1975. Þá töldu íslenskir samninganefndarmenn með Jóhannes Nordal og Steingrím Hermannsson í fararbroddi sig hafa náð miklum árangri, bæði varðandi raforkuverð og skatta. Þegar ríkisendurskoðun gerði á því tölulega úttekt fyrir iðnaðarráðuneytið í ársbyrjun 1983 *hvað tapast hefði* vegna breyttra skattareglna á árunum 1975—1982 kom í ljós að sú upphæð var ívið hærri en greiðslur vegna hækkunar á raforkuverði á sama tíma. Önnur atriði voru öll hagstæð Alusuisse svo að *heildarniðurstaðan var ótvírætt Alusuisse í vil.*

Því miður stefnir í sömu niðurstöðu út úr 3. viðauka sem lögfestur var fyrir ári, að viðbættum hinum fjórða sem ríkisstjórnin leitar hér staðfestingar á. *Enn er það á valdi Alþingis að skakka þennan leik.* Því hvet ég alþingismenn til að kynna sér rækilega fyrirliggjandi samning og sameinast um að fella frumvarpið.

Alþingi, 10. des. 1985.

Hjörleifur Guttormsson.

Fylgiskjal I.

RÍKISENDURSKOÐUN

Hr. alþingismaður
Hjörleifur Guttormsson,
Alþingi. 19. nóv. 1985.

Að beiðni yðar, hr. alþingismaður, hefur ríkisendurskoðunin yfirreiknað tvær töflur varðandi skattgreiðslur Ísals, samanburð á þeim reglum sem gilt hafa og þeim sem nýlega hefur verið samið um að gilda eigi frá og með 1. janúar 1985.

Ekki verður annað séð en að útreikningur í nefndum töflum sé réttur.

Mismunur sá, sem er á þessum útreikningum og á útreikningi, sem fylgdi minnisblaði ríkisstjórnarinnar frá 17. júlí í sumar, er ekki skýrður, nema verið geti um mismunandi upphækkanir á aukastöfum að ræða.

F. h. r.

Halldór V. Sigurðsson.

Sveinn Arason.

Tafla 1

Skattgreiðslur Ísal. Samanburður núgildandi og nýrra reglna. 20% í Varasjóð í báðum tilvikum. Framleiðsla 85 þús. tonn á ári.

Skattgreiðslur (M.USD)

Núgildandi samningar
Álverð (cent/lbs)

Hagnaður USD	50	70	100	200	Nýtt samk.lag*
-2.5	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
0.0	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
2.5	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
5.0	2.1.	2.2.	2.2.	2.2	1.7
7.5	2.1	2.7	3.3	3.3	2.1
10.0	2.8	2.8	3.5	4.4	2.9
12.5	3.5	3.5	3.5	5.5	3.7
15.0	4.2	4.2	4.2	6.0	4.5
17.5	4.9	4.9	4.9	6.0	5.4

*Athugið, að síðari tölur í þessum dálki eru heldur lægri en þær, sem birtar voru í minnisgrein Iðnaðarráðuneytisins frá 17.7. 1985. Munurinn er enn óskýrður.

Tafla 2

Skattgreiðslur Ísal. Samanburður núgildandi og nýrra reglna. Ekkert í varasjóð samkvæmt gildandi reglum, en 20% samkvæmt nýjum reglum.
Framleiðsla 85 þús. tonn á ári.

Skattgreiðslur (M.USD)
Núgildandi samningar
Álverð (cent/lbs)

Hagnaður USD	50	70	100	200	Nýtt Samk.lag*
-2.5	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
0.0	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
2.5	1.7	1.7	1.7	1.7	1.7
5.0	2.1	2.7	2.7	2.7	1.7
7.5	2.6	2.7	3.5	4.1	2.1
10.0	3.5	3.5	3.5	5.5	2.9
12.5	4.4	4.4	4.4	6.0	3.7
15.0	5.3	5.3	5.3	6.0	4.5
17.5	6.1	6.1	6.1	6.1	5.4

*Athugið, að síðustu tölurnar í þessum dálki eru heldur lægri en þær, sem birtar voru í minnisgrein Iðnaðarráðuneytisins frá 17.7. 1985. Munurinn er enn óskýrður.

Fylgiskjal II.

FRAMLEIDSLUMAGN ER: 85.0 ÞÚS. TONN
20% HAGNAÐAR I SKATTFRJÁLSAN VARASJÓÐ

NÚGILDANDI SKATTKERFI

SKATTUR I M.USD

HAGN	ALVERÐ (USD/PUND)										
M.USD	0.50	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90	0.95	1.00
0.00	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
0.50	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
1.00	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
1.50	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
2.00	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
2.50	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
3.00	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
3.50	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70	1.70
4.00	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76
4.50	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98
5.00	2.08	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20
5.50	2.08	2.25	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42
6.00	2.08	2.25	2.42	2.57	2.64	2.64	2.64	2.64	2.64	2.64	2.64
6.50	2.08	2.25	2.42	2.57	2.72	2.85	2.86	2.86	2.86	2.86	2.86
7.00	2.08	2.25	2.42	2.57	2.72	2.85	2.98	3.08	3.08	3.08	3.08
7.50	2.10	2.25	2.42	2.57	2.72	2.85	2.98	3.10	3.23	3.30	3.30
8.00	2.24	2.25	2.42	2.57	2.72	2.85	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
8.50	2.38	2.38	2.42	2.57	2.72	2.85	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
9.00	2.52	2.52	2.52	2.57	2.72	2.85	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
9.50	2.66	2.66	2.66	2.66	2.72	2.85	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
10.00	2.80	2.80	2.80	2.80	2.80	2.85	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
10.50	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.98	3.10	3.23	3.36	3.49
11.00	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.10	3.23	3.36	3.49
11.50	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.23	3.36	3.49
12.00	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.49
12.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50
13.00	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64
13.50	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78
14.00	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92
14.50	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06
15.00	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20

NYTT SKATTKERFI

HAGN M.USD	SKATTUR M.USD
0.00	1.70
0.50	1.70
1.00	1.70
1.50	1.70
2.00	1.70
2.50	1.70
3.00	1.70
3.50	1.70
4.00	1.70
4.50	1.70
5.00	1.70
5.50	1.70
6.00	1.70
6.50	1.82
7.00	1.96
7.50	2.10
8.00	2.25
8.50	2.41
9.00	2.57
9.50	2.73
10.00	2.89
10.50	3.05
11.00	3.21
11.50	3.37
12.00	3.53
12.50	3.69
13.00	3.85
13.50	4.01
14.00	4.17
14.50	4.33
15.00	4.49

MISMUNUR SKATTKERFA:
SKATTUR SAMKVÆMT NÝJU SKATTKERFI - SKATTUR SAMKVÆMT GILDANDI SKATTKERFI

HAGN	ALVERÐ (USD/PUND)										
M.USD	0.50	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90	0.95	1.00
0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
0.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
4.00	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06	-0.06
4.50	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28	-0.28
5.00	-0.38	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50	-0.50
5.50	-0.38	-0.55	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72	-0.72
6.00	-0.38	-0.55	-0.72	-0.87	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94	-0.94
6.50	-0.26	-0.43	-0.60	-0.75	-0.90	-1.03	-1.04	-1.04	-1.04	-1.04	-1.04
7.00	-0.12	-0.29	-0.46	-0.61	-0.76	-0.89	-1.02	-1.12	-1.12	-1.12	-1.12
7.50	0.00	-0.15	-0.32	-0.47	-0.62	-0.75	-0.88	-1.00	-1.13	-1.20	-1.20
8.00	0.01	-0.01	-0.18	-0.32	-0.47	-0.60	-0.73	-0.86	-0.98	-1.11	-1.24
8.50	0.03	0.03	-0.02	-0.16	-0.31	-0.44	-0.57	-0.70	-0.82	-0.95	-1.08
9.00	0.05	0.05	0.05	0.00	-0.15	-0.28	-0.41	-0.54	-0.66	-0.79	-0.92
9.50	0.07	0.07	0.07	0.07	0.01	-0.12	-0.25	-0.38	-0.50	-0.63	-0.76
10.00	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.04	-0.09	-0.22	-0.34	-0.47	-0.60
10.50	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.07	-0.05	-0.18	-0.31	-0.44
11.00	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.11	-0.02	-0.15	-0.28
11.50	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.14	0.01	-0.12
12.00	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.04
12.50	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19
13.00	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21
13.50	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23
14.00	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25
14.50	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27
15.00	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29

Fylgiskjal III.

FRAMLEIÐSLUMAGN ER: 75.0 ÞÚS. TONN
20% HAGNAÐAR Í SKATTFRJÁLSAN VARASJÓÐ

NÚGILDANDI SKATTKERFI

SKATTUR Í M.USD

HAGN	ALVERÐ (USD/PUND)										
M.USD	0.50	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90	0.95	1.00
0.00	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
0.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
1.00	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
2.00	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
2.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
3.00	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50	1.50
3.50	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54	1.54
4.00	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76	1.76
4.50	1.84	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98	1.98
5.00	1.84	1.99	2.14	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20	2.20
5.50	1.84	1.99	2.14	2.27	2.40	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42	2.42
6.00	1.84	1.99	2.14	2.27	2.40	2.51	2.63	2.64	2.64	2.64	2.64
6.50	1.84	1.99	2.14	2.27	2.40	2.51	2.63	2.74	2.85	2.86	2.86
7.00	1.96	1.99	2.14	2.27	2.40	2.51	2.63	2.74	2.85	2.96	3.08
7.50	2.10	2.10	2.14	2.27	2.40	2.51	2.63	2.74	2.85	2.96	3.08
8.00	2.24	2.24	2.24	2.27	2.40	2.51	2.63	2.74	2.85	2.96	3.08
8.50	2.38	2.38	2.38	2.38	2.40	2.51	2.63	2.74	2.85	2.96	3.08
9.00	2.52	2.52	2.52	2.52	2.52	2.52	2.63	2.74	2.85	2.96	3.08
9.50	2.66	2.66	2.66	2.66	2.66	2.66	2.66	2.74	2.85	2.96	3.08
10.00	2.80	2.80	2.80	2.80	2.80	2.80	2.80	2.80	2.85	2.96	3.08
10.50	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.94	2.96	3.08
11.00	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08	3.08
11.50	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22	3.22
12.00	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36	3.36
12.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50	3.50
13.00	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64	3.64
13.50	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78	3.78
14.00	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92	3.92
14.50	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06	4.06
15.00	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20	4.20

NYTT SKATTKERFI

HAGN M.USD	SKATTUR M.USD
0.00	1.50
0.50	1.50
1.00	1.50
1.50	1.50
2.00	1.50
2.50	1.50
3.00	1.50
3.50	1.50
4.00	1.50
4.50	1.50
5.00	1.50
5.50	1.54
6.00	1.68
6.50	1.82
7.00	1.96
7.50	2.10
8.00	2.25
8.50	2.41
9.00	2.57
9.50	2.73
10.00	2.89
10.50	3.05
11.00	3.21
11.50	3.37
12.00	3.53
12.50	3.69
13.00	3.85
13.50	4.01
14.00	4.17
14.50	4.33
15.00	4.49

MISMUNUR SKATTKERFA:
SKATTUR SAMKVÆMT NÝJU SKATTKERFI - SKATTUR SAMKVÆMT GILDANDI SKATTKERFI

HAGN	ALVERÐ (USD/PUND)										
M.USD	0.50	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90	0.95	1.00
0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
0.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
1.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
2.50	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00	0.00
3.50	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04	-0.04
4.00	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26	-0.26
4.50	-0.34	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48	-0.48
5.00	-0.34	-0.49	-0.64	-0.70	-0.70	-0.70	-0.70	-0.70	-0.70	-0.70	-0.70
5.50	-0.30	-0.45	-0.60	-0.73	-0.86	-0.88	-0.88	-0.88	-0.88	-0.88	-0.88
6.00	-0.16	-0.31	-0.46	-0.59	-0.72	-0.83	-0.95	-0.96	-0.96	-0.96	-0.96
6.50	-0.02	-0.17	-0.32	-0.45	-0.58	-0.69	-0.81	-0.92	-1.03	-1.04	-1.04
7.00	0.00	-0.03	-0.18	-0.31	-0.44	-0.55	-0.67	-0.78	-0.89	-1.00	-1.12
7.50	0.00	0.00	-0.04	-0.17	-0.30	-0.41	-0.53	-0.64	-0.75	-0.86	-0.98
8.00	0.01	0.01	0.01	-0.02	-0.15	-0.27	-0.38	-0.49	-0.60	-0.72	-0.83
8.50	0.03	0.03	0.03	0.03	0.01	-0.11	-0.22	-0.33	-0.44	-0.56	-0.67
9.00	0.05	0.05	0.05	0.05	0.05	0.05	-0.06	-0.17	-0.28	-0.40	-0.51
9.50	0.07	0.07	0.07	0.07	0.07	0.07	0.07	-0.01	-0.12	-0.24	-0.35
10.00	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.09	0.04	-0.08	-0.19
10.50	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.11	0.09	-0.03
11.00	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13	0.13
11.50	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15	0.15
12.00	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17	0.17
12.50	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19	0.19
13.00	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21	0.21
13.50	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23	0.23
14.00	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25	0.25
14.50	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27	0.27
15.00	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29	0.29

Fylgiskjal IV.

SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU

10.12.1985

ÁHRIF SKATTSTOFNSBREYTINGAR Á NOKKUR DÆMI UM AFKOMU OG SKATTGREIÐSLUR ÍSALS MIÐAÐ VIÐ MISMUNANDI ÁLVERÐ, DAGS. 3. DESEMBER 1985.

Allar tölur í milljónum dala, nema álverð.
Munað getur einum í aukastaf vegna skerðingar.

Framleiðslumagn, tonn 85000

Álverð, cent á pund:	40	45	50	55	60	65	70	75	80	90	100	110	150	200
Söluverðmæti með álagi	75,4	84,8	94,3	103,7	113,1	122,5	132,0	141,4	150,8	169,7	188,5	207,4	282,8	377,0
Sölukostnaður	3,4	3,8	4,2	4,7	5,1	5,5	5,9	6,4	6,8	7,6	8,5	9,3	12,7	17,0
Framleiðslukostnaður	69,9	73,6	77,4	81,2	85,4	90,0	94,6	99,3	104,0	113,3	122,6	130,2	160,1	197,5
Þóknun v/tækniaðstoðar	1,6	1,8	2,0	2,2	2,4	2,6	2,8	3,0	3,2	3,6	4,0	4,4	5,9	7,9
Afskriftir og vextir	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9
Hagnaður fyrir skatt	-12,4	-7,3	-2,3	2,8	7,4	11,6	15,7	19,8	24,0	32,3	40,6	50,6	91,1	141,7
Varasjóðstillag	,0	,0	,0	,6	1,5	2,3	3,1	4,0	4,8	6,5	8,1	10,1	18,2	28,3
Skattskyldur hagnaður skv.nýjum skattstofni	-12,4	-7,3	-2,3	2,2	5,9	9,2	12,6	15,9	19, 2	25,8	32,5	40,5	72,9	113,4
Breyting á skattstofni	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8
Hagnaður fyrir skatt	-22,2	-17,1	-12,1	-7,0	-2,4	1,8	5,9	10,0	14,2	22,5	30,8	40,8	81,3	131,9
Varasjóðstillag	,0	,0	,0	,0	,0	0,4	1,2	2,0	2,8	4,5	6,2	8,2	16,3	26,4
Skattskyldur hagnaður skv. gömlum skattstofni	-22,2	-17,1	-12,1	-7,0	-2,4	1,4	4,7	8,0	11,4	18,0	24,6	32,6	65,0	105,5
Skattur samkvæmt nýjum samningi	1,7	1,7	1,7	1,7	2,1	3,4	4,7	6,2	7,7	11,1	14,7	19,1	37,0	59,
Skattur samkvæmt gömlum samningi	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	2,6	2,9	4,0	6,3	8,6	11,4	22,8	36,9
Mismunur á skattgreiðslum	,0	,0	,0	,0	0,4	1,7	2,1	3,3	3,7	4,8	6,1	7,7	14,2	22,3

SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU.

09.12.1985

ÁHRIF BREYTINGA Á SKATTSTOFNI ÍSALS Á FRAMLEIÐSLUGJALD ÁRANNA 1980 - 1984.

Milljónir $.

	Skattskyld tonn	Raunverulega greitt	Framl.gjald skv. nýjum samningi	Mismun.
		1)	2)	
1980	67.415	2.3	4.9	2.6
1981	76.163	1.5	1.5	0
1982	75.141	1.5	1.5	0
1983	82.522	1.7	1.7	0
1984	78.789	1.6	2.3	0.7
		8.6	11.9	

Mismunur = hærri greiðsla samkvæmt nýjum samningi er 38,4% hærri eða 3,3

1) Ísal notfærði sér ekki rétt sinn til að leggja í varasjóð.

2) Hér er gert ráð fyrir að fyrirtækið hefði notfært sér rétt til að leggja í varasjóð 20% af tekjum, en án varasjóðstillags hefði skatturinn orðið $6.3 milljónir.

Fylgiskjal V.

ALUMINUM PRICES AND PRODUCTION COSTS

1985 MID-YEAR UPDATE	75	76	77	78	79	80	81
			ALUMINUM METAL				
PRICES:							
LME CASH PRICE, CENTS/LB	31.66	39.82	45.36	47.84	72.70	80.48	57.25
% CHANGE	-27.11	25.77	13.90	5.48	51.96	10.70	-28.86
ALCAN REALISED PRICE, CENTS/LB	35.73	38.43	46.20	48.76	60.64	75.42	70.19
% CHANGE	2.67	7.56	20.22	5.54	24.36	24.37	-6.93
LME PRICE, CENTS/LB, 1980$	44.98	53.76	57.87	56.84	79.48	80.57	52.29
% CHANGE	-33.28	19.52	7.64	-1.77	39.82	1.37	-35.11
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, CENTS/LB	45.56	50.07	51.70	56.23	63.58	72.62	78.24
% CHANGE	9.93	9.91	3.26	8.75	13.08	14.21	7.75
VARIABLE COSTS - FLOOR, CENTS/LB	32.27	36.45	37.40	40.01	44.59	47.35	45.63
% CHANGE	7.89	12.97	2.60	6.97	11.46	6.18	-3.63
			ALUMINA				
PRICES:							
REPRESENTATIVE PRICE, $/TONNE	130.00	155.00	160.00	185.00	220.00	215.00	170.00
% CHANGE	8.33	19.23	3.23	15.63	18.92	-2.27	-20.93
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, $/TONNE	153.03	161.94	176.59	188.88	217.38	265.69	308.72

	82	83	84	85	86	87	88
			ALUMINUM METAL				
PRICES:							
LME CASH PRICE, CENTS/LB	44.95	65.20	56.74	49.64	63.64	72.10	57.51
% CHANGE	-21.48	45.05	-12.97	-12.53	28.22	13.30	-20.24
ALCAN REALISED PRICE, CENTS/LB	51.90	60.70	64.24	53.65	68.02	74.63	61.92
% CHANGE	-26.06	16.96	5.83	-16.48	26.77	9.71	-17.03
LME PRICE, CENTS/LB, 1980$	38.72	54.10	45.37	38.20	46.98	50.80	38.44
% CHANGE	-25.94	39.71	-16.13	-15.81	22.98	8.14	-24.33
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, CENTS/LB	79.71	76.80	82.13	80.05	85.08	90.35	89.93
% CHANGE	1.88	-3.66	6.95	-2.54	6.29	6.20	-0.47
VARIABLE COSTS - FLOOR, CENTS/LB	47.12	48.01	48.83	50.21	54.08	57.77	57.08
% CHANGE	3.26	1.90	1.70	2.83	7.69	6.83	-1.20
			ALUMINA				
PRICES:							
REPRESENTATIVE PRICE, $/TONNE	170.00	170.00	170.00	164.70	190.80	212.08	171.14
% CHANGE	0.00	0.00	0.00	-3.12	15.85	11.15	-19.30
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, $/TONNE	299.02	283.86	296.47	279.99	297.72	312.69	312.46

	89	90	91	92	93	94	95
			ALUMINUM METAL				
PRICES:							
LME CASH PRICE, CENTS/LB	76.69	98.71	104.88	85.56	96.36	109.73	128.97
% CHANGE	33.34	28.71	6.25	-18.42	12.62	13.88	17.53
ALCAN REALISED PRICE, CENTS/LB	80.49	100.88	105.82	91.07	98.58	107.93	121.38
% CHANGE	30.00	25.32	4.90	-13.94	8.25	9.49	12.46
LME PRICE, CENTS/LB, 1980$	48.34	59.12	59.65	46.31	49.30	53.46	60.63
% CHANGE	25.76	22.29	0.91	-22.38	6.46	8.45	13.40
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, CENTS/LB	98.58	108.04	112.18	112.69	117.26	123.04	131.32
% CHANGE	9.62	9.60	3.83	0.46	4.05	4.93	6.73
VARIABLE COSTS - FLOOR, CENTS/LB	64.28	72.94	77.58	76.67	81.39	86.64	93.62
% CHANGE	12.62	13.46	6.36	-1.16	6.16	6.44	8.06
			ALUMINA				
PRICES:							
REPRESENTATIVE PRICE, $/TONNE	230.86	306.40	332.22	284.82	308.99	338.94	382.19
% CHANGE	34.90	32.72	8.43	-14.27	8.49	9.69	12.76
COSTS OF PRODUCTION:							
TOTAL COSTS - TARGET, $/TONNE	336.10	357.89	365.41	368.18	378.28	391.87	412.52

AL-17

Fylgiskjal VI.

Ragnar Árnason:

Áætluð rekstrarafkoma og skattgreiðslur Ísals.

Hér fara á eftir dæmi um rekstrarafkomu Ísals og skattgreiðslur miðað við tvö mismunandi skattkerfi. Annars vegar er miðað við núgildandi skattkerfi (sbr. aðalsamning og 1., 2. og 3. viðauka við hann). Hins vegar er miðað við skattkerfi það sem felst í frumvarpi til laga að 4. viðauka við aðalsamning.

Meðfylgjandi mat á rekstrarafkomu Ísals byggist á upplýsingum um rekstrarstærðir fyrirtækisins (fyrirliggjandi í iðnaðarráðuneytinu) á liðnum árum, einkum 1984. Vegna tilmæla iðnaðarráðuneytisins um leynd á viðskiptalegum upplýsingum um Ísal eru téðar rekstraráætlanir hér birtar á tiltölulega samandregnu formi.

Nokkur óvissa ríkir um verð á afurðum Ísals (álverð á heimsmarkaði) á komandi árum. Af þeim sökum eru meðfylgjandi reikningar miðaðir við allmörg mismunandi álverð á bilinu 0,55—0,90 USD á pund miðað við verðlag á miðju yfirstandandi ári. Margt bendir hins vegar til (m. a. framleiðslukostnaður í öðrum álverum) að álverð á næstu árum verði á neðri hluta þessa bils, þ. e. undir 0,75 USD á pund að raungildi.

Þar sem ætla má að skattkerfin sjálf hafi áhrif á skattstofnana eru reiknuð tvö mismunandi grunndæmi. Fyrra dæmið miðast við áætlaðan skattstofn samkvæmt þeim nýju skattareglum sem gerð er tillaga um í frumvarpinu. Það síðara miðast við áætlaðan skattstofn samkvæmt gildandi skattareglum. Mismunur hinna tveggja skattstofna er einkum talinn felast í (i) mismunandi hráefnaverði, (ii) mismunandi afskriftum fastafjármuna og (iii) mismunandi fjármagnskostnaði. Forsendur reikninganna eru raktar í nánari atriðum hér á eftir.

Rétt er að ítreka að meðfylgjandi reikninga ber að skoða sem dæmi – ekki spár.

Nokkrar mikilvægar forsendur.

Meðal forsendna reikninganna eru eftirfarandi:

(1) Sölukostnaður: 4,5% af söluverðmæti (4,9% 1984).

(2) Hráefniskostnaður:
Nýja skattkerfið: 41,5% af söluverðmæti.
Gildandi skattkerfi: 40,5% af söluverðmæti.
(Hráefniskostnaður 1984 var 43,3% af söluverðmæti og 54,5% árið 1981).

(3) Orkukostnaður: Samkvæmt 3. viðauka við aðalsamning.

(4) Laun og stjórnun: 16,5% M.USD.
(Var 18 M.USD. 1981 og 14 M.USD 1984.)

(5) Annar framleiðslukostnaður: 11 M.USD.
(Var 12 M.USD. 1981 og 9,8 M.USD 1984.)

(6) Tæknigjald: 2,1% af söluverðmæti. (2,1% 1984.)

(7) Afskriftir:
Nýja skattkerfið: 8,9 M.USD.
Gildandi skattkerfi: 6,4 M.USD.
(Rétt er að benda á að téðar afskriftir miðast í báðum tilfellum við núverandi fastafé fyrirtækisins. Á komandi árum má reikna með nokkrum fjárfestingum, m. a. til viðhalds.
Rekstrarafkoman er því ofmetin að þessu leyti í báðum dæmunum.)

(8) Fjármagnskostnaður:
Nýja skattkerfið: 5,5 M.USD.
Gildandi skattkerfi: 7,9 M.USD.
(Fjármagnskostnaður 1984 var um 7,3 M.USD. Meðalvextir voru um 5,6%. Vaxtalækkun vegna nýs fjármagns samkvæmt nýju skattkerfi er metin á 2,4 M.USD árlega (0.06*40 M.USD). Vextir á fjármagnsþörf vegna áætlaðs taps 1985 eru áætlaðir 0,6 M.USD árlega.)

Rekstrarafkoma og skattgreiðslur ÍSAL.

1. Nýtt Skattkerfi og Samsvarandi Skattstofn.

Framleiðslumagn: 85.000 tonn árlega.
Rekstarstærðir í M.USD

	Alverð, USD á pund.							
	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90
Tekjur:								
Sala, nettó:	99.	108.	117.	126.	135.	144.	153.	162.
Gjöld:								
Hráefni:	43.0	46.9	50.8	54.7	58.6	62.6	66.5	70.3
Orka:	16.5	17.0	17.9	18.8	19.7	20.6	21.6	22.5
Laun/stjórn.:	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5
Annar kostn.:	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0
Tæknigjald:	2.2	2.4	2.6	2.8	3.0	3.2	3.4	3.6
Afskriftir:	8.9	8.9	8.9	8.9	8.9	8.9	8.9	8.9
Fjárm.kostn.:	5.5	5.5	5.5	5.5	5.5	5.5	5.5	5.5
Gjöld alls:	103.6	108.2	113.2	118.2	123.2	128.3	133.4	138.3
Hagn. f. skatt:	-4.6	-0.2	3.8	7.8	11.8	15.7	19.6	23.7
Skattgreiðslur:								
A. Nýtt kerfi:	1.70	1.70	1.70	2.18	3.46	4.79	6.19	7.61
B. Eldra kerfi:	1.70	1.70	1.70	2.72	3.30	4.40	5.49	6.64
Mismunur (A-B):	0.00	0.00	0.00	-0.54	0.16	0.39	0.70	0.97

Rekstrarafkoma og skattgreiðslur ÍSAL.

2. Gildandi Skattkerfi og Samsvarandi Skattstofn.

Framleiðslumagn: 85.000 tonn árlega.
Rekstarstærðir í M.USD

	Alverð, USD á pund.							
	0.55	0.60	0.65	0.70	0.75	0.80	0.85	0.90
Tekjur:								
Sala, nettó:	99.	108.	117.	126.	135.	144.	153.	162.
Gjöld:								
Hráefni:	42.0	45.8	49.6	53.3	57.2	61.1	64.9	68.6
Orka:	16.5	17.0	17.9	18.8	19.7	20.6	21.6	22.5
Laun/stjórn.:	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5	16.5
Annar kostn.:	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0	11.0
Tæknigjald:	2.2	2.4	2.6	2.8	3.0	3.2	3.4	3.6
Afskriftir:	6.4	6.4	6.4	6.4	6.4	6.4	6.4	6.4
Fjárm.kostn.:	7.9	7.9	7.9	7.9	7.9	7.9	7.9	7.9
Gjöld alls:	102.5	107.0	111.9	116.7	121.7	126.7	131.7	136.5
Hagn. f. skatt:	-3.5	1.0	5.1	9.3	13.3	17.3	21.3	25.5
Skattgreiðslur:								
A. Nýtt kerfi:	1.70	1.70	1.70	2.66	3.94	5.37	6.81	8.33
B. Eldra kerfi:	1.70	1.70	2.24	2.72	3.72	4.84	5.96	7.14
Mismunur (A-B):	0.00	0.00	-0.54	-0.06	0.22	0.52	0.84	1.19

Samanburður Skattkerfa: Yfirlit.

Niðurstöður framangreindra reikninga má draga saman í eftirfarandi töflu, sem sýnir væntanlegar skatttekjur hvers kerfis fyrir sig á grundvelli viðkomandi skattstofns. Taflan tekur m.ö.o. tillit til bæði mismunandi skattstofns og skattstiga kerfanna.

	Væntanlegar skatttekjur M.USD		
	A	B	
Alverð USD/pund	Nýtt Skattkerfi	Gildandi Skattkerfi	Mismunur (A-B)
0.55	1.70	1.70	0.00
0.60	1.70	1.70	0.00
0.65	1.70	2.24	-0.54
0.70	2.18	2.72	-0.54
0.75	3.46	3.72	-0.26
0.80	4.79	4.84	-0.05
0.85	6.19	5.96	0.23
0.90	7.61	7.14	0.47
		Samtals:	-0.69 M.USD

Fylgiskjal VII.

Um mat á fastafjármunum Ísals.

Að beiðni Ísals voru fastafjármunir fyrirtækisins í árslok 1984 metnar af ráðgjafarfyrirtækinu American Appraisal. Niðurstaða matsins var, að markaðsverð eignanna (fair market value) væri 89 226 000 bandaríkjadalir. Markaðsverð er í skýrslu fyrirtækisins skilgreint sem það verð sem kaupandi, sem ætlaði sér að halda rekstri áfram, væri tilbúinn til að greiða seljanda við óþvingaðar aðstæður.

Heildareigninni var skipt í marga matshluta og var hver þeirra sérstaklega metinn þannig að áætlað var hvert væri endurbyggingarverð nýs sambærilegs fjármunar (cost of reproduction, new). Þá var metið hver væri hæfilegur endingartími á hvern matshluta í því ástandi sem þeir voru í árslok 1984. Markaðsverðið var síðan fengið með hliðsjón af hlutfalli rýrnunar til ársloka 1984 og eftirstöðvar líftíma eignanna á sama tíma.

Talið var að meðaleftirstöðvar líftíma eignanna væru um 10 ár. Rúmlega 80% af matsverðinu eru fjórir matshlutar og líftími þeirra er frá 8–14 ár.

Að mínu mati er umrædd skýrsla fagmannlega unnin og ég tel því að niðurstaðan um matið sé raunhæf.

Reykjavík, 4. desember 1985.

Stefán Svavarsson.

Ed. 227. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var lagt fram á Alþingi samhliða fjárlagafrumvarpi og er það nýlunda. Í samræmi við nýsett lög um breytta framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga, lög nr. 84/1985, um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, er lánsfjáráætlun nú hluti af fjárlagafrumvarpi. Nefndin fagnar þessum breytingum og telur samhengi frumvarpanna mun ljósara en áður. Jafnframt fæst mun heillegri mynd af ríkisfjármálunum og áhrifum þeirra á efnahagsstarfsemina. Breytt framsetning leggur þá kvöð á þingmenn að afgreiða lánsfjárlög jafnhliða fjárlögum.

Í frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er heildarlánsfjáröflun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 11 526 m. kr. Þar af er ráðgert að afla 3 590 m. kr. innanlands og 7 936 m. kr. með erlendum lántökum. Erlend skuldasöfnun og viðskiptahalli við útlönd hefur verið stjórnvöldum áhyggjuefni um nokkurt skeið og er svo enn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn nemi 4 300 m. kr. á árinu 1986. Ráðgert er að mæta þessum halla annars vegar með erlendum lántökum til langs tíma að upphæð 2 066 m. kr. umfram afborganir og hins vegar með skammtímalántökum erlendis að fjárhæð 2 234 m. kr.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrumvarpinu og frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 gerði hann grein fyrir nokkrum veigamiklum ráðstöfunum sem hann hygðist beita sér fyrir við meðferð Alþingis. Hér mun gerð stutt grein fyrir þessum ráðstöfunum og þeim erindum sem meiri hl. nefndarinnar telur nauðsynlegt að verði athuguð frekar fyrir lokaafgreiðslu lánsfjárlaga. Þær breytingar, sem hér um ræðir, fela í sér 800 m. kr. lækkun á erlendum lántökum. Í fyrsta lagi er lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs lækkuð um 500 m. kr. Í öðru lagi eru lántökur fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs lækkaðar um 300 m. kr., þar af 250 m. kr. til Landsvirkjunar og 50 m. kr. til Þróunarfélags. Lækkun á lántökum Landsvirkjunar miðast að mestu við að fresta því um eitt ár, eða til 1990, að taka Blönduvirkjun í notkun.

Auk þessa gerði fjármálaráðherra grein fyrir áformum um frekari skerðingu framlaga til sjóða en áætlað var í fjárlagafrumvarpi og frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1986. Hér er um að ræða lækkun fjárveitinga um alls 34 m. kr. sem skiptist þannig: Kvikmyndasjóður 16 m. kr., Félagsheimilasjóður 6 m. kr. og Iðnlánasjóður 12 m. kr.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga, sem fjármálaráðherra boðaði, nemur heildarráðstöfun lánsfjár opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 10 726 m. kr. Þar af er ráðgert að afla 3 590 m. kr. innanlands og 7 136 m. kr. erlendis.

Í samræmi við þetta flytur meiri hl. nefndarinnar brtt. við frv. á sérstöku þskj.*

Ljóst er að breytingar verða á þeim fjárhæðum sem hér hafa verið nefndar. Þar ber fyrst að nefna áhrif afgreiðslu fjárveitinganefndar á lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs sem þarf að sjálfsögðu að koma fram í 1. gr. lánsfjárlaga. Í öðru lagi hafa nefndinni borist nokkur erindi um lántökuheimildir sem ekki eru afgreidd. Hér er um að ræða óskir um 100 m. kr. lántöku til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum og 100 m. kr. lántöku útflutningslánasjóðs. Þá er og til umræðu að tryggja fjármagn til fiskræktar að upphæð 350 m. kr. án þess að raska niðurstöðutölum lánsfjárlaga. Tillaga er í nefndinni um að gera það með þeim hætti að liðurinn *Framkvæmdasjóður og fiskeldi,* sem er upp á 150 m. kr. í frumvarpinu, verði *Fiskeldi.* Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs hækki úr 230 m. kr. í 330 m. kr. og renni 100 m. kr. til fiskræktar. Loks fari 100 m. kr. af fé því, sem ætlað er Byggðastofnun, með

einhverjum hætti til fiskeldis, annaðhvort með því að stofnunin ráðstafi 100 m. kr. til þessa verkefnis eða lántökuheimild hennar lækki um 100 m. kr., en liðurinn *Fiskrækt* hækki sem því nemur.

Til nefndarinnar barst erindi frá grænfóðurverksmiðjunni Vallhólmi hf. um heimild til 23 m. kr. lántöku á árinu 1986. Nefndin taldi ekki efni standa til afgreiðslu málsins, m.a. vegna skorts á upplýsingum.

Á milli 2. og 3. umræðu mun nefndin fjalla nánar um þau atriði sem að framan greinir.

Alþingi, 10. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 228. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

1. Við 1. gr. Í stað „2 724 000“ komi: 2 224 000.
2. Við 3. gr. Í stað „740 000“ komi: 490 000.
3. Við 5. gr. Í stað „150 000“ komi: 100 000.
4. Á eftir 11. gr. komi ný gr. er verði 12. gr. og orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 16 000 þús. kr. á árinu 1986.
5. Á eftir 19. gr. komi ný gr. er verði 21. gr. og orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. c laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1986.
6. Við 21. gr. er verður 23. gr. Í stað „18 000“ komi: 12 000.

Ed. 229. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin fjallaði um málið á þrem fundum og fékk til viðræðu fulltrúa Aflatryggingasjóðs, Fiskifélags Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt en Kolbrún Jónsdóttir mun skila séráliti.

Alþingi, 11. des. 1985.

Valdimar Indriðason, form., frsm. | Björn Dagbjartsson, fundaskr. | Árni Johnsen.

Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara. | Jón Kristjánsson. | Skúli Alexandersson, með fyrirvara.

Ed. 230. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á fund sinn Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra. Taldi hann nauðsynlegt að gera þær breytingar á lögunum sem lagðar eru til í frv. Er hér um tæknileg atriði að ræða sem í engu breyta kjarna laganna um sóknargjöld.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. desember 1985.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Ey. Kon. Jónsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Ragnar Arnalds.	Eiður Guðnason.

Ed. 231. Breytingartillaga [150. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Við frv. bætist ný grein er verði 3. gr., svohljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 232. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

3. mgr. 19. gr. orðist svo:

3. Þegar úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar, sem honum þykja máli skipta. Getur hann einnig krafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skylt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattyfirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. komi ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómarar farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að framkominni ábendingu þeirra, sem fara með skipti þrotabúa við borgarfógetaembættið í Reykjavík, þar sem litið hefur verið svo á, að gjaldþrotalög nr. 6/1978 taki ekki nægilegt tillit til aðstæðna við meðferð umfangsmikilla mála á þessu sviði. Er breytingum þessum ætlað að ráða bót á brýnustu atriðum að þessu leyti. Fara hér á eftir skýringar varðandi einstök ákvæði frumvarpsins.

Við 1. gr.

Með ákvæði þessu er lögð til sú breyting ein frá núgildandi lögum, að mælt verði fyrir um heimild skiptaráðanda til þess að ákveða að kröfulýsingarfrestur verði lengri í einstökum tilvikum en tveir mánuðir, sbr. nú 3. mgr. 19. gr. Verður að ráðgera að heimild þessi yrði aðeins nýtt í undantekningartilvikum, einkum ef skiptaráðandi telur sýnt að margir erlendir aðilar eigi kröfu á þrotabúið. Er skiptaráðanda þá heimilað að meta hversu langur kröfulýsingarfrestur skuli vera hverju sinni innan þeirra marka, sem ákvæðið setur.

Við 2. gr.

Skiptaráðanda er meðal annars við skipti þrotabúa ætlað það hlutverk að gefa lánardrottnum skýringar á orsökum gjaldþrots. Við framkvæmd frá gildistöku gjaldþrotalaga hefur komið í ljós að verulega vantar á að skiptaráðandi hafi nægjanlegar heimildir til að afla gagna úr hendi annarra en þrotamannsins sjálfs og þeirra, sem honum eru nákomnir. Þetta hefur einnig orðið til þess að gera erfitt að kanna hvort fullnaðarupplýsingar hafi komið fram um eignir þrotabúa, svo og að afla nauðsynlegra skýrslna til að meta hvort ástæða sé til að kanna höfðun riftunarmála samkvæmt fyrirmælum 8. kafla laganna. Hefur í framkvæmd þurft að koma til þess að krafist hafi verið atbeina rannsóknarlögreglu í því skyni að afla upplýsingar sem þessara, án þess að verulegur grunur hafi leikið á að þrotamaður eða menn honum nákomnir hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi. Með ákvæði þessu er stefnt að því að rýmka verulega heimildir skiptaráðanda til að afla sjálfur gagna um þessi atriði eftir því sem hann telur nauðsynlegt. Ætti þessi breyting að verða til hagræðis og vinnusparnaðar, jafnt fyrir skiptaráðanda sem þá, er með rannsókn opinberra mála fara.

Við 3. gr.

Hér er um að ræða viðbót við gildandi ákvæði, sem miðar að því að samræma úrræði við þau nýmæli, sem um ræðir í 2. gr. frumvarps þessa.

Við 4. gr.

Með ákvæði þessu eru ráðgerð þau nýmæli að fleiri en einn dómari geti farið með skipti á þrotabúi, ef mál er verulega umfangsmikið. Þarfnast greinin ekki nánari skýringa.

Við 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 233. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar frv. til lánsfjárlaga var tekið til 1. umr. bentu talsmenn stjórnarandstöðunnar á það að allt væri í óvissu um tekjuöflun og lánsfjárþörf ríkissjóðs og því erfitt að leggja mat á efni þessa frv. Sú óvissa ríkir enn enda óljóst með öllu hve háar fjárhæðir verða endanlega teknar að láni erlendis í þágu ríkissjóðs samkvæmt væntanlegum fjárlögum.

Eins og frv. liggur nú fyrir er áformað að taka 7936 millj. kr. að láni erlendis á næsta ári. Afborganir af löngum erlendum lánum nema 5870 millj. kr. Langtímaskuldir gagnvart útlöndum eiga því að aukast um rúmlega 2000 millj. kr. eða sem nemur 1,7% af áætlaðri landsframleiðslu.

Á sínum tíma lýsti ríkisstjórnin því yfir að erlendar skuldir í hlutfalli við þjóðarframleiðslu mundu ekki fara yfir 60%. Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar í fyrra var þetta hlutfall áætlað 63,9% í árslok 1985 miðað við þáverandi áform um erlendar lántökur og 0,7% vöxt þjóðarframleiðslu. Nú er þessi hlutfallstala áætluð út frá öðrum forsendum og með öðrum reikningsaðferðum og telst vera, miðað við landsframleiðslu, 52,9%.

Rétt er að vekja á því athygli að þróun langtímalána erlendis segir ekki alla söguna. Eins og sjá má í töflu 23 í lánsfjáráætlun í athugasemdum með fjárlagafrv., um áætlaðan greiðslujöfnuð við útlönd, er jafnframt gert ráð fyrir að skammtímalán aukist verulega eða um 2234 millj. kr., sbr. liðinn „Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó".

Ljóst er að ýmsir liðir frv. gætu reynst verulega vanáætlaðir og má nefna beiðnir hitaveitna sveitarfélaga um lántöku að upphæð 200 millj. kr. sem einkum eiga að ganga til skuldbreytinga vegna gífurlegra fjárhagserfiðleika nokkurra hitaveitna. Til þessa verkefnis er áformað að verja 95 millj. kr.

Áætlað er að einkafyrirtæki taki erlend lán að fjárhæð 2535 millj. kr. Á þessu ári voru lántökur einkaaðila 1832 millj. kr. og fóru 232 millj. kr. fram úr áætlun ársins. Hér þarf tvímælalaust að beita strangara aðhaldi.

Áætlanir um sölu spariskírteina ríkissjóðs virðast óraunsæjar og allt of háar miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum.

Loks má nefna áformaðar framkvæmdir Landsvirkjunar að fjárhæð 642 millj. kr. sem engin þörf virðist á að svo stöddu miðað við spá um orkuþörf landsmanna.

Að öllu þessu athuguðu mælum við ekki með samþykkt þessa frv.

Alþingi, 10. des. 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr. | Ragnar Arnalds, frsm. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 234. Fyrirspurn [191. mál]

til sjávarútvegsráðherra um veiðar smábáta.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hver varð afli báta undir 10 smál. að stærð árin 1981, 1982 og 1983 sem notaður var til ákvörðunar á heildarafla þeirra árin 1984 og 1985:

a. opinna báta, sundurliðað eftir árum á hvern bát,
b. þilfarsbáta, sundurliðað eftir árum á hvern bát?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 235. Fyrirspurn [192. mál]

til landbúnaðarráðherra um breytingar á verði kindakjöts og mjólkur.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Hvernig hefur verðmyndun verið háttað við haustverðlagningu mjólkur og kindakjöts árin 1982, 1983, 1984 og 1985?
   Hvert hefur verið:
   A. 1. Grundvallarverð til bænda fyrir 1. flokk dilkakjöts?
      2. Slátur- og heildsölukostnaður?
      3. Sjóðagjöld?
      4. Niðurgreiðslur?
      5. Niðurgreitt og óniðurgreitt heildsöluverð?
      6. Niðurgreitt og óniðurgreitt smásöluverð?
         a) Í heilum og hálfum skrokkum?
         b) Í stykkjuðu kjöti?
      7. Smásölukostnaður í 6. a og 6. b?
   B. 1. Grundvallarverð mjólkur til bænda?
      2. Vinnslu- og heildsölukostnaður og pökkunarkostnaður?
      3. Verðjöfnun og tilfærsla?
      4. Sjóðagjöld?
      5. Niðurgreiðslur?
      6. Niðurgreitt og óniðurgreitt heildsöluverð?
      7. Niðurgreitt og óniðurgreitt smásöluverð?
      8. Smásölukostnaður?
2. Hvernig hafa framangreindar tölur þróast á föstu verðlagi samkvæmt framfærsluvísitölu?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 236. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og fylgiskjöl þess og fengið á sinn fund eftirtalda menn: Stefán Svavarsson, lektor og löggiltan endurskoðanda, Garðar Ingvarsson hagfræðing, Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu, Ragnar Árnason lektor, Halldór Sigurðsson ríkisendurskoðanda, Hjört Torfason hrl., Eirík Tómasson hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Jóhannes Nordal, formann samninganefndar um stóriðju, og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra.

Frumvarp þetta felur í sér staðfestingu á fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. sem undirritaður var hinn 11. nóvember s.l. Þær breytingar, sem þetta samkomulag felur í sér á aðalsamningi milli aðila, eru í meginatriðum þríþættar:

Í fyrsta lagi er samið um nýja tilhögun á framkvæmd þeirra reglna er fjalla um mat á hráefniskostnaði álbræðslunnar og verðlagningu afurða hennar með tilliti til skatts.

Í öðru lagi er samið um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum Ísals og jafnframt samið um að Alusuisse leggi fram nýtt eigið fé til Ísals á yfirstandandi ári að upphæð 40 millj. bandaríkjadollara. Þessi breyting hefur í för með sér breyttan og hækkaðan skattstofn frá því sem áður hefur verið.

Í þriðja lagi er samið svo um að ákvæðin um lágmarksskatt Ísals verði óbreytt þannig að félagið greiði framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn á framleiddu áli án tillits til tekna. Á hinn bóginn er gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald þannig að árleg fjárhæð þess fari eftir hagnaði á undanfarandi ári samkvæmt ákveðnum skattstiga á bilinu 35—55%.

Verður nú fjallað nokkuð um hvert þessara atriða fyrir sig í ljósi upplýsinga og skýringa sem fram komu í nefndinni.

Nýjar viðmiðunarreglur.

Þegar metinn er hráefniskostnaður álbræðslunnar og verðlagning afurða hennar með tilliti til skatts hefur frá öndverðu verið byggt á almennri viðmiðun skv. meginreglunni um viðskipti milli óháðra aðila (arm's-length dealings). En reynslan hefur sýnt að hún hefur haft í för með sér verulega óvissu um mat á tekjum álbræðslunnar á einstökum árum vegna mismunandi skoðana um eðlilegt markaðsverð og aðrar aðstæður. Þetta hefur leitt til deilna á milli aðila. Reglan um viðskipti óháðra aðila verður áfram grundvallarregla en verður nú framkvæmd þannig að samið er um sérstök viðmiðunarverð sem ætlað er að gefi sem besta mynd af aðstæðum á hverjum tíma. Viðmiðunarverðin eiga að gilda um viðskipti milli Ísals og Alusuisse eða dótturfyrirtækis Alusuisse um ál frá bræðslunni og um súrál og rafskaut til framleiðslunnar. Er þessum nýju reglum nánar lýst í greinargerð með frumvarpinu. Nokkrar umræður urðu í nefndinni um það hvernig skilja ætti reglur í grein 27.04.c þar sem fjallað er um verð á rafskautum. Þar segir að verð á rafskautum til annarra aðila en Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse á viðkomandi ári skuli fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda, sem

Alusuisse tilnefnir og hefur aðgang að bókum Alusuisse, staðfesta gagnvart ríkisstjórninni eftir lok ársins. Sá skilningur kom fram hjá meiri hl. þeirra lögfræðinga sem nefndin fékk til viðtals að þessi staðfesting væri hluti af skattframtali Ísals. Eftir að skattframtal liggur fyrir með verði á rafskautum skv. þessari reglu fara endurskoðendur íslenskra stjórnvalda frekar ofan í það mál eins og önnur og eiga sama rétt til endurskoðunar á þessu atriði eins og á öðrum atriðum í skattframtali. Ef upp kemur ágreiningur um einstök atriði hafa íslensk stjórnvöld fullkominn rétt til að nýta sér önnur ákvæði samningsins til að ná rétti sínum, þar á meðal að leita til gerðardóms. Meiri hl. nefndarinnar er sammála þessari túlkun á þessu ákvæði.

Enginn vafi er á því að hinar nýju viðmiðunarreglur eru öruggari í framkvæmd og eru líklegar til að koma í veg fyrir deilur milli aðila í framtíðinni. Reglurnar um hin sérstöku viðmiðunarverð eru háðar endurskoðun á fimm ára fresti.

Breyting á skattstofni.

Í samningnum eru ákvæði um nýjar reglur varðandi fyrningar á fastafjármunum Ísals í tengslum við aukningu á eigin fé fyrirtækisins og reglur um endurmat á bókfærðu verði eigna og skulda. Fram kom í nefndinni að í samningi þessum væri kappkostað að reikningsskil fyrirtækisins Ísals sýndu á sem rökrænastan hátt raunverulega afkomu og efnahag þess. Af þeim sökum er nú lagt til að reikningsskilavenjum fyrirtækisins, að því er tekur til afskrifta og gengismunar, verði breytt í grundvallaratriðum.

Aðferð Ísals í meðhöndlun gengismunar byggir á þeim skattalögum sem giltu til ársloka 1978. Fyrirtækið eignfærir því allan gengismun af öðrum lánum þegar frá er dreginn gengishagnaður af veltufjármunum. Nettógengismun hvers árs hefur verið skipt á tiltekna eignarhluta og afskrifaður á eftirstöðvum 15 ára afskriftatíma eða 5 árum, eftir því hvort er lengra. Með þessum hætti hefur fyrirtækið fengið afskriftir endurmetnar í upphaflegt kostnaðarverð varanlegra fastafjármuna. Gallinn er hins vegar sá að endurmatið hefur átt stofn sinn í nettóskuld fyrirtækisins en ekki í eignunum sjálfum og vegna taprekstrar hefur því afskrift verið hærri en annars hefði orðið. Eignirnar hafa auk þessa verið endurmetnar vegna gengismunar á innborgað hlutafé sem hefur þó ekki verið afskrifað. Niðurstaðan af þessu er sú að bæði afskriftir og eignamat hefur verið villandi þar sem fyrirtækið hefur þurft að beita umræddum reikningsskilareglum.

Nú er lagt til að afskriftir á næstu árum verði reiknaðar af áætluðu matsverði í erlendri mynt miðað við 1. janúar 1985 en það var 89 milljónir bandaríkjadala. Þessi stofn færist til gjalda á 10 árum við meðalgengi hvers árs. Í raun er því verið að afskrifa eignirnar í erlendri mynt en umbreytt í krónur í reikningsskilum fyrirtækisins og í skattalegu tilliti. Þar sem afskriftir eru reiknaðar með þessum hætti og rekstrarreikningurinn til skatts í raun í erlendri mynt þarf ekki að taka tillit til þess gengismunar sem fyrirtækið verður fyrir gagnvart íslensku krónunni, hvorki á skuldir né veltufjármuni. Með þessum hætti er eytt áhrifum innlendrar verðbólgu á reikningsskil fyrirtækisins og niðurstaðan er miklu skýrari mynd af afkomu og efnahag þess, að svo miklu leyti sem með reikningsskilareglum er unnt að draga hana fram.

Fram kom í nefndinni að skv. beiðni Ísals hafa fastafjármunir fyrirtækisins í árslok 1984 verið metnir af ráðgjafarfyrirtækinu American Appraisal. Niðurstaða matsins hafði verið að markaðsverð eignanna (fair market value) væri 89 226 000 bandaríkjadalir. Var sú tala lögð til grundvallar í þessum samningum. Jafnframt var lagt fram í nefndinni vottorð frá Stefáni Svavarssyni, löggiltum endurskoðanda, þar sem hann vottar að umrædd matsskýrsla sé fagmannlega unnin og hann telji að niðurstaða um matið sé raunhæf. Þetta vottorð fylgir með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Samkv. samkomulagi aðila hefur Alusuisse nú lagt fram eigið fé til Ísals á yfirstandandi

ári að upphæð sem nemur 40 millj. bandaríkjadollara. Hefur eiginfjáraukningin verið notuð til þess að lækka núverandi skuldir Ísals og þar með til beinnar lækkunar á vaxtagjöldum. Þessi ráðstöfun hefur í för með sér grundvallarbreytingu á efnahag og rekstrarafkomu fyrirtækisins og mun vaxtasparnaður nema mun hærri fjárhæð en hækkun fyrninga. Því hefur verið haldið fram að Alusuisse hafi borið skv. núgildandi aðalsamningi að hækka eigið fé og því hafi ekki verið ástæða til að semja um það atriði sérstaklega. Í því sambandi er vitnað til 21. gr. aðalsamnings þar sem segir að innborgað hlutafé Ísals eins og það er ákveðið á hverjum tíma skuli aldrei vera minna en sem svarar fjárhæð er jafngildi einum þriðja hluta af bókverði fastra fjármuna þess. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að endurskoðunarfyrirtæki íslensku ríkisstjórnarinnar, Coopers and Lybrand hafa aldrei gert athugasemdir við eiginfjárstöðu Ísals. Þvert á móti kemur fram í síðustu endurskoðunarskýrslu vegna ársins 1984 að þetta hlutfall sé umfram það hlutfall sem aðalsamningur gerir ráð fyrir miðað við þær reikningsskilavenjur sem hafi tíðkast.

Að lokum eru settar reglur um fyrningu á nýjum fastafjármunum hjá Ísal og er þar miðað við sama fyrningartíma og nú gildir skv. íslenskum skattalögum. Þessar reglur verða háðar endurskoðun á fimm ára fresti.

Rétt er að benda á að fyrirtækið hefur nú eftir sem áður rétt á að leggja allt að 20% af hagnaði sínum í varasjóð. Hins vegar er nú bætt við ákvæði þess efnis að Ísal verður skylt að endurmeta framlögin í varasjóðinn frá ári til árs eftir að þau eru í hann kominn. Það þýðir í raun að ef varasjóðurinn er greiddur út greiðast af honum skattar í samræmi við raunverulegt verðgildi.

Í nefndinni lagði Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi, fram útreikninga um samanburð á áhrifum breyttra afskriftareglna og vaxtagreiðslna á afkomu Ísals árin 1980—1984. Sá útreikningur sýnir að síðustu fimm ár hefði skattstofn hækkað verulega skv. hinum nýju reglum. Þá kemur enn fremur fram í þessum útreikningum að ætla megi að skattstofn Ísals hækki vegna ofangreindra atriða um 6514 þús. bandaríska dala á árinu 1985. Þessir útreikningar fylgja með þessu nefndaráliti á sérstöku fylgiskjali.

Þá hefur samninganefnd um stóriðju látið reikna áhrif þessara breytinga á skattstofn Ísals á framleiðslugjald áranna 1980—84. Þar kemur fram að hefði nýr samningur verið í gildi það tímabil hefðu skattar verið samtals 38,4% hærri eða um 3,3 millj. dollara. Þessir útreikningar fylgja einnig með á sérstöku fylgiskjali.

Skattstiginn.

Samið var um að ákvæðið um lágmarksskatt Ísals verði óbreytt þannig að félagið greiðir framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af framleiddu áli án tillits til tekna. Fram kom í nefndinni að leitað hefði verið eftir hækkun á lágmarksskatti Ísals en um það varð ekki samkomulag. Hins vegar var gerð breyting á því framleiðslugjaldi sem er umfram lágmarksgjald þannig að árleg fjárhæð þess fer eftir nettóhagnaði á undanfarandi ári skv. ákveðnum skattstiga á bilinu 35—55%. Þessi viðbótarskattur verður greiddur í dollurum eins og verið hefur og hagnaður umreiknaður í dollara með tilliti til skattstigans.

Þá var samið um þá breytingu á reglum um skuldajöfnun framleiðslugjalds við skattainneign Ísals frá fyrri árum að ekki verði notuð til skuldajafnaðar nema 50% af því framleiðslugjaldi sem er umfram 20 dollara á tonn en áður bar að nota alla viðbótarfjárhæðina í þessu skyni. Hinn helmingur viðbótargjaldsins kemur strax til útborgunar.

Samanburður á nýju og eldra skattkerfi.

Eins og fram kemur á fylgiskjali II og áður er um getið hefur Stefán Svavarsson reiknað samanburð á áhrifum breyttra afskriftareglna og vaxtagreiðslna á afkomu Ísals árin 1980—1984, það er hvaða áhrif hinar nýju reglur hefðu haft á skattstofn ef þær hefðu verið í gildi á

þeim tíma. Eins og fram kemur á því fylgiskjali hefði skattstofn á þessum árum verið mun hærri heldur en hann varð skv. eldra kerfi. Á hinn bóginn er erfiðara að spá um framtíðina enda margt í óvissu um þróun álverðs á næstu árum. Nefndin hefur fengið upplýsingar um nýjustu spá fyrirtækisins Chase Econometrics og eru þær spár til ársins 1995. Skv. þeirri spá er gert ráð fyrir því að verð á LME markaðinum (London Metal Exchange) muni hækka frá meðalverði 1985, þ.e. 49,64 sent á pund, upp í 128,97 sent á pund árið 1995. Nefndin hefur fengið útreikninga frá tveimur aðilum um afkomu og skattgreiðslu Ísals með mismunandi álverði. Er önnur taflan frá samninganefnd um stóriðju, hin taflan frá sérstökum trúnaðarmanni Hjörleifs Guttormssonar, Ragnari Árnasyni lektor. Þá fylgdi frumvarpinu tafla um samanburð skattgreiðslna Íslenska álfélagsins hf. við mismunandi hagnað og var hún leiðrétt í frumvarpinu eins og það var prentað upp.

Þá hefur samninganefnd um stóriðju látið vinna töflu um áhrif skattstofnbreytingar á nokkur dæmi um afkomu og skattgreiðslur Ísals miðað við mismunandi álverð. Er þá miðað við þá breytingu sem hefði orðið á skattstofni að meðaltali árin 1980—1985, sbr. töflu frá Stefáni Svavarssyni þar um. Þessi tafla samninganefndar um stóriðju fylgir með nefndaráliti þessu.

Við samanburð á þessum töflum og með því að skoða þær forsendur, sem þær eru byggðar á, má fullyrða eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að skattgreiðslurnar verði aldrei minni en verið hefði en líkindi til þess að þær muni aukast í framtíðinni umfram það sem verið hefði þegar jafnvægi kemst á á álmarkaði í heiminum. Í fylgiskjali III eru sýndar niðurstöður í töflu þar sem fram koma dæmi um afkomu og skattgreiðslu Ísals miðað við mismunandi álverð skv. núverandi skattkerfi og skv. nýju skattkerfi.

Það er skoðun undirritaðra nefndarmanna að samningur þessi sé til bóta frá því sem verið hefur um skattgreiðslur Ísals. Það orkar því ekki tvímælis að rétt er að staðfesta af hálfu Alþingis þennan viðaukasamning. Því leggja undirritaðir nefndarmenn til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 10. desember 1985.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Gunnar G. Schram. Friðrik Sophusson.

Fylgiskjal I.

Um mat á fastafjármunum Ísals.

Að beiðni Ísals voru fastafjármunir fyrirtækisins í árslok 1984 metnar af ráðgjafarfyrirtækinu American Appraisal. Niðurstaða matsins var, að markaðsverð eignanna (fair market value) væri 89 226 000 bandaríkjadalir. Markaðsverð er í skýrslu fyrirtækisins skilgreint sem það verð sem kaupandi, sem ætlaði sér að halda rekstri áfram, væri tilbúinn til að greiða seljanda við óþvingaðar aðstæður.

Heildareigninni var skipt í marga matshluta og var hver þeirra sérstaklega metinn þannig að áætlað var hvert væri endurbyggingarverð nýs sambærilegs fjármunar (cost of reproduction, new). Þá var metið hver væri hæfilegur endingartími á hvern matshluta í því ástandi sem þeir voru í árslok 1984. Markaðsverðið var síðan fengið með hliðsjón af hlutfalli rýrnunar til ársloka 1984 og eftirstöðvar líftíma eignanna á sama tíma.

Talið var að meðaleftirstöðvar líftíma eignanna væru um 10 ár. Rúmlega 80% af matsverðinu eru fjórir matshlutar og líftími þeirra er frá 8–14 ár.

Að mínu mati er umrædd skýrsla fagmannlega unnin og ég tel því að niðurstaðan um matið sé raunhæf.

Reykjavík, 4. desember 1985.

Stefán Svavarsson.

Fylgiskjal II.

Samanburður á áhrifum breyttra afskriftareglna og vaxtagreiðslna á afkomu Ísals árin 1980-84.

Samanburðurinn er gerður að beiðni Hjörleifs Guttormssonar í framhaldi af umræðum í iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Samið hefur Stefán Svavarsson. Reykjavík, 6. desember 1985.

Tafla 1. (Tölur í þús. bandaríska dala.)

	1984	1983	1982	1981	1980
Hagnaður (tap) fyrir skatta, skv. ársreikn.	(581)	(11 188)	(30 940)	(27 161)	5 532
Bakfærð afskrift	16 083	20 918	19 802	11 281	11 816
Vextir lækkaðir	3 424	3 520	3 680	5 040	6 880
Nýjar afskriftir	(10 740)	(10 620)	(10 530)	(10 240)	(8 100)
Reiknaður hagnaður (tap) fyrir skatta:	8 186	2 630	(17 989)	(21 080)	16 128
Breyting:	8 767	13 818	12 952	6 081	10 596

Tafla 2. (Tölur í þús. svissneskra franka.)

1984	1983	1982	1981	1980	
Hagnaður (tap) fyrir skatta, skv. ársreikn.	(1 368)	(24 071)	(63 390)	(53 082)	9 253
Bakfærð afskrift	37 857	45 004	40 570	22 048	19 763
Vextir lækkaðir	4 200	4 200	4 200	5 600	4 025
Nýjar afskriftir	(26 300)	(26 100)	(25 920)	(25 320)	(21 140)
Reiknaður hagnaður (tap) fyrir skatta:	14 389	(967)	(44 540)	(50 754)	11 901
Breyting:	15 757	23 104	18 850	2 328	2 648

Ætla má að skattstofn Ísals hækki vegna ofangreindra liða um 6 514 þús. bandaríska dala á árinu 1985 og greinist sú fjárhæð þannig:

Bakfærð afskrift	14 814
Vextir lækkaðir	600
Nýjar afskriftir	(8 900)
	6 514

Fylgiskjal III.

SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU.

09.12.1985

ÁHRIF BREYTINGA Á SKATTSTOFNI ÍSALS Á FRAMLEIÐSLUGJALD ÁRANNA 1980 - 1984.

Milljónir $.

	Skattskyld tonn	Raunverulega greitt	Framl.gjald skv. nýjum samningi	Mismun.
		1)	2)	
1980	67.415	2.3	4.9	2.6
1981	76.163	1.5	1.5	0
1982	75.141	1.5	1.5	0
1983	82.522	1.7	1.7	0
1984	78.789	1.6	2.3	0.7
		8.6	11.9	

Mismunur = hærri greiðsla samkvæmt nýjum samningi er 38,4% hærri eða 3,3

1) Ísal notfærði sér ekki rétt sinn til að leggja í varasjóð.

2) Hér er gert ráð fyrir að fyrirtækið hefði notfært sér rétt til að leggja í varasjóð 20% af tekjum, en án varasjóðstillags hefði skatturinn orðið $6.3 milljónir.

SAMNINGANEFND UM STÓRIÐJU

10.12.1985

ÁHRIF SKATTSTOFNSBREYTINGAR Á NOKKUR DÆMI UM AFKOMU OG SKATTGREIÐSLUR ÍSALS MIÐAÐ VIÐ MISMUNANDI ÁLVERÐ, DAGS. 3. DESEMBER 1985.

Allar tölur í milljónum dala, nema álverð.
Munað getur einum í aukastaf vegna skerðingar.

Framleiðslumagn, tonn 85000

Álverð, cent á pund:	40	45	50	55	60	65	70	75	80	90	100	110	150	200
Söluverðmæti með álagi	75,4	84,8	94,3	103,7	113,1	122,5	132,0	141,4	150,8	169,7	188,5	207,4	282,8	377,0
Sölukostnaður	3,4	3,8	4,2	4,7	5,1	5,5	5,9	6,4	6,8	7,6	8,5	9,3	12,7	17,0
Framleiðslukostnaður	69,9	73,6	77,4	81,2	85,4	90,0	94,6	99,3	104,0	113,3	122,6	130,2	160,1	197,5
Þóknun v/tækniaðstoðar	1,6	1,8	2,0	2,2	2,4	2,6	2,8	3,0	3,2	3,6	4,0	4,4	5,9	7,9
Afskriftir og vextir	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9	12,9
Hagnaður fyrir skatt	-12,4	-7,3	-2,3	2,8	7,4	11,6	15,7	19,8	24,0	32,3	40,6	50,6	91,1	141,7
Varasjóðstillag	,0	,0	,0	,6	1,5	2,3	3,1	4,0	4,8	6,5	8,1	10,1	18,2	28,3
Skattskyldur hagnaður skv.nýjum skattstofni	-12,4	-7,3	-2,3	2,2	5,9	9,2	12,6	15,9	19, 2	25,8	32,5	40,5	72,9	113,4
Breyting á skattstofni	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8	-9,8
Hagnaður fyrir skatt	-22,2	-17,1	-12,1	-7,0	-2,4	1,8	5,9	10,0	14,2	22,5	30,8	40,8	81,3	131,9
Varasjóðstillag	,0	,0	,0	,0	,0	0,4	1,2	2,0	2,8	4,5	6,2	8,2	16,3	26,4
Skattskyldur hagnaður skv. gömlum skattstofni	-22,2	-17,1	-12,1	-7,0	-2,4	1,4	4,7	8,0	11,4	18,0	24,6	32,6	65,0	105,5
Skattur samkvæmt nýjum samningi	1,7	1,7	1,7	1,7	2,1	3,4	4,7	6,2	7,7	11,1	14,7	19,1	37,0	59,
Skattur samkvæmt gömlum samningi	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	1,7	2,6	2,9	4,0	6,3	8,6	11,4	22,8	36,9
Mismunur á skattgreiðslum	,0	,0	,0	,0	0,4	1,7	2,1	3,3	3,7	4,8	6,1	7,7	14,2	22,3

Nd. 237. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 3. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Við undirritaðir leggjum til að *frv. verði samþykkt*, þ.e. að staðfestur verði fjórði viðauki við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium frá 11. nóv. 1985.

Nefndin hefur fjallað vandlega um frumvarpið og kvatt á fund sinn eftirtalda: Stefán Svavarsson, löggiltan endurskoðanda, Ragnar Árnason lektor, Halldór J. Kristjánsson lögfræðing, Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðanda, Eirík Tómasson hrl., Ragnar Aðalsteinsson hrl., Hjört Torfason hrl., Garðar Ingvarsson hagfræðing, Jóhannes Nordal, formann stóriðjunefndar, og Árna Kolbeinsson ráðuneytisstjóra.

Í þessum samningi eru tveir meginþættir: skattstofn og skattstigi. Hvað varðar skattstofn þá er reynt í samningnum að skilgreina nánar þá þætti sem hætt er við að deilum gætu valdið, söluverði á áli og kaupverð á súráli og rafskautum, og ávinningur er að því að fækka hugsanlegum ágreiningsefnum. Með aukningu eigin fjár og breyttum reikningsskilareglum er tvímælalaust stefnt að því að reikningsskilin gefi réttari mynd af raunverulegri afkomu félagsins sem að líkindum verður okkur til hagsbóta. Hvað varðar skattstigana er um verulega einföldun að ræða á þeim reglum sem um þá gilda.

Þegar á heildina er litið er líklegt að þessar breytingar á skattstofni og skattstigum muni ekki verða okkur óhagstæðari heldur en þær reglur sem nú gilda, heldur eru líkindi til að skatttekjur muni fremur aukast.

Hinum almenna rétti ríkisstjórnarinnar til endurskoðunar á gögnum Ísals er í engu hróflað frá fyrri samningum en ekki hefur tekist að gera orðalag endurskoðunarákvæðisins ótvíræðara.

Við samningsgerð sem þessa verður í ýmsum tilfellum að byggja á framtíðarspám þegar meta skal árangur af samningum. Þess ber að geta að raforkuverðsspá Ísals, sem iðnaðarnefnd var kynnt á s.l. ári, hefur ekki staðist.

Með vísan til ofanritaðs teljum við þó um nokkurn ávinning að ræða með samningi þessum og leggjum því til að frv. *verði samþykkt óbreytt*.

Alþingi, 10. des. 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Ingvar Gíslason.

Sþ. 238. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 00-101 Forseti Íslands. Nýr liður:		
6.10 Öryggiskerfi		2 400
2. Við 4. gr. 01-902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. 6.40 Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni.		
Fyrir „500“ kemur		1 000
3. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun háskólans. Nýr liður:		
6.10 Vindmylla í Grímsey		200
4. Við 4. gr. 02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut. Nýr liður:		
6.01 Fasteign		6 400
5. Við 4. gr. 02-321 Kennaraháskóli Íslands.		
Fyrir „66 815“ kemur		67 065
6. Við 4. gr. 02-323 Rannsóknastofnun uppeldismála.		
Fyrir „1 979“ kemur		2 109
7. Við 4. gr. 02-359 Verkmenntaskóli á Akureyri. Nýr liður:		
6.10 Vélhermir		1 200
8. Við 4. gr. 02-506 Vélskóli Íslands. 6.01 Tækjabúnaður.		
Fyrir „2 400“ kemur		3 600
9. Við 4. gr. 02-514 Iðnskólinn í Reykjavík.		
a. Við 1.01 Yfirstjórn.		
Fyrir „76 207“ kemur		74 707
b. Nýr liður:		
6.01 Tækjabúnaður		1 500
10. Við 4. gr. 02-516 Iðnskólar, almennt.		
a. Við 6.90 Stofnkostnaður.		
Fyrir „4 900“ kemur		5 900
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Iðnskólar (02-516 6.90).		
1. Ísafjörður	900	
2. Reykjavík	4 000	
3. Hafnarfjörður	1 000	
		5 900
11. Við 4. gr. 02-518 Fiskvinnsluskólinn. 1.01 Yfirstjórn.		
Fyrir „8 546“ kemur		9 046
12. Við 4. gr. 02-563 Tónlistarfræðsla.		
a. Við 1.20 Aðrir tónlistarskólar.		
Fyrir „71 617“ kemur		72 017
b. Við 6.90 Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir.		
Fyrir „1 000“ kemur		1 400

Þús. kr.

13. Við 4. gr. 02-610 Héraðsskólar, almennt. 6.90 Stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02-610 6.90).	Þús. kr.	
Reykholt	6 000	
Núpur	1 000	
Reykjanes	450	
Reykir	900	
Laugar	700	
Eiðar	900	
Skógar	600	
Laugarvatn	450	
		11 000

14. Við 4. gr. 02-881 Náms- og fræðimenn, framlög. 1.15 Styrkur til útgáfustarfa.
Fyrir „750“ kemur 1 200

15. Við 4. gr. 02-885 Fullorðinsfræðsla.
a. Við 1.20 Bréfaskólinn.
Fyrir „500“ kemur 550
b. Við 1.40 Félagsmálanámskeið.
Fyrir „100“ kemur 125

16. Við 4. gr. 02-901 Landsbókasafn Íslands. Nýr liður:
5.01 Viðhald 180

17. Við 4. gr. 02-903 Þjóðskjalasafn Íslands.
a. Við 1.01 Yfirstjórn.
Fyrir „8 083“ kemur 8 583
b. Nýr liður:
6.10 Innréttingar 1 100

18. Við 4. gr. 02-906 Listasafn Einars Jónssonar. Nýr liður:
5.01 Viðhald 1 000

19. Við 4. gr. 02-909 Blindrabókasafn Íslands. Nýr liður:
6.01 Tækjabúnaður 500

20. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög.
a. Við 1.20 Leikfélag Reykjavíkur.
Fyrir „4 200“ kemur 5 200
b. Við 1.21 Leikfélag Akureyrar.
Fyrir „3 700“ kemur 4 700
c. Við 1.22 Leiklistarstarfsemi.
Fyrir „3 800“ kemur 4 800
d. Við 1.23 Bandalag íslenskra leikfélaga.
Fyrir „500“ kemur 625
e. Við 1.24 Önnur leiklistarstarfsemi.
Fyrir „1 650“ kemur 1 750
f. Við 1.25 Leiklistarráð.
Fyrir „100“ kemur 125
g. Við 1.26 Alþýðuleikhús.
Fyrir „1 500“ kemur 1 650
h. Nýr liður:
1.27 Norrænt leiklistarþing 250

		Þús. kr.
i.	Við 1.30 Íslenska óperan.	
	Fyrir „3 000“ kemur	3 750
j.	Við 1.31 Íslenski dansflokkurinn.	
	Fyrir „600“ kemur	750
k.	Við 1.37 Tónlistarstarfsemi, styrkir.	
	Fyrir „1 800“ kemur	2 250
l.	Við 1.41 Listasöfn, styrkir.	
	Fyrir „1 380“ kemur	1 725
m.	Við 1.42 Myndlistarskólinn í Reykjavík.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 250
n.	Við 1.43 Myndlistarskólinn á Akureyri.	
	Fyrir „1 600“ kemur	2 000
o.	Við 1.44 Félag íslenskra myndlistarmanna.	
	Fyrir „500“ kemur	625
p.	Við 1.73 Bandalag íslenskra listamanna.	
	Fyrir „40“ kemur	50
q.	Við 1.74 Listkynning, styrkir.	
	Fyrir „150“ kemur	185
r.	Við 1.75 Lista- og menningarmál, ýmis.	
	Fyrir „2 400“ kemur	3 000
21.	Við 4. gr. 02-983 Vísindaleg starfsemi, styrkir.	
a.	Við 1.10 Vísinda- og fræðistörf.	
	Fyrir „400“ kemur	650
b.	Nýr liður:	
	6.10 Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur	150
22.	Við 4. gr. 02-984 Norræn samvinna. 1.11 Norræna félagið.	
	Fyrir „110“ kemur	125
23.	Við 4. gr. 02-988 Æskulýðsmál.	
a.	Við 1.10 Æskulýðsráð ríkisins.	
	Fyrir „700“ kemur	750
b.	Við 1.12 Ungmennafélag Íslands.	
	Fyrir „4 700“ kemur	5 250
c.	Við 1.14 Bandalag íslenskra skáta vegna Úlfljótsvatns.	
	Fyrir „150“ kemur	300
d.	Við 1.16 Íslenskir ungtemplarar.	
	Fyrir „180“ kemur	200
24.	Við 4. gr. 02-989 Ýmis íþróttamál.	
a.	Við 1.15 Farkennsla í íþróttum.	
	Fyrir „85“ kemur	100
b.	Við 1.23 Liðurinn orðist svo:	
	1.23 Skákmót, styrkir	300
25.	Við 4. gr. 02-991 Húsfriðun.	
a.	Við 6.20 Viðeyjarstofa og Nesstofa.	
	Fyrir „750“ kemur	2 500
b.	Nýr liður:	
	6.30 Húsið, Eyrarbakka	450
c.	Við 6.40 Byggða- og minjasöfn.	
	Fyrir „5 500“ kemur	6 500

26. Við 4. gr. 02-999 Ýmislegt. Þús. kr.
    a. Við 1.29 Amtsbókasafn vegna skilaskyldu.
    Fyrir „120“ kemur 150
    b. Við 1.42 Reykholtsstaður.
    Fyrir „200“ kemur 250
    c. Við 1.50 Landssamband hjálparsveitar skáta.
    Fyrir „700“ kemur 900
    d. Við 1.71 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.
    Fyrir „1 450“ kemur 1 850
    e. Við 1.90 Söfn, styrkir.
    Fyrir „700“ kemur 900
    f. Við 1.91 Félög, styrkir.
    Fyrir „200“ kemur 250
    g. Við 1.93 Kvenfélagasamband Íslands.
    Fyrir „600“ kemur 750
    h. Nýr liður:
    5.71 Hlíðardalsskóli, viðhald 300
    i. Nýr liður:
    6.15 Náttúrugripasafn Vestmannaeyjum, sædýrasafn 125
27. Við 4. gr. 04-201 Búnaðarfélag Íslands.
    a. Við 1.50 Landþurrkun.
    Fyrir „400“ kemur 440
    b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landþurrkun (04-201 1.50).	Þús. kr.	
Araós	20	
Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
Leiðvallahreppur	35	
Dyrhólaós	200	
Holtsós	50	
Austur-Landeyjahreppur	35	
Vestur-Landeyjahreppur	35	
Rangárvallahreppur	15	
Djúpárhreppur	35	
		440

28. Við 4. gr. 04-206 Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.
    a. Við 5.86 Hús Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri.
    Fyrir „300“ kemur 600
    b. Við 6.82. Liðurinn orðist svo:
    6.82 Stóra-Ármót 1 000
    c. Við 6.85. Liðurinn orðist svo:
    6.85 Tilraunastöðin Möðruvöllum 1 000
29. Við 4. gr. 04-231 Skógrækt ríkisins.
    a. Við 1.50 Framkvæmdir í Fljótsdal.
    Fyrir „200“ kemur 250
    b. Við 1.81 Nytjaskógar.
    Fyrir „1 000“ kemur 2 000
    c. Nýr liður:
    1.90 Skógrækt einstaklinga, styrkir 300

	Þús. kr.
30. Við 4. gr. 04-247 Yfirdýralæknir.	
a. Við 1.20 Héraðsdýralæknar.	
Fyrir „17 911“ kemur	17 211
b. Nýr liður:	
1.30 Dýralæknir fisksjúkdóma	1 200
31. Við 4. gr. 04-270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.	
a. Við 6.20 Landgræðsluáætlun, RALA.	
Fyrir „3 008“ kemur	3 813
b. Við 6.30 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins.	
Fyrir „4 865“ kemur	6 173
c. Við 6.40 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins.	
Fyrir „23 511“ kemur	29 800
d. Við 6.50 Landgræðsluáætlun, ýmis starfsemi.	
Fyrir „1 109“ kemur	1 405
32. Við 4. gr. 04-270 6.90 Fyrirhleðslur.	
a. Fyrir „6 744“ kemur	8 600
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Fyrirhleðslur (04-270 6.90).

	Þús. kr.	
a. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Skaftá	300	
2. Kúðafljót	250	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	150	
5. Héraðsvötn	400	
6. Hörgá	300	
7. Eyjafjarðará	200	
8. Hornafjarðarfljót	1 000	
9. Jökulsá á Dal	400	
10. Þjórsá	500	
		4 000
b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Vestur-Skaftafellssýsla	600	
2. Rangárvallasýsla	200	
3. Árnessýsla	600	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
5. Snæfellsnessýsla	100	
6. Dalasýsla	100	
7. Múlasýslur	1 000	
8. Austur-Skaftafellssýsla	500	
		3 200

	Þús. kr.	Þús. kr.
c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:		
1. Suðurlandskjördæmi	250	
2. Reykjaneskjördæmi	100	
3. Vesturlandskjördæmi	150	
4. Vestfjarðakjördæmi	100	
5. Norðurlandskjördæmi vestra	300	
6. Norðurlandskjördæmi eystra	350	
7. Austurlandskjördæmi	150	
		1 400
		8 600
33. Við 4. gr. 04-270 6.91 Sjóvarnargarðar.		
a. Fyrir „1 405“ kemur		1 927
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Sjóvarnargarðar (04-270 6.91).		
1. Búðardalur	200	
2. Húsavík	1 000	
3. Eyrarbakki	227	
4. Grindavík	500	
		1 927
34. Við 4. gr. 04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. 1.22 Ýmis verkefni.		
Fyrir „1 200“ kemur		1 300
35. Við 4. gr. 04-502 Bændaskólinn Hólum.		
a. Við 1.01 Yfirstjórn.		
Fyrir „21 129“ kemur		22 510
b. Við 6.01 Fasteignir, starfsmannaíbúðir o. fl.		
Fyrir „1 320“ kemur		3 820
c. Við 4 Sértekjur.		
Fyrir „7 345“ kemur		6 845
36. Við 4. gr. 05-202 Hafrannsóknastofnun.		
a. Nýr liður:		
1.24 Útibú Vestmannaeyjum		150
b. Nýr liður:		
6.24 Útibú Vestmannaeyjum		840
37. Við 4. gr. 06-253 Almannavarnir ríkisins.		
Fyrir „5 693“ kemur		6 037
38. Við 4. gr. 06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi. 1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum.		
Fyrir „675“ kemur		1 000
39. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. 1.80 Atvinnuleit.		
Fyrir „140“ kemur		400
40. Við 4. gr. 07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi. 1.60 Dagvistun Akranesi.		
Fyrir „851“ kemur		1 244
41. Við 4. gr. 07-705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra. Nýr liður:		
1.21 Sambýli Sauðárkróki		580
42. Við 4. gr. 07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.		
a. Við 1.01 Svæðisstjórn.		
Fyrir „3 185“ kemur		3 585

	Þús. kr.
b. Við 1.20 Sambýli Byggðavegi 91.	
Fyrir „2 537“ kemur	2 659
c. Við 1.22 Sambýli Vanabyggð 4c.	
Fyrir „1 851“ kemur	2 081
d. Við 1.70 Vistheimilið Sólborg.	
Fyrir „42 196“ kemur	43 796
43. Við 4. gr. 07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.	
a. Við 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „1 762“ kemur	1 937
b. Nýr liður:	
1.40 Leiktækjasafn	175
44. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi.	
a. 1.31 Verndaður vinnustaður Vestmannaeyjum.	
Fyrir „5 429“ kemur	6 029
b. Við 1.70 Lambhagi.	
Fyrir „3 446“ kemur	4 057
c. Nýr liður:	
6.71 Sólheimar	1 000
45. Við 4. gr. 07-981 Vinnumál.	
a. Við 1.60 Orlofsheimili launþegasamtakanna.	
Fyrir „4 790“kemur	3 510
b. Við 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „12 450“ kemur	13 730
46. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.	
a. Við 1.27 Slysavarnafélag Íslands.	
Fyrir „4 181“ kemur	4 625
b. Við 1.30 Sjómannastofur.	
Fyrir „396“ kemur	440
c. Við 1.31 Félagasamtök, styrkir.	
Fyrir „4 200“ kemur	4 700
d. Við 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík.	
Fyrir „1 582“ kemur	2 034
e. Við 1.41 Kvennaathvarf á Akureyri. Liðurinn fellur brott.	
f. Við 1.90 Ýmis framlög.	
Fyrir „1 100“ kemur	1 250
g. Nýr liður:	
6.81 Varnargarður við Höfðabrekkujökul	600
47. Við 4. gr. 08-350 Málefni fatlaðra. 1.20 Sjálfsbjörg Akureyri.	
Fyrir „1 779“ kemur	2 979
48. Við 4. gr. 08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.	
Nýr liður:	
6.91 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi	7 000
49. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.	
a. Við 1.31 Krabbameinsfélag Íslands.	
Fyrir „12 000“ kemur	15 000
b. Við 1.37 Hjartavernd.	
Fyrir „3 400“ kemur	4 300
c. Nýr liður:	
1.38 Norrænt átak gegn krabbameini	1 000
d. Við 1.53 Reykingavarnir.	

	Þús. kr.
Fyrir „2 400“ kemur	3 600
e. Við 1.80 Sjúkraflug.	
Fyrir „1 200“ kemur	1 500
50. Við 4. gr. 08-481 Bindindisstarfsemi.	
a. Við 1.20 Stórstúka Íslands.	
Fyrir „400“ kemur	480
b. Nýr liður:	
1.30 Norrænt bindindisþing	100
51. Við 4. gr. 08-502 Þroskaþjálfaskóli Íslands.	
Fyrir „5 262“ kemur	5 732
52. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál.	
a. Við 1.10 Hafnarannsóknir og mælingar.	
Fyrir „5 000“ kemur	9 000
b. Nýr liður:	
6.51 Landshöfn Rifi	900
c. Nýr liður:	
6.53 Landshöfn Þorlákshöfn	4 000
d. Nýr liður:	
6.54 Landshöfn Keflavík—Njarðvík	600
53. Við 4. gr. 10-342 Sjóslysanefnd. Nýr liður:	
1.03 Björgunarbúnaður Sigmunds	100
54. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög.	
a. Við 1.10 Flugbjörgunarsveitir.	
Fyrir „678“ kemur	750
b. Við 1.20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa.	
Fyrir „2 938“ kemur	3 600
c. Við 1.22 Fræðsluefni um öryggismál sjómanna.	
Fyrir „400“ kemur	500
55. Við 5. gr. 30-333 Landshöfn Þorlákshöfn.	
a. Við 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „906“ kemur	4 906
b. Við 18 Fjárfestingar.	
Fyrir „5 000“ kemur	9 000
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „4 934“ kemur	8 934
56. Við 5. gr. 30-334 Landshöfn Keflavík—Njarðvík.	
a. Við 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „1 540“ kemur	2 140
b. Við 26 Afborgun lána.	
Fyrir „1 415“ kemur	2 015
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „÷85“ kemur	515
57. Við 5. gr. 30-335 Landshöfn Rifi.	
a. Við 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „1 608“ kemur	2 508
b. Við 26 Afborgun lána.	
Fyrir „1 485“ kemur	2 385
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „1 439“ kemur	2 339

Nd. 239. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 4. minni hl. iðnaðarnefndar.

Hér er um að ræða fjórða viðauka við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og fjölþjóðafyrirtækisins Swiss Aluminium Ltd. Hann er lagður fram við lok endurskoðunar á gildandi ákvæðum aðalsamningsins um skattamál Íslenska álfélagsins hf. sem ríkisstjórnin og Alusuisse höfðu orðið sammála um að færi fram.

Einu kynni stjórnarandstöðunnar af þessu máli, áður en það var lagt fram sem frv. á Alþingi 19. nóv. s.l., voru þau að fulltrúar hennar voru boðaðir á fund iðnaðarráðherra 17. júlí s.l. Var það til að sjá meginefnisatriði þess samnings sem undirritaður skyldi næsta dag. Hefur við þessa samningsgerð ríkt sama leynd og skortur á upplýsingum til stjórnarandstöðu og hvíldi yfir samningsgerð þriðja viðauka við aðalsamninginn.

Undirrituð vill ítreka þá skoðun sína að bæði eðlilegt og réttlátt væri að fulltrúar allra stjórnmálasamtaka, sem sæti eiga á Alþingi, væru hafðir með í ráðum þegar um svo mikilvægt mál er að ræða sem snertir hag allra landsmanna. Mundi slík upplýsingamiðlun og samráð tryggja betri hagsmunagæslu fyrir Íslendinga.

Vert er að hyggja lítillega að síðustu samningsgerð, þriðja viðauka við aðalsamninginn sem samþykktur var í fyrra en þar voru gerðar ýmsar breytingar sem hafa mikil og reyndar afgerandi áhrif á svigrúm og gerð þessa samnings sem nú liggur fyrir. Þar var t.d. fellt niður mikilvægt ákvæði um „bestukjara-skilmála“ sem var í grein 2.03 c í aðstoðarsamningi milli Alusuisse og Ísals um að Alusuisse eigi að leitast við að „tryggja Ísal áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum með bestu skilmálum og skilyrðum sem fyrir hendi eru“. Brottfall þessa ákvæðis var knúið fram á síðustu stundu í samningsgerðinni og viðurkenndi þáverandi iðnaðarráðherra fyrir nefndinni að það væri réttilega mikil veiking á þessum ákvæðum skattalaga. Við fórnuðum þar því atriði sem þótti ein girnilegasta ástæðan til þess að taka upp samstarf við Alusuisse í upphafi.

Við síðustu samningsgerð, þriðja viðauka við aðalsamninginn, varð sú afdrifaríka þróun að Alusuisse tókst að kljúfa tvö nátengd málsatriði í aðskilda þætti sem samið yrði um hvorn í sínu lagi. Hér er átt við megintekjustofna Íslendinga í viðskiptum við Alusuisse, þ.e. raforkuverð annars vegar og skattlagningu hins vegar. Þó eru þessir þættir í órjúfanlegum tengslum hvor við annan og virðist ótækt að semja um annan án tillits til hins. Þessu fylgdi svo uppgjöf saka og hreint siðgæðisvottorð vegna meintra skattsvika fyrirtækisins. En þau mál voru á viðkvæmu stigi fyrir gerðardómi og dómsúrskurður ekki mjög langt undan. Staða okkar þótti sterk í því gerðardómsmáli að mati lögfræðinga er ráku það mál fyrir Íslands hönd og komu á fund iðnaðarnefndar bæði í fyrra og eins nú við umfjöllun þessa samnings. Því stóðum við mun verr að vígi við upphaf samninga nú hvað skattamálin varðar að við höfðum misst þá viðspyrnu sem hefði getað knúið Alusuisse til að virða hagsmuni Íslendinga. Hafði því samninganefndin um stóriðju þegar sniðið sér þröngan stakk í síðustu samningalotu.

Megintilgangur þeirrar endurskoðunar, sem liggur til grundvallar þessu frv., er tilgreindur í athugasemdum við frv.: „ ... að gera reglur um framleiðslugjaldið skýrari og öruggari í framkvæmd, þannig að síður verði hætta á deilum í því efni, og tryggja eðlilegar skatttekjur af starfsemi félagsins“.

Til þess að ná þessum markmiðum var í fyrsta lagi samið um nýja tilhögun á skattlagningu á aðföngum álbræðslunnar, þ.e. rafskautum og súráli. Rafskautin eru flutt inn frá rafskautaverksmiðju Alusuisse í Rotterdam en verðlagning þeirra varð m.a. tilefni deilna

áður þar sem endurskoðunarfyrirtækið Coopers & Lybrand taldi að Ísal hefði verið látið greiða verulegt yfirverð fyrir rafskaut og fór það mál fyrir gerðardóm.

Verðlagning rafskauta er vandasamt mál eins og talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa viðurkennt.

Það er ekki fyllilega ljóst hverjir megi teljast óskyldir aðilar samkvæmt grein 27.04 a. Enn fremur er ekki auðvelt fyrir Íslendinga að ganga úr skugga um hvert rafskautaverð til óskyldra aðila er þar sem Alusuisse tilnefnir sjálft fyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að kanna það en Íslendingar verða að treysta þeim upplýsingum.

Súrál hefur nú verið tengt heimsmarkaðsverði á áli þannig að eitt tonn af áli komið til Rotterdam að viðbættum löndunarkostnaði jafngildir átta tonnum af súráli komnum (CIF) til Straumsvíkur, þ.e. súrálsverðið er 12,5% af heimsmarkaðsverði á áli. Þessi tenging hefur bæði kosti og galla. Hún ætti að tryggja sanngjarnari verðlagningu á súráli en verið hefur hingað til. Hins vegar mun hún ekki nýta til hagnaðar fyrir Ísal þær aðstæður sem verða þegar súrálsverð lækkar en álverð hækkar. Þeirri stöðu hefur nú verið afsalað.

Enn fremur hefur verið tekin upp ný skilgreining á heimsmarkaðsverði á áli þar sem notuð er formúla svipuð þeirri sem byggt var á varðandi orkuverð í samningnum frá því í fyrra.

Sú stærð í þessari formúlu, sem líklegust er að valda ágreiningi, er ASIP, en það táknar álverð við sölu frá Alusuisse og einnig frá tveimur þýskum álbræðslum í eigu Alusuisse til óháðra viðskiptavina. Endurskoðunarákvæði sem þetta varða tryggja ekki hagsmuni Íslands nægilega vel. Það er íslenskum stjórnvöldum að vísu heimilt að skipa endurskoðendur en einungis í samráði við Alusuisse sem þarf að samþykkja endurskoðandann. Einhliða ákvörðunarréttur Íslendinga er þarna fallinn brott. Útreikning þennan má svo ekki endurskoða þannig oftar en einu sinni og er það mjög heftandi. Auk þess hefur hér glatast í reynd hugmyndin um „armslengdarverð“ sem þó átti að liggja til grundvallar í allri samningsgerðinni þar sem álverðið er hér bundið við fastar verðviðmiðanir.

Í öðru lagi hefur verið samið um nýjar reikningsskilareglur þar sem reynt hefur verið að lagfæra helstu skekkjuvalda eins og fyrningu, fjármagnskostnað og gengistap. Var þetta gert ekki síst með það fyrir augum að gera skattstofninn áreiðanlegri. Þó hefur fyrningartími verið lengdur talsvert og hlýtur það að koma Ísal til góða og þar með Alusuisse. Jafnframt hefur Alusuisse lagt fram fé, 40 milljónir bandaríkjadollara, til að tryggja eiginfjárstöðu Ísals, lækka skuldir fyrirtækisins og þar með vaxtagjöld. Ekki er þó ljóst að hve miklu leyti þessi bætta eiginfjárstaða og auknar fyrningar vega hvort annað upp.

Í þriðja lagi hefur svo verið samið um óbreyttan lágmarksskatt, þ.e. framleiðslugjald sem nemur 20 bandaríkjadollurum á hvert tonn af áli. Þessi upphæð hefur að sjálfsögðu rýrnað síðan 1975 og jafngildir nú um 11,45 bandaríkjadollurum og er óverðtryggð. Þetta veldur miklum vonbrigðum í þessum samningum og er nú komið á daginn hve slæmt það er að vera búinn að spila út öllum trompunum sem hefðu getað knúið fram hærra grunngjald. Auk þess hefur svo verið samið um breyttan skattstiga sem miðaður er beint við nettóhagnað fyrirtækisins á undanförnu ári og leikur á bilinu frá 35% (lágmark) upp í 55% (hámark). Það hefur komið í ljós á fundum nefndarinnar að hagkvæmni þessa skattstiga umfram þann sem nú gildir byggist fyrst og fremst á því hverjar tölur og stærðir eru notaðar sem forsendur. Þær tölur byggjast síðan fyrst og fremst á spám um það hvað verða muni á álmörkuðum heimsins í framtíðinni. Reynslan hefur sýnt að mjög varlegt er að treysta spám í áliðnaði, einkum eftir 1980, þær hafa svo oft reynst rangar. T.d. eru þessar spár m.a. mjög háðar því hvert mat menn leggja á styrk bandaríkjadollars en skoðanir manna skiptast í þeim efnum eftir því hvorum megin Atlantshafsins þeir búa.

Það er því engan veginn víst að hinn nýi skattstigi muni í öllum tilvikum tryggja hærri skattatekjur en núgildandi skattakerfi. Sú staða gæti komið upp að núgildandi skattakerfi

væri hagstæðara, einkum ef álverð helst áfram lágt og einnig hagnaður. Þó að hið nýja skattakerfi sýni hækkaðar skattatekjur við vissar spá-aðstæður hafa í reynd ekki orðið neinar stökkbreytingar til hækkunar á sköttum, einkum þar sem grunngjald hefur ekkert hækkað. Hins vegar geta breyttar reikningsskilareglur gefið aukna skattavon, þó ekki megi gleyma því að Ísal hefur sýnt neikvæðan meðalhagnað s.l. 15 ár.

Endurskoðunarákvæði í grein 27.07 eru á heildina litið til bóta en þó hefði verið æskilegra að binda ekki endurskoðun á 5 ára fresti eingöngu. Nú er enn fremur skertur enn meir réttur til endurskoðunar aftur í tímann en sá réttur hafði þegar verið takmarkaður í samningunum í fyrra. Tími, sem gefst til endurskoðunar ársreiknings, er nú mjög naumur, aðeins fjórir mánuðir.

Það má segja að þessi samningur torveldi Ísal að einhverju leyti að svíkja undan skatti. Þó hefur engan veginn verið sett undir allan leka og má t.d. vara við því að hluti af heildarfjármagnskostnaði Alusuisse vegna lántöku verði færður yfir á Ísal sem tap.

Kvennalistinn hefur lengi talið það eðlilegt að um Ísal giltu íslensk skattalög. Það virðist því miður lítið hafa verið reynt við þessa samningsgerð að knýja slíkt fram.

Íslenskir samningamenn virðast eina ferðina enn hafa verið haldnir óhóflegri bjartsýni og verið ofhlaðnir af góðri trú í viðskiptum við Alusuisse en það er löngu ljóst að þar er um viðsjárverða viðskiptaaðila að ræða en ekki góðgerðastofnun. Það kemur glöggt fram af orðalagi þessa frv. að óttinn við deilur og löngunin til að eyða þeim hefur orðið yfirsterkari einarðri hagsmunagæslu fyrir Íslands hönd. Eru undarlegar áherslur á því hvað talið er eftirsóknarverður ávinningur í samningsgerðinni í athugasemdum við frv. þar sem segir:

„Með samningi þeim, sem nú liggur fyrir, er lagður grundvöllur að traustri framkvæmd á skattamálum ÍSAL vegna núverandi álbræðslu og teknar upp nýjar reglur í því skyni, er verða munu til *mikillar einföldunar* og *sparnaðar á fyrirhöfn og kostnaði* við skattheimtu gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt munu þær *draga stórlega úr líkum á deilum* eins og þeim sem orðið hafa á liðnum árum.

Með samningnum er ennfremur *lokið lausn þeirra mála*, sem á dagskrá hafa verið varðandi núverandi álbræðslu í Straumsvík samkvæmt bráðabirgðasamningnum frá 1983. Umræðum um stækkun álversins verður haldið áfram, en ekki er tímabært að fjalla nánar um stöðu þeirra nú."

Vonandi var ekki gefið eftir í þessum samningum til að tryggja framtíðarmöguleika á stækkun álversins. Ef svo er þá hefur miklu verið fórnað fyrir lítið. Það er löngu ljóst að stóriðjustefnan hefur gengið sér til húðar. Hún hefur verið nefnd kostur gærdagsins. Smáfyrirtæki eru og verða kjölfestan á sviði iðnaðar.

Auðlindir landsins eru ekki aðeins fiskimið, jarðvarmi og fallvötn heldur einnig og ekki síður hreint loft, tært vatn og ómengað land. Það eru nú orðin ómetanleg auðæfi í iðnvæddum heimi. Síðast en ekki síst er menntun, hugvit og þekking grundvöllurinn að uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífinu.

Stóriðja er fjármagnsfrek og býður upp á fá störf, og hún hefur ekki reynst okkur arðbær. Það er kominn tími til þess að Íslendingar líti sér nær og hugi að framtíðinni.

Álrisanum hefur enn sem fyrr tekist að ná undirtökunum og hefur sveigt samningsgerðina í þá átt að tryggja hagsmuni sína langt umfram hagsmuni Íslendinga.

Í heildina tekið er þessi samningur ríkisstjórnarinnar við Alusuisse óviðunandi og því leggur Kvennalistinn til að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1985.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.

Nd. 240. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 123 31. des. 1984, um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 11. des. 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Friðrik Sophusson.
	Grétar Þorsteinsson.	

Nd. 241. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 11. des. 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Halldór Blöndal.	Friðrik Sophusson.	Grétar Þorsteinsson, með fyrirvara.
	Jón Baldvin Hannibalsson, með fyrirvara.	

Nd. 242. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á 6 fundum og átt sameiginlega fundi með sjávarútvegsnefnd efri deildar. Til fundar við nefndirnar komu fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS, Sambandi íslenskra fiskframleiðenda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Félagi smábátaeigenda.

Forsendur þess, að þetta frumvarp er flutt, eru fyrst og fremst spár fiskifræðinga um ástand helstu nytjafiska okkar. Þær hugmyndir, sem nú liggja fyrir um takmörkun sóknar í fiskstofnana, eru sem næst þessar:

300 þús. tonn af þorski,
60 þús. tonn af ýsu,
70 þús. tonn af ufsa,

100—110 þús. tonn af karfa,
30 þús. tonn af grálúðu.

Þessi aflamörk leiða óhjákvæmilega til stjórnar á veiðunum.

Í nefndinni var ekki ágreiningur milli nefndarmanna um nauðsyn stjórnar. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra aðilja, sem nefndin kallaði á sinn fund, voru sama sinnis.

Á árinu 1984 var gerð könnun á vegum sjávarútvegsráðuneytisins á viðhorfum útgerðar- og skipstjórnarmanna á svonefndu kvótakerfi. Niðurstaða þeirrar könnunar var að 88,7% svöruðu því játandi að þörf væri á heildarstjórn fiskveiða, 46,3% svöruðu því einnig játandi að stjórna ætti fiskveiðum með aflakvóta á fiskiskip.

Nefndin sér ýmsa ókosti á kvótakerfinu sem aðferð til að stjórna fiskveiðum en aðrar betri leiðir virðast ekki í sjónmáli. Með þeirri aðferð til stjórnar, sem beitt hefur verið og hér er lagt til að verði áfram, hefur tekist að spara í rekstri og auka gæði hráefnisins.

Sjávarútvegurinn er sú atvinnugrein sem öll afkoma þessarar þjóðar byggist á. Með þessu frumvarpi er reynt að komast sem næst því að njóta sem mest og best þess sem hafið hefur að geyma án þess þó að ganga um of á þann stofn er þar vex.

Með vísan til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem liggja fyrir á þskj. 243.

Alþingi, 11. des. 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Halldór Blöndal.

Gunnar G. Schram. | Ingvar Gíslason.

Nd. 243. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar (StG, GSig, GGS, HBl, IG).

1. Við 4. gr. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðuneytið getur þó ákveðið að skip, sem loðnuveiðar stunda, skuli aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki.
2. Við 9. gr. 1. tölul. 1. mgr. orðist svo:
   Veiðar eru ekki heimilar á eftirgreindum tímabilum:
   A. Í tíu daga um páskahelgi í mars 1986 og í apríl 1987. Enn fremur í tíu daga í ágúst og sjö daga í júní og október, hvorn mánuð, ár hvert.
      Fari mánaðarlegt aflamagn báta undir 10 brl. í einhverjum landsfjórðungi niður fyrir tvo þriðju af meðalafla þess mánaðar síðustu þrjú árin vegna ógæfta er ráðherra heimilt að aflétta næstu veiðistöðvun á eftir samkvæmt þessum staflið.
   B. Frá og með 15. desember 1986 til og með 15. janúar 1987 og frá og með 15. desember 1987 til og með 31. desember 1987.
3. Við 12. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Óheimilt er að færa aflamark af skipi sem ekki hefur verið haldið til veiða næstliðið almanaksár.
4. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1986 og gilda til 31. desember 1987. Þó skal 2. mgr. 13. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. febrúar 1986 og skulu gilda til þess tíma ákvæði 12. gr. þessara laga um framsal aflamarks skipa sem eigendaskipti verða á, eftir því sem við getur átt. Jafnframt eru á gildistíma laga þessara felldar úr gildi 10. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, **II**, er orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga þessara er heimilt að veita skipum, sem smíði var hafin á hér á landi fyrir árslok 1983, veiðileyfi sem miðast einkum við veiðar á vannýttum stofnum.

Sþ. 244. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 01-101 Forsætisráðuneyti. 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „14 154“ kemur	13 754
2. Við 4. gr. 01-901 Húsameistari ríkisins.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „3 669“ kemur	3 569
b. Við 1.10 Teiknistofa.	
Fyrir „10 482“ kemur	10 282
c. Við 4 Sértekjur.	
Fyrir „13 052“ kemur	13 352
3. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „100 000“ kemur	95 000
4. Við 4. gr. 02-203 Raunvísindastofnun háskólans. 6.02 Fasteign.	
Liðurinn fellur brott.	
5. Við 4. gr. 02-730 6.90 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
a. Fyrir „120 000“ kemur	120 345
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög (02-730. 6.90).

	Þús. kr.
a. Bygging grunnskóla o. fl.:	
1. Reykjavík:	
Hlíðaskóli, 4. áf. og íþróttahús	1 000
Hólabrekkuskóli, 3. áf.	1 000
Hvassaleitisskóli, 3. áf. íþróttahúss	2 000
Seljaskóli, 3. áf.	2 000
Grafarvogsskóli, 1. áf.	7 000
Vesturbæjarskóli, 1. áf.	1 000
Ölduselsskóli, 2. áf.	1 852
2. Kópavogur:	
Digranesskóli, 4. áf.	2 000
Hjallaskóli, 1. áf. íþróttahúss	528
Snælandsskóli, 1. og 2. áf., með íþróttasal	7 000
3. Hafnarfjörður:	
Sundlaug	700
Víðistaðaskóli, 4. áf., 5. áf. a og 5. áf. b	2 500
Öldutúnsskóli, 4. áf.	1 800
4. Seltjarnarnes:	
Sundlaug	350

	Þús. kr.
5. Garðabær:	
Sundlaugarhús	50
6. Keflavík:	
Íþróttahús, 1. áf.	50
Sundlaug	700
7. Grindavík:	
Íþróttahús 1. áf.	1 842
8. Njarðvík:	
Íþróttahús, 2. og 3. áf.	10
9. Bessastaðahreppur:	
Laus kennslustofa, skóli, 2. áf.	850
10. Mosfellshreppur:	
Íþróttahús, 1. áf.	500
Varmárskóli, 2. áf.	2 000
11. Sandgerði:	
Stækkun skóla, 2. áf.	1 300
Sundlaug og íþróttahús	200
12. Gerðahreppur:	
Sundlaug og búningsklefar	200
Stækkun skóla	200
13. Vatnsleysustrandarhreppur:	
Sundlaug og baðklefar	100
14. Akranes:	
Grundaskóli, 1. áf.	1 500
Brekkubæjarskóli, viðbygging	4 500
15. Olafsvík:	
Stækkun skóla	700
67. Stokkseyrarhreppur, laus kennslustofa	5	
68. Hrunamannahreppur, Flúðir, íþróttahús	5	
69. Biskupstungnahreppur, skóli, stækkun	5	
70. Mýrdalshreppur (Vík), endurbætur	5	
		350
c. Orkusparandi aðgerðir		400
d. Stofnbúnaður eldri skóla		400
e. Hagræðing		412
		120 345

4. Dagvistarheimili, stofnkostnaður (02–803 6.90).

a. Dagvistarheimili sem tekin eru til starfa:		
1. Akranes, Skarðsbraut, 2. áf.	85	
2. Suðureyri	200	
3. Ísafjörður, Eyrargata	1 937	
4. Borgarfjörður eystri	169	
5. Reyðarfjörður	800	
6. Njarðvík	600	
7. Hafnarfjörður, Smárabraut, 1. áf.	1 600	
8. Kópavogur, Efstihjalli	1 319	
9. Kópavogur, Grænatún	2 000	
Reykjavíkurborg:		
10. Bústaðavegur	726	
11. Laugarnesskóli (skóladagheimili)	107	
12. Hraunberg (dagheimili, leikskóli)	1 600	
13. Hraunberg (skóladagheimili)	1 000	
14. Hálsasel (skóladagheimili, leikskóli)	2 600	
		14 743
b. Dagvistarheimili sem enn eru í byggingu:		
1. Hellissandur, leikskóli	800	
2. Þingeyri, leikskóli	900	

	Þús. kr.	Þús. kr.
3. Súðavík, leikskóli	131	
4. Hólmavík, leikskóli	700	
5. Akureyri (Fíladelfíusöfnuður), leikskóli	1 250	
6. Akureyri, Pálmholt	2 000	
7. Hella	800	
8. Garðabær, Hofstaðabraut	1 800	
9. Kópavogur, Marbakki	1 200	
10. Mosfellssveit	2 500	
Reykjavíkurborg:		
11. Eiðsgrandi	1 200	
12. Rofabær	1 200	
		14 731
c. Dagheimili, nýbyggingar á undirbúningsstigi teknar í fjárlögum 1985 eða fyrr:		
1. Hvammstangi	10	
2. Stokkseyri	10	
3. Hafnarfjörður, Setberg	300	
4. Vatnsleysuströnd	10	
5. Keflavík, Heiðabyggð	300	
6. Seltjarnarnes	300	
7. Andakílshreppur, Borgarfirði	50	
8. Breiðdalsvík	10	
Reykjavíkurborg:		
9. Stangarholt	300	
10. Seljavegur	300	
11. Grafarvogur	300	
		1 890
d. Dagvistarheimili, viðbyggingar við hús sem tekin eru til starfa:		
1. Borgarnes, 2. áf.	500	
2. Blönduós, 2. áf.	10	
3. Skagaströnd, 2. áf.	500	
4. Dalvík, 2. áf.	500	
5. Egilsstaðir, 2. áf.	800	
6. Hafnarfjörður, Smárabarð, 2. áf.	500	
7. Höfn í Hornafirði, 2. áf.	10	
		2 820
e. Gömul hús, breytingar og búnaður, tekin til starfa:		
1. Raufarhöfn	250	
2. Eskifjörður	400	
3. Fáskrúðsfjörður, Búðahreppur	350	
4. Stöðvarfjörður, Bakkagerði	450	
5. Keflavík, Tjarnarsel	450	
6. Hafnarfjörður, Kirkjuvegur	2 088	
7. Stykkishólmur	300	
8. Hofsós	400	
9. Búðardalur, Laxárdalshreppur	200	
10. Hrísey	400	
11. Kjalarnes	200	
		5 238

	Þús. kr.	Þús. kr.
f. Dagheimili, nýbyggingar ekki teknar í fjárlögum áður:		
Reykjavíkurborg:		
1. Ártúnsholt, dagheimili, leikskóli	5	
2. Rekagrandi, dagheimili, leikskóli	5	
3. Jöklasel, dagheimili, leikskóli	5	
4. Kópavogur, dagheimili í austurbæ	5	
5. Akranes	5	
6. Flateyri, leikskóli	5	
7. Siglufjörður, dagheimili, leikskóli	5	
8. Akureyri, Þórunnarstræti	5	
9. Vopnafjörður, leikskóli	5	
10. Fellahreppur, leikskóli	5	
11. Grindavík, leikskóli	5	
12. Kópavogur, skóladagheimili í austurbæ	5	
		60
g. Hönnun vegna nýrra dagvistarheimila		518
		40 000

5. Bygging íþróttamannvirkja (02–986 6.20).

a. Ný íþróttamannvirki:		
1. Knattspyrnufélagið Valur, Rvík, knattspyrnuvöllur, 1. áf.	10	
2. Knattspyrnufélagið Fylkir, Rvík, íþróttavöllur, 1. áf.	10	
3. Keflavík, íþróttavöllur	10	
4. Íþróttabandalag Akraness, íþróttahús	10	
5. Íþróttafélagið Vestri, Ísafirði, tímatökutæki	10	
6. Blönduós, íþróttahús	10	
7. Golfklúbbur Blönduóss, golfvöllur	10	
8. Engihlíðarhreppur, A-Hún., íþróttavöllur	10	
9. Höfðahreppur, Skagaströnd, sundlaug	10	
10. Siglufjörður, íþróttahús	10	
11. Umf. Vorboðinn, Reistará, Eyj., íþróttavöllur	10	
12. Dalvík, grasvöllur, I. áf.	10	
13. Þórshöfn, íþróttahús	10	
14. Golfklúbbur Vopnafjarðar, golfvöllur	10	
15. Íþróttafélag Jökuldæla, íþróttavöllur	10	
16. Golfklúbbur Fljótsdalshéraðs, golfvöllur	10	
17. Siglingafélagið Sörvi, Egilsstöðum, siglingaaðstaða	10	
18. Sólheimar, Grímsnesi, íþróttahús	10	
19. ÍBV, Vestmannaeyjum, tímatökutæki	10	
		190

	Þús. kr.
b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1985 eða fyrr:	
1. Sundlaug í Laugardal, laugarhús	1 000
2. Laugardalsvöllur, III. áf.	461
3. Skíðamannvirki í Bláfjöllum, II. áf.	700
4. Troðari og skemma í Bláfjöllum	100
5. Gervigras á Laugardalsvöll	3 800
6. Skíðalyfta í Bláfjöllum	1 000
7. Glímufélagið Ármann, íþróttahús	300
8. Glímufélagið Ármann, skíðalyfta	300
9. Glímufélagið Ármann, íþróttasvæði	60
10. Knattspyrnufélagið Fram, grasvöllur	370
11. ÍR, íþróttasvæði	220
12. ÍR, skíðalyfta	200
13. ÍR, troðari	200
14. Íþróttafélag fatlaðra, íþróttahús	250
15. Íþróttabandalag Reykjavíkur, íþróttabúðir	370
16. Knattspyrnufélag Rvíkur, þjónustumiðstöð	350
17. Knattspyrnufélag Rvíkur, skíðalyfta	550
18. Knattspyrnufélag Rvíkur, íþróttahús lyftingamanna	120
19. Tennis- og badmintonfélag Rvíkur, tennisvellir	300
20. Tennis- og badmintonfélag Rvíkur, íþróttahús	74
21. Knattspyrnufélagið Valur, íþróttahús	500
22. Knattspyrnufélagið Víkingur, íþróttasvæði	365
23. Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta	400
24. Knattspyrnufélagið Þróttur, vallarhús og grasvöllur	174
25. Íþróttafélag Rvíkur, skáli fyrir troðara	60
26. Umf. Breiðablik, Kópavogi, skíðalyfta	128
27. Umf. Breiðablik, Kópavogi, skíðaskáli	58
28. Kópavogur, íþróttahús	400
29. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi, íþróttahús	1 697
30. Hafnarfjörður, álma við íþróttahús	234
31. Hafnarfjörður, viðbætur við sundlaug	300
32. Hafnarfjörður, æfingasvæði við Kaplakrika	75
33. FH., Hafnarfirði, áhorfendasvæði, búningsklefar	900
34. Golfklúbburinn Keilir, Hf., stækkun golfvallar	400
35. Hafnarfjörður, íþróttavöllur við Hvaleyrarholt	125
36. Seltjarnarnes, íþróttavöllur	250
37. Seltjarnarnes, sundlaug	300
38. Garðabær, íþróttavöllur	500
39. Keflavík, æfingasvæði	95
40. Keflavík, íþróttahús, II. áfangi	34
41. Keflavík, sundlaug, ný	80
42. Keflavík, íþróttaleikvangur	500
43. Keflavík, sundhöll	100

	Þús. kr.
44. Golfklúbbur Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur	500
45. Grindavík, golfklúbbur, golfvöllur	60
46. Grindavík, íþróttahús	150
47. Njarðvík, búningsklefar við völl	41
48. Gerðahreppur, Gull., íþróttahús og sundlaug	114
49. Gerðahreppur, Gull., grasvöllur og vallarhús	225
50. Miðneshreppur (Sandgerði), íþróttahús, I. áf.	80
51. Miðneshreppur (Sandgerði), grasvöllur	55
52. Miðneshreppur (Sandgerði), sundlaug	13
53. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellssveit	300
54. Golfklúbburinn Leynir, Akranesi	94
55. Akranes, grasvöllur, II. áf.	31
56. Akranes, sundlaug opin	200
57. Akranes, æfingasvæði	8
58. Golfklúbbur Borgarness, golfvöllur og skáli	150
59. Andakílshreppur, Borgarfirði, sundlaug	60
60. Staðarsveit, Snæf., sundlaug	11
61. Ólafsvík, grasvöllur	200
62. Ólafsvík, setlaug	36
63. Golfklúbbur Ólafsvíkur, golfvöllur	40
64. Ólafsvík, troðari og skíðalyfta	80
65. Eyrarsveit, Snæf., malarvöllur	16
66. Eyrarsveit, Snæf., skíðalyfta	60
67. Stykkishólmur, Snæf., íþróttavöllur	123
68. Barðastrandarhreppur, sundlaug	15
69. Patrekshreppur, V-Barð., malarvöllur	250
70. Tálknafjörður, V-Barð., íþróttahús	80
71. Bíldudalur, V-Barð., íþróttavöllur	70
72. Flateyri, sundlaug	50
73. Suðureyrarhreppur, V-Ís., íþróttavöllur	96
74. Bolungarvík, skíðalyfta	100
75. Ísafjörður, gras- og malarvöllur	250
76. Ísafjörður, sundlaug	250
77. Ísafjörður, troðari	100
78. Ísafjörður, vallarhús	25
79. Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannvirki	56
80. Súðavíkurhreppur, N-Ís., malarvöllur, skíðamannvirki	28
81. Kaldrananeshreppur, Strand., laugarhús	150
82. Hvammstangahreppur, V-Hún., malarvöllur	150
83. Hvammstangahreppur, V-Hún., sundlaug	43
84. Blönduóshreppur, A-Hún., íþróttavöllur	20
85. Blönduóshreppur, A-Hún., skíðatogbraut	50
86. Blönduóshreppur, A-Hún., búnings- og baðklefar	19

		Þús. kr.
87.	Höfðaheppur, Skagaströnd, A-Hún., skíðaskáli ...	130
88.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	34
89.	Sauðárkrókur, íþróttahús	100
90.	Golfklúbbur Sauðárkróks, golfvöllur	250
91.	Akrahreppur, Skag., íþróttavöllur	50
92.	Lýtingsstaðahreppur, Skag., íþróttavöllur	20
93.	Hofsóshreppur, Skag., íþróttavöllur	12
94.	Siglufjörður, grasvöllur	100
95.	Siglufjörður, sundlaug	100
96.	Íþróttabandalag Siglufjarðar, skíðamiðstöð að Hóli	200
97.	Ólafsfjörður, malarvöllur	14
98.	Umf. Leiftur, Ólafsfirði, troðari	46
99.	Dalvík, toglyfta	150
100.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	59
101.	Akureyri, hlaupabraut	60
102.	Akureyri, markhús í Hlíðarfjalli	60
103.	Akureyri, íþróttahús	700
104.	Akureyri, áhaldageymsla við íþróttavöll	1
105.	KA, Akureyri, girðing um völl	500
106.	KA, Akureyri, grasvöllur	250
107.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, handknattleiks- og tennisvöllur	60
108.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, grasvöllur	300
109.	Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	150
110.	Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	150
111.	Skautafélag Akureyrar, girðing og skáli	150
112.	Grímsey, sundlaug	169
113.	Umf. Reynir, Árskógsströnd, íþróttavöllur	75
114.	Umf. Bjarmi, S-Þing., íþróttavöllur	90
115.	Umf. Geisli, Aðaldal, S-Þing., íþróttavöllur	127
116.	HSÞ, Laugum, S-Þing., stækkun íþróttavallar	120
117.	Skútustaðahreppur, S-Þing., malarvöllur	100
118.	Skútustaðahreppur, S-Þing., sundlaug og vallarhús	100
119.	Húsavík, II. áf. grasvallar	32
120.	Húsavík, skíðalyfta	80
121.	Húsavík, íþróttahús	500
122.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	89
123.	Raufarhafnarhreppur, sundlaug	54
124.	Raufarhafnarhreppur, íþróttavöllur	250
125.	Umf. Borgarfjarðar, N-Múl., íþróttavöllur	78
126.	UÍA, Eiðum, S-Múl. íþróttavöllur	150
127.	Fellahreppur, N-Múl. íþróttavöllur	10
128.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., íþróttavöllur	69
129.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., setlaug við sundlaug ...	12
130.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., skíðalyfta	75
131.	Egilsstaðahreppur, S-Múl., íþróttahús	150
132.	Seyðisfjörður, íþróttahús	15
133.	Íþróttafélagið Huginn, Seyðisf., skíðalyfta	100

	Þús. kr.	Þús. kr.
134. Seyðisfjörður, sundlaug	96	
135. Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, skíðamiðstöð Oddsskarði	306	
136. Eskifjörður, baðlaugar	30	
137. Golfklúbbur Eskifjarðar, golfvöllur og skáli	70	
138. Eskifjörður, íþróttavöllur	31	
139. Reyðarfjörður, toglyfta	30	
140. Reyðarfjörður, íþróttavöllur	66	
141. Búðahreppur, Fáskrúðsfirði	30	
142. Stöðvarhreppur, S-Múl., íþróttavöllur	20	
143. Djúpivogur, S-Múl., íþróttavöllur	80	
144. Hafnarhreppur, A-Skaft., íþróttavöllur	90	
145. Hafnarhreppur, A-Skaft., sundlaug	150	
146. Golfklúbbur Hornafjarðar, A-Skaft., völlur og skáli	100	
147. Umf. Dyrhólaey, V-Skaft., íþróttavöllur	1	
148. Golfklúbbur Hvolsvallar, golfvöllur	140	
149. V-Eyjafjallahreppur, Rang.	1	
150. Djúpárhreppur, Rang., íþróttavöllur	1	
151. Umf. Biskupstungna, Árn., íþróttavöllur	85	
152. Kirkjubæjarklaustur, V-Skaft., íþróttavöllur	49	
153. Stokkseyrarhreppur, Árn., íþróttavöllur	60	
154. Vestmannaeyjar, grasvöllur	139	
155. Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	90	
156. Skeiðahreppur, baðstofa	150	
157. Selfoss, búningsklefar við sundhöll	200	
158. Hveragerðishreppur, Árn., sundlaug	50	
159. Hveragerðishreppur, Árn., íþróttahús	65	
		31 070
c. Sérfræðileg aðstoð, eftirlit og leiðbeiningar		390
		31 650

6. Landþurrkun (04-201 1.50).

Araós	20	
Út-Hjaltastaðaþinghá	15	
Leiðvallahreppur	35	
Dyrhólaós	200	
Holtsós	50	
Austur-Landeyjahreppur	35	
Vestur-Landeyjahreppur	35	
Rangárvallahreppur	15	
Djúpárhreppur	35	
		440

7. Fyrirhleðslur (04-270 6.90).

a. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Skaftá	300	
2. Kúðafljót	250	
3. Markarfljót	500	
4. Norðurá	150	
5. Héraðsvötn	400	
6. Hörgá	300	
7. Eyjafjarðará	200	
8. Hornafjarðarfljót	1 000	
9. Jökulsá á Dal	400	
10. Þjórsá	500	
		4 000

b. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:

1. Vestur-Skaftafellssýsla	600	
2. Rangárvallasýsla	200	
3. Árnessýsla	600	
4. Borgarfjarðar- og Mýrasýsla	100	
5. Snæfellsnessýsla	100	
6. Dalasýsla	100	
7. Múlasýslur	1 000	
8. Austur-Skaftafellssýsla	500	
		3 200

c. Til fyrirhleðslna og viðhalds gegn ⅛ kostnaðar annars staðar frá:

1. Suðurlandskjördæmi	250	
2. Reykjaneskjördæmi	100	
3. Vesturlandskjördæmi	150	
4. Vestfjarðakjördæmi	100	
5. Norðurlandskjördæmi vestra	300	
6. Norðurlandskjördæmi eystra	350	
7. Austurlandskjördæmi	150	
		1 400
		8 600

8. Sjóvarnargarðar (04-270 6.91).

1. Búðardalur	200	
2. Húsavík	1 000	
3. Eyrarbakki	227	
4. Grindavík	500	
		1 927

9. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða (08-381 6.90).

	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, Hraunberg H2	3 000	
2. Reykjavík, Grensás	1 000	
3. Ólafsvík, H2, tæki	1 000	
4. Patreksfjörður, sjúkrahús og H2	2 000	
5. Ísafjörður, sjúkrahús og H2	25 900	
6. Hólmavík, H1, tæki	800	
7. Sauðárkrókur, sjúkrahús og H2	12 400	
8. Siglufjörður, sjúkrahús	1 000	
9. Dalvík, H2	200	
10. Húsavík, sel í Reykjahlíð	1 000	
11. Þórshöfn, H1	7 100	
12. Bakkafjörður, H	300	
13. Seyðisfjörður, sjúkrahús og H1	1 000	
14. Egilsstaðir, sjúkrahús og H2	1 500	
15. Djúpivogur, H1	500	
16. Norðfjörður	500	
17. Höfn, Hof, H	300	
18. Höfn, H2	500	
19. Selfoss	1 000	
20. Vestmannaeyjar	1 000	
21. Vogar, H	600	
22. Hafnarfjörður, H2	1 000	
23. Seltjarnarnes, H2	500	
		64 100
b. Húsaleiga:		
1. Reykjavík	800	
2. Mosfellssveit	280	
3. Akureyri	2 600	
4. Þorlákshöfn	280	
5. Hafnarfjörður	540	
		4 500
c. Læknisbústaðir:		
1. Bolungarvík	1 200	
2. Siglufjörður	2 2000	
		3 400
d. Hjúkrunarheimili aldraða:		
1. Reykjavík:		
a. B-álma	3 000	
b. Droplaugarstaðir	3 600	
2. Sauðárkrókur	500	
3. Dalvík	500	
4. Egilsstaðir	2 000	
5. Hella	900	
6. Hafnarfjörður, Sólvangur	3 500	
		14 000
		86 000

10. Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10-333 6.30).	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	3 800	
2. Borgarnes	500	
3. Arnarstapi	3 400	
4. Ólafsvík	400	
5. Reykhólar	1 100	
6. Patreksfjörður	100	
7. Tálknafjörður	1 300	
8. Þingeyri	500	
9. Bolungarvík	1 800	
10. Ísafjörður	3 700	
11. Norðurfjörður	2 300	
12. Hvammstangi	3 000	
13. Skagaströnd	5 500	
14. Sauðárkrókur	3 000	
15. Siglufjörður	400	
16. Ólafsfjörður	200	
17. Dalvík	4 000	
18. Árskógssandur	400	
19. Hauganes	300	
20. Hjalteyri	100	
21. Akureyri	3 000	
22. Grenivík	200	
23. Grímsey	400	
24. Húsavík	1 600	
25. Þórshöfn	3 500	
26. Bakkafjörður	1 800	
27. Vopnafjörður	700	
28. Borgarfjörður eystri	2 300	
29. Seyðisfjörður	1 100	
30. Fáskrúðsfjörður (smábátahöfn)	900	
31. Stöðvarfjörður	2 900	
32. Breiðdalsvík	400	
33. Hornafjörður	4 100	
34. Vestmannaeyjar	3 700	
35. Stokkseyri	300	
36. Grindavík	1 500	
37. Hafnir	200	
38. Sandgerði	3 100	
39. Hafnarfjörður	2 500	
40. Garðabær	4 000	
		74 000

	Þús. kr.	Þús. kr.
11. Sjóvarnargarðar (10-333 6.40).		
1. Akranes	1 000	
2. Ólafsvík	800	
3. Blönduós	1 400	
4. Sauðárkrókur	1 600	
5. Hrísey	700	
6. Vestmannaeyjar	1 000	
7. Miðneshreppur	1 000	
8. Gerðahreppur	1 000	
9. Hafnahreppur	1 000	
10. Vatnsleysustrandarhreppur	500	
		10 000
12. Framkvæmdir á flugvöllum (10-471 6.80).		
1. Reykjavík:		
a. Malbik (flugbraut 02/20)	7 000	
b. Öryggissvæði, girðing	2 500	
c. Slökkvistöð	4 000	
d. VHF, varasendir	200	
		13 700
2. Stykkishólmur:		
Öryggissvæði		3 000
3. Patreksfjörður:		
a. Flugbraut, yfirlag	2 800	
b. Radíóviti, endurbætur	200	
		3 000
4. Bíldudalur:		
Flugbraut, lenging og öryggissvæði		5 700
5. Hólmavík:		
Radíóviti, heimtaug		200
6. Gjögur:		
a. Leifturljós N-enda	200	
b. Girðing	500	
		700
7. Akureyri:		
a. Aðflugsljós, flugbraut 02	700	
b. Fjarskiptatæki	200	
		900
8. Húsavík:		
a. Flugstöð	2 000	
b. Öryggissvæði, 1. áfangi	2 200	
		4 200
9. Raufarhöfn:		
Fjarskiptatæki		200
10. Egilsstaðir:		
Snjóhreinsibúnaður		2 000
11. Hornafjörður:		
a. Flugbraut, yfirlag	2 000	
b. Leiðarljós	700	
		2 700

	Þús. kr.	Þús. kr.
12. Bakkafjörður:		
Radíóviti, heimtaug		200
13. Vopnafjörður:		
a. Flugstöð	1 000	
b. Flugbrautarljós vegna lengingar flugbrautar	500	
c. Snjóhreinsibúnaður	200	
		1 700
14. Breiðdalsvík:		
Öryggissvæði og lenging		2 000
15. Sjúkraflugvellir:		
a. Kambsnes við Búðardal	1 000	
b. Reykhólar	1 500	
c. Reykjanes	1 300	
d. Fáskrúðsfjörður	700	
e. Kirkjubæjarklaustur	500	
f. Selfoss	200	
g. Mývatnssveit	500	
h. Umfram frá fyrra ári	200	
		5 900
16. Flugstjórnarmiðstöð		4 000
17. Leiðarflugþjónustan		2 000
18. Öryggiskallkerfi vegna 17 flugvalla		400
19. Segulbönd vegna fjögurra flugvalla		400
20. Skrifstofur flugturnsbyggingar:		
a. Áhöld og breytingar		2 800
b. Flugprófunardeild		2 000
c. SSR-ratsjá		1 400
d. Radíódeild		700
e. Neyðarbúnaður		1 200
		61 000

Ed. 273. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Helga Seljan, Karli Steinari Guðnasyni,
Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

17. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 125 000 þús kr. á árinu 1986.

Nd. 274. Lög [127. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Nd. 14. des.)

Samhljóða þskj. 140.

Nd. 275. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/1984, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1985.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Kjartan Jóhannsson, með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.
	Guðmundur H. Garðarsson.	

Ed. 276. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Ragnari Arnalds og Stefáni Benediktssyni.

Við 3. gr. Síðari mgr. falli brott.

Nd. 277. Frumvarp til laga [196. mál]

um Stjórnarráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

1. gr.

Forseti Íslands skipar ráðherra, ákveður tölu þeirra og skiptir störfum með þeim.

Ráðherrar fara með stjórnarmálefni í Stjórnarráði Íslands, hver í sínu ráðuneyti. Þeir bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, hver á sínu sviði.

Stjórnarráðið hefur aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni.

Auk stefnumótunar ríkisstjórnarinnar skal taka fyrir á ráðherrafundum:

1. Mál sem bera á upp fyrir forseta Íslands til staðfestingar.
2. Mál sem einstakir ráðherrar óska að kynna öðrum ráðherrum.
3. Mál sem ráðherrar æskja upplýsinga um hver frá öðrum.

Ráðherrafundi skal halda ef einhver ráðherra óskar að bera upp mál. Forsætisráðherra stjórnar ráðherrafundum.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar ritara ráðherrafunda úr hópi stjórnarráðsstarfsmanna.

Ritari skráir fundargerð ráðherrafundar í gerðabók er ráðherrar hafa staðfest fundargerðina.

II. KAFLI

4. gr.

Stjórnarráð Íslands greinist í ráðuneyti og skulu þau vera þessi: Forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti, utanríkisráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

Heimilt er að skipta hverju ráðuneyti í skrifstofur og starfsdeildir.

5. gr.

Óheimilt er að skipta ráðuneyti á milli tveggja eða fleiri ráðherra.

6. gr.

Hlutverk ráðuneytis er að framkvæma stefnu ráðherra, hafa eftirlit með þeim stofnunum sem undir ráðuneytið heyra og sinna þeim verkefnum öðrum sem því eru falin í lögum.

Í hverju ráðuneyti skal sérstakri starfsdeild eða starfsmanni falið að búa fjárlagatillögur ráðuneytisins og stofnana þess í hendur fjármálaráðuneyti, annast eftirlit með fjárreiðum og vinna að hagræðingu í rekstri.

7. gr.

Stjórnarmálefni falla undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra. Skyld málefni skulu felld undir eitt og sama ráðuneyti, þannig að sem mest hagkvæmni náist í stjórnsýslunni. Í reglugerð þessari skal kveðið á um skiptingu ráðuneyta í skrifstofur og starfsdeildir.

Þyki vafi leika á undir hvert ráðuneytið málefni heyri sker forsætisráðherra úr.

III. KAFLI

8. gr.

Ráðherra er heimilt að ráða til starfa í ráðuneyti sérstakan ráðherraritara er veiti honum aðstoð við að móta stefnu sína og hrinda henni í framkvæmd. Gegnir ráðherraritari störfum svo lengi sem ráðherra kýs, þó ekki lengur en ráðherra sjálfur.

Ráðherraritari getur ritað undir stjórnvaldserindi og er starfsmönnum ráðuneytis öðrum en ráðuneytisstjóra skylt að hlíta fyrirmælum hans. Ráðherra getur þó falið ráðherraritara að fara með stjórn á ráðuneyti undir yfirstjórn sinni.

Við starfslok skal ráðherraritari njóta biðlauna í þrjá mánuði. Taki hann við stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur til loka þriggja mánaða tímans.

Við ráðningu ráðherraritara þarf ekki að gæta ákvæða 5. gr. laga nr. 38/1954.

9. gr.

Ráðuneytisstjóri stýrir daglegum rekstri ráðuneytis undir stjórn ráðherra og ráðherraritara hafi ráðherra falið honum að fara með það vald, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga þessara.

Skrifstofustjórar stjórna skrifstofum og deildarstjórar starfsdeildum ráðuneyta.

Ráðherra setur skrifstofustjórum og deildarstjórum erindisbréf þar sem nánar skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

10. gr.

Ráðherra ræður starfsmenn ráðuneytis. Skulu þeir ráðnir til allt að sex ára í senn.

Enginn má gegna embætti í sama ráðuneyti lengur en tólf ár samfellt. Ráðherra er heimilt að framlengja þennan tíma um allt að sex ár ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka ekki til ráðherraritara.

Hverfi maður úr starfi sem gegnt hefur embætti í Stjórnarráðinu samfellt í sex ár eða lengur skal hann njóta biðlauna í þrjá mánuði. Um biðlaunin gilda að öðru leyti ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga þessara.

IV. KAFLI

11. gr.

Forsætisráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands.

Ákvæði til bráðabirgða.

A.

Ákvæði 8. og 9. gr. um ráðherraritara skulu, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., koma fyrst til framkvæmda að afstöðnum næstu alþingiskosningum.

B.

Eftir gildistöku laganna eiga þeir embættismenn, sem skipaðir hafa verið í embætti ótímabundið, rétt til að gegna þeim embættum eftir því sem við á, sbr. 4. gr. laga nr. 38 1954. Kjósi þeir á hinn bóginn að verða ráðnir tímabundið í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga þessara skulu þeir tilkynna það innan eins árs frá gildistöku laganna og skal þá samfelldur starfstími skv. 2. mgr. 10. gr. talinn frá þeim tíma er lögin taka gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 18. ágúst 1983 skipaði forsætisráðherra, í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, nefnd til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um hvernig gera mætti stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að markmið slíkra stjórnkerfisbreytinga væri að einfalda opinbera stjórnsýslu, bæta hagstjórn og samræma ákvarðanir í opinberri fjárfestingu, draga úr ríkisumsvifum og efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdarvaldinu. Í nefndina voru skipuð Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, formaður, Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, Bjarni Einarsson forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Helga Jónsdóttir aðstoðarmaður forsætisráðherra og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður. Starfsmaður nefndarinnar er Þórður Ingvi Guðmundsson stjórnsýslufræðingur.

Nefndin hefur samið drög að frumvarpi þessu, en þeim hefur síðan verið breytt í nokkrum atriðum í meðförum ríkisstjórnarinnar.

Almennar athugasemdir.

Gildandi lög um Stjórnarráð Íslands eru nr. 73 frá 28. maí 1969. Með setningu þeirra var steypt saman í ein lög fyrirmælum um skipulag og starfshætti í Stjórnarráði Íslands. Áður höfðu lagaákvæði um þessi efni verið dreifð og ófullnægjandi. Vísast um það til

athugasemda, sem fylgdu frumvarpi að lögunum 1969 (sjá Alþingistíðindi A-deild 1968, þskj. 2).

Lögin frá 1969 voru til mikilla bóta. Hafa þau á margan hátt reynst vel, þótt nú sé svo komið vegna breyttra aðstæðna og viðhorfa í þjóðfélaginu að ástæða þyki til að breyta þeim. Í stórum dráttum er þó byggt á þeim grunni sem lagður var 1969.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

1.

Í frumvarpinu er áréttuð sú meginregla íslenskrar stjórnskipunar að einstakir ráðherrar fari með æðsta stjórnvald í málefnum þeim er undir þá heyra og beri jafnframt ábyrgð á stjórnarathöfnum á því sviði. Reynt er með því móti að sporna við þeirri tilhneigingu, sem orðið hefur vart á síðari árum, að leggja málefni undir fleiri en einn ráðherra eða jafnvel ríkisstjórnina í heild. Sú skipan er aðeins til þess fallin að gera málsmeðferð þyngri í vöfum og draga úr ábyrgð einstakra ráðherra á stjórnarstörfum.

Ýmsum ákvæðum frumvarpsins er ætlað að auðvelda ráðherrum að móta stefnu í einstökum málaflokkum og hrinda henni í framkvæmd. Í því skyni er gert ráð fyrir að þeir velji sér sjálfir næstráðendur sína í ráðuneytum, ráðherraritara. Áhersla er á það lögð að hlutverk ráðuneyta sé fyrst og fremst að framkvæma stefnu ráðherra og hafa eftirlit með stofnunum ríkisins. Þá er lagt til að í hverju ráðuneyti starfi sérstök deild eða starfsmaður að undirbúningi fjárlaga og annist jafnframt eftirlit með fjárreiðum og vinni að hagræðingu í rekstri. Með þessu móti er leitast við að styrkja stöðu einstakra ráðuneyta út á við, ekki síst í skiptum við þær stofnanir sem undir þau heyra.

2.

Í frumvarpinu er ráðgert að hverju ráðuneyti megi skipta í skrifstofur og þeim síðan í starfsdeildir. Stjórni skrifstofustjórar skrifstofum en deildarstjórar starfsdeildum. Er þetta háttur, sem þegar ríkir í einstöku ráðuneytum. Yfir öllum daglegum rekstri ráðuneytis verði ráðuneytisstjóri svo sem verið hefur.

Gengið er út frá því að með endurskoðun á reglugerð um Stjórnarráðið verði starfsdeildum í ráðuneytum fækkað og skipulag þeirra einfaldað frá því sem nú tíðkast.

3.

Í frumvarpinu er að finna reglur sem stuðla eiga að hæfilegri endurnýjun í starfsliði Stjórnarráðsins. Þótt stöðugleiki sé að vísu nauðsynlegur í stjórnsýslunni, ekki síst í ráðuneytum, getur hann smám saman leitt til stöðnunar. Af þeim sökum hefur færst í vöxt erlendis að embættismenn sitji ekki mjög lengi í sömu stöðum, heldur flytjist á milli starfa. Þetta er æskilegt, bæði fyrir starfsmennina sjálfa og stjórnsýslu hins opinbera. Með þessum hætti gefst og tækifæri til þess að ráða til starfa í Stjórnarráðinu menn sem öðlast hafa margháttaða starfsreynslu utan veggja þess, t. d. í öðrum ríkisstofnunum eða úti í atvinnulífinu.

Með þessu er ekki að því stefnt að hæfir starfsmenn hverfi frá starfi í þágu hins opinbera, heldur að auknum hreyfanleika. Með ákvæðum í reglugerð mun verða að því stuðlað að slíkir menn gangi fyrir störfum sem losna í Stjórnarráðinu eða við opinberar stofnanir.

Samhliða þessu frumvarpi hefur verið samið, sem liður í heildarendurskoðun á skipulagi og starfsháttum í Stjórnarráðinu, frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun. Með því er lagt til að Ríkisendurskoðun heyri eftirleiðis undir Alþingi en ekki fjármálaráðherra. Jafnframt eru stofnuninni fengin þau verkefni að vera Alþingi til aðstoðar við undirbúning að gerð fjárlaga og vinna að hagræðingu í ríkisrekstri.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt frá núgildandi lögum og fela í sér sama efni og 15. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Í 2. mgr. eru gerðar breytingar á orðalagi til að leggja sérstaka áherslu á að hver ráðherra fari með æðsta stjórnvald í þeim málum sem undir hann heyra og beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum í þeim málaflokki. Er þar bæði átt við pólitíska ábyrgð og þá refsi- og bótaábyrgð sem á honum hvílir samkvæmt stjórnarskrá og lögum um ráðherraábyrgð nr. 4 1963.

Ákvæði 3. mgr. um aðsetur Stjórnarráðsins í Reykjavík er óbreytt frá niðurlagsákvæði 2. mgr. 1. gr. gildandi laga.

Um 2. gr.

Lögð er til nýskipan á ákvæðum 2. gr. um ráðherrafundi. Efnislega er ekki um að ræða miklar breytingar frá gildandi lögum. Nýskipanin felst í því að telja upp viðfangsefni ráðherrafunda. Kemur þar óbeint fram að ráðherra verður ekki atkvæðum borinn í máli, sem undir hann heyrir, nema hann kjósi það sjálfur.

Í þessari grein kemur að öðru leyti fram efni 17. gr. stjórnarskrárinnar.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að lagt er til að ritara ráðherrafunda megi skipa úr hópi stjórnarráðsmanna allra, í stað þess að nú er gert ráð fyrir að hann verði aðeins skipaður úr röðum starfsmanna forsætisráðuneytis. Þykir ekki ástæða til að binda þetta í lögum með þessum hætti.

Um 4. gr.

Greinin er að mestu óbreytt að því undanskildu að Hagstofa Íslands er ekki talin meðal ráðuneyta.

Gert er ráð fyrir að Hagstofan verði framvegis sjálfstæð stofnun. Skilgreining sú á hlutverki ráðuneyta, sem áður er vikið að, sbr. 6. gr. frumvarps þessa, leiðir sjálfkrafa til þess að Hagstofan telst ekki lengur ráðuneyti, þar sem hún hefur ekki með höndum stjórnunar- eða eftirlitsstörf með sama hætti og ráðuneyti. Er þessi breyting á stöðu hennar því eðlileg.

Um 5. gr.

Sú skipan, sem upp var tekin 1969, að ráðuneyti heyri undir einn og sama ráðherra, hefur gefist vel og því ekki ástæða til að breyta henni. Hins vegar hefur orðalagi ákvæðisins verið breytt til að taka af öll tvímæli í þessu efni.

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er að finna skilgreiningu á hlutverki ráðuneyta. Er lögð áhersla á, að þeim beri fyrst og fremst að framkvæma stefnu ráðherra og hafa eftirlit með undirstofnunum. Til síðastnefnda verkefnisins heyrir að sjálfsögðu að skera úr stjórnsýslukærum.

Með 2. mgr. er lagt til, að í öllum ráðuneytum skuli vera sérstök starfsdeild eða starfsmaður er vinni að fjárlaga- og hagsýslustörfum. Er þetta gert til að ljóst sé að hver ráðherra um sig beri fulla ábyrgð á fésýslu síns ráðuneytis og þeirra stofnana sem undir það heyra. Er til þess ætlast að þessi deild eða starfsmaður annist, svo sem fram kemur í frumvarpstextanum, gerð fjárlagatillagna ráðuneytisins og gæti við það ýtrasta aðhalds og sparnaðar. Eru það auðvitað augljósar starfsskyldur ráðherra að reyna að halda ríkisútgjöldum niðri.

Starfsemi sú sem nú fer fram í Fjárlaga- og hagsýslustofnun yrði eftir sem áður innt af hendi í fjármálaráðuneytinu. Þar yrði farið yfir fjárlagatillögur frá einstökum ráðuneytum í því skyni að draga úr útgjöldum og gæta samræmis og sparnaðar.

Um 7. gr.

Upphaf 1. mgr. hefur að geyma sömu reglu og 8. gr. núgildandi laga, þ. e. að verkaskipting milli ráðuneyta skuli ákeðin í reglugerð. Í 7. gr. gildandi laga segir hins vegar að hver og einn ráðherra skuli ákveða skiptingu ráðuneytis í starfsdeildir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framvegis verði í reglugerð kveðið á um skiptingu ráðuneyta í skrifstofur og starfsdeildir. Er það gert í því skyni að fjölda skrifstofa og starfsdeilda verði haldið í skefjum, en deildum hefur ört fjölgað hin síðari ár. Ljóst er að ráðuneytin verða hér eftir sem hingað til misjafnlega stór. Af þeim sökum þykir rétt að taka upp heimild til þess að skipta ráðuneytum í fleiri en eina skrifstofu. Er gert ráð fyrir að sú heimild verði fyrst og fremst notuð í stærstu ráðuneytunum.

Í 2. mgr. er tekið ákvæði 2. mgr. 8. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að ráðherra hafi áfram sömu heimild og í gildandi lögum til að kveðja sér til aðstoðar við störf sín mann utan ráðuneytis er gegni starfi svo lengi sem ráðherra kýs, þó ekki lengur en ráðherrann sjálfur nema viðtakandi ráðherra endurráði hann. Er lagt til að embættismaður þessi nefnist ráðherraritari.

Í núgildandi stjórnarráðslögum er réttarstaða svonefndra aðstoðarmanna ráðherra mjög óljós. Hér er aftur á móti kveðið skýrt á um réttarstöðu ráðherraritara, að öðru leyti en því er lýtur að sambandi hans við hlutaðeigandi ráðuneytisstjóra. Er hann ýmist hliðsettur ráðuneytisstjóra eða yfirmaður hans ef ráðherra mælir svo fyrir.

Rökin að baki þessari tilhögun tengjast meginhugmyndum frumvarpsins um að auka áhrif og jafnframt ábyrgð einstakra ráðherra. Frumskilyrði er að ráðherra sé auðveldað að hrinda í framkvæmd stefnu sinni og ákvörðunum. Engin leið er betur til þess fallin en sú að hann ráði sjálfur og beri ábyrgð á næstráðanda sínum í ráðuneyti. Ekki er að efa að ráðherrar mundu, ef breyting þessi verður gerð, velja hina hæfustu menn í þessar þýðingarmiklu stöður, enda væri mest í húfi fyrir þá sjálfa að vel tækist til. Að sjálfsögðu væri ekkert því til fyrirstöðu að í stöður ráðherraritara yrðu ráðnir menn úr röðum embættismanna í Stjórnarráðinu. Skal og áréttað að gert er ráð fyrir að ráðherraritari sé valinn af ráðherranum sjálfum en ekki öðrum aðilum, svo sem þingflokki ráðherrans.

Rök fyrir þessari nýskipan eru einnig fólgin í því að ráðherra þarf sjálfur að verja verulegum hluta starfstíma síns utan ráðuneytis, ekki síst vegna setu á Alþingi. Er eðlilegt að hann geti falið nánum samherja sínum að stýra ráðuneyti á meðan hann sjálfur er fjarverandi. Ætti það að auka virk áhrif ráðherra á stjórnarstörf.

Ekki er þörf á að skýra sérstaklega einstök ákvæði í 8. gr. Þau skýra sig sjálf. Þó skal tekið fram að í 4. mgr. er gerð sjálfsögð undantekning frá ákvæði 5. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem mælt er fyrir um auglýsingu á lausri stöðu, umsóknarfresti o. fl.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um embætti ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og deildarstjóra í ráðuneytum. Verði frumvarpið að lögum, yrðu ráðuneytisstjórar áfram æðstu embættismennirnir sem ekki hyrfu úr starfi við ráðherraskipti. Ef ráðuneyti yrði skipt í fleiri en eina skrifstofu, sbr. 7. gr., yrðu skrifstofustjórar jafnmargir og skrifstofur ráðuneytisins, en ella yrði enginn skrifstofustjóri starfandi í ráðuneytinu. Sama á við um fjölda starfsdeilda og deildarstjóra í hverju ráðuneyti. Ekkert væri því þó til fyrirstöðu að sami maður stjórnaði

fleiri en einni deild ef slík skipan væri talin hentug. Tekið er fram í greininni að ráðuneytisstjóri stjórni daglegum rekstri ráðuneytis. Embættið yrði því áþekkt ráðuneytisstjóraembætti samkvæmt gildandi lögum.

3. mgr. 9. gr. er efnislega óbreytt frá ákvæði 4. mgr. 11. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins felst sú breyting að felld er niður æviráðning embættismanna í Stjórnarráðinu. Er lagt til að þess í stað verði ráðið í stöðurnar tímabundið, þ. e. til allt að sex ára í senn. Enn fremur er meginreglan sú að maður getur ekki gegnt embætti í sama ráðuneyti lengur en tólf ár samfellt. Ráðherra getur þó framlengt þann tíma um allt að sex ár ef sérstakar ástæður mæla með því. Ekkert mælir á móti því að starfsmaðurinn gæti ráðist til annars ráðuneytis, að þeim tíma loknum.

Reglur um æviráðningu embættismanna í Stjórnarráðinu samrýmast ekki nútímaviðhorfum í stjórnsýslu. Mestu máli skiptir að haga reglum þannig að hæfileg endurnýjun í starfsliði sé tryggð, en með þeim hætti aukast líkur á að nýjar hugmyndir komi fram og fái að njóta sín. Nauðsynlegt er fyrir stjórnkerfi ríkisins í heild að í Stjórnarráðinu starfi jafnan hinir hæfustu menn. Þess vegna verður að vera unnt að losna við starfsmenn þegar miður hefur tekist við ráðningu. Þótt mannabreytingar séu æskilegar mega þær ekki verða of örar. Því er gert ráð fyrir allt að sex ára ráðningartíma hverju sinni.

Sanngjarnt er að þeir embættismenn, sem gegnt hafa embætti í tíu ár eða lengur, njóti nokkurra biðlauna eftir starfslok. Er kveðið á um það í 3. mgr.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 278. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Kristínu S. Kvaran.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „40 000“ kemur	80 000
2. Við 4. gr. 06-238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum.	
Fyrir „3 228“ kemur	4 500
3. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.	
a. Við 1.27 Sambýli Víðihlíð 7.	
Fyrir „1 397“ kemur	2 041
b. Við 1.28 Sambýli Víðihlíð 5.	
Fyrir „1 397“ kemur	2 852
c. Nýr liður:	
1.81 Vistheimili fyrir fjölfötluð börn við Holtaveg	109
d. Nýr liður:	
1.82 Verndaður vinnustaður á vegum Sjálfsbjargar	1 545
e. Nýr liður:	
1.83 Sambýli á vegum svæðisstjórnar (leiguhúsnæði)	1 531

	Þús. kr.
4. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.92 rannsóknir á HTLV3 veiru og upplýsinga- og fræðslustarfsemi	1 900

5. Við 6. gr. Við bætist nýr liður er orðist svo:
3.29 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af öryggisbeltum, barnavögnum og hlutum í þá og af öryggissætum fyrir börn í ökutæki. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.

Sþ. 279. Svar [71. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Salome Þorkelsdóttur um sveigjanlegan vinnutíma.

Í fyrirspurninni er spurst fyrir um hvort boðið sé upp á sveigjanlegan vinnutíma í stofnunum og fyrirtækjum ríkisins, um upplýsingar um hvers vegna starfsmenn notfæri sér sveigjanlegan vinnutíma og um þann fjölda karla og kvenna í hverri stofnun og fyrirtæki sem notfæri sér sveigjanlegan vinnutíma.

Ekki liggur fyrir nein heildarmynd af því hve algengt sé að sveigjanlegur vinnutími sé í ríkisstofnunum. Skráning vinnutíma fer fram í hverri stofnun fyrir sig og er með mismunandi hætti.

Meiri hluti starfsmanna ríkisstofnana eru í störfum sem eru þess eðlis að ekki er unnt að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma. Dæmi um það eru skólar þar sem föst stundaskrá bindur skipulag vinnutíma til hálfs eða heils árs í senn. Að einhverju leyti mun við gerð stundaskrár vera tekið tillit til óska kennara um vinnutíma en um sveigjanlegan vinnutíma í þeim skilningi, sem almennt er lagður í það hugtak, er varla að ræða í þessum tilvikum. Fjölmargar aðrar ríkisstofnanir eru bundnar starfsskipulagi sem gerir sveigjanlegan vinnutíma nær útilokaðan nema fyrir takmarkaðan hluta starfsmanna. Slíkar stofnanir eru t. d. sjúkrahús og aðrar stofnanir þar sem sinna þarf viðfangsefnum á vöktum allan sólarhringinn, svo og stofnanir sem hafa með höndum þjónustu- og afgreiðsluhlutverk sem bundin eru við tiltekinn hluta sólarhringsins.

Ljóst er því að starfshættir og starfsskipulag ríkisstofnana er með þeim hætti að sveigjanlegum vinnutíma verður ekki komið við nema í hluta þessara stofnana eða eingöngu fyrir hluta starfsfólksins. Er þar einkum um að ræða þann hluta starfsfólks sem vinnur á skrifstofum eða í öðrum störfum sem ekki tengjast vaktavinnu eða bundnum afgreiðslu- og þjónustutíma.

Leitað var til nokkurra stórra ríkisstofnana og þær beðnar um svör við spurningum sem fram komu í fyrirspurninni. Svör bárust frá öllum þessum stofnunum. Samandregið yfirlit yfir helstu atriðin, sem fram komu í svörum þessum, fer hér á eftir:

Stjórnarráðið. Boðið var upp á sveigjanlegan vinnutíma. Nýting þessa kosts varð aldrei almenn en nokkuð um að starfsmenn kysu að hefja vinnu að staðaldri kl. 8 í stað 8.45. Nú er vinnutími að sumri frá 8.00–16.15 en á vetrum frá 8.45–17.00. Frávik frá þessum tíma eru háð samningum einstakra starfsmanna við yfirmenn.

Háskóli Íslands. Frávik veitt frá hefðbundnum vinnutíma sé þess óskað. Persónulegar ástæður virðast ráða óskum. Óverulegur hluti starfsmanna notar sér frávik þessi.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma. Ástæður breytilegar og fara eftir óskum starfsmanna. Ekki upplýst um fjölda.

Ríkismat sjávarafurða. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði. Boðið er upp á sveigjanlegan tíma en það notað í óverulegum mæli.

Skattstofan í Reykjavík. Veitt eru einstaklingsbundin frávik frá reglubundnum vinnutíma. Lítið notað en ræðst þá af persónulegum aðstæðum.

Tollstjórinn í Reykjavík. Ekki boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Vegagerð ríkisins. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma á skrifstofu stofnunarinnar. Minni hluti starfsmanna notfærir sér sveigjanlegan vinnutíma og virðist það ráðast af persónulegum aðstæðum hvers og eins.

Flugmálastjórn. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma, hins vegar er vinnutími að sumri frá kl. 8.00 en á veturna frá kl. 9.00 að morgni.

Orkustofnun. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma en ekki upplýst um hversu mikil brögð eru að því að starfsmenn notfæri sér hann né um ástæður til þess.

Ríkisútvarpið. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Vaktavinna er algeng í stofnuninni.

Tryggingastofnun ríkisins. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma og varla talið unnt vegna verkefna stofnunarinnar.

Póst- og símamálastofnunin. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma. Tilraun með slíkt frá 1982 gaf fremur neikvæða niðurstöðu.

Rarik. Ekki er boðið upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Ríkisspítalar. Boðið er upp á sveigjanlegan vinnutíma á skrifstofu ríkisspítala og notfæra starfsmenn sér þann möguleika.

Eins og fram kemur í svörum frá stofnununum er sveigjanleiki vinnutímans fyrst og fremst fólginn í því að starfsmenn geta innan vissra marka valið um hvenær vinnutími hefst að morgni. Yfirleitt er það á tímabilinu frá klukkan 8.00–9.00. Langoftast er starfsmönnum þó gert að skila fullum vinnudegi, þ. e. 8 stundum dag hvern, en í einstaka tilvikum leyfist tilfærsla milli daga og jafnvel vikna.

Sþ. 280. Svar [81. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar um kostnað við kaup og endurbætur á Víðishúsinu.

Kostnaður af kaupum og endurbótum.

1.1. Kaupverð alls hússins nam upphaflega 259 millj. gkr. Er það jafnvirði 40 485 þús. kr. á verðlagi í október 1985.

1.2. Kostnaður færður beint á ríkissjóð vegna endurbóta nemur nú um 15 228 þús. kr. Meðtalið í endurbótum er hreinsun hússins að innan, uppsetning vinnupalla, nýtt þak og nýir gluggar. Enn fremur hita- og rafmagnskostnaður, svo og fasteignagjöld sem færast á stofnkostnað (endurbætur) svo lengi sem húsið er ekki tilbúið til notkunar.

Rétt þykir að geta þess að við útreikning á ofangreindum kostnaðarliðum er gengið út frá meðaltali byggingarvísitölu hvers árs frá 1978, nema fyrir árið 1985 en þá er miðað við vísitölu júnímánaðar.

Samkvæmt upplýsingum Námsgagnastofnunar nemur kostnaður hennar við endurbætur og innréttingar um 4 062 þús. kr. Samtals nemur því kostnaður við endurbætur og innréttingar 19 290 þús. kr.

1.3. Við kaupin gaf ríkissjóður út skuldabréf samtals að fjárhæð 1 690 þús. kr. Vaxtagjöld vegna þessarar lántöku námu alls á árunum 1979 til og með 1983 um 503 þús. kr. eða um 3 417 þús. kr. miðað við sömu reikningsaðferð og í lið 1.2.

Áætlaður kostnaður við að ljúka endurbótum og innréttingu.

2. Kostnaður við lokafrágang hefur verið áætlaður 145 200 þús. kr. miðað við byggingarvísitölu 236 eða um 140 895 þús. kr. á verðlagi í október 1985 (byggingarvísitala 229 stig).

Sþ. 281. Svar [159. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um kaup á Dauphine-þyrlu Landhelgisgæslunnar.

1. 22. júní 1984 var gengið frá samningi við fyrirtækið Société Nationale Industrielle Aerospatiale í París um kaup á þyrlu af gerðinni SA 365 N Dauphine II fyrir Landhelgisgæsluna.
2. Samninginn undirrituðu Albert Guðmundsson fjármálaráðherra og Jón Helgason dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands.
3. Í kaupsamningi var verð þyrlunnar tilgreint í frönskum frönkum og gert ráð fyrir greiðslu í sama gjaldmiðli.
4. Umsamið heildarverð þyrlunnar með aukaútbúnaði var 26 171 000 FFR.
5. Gengistryggingarákvæði voru ekki í kaupsamningnum. Hins vegar voru ræddir ýmsir möguleikar á lánum, sem Aerospatiale gæti útvegað, í bandarískum dollurum og þýskum mörkum. Þeir kostir þóttu óhagstæðir og var ákveðið að greiða andvirði þyrlunnar að fullu við afhendingu gegn 2,5% afslætti af umsömdu kaupverði.
6. Auk almenns búnaðar var eftirfarandi búnaður innifalinn í kaupverði:
   a. neyðarflotholt,
   b. vörukrókur með 1600 kg lyftigetu,
   c. björgunarspil,
   d. rennihurðir,
   e. ljóskastari,
   f. útbúnaður til að skjóta út blysum,
   g. ýmis útbúnaður vegna notkunar í slæmu veðri,
   h. sjúkrabörur,
   i. gúmbjörgunarbátar,
   j. aukaeldsneytisgeymir,
   k. útbúnaður til að losa eldsneyti á flugi,
   l. ýmis flugstjórnartæki, radíó- og miðunartæki, nauðsynleg vegna flugs yfir sjó og radíósambands við skip,
   m. ONI Loran-C staðsetningartæki,
   n. radartæki,
   o. upptökutæki, svonefndur „svarti kassi",
   p. innrauð myndavél,
   q. hover-doppler stjórntæki og
   r. annar minni háttar búnaður ótalinn.
7. Öðrum búnaði hefur ekki verið bætt við áður umsaminn búnað.
8. Hámarksþyngd þyrlunnar er 4000 kg, þar af er tómaþungi hennar 2502–2635 kg eftir því hver búnaður er í henni og burðargeta, þ. e. þyngd eldsneytis, áhafnar, farms og farþega, þá 1365–1498 kg. Flugþol þyrlunnar með aukaeldsneytisgeymi, sem í henni er, er 555 sjómílur eða 4 klst. og 15 mín.

Þyrlan hefði getað flogið frá Marseille til Reykjavíkur með allan búnað um borð. Hins vegar þótti hentugra vegna hins langa ferjuflugs að senda utanáliggjandi tæki í flugfrakt, þ. e. björgunarspil, innrauða myndavél, vörukrók o. fl. Öll þessi tæki er hægt að aftengja eða setja í þyrluna á einni til tveimur klukkustundum.

9. Ókunnugt er um hver var umboðsaðili fyrir Aerospatialeverksmiðjurnar 1980. Gunnar Ásgeirsson hf. tók að sér umboðið í apríl 1983. Landhelgisgæslunni er kunnugt um að fulltrúar Aerospatiale voru árið 1982 að leita að aðila sem gæti tekið að sér umboðið.

Svar þetta var unnið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en málefni Landhelgisgæslunnar heyra undir það ráðuneyti.

Nd. 282. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund varaformann og framkvæmdastjóra Hitaveitu Suðurnesja.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Kjartan Jóhannsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Gunnar G. Schram, frsm.
Friðrik Sophusson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 283. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund Pál Flygenring ráðuneytisstjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Eins og fram kemur í fylgiskjali með frv. skilaði Kjartan Jóhannsson séráliti sem ekki birtist með frv. Til upplýsingar er séralitið prentað sem fylgiskjal með nál. þessu.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svavar Gestsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ingvar Gíslason.
	Gunnar G. Schram.	

Fylgiskjal.

Kjartan Jóhannsson:

Nefnd til endurskoðunar á verðjöfnunargjaldi af raforku.

Sérálit.

Undirritaður telur niðurstöður meiri hluta nefndarinnar ófullkomnar og ýmsar ábendingar skorta í nefndarálitið. Af þeim sökum er þessu séráliti skilað. Þær ábendingar og niðurstöður, sem ég vil sérstaklega koma á framfæri, eru þessar:

1. Samkvæmt fylgiskjali 4 með nefndarálitinu er ljóst (og þá á grundvelli þeirra forsendna sem þar eru gefnar) að Rarik þarf ekki á meira en 14% verðjöfnunargjaldi að halda. Þannig má lækka verðjöfnunargjaldið um 2% án þess að grípa þurfi til nokkurra annarra aðgerða vegna Rarik. Að því er Orkubú Vestfjarða varðar mun þó þörf lánalengingar, en það á reyndar jafnt við þótt verðjöfnunargjald væri óbreytt (16%) enda sé gengið út frá gefnum forsendum skv. fylgiritinu.
2. Á fylgiskjali 1 eru reiknaðar niðurstöður þess fyrirkomulags að verðjöfnunargjald falli niður með öllu 1. jan. 1986 og ríkissjóður yfirtaki öll áhvílandi lán Rarik og Orkubús Vestfjarða. Sú niðurstaða sýnir mjög verulega fjármagnsuppsöfnun í fyrirtækjunum og þannig mjög rúma afkomu. Hér er því ætlunin að gera betur en vel við fyrirtækin. Sama gildir um niðurstöður skv. fylgiskjali 2 um áfangalækkun verðjöfnunargjaldsins, fyrst í 12%, síðan í 6% og loks í 0% og tilsvarandi yfirtöku áhvílandi lána fyrirtækjanna. Líka í þessu tilviki verður mikil fjármagnsuppsöfnun í fyrirtækjunum.

   Af þessum sökum er ég ósammála meiri hluta nefndarinnar um að mæla með tillögu skv. fylgiskjali 1. Sama gildir að sjálfsögðu að því er mig varðar um tillögu samkvæmt fylgiskjali 2.
3. Að mínum dómi hefur nefndin látið undir höfuð leggjast að gera greinargóða og nauðsynlega athugun á gjaldskrárstefnu Rarik og Orkubúsins. Leiða þarf í ljós með óbyggjandi hætti að styrkþegar (Rarik og Orkubúið) séu ekki með lægri gjaldskrár en þau fyrirtæki sem til þeirra greiða, þ.e.a.s. aðrar rafveitur, svo og að uppbygging taxta sé eðlileg og þá sérstaklega svonefnds marktaxta. Réttlæting verðjöfnunar eða skuldaryfirtöku eða annarra jöfnunaraðgerða og í hve ríkum mæli sé til slíks gripið verður að byggjast á því að gjaldskrár séu eðlilegar.
4. Ekki hefur farið fram mat af hálfu nefndarinnar á fjárfestingaráformum fyrirtækjanna. Athygli vekur í þessu sambandi hversu há fjárfestingaráætlun Orkubúsins er sem hlutfall af veltu í samanburði við Rafmagnsveitur ríkisins. Hér er þörf nánari athugunar.
5. Að svo miklu leyti sem tekjuþörf verður ekki mætt með gjaldskrárleiðréttingum hjá fyrirtækjunum koma í meginatriðum tvær leiðir til greina þegar fella á niður verðjöfnunargjaldið:
   1. Greiðsla rafhitunarframlags og félagslegs þáttar í framkvæmdakostnaði og e.t.v. yfirtaka á ákveðnum hluta skulda fyrirtækjanna, sbr. tillögur nefndarinnar á s.l. ári.
   2. Með yfirtöku hluta af skuldum fyrirtækjanna eingöngu (en ekki öllum, sbr. fyrri ábendingar).

   Eftir stendur engu síður að áreiðanlega er nú svigrúm til 2% lækkunar gjaldsins án þess að nokkuð annað komi til eins og áður er vikið að.
6. Um leið og fjárhag fyrirtækjanna er komið á eðlilegan grundvöll tel ég að girða verði fyrir og beinlínis banna frekari lántökur fyrirtækjanna til framkvæmda.

Nd. 284. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86 31. desember 1981, um iðnráðgjafa.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt. Kjartan Jóhannsson tók þátt í afgreiðslu málsins og er því samþykkur.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson, frsm.
Svavar Gestsson.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.
	Ingvar Gíslason.	

Ed. 285. Frumvarp til laga [197. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Á árinu 1986 skal greiða úr ríkissjóði sérstakan barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á árinu 1985 sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, enda séu uppfyllt skilyrði 2. og 3. gr. laga þessara.

2. gr.

Sérstakur barnabótaauki skal nema óskertur 20 400 kr. með hverju barni.

Barnabótaaukinn skv. 1. mgr. vegna barna, sem eru á framfæri hjóna, sbr. 63. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, skal skerðast um 8% af því sem samanlagður útsvarsstofn hjónanna tekjuárið 1985 fer fram úr 374 000 kr. uns hann fellur niður er samanlagður útsvarsstofn hjóna nær 628 000 kr. Á sama hátt skal barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra skerðast um 8% af því sem útsvarsstofn foreldris tekjuárið 1985 fer fram úr 255 000 kr. uns hann fellur niður er útsvarsstofn foreldris nær 510 000 kr.

3. gr.

Barnabótaauki vegna barna á framfæri hjóna skerðist um 1,2% af því sem eignarskattsstofn hvors hjóna um sig fer fram úr 1 275 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn hvors hjóna nær 2 125 000 kr. Á sama hátt skerðist barnabótaauki vegna barna á framfæri einstæðra foreldra um 2,4% af því sem eignarskattsstofn foreldris fer fram úr 1 700 000 kr. uns hann fellur niður er eignarskattsstofn foreldris nær 2 550 000 kr.

4. gr.

Um barnabótaauka, þ. á m. um ráðstöfun hans, skulu að öðru leyti gilda ákvæði 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43/1984 var kveðið á um að á árinu 1984 skyldi greiða sérstakan barnabótaauka að fjárhæð 12 000 kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast var hér á landi. Var barnabótaauki þessi tengdur bæði tekjum og eignum framfæranda þannig að hann skertist ef tekjur eða eign framfæranda fór fram úr tilteknu marki. Þessi löggjöf var sett í framhaldi af tillögum aðila vinnumarkaðarins frá 21. febrúar 1984. Með lögum nr. 128/1984 var kveðið á um að á árinu 1985 skyldi greiða sams konar barnabótaauka en fjárhæðin hækkuð í 15 000 kr. fyrir hvert barn. Með frumvarpi þessu er lagt til að sambærilegur barnabótaauki verði einnig greiddur úr ríkissjóði á árinu 1986. Eru ákvæði frumvarps þessa samhljóða ákvæðum laga nr. 128/1984 að öðru leyti en því að allar fjárhæðir eru hækkaðar um 36% og er það í samræmi við hækkun skattvísitölu. Raungildi þessarar aðstoðar við lágtekjufólk ætti því að haldast óbreytt milli ára. Kostnaður ríkissjóðs af þessu frumvarpi er talin vera um 42 m.kr.

Nd. 286. Frumvarp til lánsfjárlaga [2. mál]

fyrir árið 1986.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 2 224 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 1 850 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 490 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 200 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

5. gr.

Þróunarfélaginu er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

6. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 60 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1986 að fjárhæð 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Reykjahlíðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1986 að fjárhæð 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 442 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 95 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs íslenskra námsmanna eigi nema hærri fjárhæð en 1 100 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 16 000 þús. kr. á árinu 1986.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 36 700 þús. kr. á árinu 1986 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1986.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1986.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18 200 þús. kr. á árinu 1986.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 80 000 þús. kr. á árinu 1986.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1986.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 3. gr. c laga nr. 55/1984, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs ekki nema hærri fjárhæð en 40 000 þús. kr. á árinu 1986.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. c laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1986.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1986.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðavega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 120 000 þús. kr. á árinu 1986.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar, sbr. lög nr. 10/1985, skal framlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 235 685 þús. kr.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 730 000 þús. kr.

III. KAFLI

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42 1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum, sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna, til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar framkvæmd þessarar lagagreinar með reglugerð.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1985 og taka nauðsynleg erlend lán að fjárhæð allt að 1 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 287. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

2. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. orðist svo:

Vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða skulda við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára er þó einungis heimilt að draga frá tekjum:

a) Að því er íbúðarkaup eða endurbætur varðar, á næstu 4 skattárum talið frá og með kaupári eða því ári er endurbætur eiga sér stað.
b) Að því er nýbyggingar varðar, á næstu 7 skattárum talið frá og með því ári sem bygging er hafin á, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

2. gr.

1. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna orðist svo:

Vextir af skuldum, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir. Til vaxtagjalda má og telja lántökukostnað, árlegan eða tímabundinn fastakostnað, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánum. Með vaxtagjöldum í þessu sambandi teljast og áfallnar verðbætur á höfuðstól og vexti.

3. gr.

Í stað „975 000 kr.“ í 83. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 121/1984) komi: 917 647 kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Ákæði til bráðabirgða.

I

Við álagningu tekjuskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 skulu skattskyldum aðilum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. heimil tillög í varasjóð í stað tillaga til fjárfestingarsjóðs samkvæmt 11. tl. 31. gr. Hámark varasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkvæmt II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—10. tl. 31. gr. Öll ákvæði laga nr. 75/1981 varðandi varasjóð skulu gilda varðandi þessi varasjóðstillög uns varasjóði hefur verið ráðstafað að fullu.

II

Þeim mönnum sem keyptu eða byggðu íbúðarhúsnæði til eigin nota á árunum 1979 til 1982 er heimilt að draga frá tekjum sínum vexti í samræmi við 1. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr. af lánum sem stofnað er til á árunum 1985 eða 1986 enda sé lánum þessum varið til skuldbreytingar á skuldum sem stofnað var til vegna öflunar á íbúðarhúsnæðinu. Hið nýja lán skal vera til 8 ára eða lengri tíma og tryggt með veði í fasteign.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Milliþinganefnd um húsnæðismál, sem falið var að kanna greiðsluvanda íbúðareigenda, skilaði áliti sínu hinn 7. desember s. l. Í niðurstöðum nefndarinnar er lögð áhersla á að gerðar verði ýmsar lagfæringar á ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt er lúta að vaxtafrádrætti vegna lána til öflunar eigin íbúðarhúsnæðis.

Tillögur nefndarinnar í þessum efnum eru:

1. Vextir og verðbætur af sjálfskuldarábyrgðarlánum til húsnæðismála njóti sama réttar og veðlán.
2. Frádráttartímabil vaxta af skammtímalánum lengist úr 3 og 6 árum í 4 og 7 ár vegna tekjuársins 1985.
3. Ákvæði um lántökukostnað og frádráttarbærni vaxta verði gerð ótvíræð.
4. Hámark verðtryggingar- og vaxtafrádráttar verði endurskoðuð til hækkunar. Athuguð verði tenging hámarksins við hreina eign.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verða þegar við tillögum þeim sem um getur í lið 1 og 2 svo og lið 3 að því er varðar stimpilgjöld og þinglýsingarkostnað af lánum. Því er þetta frumvarp fram komið.

Á þeim skamma tíma sem eftir er fyrir jólaleyfi Alþingis eru hins vegar ekki tök á að endurskoða frekar ákvæði laganna um vaxtafrádrátt í því skyni að gera þau víðtækari og skýrari eins og nefndin gerði tillögu um. Hér er um mjög flókin og yfirgripsmikil mál að ræða sem krefjast nákvæmari athugunar en hægt er að koma við á svo stuttum tíma. Í lið 4

leggur nefndin til að hámark vaxtafrádráttarins verði endurskoðað til hækkunar. Í ár er þetta hámark 159 380 kr. hjá einstaklingum en 318 760 kr. hjá hjónum. Fjárhæðir þessar breytast í samræmi við skattvísitölu og verða því 216 757 kr. hjá einstaklingum og 433 514 kr. hjá hjónum á skattárinu 1986 vegna tekna ársins 1985. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nutu 16 669 framteljendur vaxtafrádráttar við álagningu 1985. Að meðaltali nam frádráttur þessi 97 554 kr. hjá hjónum og 70 669 kr. hjá einstaklingum. Tiltölulega mjög fáir verða fyrir skerðingu vegna hámarksins. Þeir sem verða fyrir henni eru og að jafnaði tekjuháir. Því þykir ekki nauðsynlegt að svo stöddu að leggja til að umrætt hámark vaxtafrádráttar verði hækkað.

Þá er í frumvarpi þessu lagt til að skattfrelsismörk eignarskatts hækki í samræmi við hækkun fasteignamats á árinu í staðinn fyrir hækkun í samræmi við tekjubreytingar á milli áranna 1984 og 1985, en eins og kunnugt er ákvarðast skattvísitala fyrir árið 1986 í samræmi við þá hækkun. Jafnframt er lagt til að heimild lögaðila til að leggja í varasjóð í stað tillaga í fjárfestingarsjóð verði framlengd um eitt ár. Nánar um þessi atriði vísast til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt er einungis heimilt að draga vaxtagjöld vegna annarra skulda en fasteignaveðlána, sem eru til lengri tíma en tveggja ára, frá tekjum á næstu 3 árum sé um íbúðarkaup eða endurbætur á eigin húsnæði að ræða en næstu 6 árum sé um nýbyggingar að ræða.

Samkvæmt þessari grein er lagt til að auk fasteignaveðlána verði vaxtagjöld af skuldum við lánastofnanir, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð og eru a.m.k. til tveggja ára, frádráttarbær frá tekjum óháð tímamörkum þeim sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 1. tl. E-liðs 30. gr., með sama hætti og vextir af fasteignaveðlánum til tveggja ára eða lengri tíma. Auk þessa eru tímamörk þau sem um getur í nefndum stafliðum vegna annarra skulda lengd um eitt ár. Er þetta gert í samræmi við tillögur nefndar um húsnæðismál sem frá er greint í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hefur ekki verið talið heimilt að telja stimpilgjöld af öðrum lánsskjölum en víxlum frádráttarbær til tekjuskatts sem lántökukostnað. Í þessari grein er lagt til að stimpilgjöld af lánum svo og kostnaður við þinglestur þeirra verði frádráttarbær. Þetta er gert í samræmi við tillögur nefndar þeirrar sem um getur í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 3. gr.

Skv. 121. gr. laganna skulu skattfrelsismörk eignarskatts taka breytingum í samræmi við skattvísitölu. Skattvísitalan fyrir árið 1986 hefur verið ákvörðuð 136 stig miðað við 100 stig á árinu 1985 og hækkar hún því í samræmi við tekjubreytingu á milli áranna 1984 og 1985, eða 36%. Hins vegar liggur nú fyrir að fasteignamat íbúðarhúsnæðis hefur aðeins hækkað um 28% á tímabilinu 1. desember 1984 til 1. desember 1985. Í ljósi þessa þykir eðlilegt að umrædd skattfrelsismörk hækki fremur í samræmi við hækkun fasteignaverðs í stað tekna. Vegna eðlis skattvísitölunnar verður að lækka skattfrelsisgrunninn eins og hann er ákvarðaður í lögunum um 5,88% í því skyni að takmarka hækkun hans við 28% milli ára þó svo að skattvísitala hækki um 36%.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 8/1984, sem fjalla um frádráttarbærni tillaga í fjárfestingarsjóði, er kveðið á um að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt varðandi tillög í varasjóð skuli við álagningu tekjuskatts á árinu 1984 og 1985 halda gildi sínu. Heimild þessari var ætlað að skapa lögaðilum eins konar aðlögunartíma að hinni breyttu skipan. Samkvæmt þessu gátu framteljendur valið á árunum 1984 og 1985 hvort þeir nýttu sér að leggja 25% af hreinum skattskyldum tekjum í varasjóð eða leggja 40% af sömu fjárhæð í fjárfestingarsjóð.

Í ljós hefur komið að þarfir fyrirtækja eru nokkuð mismunandi í þessu efni. Mörg hafa t.d. ekki þörf fyrir að ráðast í nýfjárfestingu heldur þurfa mun frekar að nýta núverandi fjárfestingu betur og treysta frekar rekstrarfjárstöðu sína. Við slíkar aðstæður virkar varasjóðsheimildin mun betur en fjárfestingarsjóðsheimildin. Af þessum sökum er því lagt til að framlengja heimild þessa um eitt ár til viðbótar. Ljóst er þó að til frambúðar verður varla hægt að bjóða upp á tvo kosti í þessu efni.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Í tillögu milliþinganefndar er lagt að þeir íbúðareigendur sem hafa þunga greiðslubyrði vegna íbúðarlána fái skuldbreytingu. Skv. 1. gr. frumvarpsins er vandi þeirra sem keyptu á árinu 1982 eða síðar eða byggðu á árinu 1980 eða síðar leystur í sambandi við frádráttarbærni vaxta af skuldbreytingarlánum. Með þessu bráðabirgðaákvæði er stefnt að því að leysa sambærilegan vanda vegna skuldbreytinga hjá þeim sem byrjuðu að byggja á árinu 1979 eða keyptu íbúðarhúsnæði á árunum 1979—1982.

Nd. 288. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Á fund nefndarinnar komu Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, Jakob Björnsson, forstjóri Orkustofnunar, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Elías B. Elíasson, yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun og Páll Flygenring ráðuneytisstjóri.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Minni hl. mun skila séráliti.

Nefndin leggur þann skilning í fyrri mgr. 3. gr. samningsins að önnur vinnsla en sú, sem Landsvirkjun á rétt til skv. samningnum, sé háð samkomulagi aðila. Ekki ber að túlka greinina þannig að í henni felist afsal á eignarrétti ríkisins yfir jarðhitaréttindum á Kröflusvæðinu umfram jarðvarma sem svarar til 70 MW í raforkuframleiðslu.

Alþingi, 16. des. 1985.

Páll Pétursson, form. Friðrik Sophusson, frsm. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Gunnar G. Schram. Ingvar Gíslason.

Nd. 289. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið umsagnir um það frá Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Mæltu þessi samtök öll með samþykkt frumvarpsins. Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri og Gísli Auðunsson komu á fund nefndarinnar og skýrðu frumvarpið og svöruðu spurningum.

Veigamesta breytingin frá gildandi lögum felst í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins þar sem samgönguráðherra er veitt heimild til að leyfa skráningu kaupskipa hér á landi án þess að meginkröfu laganna um eignarhald íslenskra aðila sé fullnægt, en þó með því skilyrði að um sé að ræða skip sem gert er út hér á landi með íslenskri áhöfn, að skipið uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna og hafi ekki heimild til að sigla undir fána annars ríkis. Með þessari breytingu verða kaupskip, sem skráð verða á skipaskrá skv. þessari heimild, að lúta eftirliti íslenskra stjórnvalda hvað varðar öryggi skips og búnaðar.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 17. des. 1985.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Sighvatur Björgvinsson.	Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Nd. 290. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðist þannig:

1. Í stað „16%“ í 2. gr. laganna komi: 14% og í stað „1985“ komi: 1986.
2. a. Í stað orðsins „húshitunar“ í 8. gr. laganna komi: rafhitunar eða varmadælna.
   b. Við 8. gr. bætist: Þá skal ekki greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til hitaveitna vegna dælingar á heitu vatni, til skipa í höfnum eða til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælingar.

Nd. 291. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarp þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á sölu mannvirkja Kröfluvirkjunar til Landsvirkjunar en virkjunin hefur undanfarin ár verið rekin af Rafmagnsveitum ríkisins (RARIK). Fulltrúar Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis komu á fundi nefndarinnar og veittu upplýsingar.

Spurt var við meðferð málsins:

Í fyrsta lagi hvort RARIK hafi óskað eftir því að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var að RARIK hefði ekki óskað eftir þessu.

Í öðru lagi var spurt hvort Landsvirkjun hefði óskað eftir því að yfirtaka Kröfluvirkjun. Svarið var aftur neitandi.

Í þriðja lagi var spurt hvort Reykjavíkurborg hefði óskað eftir að Landsvirkjun yfirtæki Kröfluvirkjun. Svarið var enn neikvætt.

Það liggur því ljóst fyrir að eini aðilinn, sem óskaði eftir breytingu á eignayfirráðum Kröfluvirkjunar, er **ríkið og forráðamenn þess** sem hafa ákveðið að taka á ríkissjóð stóran hluta af lánum Kröfluvirkjunar.

Á nefndarfundi upplýsti Einar Tjörvi Elíasson, framkvæmdastjóri Kröfluvirkjunar, að hámarksafl annarrar vélar virkjunarinnar væri 35 mw. Því er unnt að reka þá vél með 30 mw. að jafnaði þannig að vélin dugi til spennujöfnunar og til að auka stöðugleika kerfisins. Með 30 mw. framleiðslu er fullkomlega raunhæft að önnur vélin skili 200-220 gwst. afköstum á ári. Tvær vélar gætu þá skilað yfir 400 gwst. þegar nægrar orku hefði verið aflað en til þess þyrfti væntanlega að bora 11-12 holur til viðbótar. Þess vegna var um það spurt hvert yrði útreiknað kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með 170 gwst. orkusölu frá annarri vél Kröflu þegar frá næstu áramótum (framleiðslugeta vélarinnar gæti orðið 200-220 gwst.). Ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis reiknaði út að þessi eina breyting mundi hækka kaupverðið um 165 millj. kr. Í útreikningum á söluverði virkjunarinnar er hins vegar aðeins reiknað með 125 gwst. orkusölu frá Kröflu næstu tvö árin, 130-160 gwst. á árunum 1988-1991 og aldrei meiri orkusölu en 170 gwst. allt til ársins 2010.

Spurt var að því hvort eitthvert tillit hefði verið tekið til þess við ákvörðun kaupverðs að seinni vélin fylgir með í kaupunum. Þessu var svarað neitandi.

Spurt var hvert yrði kaupverð virkjunarinnar ef reiknað væri með fullri nýtingu fyrri vélar nú þegar og seinni vélar 1989. Þetta dæmi virðist ekki hafa verið reiknað út við samningsgerð og var vísað til óvissu um orkuöflun.

Miðað við að hver ný borhola kosti 40 millj. kr., holurnar yrðu 12 og tengikostnaður væri áætlaður 30 millj. kr. og þessi viðbótarorka kæmi í gagnið í þremur áföngum á árunum 1988-1990 taldi ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytis að kaupverð Kröfluvirkjunar, reiknað á hliðstæðan hátt að öðru leyti eins og gert er í frumvarpinu, mundi teljast 388 millj. kr. hærra.

Í ljósi þessara upplýsinga virðist ljóst að útreikningur á kaupverði virkjunarinnar er **mjög umdeilanlegur.**

Auk þess sem að framan greinir er veruleg missmíð á frumvarpinu og samningunum sem óhjákvæmilegt er að laga. Kemur það glöggt fram í bréfi Orkustofnunar sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Að öllu þessu athuguðu treystir minni hl. nefndarinnar sér ekki til þess að mæla með samþykkt frumvarps þessa.

Alþingi, 17. des. 1985.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal.

ORKUSTOFNUN
16. des. 1985.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
101 Reykjavík.

Í framhaldi af viðverðum undirritaðs við háttvirta iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis 16. des. s.l. vill Orkustofnun koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við nefndina:

Við 3. grein samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um sölu á Kröfluvirkjun.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar segir svo:

„Skal óheimilt án samþykkis Landsvirkjunar að stofna þar til annarrar vinnslu er haft geti áhrif á þessa nýtingu."

Að mati Orkustofnunar getur það varla talist við hæfi að ríkisstjórn þurfi að sækja til fyrirtækis úti í bæ um leyfi til að nýta auðlind í eigu ríkisins. Skiptir þar engu máli þótt um gott og gagnlegt fyrirtæki sé að ræða. Alþingi ætti því ekki að samþykkja samninginn með þessu ákvæði óbreyttu.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt og eðlilegt að hagsmunir Landsvirkjunar séu vel tryggðir í samningi þessum, en það er auðvelt að gera án þess að fá fyrirtækinu í hendur ákvörðunarvald sem eðli málsins samkvæmt á aðeins að vera í höndum ráðherra og/eða Alþingis.

Ekkert liggur fyrir um það nú hvort eða hvenær um verður að ræða nýtingu jarðhita á þeim hluta Kröflusvæðisins sem samningur þessi tekur til, umfram þá sem til þarf til að koma Kröfluvirkjun í 70 MW afköst. Vel má þó hugsa sér að til slíks geti komið síðar meir og rétt að taka tillit til slíks möguleika í samningi þessum. Slík nýting kann að hafa áhrif á þá sem fyrir er því að alkunna er að borholur geta haft áhrif á aðra á sama jarðhitasvæði. Fer það þó eftir atvikum, svo sem stærð svæðisins, þéttleika borhola og mörgu öðru. Því er það að mati Orkustofnunar æskilegt að nýtingaraðilar jarðhita á Kröflusvæðinu, eins og öðrum jarðhitasvæðum, séu sem fæstir en ekki er ávallt unnt að komast hjá að þeir séu fleiri en einn ef nýta á jarðhitasvæði að verulegu marki. Hliðstæður vandi er þekktur í olíuvinnslu.

Af þessum sökum telur Orkustofnun að marka eigi þá stefnu í samningi þessum að ríkið veiti Landsvirkjun forgangsrétt til jarðhitavinnslu umfram þarfir 70 MW rafstöðvar á samningssvæðinu. Verði gerður sérstakur samningur um slíka umframvinnslu ef til hennar kemur. Aðeins ef Landsvirkjun óskar ekki að nýta slíkan forgangsrétt eða ekki takast samningar um hann veiti ríkið öðrum heimild til vinnslu eða annist hana sjálft. Í þessu síðast talda tilviki þarf að tryggja Landsvirkjun að hafi slík nýting annars aðila áhrif á vinnslu

hennar skuli hann afhenda Landsvirkjun, henni að kostnaðarlausu, jafnmikla gufu með sama hita og þrýstingi og nemur rýrnun á vinnslu hennar af völdum þessa nýja vinnsluaðila ef um hana verður að ræða.

Með þessum hætti er eðlilegum forgangsrétti Landsvirkjunar til jarðhitavinnslu umfram þarfir 70 MW stöðvar slegið föstum en það er ekki gert í samningnum eins og hann liggur fyrir. Jafnframt eru lögmætir hagsmunir fyrirtækisins vegna gufuvinnslunnar tryggðir án þess að því sé fengið í hendur vald sem eðlilegt er að stjórnvöld haldi hjá sér.

Þetta má gera með því að fella burtu úr núverandi samningi hin tilvitnuðu orð áður en Alþingi staðfestir hann en setja í staðinn ákvæði sem *efnislega* væri á þessa leið:

„Óski Landsvirkjun að vinna meiri jarðhita en þetta sendir hún iðnaðarráðherra umsókn um það. Fallist ráðherra á hana skal gera viðbótarsamning við samning þennan þar sem m. a. skal kveða á um viðbótarvinnsluréttindin að magni og eiginleikum (hita, þrýsting á gufu o. s. frv.) og um kaupverð og/eða leigugjald fyrir þessi réttindi.

Stofni ríkið til vinnslu á samningssvæðinu eftir gildistöku samnings þessa skal það gefa Landsvirkjun kost á að annast hana og selja notendum jarðvarma áður en það heimilar öðrum slíka vinnslu eða annast hana sjálft. Notfæri Landsvirkjun sér þann forgangsrétt skal gerður viðbótarsamningur með ákvæðum sem að framan eru talin.

Heimili ríkið þriðja aðila vinnslu jarðvarma á samningssvæðinu eða annist hana sjálft, vegna þess að Landsvirkjun óskar ekki að nýta forgangsrétt sinn eða vegna þess að samningar takast ekki við hana um viðbótarnýtingu, skal ríkið sjá til þess, Landsvirkjun að kostnaðarlausu, að jarðvarmi, sem hún hefur til umráða er slík viðbótarvinnsla hefst, rýrni ekki að magni eða gæðum umfram það sem gerst hefði ef nýr vinnsluaðili hefði ekki komið til eða verði henni óhagkvæmari eða kostnaðarsamari."

Rétt verður að telja að gera ráð fyrir þeim möguleika að Landsvirkjun óski sjálf eftir því einhvern tíma í framtíðinni að auka raforkuvinnslu á Kröflusvæðinu umfram 70 MW. Að þeim möguleika víkur 1. málsgrein ákvæðisins að ofan.

Við fylgiskjal 2.

Orkustofnun vill benda á að fyrir rafmagnsnotendur í landinu *í heild* skiptir það eitt máli hve stóran hluta Kröfluskulda ríkið tekur að sér að greiða en ekki hvort Krófluvirkjun er í eigu Landsvirkjunar eða t.d. Rafmagnsveitna ríkisins. Útreikningarnir í fylgiskjali 2 fjalla í rauninni um það hve stóran hluta þessara skulda megi leggja á rafmagnsnotendur í landinu án þess að sá hluti verði þeim þyngri í skauti í hlutfalli við orkuna frá Kröflu en fjárhagsbyrðar vegna núverandi mannvirkja Landsvirkjunar eru í hlutfalli við orkuna frá þeim mannvirkjum. Eftir því sem Orkustofnun hefur haft færi á að meta niðurstöðuna sýnist hún ekki fjarri lagi frá þessu sjónarmiði. Hvort niðurstaðan sýnir jafnframt „verðmæti Krófluvirkjunar fyrir Landsvirkjun", eins og segir í fyrirsögn töflunnar á bls. 11, er kannske meira álitamál, og raunar hæpið ef litið er á Krófluvirkjun sem fyrirtæki sem auk mannvirkjanna ræður yfir markaðshlutdeild á almennum raforkumarkaði á Íslandi sem svarar til vinnslugetu hennar og gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé að kaupa þá markaðshlutdeild með mannvirkjunum. En fyrir almenna rafmagnsnotendur á Íslandi í heild skiptir þetta atriði engu máli og því verður ekki meira um það fjölyrt.

Virðingarfyllst,
Jakob Björnsson.

Sþ. 292. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Haraldi Ólafssyni, Halldóri Blöndal, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Árna Johnsen, Kristínu S. Kvaran, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Birgir Ísl. Gunnarssyni, Eiði Guðnasyni, Eyjólfi Konráði Jónssyni, Ragnari Arnalds, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Við 4. gr. 02 982 1.70 Heiðurslaun listamanna.

Liðurinn orðist svo:	Þús. kr.	Þús. kr.
a. Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis		4 125
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 1.70):		
1. Finnur Jónsson	275	
2. Guðmundur Daníelsson	275	
3. Halldór Laxness	275	
4. Hannes Pétursson	275	
5. Indriði G. Þorsteinsson	275	
6. Jóhann Briem	275	
7. Jón Helgason	275	
8. Jón Nordal	275	
9. María Markan	275	
10. Matthías Johannessen	275	
11. Ólafur Jóhann Sigurðsson	275	
12. Snorri Hjartarson	275	
13. Stefán Íslandi	275	
14. Svavar Guðnason	275	
15. Valur Gíslason	275	
		4 125

Sþ. 293. Svar [160. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um upptöku ólöglegs sjávarafla.

1.a. Úrskurðaður ólöglegur sjávarafli yfir tímabilið 1. jan. 1980 — 1. nóv. 1985:

Ár	Fjöldi úrskurða	Upphæð úrskurða
1985 (1/1-1/11)	94	8 876 846,00 kr.
1984	32	1 176 330,00 kr.
1983	112	2 322 886,00 kr.
1982	121	897 505,74 kr.
1981	139	893 523,47 kr.
1980	180	1 109 521,84 kr.
	678	15 276 613,05 kr.

Útistandandi kröfur 1. jan. 1980 — 1. nóv. 1985 8 074 405,00 kr. (Aðallega frá yfirstandandi ári.)

1.b. Vaxtatekjur:

Ár	Sparisjóðsreikningur í Útvegsbanka	Ávísanareikningur í Útvegsbanka	Vaxtaaukareikningur í Útvegsbanka
1985 (1/1-30/6)			11 795,87*
1984	253 188,81 kr.	234,09 kr.	8 044,93 kr.
1983	190 645,59 kr.	210,99 kr.	31 746,29 kr.
1982	218 895,07 kr.	146,70 kr.	79 641,68 kr.
1981	165 265,15 kr.	131,35 kr.	189 592,06 kr.
1980	28 325,34 kr.	21,88 kr.	196 899,91 kr.

* Aðrir vextir yfirstandandi árs eru ekki fyrirliggjandi.

2.a. Úrskurðir ráðuneytisins um upptöku ólöglegs sjávarafla eru refsikennd viðurlög, hvort sem um refsiverðan verknað hefur verið að ræða eða ekki. Með tilliti til útgerðarfyrirtækja telur ráðuneytið ekki rétt að birta heildarlista yfir nöfn hlutaðeigandi skipa.

2.b. Yfirlit yfir úrskurði miðað við fjölda skipa, tegund upptöku og hlutfall upptökuandvirðis í %:

Ár	Fjöldi skipa	Fisktegund	Hlutfall upptökuandvirðis í %
1985	9	Umfram heildarkvóta 1984 (bolfiskur)	56,68
—	10	Dragnót (bolfiskur)	31,53
—	8	Loðna	11,76
—	2	Humar	0,03
Samtals	29		100,00
1984	1	Bolfiskur	13,27
—	3	Dragnót (bolfiskur)	5,25
—	13	Humar	14,38
—	14	Síld	66,90
—	1	Rækja	0,20
Samtals	32		100,00
1983	34	Bolfiskur	16,95
—	5	Dragnót (bolfiskur)	18,00
—	30	Undirmálsfiskur	16,38
—	22	Síld	48,00
—	4	Rækja	0,67
Samtals	95		100,00
1982	10	Bolfiskur	9,23
—	31	Undirmálsfiskur	12,49
—	1	Dragnót (bolfiskur)	0,24
—	18	Síld	74,43
—	15	Rækja	3,61
Samtals	75		100,00
1981	25	Bolfiskur	16,25
—	45	Undirmálsfiskur	31,25
—	6	Dragnót (bolfiskur)	0,20
—	11	Síld	52,18
—	7	Rækja	0,12
Samtals	94		100,00

Ár	Fjöldi skipa	Fisktegund	Hlutfall upptöku-andvirðis í %
1980	40	Bolfiskur	20,11
—	46	Undirmálsfiskur (bolfiskur)	12,00
—	1	Loðna	0,16
—	22	Síld	67,73
Samtals	109		100,00

3. Ráðstöfun fjár úr upptökusjóði:

1985
(1. jan. — 1. nóv.):
Framlag greitt S.R.A.

a. Vinna við kortagerð–landgrunnskort		94 350,00 kr.
b. Hafrannsóknastofnun v/tækjakaupa		1 004 000,00 kr.
c. Tölvuvæðing v/veiðieftirlits o. fl.		612 696,57 kr.
	Samtals	1 711 046,57 kr.

1984
Framlag greitt S.R.A.

a. Lionsklúbbur Keflavíkur, björgunarútbúnaður		130 099,00 kr.
b. Landmælingar Íslands, landgrunnskort		370 000,00 kr.
	Samtals	500 099,00 kr.

1983:
Framlag greitt S.R.A.

Hafrannsóknastofnun, tækjakaup		1 346 523,00 kr.

1982:
Framlag greitt S.R.A.

a. Hafrannsóknastofnun, tækjakaup		860 000,00 kr.
b. Netagerð Vestfjarða, neðansjávarmyndband		150 000,00 kr.
	Samtals	1 010 000,00 kr.

1981:
Framlag greitt S.R.A.

a. Hafrannsóknastofnun, tækjakaup		500 000,00 kr.
b. Síldarvinnslan, tilraunaveiðar á kolmunna		692 169,00 kr.
c. Hraðfrystihús Eskifjarðar, tilraunaveiðar á kolmunna		272 965,00 kr.
d. Eldborg hf., tilraunaveiðar á kolmunna		274 360,32 kr.
	Samtals	1 739 494,32 kr.

1980:
Framlag greitt S.R.A.

Endurgreiðsla vegna reiknilíkans g.kr. 10 000 000		100 000,00 kr.

Nd. 294. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um millifærslusjóð sjávarútvegsins.

Sþ. 295. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Halldóri Blöndal og Birni Dagbjartssyni.

Við 4. gr. 03 401 1.13 Menningarmálastofnun S. þ., UNESCO.
Liðurinn falli brott.

Nd. 296. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Hjörleifur Guttormsson og Kristín S. Kvaran.

Alþingi, 17. des. 1985.

Halldór Blöndal, form., frsm. Jón Baldvin Hannibalsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ólafur G. Einarsson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sþ. 297. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur, Ellert B. Schram, Haraldi Ólafssyni, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni, Svavari Gestssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Guðmundi J. Guðmundssyni.

Við 4. gr. 07 701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

	Þús. kr.
a. Við 1.27 Sambýli Víðihlíð 7.	
Fyrir „1 397“ kemur	2 041
b. Við 1.28 Sambýli Víðihlíð 5.	
Fyrir „1 397“ kemur	2 852
c. Nýir liðir:	
1.29 Sambýli, leiguhúsnæði	1 531
1.32 Verndaður vinnustaður Sjálfsbjargar	1 545
1.40 Vistheimili við Holtaveg	109

Sþ. 298. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 06 281 1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum.	
Fyrir „1 000“ kemur	5 000

Ed. 299. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðareglunum sem gerðar voru í London 19. nóvember 1981.

Alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum eru prentaðar sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þegar alþjóðareglurnar með áorðnum breytingum öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu þær hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Í stað fylgiskjals með lögunum komi fylgiskjal með lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 7/1975 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem gerð var í Lundúnum 20. október 1972. Samþykktin var fullgilt 21. apríl 1975 og öðlaðist gildi 15. júlí 1977, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 6/1975 og 4/1977.

Í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar hefur verið unnið á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar að breytingum á alþjóðasiglingareglunum sem samþykktinni fylgja. Með ályktun A. 464 (XII) 19. nóvember 1981 samþykkti þing stofnunarinnar ýmsar breytingar á reglunum. Er hér um minni háttar breytingar að ræða sem taldar eru æskilegar með tilliti til fenginnar reynslu þann tíma sem reglurnar frá 1972 hafa verið í gildi. Í samræmi við 4. tl. 6. gr. samþykktarinnar tóku breytingar þessar gildi 1. júní 1983 gagnvart samningsaðilum sem mótmæltu þeim ekki fyrir þann tíma, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1983. Hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi töldu rétt að Ísland gerðist aðili að umræddum breytingum.

Eldri alþjóðasiglingareglur, t. d. reglurnar frá 1960, öðluðust gildi hér á landi með tilskipunum sem gefnar voru út skv. heimild í lögum nr. 56/1932, um ráðstafanir til öryggis við siglingar. Þegar ákveðið var að leita heimildar Alþingis til þess að fullgilda samþykktina frá 1972 var sú leið farin að láta samþykktina og þar með alþjóðasiglingareglurnar fá lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 7/1975. Rétt þykir að breyta lögunum til þess að reglurnar með áorðnum breytingum öðlist lagagildi, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í fylgiskjali með frumvarpi þessu eru reglurnar frá 1972 prentaðar og eru breytingarnar frá 1981 færðar inn. Enn fremur hafa nokkrar lagfæringar verið gerðar á íslenskum texta reglnanna sem fylgdi lögum nr. 7/1975.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐAREGLUR
til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972 (ásamt breytingum 1981).

KAFLI A — ALMENN ÁKVÆÐI
1. regla
Notkun.

a) Reglur þessar gilda um öll skip á hafi úti og á öllum leiðum, sem eru tengdar því og færar eru skipum.

b) Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði sérreglum, sem hlutaðeigandi yfirvöld setja um skipalægi, hafnir, fljót, vötn eða vatnavegu innanlands, sem tengdir eru úthafi og færir eru skipum. Slíkar sérreglur skulu fylgja reglum þessum eins náið og auðið er.

c) Í þessum reglum skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að fylgt verði hverjum þeim sérstöku reglum, er einstakar ríkisstjórnir setja um frekari notkun legu- eða merkjaljósa, dag- eða hljóðmerkja á herskipum og skipum, sem sigla í skipalest. Reglurnar brjóta heldur ekki í bága við frekari notkun legu- eða merkjaljósa eða dagmerkja á fiskiskipum, sem veiða í flota. Legueða merkjaljós, dag- eða hljóðmerki, sem eru ákveðin með sérreglum, skulu svo framast sem unnt er vera þannig gerð, að þau verði ekki tekin fyrir nokkur þeirra ljósa eða merkja, sem fyrirskipuð eru annars staðar í þessum reglum.

d) Til að framfylgja þessum reglum kann Alþjóðasiglingamálastofnunin að setja ákvæði um aðskildar siglingaleiðir.

e) Ef skip af sérstakri gerð eða skip, sem ætlað er sérstakt hlutverk, getur ekki, að áliti ríkisstjórnar, að öllu leyti fylgt ákvæðum einhverra þessara reglna um fjölda, staðsetningu, sjónarlengd eða lögun ljósa eða merkja, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, án þess að það brjóti í bága við hið sérstaka hlutverk skipsins, þá skal skipið fara eftir öðrum ákvæðum um fjölda, staðsetningu, sjónarlengd og lögun ljósa eða merkja, sem og um fyrirkomulag og einkenni hljóðmerkjatækja, er að áliti hlutaðeigandi ríkisstjórnar fylgir ákvæðum þessara reglna eins náið og kostur er.

2. regla
Ábyrgð.

a) Í þessum reglum getur ekkert leyst skip, eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð, ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar, sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b) Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær, ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, þar á meðal takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til að víkja, sem veldur því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

3. regla
Almennar skilgreiningar.

Við túlkun þessara reglna gilda eftirfarandi skilgreiningar á orðum og hugtökum, nema annað komi fram af samhengi textans:

a) „Skip“ merkir sérhvert fljótandi far, þar á meðal farkosti án særýmis og sjóflugvélar, sem eru notaðar eða nota má til flutninga á sjó eða vötnum.

b) „Vélskip“ merkir sérhvert skip, sem knúið er áfram með vélarafli.

c) „Seglskip“ merkir sérhvert skip undir seglum, svo fremi aflvél — sé skipið búið henni — er ekki notuð.

d) „Skip að fiskveiðum“ merkir sérhvert skip, sem veiðir með netum, línu, togvörpu eða öðrum veiðarfærum, sem draga úr stjórnhæfni skips, en á ekki við um skip, sem veiðir með toglínum eða öðrum þeim veiðarfærum, sem draga ekki úr stjórnhæfni.

e) „Sjóflugvél“ merkir hvert það loftfar, sem er þannig búið, að því má stjórna á sjó.

f) „Stjórnvana skip“ merkir skip, sem vegna óvenjulegra aðstæðna verður ekki stjórnað eða snúið eins og krafist er í þessum reglum og getur því ekki vikið fyrir öðru skipi.

g) „Skip með takmarkaða stjórnhæfni“ merkir skip, er hefur takmarkaða hæfni til stjórntaka eins og kveðið er á um í þessum reglum, vegna þeirra sérstöku starfa, sem skipið er bundið, og getur það því ekki vikið úr leið fyrir öðru skipi.

Meðal skipa með takmarkaða stjórnhæfni má telja:

1. skip við lögn, viðgerð eða upptöku siglingamerkis, neðansjávarstrengs eða leiðslu;
2. skip við dýpkun, sjómælingar eða neðansjávarvinnu;
3. skip við móttöku eða losun vista og farms skipa á milli eða við flutning manna, vista eða farms meðan skipið er laust;
4. skip við flugtak eða lendingu flugvélar um borð;
5. skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða;
6. skip, sem dregur eitthvað við þær aðstæður, að mjög erfitt er fyrir það að víkja frá stefnu sinni.

h) „Skip, sem er bagað vegna djúpristu“ merkir vélskip, sem á mjög erfitt með að víkja frá stefnu sinni vegna mikillar djúpristu miðað við það dýpi, sem er á siglingaleið þess.

i) „Laust“ er skip, sem liggur hvorki við akkeri né landfestar né stendur á grunni.

j) „Lengd“ og „breidd“ skips merkir mestu lengd og mestu breidd þess.

k) Skip eru því aðeins talin „í sjónmáli“, að þau sjáist með berum augum hvert frá öðru.

l) „Takmarkað skyggni“ merkir hverjar þær aðstæður, þegar dregur úr skyggni vegna þoku, dimmviðris, snjókomu, steypiskúra, sandstorma eða af öðrum svipuðum orsökum.

KAFLI B — REGLUR UM STJÓRN OG SIGLINGU

I. hluti — Sigling og stjórn skipa í hvers konar skyggni.

4. regla

Notkun.

Reglur í þessum hluta eiga við í hvaða skyggni sem er.

5. regla

Vörður.

Á hverju skipi skal ávallt halda dyggilega vörð, jafnt með auga og eyra sem öllum tiltækum tækjum, er eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, svo að unnt sé að leggja fullkomið mat á aðstæður og hver hætta sé á árekstri.

6. regla

Örugg ferð.

Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórntökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd, sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.

Þegar ákveða skal, hvað sé örugg ferð, skal m. a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

a) Öll skip skulu taka tillit til:

1. skyggnis;
2. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða annarra skipa;
3. stjórnhæfni skipa, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa við aðstæður hverju sinni;
4. villuljósa að nóttu til frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;
5. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;
6. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b) Skip með gangfæra ratsjá skulu auk þess taka tillit til:

1. fjarlægðarstillingar, myndgæða og takmarkana ratsjár;
2. allra annmarka, sem stafa af fjarlægðarstillingu, sem notuð er;
3. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflanavalda á ratsjármynd;
4. líkinda þess, að lítil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjánni í nægilegri fjarlægð;
5. fjölda, legu og hreyfinga skipa, sem birtast á ratsjánni;

6. nákvæmara mats á skyggni, sem má fá, þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

7. regla
Hætta á árekstri.

a) Á sérhverju skipi skal beita öllum þeim tækjum og ráðum, sem tiltæk eru og eiga við aðstæður og ástand hverju sinni, til að ganga úr skugga um, hvort hætta sé á árekstri. Ef nokkur vafi er, skal líta svo á, að árekstrarhætta sé fyrir hendi.

b) Ef skip er búið ganghæfri ratsjá, skal nota hana af árvekni. Í því felst m. a. stilling ratsjár á lengri vegalengdir, svo að fá megi viðvörun um árekstrarhættu í tæka tíð, svo og útsetning ratsjármyndar eða jafngild kerfisbundin athugun á endurvörpum, sem birtast á ratsjánni.

c) Eigi skal draga ályktanir af ónógum upplýsingum, einkum þó ófullnægjandi upplýsingum frá ratsjá.

d) Þegar ákvarða skal, hvort hætta sé á árekstri, skal m. a. taka til athugunar og hliðsjónar:

1. ef kompásmiðun af skipi, sem nálgast, breytist ekki svo að greint verði, skal gera ráð fyrir, að slík hætta sé fyrir hendi;

2. jafnvel þó að miðun breytist greinilega getur stundum verið hætta á árekstri, einkum þegar komið er nær mjög stóru skipi eða einhverju, sem dregið er, eða nálgast er annað skip, sem er mjög skammt undan.

8. regla
Hvernig komast skal hjá árekstri.

a) Sérhver stjórntök, sem beitt er til að komast hjá árekstri, skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð, og um leið skal taka fullt tillit til þess, sem góð sjómennska krefst.

b) Stefnubreyting og/eða hraðabreyting til að komast hjá árekstri skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil, að á skipi, þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá, verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og hraða.

c) Ef nægilegt svigrúm er, getur stefnubreyting ein saman verið árangursríkast stjórntak til að komast hjá því að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo um munar og stefnubreyting leiðir ekki til þess, að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d) Þegar afstýra skal árekstri við annað skip, skal það gert þannig, að skipin fari hvort framhjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með, að stjórntak til að víkja beri tilætlaðan árangur, uns komið er alveg framhjá skipinu og á frían sjó.

e) Draga skal úr ferð skips eða stöðva það, ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum. Þetta skal gert með því að stöðva skrúfu eða annað það, sem knýr skipið áfram, eða með því að láta vél eða skrúfu ganga aftur á bak.

9. regla
Þröngar leiðir.

a) Skip, sem siglir þröngt sund eða ál, skal halda eins nærri ytri mörkum sundsins eða leiðarinnar, sem veit að stjórnborða, og unnt er án áhættu.

b) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra siglingu skips, er aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þröngt sund eða ál.

c) Skip, sem er að fiskveiðum, má ekki trufla siglingu skips, er fer eftir þröngu sundi eða ál.

d) Skip má ekki sigla þvert yfir þröngt sund eða ál, ef það truflar með því siglingu skips, sem öryggis vegna verður að þræða sundið eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki, sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu, ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips, sem ætlar þvert yfir.

e) 1. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi í þröngu sundi eða ál, að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórntökum, svo að sigla megi framhjá því með fullu öryggi, þá skal á skipinu, sem ætlar að sigla uppi og framhjá, láta þá fyrirætlun í ljós með viðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir um í 1. grein c-liðar 34. reglu. Sé fallist á framúrsiglingu, skal á skipinu, sem sigla á fram úr, gefa rétt hljóðmerki, eins og ákveðið er í 2. grein c-liðar 34. reglu, og gera viðhlítandi ráðstafanir til að sigla megi framhjá skipinu með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er á því, getur sama skip gefið frá sér hljóðmerki, eins og kveðið er á um í d-lið 34. reglu.

2. Regla þessi leysir ekki þann, sem siglir fram úr, undan ákvæðum 13. reglu.

f) Skip, sem nálgast bugðu eða svæði í þröngu sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa viðeigandi hljóðmerki, eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g) Sérhvert skip skal, svo fremi aðstæður hverju sinni leyfa, forðast að varpa akkeri í þröngu sundi.

10. regla
Aðskildar siglingaleiðir.

a) Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um.

b) Skip, sem siglir innan aðskilinna siglingaleiða skal:

1. sigla innan afmarkaðrar siglingaleiðar, sem við á, og í þá höfuðátt, sem umferð skipa er stefnt innan leiðarmarka;

2. halda sig eftir því sem framast er unnt frá sjálfum leiðarmörkunum og svæðum, sem afmarka umferðarleiðir;

3. sigla að jafnaði inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni við enda leiðarinnar. Þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni, skal það gert undir eins litlu horni, miðað við höfuðstefnu leiðarinnar, og framkvæmanlegt er.

c) Eftir því sem framast er unnt, skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið, en ef nauðsyn ber til, þá skal fara yfir leiðina í stefnu, er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.

d) Strandleiðir (inshore traffic zones) skulu að jafnaði ekki notaðar af skipum, sem sigla framhjá og hættulaust geta fylgt réttri afmarkaðri siglingaleið þeirrar aðskildu siglingaleiðar, sem næst liggur. Þó mega skip, sem styttri eru en 20 metrar, og seglskip alltaf nota strandleiðir.

e) Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði, sem skilur að umferðarleiðir, né heldur má sigla yfir markalínu, nema því aðeins, að skipið ætli að sigla þvert yfir leiðina, út úr henni eða inn á hana.

Undantekning er þó gerð:

1. þegar um bráða hættu er að ræða, sem komast verður hjá;

2. við fiskveiðar á svæði, sem skilur að umferðarleiðir.

f) Á siglingu við endamörk aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g) Eftir því sem framast er unnt skal komist hjá að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða í nánd við endamörk leiðarinnar.

h) Skip, sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið, skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i) Skip að fiskveiðum má ekki trufla ferðir skipa, sem sigla eftir afmarkaðri siglingaleið.

j) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra örugga siglingu vélskips á afmarkaðri siglingaleið.

k) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna aðgerða, sem varða siglingaöryggi, á aðskildum siglingaleiðum, er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi ljúka aðgerðum sínum.

l) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðansjávarstrengja innan aðskilinna siglingaleiða er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki, sem nauðsynlegt er, svo það megi sinna störfum sínum.

II. hluti — Sigling skipa, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.

11. regla
Notkun.

Reglur í þessum hluta eiga við skip, sem eru í sjónmáli hvert frá öðru.

12. regla
Seglskip.

a) Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað, þannig að hætta er á árekstri, skulu þau víkja hvort fyrir öðru eftir þeim reglum, sem nú skal greina:

1. þegar þau hafa vind á gagnstæð borð, skal skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu;

2. þegar bæði hafa vind á sama borð, skal skipið, sem áveðurs siglir, víkja fyrir hinu, sem til hlés siglir;

3. ef skip sést til kulborða frá seglskipi, sem hefur vind á bakborða, og ekki er hægt að ákvarða með fullri vissu, hvort skipið til kuls hefur vindinn á bakborða eða stjórnborða, þá skal víkja fyrir því.

b) Með orðinu „áveðurs" í þessari reglu er átt við borðið, sem er gagnstætt því, sem stórseglið er haft í, eða — sé um rásiglt skip að ræða — gagnstætt því borði sem stærsta stagseglið eða gaffalseglið er haft í.

13. regla
Siglt fram úr skipi.

a) Sérhvert skip, sem siglir fram úr öðru skipi, skal víkja fyrir því, án tillits til þess, sem annars segir í kafla B, I. og II. hluta, í reglum þessum.

b) Skip telst sigla fram úr öðru skipi, ef það nálgast það úr átt, sem er meira en 22,5 gráður aftan við þverskipsstefnu þess, þ. e. a. s. í þeirri afstöðu, miðað við skipið, sem siglt er fram úr, að um nóttu mundi aðeins sjást skutljós þess, en hvorugt hliðarljósa.

c) Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort eigið skip teljist sigla fram úr öðru skipi, þá skal álíta, að svo sé, og haga siglingu samkvæmt því.

d) Ekki skal nein breyting, er síðar verður á innbyrðis afstöðu þessara tveggja skipa, valda því, að skipið, sem siglir fram úr, falli undir ákvæði í reglum þessum um skip, er leiðir þeirra liggja á mis, né leysa það undan þeirri skyldu að halda sig frá skipi því, sem siglt er fram úr, uns komið er alveg framhjá því á frían sjó.

14. regla

Skip sem sigla gagnstæðar stefnur.

a) Þegar tvö vélskip mætast á gagnstæðri eða næstum gagnstæðri stefnu, svo að hætt er við árekstri, skulu bæði víkja til stjórnborða, svo að þau komist hvort fram hjá öðru á bakborða.

b) Telja verður, að þetta eigi við, þegar skip sést beint framundan eða næstum beint framundan. Að nóttu mundi þá sigluljós skipsins bera saman eða því sem næst og/eða bæði hliðarljósin sjást, en að degi til væri afstaða skipsins tilsvarandi.

c) Þegar ekki er unnt að ákvarða með vissu, hvort skip séu í þeirri afstöðu, sem að framan greinir, skal álíta, að svo sé, og haga siglingu í samræmi við það.

15. regla

Þegar leiðir skerast.

Þegar tvö vélskip stefna þannig, að leiðir þeirra liggja á mis, og hætt er við árekstri, skal það skipið víkja, sem hefur hitt á stjórnborða, og skal, ef aðstæður leyfa, forðast að fara fyrir framan hitt skipið.

16. regla

Stjórntök skips, sem víkur.

Skip, sem á að víkja fyrir öðru skipi, skal eftir því sem framast er unnt og í tæka tíð beita stjórntökum, sem um munar og duga til að víkja og veita nóg rúm.

17. regla

Stjórntök skips, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri.

a) 1. Þegar annað tveggja skipa á að víkja, skal hitt halda stefnu sinni og ferð óbreyttri.

2. Á skipi, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, má samt sem áður grípa til eigin stjórntaka til að afstýra árekstri, jafnskjótt og ljóst er, að um borð í skipi því, sem átti að víkja, eru ekki gerðar viðhlítandi ráðstafanir til þess samkvæmt reglum þessum.

b) Þegar skip það, sem halda skal stefnu og ferð óbreyttri, er af einhverjum ástæðum komið svo nærri, að ekki verður komist hjá árekstri með því einu, sem skipið er átti að víkja gerir til þess, skal hið fyrrnefnda grípa til hverra þeirra úrræða, sem best geta afstýrt árekstri.

c) Ef vélskip fylgir 2. grein a-liðar þessarar reglu til að afstýra árekstri við annað vélskip, er leiðir þeirra liggja á mis, skal það, ef aðstæður leyfa, ekki breyta stefnu til bakborða, þegar vikið er fyrir skipi, sem það hefur á bakborðshlið.

d) Regla þessi leysir ekki skipið, sem á að víkja úr leið, undan þeirri skyldu sinni.

18. regla

Gagnkvæmar skyldur skipa.

Komi ekki annað fram í 9., 10. og 13. reglu gilda eftirfarandi ákvæði:

a) Vélskip, sem er laust, skal víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum;
4. seglskipi.

b) Seglskip, sem er laust, skal víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni;
3. skipi að fiskveiðum.

c) Skip að fiskveiðum, sem er laust, skal eftir því sem framast er unnt víkja fyrir:

1. stjórnvana skipi;
2. skipi með takmarkaða stjórnhæfni.

d) 1. Sérhvert skip, annað en stjórnvana skip eða skip með takmarkaða stjórnhæfni, skal, eftir því sem aðstæður leyfa, forðast að tálma örugga leið skips, sem er bagað vegna djúpristu og sýnir ljós- eða dagmerki, sem um getur í 28. reglu.

2. Skip, sem er bagað vegna djúpristu, skal sigla með sérstakri varúð, og taka skal fullt tillit til hinna sérstöku aðstæðna skipsins.

e) Sjóflugvél á sjó skal að jafnaði halda sig fjarri öllum skipum og forðast að hindra siglingu þeirra. Við þær aðstæður, að hætta er á árekstri, skal sjóflugvél þó fara að reglum þessa kafla.

III. hluti — Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

19. regla

Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

a) Regla þessi á við um skip, sem eru ekki í sjónmáli hvert frá öðru, þegar siglt er á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað.

b) Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð, sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c) Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla, skal á hverju skipi taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis.

d) Þegar aðeins verður vart nærveru annars skips í ratsjá, skal ganga úr skugga um, hvort skipin muni nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er, skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri. Ef breytt er um stefnu við þau stjórntök, skal eftir því sem framast er unnt komast hjá:

1. að breyta stefnu til bakborða fyrir skipi, sem er framan við þverskipsstefnu, nema breytt sé stefnu fyrir skipi, sem siglt er fram úr;

2. að breyta stefnu í átt að skipi, sem er þvert eða aftan við þverskipsstefnu.

e) Þegar þokumerki heyrast frá skipi, sem virðist vera framan við þvert, eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip, sem er framan við þvert, skal sett á minnstu ferð, sem halda má óbreyttri stefnu með. Þetta á við, nema því aðeins að ekki sé talin hætta á árekstri. Ef nauðsyn krefur, skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ýtrustu varkárni, þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

KAFLI C — LJÓS OG DAGMERKI

20. regla
Notkun.

a) Fylgja skal reglum þessa kafla, hvernig sem viðrar.

b) Reglunum um siglingaljós skal fylgja frá sólsetri til sólaruppkomu, og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa, sem unnt er að rugla saman við hin lögboðnu siglingaljós og gera erfiðara að greina þau eða draga úr sérstökum einkennum þeirra eða torvelda góða útsýn frá skipinu.

c) Á skipum, sem eru búin þeim ljósum, sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, skal einnig hafa ljósin frá sólaruppkomu til sólseturs í takmörkuðu skyggni, og þau má alltaf sýna, þegar það er álitið nauðsynlegt.

d) Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e) Siglingaljós og dagmerki þau, sem mælt er fyrir að nota og lýst er í reglunum, skulu vera í samræmi við þau fyrirmæli, sem eru gefin í I. viðauka við þessar reglur.

21. regla
Skilgreiningar.

a) „Sigluljós" er hvítt ljós, sem er yfir miðlangskurðarfleti skips og varpar samfelldri birtu á 225 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Sigluljósi skal þannig komið fyrir, að það lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipsstefnu á hvorri hlið skipsins.

b) „Hliðarljós" er grænt ljós á stjórnborðshlið og rautt ljós á bakborðshlið og varpi ljósin hvort um sig samfelldri birtu á 112,5 gráðu boga af sjóndeildarhringnum. Þeim sé þannig komið fyrir, að ljósið lýsi beint fram og til hliðar 22,5 gráður aftur fyrir þverskipsstefnu á hvorri hlið, eftir því sem við á. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa hliðarljósin í einu samsettu ljóskeri, sem er í mið-langskurðarfleti skipsins.

c) „Skutljós" er hvítt ljós, sem er komið fyrir eins nærri skut skipsins og unnt er og varpar samfelldri birtu yfir 135 gráðu boga af sjóndeildarhringnum; þannig að ljósið lýsi beint aftur og 67,5 gráður á hvora hlið skipsins.

d) „Dráttarljós" er gult ljós, sem lýsir eins og skutljósið, sem skilgreint er í c-lið þessarar reglu og er komið fyrir á sama hátt.

e) „Hringljós" er ljós, sem varpar samfelldri birtu á 360 gráðu boga sjóndeildarhringsins.

f) „Blossaljós" er ljós, sem blossar með reglulegu millibili og með tíðni, sem er 120 blossar eða fleiri á hverri mínútu.

22. regla
Langdrægni siglingaljósa.

Ljós, sem kveðið er á um að hafa uppi í reglum þessum, skulu hafa þann ljósstyrk, sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við reglurnar. Ljósin skulu að minnsta kosti vera sýnileg þá vegalengd er hér greinir:

a) Á skipum, sem eru 50 metrar á lengd eða lengri:

— sigluljós sjáist 6 sjómílur;
— hliðarljós sjáist 3 sjómílur;
— skutljós sjáist 3 sjómílur;
— dráttarljós sjáist 3 sjómílur;
— hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 3 sjómílur.

b) Á skipum, sem eru 12 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 50 metrar:

— sigluljós sjáist 5 sjómílur, nema á skipum, sem eru styttri en 20 metrar, lýsi ljósið 3 sjómílur;

— hliðarljós sjáist 2 sjómílur;
— skutljós sjáist 2 sjómílur;
— dráttarljós sjáist 2 sjómílur;
— hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílur.

c) Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar:
— sigluljós sjáist 2 sjómílur;
— hliðarljós sjáist 1 sjómílu;
— skutljós sjáist 2 sjómílur;
— dráttarljós sjáist 2 sjómílur;
— hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 2 sjómílur.

d) Á lítt áberandi skipum að nokkru í kafi eða hlutum í drætti:
— hvítt hringljós sjáist 3 sjómílur.

23. regla

Vélskip, sem er laust.

a) Vélskip, sem er laust, skal hafa uppi:
1. sigluljós frammá;
2. annað sigluljós aftar og ofar en sigluljósið frammá. Skip, styttri en 50 metrar, eru ekki skyld að hafa þetta ljós, en mega hafa það;
3. hliðarljós;
4. skutljós.

b) Svifskip, sem fer á loftpúða yfir sjóinn og án nokkurs særýmis, skal auk þeirra siglingaljósa, sem kveðið er á um að hafa í a-lið þessarar reglu, hafa uppi gult hring-blossaljós.

c) 1. Vélskip, styttra en 12 metrar, má í stað ljósa þeirra, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, hafa uppi hvítt hringljós auk hliðarljósanna;

2. Vélskip, sem er styttra en 7 metrar og fer með 7 sjómílna hámarkshraða á klukkustund, má hafa uppi hvítt hringljós í stað þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, og skal einnig hafa uppi hliðarljós, ef framkvæmanlegt er;

3. Sigluljósinu eða hringljósinu á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má koma fyrir utan miðlangskurðarflatar skipsins, sé annað óframkvæmanlegt, þó að því tilskildu að skipið sé búið samsettu hliðarljóskeri, sem haft skal í miðlangskurðarfletinum eða eins nærri og mögulegt er í sama langskurðarfleti og sigluljósið eða hringljósið.

24. regla

Skip, sem draga eða ýta.

a) Vélskip, sem dregur eitthvað, skal hafa uppi:
1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu; þrjú sigluljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þegar lengd þess, sem dregið er, mæld frá skut skipsins, sem dregur, til afturenda þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra;
2. hliðarljós;
3. skutljós;
4. dráttarljós, lóðrétt ofan við skutljósið;
5. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, er yfir 200 metra.

b) Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem eitt vélskip, og hafa skal uppi ljós sem mælt er fyrir um í 23. reglu.

c) Þegar vélskip ýtir einhverju áfram eða dregur sér við hlið í öðrum tilvikum en þeim, að um samsetta heild sé að ræða, þá skal skipið hafa uppi þessi ljós:
1. tvö sigluljós og sé annað lóðrétt upp af hinu, og koma þau í stað ljósanna, sem kveðið er á um í 1. eða 2. grein a-liðar í 23. reglu;
2. hliðarljós;
3. skutljós.

d) Þegar a- eða c-liður þessarar reglu á við vélskip, þá skal það enn fremur hlíta 2. grein a-liðar í 23. reglu.

e) Á skipi eða öðru því, sem dregið er og ekki fellur undir g-lið þessarar reglu, skal hafa uppi:
1. hliðarljós;
2. skutljós;
3. tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð, þegar lengd þess, sem dregið er, verður yfir 200 metra.

f) Ef fleiri skip eru dregin eða þeim ýtt í hóp, skulu þau sýna ljós eins og um eitt skip væri að ræða:
1. skip, sem ýtt er áfram og ekki er hluti samsettrar heildar, skal hafa hliðarljós frammá skipinu;
2. skip, sem dregið er við hlið dráttarskips, skal hafa uppi skutljós og frammá skipinu hliðarljós.

g) Lítt áberandi skip að hluta í kafi eða hlutur í drætti, eða samfelld heild slíkra skipa eða hluta, skal hafa uppi:
1. ef breiddin er undir 25 metrum, hvítt hringljós á eða við framendann og annað á eða við afturendann; undanteknar eru farmslöngur (dracones), sem ekki þurfa að hafa ljós á eða við framendann;
2. ef breiddin er 25 metrar eða meiri, tvö hvít hringljós að auki, sem komið skal fyrir á eða við þá staði, sem breiddin er mest;
3. ef lengdin fer yfir 100 metra, hvít hringljós til viðbótar, sem staðsett skulu milli ljósanna,

sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein þessa liðar, á þann veg, að fjarlægðin milli ljósanna fari ekki fram úr 100 metrum;

4. tígullaga dagmerki á eða við afturenda aftasta skipsins eða hlutarins, sem dreginn er, og, fari lengd þess, sem dregið er, fram úr 200 metrum, skal haft uppi annað tígullaga dagmerki, þar sem best verður séð og svo nærri framenda, sem unnt er.

h) Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi eða öðru því, sem dregið er, að hafa uppi ljós þau eða merki, sem kveðið er á um í e- eða g-lið þessarar reglu, þá skal gera allar hugsanlegar ráðstafanir til að lýsa upp skipið eða það, sem dregið er. Annars skal að minnsta kosti gera viðvart um að verið sé með slíkt skip eða annað í drætti.

i) Sé af gildri ástæðu óframkvæmanlegt á skipi, sem að jafnaði er ekki notað sem dráttarskip, að hafa uppi ljós þau, sem kveðið er á um í a- eða c-lið þessarar reglu, skal því ekki skylt að sýna þau ljós, þegar það dregur annað skip, sem er í nauðum statt, eða á annan hátt þarf aðstoðar við. Allar tiltækar ráðstafanir skulu gerðar til að láta í ljós tengslin milli skips þess, er dregur, og þess, sem dregið er, eins og 36. regla heimilar, svo sem að varpa ljósi á dráttartaugina.

25. regla

Seglskip, sem er laust, og skip undir árum.

a) Seglskip, sem er laust, skal hafa uppi:

1. hliðarljós;
2. skutljós.

b) Á seglskipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa ljós þau, sem kveðið er á um í a-lið þessarar reglu, í einu samsettu ljóskeri, á eða nærri siglutoppi, þar sem það sést best.

c) Á seglskipi, sem er laust, má auk þeirra ljósa, sem kveðið er á um í a-lið, hafa uppi, á eða nærri siglutoppi, þar sem þau sjást best, tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu. Efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið grænt. Hringljósin má þó ekki hafa uppi með samsetta ljóskerinu, sem heimilað er í b-lið.

d) 1. Á seglskipi, sem er styttra en 7 metrar, skal hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í a- eða b-lið, ef slíkt er framkvæmanlegt. Ef seglskipið hefur ekki uppi þessi ljós, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

2. Á skipi undir árum má hafa uppi þau ljós, sem seglskip á að hafa samkvæmt þessari reglu, en ef þau ljós eru ekki sýnd, skal raflugt eða tendrað ljósker, sem sýnir hvítt ljós, vera tiltækt, og skal því brugðið upp í tæka tíð til að hindra árekstur.

e) Á skipi undir seglum, sem jafnframt er knúið vélarafli, skal frammá skipinu, þar sem best verður séð, hafa uppi keilu og vísi oddur keilunnar niður.

26. regla

Fiskiskip.

a) Skip að fiskveiðum, hvort sem það er laust eða liggur við akkeri, skal aðeins hafa uppi þau ljós og merki, sem kveðið er á um í þessari reglu.

b) Skip að togveiðum, þ. e. skip, sem dregur vörpu eða annað veiðarfæri í sjó, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera grænt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
2. sigluljós, aftar og ofar en græna hringljósið; á skipi, styttra en 50 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þetta ljós, en það má hafa;
3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

c) Skip að fiskveiðum, annað en skip að togveiðum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós, annað lóðrétt upp af hinu; efra ljósið skal vera rautt og neðra ljósið hvítt; eða dagmerki, sem er tvær keilur, önnur lóðrétt upp af hinni, og snúi topparnir saman; á skipi, styttra en 20 metrar, má í stað þessa dagmerkis hafa uppi körfu;
2. hvítt hringljós eða keilu, þegar veiðarfæri í sjó nær lengra en 150 metra í lárétta stefnu frá skipinu, og snúi toppur keilunnar upp og í þá átt, sem veiðarfærið liggur;
3. hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

d) Á skipi að fiskveiðum, rétt í námunda við önnur skip, má auk þess hafa uppi þau viðbótarmerki, sem lýst er í II. viðauka við þessar reglur.

e) Þegar skip er ekki að fiskveiðum, má ekki hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um að sýna í þessari reglu, heldur aðeins þau ljós og dagmerki, sem jafnlöng skip eiga að sýna.

27. regla

Stjórnvana skip og skip með takmarkaða stjórnhæfni.

a) Stjórnvana skip skal hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;
2. tvær kúlur eða áþekk dagmerki, annað lóðrétt upp af hinu, og þar sem þau sjást best;
3. hliðarljós og skutljós, þegar skipið er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir þessum lið.

b) Skip með takmarkaða stjórnhæfni, nema skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða, skal hafa uppi:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;
2. sem dagmerki þrjú tákn, lóðrétt hvert upp af öðru, og þar sem best verður séð. Efsta og neðsta merkið á að vera kúla, en miðmerkið tígullaga;
3. sigluljós, hliðarljós og skutljós, þegar það er á ferð, auk þeirra ljósa, sem á að hafa uppi eftir 1. grein þessa liðar;
4. ljós eða dagmerki þau, sem mælt er fyrir um í 30. reglu, þegar legið er við akkeri, auk ljósa og dagmerkja, sem kveðið er á um að sýna í 1. og 2. grein þessa liðar.

c) Vélskip, sem dregur, þannig að geta þess eða þess, sem dregið er, til að víkja frá stefnu er verulega takmörkuð, skal hafa uppi, auk ljósanna og dagmerkjanna, sem kveðið er á um í a-lið 24. reglu, ljósin eða dagmerkin, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein b-liðar þessarar reglu.

d) Dýpkunarskip eða skip við neðansjávarvinnu, sem hefur takmarkaða stjórnhæfni, skal hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. grein b-liðar þessarar reglu; er skipið mætir hindrun, skal það enn fremur hafa uppi:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvær kúlur, önnur lóðrétt upp af hinni, sem sýna á hvora hlið hindrunin er;
2. tvö græn hringljós, annað lóðrétt upp af hinu, eða tvö tígullaga merki, annað lóðrétt upp af hinu, sem sýna á hvora hlið önnur skip geta siglt framhjá;
3. þegar legið er við akkeri, ljós þau eða dagmerki, sem kveðið er á um í þessum lið, í stað ljósanna eða dagmerkjanna, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu.

e) Þegar stærð skips að köfunarstörfum veldur því, að óframkvæmanlegt er að hafa uppi öll þau ljós og dagmerki, sem kveðið er á um í d-lið þessarar reglu, þá skal það sýna:

1. þrjú hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, þar sem þau sjást best. Efsta og neðsta ljósið skal vera rautt, en miðljósið hvítt;
2. stíft spjald með nákvæmri mynd af alþjóðafánanum „A“. Spjaldið skal ekki vera lægra en einn metri á hæð og þess skal gætt, að það sjáist úr öllum áttum.

f) Skip, sem starfar að hreinsun tundurduflasvæða, skal auk ljósanna, sem kveðið er á um í 23. reglu að vélskip skuli sýna, eða ljósanna eða dagmerkis, sem fyrirskipuð eru skipum, sem liggja við akkeri, í 30. reglu, eftir því sem við á, hafa uppi þrjú græn hringljós eða þrjár kúlur. Eitt þessara ljósa eða dagmerkja skal vera á eða nálægt húni framsiglu og eitt á hvorum enda framrár. Ljósin eða kúlurnar merkja, að hættulegt sé fyrir önnur skip að fara nær hinu skipinu en 1000 metra.

g) Á skipum, sem eru styttri en 12 metrar, öðrum en þeim, sem eru að köfunarstörfum, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í þessari reglu.

h) Ljós og dagmerki, sem á að hafa uppi eftir þessari reglu, eru ekki merki skipa, er þarfnast aðstoðar og eru í sjávarháska. Neyðarmerkjum er lýst í IV. viðauka við þessar reglur.

28. regla

Skip böguð vegna djúpristu.

Skip, sem er bagað vegna djúpristu, má auk ljósa þeirra, sem mælt er fyrir um í 23. reglu, að vélskip skuli sýna, hafa uppi, þar sem best verður séð, þrjú rauð hringljós, lóðrétt hvert upp af öðru, eða sívalning.

29. regla

Hafnsöguskip.

a) Skip, sem gegnir hafnsöguerindum, skal hafa uppi:

1. tvö hringljós á eða nærri siglutoppi, annað lóðrétt upp af hinu;. efra ljósið skal vera hvítt, neðra ljósið rautt;
2. auk þess hliðarljós og skutljós, þegar það er laust;
3. þegar legið er við akkeri, auk ljósanna, sem lýst er í 1. grein, þau ljós eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 30. reglu um skip, sem liggja við akkeri.

b) Á hafnsöguskipi, sem gegnir ekki leiðsöguerindum, skal hafa uppi sömu ljós eða dagmerki og sams konar skip jafnlöng eiga að hafa uppi.

30. regla

Skip, sem liggja við akkeri eða standa á grunni.

a) Skip, sem liggur við akkeri, skal hafa uppi, þar sem best verður séð:

1. hvítt hringljós eða kúlu framan til á skipinu;

2. annað hvítt hringljós á eða nærri skut og lægra en ljósið, sem kveðið er á um í 1. grein.

b) Skip, sem er styttra en 50 metrar, má í stað ljósanna, sem mælt er fyrir um í a-lið, hafa uppi hvítt hringljós, þar sem best verður séð.

c) Þegar skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, liggur við akkeri, þá skal jafnframt lýsa upp þilför þess með vinnuljósum þeim, sem um borð eru, eða öðrum jafngildum ljósgjöfum. Önnur skip, sem liggja við akkeri, má lýsa upp á sama hátt.

d) Skip, sem stendur á grunni, skal hafa uppi þau ljós, sem mælt er fyrir um að sýna í a- og b-lið þessarar reglu, og auk þess, þar sem best verður séð:

1. tvö rauð hringljós, annað lóðrétt upp af hinu;

2. þrjár kúlur, hver lóðrétt upp af annarri.

e) Á skipi, styttra en 7 metrar, er ekki skylt að hafa uppi þau ljós eða dagmerki, sem kveðið er á um í a- og b-lið þessarar reglu, þegar legið er við akkeri annars staðar en í eða nálægt þröngu sundi eða ál eða á akkerislegu eða þar sem er almenn umferð skipa.

f) Á skipi, styttra en 12 metrar, þegar það stendur á grunni, er ekki skylt að hafa uppi ljós þau eða dagmerki, sem fyrirskipuð eru í 1. og 2. grein d-liðar þessarar reglu.

31. regla

Sjóflugvélar.

Þegar óframkvæmanlegt reynist að hafa uppi ljós og dagmerki á sjóflugvél, með þeim einkennum, lögun og staðsetningu, sem krafist er í reglum þessa kafla, þá skal flugvélin hafa uppi ljós og dagmerki, sem fara eins nærri hinum réttu einkennum og staðsetningu og framast er unnt.

KAFLI D — HLJÓÐ- OG LJÓSMERKI

32. regla

Skilgreiningar.

a) „Flauta“ er sérhvert hljóðgefandi tæki, sem getur gefið frá sér þau hljóð, sem á að gefa, og fullnægir þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur.

b) „Stutt hljóð“ merkir hljóð, sem varir í um það bil eina sekúndu.

c) „Langt hljóð“ merkir hljóð, sem varir í fjórar til sex sekúndur.

33. regla

Tæki til hljóðmerkjagjafa.

a) Skip, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, skal búið flautu og skipsklukku. Skip, sem er 100 metrar á lengd eða lengra, skal auk þess vera búið málmtrumbu og verði hljómur hennar og hljóð ekki tekið fyrir klukknahringingu. Skipsflautan, klukkan og málmtrumban eiga að fullnægja þeim sérstöku kröfum, sem eru settar fram í III. viðauka við þessar reglur. Í stað klukkunnar eða málmtrumbunnar má nota annað tæki, sem gefur sömu hljóðeinkenni og þau hvort um sig. Þess skal þó gætt, að ávallt sé unnt að gefa hin fyrirskipuðu hljóðmerki með handafli.

b) Ekki er skylt að búa skip, sem er styttra en 12 metrar, hljóðgjöfum þeim, sem kveðið er á um í a-lið. En ef skipið er ekki búið þessum tækjum, skal það hafa einhvern annan útbúnað, sem gefur frá sér fullnægjandi hljóð.

34. regla

Stjórntök og viðvörunarmerki.

a) Þegar skip eru í sjónmáli hvert frá öðru, skal á vélskipi, sem er laust, og ef beitt er stjórntökum, sem heimiluð eru eða krafist er í reglum þessum, láta það í ljós með eftirfarandi hljóðmerkjum frá flautunni:

— eitt stutt hljóð merkir: „Ég sný til stjórnborða“,

— tvö stutt hljóð merkja: „Ég sný til bakborða“,

— þrjú stutt hljóð merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak“.

b) Á hverju skipi má auk hljóðmerkja, sem lýst er í a-lið þessarar reglu, gefa ljósmerki, sem eftir atvikum eru endurtekin á meðan stefnu skipsins eða ferð er breytt:

1. Ljósmerki þessi skulu hafa svohljóðandi merkingu:

— einn blossi merkir: „Ég sný til stjórnborða“,

— tveir blossar merkja: „Ég sný til bakborða“,

— þrír blossar merkja: „Ég læt vélina knýja aftur á bak“.

2. Lengd hvers blossa skal vera um það bil ein sekúnda; bilið milli blossanna skal einnig vera um það bil ein sekúnda og bil milli ljósmerkja, sem eru send hvert á eftir öðru, skal ekki vera styttra en 10 sekúndur.

3. Ef skipið er búið sérstöku ljóskeri til þessara merkjagjafa, skal það vera hvítt hringljós, sem sést að minnsta kosti í 5 sjómílna fjarlægð, og skal það fullnægja þeim fyrirmælum, sem eru sett í I. viðauka við þessar reglur.

c) Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru í þröngu sundi eða ál, gilda þessar reglur:

1. Á skipi, sem ætlar að sigla fram úr öðru skipi, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu

láta vita um fyrirhugaða framúrsiglingu með hljóðmerkjum frá flautunni:

— tvö löng hljóð með eftirfarandi stuttu hljóði merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á stjórnborða“,

— tvö löng hljóð með eftirfarandi tveimur stuttum hljóðum merkja: „Ég ætla að sigla fram úr yður á bakborða“.

2. Á skipi því, sem sigla á fram úr, skal í samræmi við 1. grein e-liðar í 9. reglu láta í ljós að fallist sé á framúrsiglingu með þessum hljóðmerkjum frá flautunni:

— eitt langt hljóð, eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð; og skal gefa hljóðmerkin í þessari röð.

d) Þegar skip eru í sjónmáli hvort frá öðru og nálgast hvort annað, en fyrirætlanir og sigling annars skipsins er af einhverjum ástæðum óskiljanleg stjórnendum hins, eða efast er um, að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar á hinu skipinu til að komast hjá árekstri, þá skal þegar í stað láta slíkar efasemdir í ljós með því að blása hratt að minnsta kosti 5 stutt hljóð í flautuna. Auk hljóðmerkisins má sýna ljósmerki, sem eru a. m. k. 5 stuttir blossar, er lýsa hratt hver á eftir öðrum.

e) Á skipi, sem nálgast bugðu eða svæði í sundi eða ál, þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal gefa eitt langt hljóð. Á skipi, sem nálgast bugðuna eða hvarfið hinum megin frá, þar sem hljóðmerkið kann að heyrast, skal því svarað með öðru löngu hljóði.

f) Ef skip eru búin flautum með meira en 100 metra innbyrðis fjarlægð, þá skal aðeins nota eina flautu til að gefa hljóðmerki vegna stjórntaka og til viðvörunar.

35. regla

Hljóðmerki í takmörkuðu skyggni.

Á eða nærri svæði, þar sem skyggni er takmarkað, skal, hvort sem er á nóttu eða degi, gefa hljóðmerki þau, sem lýst er í þessari reglu, þannig:

a) Á vélskipi, sem er á ferð, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við eitt langt hljóð.

b) Á vélskipi, sem er laust, en hefur stöðvast og er ferðlaust, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi láta kveða við tvö löng hljóð með um það bil 2ja sekúndna þögn á milli þeirra.

c) Á stjórnvana skipi, skipi með takmarkaða stjórnhæfni, skipi, sem er bagað vegna djúpristu, seglskipi, skipi að fiskveiðum og skipi, sem dregur annað skip eða ýtir því, skal í stað hljóðmerkja þeirra, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu, með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því tvö stutt hljóð.

d) Skip, sem liggja við akkeri og eru að fiskveiðum eða öðrum störfum, sem takmarka stjórnhæfni þeirra, skulu í stað hljóðmerkja þeirra, sem kveðið er á um í g-lið þessarar reglu, gefa hljóðmerkið, sem c-liðurinn mælir fyrir um.

e) Á skipi, sem dregið er, eða ef fleiri en eitt skip eru dregin, þá á síðasta skipi í lestinni, ef það er mannað, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa fjögur hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt langt hljóð og á eftir því þrjú stutt. Þegar því verður við komið, skal gefa þetta hljóðmerki strax á eftir hljóðmerkjum dráttarskipsins.

f) Þegar skip, sem ýtir, og annað, sem ýtt er áfram, eru fast tengd í eina samsetta heild, þá skal líta á þau sem vélskip og gefa skal hljóðmerki þau, sem fyrirskipað er að gefa í a- eða b-lið þessarar reglu eftir því sem við á.

g) Á skipi, sem liggur við akkeri, skal með einnar mínútu millibili í mesta lagi hringja skipsklukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipum, sem eru 100 metrar á lengd eða lengri, skal hringja klukkunni frammá skipinu, og strax á eftir klukknahringingunni skal berja málmtrumbu afturá skipinu ótt og títt í um það bil 5 sekúndur. Á skipi, sem liggur við akkeri, má auk þess gefa þrjú hljóð hvert á eftir öðru, sem sé eitt stutt, eitt langt og eitt stutt hljóð, til að vara skip, sem nálgast, við stað skipsins og hver hætta kunni að vera á árekstri.

h) Á skipi, sem stendur á grunni, skal hringja klukkunni ótt og títt í um það bil 5 sekúndur, og ef þess er krafist skal berja málmtrumbuna eins og kveðið er á um í g-lið þessarar reglu. Auk þess skal slá þrjú aðgreind og greinileg högg á klukkuna strax á undan og eftir hverri klukknahringingu. Á skipi, sem stendur á grunni, má auk þess gefa önnur hljóðmerki með flautunni eftir því sem við á.

i) Á skipi, sem er styttra en 12 metrar, er ekki skylt að gefa ofangreind hljóðmerki. Ef slík hljóðmerki eru ekki gefin, skal með 2ja mínútna millibili í mesta lagi gefa einhver önnur greinileg hljóðmerki.

j) Á hafnsöguskipi, sem gegnir leiðsöguerindum, má auk hljóðmerkja, sem kveðið er á um í a-, b- eða g-lið þessarar reglu, gefa fjögur stutt hljóð til auðkenningar hafnsöguskipinu.

36. regla

Merki til að vekja á sér athygli.

Á sérhverju skipi má sýna ljós eða gefa hljóðmerki, ef það telst nauðsynlegt til þess að vekja

athygli áhafnar um borð í öðru skipi. Þessum ljós- eða hljóðmerkjum má þó ekki rugla saman við neitt af þeim merkjum, sem heimilað er að nota annars staðar í þessum reglum. Einnig má beina ljóskastara í átt að hættunni, en þó þannig, að það trufli ekki önnur skip. Hvers konar ljós, sem notað er til þess að vekja athygli annars skips, skal vera þannig að það verði ekki tekið fyrir nein þau ljós, er varða siglingaöryggi. Svo regla þessi megi ná tilgangi sínum, skal forðast að nota sterk blikk- eða hverfi-ljós, svo sem „strobe" eða þess háttar.

37. regla

Neyðarmerki.

Þegar skip er í sjávarháska og þarfnast aðstoðar, skal nota eða sýna þau merki, sem lýst er í IV. viðauka við þessar reglur.

KAFLI E — UNDANÞÁGUR

38. regla

Undanþágur.

Sérhvert skip (eða flokkur skipa), sem lagður er kjölur að eða er á samsvarandi smíðastigi, áður en þessar reglur taka gildi, má, svo fremi að skipið uppfylli kröfur í alþjóðareglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó 1960, vera undanþegið að fylgja þessum reglum varðandi þau atriði, sem hér greinir:

a) Uppsetningu ljósa með þá langdrægni, sem krafist er í 22. reglu, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

b) Uppsetningu ljósa með þeim sérstöku litareinkennum, sem krafist er í 7. hluta í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 4 ár frá þeim degi, að þessar reglur taka gildi.

c) Tilfærslu ljósa vegna breytinga frá ensku máli í metrakerfi og notkun lengdarmála upp á heilan og hálfan metra, um alla framtíð.

d) 1. Tilfærslu á sigluljósi skipa, sem eru styttri en 150 metrar, vegna fyrirmæla í 3. hluta a) í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

2. Tilfærslu sigluljósa skipa, sem eru 150 metrar á lengd eða lengri, vegna fyrirmæla í 3. hluta a) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

e) Tilfærslu sigluljósa vegna fyrirmæla í 2. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

f) Tilfærslu hliðarljósa vegna fyrirmæla í 3. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

g) Fyrirmæli um hljóðmerkjatæki, sem kveðið er á um í III. viðauka við þessar reglur, í allt að 9 ár frá þeim degi, er þessar reglur taka gildi.

h) Tilfærslu hringljósa í samræmi við 9. hluta b) í I. viðauka við þessar reglur, um alla framtíð.

I. VIÐAUKI

STAÐSETNING LJÓSA OG MERKJA, SÉRSTÖK GERÐ ÞEIRRA OG LÖGUN

1. Skilgreining.

„Hæð upp frá bol skipsins" merkir hæð upp frá efsta þilfari, sem nær stafna á milli. Skal hæðin mæld frá punkti, sem er lóðrétt undir ljósinu.

2. Lóðrétt staðsetning siglingaljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal koma sigluljósum fyrir sem hér segir:

1. Fremra sigluljósið, eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós, þá það ljós, skal að minnsta kosti vera í 6 metra hæð upp frá bol skipsins. Ef skipið er breiðara en 6 metrar, þá skal ljósið vera að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur. Sigluljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 metra upp frá bol skipsins.

2. Þegar 2 sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 metrum hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

b) Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil, að aftara sigluljósið sjáist frá sjávarfleti í 1000 metra fjarlægð frá stafni skipsins, og við eðlilegan stafnhalla ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c) Sigluljósi vélskips, sem er 12 metrar á lengd eða lengra, en styttra en 20 metrar, skal komið fyrir a. m. k. í 2,5 metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

d) Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss, skal sigluljósið samt vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.

e) Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa, sem vélskip skulu hafa uppi, er þau draga annað skip eða ýta því, skal komið fyrir annað hvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósi vélskipa; séu ljósin höfð uppi á aftursiglu, skal það lægsta þeirra að minnsta kosti vera 4,5 metrum hærra en fremra sigluljósið.

f) 1. Sigluljósinu eða ljósunum, sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu, skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir, nema svo standi á, eins og lýst er í 2. grein þessa liðar.

2. Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið eða milli fremra og aftara sigluljóssins, svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g) Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur ¾ af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin mega ekki vera svo lág, að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h) Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á skipi, sem er styttra en 20 metrar, þá skulu hliðarljósin vera að minnsta kosti einn metra neðan við sigluljósið.

i) Þegar mælt er fyrir í reglunum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru, skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

1. Á skipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skulu að minnsta kosti vera 2 metrar á milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 4 metra hæð upp frá bol skipsins.

2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 2ja metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi, skal vera jafnt bil á milli þeirra.

j) Á skipi að fiskveiðum skal lægra hringljósið, er þau skip skulu hafa uppi, vera svo hátt ofan við hliðarljósin að nemi að minnsta kosti tvöfaldri fjarlægð milli hringljósanna.

k) Þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, skal fremra ljósið, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 1. greinar a-liðar 30. reglu, vera að minnsta kosti 4,5 metrum ofar en aftara ljósið. Á skipi, sem er 50 metrar á lengd eða lengra, skal fremra akkerisljósinu komið fyrir að minnsta kosti í 6 metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Lárétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Lárétt fjarlægð milli sigluljósa á skipi, sem er skylt að hafa uppi tvö sigluljós, skal vera að minnsta kosti hálf skipslengdin, en þarf þó ekki að vera lengri en 100 metrar. Fremra sigluljósi má ekki koma fyrir fjær stafni en sem nemur fjórðungi af lengd skipsins.

b) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal ekki setja hliðarljósin framan við fremri sigluljósin. Hliðarljósunum skal komið fyrir á eða nærri hliðum skipsins.

c) Þegar ljósunum, sem kveðið er á um í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, er komið fyrir milli fremra og aftara sigluljóssins, skulu þau ekki vera nær mið-langskurðarfleti skipsins en 2 metrar, mælt lárétt í þverskipsstefnu.

4. Nánari ákvæði um staðsetningu stefnuljósa á fiskiskipum, dýpkunarskipum og skipum við neðansjávarvinnu.

a) Ljósið, sem kveðið er á um að sýna í 2. grein c-liðar 26. reglu og sýnir í hvaða átt veiðarfæri skips að fiskveiðum liggur, skal vera að minnsta kosti í 2ja metra, en í mesta lagi í 6 metra láréttri fjarlægð frá bæði rauða og hvíta hringljósinu. Ljós þetta skal ekki vera hærra en hvíta hringljósið, sem mælt er fyrir að sýna í 1. grein c-liðar 26. reglu, og ekki lægra en hliðarljósin.

b) Ljós og merki, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein d-liðar 27. reglu til að sýna á hvora hlið dýpkunarskips og skips, er vinnur við neðansjávarvinnu, hindrunin er og/eða á hvora hlið telst öruggt að sigla framhjá, skal komið fyrir í eins mikilli láréttri fjarlægð og unnt er frá ljósum þeim eða merkjum, sem kveðið er á um að hafa uppi í 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu; lárétt fjarlægð frá nefndum ljósum og merkjum skal þó aldrei vera minni en 2 metrar. Hærra ljósið eða dagmerkið má ekki undir neinum kringumstæðum vera hærra en það ljós eða dagmerki, sem lægst er þeirra þriggja ljósa og dagmerkja, er á að hafa uppi skv. 1. og 2. grein b-liðar 27. reglu.

5. Hlífar fyrir hliðarljós.

Hliðarljósin á skipum, sem eru 20 metrar á lengd eða lengri, skulu á þeirri hlið, sem veit inn að skipinu, vera búin hlífum, sem eru svartmálaðar, en gljálausar. Hlífarnar skulu fullnægja þeim kröfum, sem eru gerðar í 9. hluta þessa viðauka. Gildir þetta einnig um styttri skip, ef nauðsynlegt er, svo þau megi fullnægja sömu kröfum. Þegar notað er samsett ljósker með einni lóðréttri þráðgrind og örmjóu bili milli græna og rauða ljósgeirans, þá þarf ekki að búa hliðarljósin hlífum að utanverðu.

6. Dagmerki.

a) Dagmerki skulu vera svört og af eftirfarandi stærðum:

1. Þvermál kúlu skal ekki vera minna en 0,6 metrar.

2. Þvermál grunnflatar keilu skal ekki vera minna en 0,6 metrar. Hæð keilunnar skal vera jöfn þvermáli grunnflatar hennar.

3. Þvermál sívalnings skal vera a. m. k. 0,6 metrar. Hæð sívalnings skal vera tvisvar sinnum þvermál hans.

4. Tígullaga merki skal vera 2 keilur, sem hafa sameiginlegan grunnflöt og séu keilurnar af sömu gerð og lýst er í 2. grein að ofan.

b) Lóðrétt fjarlægð á milli merkja skal vera a. m. k. 1,5 metrar.

c) Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, má hafa uppi minni dagmerki, en þau skulu svara til stærðar skipsins; fjarlægð milli merkjanna má stytta samsvarandi.

7. Skilgreining lita á siglingaljósum.

Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla, sem eru innan marka, er tilgreind eru um hvern lit í litatöflu, sem Alþjóðaljósanefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit eru gefin með hornhnitum, sem eru þessi:

1. Hvítt

x	0.525	0.525	0.452	0.310	0.310	0.443
y	0.382	0.440	0.440	0.348	0.283	0.382

2. Grænt

x	0.028	0.009	0.300	0.203
y	0.385	0.723	0.511	0.356

3. Rautt

x	0.680	0.660	0.735	0.721
y	0.320	0.320	0.265	0.259

4. Gult

x	0.612	0.618	0.575	0.575
y	0.382	0.382	0.425	0.406

8. Ljósstyrkur.

a) Minnsta ljósstyrk skal reikna út með því að nota jöfnuna:

$I = 3{,}43 \times 10^{6} \times T \times D^{2} \times K^{-D}$

þar sem I er ljósstyrkur í kertum (candela), þegar ljósið er komið á sinn stað og í notkun.

T er raftregðustuðull 2×10^{-7} lux.

D er langdrægni (sjónarlengd) ljóssins í sjómílum.

K er ljósburðargæði andrúmsloftsins eða hver skilyrði eru til þess að ljósið sjáist.

Fyrir ljós þau, sem lýst er í reglunum, skal K-gildið vera 0,8 og svarar það til, að skyggni með berum augum sé um það bil 13 sjómílur.

b) Í eftirfarandi töflu er röð samsvarandi gilda, sem eru fundin með jöfnunni:

Langdrægni ljóssins (sjónarlengd) í sjómílum	Ljósmagn í kertum (candela) K 0,8
D	I
1	0,9
2	4,3
3	12
4	27
5	52
6	94

Athugið: Hámarksljósmagn siglingaljósa ætti að miða við að komist verði hjá óæskilegri blindu og skal því takmarki ekki náð með stillanlegum ljósmagnsrofa.

9. Láréttir ljósgeirar.

a) 1. Hliðarljósin skulu þaðan, sem þeim er komið fyrir um borð, sýna lágmarksljósmagn, sem krafist er í stefnu fram á við. Ljósstyrkur skal minnka og verða í reynd ómælanlegur 1—3 gráður utan þess geira, sem ljósið skal lýsa í.

2. Lágmarksljósstyrkur skutljósa og hliðarljósa, 22,5 gráður aftan við þverskipsstefnu, skal vera á boga af sjóndeildarhringnum, sem er allt að því 5 gráður frá mörkum og innan þeirra ljósgeira, sem kveðið var á um í 21. reglu. Frá fimm gráðum innan marka lögboðinna ljósgeira má ljósmagnið minnka um 50 af hundraði að endamörkum þeirra; ljósstyrkur skal síðan minnka stöðugt, uns hann er í reynd ómælanlegur og skal vera svo eigi síðar en á boga, sem er 5 gráður utan ljósgeiranna, sem fyrirskipað er að ljósin lýsi.

b) Hringljósum skal þannig komið fyrir, að ekki beri fyrir þau stærri hluti mastra, siglutoppa eða yfirbygginga, en sem nemi 6 gráðum af sjóndeildarhringnum; þetta ákvæði á þó ekki við um akkerisljósin, sem kveðið er á um í 30. reglu, en þau þarf ekki að setja ofar bol skipsins en vel er framkvæmanlegt.

10. Lóðréttir ljósgeirar.

a) Lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa, nema um seglskip sé að ræða, skulu lýsa og tryggja:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 60 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 7,5 gráðum yfir láréttum fleti að 7,5 gráðum undir láréttum fleti.

b) Ef um seglskip er að ræða, skal þess gætt, að lóðréttir ljósgeirar uppsettra rafljósa lýsi þannig:

1. að lágmarksljósmagn, sem krafist er, verði á samfelldum 10 gráðu boga frá 5 gráðum yfir láréttum fleti að 5 gráðum undir láréttum fleti;

2. að minnsta kosti 50 af hundraði þess lágmarksljósmagns, sem krafist er, verði á samfelldum boga frá 25 gráðum yfir láréttum fleti að 25 gráðum undir láréttum fleti.

c) Þegar um önnur ljós en rafljós er að ræða, skal fylgja þessum ákvæðum um lýsingu eins náið og kostur er.

11. Ljósstyrkur annarra ljósa en rafljósa.

Önnur ljós en rafljós skulu, eftir því sem framkvæmanlegt er, uppfylla kröfur um lágmarksljósstyrk eins og skilgreint er í töflu í 8. hluta þessa viðauka.

12. Stefnuljós.

Þrátt fyrir ákvæði í f-lið 2. hluta þessa viðauka, skal stefnuljósi, sem kveðið er á um að hafa í b-lið 34. reglu, komið fyrir í sama lóðrétta langskurðarfleti og sigluljósið eða sigluljósin eru í; þar sem það er framkvæmanlegt skal stefnuljósið vera að minnsta kosti 2 metra lóðrétt ofan við fremra sigluljósið en þess skal þó gætt, að stefnuljósið sé að minnsta kosti 2 metra lóðrétt fyrir ofan eða neðan aftara sigluljósið. Á skipi með aðeins eitt sigluljós skal, ef skip er búið sérstöku stefnuljósi, hafa ljósið þar sem það sést best, en að minnsta kosti í 2ja metra lóðréttri fjarlægð frá sigluljósinu.

13. Samþykki.

Útbúnaður ljósa og merkja svo og uppsetning ljósa um borð í skipum skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru af hlutaðeigandi opinberum yfirvöldum í landi því, sem á þjóðfána þann, sem skipinu er heimilt að bera.

II. VIÐAUKI

VIÐBÓTARMERKI FYRIR FISKISKIP, SEM ERU AÐ VEIÐUM Í GRENND HVERT VIÐ ANNAÐ

1. Almenn ákvæði.

Ef ljós þau, sem hér er um fjallað, eru samkvæmt heimild í d-lið 26. reglu höfð uppi, skal þeim komið fyrir þar sem þau sjást best með að minnsta kosti 0,9 metra millibili, en lægra en ljósunum, sem lýst er í 1. grein b- og c-liðar 26. reglu. Ljósin skulu sjást úr öllum áttum, í að minnsta kosti einnar sjómílu fjarlægð, en þó styttra en ljósin, sem skylt er að hafa á fiskiskipum eftir þessum reglum.

2. Merki skipa að togveiðum.

a) Á skipi að togveiðum, hvort sem það veiðir með botnvörpu eða flotvörpu, má hafa uppi:

1. þegar vörpunni er kastað: tvö hvít ljós, annað lóðrétt upp af hinu;

2. þegar varpan er hífð um borð: hvítt ljós, lóðrétt yfir rauðu ljósi;

3. þegar varpan er föst í einhverri hindrun: tvö rauð ljós, annað lóðrétt upp af hinu.

b) Á skipum, er toga vörpu á milli sín, má á hvoru þeirra um sig:

1. beina ljóskastara að nóttu til fram á við og fyrir stafn hins skipsins, sem varpan er toguð í félagi með;

2. hafa uppi ljósin, sem kveðið er á um í lið 2 a) að framan, þegar vörpunni er kastað eða hún er hífð um borð, eða er föst í einhverri hindrun.

3. Merki skipa að nótaveiðum.

Á skipum að nótaveiðum má hafa uppi 2 gul ljós, annað lóðrétt upp af hinu. Ljósin skulu blossa til skiptis hverja sekúndu, þannig að ljós sé á efra ljóskeri, þegar slökkt er á því neðra og svo öfugt. Ljós þessi má eingöngu sýna, þegar skipið er bundið veiðarfærum sínum.

III. VIÐAUKI

UM TÆKNILEGAN ÚTBÚNAÐ OG GERÐ HLJÓÐMERKJATÆKJA

1. Flautur.

a) Tíðni og langdrægni hljóðmerkja.

Grundvallartíðni skal vera innan marka 70 og 700 riða (Hz).

Langdrægni heyranlegra hljóðmerkja frá flautu skal ákvarða með tíðnum, sem eru innan marka 180—700 riða (Hz) (± 1%) og ná því stigi hljóðþrýstings, sem tilgreint er í c-lið hér á eftir. Tíðnirnar geta verið grundvallartíðnin og/eða ein eða fleiri hærri tíðnir.

b) Mörk grundvallartíðna.

Til þess að tryggja mikla fjölbreytni í einkennum hljóðmerkja frá skipsflautu skal grundvallartíðni flautu liggja milli eftirfarandi marka:

1. 70—200 rið (Hz) á skipum, sem eru 200 metrar á lengd eða lengri.

2. 130—350 rið (Hz) á skipum, sem eru 75 metrar á lengd eða lengri, en styttri en 200 metrar.

3. 250—700 rið (Hz) á skipum, sem eru styttri en 75 metrar.

c) Styrkur hljóðmerkja og langdrægni þeirra.

Skipsflauta um borð skal í þá átt, sem hljóðstyrkur flautunnar er mestur, og í eins metra fjarlægð frá flautunni ná hljóðþrýstistigi, sem er að minnsta kosti einn þriðji úr áttund og innan tíðnimarka 180 og 700 riða (Hz) (± 1%) og ná a. m. k. þeim gildum, sem gefin eru í eftirfarandi töflu:

Skipslengd í metrum	Tónstiginn ⅓ úr áttund í eins m fjarlægð, talinn í dB, 2×10^{-5} N/m^2	Langdrægni heyranlegra hljóðmerkja í sjómílum
200 eða lengri	143	2
75, en styttri en 200	138	1,5
20, en styttri en 75	130	1
Styttri en 20	120	0,5

Tölur um langdrægni hljóðmerkja í töflunni að ofan eru til upplýsinga. Í kyrru veðri um borð í skipi með venjulegan hávaða í bakgrunni á þeim stöðum, sem hlustað er, eru 90% líkur til að tölurnar gefi nokkurn veginn þá langdrægni, sem heyra má í flautu í beinu framhaldi af langskurðarfleti (miðjuási) hennar. Venjulegur bakgrunnshávaði er talinn vera 68 dB í þeirri áttund, sem hefur miðju á 250 riðum (Hz), og 63 dB í áttund, sem hefur miðju á 500 riðum (Hz).

Í reynd er sú vegalengd, sem hljóð flautunnar heyrist, ákaflega breytileg og ræður veðurlag mestu um langdrægni hljóðsins. Gildin, sem eru gefin, má líta á sem dæmigerð, en í roki og miklum hávaða í nánd við þá staði, sem hlustað er, getur dregið verulega úr langdrægni hljóðmerkjanna.

d) Stefnugefandi þættir.

Hljóðþrýstistig flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal ekki vera meira en 4 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar í hvaða stefnu sem er í láréttum fleti innan ±45° horns frá langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið í allar aðrar áttir í láréttum fleti skal ekki vera meira en 10 dB undir fyrirskipuðu hljóðþrýstistigi í langskurðarfleti flautunnar, þannig að langdrægni hljóðsins í allar áttir verði að minnsta kosti helmingur af langdrægni í stefnu, sem er í beinu framhaldi af langskurðarfletinum. Hljóðþrýstistigið skal mælt á hljóðsviðinu einn þriðji úr áttund, sem ákvarðar langdrægni hljóðmerkja.

e) Staðsetning skipsflautu.

Þegar nota skal sem einu flautuna um borð flautu, sem beinir hljóðinu í ákveðna átt, skal koma henni þannig fyrir, að hámarkshljóðstyrkur flautunnar sé beint framundan.

Skipsflautu skal setja eins hátt um borð í skipinu og framkvæmanlegt er til þess að draga úr því, að hljóðið rofni eða truflist af hindrunum, og einnig til að draga sem mest úr þeirri hættu að áhöfnin verði fyrir heyrnarskaða. Hljóðþrýstistig hljóðmerkja frá eigin skipi skal ekki vera hærra en 110 dB (A) á þeim stöðum, sem hlustað er um borð, og ef það er framkvæmanlegt ætti það ekki að vera hærra en 100 dB (A).

f) Skip útbúin fleiri en einni flautu.

Ef skip eru búin flautum, sem eru í meira en 100 metra innbyrðis fjarlægð, skal koma þeim svo fyrir, að þær gefi ekki hljóð frá sér samtímis.

g) Samsett flautukerfi.

Ef hljóðsvið einu flautunnar um borð eða einnar af flautunum, sem fjallað er um í lið 1 f) að framan, virðist hafa svæði með mjög skertu hljóðmagni, vegna hindrunar, þá er mælt með að setja upp samsett flautukerfi til þess að bæta úr þessari truflun. Eftir skilningi reglnanna er litið á samsett flautukerfi sem einstaka flautu. Í samsettum flautukerfum má ekki vera meira en 100 metrar á milli flautanna og flauturnar skulu þannig útbúnar, að þær gefi samtímis hljóð. Tíðni hverrar einstakrar flautu skal víkja a. m. k. um 10 rið frá tíðni annarrar.

2. Klukkur og málmtrumbur.

a) Hljóðstyrkur.

Skipsklukka eða málmtrumba eða önnur tæki, sem hafa svipuð hljóðeinkenni, skulu gefa frá sér hljóðþrýstistig, sem sé a. m. k. 110 dB í eins metra fjarlægð.

b) Gerð.

Skipsklukkur og málmtrumbur skulu smíðaðar úr efni, sem stenst ryð, og þannig gerðar, að þær gefi tæran tón. Þvermál klukkunnar að neðan skal ekki vera minna en 300 mm á skipum 20 metra löngum eða lengri, og ekki minni en 200 mm á skipum, sem eru 12 metrar að lengd eða lengri en styttri en 20 metrar. Þar sem það er framkvæmanlegt er mælt með að nota vélknúinn kólf til þess að tryggja jafnan kraft í klukkuslögunum en þannig klukku skal þó vera unnt að hringja með handafli. Efnismassi kólfsins skal að minnsta kosti vera 3 af hundraði af efnismassa klukkunnar.

3. Samþykki.

Gerð hljóðgjafatækja, hljómburður þeirra og uppsetning þeirra um borð í skipinu skal uppfylla þær kröfur, sem settar eru af hlutaðeigandi opinberum yfirvöldum í landi því, sem á þjóðfána þann, sem skipinu er heimilt að bera.

IV. VIÐAUKI
NEYÐARMERKI

1. Eftirfarandi merki gefa til kynna, hvort sem þau eru notuð saman eða hvert fyrir sig, að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar:

a) Byssuskot eða annað hvellmerki hleypt af með hér um bil einnar mínútu millibili.

b) Notkun hvers konar þokumerkjatækis í sífellu.

c) Flugeldar eða sprengjur, sem varpa frá sér rauðum stjörnuljósum, og er þeim skotið einu í einu með stuttu millibili.

d) Merkið · · · – – – · · · (SOS) eftir Morsekerfi, sent með loftskeytatækjum eða öðrum merkjasenditækjum.

e) Orðið „Mayday" kallað út í talstöð.

f) Alþjóðaneyðarmerki sent með merkjaflöggunum N.C.

g) Neyðarmerki, sem er ferhyrndur fáni og kúla eða eitthvað, sem líkist kúlu, fyrir ofan eða neðan fánann.

h) Bál á skipinu (svo sem frá logandi tjörutunnu, olíutunnu o. s. frv.).

i) Fallhlífarflugeldar eða handblys, er sýna rautt ljós.

j) Reykmerki, sem gefur frá sér rauðgulan reyk.

k) Hægar og endurteknar hreyfingar upp og niður með útréttum handleggjum.

l) Loftskeyta-vekjaramerkið.

m) Talstöðvar-vekjaramerkið.

n) Merki, sem send eru frá neyðarradíóbauju, er gefur staðarákvörðun.

2. Framangreind merki má ekki sýna eða gefa, nema í þeim tilgangi einum að gefa til kynna, að skip sé í sjávarháska og þarfnist aðstoðar; notkun annarra merkja, sem rugla má saman við neyðarmerkin, eru bönnuð.

3. Athygli er vakin á köflum um neyðarmerki í Alþjóðlegri merkjabók, handbók um leit og björgun skipa, og svo á eftirfarandi merkjum:

a) dúk, sem er rauðgulur og annað hvort með svörtum ferningi og hring eða öðru heppilegu tákni (til auðkenningar úr lofti);

b) litarefni, sem sett er í sjóinn.

Ed. 300. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 110/1984, um breyt. á l. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og tryggingaganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara.	Björn Dagbjartsson.
Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.
	Karl Steinar Guðnason, með fyrirvara.	

Nd. 301. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Við 3. mgr. 1. gr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

Nd. 302. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá iðnaðarnefnd.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
2. gr. laganna orðist svo:
Verðjöfnunargjald skal nema 16%.

Nd. 303. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1985.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Ólafur G. Einarsson.	Guðmundur H. Garðarsson.	Friðrik Sophusson.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 304. Nefndarálit [175. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 95/1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. des. 1985.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir.	Friðrik Sophusson.	Guðmundur H. Garðarsson.

Kjartan Jóhannsson.

Ed. 305. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og fengið á sinn fund Jónas Elíasson, aðstoðarmann iðnaðarráðherra, og Halldór Kristjánsson, deildarstjóra í iðnaðarráðuneytinu.

Enginn tími var fyrir nefndina til að gera ítarlega úttekt á viðaukasamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna við Straumsvík sem frumvarp þetta fjallar um ef afgreiða ætti málið fyrir jólaþinghlé. Beindist því meðferð nefndarinnar að athugun á því hver nauðsyn væri á svo skjótri afgreiðslu og hvort málið mætti að skaðlausu bíða þar til Alþingi kæmi saman til funda á ný að loknu jólaleyfi. Þóttu koma fram gildar ástæður fyrir nauðsyn þess að flýta afgreiðslu frumvarpsins svo að það hlyti lagagildi áður en þingi yrði frestað vegna jólanna.

Nefndin varð ekki sammála um efnislega afstöðu til frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar vísar til ítarlegrar athugunar sem gerð var á máli þessu í hv. iðnaðarnefnd neðri deildar. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að samningur sá, sem frumvarpið felur í sér, sé til bóta frá því sem verið hefur um skattgreiðslur Ísals. Því sé rétt að þessi viðaukasamningur verði staðfestur af hálfu Alþingis. Þess vegna leggur meiri hl. nefndarinnar til að frumvarp þetta verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Davíð Aðalsteinsson, með fyrirvara.	Egill Jónsson.
	Björn Dagbjartsson.	

Sþ. 306. Svar [87. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um sundurliðun sláturkostnaðar og geymslugjalds.

Í 8. grein laga nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl., segir svo í 2. málsgrein:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjandi gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sexmannanefnd svo tímanlega að verðlagningu samkvæmt 6. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 7. gr.“

Slátur- og heildsölukostnaður kjöts o.fl.

Í samræmi við þetta lagaákvæði voru fengnar um árabil að ósk sexmannanefndar upplýsingar frá 10—12 stærstu kaupfélögunum, sem höfðu sláturleyfi, um kostnað við slátrun og sölu afurðanna, svo og um kostnað þeirra við geymslu afurðanna, þ.e. vaxtakostnað og geymslukostnað. Starfsmenn Framleiðsluráðs létu í té leiðbeiningar um sundurgreiningu þessa kostnaðar og í hvaða formi þeim væri skilað. Þessi félög höfðu um helming allrar slátrunar í landinu. Fyrir allmörgum árum var einnig óskað eftir sams konar upplýsingum frá Sláturfélagi Suðurlands. Sláturfélagið hefur um langt árabil slátrað 17—20% árlega af því fé sem slátrað er í landinu. Þessi gögn hafa verið lögð fyrir nefndina sem

trúnaðarmál. Síðustu árin hafa verið gerðar auknar og hertar kröfur um að upplýsingarnar væru í samræmdu formi og úrvinnsla upplýsinganna væri vandaðri en áður var.

Til að verða við þessum óskum sexmannanefndar hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins fengið löggiltan endurskoðanda, Guðjón Eyjólfsson, til aðstoðar við gerð samræmds reikningsforms í þessu efni sem sent hefur verið til allra aðila sem fengið hafa sláturleyfi hverju sinni og þess óskað að þeir geri allir reikninga sína upp eftir því reikningsformi og skili uppgjöri að loknu reikningsári til Framleiðsluráðs. Sýnishorn af sundurliðun kostnaðarins í formi þessu fylgir, svo og leiðbeiningar um færslu þess. Misjafnlega hefur gengið að fá skil á reikningum. Aðeins eitt ár hefur tekist að fá einhver skil frá öllum sláturleyfishöfum. Þeir reikningar voru ekki hjá öllum færðir eftir þessu samræmda formi og því ekki unnt að ná samræmdri niðurstöðu úr þeim.

Fyrir verðlags- og söluárið 1982—1983 var Guðjón Eyjólfsson endurskoðandi fenginn til að heimsækja 11 stærstu aðilana sem slátruðu fé haustið 1982 og leiðbeina þeim um að loka reikningsuppgjöri þess árs í fullu samræmi við þetta form. Ekki fengust viðhlítandi reikningar nema frá níu aðilum af þessum ellefu. Greinargerð um þessa úrvinnslu hans fylgir hér með, svo og sundurgreining kostnaðarþáttanna eins og hún varð að meðaltali hjá þessum aðilum. Greinargerð þessi var birt í Árbók landbúnaðarins 1984 á bls. 90—97.

Slátur og heildsölukostnaður þetta söluár var ákveðinn við haustverðlagningu 15,78 kr. á kg kjöts og 12,28 á kg gæra en á kjötið var ákveðin viðbót 1. mars 1983 1,72 kr. á kg sem gerir meðalkostnað á kg kjöts um 16,60 kr.

Reikningar hvers aðila verða ekki látnir af hendi þar sem þeir eru fengnir í trausti þess að þeim sé ekki flíkað við óviðkomandi aðila.

Á sama hátt og að framan greinir var Guðjón fenginn til að gera upp reikninga frá 16 sláturleyfishöfum fyrir verðlags- og söluárið 1983—1984. Greinargerð hans um þetta uppgjör fylgir hér með svo og meðaltalskostnaður með þeirri sundurgreiningu sem í reikningnum var. Niðurstaða þessa uppgjörs var lögð fyrir fimmmannanefnd í haust og framreiknuð með verðbreytingarstuðlum frá Þjóðhagsstofnun. Nefndin notaði þessi gögn við ákvörðun þessara kostnaðarþátta við verðlagningu í haust. Framleiðsluráð hefur áætlað skiptingu slátur- og heildsölukostnaðar eins og hann var ákveðinn í haust (56 kr.) í hlutfalli við niðurstöðu af þeim framreikningi.

Fyrirspurnin er um sum atriði óljós.

Sundurgreining kostnaðarins eins og gert er ráð fyrir í fyrirspurninni er ekki til og verður ekki gerð skv. þessu uppgjöri. T.d. er ekkert í uppgjörinu sem kallast „umboðs- og sölulaun“ og ekkert sem kallast „pökkun og umbúðir“. Það eru aðeins „umbúðir“ sem er nánast ekkert annað en plast og grisjupokar utan um kjötið, áður en það fer í frystingu, og kassar eða öskjur fyrir slátur sem fryst er. Pökkun kjöts fyrir smásöluverslanir hefur alls ekki verið með í þessum kostnaði. Rétt er líka að leggja áherslu á að sexmannanefnd ákvað að allur kostnaður sláturafurða skyldi lagður á kjötið en ekkert á slátur né gærur tvö s.l. ár, 1983 og 1984.

Ekki er búið að gera upp slátrun og sölu afurða fyrir verðlagsárið 1984—1985 enda sölunni ekki að fullu lokið enn þá. Hins vegar hefur fimmmannanefnd, og einnig Landssamtök sláturleyfishafa, óskað eftir að hliðstætt uppgjör fari fram vegna þess verðlagsárs eins og tvö þau síðustu og er í ráði að Guðjón Eyjólfsson vinni það verk. En alllangur tími hlýtur að líða uns þeir reikningar verða tilbúnir.

Vaxta- og geymslugjald.

Vaxtagjaldinu er ætlað að mæta kostnaði af afurðalánum vegna allra sláturafurða og innlánsvöxtum af ógreiddum eftirstöðvum afurðaverðs til framleiðenda. En geymslugjaldinu er ætlað að standa undir rekstri kjötfrystihúsa frá lokum sláturtíðar til loka söluárs. Þessir kostnaðarþættir hafa verið metnir og ákveðnir af sexmannanefnd og eru greiddir á birgðir í hverjum mánuði skv. staðfestum afstemmdum birgðaskýrslum.

Þessi kostnaður var ákveðinn sem hér segir verðlagsárið 1982—1983:

	Vaxtagjald (kr.)	Geymslugjald (kr.)
Nóvember 1982	1,92 á kg	0,34 á kg
Desember 1982	2,10 á kg	0,38 á kg
Janúar 1983	2,25 á kg	0,38 á kg
Febrúar 1983	2,25 á kg	0,38 á kg
Mars — Sept. 1983	2,65 á kg	0,45 á kg

alla mánuðina óbreytt til loka sölutíma.

Í upphafi þessa söluárs voru afurðalánavextir Seðlabanka Íslands 39% á ári. Vextir viðskiptabankalána og af eftirstöðvum til bænda voru þá 40% á ári. Þeir hækkuðu í lok desember og oftar á söluárinu þó sexmannanefnd tæki eingöngu tillit til í sínum ákvörðunum hækkana vaxta 1. janúar og 1. mars. Verð kjötsins hækkaði einnig mikið 1. des., 1 mars og 1. júní án þess að vaxtagjaldi væri breytt af þeirri ástæðu.

Á þessum þáttum í rekstrarreikningum sláturleyfishafanna kom fram stórfelldur halli í uppgjöri verðlagsársins svo sem sjá má á úttekt Guðjóns Eyjólfssonar.

Árið 1983—1984 voru þessir þættir metnir og ákveðnir af sexmannanefnd sem hér segir:

		Vaxtagjald (kr.)	Geymslugjald (kr.)
Nóvember 1983	ósundurgreint	3,30 á kg	í vaxta og geymslugjald
Desember 1983		3,30 á kg	
Janúar 1984		2,40 á kg	0,54 á kg
Febrúar 1984		1,80 á kg	0,54 á kg
Mars 1984		1,88 á kg	0,56 á kg
Apríl — maí 1984		1,88 á kg	0,56 á kg
Júní — sept. 1984		2,20 á kg	0,58 á kg

Á þessu ári lækkuðu vextir nokkrum sinnum og tók sexmannanefndin tillit til þess í ákvörðunum sínum.

Í uppgjöri Guðjóns Eyjólfssonar fyrir 16 aðila þetta verðlagsár kemur fram halli á vaxtareikningi (sjá lið 20 og 21 og lið 23) og er hallinn 4,14 kr. á kg kjöts að meðaltali.

Fyrir verðlagsárið 1984—1985 var þessi kostnaður metinn og ákveðinn af sexmannanefnd sem hér segir:

			Vaxtagjald og geymslugjald á mánuði kr./kg
Sept./okt.	1984	0	0
Nóv.	1984	2,70 + 64	3,34
Des.	1984	3,08 + 64	3,72
Jan.	1985	4,43 + 64	5,07
Febr.	1985	4,43 + 64	5,07
Mars	1985	4,68 + 64	5,32
Apríl	1985	4,68 + 64	5,32
Maí	1985	4,68 + 64	5,32
Júní	1985	4,68 + 64	5,06
Júlí	1985	4,34 + 72	5,06
Ágúst	1985	4,34 + 72	5,06
Sept.	1985	4,34 + 72	5,06
Okt.	1985	4,34 + 72	5,06

Eins og áður hefur verið sagt er uppgjöri fyrir þetta ár ekki nærri lokið.

Augljóst er þó að á þessum þáttum verður verulegur halli. Vextir hafa hækkað án þess að tillit hafi verið tekið til þess í verðlagningu og geymslutími hefur orðið lengri (sala hægari) en búist var við og það veldur auknum kostnaði.

Fylgiskjal I.

Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Sundurgreining slátrunar- og heildsölukostnaður.
Sundurgreining kostnaðarins byggist á upplýsingum sláturleyfishafa vegna framleiðsluársins 1983—1984.

Upplýsingar bárust frá 16 sláturleyfishöfum sem höfðu til meðferðar um 68% af sauðfjárslátruninni, þ.e. 8 810 079 kg kjöts.

Kostnaðarliðir	kr. á kg	
1. Laun alls	8,81	
2. Launatengd gjöld	0,90	
3. Fæðis- og ferðakostnaður	1,30	
4. Vinnufatnaður og þvottur	0,28	
5. Alls kjötskoðun og stimplun	0,31	
6. Kostnaður vegna dysjunar og úrgangs	0,26	
7. Salt í gærur	0,83	
8. Umbúðir	1,40	
9. Aðrar rekstrarvörur	0,46	
10. Rafmagn, vatn og hiti	1,26	
11. Alls viðhald, véla og tækja	1,51	
12. Fasteignagjöld	0,61	
13. Tryggingar	0,45	
14. Afskriftir	2,32	
15. Frystingar- og geymslukostnaður	3,60	
16. Flutningur — flutningsjöfnun	1,26	
17. Bókfærslu- og heildsölukostnaður	7,89	
18. Rýrnun	0,97	
19. Verðjöfnunargjald	1,67	
		36,09
20. Afurðalánavextir	13,72	
21. Vextir til framleiðenda	3,67	
		17,39
22. Vextir af fjárfestingum	1,41	
23. Endurgreitt vaxtagjald	(13,25).	
Kostnaður alls	41,64	

Ákvörðun sexmannanefndar um slátrunar- og heildsölukostnað var jan.—okt. 1983 30,55 kr. á kg og 33,00 kr. á kg jan.—júlí 1984. Meðaltalstekjur voru því 31,38 á verðlagsárinu 1983/1984. Slátrunar- og heildsölukostnaði var nú einvörðungu deilt út á kjöt.

Fylgiskjal II.

Framleiðsluráð landbúnaðarins

Áætluð sundurgreining:
Slátrunar- og heildsölukostnaður 1. okt. 1985.

	kr.	kr.
Laun alls	12,90	
Launatengd gjöld	1,30	
Fæðis- og ferðakostnaður	1,90	
Vinnufatnaður og þvottur	0,40	
Alls kjötskoðun og stimplun	0,45	
Kostnaður vegna dysjunar og úrgangs	0,40	
Salt í gærur	1,25	
Alls umbúðir	2,05	
Aðrar rekstrarvörur	0,65	
Rafmagn, vatn og hiti	1,85	
		23,15
Alls viðhald, véla og tækja	2,25	
Fasteignagjöld o.fl.	0,90	
Alls tryggingar	0,65	
Afskriftir	3,40	
		7,20
Alls frysting og geymsla	5,30	
		5,30
Flutningur — flutningsjöfnun	1,85	
Stjórnunar- og heildsölukostnaður	11,60	
Rýrnun	1,45	
		14,90
Verðjöfnunargjald	2,45	2,45
Vextir og verðbætur	3,00	3,00
	56,00	56,00

(Gert á ábyrgð Framleiðsluráðs að skipta tölunni, G.G.)

Fylgiskjal III.

Uppgjör á afurðaverði hjá sláturleyfishöfum fyrir verðlagsárið 1982/1983.
(Árbók landbúnaðarins 1984.)

Í desembermánuði 1983 varð ljóst að sláturleyfishafar áttu í miklum erfiðleikum með að skila bændum fullu verði í lokauppgjöri vegna verðlagsársins 1982/1983. Það virtist vanta mikið á að það fé, sem þeir réðu yfir, dygði til að unnt væri að greiða bændum meðalverð kjöts verðlagsársins og haustverð frá 1982 fyrir gærur og slátur, svo og vexti af ógreiddum eftirstöðvum.

Sláturleyfishafar beindu kvörtunum sínum til Framleiðsluráðs og töldu þeir að slátur- og heildsölukostnaður kjötsins hefði verið ákveðinn alltof lágur þetta ár og að vaxta- og geymslugjaldið hefði einnig verið of lágt. Jafnframt töldu þeir að tekjur fyrir sölu kjötsins hefðu komið seint inn vegna lítils útflutnings á árinu og tregrar innanlandssölu. Þetta mál var rætt á tveimur fundum Framleiðsluráðs og tekin ákvörðun um að fá löggiltan endurskoðanda til að yfirfara uppgjör frá ca. 12 sláturleyfisaðilum af mismunandi stærð. Hann skyldi kanna alla þætti uppgjörsins og þar á meðal áhrif söluhraðans og vaxtakostnaðarins á niðurstöður þess, og gera Framleiðsluráði grein fyrir áliti

sínu á réttmæti þessara kvartana. Kæmi í ljós að full rök væru fyrir þeim yrði allt gert sem fært væri til að fá verðákvarðanir um þetta efni leiðréttar.

Til þessa verks var ráðinn Guðjón Eyjólfsson, löggiltur endurskoðandi hjá endurskoðunarskrifstofunni Stoð. Hann hóf verk sitt í janúarmánuði 1984.

Framleiðsluráð sendi þeim aðilum, sem valdir voru í þetta úrtak, bréf og form að þeim upplýsingum, sem óskað var eftir. Guðjón tók að sér að leiðbeina og aðstoða við frágang gagnanna og vinna úr þeim á samræmdan hátt. Hann fór til allra aðilanna til að ræða við viðkomandi um þetta og veita þeim leiðsögn.

Af 12 aðilum, sem valdir voru, skiluðu 10 reikningum, en einn þeirra var svo ófullkominn að frágangi að hann varð ekki tekinn með í lokaskýrslu, þar sem ekki fékkst bætt úr ágöllum hans, þrátt fyrir mikla eftirgangsmuni.

Í ljós kom að uppgjörsmáti sláturleyfishafa er mjög mismunandi og samræmdar reikningsvenjur ekki notaðar.

Flestir aðilanna eru, jafnframt sauðfjárslátrun, með annan rekstur og sláturhúsið er deild í stærri rekstrareiningu, oftast tengt verslun. Enginn aðilanna skilaði sérstökum efnahagsreikningi fyrir sláturhúsið. Ekki eru glögg skil í bókhaldi fyrirtækjanna á milli sjálfrar slátrunarinnar annars vegar og geymslu og heildsölu afurðanna hins vegar. Ekki voru heldur í bókhaldinu glögg skil á milli sláturtíða, það er að sláturtíðin 1981 og afurðasala þess árs væri glögglega aðgreind frá sláturtíð 1982 og afurðasölu þeirrar slátrunar.

Þá er í bókhaldinu oftast blandað saman kostnaði við slátrun og sölu afurða af sauðfé annars vegar og þess háttar kostnaði vegna stórgripaafurða hins vegar svo og rekstri frystihúss, sem notað er fyrir fleiri vörur. Kostnaðinum var sums staðar eingöngu deilt á kjötið, en annars staðar á allar afurðirnar en þó á mismunandi hátt.

Þá var ekki nema í sumum tilvikum haldinn sérstakur vaxtareikningur fyrir sláturfjárreikning innan fyrirtækis með margþættan rekstur. Reynt var eftir mætti að bæta úr þessum ágöllum til að fá samstæða mynd í niðurstöðu könnunarinnar.

Gerð var skýrsla um selt vörumagn á hverjum verðtíma og hvenær skil á afurðaverðinu komu til sláturleyfishafa. Söluhraðinn var nokkuð mismunandi. Hjá flestum aðilanna var meiri hluti kjötsins þó seldur eftir 1. júní eða greiddur eftir 1. júní 1984. Það hafði þau áhrif að geymslu- og vaxtakostnaður varð meiri en ætlað var, þegar Sexmannanefndin ákvað endurgreiðslu þess kostnaðar.

Guðjón gerði skýrslu um söluhraða kjötsins eftir verðtímabilum og sýndi hún hvaða tekjum salan átti að skila til sláturleyfishafanna skv. verðlagningu og hvaða hlutfall þær tekjur voru af heildsöluverði hvers verðtímabils.

Hér er sýnishorn af söluhraða og reiknuðum sölutekjum hjá tveimur aðilum með misjafnan söluhraða samkv. uppgjöri Guðjóns. (Sjá bls. 94.)

Vegna mikillar verðbólgu á verðlagsárinu lækkaði tekjuhlutfallið mjög, þar sem engin hækkun fékkst á þenn-

an kostnaðarhluta verðsins allt árið. Sá útreikningur sýnir mun í sölutekjum um nær 3% í hag þeim aðila sem hafði örari sölu. Reiknaðar sölutekjur þess aðila urðu 20,25% af öllum tekjum sláturafurðanna en 17,36% hjá hinum, sem hafði dræmari sölu og hlaut að selja verulegt magn kjötsins á útsölutímanum í september og október og bíða eftir verulegum hluta á greiðslu fyrir þá sölu til loka nóvember eða byrjun desembermánaðar.

Að meðaltali komu rúmlega 50% af andvirði kjöts af fé, slátruðu haustið 1982, til greiðslu eftir 1. júní 1983 og verulegur hluti þess kjöts, eða um 2600 tonn, voru seld á útsölunni í september og október. Á tímabilinu eftir 1. júní voru reiknuð sölulaun heildsöluaðila aðeins rúmlega 15%. Það er afar lágt þegar líka er tekið tillit til að rýrnun er meiri á því kjöti sem geymt er lengi og getur numið allt að 2%, þó að ekkert af því verði ónýtt með öllu. Rýrnun er innifalin í reiknuðum sölulaunum.

Þegar af þessari ástæðu er augljóst að megin skýringar á slæmri útkomu í rekstrarupgjöri fjölmargra sláturleyfishafa er að leita í þessu atriði og líka í því að endurgreiðsla vaxta nægði ekki fyrir vaxtaútgjöldum. Þetta hvort tveggja kemur fram í töflum um þessi atriði, en þær eru prentaðar sér í Árbókinni.

Það sem að framan er sagt má draga saman í eftirfarandi: Niðurstaða úr þessum athugunum er sú að vegna örrar verðbólgu og mikilla kostnaðarhækkana hjá sláturleyfishöfum, hafi ákvarðanir Sexmannanefndar um slátur og heildsölukostnað við afurðasölu-una, svo og ákvörðun hennar um endurgreiðslu vaxta, ekki dugað til að mæta kostnaði við geymslu og sölu afurðanna þetta verðlagsár. Stórir þættir í því efni eru:

1. Að sala kjöts gekk óvenju seint m. a. vegna óvenju lítils útflutnings. Geymslutíminn á kjötinu varð því með allra lengsta móti.
2. Ekki fékkst hækkun á heildsölukostnaði á söluárinu. Vextir fengust ekki fyrir 15 daga í októbermánuði og ekki fékkst nein hækkun á vaxtané geymslugjaldi 1. júní 1983, en þá hækkaði verð kjöts í heildsölu um 18,73% og grundvallarverð til bænda um 22,5%.
3. Mestur halli er að jafnaði hjá þeim, sem urðu að geyma kjötið lengst eða fram í september og seldu mikið á útsöluverðinu.
4. Rýrnun birgðanna varð tiltölulega mest hjá þeim aðilum, sem geymdu kjötið lengst.

22.2.

Eftir að ljóst var orðið að almennt vantaði á að skil sláturleyfishafa væru viðunandi, ákvað Framleiðsluráð að kalla eftir reikningum frá þeim öllum um rekstur þeirra þetta verðlagsár og skýrslu um uppgjörið við bændur.

Send voru eyðublöð að reikningsformi ásamt fylgiskýrslum, sem þeir áttu að skila útfylltum. Þar átti að koma fram sundurliðun kostnaðarþátt-anna við slátrun, frystingu, geymslu, flutning og heildsölu afurðanna á einu blaði. Á öðru blaði átti að sýna söluhraða og hvenær tekjur fyrir afurðasöluna hefðu komið í þeirra hendur. Á þriðja blaðinu átti að koma fram hve-

nær bændum hefði verið greitt og hve mikið í hverjum áfanga. Jafnframt var ætlast til að fram kæmi hvaða vexti þeir hefðu fengið af ógreiddum eftirstöðvum.

Nokkur dráttur varð á að fá reikningana frá ýmsum aðilum, en það var þó misjafnt. Einnig var frágangur þeirra mjög misjafn. Í ljós kom að rekstrarkostnaður var alls staðar meiri en svaraði til reiknaðra tekna samkv. ákvörðun Sexmannanefndar. Mestur var munurinn þar sem nýlega byggð sláturhús eða kjötfrystihús voru notuð. Nokkuð af þeim halla sem fram kom í þessu hjá 18–20 aðilum var færður á höfuðstólsreikning og geymdur til framtíðarinnar.

Þá var mjög breytilegt hvernig fyrirtækin höfðu greitt bændum og ekkert samræmi var í því. Upplýsingar um það efni voru alls ekki tæmandi né fullkomlega trúverðugar í ýmsum tilvikum. Enn verra var þó að festa hendur á vaxtagreiðslum til bænda af ógreiddum eftirstöðvum, m. a. vegna þess að sums staðar höfðu bókfærðir greiddir vextir verið bakfærðir síðar. Mikil vinna var lögð í að reyna að samræma úrvinnslu þessara reikninga.

Við samanburðinn var notað meðalgrundvallarverð kjöts á verðlagsárinu. Það hefði í eðlilegu ástandi átt að nást hjá sláturleyfishöfum að meðaltali. Hins vegar var aðeins reiknað með haustverði á gærum og slátri. Gærur voru yfirleitt seldar í nóvembermánuði og því vart unnt að gera ráð fyrir hækkun á haustverð þeirra. Slátur er mest selt á haustin, en það sem ekki er selt að haustinu tekur hækkun í samræmi við aðrar hækkanir. Erfiðleikar hafa verið á að selja lifur á fullu verði og oft hefur á sumrin þurft að lækka verð á einhverjum hluta hausa. Þetta er þó misjafnt hjá hinum einstöku sláturleyfishöfum og er ekki jafnað út af Framleiðsluráði. Því þótti í þessum samanburði ekki rétt að reikna með öðru en haustverði á slátri.

Vextir af eftirstöðvunum voru reiknaðir 42%, en það voru innlánsvextir á almennum sparisjóðsbókum á þessu ári. Gert var ráð fyrir að þessi vaxtafótur gilti allt árið. Eftirstöðvar haustverðs voru vaxtareiknaðir frá 15. október. Verðhækkun 1. desember var vaxtafærð frá 15. janúar. Verðhækkun 1. mars var vaxtafærð 15. apríl og verðhækkun 1. júní var vaxtafærð frá 15. ágúst.

Að teknu tilliti til framangreindra frávika frá venjubundnum greiðslureglum kom í ljós að aðeins þrír eða fjórir aðilar náðu því að greiða fullt verð og fulla vexti samkv. framanrituðu en 41 eða 42 aðilar greiddu annað hvort skert verð og/eða skerta vexti. En hjá fáeinum var verðið sjálft nærri lægi að vera rétt en vexti vantaði til bændanna að mestu eða öllu leyti. Meðalvöntun á verð og vexti var rúmlega 9% af því fé, sem bændur áttu að fá fyrir þessar afurðir samkv. framanrituðum forsendum.

Því má bæta við að forsendurnar eru miðaðar við algjört lágmark þess, sem vænst var að verðlagningin gæti skilað bændum. En eins og fram kemur hér að framan eru gögnin, sem komu frá sláturleyfishöfum, alls ekki nægjanlega góð til þess að unnt sé að fullyrða að matið sé nákvæmlega rétt á greiðslum allra aðila til bænda.

Söluyfirlit og útreikningur á reiknuðum kostnaði

Sláturleyfishafi I **Haustslátrun 1982**

Innborguð sala eftir verðlagningartímabilum	Gærur	Innmatur	Kjöt	Hlutfall sölu	Hlutfall sölukostn. kjöts	Reiknaður slátur- og heilds.kostn. í verðlagningu
15/9–30/11	739.004	287.973	1.279.895	2,13%	20,87%	kr. 267.114
1/12–28/2	2.129.577	23.345	5.778.681	9,60%	18,96%	— 1.095.638
1/3–31/5	0	193.497	12.011.936	19,95%	17,95%	— 2.156.143
1/6–31/12	710.690	2.525.912	41.143.384	68,32%	15,19%	— 6.249.680
Samtals kr.	3.579.271	3.030.727	60.213.896	100,00%		

Heildarsala 66.823.894 kr.	kr.	9.768.575
Gærur (125.155 kg). Reiknaður slátur- og heildsölukostnaður á þær í verðlagningu er kr. 12,28 á kg	—	1.536.903
Innmatur		
Reiknað er með að dilkaslátur gefi í sölulaun mismun á milli grundvallarverðs, kr. 47,88 og heildsöluverðs kr. 53,10, þ. e. 9,83% af heildsöluverði sláturs (kr. 3.030.721)	—	297.920
Reiknaður sölukostnaður alls	kr.	11.603.398

Reiknaðar sölutekjur sem hlutfall af brúttótekjum 17,36%.

Söluyfirlit og útreikningur á reiknuðum kostnaði

Sláturleyfishafi II **Haustslátrun 1982**

Innborguð sala eftir verðlagningartímabilum	Gærur	Innmatur	Kjöt	Hlutfall sölu	Hlutfall sölukostn. kjöts	Reiknaður slátur- og heilds.kostn. í verðlagningu
15/9–30/11	884.973	264.580	3.797.507	34,60%	20,87%	kr. 792.540
1/12–28/2		147.455	3.718.356	33,88%	18,96%	— 705.000
1/3–31/5		187.829	2.073.585	18,90%	17,95%	— 372.209
1/6–31/12		122.791	1.384.524	12,62%	15,19%	— 210.309
Samtals kr.	884.973	722.655	10.973.972	100,00%		

Heildarsala 12.581.600 kr.	kr.	2.080.058
Gærur (32.301 kg). Reiknaður slátur- og heildsölukostnaður á þær í verðlagningu er kr. 12,28 á kg	—	396.656
Innmatur		
Reiknað er með að dilkaslátur gefi í sölulaun mismun á milli grundvallarverðs, kr. 47,88 og heildsöluverðs kr. 53,10, þ. e. 9,83% af heildsöluverði sláturs (kr. 722.655)	—	71.037
Reiknaðar sölutekjur alls	kr.	2.547.751

Reiknaðar sölutekjur sem hlutfall af brúttótekjum 20,25%.

TAFLA 41 **Yfirlit yfir skilaverð og vexti, haustslátrun 1982, hjá 11 sláturleyfishöfum**

1. Vextir til bænda	**1.**	**Pr. kg**	**2.**	**Pr. kg**	**3**	**Pr. kg**	**4.**	**Pr. kg**	**5.**	**Pr. kg**	**6.**	**Pr. kg**
Reikn. vextir skv. útreikningi FRL	7.356.652		5.904.109		2.869.032		1.159.511		6.790.440		633.012	
Greiddir vextir	(1.745.909)		(6.519.663)		(3.451.755)		(1.562.670)		(3.945.884)		0	
Samtals	5.610.743	4,73	(615.554)	(0,76)	(582.723)	(1,09)	(403.159)	(2,22)	2.844.556	0,48	633.012	0,87
Vextir af stöðu „Kjötreiknings" eru reiknaðir	NEI		JÁ		NEI		JÁ		JÁ		JÁ	
2. Afurðaverð												
Meðalgrundvallarverð til bænda skv. útreikningi FRL	75.309.578		50.905.364		34.747.883		11.584.814		84.025.418		46.857.427	
Greiðsla til bænda	(74.590.123)		(47.584.604)		(31.816.690)		(11.566.587)		(77.109.000)		(43.513.683)	
Samtals	719.455	0,61	3.320.760	4,11	2.931.193	5,51	18.227	0,10	6.916.418	5,21	3.343.744	4,62
Vöntun á greiðslum til bænda, liður 1. og 2.	6.330.198	5,34	2.705.206	3,35	2.348.470	4,42	(384.932)	(2,12)	9.760.974	7,35	3.976.756	5,49
3. Rekstrarreikningur												
Rekstrarhalli eða hagnaður	(1.090.291)	(0,92)	0		1.132.292*	2,13	866.300	4,76	1.848.000	1,39	6.914.638*	9,55
Vöntun sláturleyfishafa til að mæta greiðslum til bænda og kostnaði við slátrun og sölu	5.239.907	4,42	2.705.206	3,35	3.480.762	6,55	481.368	2,64	11.608.974	8,74	10.891.394	15,04

1. Vextir til bænda	**7.**	**Pr. kg**	**8.**	**Pr. kg**	**9.**	**Pr. kg**	**10.**	**Pr. kg**	**11.**	**Pr. kg**
Reiknaðir vextir samkv. útreikningi FRL	799.824		5.797.557		23.280.384		5.496.245		6.378.658	
Greiddir vextir	(177.768)		(5.064.460)		(8.904.000)		(4.844.144)			
Samtals	622.056	3,24	733.097	0,75	14.376.384	5,06	652.101	0,67		
Vextir af stöðu „Kjötreiknings" eru reiknaðir			JÁ		NEI		JÁ			
2. Afurðaverð										
Meðalgrundvallarverð til bænda skv. útreikningi FRL	12.079.900		61.983.182		182.633.300		62.675.124		61.065.876	
Greiðsla til bænda	(12.026.589)		(56.846.123)		(166.121.000)		(60.791.221)			
Samtals	53.311	0,28	5.137.059	5,27	16.512.300	5,80	1.883.903	1,93		
Vöntun á greisðlum til bænda (liður 1 og 2)	675.367	3,52	5.870.156	4,52	30.888.684	10,86	2.536.004	2,60		
3. Rekstrarreikningur										
Rekstrarhalli eða hagnaður	2.938.930	15,30	1.752.972	1,80	15.219.000	5,35	11.468.281	11,74		
Vöntun sláturleyfishafa til að mæta greiðslum til bænda og kostnaði við slátrun og sölu	3.614.297	18,82	7.623.128	6,32	46.107.684	16,21	14.004.285	14,34		

bessi aðili skilaði ekki tullnægjandi upplýsingum.

* Fært á rekstrarreikning 1983.

TAFLA 42 **Slátur- og heildsölukostnaður 9 sláturleyfishafa 1982**

	1.		2.		3.		4.		5.	
Slátrun: Kjöt	976.177 kg		665.574 kg		437.102 kg		149.580 kg		1.089.110 kg	
— Gærur	209.348 —		142.749 —		94.658 —		32.301 —		239.604 —	
Samtals	1.185.525 kg		808.323 kg		531.760 kg		181.881 kg		1.328.714 kg	
Heildsölu- og sláturkostnaður		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**
Laun	5.113.112	4,31	3.978.199	4,92	2.575.916	4,84	985.549	5,42	5.448.252	4,10
— utan sláturtíðar	246.680	0,21	1.440.615	1,78	286.867	0,54	705.815	3,88	892.343	0,66
Fæðiskostnaður	858.295	0,72	281.483	0,35	196.188	0,37	82.469	0,45	691.005	0,52
Orka og vatn	210.923	0,17	208.300	0,26	363.741	0,68	237.557	1,31	904.658	0,68
Umbúðir	957.213	0,81	504.402	0,62	406.095	0,76	75.647	0,42	958.644	0,72
Aðrar rekstrarvörur	521.155	0,44	434.689	0,54	195.662	0,37	110.361	0,61	384.392	0,29
Kjötskoðun og stimplun	339.691	0,29	49.278	0,06	187.709	0,35	27.558	0,15	294.677	0,22
Flutningskostnaður	1.646.913	1,39	1.519.386	1,88	621.244	1,17	223.055	1,23	1.061.698	0,80
Flutningsjöfnun	(739.548)	(0,62)	(438.712)	(0,54)						
Frysting	4.151.551	3,50	4.565.160	5,65	1.380.602	2,60	202.530	1,11	3.780.000	2,85
Geymslugjald	(1.976.734)	(1,67)	(1.869.219)	(2,31)	(687.411)	1,29)	(179.787)	(0,99)	(1.530.529)	(1,15)
Viðhald og viðgerðir	753.922	0,64	115.239	0,15	279.275	0,53	101.621	0,56	986.422	0,74
Afskriftir	371.286	0,31			332.255	0,62	149.774	0,82	1.728.122	1,30
Skrifstofu- og heildsölukostnaður	1.868.951	1,58	1.615.838	2,00	893.025	1,68	425.460	2,34	2.317.545	1,74
Heildsölukostnaður SÍS	2.655.164	2,24	2.431.578	3,00	1.476.116	2,78			3.475.762	2,62
Tryggingar	143.837	0,12	209.803	0,26	138.566	0,26	8.074	0,04	302.184	0,23
Opinber gjöld	61.925	0,05			81.185	0,15			320.590	0,24
Önnur rekstrargjöld	257.396	0,22			18.586	0,03				
Verðjöfnunarsjóðsgjald	1.558.933	1,31	1.059.538	1,31	837.634	1,58			1.742.069	1,31
Heimarýrnun	560.278	0,47			548.959	1,03	30.013	0,17	1.966.562	1,48
Neytenda- og jöfnunargjald	319.007	0,27	232.679	0,29			340.687	1,87		
Verðútjöfnun			2.964.528	3,66						
Samtals	19.879.950	16,76	19.302.784	23,88	10.132.194	19,05	3.526.383	19,39	25.704.396	19,35
Reiknaður slátur- og heildsölu-kostnaður sbr. meðf.	16.707.551		11.925.312		7.718.449		2.547.751		19.477.444	
Tap á þessum lið	3.172.399		7.377.472		2.413.745		978.632		6.226.952	
Vöntun á heildarkostnaði í %	15,99		38,22		23,82		27,75		24,22	

	6.		7.		8.		9.		1.–9.	
Slátrun: Kjöt	594.964 kg		160.053 kg		800.463 kg		2.369.644 kg		7.242.667 kg	
— Gærur	129.155 —		32.011 —		173.513 —		473.927 —		1.527.266 —	
Samtals	724.119 kg		192.064 kg		973.976 kg		2.843.571 kg		8.769.933 kg	
Heildsölu- og sláturkostnaður		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**		**Pr. kg**
Laun	2.417.568	3,34	803.879	4,19	3.313.329	3,40	12.679.761	4,46	37.315.565	4,25
— utan sláturtíðar	707.535	0,98	38.039	0,20	906.947	0,93			5.204.841	0,59
Fæðiskostnaður	214.221	0,30	408.385	2,13	783.534	0,80	2.263.685	0,80	5.779.265	0,66
Orka og vatn	1.208.420	1,67	126.015	0,66	487.398	0,50	735.220	0,26	4.482.232	0,51
Umbúðir	319.119	0,44	130.169	0,68	484.663	0,50	858.420	0,30	4.694.372	0,54
Aðrar rekstrarvörur	458.115	0,63	42.915	0,22	643.046	0,66	1.729.021	0,61	4.519.356	0,52
Kjötskoðun og stimplun	84.128	0,12	27.792	0,14	208.974	0,21	488.331	0,17	1.708.138	0,20
Flutningskostnaður	720.776	1,00	211.782	1,10	1.045.836	1,07	3.899.511	1,37	10.950.181	1,25
Flutningsjöfnun	(147.023)	(0,20)	(91.474)	(0,48)	(459.473)	(0,47)	(106.332)	(0,04)	(1.982.562)	(0,22)
Frysting	1.313.474	1,81	454.660	2,37	2.696.889	2,77	15.155.869	5,33	33.700.735	3,84
Geymslugjald					(1.019.265)	(1,05)	(5.279.980)	(1,86)	(12.542.925)	(1,43)
Viðhald og viðgerðir	119.001	0,16	118.205	0,62	931.592	0,96	2.319.831	0,82	5.725.108	0,65
Afskriftir	3.410.100	4,71	593.814	3,09	1.145.425	1,18	3.247.908	1,14	10.978.684	1,25
Skrifstofu- og heildsölukostnaður	1.016.042	1,40	1.122.560	5,84	1.964.144	2,02	11.505.558	4,05	22.729.123	2,59
Heildsölukostnaður SÍS	2.053.096	2,83			2.707.343	2,78			14.799.059	1,69
Tryggingar	324.622	0,45	115.732	0,60	327.710	0,34	391.538	0,14	1.962.066	0,22
Opinber gjöld	296.176	0,41			719.718	0,74	528.616	0,18	2.008.210	0,23
Önnur rekstrargjöld	65.054	0,09	36.450	0,19			156.636	0,06	534.122	0,06
Verðjöfnunarsjóðsgjald	1.325.305	1,83	130.743	0,68	1.279.800	1,31	1.969.179	0,69	9.903.201	1,13
Heimarýrnun	431.616	0,60			1.000.187	1,03	5.855.663	2,06	10.393.278	1,19
Neytenda- og jöfnunargjald	1.228.790	1,69							2.121.163	0,24
Verðútjöfnun	1.270.314	1,75							4.234.842	0,48
Endurgreiddur sláturkostnaður					(76.836)	(0,08)			(76.836)	(0,01)
Neytendagjald					292.919	0,30			292.919	0,03
Samtals	18.836.449	26,01	4.269.666	22,23	19.383.880	19,90	58.398.435	20,54	179.434.137	20,46
Reiknaður slátur- og heildsölu-kostnaður sbr. meðf.	11.603.398		2.978.465		13.763.258		43.222.705		131.872.547	
Tap á þessum lið	7.233.051		1.291.201		5.620.622		15.175.730		47.561.590	
Vöntun á heildarkostnaði í %	38,40		30,24		29,00		25,99		26,51	

Ed. 307. Nefndarálit [169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 123 31. des. 1984, um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o.fl., með áorðnum breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.

Ed. 308. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds.
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.

Sþ. 309. Nefndarálit [193. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Haraldur Ólafsson.
Guðrún Agnarsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.	Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ed. 310. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 311. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Ríkisstjórn Íslands og Alusuisse hafa í allmörg ár átt í deilum um mörg atriði í samningum aðila um álbræðsluna í Straumsvík og ekki síður framkvæmd þeirra samninga. Deilur þessar hafa snert raforkuverð til Ísals, skattlagningu Ísals, mat á skattskyldum hagnaði Ísals og meintan undandrátt Alusuisse í þeim efnum, skatteftirlit, endurskoðunarrétt á samningsákvæðum, byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík og fleira. Eitt af meginatriðunum í stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem tók við valdataumunum í maí 1983, var að binda enda á þessar deilur með skjótum hætti og semja um verulega stækkun álbræðslunnar við Straumsvík.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér lausn ríkisstjórnarinnar á einu af téðum deiluatriðum. Áður hefur ríkisstjórnin stöðvað meðferð skattsvikamálsins fyrir hinum alþjóðlega gerðardómi í New York með svonefndri dómsátt sumarið 1984 og fyrirskipað stuðningsmönnum sínum á Alþingi að staðfesta breytingar á rafmagnssamningi og mikilvægum ákvæðum álsamninganna, um skyldur Alusuisse og skattskyldan hagnað Ísals, í nóvember 1984. Um byggingu rafskautaverksmiðju í Straumsvík eða jafnvel athugun á hagkvæmni slíkrar framkvæmdar, sem áður hafði verið um samið, er nú ekki rætt. Ríkisstjórnin virðist heldur ekki neitt nær því ætlunarverki sínu að fá Alusuisse til að auka afkastagetu Ísals — og geta landsmenn vafalaust þakkað sínum sæla fyrir það.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er aðfinnsluvert í fjölmörgum atriðum, engu síður en aðrir þættir samninga ríkisstjórnarinnar við Alusuisse. Bera allir þeir samningar raunar þess greinileg merki að vanhugsaðar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um skjóta og auðvelda samninga við Alusuisse, ásamt hinum afdrifaríku mistökum hennar að fallast á ósk Alusuisse um að draga skattsvikamálið út úr hinum alþjóðlega gerðardómi, hafa veikt samningsstöðu Íslands svo mjög að Alusuisse hefur nánast getað hagað samningsniðurstöðum að vild.

Helstu efnisatriði.

Í iðnaðarnefnd neðri deildar voru lögð fram fjögur nefndarálit um þetta frumvarp. Í áliti 1. minni hl. var gerð vandleg úttekt á málinu og ýmsum hliðum þess. Hér verður því aðeins stiklað á stærstu atriðum en vísað, til nánari skýringar, til framangreinds álits 1. minni hl. iðnaðarnefndar neðri deildar.

1. Líkur á lækkun skatttekna

Með þeirri breytingu á skattstiga og mati á skattstofni, sem bæði er nú gerð tillaga um í frumvarpinu og var gerð á Alþingi í nóvember 1984, eru miklar líkur á að heildarskatttekjur hins opinbera af starfsemi Ísals verði minni á komandi árum en verið hefði samkvæmt þeim skattareglum sem Alþingi samþykkti í 2. viðauka við aðalsamning árið 1975.

Áhrifum hins breytta skattstiga er nánar lýst í töflu I og línuriti 2 í nál. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 226.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar og þeir fulltrúar samninganefndarinnar, sem sömdu við Alusuisse um téðar skattkerfisbreytingar og komu fyrir iðnaðarnefnd neðri deildar vegna þessa máls, hafa reynt að bera í bætifláka fyrir þessa augljósu lækkun skattstiga með fullyrðingum um hækkun skattstofns. Um þann málflutning er m.a. þetta að segja:

1. Útreikningar þeir, sem þeir samninganefndarmenn hafa lagt fram í þessu skyni, sbr. fylgiskjal IV í álitum bæði 1. og 2. minni hl. iðnaðarnefndar neðri deildar, hljóta að teljast afar marklitlir. Kemur þar ýmislegt til. Í fyrsta lagi er hér um að ræða afar óvissan framreikning eins og samningamennirnir sjálfir margtóku fram í yfirheyrslum iðnaðarnefndar neðri deildar. Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um forsendur reikninganna. Það er því ókleift að meta áreiðanleika þeirra eða finna reiknivillur sem reynslan hefur sýnt að oft eru ekki langt undan þegar útreikningar samninganefndar um stóriðju eru annars vegar. Í þriðja lagi hefur ekki verið lagt fram neitt mat óháðs aðila, þ.e. aðila ótengdum samninganefnd um stóriðju, sem staðfestir þennan framreikning. Það er því einungis mat samningamannanna sjálfra, sem eðli málsins samkvæmt eru ekki óháðir og hafa skiljanlega heldur tilhneigingu til að fegra samningaárangur sinn en hitt, sem liggur til grundvallar fullyrðingum um hækkun skattstofns.
2. Auk álits samninganefndarinnar sjálfrar var í iðnaðarnefnd neðri deildar lagt fram mat á breytingum á skattstofni sem vísar í þveröfuga átt. Í því áliti (sjá nánar fylgiskjal VI í áliti 1. minni hl. iðnaðarnefndar neðri deildar) kemur fram að skattstofn muni e.t.v. heldur minnka við þá breytingu sem gerð er tillaga um í frumvarpinu.
3. Enn fremur má benda á það að á því hagnaðarbili hjá Ísal sem líklegast má telja á komandi árum, þ.e. innan við 10 milljónir bandaríkjadala, þarf skattstofn að hækka mjög verulega til að vega upp á móti lækkun skattstiga. Þetta má t.d. auðveldlega lesa af línuriti 2.

2. Lækkun raunvirðis framleiðslugjaldsins

Grunnframleiðslugjaldið, sem miðað við reynsluna fram að þessu er e.t.v. líklegast að Ísland haldi áfram að fá í sinn hlut, breytist ekki samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Það verður áfram 20 bandaríkjadalir á tonn af áli eins og um var samið árið 1975. Raunvirði þessa lágmarksgjalds hefur rýrnað stórlega s.l. áratug vegna heimsverðbólgunnar og þar með minnkandi kaupmáttar bandaríkjadals og er nú rétt ríflega helmingsvirði af því sem það var árið 1975. Úr því að samningamönnum ríkisstjórnarinnar tókst ekki að semja um verðtryggingu þessa gjalds er fyrirsjáanlegt að grunnframleiðslugjaldið mun halda áfram að rýrna að raungildi á komandi árum.

Þessari þróun raunvirðis framleiðslugjaldsins er nánar lýst í línuriti 1 í nál. Hjörleifs Guttormssonar á þskj. 226.

3. Dregið úr rekstrar- og skatteftirliti með Ísal

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er í raun lagt til að dregið verði úr skattalegu og rekstrarlegu eftirliti með starfsemi Ísals og viðskiptum þess við Alusuisse. Þetta felst m.a. í breyttum ákvæðum um verðviðmiðun aðfanga og afurða, styttingu árlegs endurskoðunartímabils og niðurfellingu eldri samningsákvæða um að Ísal skuli njóta bestu fáanlegra kjara í viðskiptum við Alusuisse.

Þessi atriði eru nánar tiltekið:

1. Verð á mikilvægustu afurðum og aðföngum eru nú tengd ákveðnum viðmiðunum og þannig bundin til a.m.k. 5 ára í senn.
2. Svigrúm til árlegrar endurskoðunar á ársreikningum Ísals er nú takmarkað við fjóra mánuði og bannað að vefengja skattframtal Ísals eftir þann tíma.
3. Endurskoðendum Íslands er í samningnum gert óheimilt að afla upplýsinga um söluverð rafskauta frá verksmiðju Alusuisse sem verðið til Ísals á þó að miðast við. Þess í stað á Ísland að gera sér að góðu yfirlýsingar endurskoðenda sem Alusuisse tilnefnir. Þess má geta í þessu samhengi að ekki skorti yfirlýsingar frá endurskoðendum Alusuisse um sakleysi þess í fyrri deilumálum um verð á rafskautum og súráli. Engu að síður greiddi Alusuisse 3 milljónir bandaríkjadala til að forðast dóm í málinu.
4. Viðurlög við skattundandrætti eru engin og beinlínis bönnuð í samningnum.

Öll þessi atriði veikja mjög aðstöðu íslenskra stjórnvalda til eftirlits með starfsemi Ísals.

4. Erlend skattlögsaga

Engin breyting er gerð á ákvæðum hins upphaflega samnings frá 1966 þar sem Ísland afsalaði sér lögsögu í skattamálum Ísals til erlendra gerðardóma. Slík ákvæði, sem ekki voru óalgeng í samningum þróunarlanda við fjölþjóðlega auðhringi á sjötta og sjöunda áratugnum, hafa á þeim áttunda og níunda verið sem óðast týna tölunni, nema einna helst þar sem um er að ræða ríki myrkustu Afríku. Hins vegar var upplýst í iðnaðarnefnd neðri deildar að ríkisstjórn Íslands hefði ekki sýnt teljandi áhuga á að fá þessu ákvæði álsamninganna breytt.

5. Tækni- og söluþóknun Alusuisse óbreytt

Þótt með frumvarpi ríkisstjórnarinnar sé létt af Alusuisse þeirri kvöð að útvega Ísal bestu fáanleg kjör á afurðum og aðföngum er í engu hróflað við þóknunum Alusuisse fyrir þessa þjónustu. Þessi þóknun er hins vegar ekkert smáræði eða 3,7% af árlegri veltu Ísals sem ætla má að geti numið allt að 7 milljónum bandaríkjadala árlega.

Niðurstaða.

Þegar á allt er litið verður ekki annað séð en að þær breytingar á skattákvæðum gildandi samninga, sem ríkisstjórnin leggur til í umræddu frumvarpi, séu gagnstæðar hagsmunum Íslands. Því telur undirritaður að fella eigi frumvarpið.

Alþingi, 18. des. 1985.

Helgi Seljan.

Nd. 312. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt með breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. des. 1985.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Friðrik Sophusson.
Guðrún Helgadóttir.	Kjartan Jóhannsson.	Ólafur G. Einarsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 313. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna hljóði svo:
   Skal gjaldið nema 735 kr. á hvern gjaldanda.
   Í stað „115 500“ í 3. málsl. 1. tölul. 10. gr. komi: 122 058.
2. Við bætist ný grein sem verði 2. gr. og orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 314. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Jón Kristjánsson.
Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Sþ. 315. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Eiði Guðnasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Við 4. gr. 03 399 1.80 Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

	Þús. kr.
Fyrir „4 800“ kemur	12 000

Sþ. 316. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Páli Péturssyni, Ragnari Arnalds, Eiði Guðnasyni, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Við 4. gr. 09 999 1.70 Til útgáfumála skv. ákvörðun þingflokka.

	Þús. kr.
Fyrir „7 000“ kemur	9 800

Sþ. 317. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Páli Péturssyni, Ragnari Arnalds og Eiði Guðnasyni.

1. Við 4. gr. 09 999 1.18 Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.

	Þús. kr.
Fyrir „13 000“ kemur	18 200

2. Við 6. gr. Við bætist nýr liður, svohljóðandi:
   9.5 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins allt að 250 eintökum af hverju blaði umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga.

Ed. 318. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Staumsvík.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður leggur til að frumvarpið verði *ekki samþykkt*.

Nefndinni hefur enginn tími gefist til að fjalla efnislega um málið. Fram kom að litlu breytti þótt samþykkt frv. drægist fram yfir áramót þar eð samningurinn gerir ráð fyrir þriggja mánaða fresti frá 11. nóv. 1985 til löggildingar.

Við stutta efnislega athugun á samningnum verður ekki séð að hann sé betri en fyrri samningur um sömu atriði. Núverandi ríkisstjórn ákvað að ganga til samninga við Alusuisse í tvennu lagi, þ.e. að semja fyrst um raforkuverð og síðan um skattamál. Ríkisstjórn Íslands samdi um deilumál sín við Alusuisse til að liðka fyrir áframhaldandi samningsgerð.

Málarekstur var ein leið til að skapa sáttagrundvöll en sú leið hefði eflaust tekið langan tíma. Nú virðist fullsýnt að sá siðferðilegi bakhjarl, sem fráhvarf frá málshöfðun á hendur Alusuisse er, hefur ekki skilað viðunandi niðurstöðum í framhaldssamningum við Alusuisse. Tæknilegar breytingar á fyrri uppgjörsaðferðum nægja ekki ef þær breyta litlu um aðstöðu okkar og tölulegar niðurstöður í framtíðinni.

Alþingi, 18. des. 1985.

Stefán Benediktsson.

Nd. 319. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Þær millifærslukúnstir, sem lýst er í frumvarpinu og athugasemdum með því, eru alls ekki viðunandi í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Í stað miðstýringar og skaðlegrar forsjárhyggju, sem ríkir í verðlagsmálum greinarinnar, er nauðsynlegt að koma á fiskmörkuðum og frjálsri fiskverðsmyndun, ásamt frjálsari verðlagningu gjaldeyris. Ef venjuleg lögmál viðskiptalífs fengju þannig að ráða hyrfu skammtalækningar eins og frv. lýsir.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 18. des. 1985.

Guðmundur Einarsson.

Ed. 320. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og m. a. fengið Gauk Jörundsson forseta lagadeildar Háskóla Íslands sér til aðstoðar.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á sérstöku þingskjali. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frv. með þessum breytingum.

Alþingi, 18. des. 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Jón Kristjánsson. | Egill Jónsson.

Ed. 321. Breytingartillögur [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsl. orðist svo:
Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila.
2. Við 3. gr. 1. málsl. fyrri mgr. orðist svo:
Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m.a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands.
3. Á eftir 4. gr. komi ný gr. er hljóði svo:
Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

Ed. 322. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og einnig átt sameiginlega fundi með sjávarútvegsnefnd neðri deildar.

Fulltrúar frá sjávarútvegsráðuneytinu komu á fund hjá nefndinni og skýrðu ýmsa liði frumvarpsins og lögðu fram drög að reglugerð sem farið var yfir.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem neðri deild gerði á því, sbr. þskj. 264.

Alþingi, 18. des. 1985.

Valdimar Indriðason, form., frsm. | Björn Dagbjartsson, fundaskr. | Árni Johnsen.

Jón Kristjánsson.

Ed. 323. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallaði á sinn fund Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra, Þorleif Pálsson deildarstjóra, Markús Sigurbjörnsson borgarfógeta og Gauk Jörundsson, forseta lagadeildar Háskóla Íslands.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur en fluttar um á sérstöku þingskjali.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1985.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Helgi Seljan.
Valdimar Indriðason.	Eiður Guðnason.	Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 324. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
      2. Skiptaráðandi getur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins.
   b. Við bætist ný mgr. svohljóðandi:
      4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.
2. Við 4. gr. 2. máls. orðist svo: Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf.

Sþ. 325. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 4. gr. 09 999 1.18 Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.
Liðurinn falli brott.

Nd. 326. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Friðriki Sophussyni, Steingrími J. Sigfússyni, Ingvari Gíslasyni og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Í stað orðsins „húshitunar“ í 8. gr. laganna komi: rafhitunar eða varmadælna.

Nd. 327. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar sem orðast þannig:

1. Í stað „16%“ í 2. gr. laganna komi: 14%, og í stað „1985“ komi: 1986.
2. Við 8. gr. bætist: Þá skal ekki greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til hitaveitna vegna dælingar á heitu vatni, til skipa í höfnum eða til fiskeldisstöðva vegna vatnsdælingar.

Nd. 328. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Guðmundur Einarsson skilar séráliti.

Alþingi, 17. des. 1985.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Gunnar G. Schram.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 329. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um skráningu skipa.

Frá samgöngunefnd.

Við 1. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða hérlendis skv. 2. og 3. mgr. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gjaldaívilnana samkvæmt þessari mgr.

Ed. 330. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fram komu í nefndinni nokkrar tillögur um breytingar á frumvarpinu og flytur nefndin sameiginlega brtt. á sérstöku þingskjali. Þar sem ekki varð samkomulag um allar brtt. flytur

2. minni hl. nefndarinnar brtt. þess efnis að sameinað Alþingi kjósi eftir tilnefningu þingflokka sex manna nefnd til að fylgjast með rannsókn þessa máls.

Alþingi, 18. des. 1985.

Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. Ragnar Arnalds. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 331. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá Eiði Guðnasyni, Ragnari Arnalds og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþingismenn samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafa þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins.

Nd. 332. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um Jarðboranir hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Nefndin telur að öll sveitarfélög eigi að njóta sambærilegra kjara í viðskiptum við þetta nýja fyrirtæki, Jarðboranir hf.

49. gr. orkulaga hljóðar svo:

„Við allar jarðboranir dýpri en 10 metra skal halda dagbækur, er gefi upplýsingar um jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig og hvað annað, sem reglugerð ákveður eða Orkustofnun mælir fyrir um að færa í dagbók.

Skylt er að láta Orkustofnun í té afrit af dagbók, þegar hún óskar þess. Hún getur einnig krafist þess, að borkjarnar og berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Ef Orkustofnun mælir svo fyrir, er þeim, sem lætur bora, skylt að tilkynna henni þegar í stað, er heitt vatn eða gufa kemur eða vex í borholu."

Ákvæði 49. gr. orkulaga eru áfram í gildi og gilda gagnvart Jarðborunum hf. með sama hætti og þau gilda nú gagnvart Jarðborunum ríkisins.

Vakin skal athygli á því að ákvæði 49. gr. gilda um skyldur *þess sem lætur bora* og réttur Orkustofnunar til að gefa þessum aðila fyrirmæli er ótvíræður og skerðist ekki.

Orkustofnun hefur ekki húsbóndavald yfir Jarðborunum hf. á sama hátt og Jarðborunum ríkisins en sérstakt lagaákvæði um upplýsingaskyldu Jarðborana hf. mun ekki breyta þessu. Rétt er að vekja athygli á að húsbóndavald Orkustofnunar yfir Jarðborunum ríkisins er nú samkvæmt ráðherrabréfi (sbr. 54 gr. orkulaga) og er því ekki tryggt með lögum. Þar sem lagalegur réttur Orkustofnunar til að krefja Jarðboranir ríkisins um upplýsingar er

eingöngu byggður á 49. gr. orkulaga og engum öðrum ákvæðum laga verður sama lagaskylda í gildi gagnvart Jarðborunum hf.

Einn nefndarmanna, Páll Pétursson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. des. 1985.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Svavar Gestsson.	Halldór Blöndal.

Nd. 333. Lög [119. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 26 1980 og 91/1984.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 132.

Nd. 334. Lög [121. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 258.

Nd. 335. Lög [185. mál]

um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981, um iðnráðgjafa.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 217.

Nd. 336. Lög [150. mál]

um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 259.

Nd. 337. Lög [186. mál]

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 218.

Nd. 338. Lög [175. mál]

um breytingu á lögum nr. 95/1975, um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67 1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 198.

Sþ. 339. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Eiði Guðnasyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Páli Péturssyni og Stefáni Benediktssyni.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 00 201 1.07 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.	
Fyrir „5 343“ kemur	6 080

Sþ. 340. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Helga Seljan, Skúla Alexanderssyni og Steingrími J. Sigfússyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 884 Jöfnun á námskostnaði.	
Fyrir „20 000“ kemur	26 000
2. Við 4. gr. 02 982 Listir, framlög. 1.24 Önnur leiklistarstarfsemi.	
Fyrir „1 750“ kemur	2 000

Ed. 341. Frumvarp til laga [84. mál]

um skráningu skipa.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

Samhljóða þskj. 260 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Skráningarskylt eftir lögum þessum er sérhvert skip sem er 6 metrar á lengd eða stærra, mælt milli stafana, þegar eignarrétti á því er svo háttað sem hér segir:

1. Ef skip er eign íslenska ríkisins, íslensks sveitarfélags eða opinberrar stofnunar.
2. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann vera íslenskur ríkisborgari og eiga heimilisfang á Íslandi.
3. Ef skip er eign félags með ótakmarkaðri ábyrgð, þar á meðal þegar félagsútgerð er á skipi, þá skulu allir félagsmenn vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi.
4. Ef skip er eign skráðs samlagsfélags, þá skulu stjórnendur og þeir félagsmenn, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi og þrír fimmtu hlutar félagseigna hið minnsta vera í eign íslenskra ríkisborgara.
5. Ef skip er eign hlutafélags, þá skal félagið eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi og vera skráð í hlutafélagaskrá. Stjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar, sem heimilisfang eiga á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, hluti í félaginu sem samsvari þremur fimmtu hlutafjár og fari á hluthafafundum með að minnsta kosti þrjá fimmtu hluta allra atkvæða.
6. Ef skip er í eign félags, samtaka eða stofnunar, sem ákvæði 1. og 3.—5. tölul. taka ekki til, þá skal félagið, samtökin eða stofnunin eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi. Sjórnendur skulu allir vera íslenskir ríkisborgarar og eiga heimilisfang á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eiga sjálfstæðan rétt til að fá skip skráð hér á landi, að minnsta kosti þrjá fimmtu af eign félags, samtaka eða stofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að leyfa þegar sérstakar ástæður mæla með því, að kaupskip, sem íslensk útgerð rekur samkvæmt samningi, megi skrá hér á landi, enda þótt skilyrðum þeim um eignarhald, sem um getur í 1. mgr., sé ekki fullnægt.

Skilyrði leyfisveitingar eru:

a. Að útgerð skips hafi lögheimili og varnarþing hér á landi.
b. Að skip uppfylli ákvæði íslenskra laga og reglna um eftirlit með skipum.
c. Að áhöfn skips sé íslensk. Veita má undanþágu frá skilyrðum þessa stafliðar enda liggi fyrir samþykki viðkomandi samtaka sjómanna.
d. Að skip hafi verið fellt af skipaskrá fyrra skráningarlands.
e. Að veðbönd, sem hvíla á skipi þegar skráning þess fer fram hérlendis eða stofnast í því eftir að það er skráð, séu skráð hjá viðkomandi þinglýsingardómurum hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka eða fella niður stimpilgjöld af eignarheimildum og veðskuldabréfum sem þinglýst kann að verða hér á landi vegna skipa sem skráð verða hérlendis skv. 2. og 3. mgr. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd gjaldaívilnana skv. þessari mgr.

Ed. 342. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Verðjöfnunargjald skal nema 16%.

2. gr.

Í stað orðsins „húshitunar“ í 8. gr. laganna komi: rafhitunar eða varmadælna.

3. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 13. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 343. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. des.)

1. gr.

2. málsl. 1. tölul. 10. gr. laganna hljóði svo:
Skal gjaldið nema 735 kr. á hvern gjaldanda.
Í stað „115 500“ í 3. málsl. 1. tölul. 10. gr. komi: 122 058.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 344. Lög [108. mál]

um Jarðboranir hf.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 118.

Sþ. 345. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 4. gr. 02 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir. Nýr liður:	Þús. kr.
1.13 Kvennarannsóknir	1 000

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um staðfestingu samkomulags um loðnuveiðar Norðmanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag milli Íslands og Noregs um loðnuveiðar norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu á árinu 1986. Samkomulagið er prentað hér sem fylgiskjal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 28. maí 1980 var, sem kunnugt er, gert samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál. Fjalla 1. til 8. gr. samkomulagsins um loðnuveiðar, m.a. á Jan Mayen svæðinu. Samkvæmt 5. gr. samkomulagsins er hlutdeild Noregs í heildarafla loðnu 15%. Í 2. mgr. 4. gr. samkomulagsins segir svo:

„Ef í ljós kemur að leyfilegum hámarksafla loðnu á veiðitímabilinu hefur verið breytt með tilliti til þess veiðimagns, sem hlutdeild Noregs í aflanum var byggð á, skal sú hlutdeild breytast til samræmis við það á sama eða næsta veiðitímabili."

Á grundvelli þessa ákvæðis hefur nokkrum sinnum á undanförnum árum komið til leiðréttingar á aflaheimild Norðmanna. Fulltrúar útgerðar og vinnsluaðila hér á landi hafa bent á að æskilegt væri að leiðrétta aflamagn Norðmanna á sömu vertíð, þar sem valdið getur erfiðleikum ef Norðmenn eiga á veiðitímabili, sem leyfilegur heildarafli er með minna móti, mikið jöfnunarmagn óveitt. Til þessa þurfa norsk skip að fá veiðiheimildir innan íslenskrar lögsögu, þar eð loðnan er að jafnaði innan íslenskrar lögsögu á síðari hluta veiðitímabils þegar tillögur um breytingar á heildaraflamagni berast frá fiskifræðingum.

Í byrjun vertíðar 1985—1986 var heildaraflamagn ákveðið 700 000 lestir, sem skiptist þannig vegna leiðréttingar að 192 000 lestir komu í hlut Noregs en 508 000 lestir í hlut Íslands. Í byrjun nóvember bárust tillögur frá fiskifræðingum um aukningu heildaraflamagnsins um 500 000 lestir. Samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum samkomulagsins er hlutur Norðmanna í aukningunni 75 000 lestir. Ef ekki getur orðið úr veiðum Norðmanna á yfirstandandi vertíð kæmi það magn í hlut Noregs á vertíð 1986—1987 auk þess 15% hluta sem þeir fá samkvæmt almennum ákvæðum samkomulagsins.

Af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins var haft samband við norsk stjórnvöld um hugsanlegan áhuga norskra útvegsmanna á því að stunda loðnuveiðar á vetrarvertíð. Norðmenn óskuðu eftir viðræðum sem fram fóru í Reykjavík 12. desember 1985. Árangur af þeim viðræðum er það samkomulag sem hér fylgir. Með vísun til niðurlagsákvæðis samkomulagsins leggur utanríkismálanefnd til að Alþingi heimili staðfestingu þess.

Fylgiskjal.

a. Orðsending sendifulltrúa Noregs til utanríkisráðherra.

Reykjavík, 18. desember 1985.

Herr utenriksminister.

Jeg har den ære å vise til drøftelsene mellom representanter for våre to regjeringer i Reykjavík 12. desember 1985 om en eventuell norsk interesse for ä fiske lodde innenfor Islands fiskerigrense i januar/februar 1986. Drøftelsene fant sted på grunnlag av overens-

komsten av 28. mai 1980 om fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål, især med henblikk på den endring av Norges loddekvote for sesongen 1985—1986 som, ifølge artikkel 4 i overenskomsten, skal gjøres som følge av økningen av den totalt tillate fangst. Jeg kan hermed bekrefte at følgende enighet ble oppnådd:

1. Norske fiskefartøyer gis tillatelse til å fiske inntil 75 000 tonn lodde innenfor Islands 200 n. mils fiskerigrense i tiden 1. januar til 15. februar 1986.

2. Slik tillatelse gis til fartøyer som det islandske fiskeridepartement godkjenner.

3. Det islandske fiskeridepartement skal fastsette regler om de norske fiskefartøyers meldeplikt innenfor Islands sone, herunder om daglig melding om fartøyenes posisjon og fangster.

Dersom Deres regjering er enig i ovenstående, har jeg den ære å foreslå at dette brev og Deres svarbrev skal utgjøre en avtale mellom våre to regjeringer, som trer midlertidig i kraft ved datoen for Deres svarbrev og trer endelig i kraft når de to regjeringer har meddelt hverandre at deres konstitusjonelle krav er oppfylt.

Motta, herr Utenriksminister, forsikringen om min mest utmerkede høyaktelse.

Eystein H. Isaksen
chargé d'Affaires a.i.

Hans Eksellense
Utenriksminister Geir Hallgrímsson
Reykjavík.

b. Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 19. desember 1985.

Herra sendifulltrúi.

Ég leyfi mér að staðfesta móttöku orðsendingar yðar, dags. 18. desember 1985, sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram fóru í Reykjavík 12. desember 1985 milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um hugsanlegan áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í janúar—febrúar 1986. Viðræðurnar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafla 1985—1986 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni. Ég get nú staðfest eftirfarandi samkomulag sem náðist milli fulltrúanna:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða allt að 75 000 lestir loðnu innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1986.

2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.

3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun sitja reglur um tilkynningarskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þ. á m. um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn Íslands lýsir sig samþykka framangreindu legg ég til að orðsending þessi og svar yðar þar um myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra ráðherra, sérstaka virðingu mína."

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendifulltrúi, sérstaka virðingu mína.

Geir Hallgrímsson.

Hr. sendifulltrúi
Eystein H. Isaksen
Norska sendiráðinu
Reykjavík.

Ed. 347. Lög [174. mál]

um breytingu á lögum nr. 110/1984, um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 197.

Ed. 348. Lög [170. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 190.

Ed. 349. Lög [169. mál]

um breyting á lögum nr. 123 31. desember 1984, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Ed. 350. Lög [134. mál]

um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 148.

Ed. 351. Frumvarp til laga [194. mál]

um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í nefnd sem skal kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., sbr. 2. gr. laga þessara.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja nefndarmanna skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila. Í því skyni skal nefndin m. a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar beinist enn fremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m. a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Nefndin skal hafa aðgang að gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 352. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Röð greina breytist þannig að 4. gr. verði 5. gr. en 5. gr. verði 4. gr.

Nd. 353. Frumvarp til laga [194. mál]

um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

(Eftir 3. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í nefnd sem skal kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf., sbr. 2. gr. laga þessara.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja nefndarmanna skuli vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. á undanförnum árum eða í viðskiptum Hafskips hf. við aðra aðila. Í því skyni skal nefndin m. a. athuga hvort lánafyrirgreiðsla bankans til fyrirtækisins hafi verið í eðlilegu samræmi við starfsumfang fyrirtækisins, eiginfjárstöðu þess og tryggingar fyrir skuldum. Könnun nefndarinnar beinist enn fremur að öðrum viðskiptalegum þáttum málsins sem henni þykja þurfa athugunar við, þó ekki þeim atriðum sem unnin eru af opinberum rannsóknaraðilum lögum samkvæmt.

3. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur, aflar nauðsynlegra gagna og er henni heimilt í samráði við skiptaráðanda að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum og opinberum aðilum, m. a. starfsmönnum Útvegsbanka Íslands. Nefndin skal hafa aðgang að

gögnum Hafskips hf. eftir því sem skiptaráðanda þykir fært vegna annarra rannsóknarhagsmuna.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á.

4. gr.

Rannsóknarnefndin skal hraða störfum sínum og skila skýrslu til viðskiptaráðherra sem gerir Alþingi grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 354. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

(Eftir 2 umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

3. Þegar úrskurður er genginn, skal skiptaráðandi auglýsa gjaldþrotaskiptin í Lögbirtingablaði, sbr. og 86. gr. Þar skal birta auglýsinguna tvívegis. Að auki getur skiptaráðandi, ef sérstaklega stendur á, auglýst skiptin með öðrum hætti eða tilkynnt þau. Í auglýsingu skal vera innköllun til skuldheimtumanna og þeirra, sem gera vilja tilkall til eigna úr búinu (proclama), og tilgreindur kröfulýsingarfrestur, 2 mánuðir frá fyrri birtingu í Lögbirtingablaði. Skiptaráðandi getur þó ákveðið, ef sérstaklega stendur á, að kröfulýsingarfrestur verði allt að 6 mánuðir. Að jafnaði skal einnig tilgreint með auglýsingu innköllunar hvenær og hvar fyrsti skiptafundur verður haldinn.

2. gr.

Við 79. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

2. Skiptaráðandi getur krafið lánardrottna þrotamanns, svo og þá, sem hann hefur átt viðskipti við, um hverjar þær upplýsingar sem máli skipta við meðferð búsins. Getur hann einnig krafið þá um skjöl eða önnur gögn sem samskipti þeirra varða.

3. Skylt er stjórnvöldum, þ. m. t. skattyfirvöldum og bankastofnunum, að láta skiptaráðanda í té gögn sem hann telur ástæðu til að krefjast vegna athugana á fjárreiðum þrotamanns og orsökum gjaldþrotsins.

4. Réttur skiptaráðanda til að krefjast upplýsinga samkvæmt þessari grein er háður sams konar takmörkunum og greinir í XII. kafla laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

3. gr.

84. gr. laganna orðast svo:

Reglur fyrri greina þessa kafla um þrotamann gilda um stjórnarmenn, endurskoðendur, framkvæmdastjóra og deildarstjóra félaga og stofnana, svo og um menn, sem áður gegndu störfum þeirra. Skiptaráðandi getur ákveðið, að þeim skuli beita um þá sem eru nákomnir félagi eða stofnun, svo og þá sem skyldir eru til að veita upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. 79. gr.

4. gr.

Á eftir 139. gr. laganna kemur ný grein, 139. gr. a, svohljóðandi:

Samkvæmt ákvörðun forstöðumanns dómaraembættis, sbr. lög nr. 74 27. apríl 1972, geta tveir eða fleiri dómarar farið sameiginlega með skipti þrotabús. Skal forstöðumaður ákveða hvernig þeir skipta með sér verkum, bæði hvað varðar framkvæmd búskipta og dómstörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka þau eftir því sem við getur átt til þrotabúa sem tekin hafa verið til skipta fyrir gildistöku þeirra.

Nd. 355. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

18. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 125 000 þús. kr. á árinu 1986.

Sþ. 356. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Guðrúnu Helgadóttur.

Við 4. gr. 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	Þús. kr.
Fyrir „80 000“ kemur	125 000

Sþ. 357. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Þús. kr.

I. Frá *Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.*

1. Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.
   Fyrir „40 000“ kemur 128 000
2. Við 4. gr. 02 982 Listir, framlög.
   Fyrir „61 368“ kemur 122 736

II. Frá *Guðrúnu Agnarsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.*

1. Við 4. gr. 02 233 Rannsóknasjóður.
   Fyrir „50 000“ kemur 150 000
2. Við 4. gr. 07 999 1.40 Kvennaathvarf í Reykjavík.
   Fyrir „2 034“ kemur 3 260
3. Við 4. gr. 08 399 1.31 Krabbameinsfélag Íslands.
   Fyrir „15 000“ kemur 25 000

III. Frá *Kristínu Halldórsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.*

Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.
Fyrir „750 000“ kemur 1 000 000

Nd. 358. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um sérstakan barnabótaauka.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í afgreiðslu málsins og er henni samþykk.

Alþingi, 18. des. 1985.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Halldór Blöndal.
Svavar Gestsson.	Stefán Valgeirsson.	Ólafur G. Einarsson.
	Jón Baldvin Hannibalsson.	

Nd. 359. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Ríkisstjórnin vill knýja fram afgreiðslu á lánsfjárlögum fyrir árið 1986 enda þótt flestar forsendur þeirra séu óljósar og málið í heild ótækt til afgreiðslu nú fyrir áramót. Af þeim ástæðum lagðist 1. minni hl. nefndarinnar gegn afgreiðslu málsins út úr nefnd enda fékk nefndin aðeins tvo daga til að fjalla um málið. Leggur 1. minni hl. til að deildin vísi málinu frá með rökstuddri dagskrá.

Verður nú vikið að fáeinum atriðum frumvarpsins:

1. Aðalgrein frumvarpsins um erlendar lántökur var ekki frágengin þegar meiri hl. ákvað að taka málið út úr nefnd þar sem forsendur fjárlagafrumvarpsins lágu ekki fyrir. Þegar málið var tekið út úr nefnd lá fyrir að mati meiri hl. að það vantaði 200–300 milljónir króna í erlendar lántökur samkvæmt greininni! Þá er gert ráð fyrir því að hækka töluna yfir innlendar lántökur um 250 millj. kr. án þess að því fylgi ýkjatrúverðugur rökstuðningur.
2. Í 3. gr. er gert ráð fyrir því að strekkjast enn við að heimila 200 millj. kr. lántöku vegna hugsanlegra samninga um stækkun álversins. Hefur komið fram að stjórnarmeirihlutinn bindur helst vonir við kínverskt fyrirtæki í þeim efnum. Allt er málið þó óljóst og bersýnilegt að óþarfi er að taka þessa málsgrein inn í frumvarpið. Skal minnt á að sams konar málsgrein var inni í lögunum s.l.vor og meiri hl. heimtaði greinina inn enda þótt fyrir lægi að heimildin yrði ekki notuð á þessu ári.
3. Óljós eru fjármál raforkufyrirtækjanna samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið. Mun ríkisstjórnin þegar hafa tekið ákvarðanir um verðskrár fyrirtækjanna á næsta ári án þess að tekið hafi verið mið af lánsheimildum Orkubúsins og RARIK. Er þar allt óskýrt.
4. Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um þróunarfélagið. Formaður stjórnar þess, Davíð Scheving Thorsteinsson, skýrði frá því á fundi nefndarinnar að hann hefði tekið að sér formennsku í stjórninni í trausti þess að félagið hefði 450 milljónir kr. til ráðstöfunar á næsta ári. Í ljós kemur að fjárheimild handa félaginu er mun lægri og kom fram í máli formannsins að hann telur vafasamt að félaginu takist að standa við verkefni sín á næsta ári. Einnig kom fram að engin heildarútlánastefna hefur verið mótuð fyrir félagið.
5. Stöðug vandamál komu upp hjá meiri hlutanum í sambandi við málefni hitaveitnanna þar sem um er að ræða milljarðaskuldir. Tóku þessar tölur því breytingum í neðri deild eftir verulegar breytingar í fyrri deild.
6. Harðar deilur standa milli stjórnarflokkanna um það hvar á að vista 200 millj. kr. vegna skipaviðgerða á næsta ári. Það mál er enn óútkljáð þegar 2. umr. fer fram í neðri deild.
7. Fram kom í nefndinni algjört stefnuleysi varðandi fiskeldismál og er þeim, sem áhuga hafa nú, vísað á marga sjóði auk þróunarfélagsins. Bendir allt til þess að tilviljunarkennd vinnubrögð og stefnuleysi geti stofnað þessari nýju atvinnugrein í hættu ef svo heldur fram sem horfir.

8. Í II. kafla frumvarpsins er kveðið á um skerðingu á einstökum sjóðum og verkefnum. Alvarlegasta skerðingin er á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Byggist frumvarpsgreinin á því að sjóðurinn verði skertur um 400 millj. kr. eða að lán til námsmanna verði skert um 30% á næsta ári. Verði lánareglum ekki breytt á fyrri hluta ársins vegna þess að lánsloforð hafa verið send út fyrir aprílúthlutun **verður ekkert eftir í sjóðnum eftir mitt ár.**
9. Það kom fram á fundi nefndarinnar að niðurskurður framlaga til Kvikmyndasjóðs mun valda verulegum vandræðum hjá hópi kvikmyndagerðarmanna. Bætist það við óvissuna sem ríkti á þessu ári. Þessi stefna ríkisstjórnarinnar er að vísu aðeins hluti af mennta- og menningarstefnu hennar þar sem framlög til lista hafa aldrei verið lægri en nú um langt árabil — eða um það bil 0,37% fjárlaga að því er Sveinn Einarsson upplýsti á fundi fjárhags- og viðskiptanefndar.
10. Það kom fram á fundi nefndarinnar að Fiskveiðasjóður neitar að taka við skipaviðgerðum inn á verkefnaskrá sína. Er það mál sem fyrr segir óleyst við 2. umr. um frumvarpið.
11. Bent skal á þá skerðingu sem Framkvæmdasjóður fatlaðra verður fyrir. Kom Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri á fund nefndarinnar og gerði grein fyrir verkefnum sjóðsins og tilfinnanlegum niðurskurði á framlögum til hans. Verður gerð nánari grein fyrir þessum niðurskurði og verkefnum Framkvæmdasjóðsins í framsöguræðu.
12. Ljóst er að iðnaðurinn á við vaxandi vandamál að stríða, gagnstætt því sem haldið hefur verið fram. Þannig upplýstu forráðamenn Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs að vanskil við sjóðina hefðu aukist talsvert á þessu ári.
13. Í frumvarpi til lánsfjárlaga heldur ríkisstjórnin uppteknum hætti og skerðir framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Er þetta í annað sinn sem sjóðurinn er skertur. Er það athyglisvert með tilliti til þess að ríkisstjórnin hefur í orði kveðnu viljað styrkja fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaganna. Verkin sýna annað.
14. Í III. kafla frumvarpsins eru ýmsar heimildir. Þar er m.a. gert ráð fyrir því að raðsmíðaskipin verði leyst úr slipp. Mjög óljóst er hve mikla fjármuni það kostar og eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar í þeim efnum fráleit og hafa þegar bakað ríkissjóði verulegt tjón.
15. Á síðasta fundi nefndarinnar var ákveðið að fella niður framlög til afleysingaþjónustu í sveitum en vísa málinu á Stofnlánadeild, með öðrum orðum á bændur sjálfa. Þó kom fram hjá meiri hl. að gert er ráð fyrir að velta kostnaðinum af þessu yfir á neytendur í formi hækkaðs vöruverðs.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur atriði sem sýna að frumvarp til lánsfjárlaga er ótækt til afgreiðslu. Þess vegna gerir minni hl. tillögu um svonefnda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Þar sem frumvarpið er illa undirbúið, allar forsendur þess óljósar, auk þess sem víða er harkalega vegið að undirstöðuþáttum velferðar- og menningarsamfélags á Íslandi samþykkir deildin að vísa málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir hefur áheyrnaraðild að nefndinni og stendur að nefndaráliti þessu.

Alþingi, 18. des. 1985.

Guðmundur Einarsson, fundaskr.

Svavar Gestsson, frsm.

Fylgiskjal I.

SEDLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild 16. des. 1985

SAMANBURÐUR Á LANSFJÁRLÖGUM OG ERLENDUM LÁNTÖKUM 1985

(í millj. kr. á áætluðu meðalgengi ársins)

Lánnotendur	Lánsfjár- áætlun	lög	Erlendar lántökur 1985 jan.-nóv.	desember	samtals
OPINBERIR AÐILAR	4.412	4.259	8.320	-1.151	7.169
A- og B- hluti (1)	2.519	2.593	4.935	-1.202	3.733
Ríkisfyrirtæki(2)	1.740	1.340	2.937	0	2.937
Þ. a. Landsvirkjun	1.200	1.036	2.836	0	2.836
Sveitarfélög	153	326	448	51	499
Þ. a. hitaveitur	153	326	415	50	465
LÁNASTOFNANIR	992	1.262	618	1.327	1.945
Framkvæmdasjóður	942	1.092	456	1.327	1.783
Aðrar lánastofnanir	50	170	162	0	162
ATVINNUFYRIRTÆKI	1.896	1.675	1.991	399	2.390
Steinullarverksmiðjan(2)	60	75	215	0	215
Skip og flugvélar			506	75	581
Fiskiskip			0	0	0
Innlend skipasmíði			0	0	0
Endurbætur			149	75	224
Önnur skip			202	0	202
Flugvélar			155	0	155
Vélar og tæki			700	167	867
Ýmislegt			570	157	727
ERLEND LÁN, alls	7.300	7.196	10.929	575	11.504
Erlend skammtímalán:(3)		-326	-256	0	-256
hitaveitur		-326	-240		-240
innlend skipasmíði			-16		-16
Óráðstöfuð lán:(4)			-1.494	644	-850
ríkissjóðs			-870	1244	374
Landsvirkjun			-1.824	0	-1.824
Framkvæmdasjóðs			1.200	-600	600
LEIÐRÉTT ÚTKOMA		6.870	9.179	1.219	10.398

(1) Lántökur ríkissjóðs í jan.-nóv. 1985 er ekki skipt á endanlega notendur.

(2) Steinullarverksmiðjan er talin til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs í lánsfjáráætlun 1985.

(3) Fyrirrennarar langtímalana.

(4) Á gjaldeyrisreikningi í Seðlabanka og erlendis.

Fylgiskjal II.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.



Fylgiskjal III.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.



Fylgiskjal IV.

FJÁRLAGABEIÐNI LÍN FYRIR 1986

1.	Launagjöld	17.434
2.	Rekstrargjöld	13.953
3.	Fjármagnskostnaður	149.404
4.	Yfirfærslur	62.790
5.	GJÖLD SAMTALS	243.581
6.	Fjármunatekjur	58.317
7.	Framlög ríkissjóðs	1.924.362
8.	TEKJUR SAMTALS	1.982.679
9.	MISMUNUR	1.739.098

Fjármunahreyfingar út :

10.	Veitt lán	1.657.393
11.	Afborgun lána	106.502
12.	Fjárfestingar	1.444
	SAMTALS	1.765.339

Fjármunahreyfingar inn :

13.	Innh. afborganir	26.241
14.	Tekin lán	0
15.	Ráðstöfun eigin fjár	1.739.098
	SAMTALS	1.765.339

LÁNASJÓÐUR ÍSL. NÁMSMANNA SV 12.12.85

FJÁRHAGSÁÆTLUN LÁNASJÓÐS ÍSLENSKRA NÁMSMANNA
Á MEÐALVERÐLAGI 1986 - ALLAR UPPH. Í ÞÚS. KR.

	Fjárþörf 1986 á meðal-verðlagi 1986	Hlutfalls-skipting 1986	Fjárlagafrv. á verðlagi 1.jan 1986	Fjárlfrv. hlutfall af fjárþörf LÍN	Fjárvöntun á verðlagi 1986
ÚT :					
Rekstur skrifst.	31.387	1,56%	8.000	25,49%	23.387
Fjárfest	1.444	0,07%	0	0,00%	1.444
Afb.og vextir	255.906	12,74%	197.920	77,34%	57.986
Ferðastyrkir	62.790	3,13%	50.765	80,85%	12.025
Veitt lán	1.657.393	82,50%	923.825	55,74%	733.568
alls	2.008.920	100,00%	1.180.510	58,76%	828.410
INN :					
Í sjóði					
Fjárm.tekjur	84.558	4,21%	80.510	95,21%	4.048
Framlög + lántökur	1.924.362	95,79%	1.100.000	57,16%	824.362
alls	2.008.920	100,00%	1.180.510	58,76%	828.410
Framlag	1.924.362		750.000	38,97%	1.174.362
Lántökur	0		350.000		-350.000

Í þessum tölum er ekki reiknað með að haustaðstoð til
1. árs nema (164 mkr.) sé greidd út fyrr en í janúar 1987.

LÁNASJÓÐUR ÍSL. NÁMSMANNA SV 02.12.85

ÁÆTLAÐAR LÁNVEITINGAR 1986

	VORLÁN 85	GENGISBR.	+ GENGI	LÁN+GENGI	VERÐBR	+VERÐLAG	LÁN+GE+VE	FJÖLGUN	+ FJÖLGUN	VORLÁN 1986
DANMÖRK	89.575	28,66%	25.668	115.243	5,80%	6.684	121.927			
NOREGUR	23.949	25,87%	6.195	30.144	5,50%	1.658	31.802			
SVÍÞJÓÐ	21.258	24,02%	5.105	26.363	7,70%	2.030	28.393			
BANDAR.	160.960	6,21%	9.996	170.956	3,70%	6.325	177.281			
KANADA	6.603	1,57%	103	6.706	3,90%	262	6.968			
BRETLAND	22.730	31,65%	7.193	29.923	6,90%	2.065	31.988			
FRAKKL.	6.772	32,69%	2.214	8.986	6,50%	584	9.570			
V-ÞÝSKAL.	16.168	32,47%	5.250	21.418	2,50%	535	21.954			
Samt.*	348.015	17,74%	61.725	409.740	4,92%	20.143	429.883			
ÖNNUR L.	13.801	29,85%	4.120	17.921	5,80%	1.039	18.960			
ERL.ALLS	361.816	18,20%	65.845	427.661	4,95%	21.183	448.843	10,00%	44.884	493.727
ÍSLAND	381.920	0,00%	0	381.920	31,60%	120.687	502.607	23,20%	116.605	619.211
VORLÁN	743.736	8,85%	65.845	809.581	17,52%	141.869	951.450	16,97%	161.489	1.112.939

	HAUSTL. 85	GENGISBR.	+ GENGI	LÁN+GENGI	VERÐL.	+ VERÐLAG	LÁN+GE+VE	FJÖLGUN	+ FJÖLGUN	HAUSTLÁN 86
DANMÖRK	44.341	30,60%	13.570	57.911	5,80%	3.359	61.269			
NOREGUR	12.630	27,81%	3.512	16.142	5,50%	888	17.030			
SVÍÞJÓÐ	11.066	27,62%	3.056	14.122	7,70%	1.087	15.210			
BANDAR.	82.862	22,41%	18.567	101.429	3,70%	3.753	105.182			
KANADA	2.973	21,99%	654	3.627	3,90%	141	3.768			
BRETLAND	16.764	26,93%	4.514	21.278	6,90%	1.468	22.746			
FRAKKL.	3.749	35,89%	1.345	5.094	6,50%	331	5.426			
V-ÞÝSKAL.	7.435	36,19%	2.691	10.126	2,50%	253	10.379			
Samt.	181.820	26,35%	47.908	229.728	4,91%	11.281	241.009			
ÖNNUR L.	5.978	28,13%	1.682	7.660	5,80%	444	8.104			
ERL.ALLS	187.798	26,41%	49.590	237.388	4,94%	11.725	249.113	10,00%	24.911	274.024
ÍSLAND	166.795	0,00%	0	166.795	31,60%	52.707	219.502	23,20%	50.925	270.427
HAUSTLÁN	354.593	13,99%	49.590	404.183	15,94%	64.432	468.615	16,18%	75.836	544.451
SAMTALS	1.098.329	10,51%	115.435	1.213.764	17,00%	206.302	1.420.065	16,71%	237.325	1.657.390

LÁNASJÓÐUR ÍSL.NÁMSMANNA SV 02.12.85

ÁÆTLUÐ GENGISÞRÓUN 1985-86

	JAN. 1985	APRÍL 1985	JAN. 1986	APRÍL 1986	JAN 85-86	APRÍL 85-86	MEÐT. VOR
DANMÖRK	3,607	3,703	4,579	4,859	26,95%	31,22%	28,66%
NOREGUR	4,459	4,618	5,564	5,888	24,78%	27,50%	25,87%
SVÍÞJÓÐ	4,517	4,609	5,52	5,841	22,21%	26,73%	24,02%
BANDAR.	40,91	41,84	42,98	45,16	5,06%	7,93%	6,21%
KANADA	30,94	30,63	31,034	31,69	0,30%	3,46%	1,57%
BRETLAND	46,74	50,48	62,078	65,569	32,82%	29,89%	31,65%
FRAKKL.	4,205	4,355	5,502	5,899	30,84%	35,45%	32,69%
V-ÞÝSKAL.	12,87	13,28	16,783	18,005	30,40%	35,58%	32,47%
Samt.							17,74%
ÖNNUR L.							29,85%
ERL.ALLS							18,20%
ÍSLAND							0,00%
SAMT.VOR							8,85%

GENGI :	SEPT 1985	NÓV 1985	SEPT 1986	NÓV 1986	SEPT 85-86	NÓV 85-86	MT.HAUST
DANMÖRK	3,992	4,401	5,365	5,581	34,39%	26,81%	30,60%
NOREGUR	4,965	5,359	6,468	6,717	30,27%	25,34%	27,81%
SVÍÞJÓÐ	4,94	5,316	6,417	6,663	29,90%	25,34%	27,62%
BANDAR.	42,57	41,943	51,254	52,183	20,40%	24,41%	22,41%
KANADA	31,038	30,604	37,145	38,041	19,68%	24,30%	21,99%
BRETLAND	55,511	59,855	71,827	74,495	29,39%	24,46%	26,93%
FRAKKL.	4,745	5,253	6,626	6,941	39,64%	32,13%	35,89%
V-ÞÝSKAL.	14,466	16,015	20,242	21,213	39,93%	32,46%	36,19%
Samt.							26,35%
ÖNNUR L.							28,13%
ERL.ALLS							26,41%
ÍSLAND							0,00%
SAMT.HAUST							13,99%
SAMTALS							10,51%

NÚMER LÁNS	1. AFB.	GJD.		VXT.	UPPH.	Á. AFB.	X	VIS./G. 86-1	VIS./G. F. AFB. 86-2		EFTIRST. F. AFB. 86-1	EFTIRST. F. AFB. 86-2	UPPR. EFTST. F. AFB. -1	UPPR. EFTST. F. AFB. 86-2	AFBORG. M. VÍS. 86-1	AFBORG. M. VÍS. 86-2	VEXTIR M. VÍS. 86-1	VEXTIR M. VÍS. 86-2	BANKAK.	ALLS
02-79-345	1980	1.feb.		4	7.000	350	B	326	3.850		4.900		57.868		4.133		2.315			6.448
02-79-347	1980	1.mars		5	4.000	222	B	298	3.850		2.667		34.452		2.871		1.723			4.594
02-79-360	1980	1.mars		5	4.275	238	B	298	3.850		2.850		36.820		3.088		1.841			4.909
02-79-1001	1979	1.des.		5	5.000	333	B	252	5.105		2.667		54.021		6.753		2.701			9.454
02-80-361	1981	1.mars		5	5.000	278	B	398	3.850		3.611		34.932		2.687		1.747			4.434
	1981	1.mars		5	3.910	217	B	398	3.850		2.824		27.317		2.101		1.366			3.467
	1981	1.mars		5	3.090	172	B	398	3.850		2.232		21.588		1.661		1.079			2.740
02-81-377	1982	1.júní		4	20.000	1.053	L	232	1.555		15.789		105.830		7.055		4.233			11.289
02-81-377	1982	1.júní		4	13.000	684	L	282	1.555		10.263		68.593		3.773		2.264			6.037
B-02-82-01	1982	31.ág.		3,5	15.000	1.000	L	304	1.640		11.000		59.342		5.395		2.077			7.472
B-02-82-02	1983	15.júní	15.des.	3,5	10.000	667	L	323	1.555	1.820	8.000	8.333	38.514	46.956	1.605	1.878	674	822		4.979
B-02-82-07	1983	1.mai		4	15.000	750	L	313	1.525		12.750		62.121		1.827		2.485			4.312
B-02-82-08	1983	15.júní	15.des.	3,75	10.000	667	L	313	1.555	1.820	8.000	8.333	39.744	48.456	1.656	1.938	745	909		5.248
B-02-82-14	1983	15.júní	15.des.	3,75	15.100	1.007	L	471	1.555	1.820	12.080	12.583	39.882	48.623	1.662	1.945	748	912		5.266
B-02-83-05	1984	1.okt.		4	26.000	1.300	L	537	1.720		23.400		74.950		2.082		2.998			5.080
	1984	1.okt.		4	25.000	1.250	L	569	1.720		22.500		68.014		1.889		2.721			4.610
	1984	1.okt.		4	15.000	750	L	537	1.720		13.500		43.240		1.201		1.730			2.931
B-02-83-06	1984	15.júní	15.des.	3,75	15.000	1.000	L	537	1.555	1.820	13.000	13.500	37.644	45.754	1.448	1.695	706	858		4.706
	1984	15.júní	15.des.	3,75	8.000	533	L	606	1.555	1.820	6.933	7.200	17.791	21.624	684	801	334	405		2.224
	1984	15.júní	15.des.	3,75	8.000	533	L	606	1.555	1.820	6.933	7.200	17.791	21.624	684	801	334	405		2.224
	1984	15.júní	15.des.	3,75	5.000	333	L	569	1.555	1.820	4.333	4.500	11.842	14.394	455	533	222	270		1.481
02-83-07	1984	1.des.		3,75	20.000	1.000	L	569	1.820		18.000		57.575		1.599		2.159			3.758
	1984	1.des.		3,75	4.000	200	L	606	1.820		3.600		10.812		300		405			706
	1984	1.des.		3,75	12.000	600	L	606	1.820		10.800		32.436		901		1.216			2.117
15-84-02	1989	7.júní	7.des.	8,75	20.000	2.000	JPY	0,129	0,217	0,259	20.000	20.000	33.643	40.155	0	0	1.474	1.759	32	3.266
15-84-04	1989	7.júní	7.des.	8,75	100.000	10.000	JPY	0,13	0,217	0,259	100.000	100.000	167.309	199.692	0	0	7.331	8.750	161	16.241
15-84-09	1989	7.juni	7.des.	8,75	50.000	5.000	JPY	0,129	0,217	0,259	50.000	50.000	83.894	100.131	0	0	3.676	4.387	81	8.144
15-84-18	1989	7.juni	7.des.	8,75	30.000	3.000	JPY	0,128	0,217	0,259	30.000	30.000	50.963	60.827	0	0	2.233	2.665	49	4.947
B-03-84-05	1985	15.júní	15.des.	10,2	3.999	421	USD	32,08	48,32	56,96	3.578	3.788	5.389	6.352	317	374	275	324	13	1.302
B-03-84-06	1985	15.júní	15.des.	10,2	12.661	1.333	USD	33,4	48,32	56,96	11.328	11.994	16.368	19.319	964	1.136	836	984	39	3.960
B-03-84-07	1985	15.júní	15.des.	10,2	23.955	2.522	USD	33,81	48,32	56,96	21.433	22.694	30.632	36.109	1.802	2.124	1.563	1.839	73	7.401
B-03-84-18	1985	15.júní	15.des.	10,2	19.601	2.063	USD	40,01	48,32	56,96	17.538	18.569	21.180	24.967	1.246	1.469	1.080	1.272	51	5.118
B-03-85-02	1986	15.júní	15.des.	10,2	80.000	9.412	USD	40,92	48,32	56,96	80.000	75.294	94.467	111.359	5.557	6.551	4.819	5.672	226	22.825
B-03-85-04	1986	15.júní	15.des.	10,2	55.000	6.471	USD	42	48,32	56,96	55.000	51.765	63.276	74.590	3.722	4.388	3.228	3.799	151	15.289
B-03-85-07	1986	15.júní	15.des.	10,2	65.000	7.647	USD	41,2	48,32	56,96	65.000	61.176	76.233	89.864	4.484	5.286	3.889	4.577	182	18.419
B-03-85-12	1987	11.jan.	11.júli	10,2	36.000	3.273	USD	41,09	43,55	50,07	36.000	36.000	38.155	43.868	0	0	1.946	2.235	42	4.223
B-03-85-23	1987	11.jan.	11.júli	10,2	70.000	6.364	USD	41,43	43,55	50,07	70.000	70.000	73.582	84.598	0	0	3.754	4.309	81	8.144
Ótekið 1985	1987	11.jan.	11.júli	10,2	34.000	3.091	USD	41,43	43,55	50,07	34.000	34.000	35.740	41.091	0	0	1.825	2.098	39	3.960
Lán 1986	1987				350.000						350.000						11.684		10.500	22.184
SAMTALS															75.584	30.918	88.434	49.249	11.720	255.906

Áætlanir um vísitölur og gengi miðast við u.þ.b. 36-40 % hækkun innlendra vísitalna, og u.þ.b. 30 % hækkun á erl. gengi. Ath. að spáð er óbreyttri bráun USD.

VEXTIR OG BANKAKOSTN. : 149.404

10.des. 1985-GS INNHEIMTA NÁNSLÁNA

	ÁRIÐ 1985				ÁRIÐ 1986		
	AFB.	VXT.T.	ALLS	Mán.-%	AFB.	VXT.T.	ALLS
JANÚAR	780	1.375	2.155	3,14%	858	1.788	2.646
FEBRÚAR	784	1.190	1.974	2,87%	862	1.547	2.409
MARS	790	639	1.429	2,08%	869	831	1.700
APRÍL	539	273	812	1,18%	593	355	948
MAÍ	443	1.103	1.546	2,25%	488	1.434	1.922
JÚNÍ	1.229	870	2.099	3,05%	1.352	1.130	2.483
JÚLÍ	1.878	2.615	4.492	6,54%	2.065	3.399	5.464
ÁGÚST	6.400	15.588	21.988	32,00%	7.040	20.264	27.304
SEPTEMBER	1.853	2.880	4.733	6,89%	2.038	3.744	5.782
OKTÓBER	1.902	3.788	5.690	8,28%	2.092	4.925	7.017
NÓVEMBER	2.748	4.838	7.586	11,04%	3.023	6.290	9.313
DESEMBER	4.510	9.700	14.210	20,68%	4.961	12.610	17.571
SAMTALS	23.855,5	44.859,2	68.714,7	100,00%	26.241	58.317	84.558

16.12.85-G3 STARFSMANNAHALD LÍN 1986

NÖFN	STARFHEITI	LFL.	ST.G.	FÖST LAUN v.nóv.85	FÖST LAUN v.1986	YFIRV. v.1986	ALLS v.1986
Sigurjón Valdimarsson	framkv.stj.	143-8	1,0	578	636	318	954
Magnús Guðmundsson	fulltr.frkv.	139-4	0,5	215	237	118	355
Ingibjörg Ólafsdóttir	fulltrúi	063-8	1,0	398	437	219	656
Gunnar Karlsson	deildarstj.	070-6	1,0	448	493	246	739
Valdimar Fr.Valdimars.	deildarstj.	070-6	1,0	448	493	246	739
Dan Gunnar Hansson	sérfræð.	065-4	1,0	354	389	195	584
Per Roald Landrö	sérfræð.	137-6	1,0	443	488	244	731
Jóhanna Gunnarsdóttir	fulltrúi	060-3	0,5	146	161	80	241
Guðmundur Sæmundss.	sérfræð.	139-5	1,0	450	495	247	742
Pétur Þórarinsson	sérfræð.	136-2	1,0	361	397	198	595
Steinunn Marinósdóttir	ritari	060-5	1,0	319	351	175	526
Gísli Fannberg	sérfræð.	136-4	1,0	394	433	217	650
Steingrímur Steinþórss.	sérfræð.	136-5	1,0	412	453	226	679
Frosti Jóhannsson	sérfræð.	136-4	0,5	394	433	217	650
Edda Kristjánsdóttir	sérfræð.	136-2	1,0	361	397	198	595
Margrét Billhardt	sérfræð.	063-8	1,0	398	437	219	656
Guðmundur Helgason	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Helgi Loftsson	fulltrúi	063-2	1,0	305	336	168	504
Sigríður B. Árnadóttir	fulltrúi	060-3	1,0	292	321	161	482
Guðrún E. Ásgrímsd.	fulltrúi	060-5	1,0	319	351	175	526
Þorsteinn Þorsteinsson	fulltrúi	060-4	1,0	305	336	168	503
Magnea Magnúsdóttir	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Drífa Guðjónsdóttir	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Hildur I. Björnsdóttir	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Hjalti Guðmundsson	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Rafn Gíslason	fulltrúi	060-2	1,0	279	307	154	461
Rannsóknir	rannsóknir						521
Ræsting							173
Sumarafleysingar							200
Aukafólk á álagstímum							410
Stjórnarlaun							495
LAUN SAMTALS				9.015	9.916	4.958	16.672
Lífeyrissjóðsframlag							595
Launask. og trygg.gj.							167
LAUNAKOSTNAÐUR ALLS							17.434

(Reiknað er með að meðallaun ársins 1986 verði 10 % hærri en desemberlaun 1985. Þá er reiknað með að yfirvinna verði 50 % hjá sjóðnum í heild og er því hlutfalli dreift jafnt á alla starfsmenn í þessu yfirliti, þótt sjálfsagt verði hún ójöfn, þegar á reynir.)

Fylgiskjal V.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild
25. sept. 1985

GREIÐSLUYFIRLIT LÍFEYRISSJÓÐA 1981—1986

Bráðabirgðatölur 1981—1984, áætlun 1985—1986.
Áætlun 1986 á verðlagi í lok 1985.
Framfærsluvísitala = 154,3.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Eigið framlag	476	705	1270	1582	2300	2752
Afborganir	109	204	374	634	0	0
Afborganir og vextir	0	0	0	0	2500	3010
Vextir	393	545	946	1069	0	0
Kostnaður o.fl.	−26	−44	−50	−121	−200	−258
Iðgjöld nettó	487	720	1157	1331	1654	1678
Innkomin iðgjöld	808	1229	2028	2535	3438	3884
Lífeyrir	−320	−507	−868	−1194	−1784	−2205
Endurgreidd iðgjöld	−1	−2	−3	−10	0	0
Samtals ráðstöfunarfé	**963**	**1425**	**2427**	**2913**	**3954**	**4430**
Útlán	887	1299	2088	3150	0	0
Þar af til sjóða	343	474	873	967	0	0
Innstæðu- og sjóðsbr.	79	121	332	−238	0	0

Fylgiskjal VI.

SPARISKÍRTEINI

1985	Innkomin sala 30. nóv. 1985 M.kr.	Nafnvextir
Hefðbundin spariskírteini	1233,1*	7 %
Vaxtamiðaskírteini	11,9	6,7%
18 mánaða skírteini	75,1	5 %
SDR skírteini	40,7	9 %
	1360,8	

* Á tímabilinu 29. okt. til 15. nóv. voru um 300 m.kr. af hefðbundnum spariskírteinum seldar á genginu 94—97, sem gefur 9,23% eða 8,09% ávöxtun umfram verðtryggingu miðað við 3ja ára binditíma. Sala til lífeyrissjóða er ekki meðtalin í þessari tölu.

Lífeyrissjóðir.	(M.kr.) Jan.—nóv.	Nafnvextir
Kaup á hefðbundnum skírteinum	354,3*	7%
Önnur verðbréf, lánstími 10 ár	718,6	6%
Samtals	1072,9	

* Á tímabilinu 20. okt. til 15. nóv. keyptu lífeyrissjóðir spariskírteini fyrir um 73,4 m.kr. á genginu 94—97.

Fylgiskjal VII.

SEDLABANKI ISLANDS
Greiðslujafnaðardeild
26. sept. 1985

I. LÖNG ERLEND LÁN 1984

Í millj. kr.	Meðalgengi 1984 (VLF = 81.566)				
	Hreyfing á árinu 1984			Staða	Í % af
Lánnotendur	lántökur	afborg.	nettó	í árlok	VLF
Opinberir aðilar	4.097	1.433	2.664	28.355	34,8
Lánastofnanir	1.982	605	1.377	6.588	8,1
Atvinnufyrirtæki	1.434	2.241	-807	7.623	9,3
Erlend lán, alls	7.513	4.279	3.234	42.566	52,2

II. LÖNG ERLEND LÁN 1985

Í millj. kr.	Áætlað meðalgengi 1985 (VLF = 109.700)				
	Hreyfing á árinu 1985			Staða	Í % af
Lánnotendur	lántökur	afborg.	nettó	í árlok	VLF
Opinberir aðilar	4.528	1.750	2.778	39.320	35,8
Lánastofnanir	1.262	745	517	8.930	8,1
Atvinnufyrirtæki	2.035	2.005	30	9.820	9,0
Erlend lán, alls	7.825	4.500	3.325	58.070	52,9

III. LÖNG ERLEND LÁN 1986

Í millj. kr.	Áætlað árslokagengi 1985 (VLF = 122.400)				
	Hreyfing á árinu 1986			Staða	Í % af
Lánnotendur	lántökur	afborg.	nettó	í árlok	VLF
Opinberir aðilar	3.729	2.935	794	42.080	34,4
Lánastofnanir	1.672	815	857	10.235	8,3
Atvinnufyrirtæki	2.535	2.120	415	10.725	8,8
Erlend lán, alls	7.936	5.870	2.066	63.040	51,5

Nd. 360. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur að undanförnu fjallað um frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1986 og haldið nokkra fundi um málið. Henni hafa borist margháttuð gögn. Eftirtaldir komu á nefndarfundi: Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Halldór Jónatansson, forstjóri Landsvirkjunar, Davíð Sch. Thorsteinsson, stjórnarformaður Þróunarfélagsins hf., Guðmundur Malmquist, forstjóri Byggðastofnunar, Sigurjón Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, Már Elísson forstjóri og Davíð Ólafsson stjórnarformaður Fiskveiðasjóðs, Bjarni Bragi Jónsson aðstoðarbankastjóri og Ólafur Tómasson hagfræðingur Seðlabankans, Sigurður Guðmundsson forstjóri og Katrín Atladóttir deildarstjóri í Húsnæðisstofnun, Guðmundur Ólafs forstjóri Framkvæmdasjóðs, Leifur Kr. Jóhannesson framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri og Ragnar Önundarson formaður framkvæmdastjórnar Iðnþróunarsjóðs, Bragi Hannesson stjórnarmaður og Gísli Baldvinsson framkvæmdastjóri Iðnlánasjóðs, Birgir Þorgilsson framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs, Jónas Haralz, bankastjóri Landsbankans, Böðvar Hauksson frá Útflutningslánasjóði, Þórhallur Ásgeirsson, formaður langlánanefndar, Sveinn Einarsson frá Kvikmyndasjóði, Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra, Magnús Pétursson hagsýslustjóri og Gunnar H. Hall, skrifstofustjóri í Fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem aðstoðaði nefndina við að afla gagna og vinna úr upplýsingum.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti.

Við afgreiðslu efri deildar á frumvarpinu var gert ráð fyrir að heildarlántökur næmu alls 11 246 m.kr. Þar af var ráðgert að afla 3 820 m.kr. innanlands og 7426 m.kr. með erlendum lántökum.

Í veigamiklum atriðum má skipta þeim breytingum, sem meiri hl. leggur til að verði gerðar á frumvarpinu, í þrjá þætti:

Í fyrsta lagi er um hreina staðfestingu að ræða á afgreiðslu fjárveitinganefndar á fjárlögum. Í öðru lagi eru breytingar á verðlags- og gengisforsendum fjárlaga og endurskoðaðrar þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1986 sem endurspeglast einnig í lánsfjárlögum. Í þriðja lagi eru teknar inn tvær nýjar heimildargreinar til ríkisábyrgða vegna skuldbreytinga hitaveitna.

Þær breytingar, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, fela í sér 1 241 m.kr. hækkun á heildarlántökum, þar af 390 m.kr. á innlendu lánsfé og 851 m.kr. á erlendu lánsfé. Heildarlántökur nema því 12 487 m.kr. Ráðgert er að afla 4 210 m.kr. innanlands og 8 277 m.kr. með erlendum lántökum. Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir þessum breytingum. Jafnframt vísast til yfirlita í fylgiskjölum um lántökur, heildarfjárfestingu og fjárfestingarlánasjóði. Í þeim yfirlitum er gengið út frá þeim breytingum sem hér eru nefndar, þar með talin endurskoðun verðlags- og gengisforsendna miðað við verðlag á árinu 1986 í samræmi við forsendur fjárlaga og endurskoðaðrar þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1986.

Afgreiðsla fjárlaga felur í sér eftirfarandi breytingar:

1. Erlend lántaka ríkissjóðs hækkar um 326 m.kr. og verður 2 550 m.kr. Auk þess hækkar sala spariskírteina um 250 m.kr. og er það hækkun sem stafar af breyttum verðlagsforsendum. Til áréttingar skal þess getið að breyttar verðlagsforsendur koma einnig fram í hækkun á áætlaðri innlausn eldri spariskírteina, eða um 220 m.kr.
2. Staðfesting á skerðingarákvæðum sem fjárveitingar miða við:
   a. Ráðstöfunarfé Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar úr 1 100 m.kr. í 1 265 m.kr. vegna breyttra verðlagsforsendna.
   b. Felld er niður 21. gr. frumvarpsins eftir afgreiðslu efri deildar, en hún var þar inni fyrir mistök.
   c. Ákveðið hefur verið að falla frá fyrirhugaðri 100 m.kr. skerðingu á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Af þeim sökum er 26. gr. frumvarpsins felld niður.
   d. Þá er lagt til að tekið verði upp nýtt skerðingarákvæði þar sem ríkissjóður er undanþeginn framlagsskyldu til forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum á árinu 1986. Hér er um að ræða um 20 m.kr. og er gert ráð fyrir að þessum kostnaði verði mætt af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Áhrif breyttra verðlags- og gengisforsendna á aðra liði.

Að undanförnu hefur verið reynt að endurmeta aðra þætti lánsfjáráætlunar sem ætla má að þurfi nauðsynlega að hækka í ljósi breyttra verðlags- og gengisforsendna. Meiri hl. hefur lagt á það áherslu að beita þar eins miklu aðhaldi og kostur er. Í ljósi þess leggur meiri hl. til eftirtaldar hækkanir sem taldar eru óhjákvæmilegar:

a. Lántaka Landsvirkjunar hækkar úr 490 m. kr. í 560 m.kr.
b. Lántaka Framkvæmdasjóðs hækkar úr 1 442 m.kr. í 1 482 m.kr.

Miðað við þær forsendur, sem hér er lýst, er rétt að taka fram að lántökur frumvarpsins miða allar við áætlað verðlag á miðju ári 1986.

Skuldbreytingar skammtímalána hjá hitaveitum.

Það er fyrirséð að þrjár hitaveitur áætla að skuldbreyta á næstunni verulegum fjárhæðum af skammtímaskuldum sínum í langtímalán, eða sem hér segir:

a. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hyggst skuldbreyta um 13 milljónum dollara, eða um 550 m.kr., sem veitan skuldar í erlendum skammtímalánum. Mat á ónýttum eldri heimildum veitunnar til ríkisábyrgðar nemur um 11,6 milljónum dollara, eða sem nemur 490 milljónum króna. Nauðsynleg viðbótarábyrgð nemur því um 60 m.kr. miðað við verðlag nú í desember 1985. Gert er ráð fyrir 65 m.kr. ábyrgðarheimild á næsta ári.
b. Hitaveita Akureyrar hyggst skuldbreyta um 20 milljónum dollara, eða um 840 m.kr., af erlendum skammtímaskuldum sínum. Hins vegar nema ónýttar ríkisábyrgðir fyrirtækisins frá fyrri árum um 1 100 m.kr. Þar sem heimildir eru nægar þarf ekki að sækja um viðbótarheimild fyrir veituna á árinu 1986.
c. Fjarhitun Vestmannaeyja áætlar skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Viðræður hafa farið fram á milli þessara aðila og hefur sjóðurinn boðið að skuldbreyta um 200 m.kr. í verðtryggt innlent lán til 20 ára að því tilskildu að ríkisábyrgð verði veitt. Ljóst þykir að skuldbreytingin léttir mjög á greiðslubyrði fyrirtækisins á næstu árum og er talið að hún leysi fjárhagsvanda þess þannig að það geti staðið undir afborgunum og vöxtum úr eigin rekstri á næstu árum. Lagt er til að þessi ríkisábyrgð verði veitt.

Ný verklagsregla.

Eitt af viðfangsefnum í stjórn ríkisfjármála á undanförnum árum hefur verið að efla alla þætti áætlanagerðar og eftirlit með lántökum opinberra aðila og fjárfestingarlánasjóða. Enn eru nokkur atriði óljós varðandi ríkisábyrgðir og framkvæmd lánsfjárlaga sem á að vera hægt að leysa með ákveðnum verklagsreglum.

Að tilhlutan fjármálaráðherra vill meiri hl. vekja athygli á nauðsyn þess að nýrri verklagsreglu verði fylgt við gerð og framkvæmd lánsfjárlaga í framtíðinni. Samkvæmt henni gilda lánsfjárheimildir einungis á hlutaðeigandi fjárhagsári og færast ekki sjálfkrafa milli ára án sérstakrar umfjöllunar. Þetta á þó ekki við um lántökuheimildir sem veittar eru í sérlögum.

Á undanförnum árum hafa ýmsir aðilar fengið heimildir til lántöku með ríkisábyrgð. Nokkur brögð eru að því að heimildirnar hafi ekki verið nýttar heldur hafi lánsfjárþörfinni verið mætt með erlendum skammtímalánum fyrir tilstuðlan viðskiptabankanna. Á síðari stigum hafa viðkomandi aðilar nýtt heimildir fyrri ára til að skuldbreyta skammtímalánum sínum í langtímalán með ríkisábyrgð.

Sú skipan mála, sem hér er lýst, gerir allra framkvæmd og eftirlit með ríkisábyrgðum og lántökum erfiða. Að mati þeirra, sem með þessi mál fara frá degi til dags, er óeðlilegt að leitað sé langt aftur í tímann að því hvort heimildir séu fyrir hendi eða ekki. Auk þess kemur ætíð upp sú óvissa hvernig meta eigi eldri heimildir með tilliti til þess hvort eigi að færa þær upp með verðlagsbreytingum, gengisbreytingum eða halda þeim óbreyttum í krónutölum.

Til að koma festu á þessi mál þarf því að koma upp ákveðinni vinnureglu varðandi gildistíma lántökuheimilda í lánsfjárlögum. Meiri hl. telur nauðsynlegt að í **lánsfjárlögum** hverju sinni (sbr. lög nr. 84/1985, 13. gr. verði sett inn **sérstök grein** sem kveði á um að þær **heimildir**, sem þar komi fram, **gildi einungis innan fjárlagaársins.** Jafnframt er lagt til að farið sé með ónýttar heimildir eins og gert er með fjárveitingar til stofnkostnaðar, að hægt sé að **sækja sérstaklega um geymslu**, eða m.ö.o. að flytja heimildir milli ára. Beiðni um geymslu lántökuheimilda þyrfti að hafa borist Fjárlaga- og hagsýslustofnun eigi síðar en 15. nóvember þess árs sem heimildin er veitt samkvæmt lánsfjárlögum.

Varðandi þá aðila, sem telja sig eiga ónýttar heimildir frá fyrri árum, verður árið **1986** nokkurs konar **uppgjörsár** þannig að frá með áramótum 1986/1987 falla allar eldri heimildir úr gildi.

Alþingi, 19. des. 1985.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm. | Halldór Blöndal. | Ólafur G. Einarsson.

Stefán Valgeirsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1986
(millj. kr.)

		Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Erlend lán	Heildar-lántökur
I	**Opinberir aðilar**	**2 100**	**—**	**—**	**3 360**	**5 460**
	Ríkissjóður, A-hluti	2 100	—	—	2 550	4 650
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	680	680
	Sveitarfélög	—	—	—	130	130
II	**Húsbyggingarsjóðir**	**—**	**—**	**1 530**	**—**	**1 530**
	Byggingarsjóður ríkisins	—	—	1 150	—	1 150
	Byggingarsjóður verkamanna			380		380
III	**Lánastofnanir**	**—**	**380**	**200**	**1 967**	**2 547**
	Framkvæmdasjóður	—	380	160	1 482	2 022
	Iðnþróunarsjóður	—	—	—	95	95
	Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40
	Byggðastofnun	—	—	—	350	350
	Útflutningslánasjóður	—	—	—	40	40
IV	**Atvinnufyrirtæki**	**—**	**—**	**—**	**2 950**	**2 950**
	Ósundurliðað	—	—	—	2 950	2 950
	Heildarfjárþörf	**2 100**	**380**	**1 730*)**	**8 277**	**12 487**

*) Verðbréfakaup lífeyrissjóða af öðrum fjárfestingarlánasjóðum eru áætluð alls 220 m.kr.
Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

Ráðstöfun lánsfjár 1986

	Eftir afgr. Ed. m.kr.	Ný áætlun m.kr.
1. Ríkissjóður	**4 074**	**4 650**
Þar af til B-hluta fyrirtækja	910	960
Byggðasjóður	0	—
Byggingarsjóður ríkisins	0	—
Byggingarsjóður ríkisins	150	150
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	0	—
Lánasjóður ísl. námsmanna	350	400
Laxeldisstöðin í Kollafirði	0	—
RARIK, almennar framkvæmdir	90	90
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	0	0
Orkusjóður, hitaveitulán	10	10
Orkusjóður, jarðhitaleit	10	10
Póstur og sími	0	—
Umferðamiðstöð	0	—
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	300	300
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**610**	**680**
Landsvirkjun	490	560
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	20	20
Steinullarverksmiðja	0	—
Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	0	—
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	0	—
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	0	—
Þróunarfélag	100	100
3. Sveitarfélög	**130**	**130**
4. Heildarlánsfjárráðstöfun (1+2+3=5)	**4 814**	**5 460**
5. Fjármögnun	**4 814**	**5 460**
Innlent lánsfé	1 850	2 100
Erlent lánsfé	2 964	3 360

Fylgiskjal III.

Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða 1986

	1986	Ný áætlun 1986
Uppruni fjár:		
1 Eigið framlag, nettó	2 752	3 200
1.1 Afborganir, vextir	3 010	3 500
1.3 Kostnaður o.fl., nettó	-258	-300
2 Iðgjöld, nettó	1 678	1 952
2.1 Innkomin iðgjöld	3 884	4 516
2.2 Lífeyrisgreiðslur	2 206	2 564
2.3 Endurgreidd iðgjöld	0	0
3 Uppruni (1+2) = Ráðstöfun (4+5)	4 430	5 152
Ráðstöfun fjár:		
4 Útlán (þ.e. til sjóða)	1 680	1 950
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	0	0

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Skipting skuldabréfakaupa lífeyrissjóða

	1986	Ný áætlun 1986
Byggingarsjóður ríkisins	820	1 150
Byggingasjóður verkamanna	380	380
Framkvæmdasjóður Íslands	150	160
Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	40
Aðrir sjóðir	290	220
	1 680	1 950

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal IV.

Framkvæmdasjóður Íslands 1986
(millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1986	Eftir Afgr. Ed. 1986	Ný áætlun 1986
Fjáröflun	**2 022**	**2 322**	**2 402**
Eigið ráðstöfunarfé F. Í.	230	330	330
Sérstök fjáröflun	50	50	50
Lán frá innlendum bönkum	350	350	380
Lán frá lífeyrissjóðum	150	150	160
Erlend lán	1 242	1 442	1 482
Lánveitingar	**2 022**	**2 322**	**2 402**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	310	310	325
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	520	520	540
Fiskveiðasjóður, útlán	350	550[1])	570
Iðnlánasjóður	550	550	575
Lánasjóður sveitarfélaga	20	20	20
Ferðamálasjóður	60	60	60
Verslunarlánasjóður	20	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	20	20
Landflutningasjóður	8	8	8
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14	14
Framkvæmdasjóður og fiskeldi	150	—	—
Fiskeldi	—	250	250

1) Þar af 200 m.kr. til skipaviðgerða innanlands.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal V.

Byggingarsjóður ríkisins 1986
(millj. kr.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Eftir afgr. Ed. 1986	Ný áætlun 1986
Innstreymi	**3 075**	**3 305**	**3 666**
Ríkissjóður	1 300	1 300	1 300
Skyldusparnaður, nettó	–50	–50	–50
Lífeyrissjóðir	820	1 050	1 150
Afborganir, vextir, verðbætur	795	795	926
Tekjur tæknideildar	50	50	58
Aðrar tekjur	10	10	12
Erlend lán	150	150	150
Annað, sjóðsminnkun	—	—	120
Útstreymi	**3 075**	**3 305**	**3 666**
Rekstrarkostnaður	65	65	75
Afborganir, vextir, verðbætur	960	960	1 091
Lánveitingar	2 050	2 280	2 500

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal VI.

Byggingarsjóður verkamanna 1985
(millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1985	Endursk. 1985
Innstreymi	**914**	**938**
Ríkissjóður	300	300
Sveitarfélög	90	90
Kaupendur eldri íbúða	30	30
Afborganir, vextir, verðbætur	79	93
Lífeyrissjóðir	380	380
Sjóðsminnkun	35	45
Útstreymi	**914**	**938**
Rekstrarkostnaður	17	20
Afborganir, vextir, verðbætur	137	158
Lánveitingar	760	760

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal VII.

Fjármunamyndun 1984—1986
(millj. kr.)

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Bráðab.-tölur 1984	Áætluð útkoma 1985	Áætlun 1986	Bráðab.-tölur 1984	Áætluð útkoma 1985	Áætlun 1986
Fjármunamyndun alls	**18 130**	**23 930**	**29 220**	**6,8**	**0,0**	**−4,2**
Þar af:						
Landsvirkjun, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 162	1 190	780	−15,9	−22,4	−48,8
Innflutt skip og flugvélar	654	900	840	−9,0	4,3	−25,9
Útflutt skip og flugvélar	−511	−150	−100			
Önnur fjármunamyndun	16 825	21 990	27 700	11,7	−1,0	−1,2
I Atvinnuvegirnir	**7 820**	**11 630**	**14 650**	**11,2**	**12,7**	**−0,7**
1. Landbúnaður	950	1 600	2 100	33,6	27,6	3,1
2. Fiskveiðar	820	770	985	−13,8	−28,7	0,0
3. Vinnsla sjávarafurða	800	950	1 270	23,7	−10,0	5,3
4. Álverksmiðja	27	70	—	0,0	96,3	—
5. Járnblendiverksmiðja	23	50	70	150,0	65,2	10,0
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	1 910	2 710	3 270	24,9	7,4	−5,0
7. Flutningatæki	790	1 650	1 855	−25,1	58,2	−10,7
8. Verslunar-, skrifstofu-, gistihús o. fl.	1 220	1 690	2 165	−8,2	4,9	0,0
9. Ýmsar vélar og tæki	1 280	2 140	2 935	49,7	26,6	9,0
II Íbúðarhús	**4 700**	**5 580**	**7 140**	**10,0**	**−10,0**	**0,0**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**5 610**	**6 720**	**7 430**	**−1,1**	**−9,3**	**−13,6**
1. Rafvirkjanir og rafveitur	1 550	1 570	1 220	−15,0	−23,3	−39,3
2. Hita- og vatnsveitur	670	800	1 030	46,2	−9,6	0,6
þar af hitaveitur	(530)	(620)	(790)	57,8	−11,3	−0,5
3. Samgöngumannvirki	2 190	2 800	3 440	6,4	−3,2	−4,0
4. Byggingar hins opinbera	1 200	1 550	1 740	−10,3	−2,2	−12,3

Athugasemdir:
1) Magnbreytingar 1984 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1985 og 1986 eru miðaðar við verðlag áranna 1984 og 1985.
2) Fjármunamyndun í byggingum hefur verið endurmetin frá og með árinu 1980.
3) Nýtt þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna var tekið upp frá og með árinu 1980.

Nd. 361. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, HBl, ÓE, SV).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „2 224 000“ kemur: 2 550 000.
   b. Í stað „1 850 000“ kemur: 2 100 000.
2. Við 3. gr. Í stað „490 000“ kemur: 560 000.
3. Við 7. gr. Í stað „1 442 000“ kemur: 1 482 000.
4. Við 12. gr. Í stað „1 100 000“ kemur: 1 265 000.
5. 21. gr. fellur niður.
6. 26. gr. fellur niður.
7. Við 27. gr. Í stað „730 000“ kemur: 805 000.
8. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1986 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971.
9. Á eftir 28. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán vegna skuldbreytingar erlendra skammtímalána hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að fjárhæð allt að 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
10. Á eftir 27. gr. komi ný gr. er orðist svo:
    Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán Fjarhitunar Vestmannaeyja að fjárhæð 200 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Ed. 362. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í umræðum um stjórn fiskveiða hafa verið nefnd sjö atriði sem það stjórnkerfi þurfi að uppfylla sem nota ætti. Þau atriði eru:

1. Aflinn verði innan ákveðinna marka, að stjórnkerfið bjóði upp á það að halda aflanum innan tiltekinna marka.
2. Að réttlát skipting sé milli skipa og byggðarlaga.
3. Að reynt sé að skapa eins tryggt atvinnuástand um land allt og nokkur kostur er.
4. Að það sé hvati í stjórnkerfinu til bættrar meðferðar og aukinnar verðmætasköpunar.
5. Að það sé hvati til lækkunar tilkostnaðar.
6. Að það sé stöðug þjónusta við markaði.
7. Að það sé lágmarksskerðing á athafnafrelsi.

1984 og 1985 hefur ekki tekist að nálgast þessi markmið með þeirri fiskveiðistefnu sem í gildi hefur verið og enn er lagt til að verði í gildi næstu tvö ár, 1986 og 1987.

1. Ekki hefur tekist að halda þorskafla innan þeirra marka sem lagt hefur verið til af Hafrannsóknastofnun og sjávarútvegsráðuneyti. Þorskafli á árinu 1985 fer um 60% fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar, 20—25% fram úr tillögum sjávarútvegsráðuneytis (sjá fskj. V). Kerfið er með þess háttar sveigjanleika að ekki er hægt að beita því til beinnar aflastjórnar. Á árinu 1986 getur þorskafli því orðið 450 þús. lestir með sömu stjórnunaraðferðum og 1985. Hafrannsóknastofnun telur að með 300—350 þús. tonna þorskveiði verði frekar aukning í veiðistofninum (sjá fskj. IV) en með 400—450 þús. tonna afla yrði gengið á stofninn.
2. Aflaskiptingin, sem byggðist á reynslu áranna 1981, 1982 og 1983, var strax ranglát á fyrsta ári aflamarksstjórnar og verður ranglátari með hverju ári sem líður frá viðmiðunarárunum, jafnt gagnvart byggðarlögum og skipum. Hlutfall afla milli togara og báta hefur raskast (sjá fskj. VI).
3. Aflamark hvetur til þess að afli sé tekinn á eins stuttum tíma og kostur er og þá á þeim tímum sem fiskur er auðveiðanlegastur. Afleiðingarnar hafa verið aflatoppar með of miklu vinnuálagi og tímabil atvinnuleysis þegar fiskibátar hafa legið bundnir í höfnum.
4. Ekkert hefur verið lagt fram sem staðfestir það að aflamark hvetji til bættrar meðferðar á afla. Í aflamarki er aftur á móti hvati til að láta það vera að koma með lélegan og verðlítinn fisk að landi. Sá hvati er einn af mestu ókostum þessa kerfis.
5. Aflamark er líklegt til að verka til lækkunar á tilkostnaði í sambandi við notkun þorskaneta í lok vertíðar. Líklegt er að net verði þá betur nýtt. Viðurkennt er að enginn sparnaður hefur komið fram í rekstri togara.
6. Reynsla áranna 1984 og 1985 sýnir að aflamarkið hefur haft mjög neikvæð áhrif gagnvart mörkuðum. Aflatoppar hafa orsakað verri markaðsvöru. Hráefni hefur verið ótryggara og ójafnara hjá fiskvinnslustöðvum. Meiri hluti aflans hefur verið fluttur á erlendan markað óunninn og mikil aukning er á frystingu um borð í veiðiskipum og mun meiri aukning í undirbúningi. Aukinn ísfiskútflutningur, sérstaklega í gámum, og frysting afla um borð í veiðiskipum eru hvort tveggja afleiðing „kvótans“, aflamarksins.
7. Þegar hverju og einu fiskiskipi er skammtaður ákveðinn afli er um slíka stjórn og afskipti af athafnafrelsi að ræða að vart mun hægt að komast lengra gagnvart þeim hópi manna sem aflar okkur um 80% af þeim gjaldeyri sem við höfum þó aldrei nóg af.

Því hefur verið haldið fram að þeir, sem eru mótfallnir því að stjórna fiskveiðum okkar með aflamarki á skip, hafi ekki bent á aðrar leiðir betri. Þetta eru hin mestu ósannindi — en áróður og umræða stuðningsmanna „kvótans“, aflamarksins, hafa verið svo hávær og fengið svo mikið rúm í fjölmiðlum að aðrar tillögur hafa ekki komist að í umræðunni. Sjávarútvegsráðherra hefur og reynt að koma vísindalegu yfirbragði á umræðuna með því að láta fiskifræðinga fylgja sér á fundi þar sem hann hefur fjallað um stjórn fiskveiða.

Hér fylgja sem fylgiskjöl I—III tillögur um stjórn fiskveiða sem byggjast á tegundamarki í stað aflamarks. Þessar tillögur eru úr fjölda tillagna sem fram hafa komið víðs vegar um land og staðfesta það að ekki stendur á því að bent sé á aðrar leiðir til fiskveiðistjórnar en þá sem nú er lagt til að samþykkt verði til næstu tveggja ára.

Undirrituð telja að kvótakerfið, aflamarkið, hafi ekki reynst vel og fara þurfi aðrar leiðir til að ná þeim sjö markmiðum sem nefnd eru hér í upphafi nefndarálitsins, en þau markmið setti sjávarútvegsráðherra sjálfur er hann mælti fyrir þessu frv.

Við munum því greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 18. des. 1985.

Skúli Alexandersson, frsm. Kolbrún Jónsdóttir.

Fylgiskjal I.

Skúli Alexandersson:

FISKVEIÐASTJÓRN

(Kjallaragrein í DV.)

Bolfiskveiði.

Þingflokkur Alþýðubandlagsins gerði á fundi sínum 9.–10. júlí s.l. svohljóðandi samþykkt um stjórn bolfiskveiða:

„Stjórn bolfiskveiða verði endurskoðuð með það fyrir augum sérstaklega að auka gæði og nýtingu aflans."

Með þessari samþykkt er lagt til að auk þess sem stjórn fiskveiða sé til þess að stuðla að sem bestri nýtingu fiskstofna og forðast ofveiði verði einnig stefnt að meiri gæðum og betri meðferð á afla, þ.e. veiðistjórn á að tengjast áformum um betri meðferð á afla og góðri nýtingu þess afla í vinnslu. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn fiskveiða leiði til þess að vinna verði sem jöfnust allt árið við öflun og úrvinnslu sjávarfangs.

Grundvöllur fiskveiðistefnunnar verður að vera sá að stuðla að tekjum og atvinnuöryggi, bættum vinnuskilyrðum og betri félagslegri aðstöðu þess fólks sem starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu. Hverfa þarf frá helgidagavinnu og tryggja fiskimönnum og fiskvinnslufólki sömu möguleika til þátttöku í félagslegu starfi og sama rétt til hvíldar og frídaga og öðru vinnandi fólki á landinu. Með stjórn fiskveiða verði stefnt að þremur aðalmarkmiðum:

1. Atvinnu- og félagsleg réttindi fiskimanna og fiskvinnslufólks verði tryggð og stóraukin frá því sem nú er.
2. Sókn í fiskistofna verði takmörkuð og skipulögð til þess að koma í veg fyrir ofveiði og til að stuðla að góðri nýtingu aflafangs til atvinnuöryggis og verðmæta.
3. Stefnt verði að hámarksgæðum á afla jafnt á veiðum sem á vinnslu.

Reynsla af núverandi aflakvótakerfi segir það að engu af þessum þremur markmiðum verði náð með því að beita slíkri fiskveiðistjórn áfram. Ókostir þess kerfis aukast með hverjum degi, ranglæti þess og mismunun margfaldast með hverri viku. Viðmiðun þriggja ára, 1981, 1982 og 1983, var vafasöm fyrir árið 1984 – mjög ranglát fyrir 1985 – og algjörlega óhæf fyrir árið 1986. Aðrir ókostir verða ekki taldir hér.

Framangreindum markmiðum má ná með því að gera eftirfarandi:

A. Á árinu 1985:
   1. Afnema aflakvótakerfið 1. okt. n.k.
   2. Nota þann mannskap, sem nú hefur eftirlit með aflamagni, til eftirlits á meðferð afla. Um framkvæmd slíks eftirlits yrði sett ítarleg reglugerð.
   3. Bátar hafi ekki veiðarfæri í sjó frá föstudagsmorgni til laugardagskvölds.
   4. Þorskveiðitúrar togara skulu ekki vera lengri en 6 sólarhringar.
   5. Löndunarfrí togara verði lengt um 12–36 klukkustundir.
   6. Engar veiðar verði stundaðar frá 19. des. til 31. des.

B. Á árinu 1986:

Dregið verði úr sókn, ef þörf er á, vegna fiskverndunarsjónarmiða á sama hátt og samkvæmt lið 3–6 hér að framan. Eftirfarandi reglur verði settar:

1. Um páska, 10 daga, um 1. maí, 2 daga, um hvítasunnu, 3 daga, á sjómannadag, 2 daga, 17. júní, 2 daga, um jól og áramót, 15 daga, skulu veiðar ekki stundaðar.
2. Frá 10. júlí til 10. ágúst skal vera í gildi aukin takmörkun á úthaldstíma togara og lengd löndunarfrí. Frá 26. júlí til 10. ágúst skulu bátar ekki stunda veiðar.
3. Netafjöldi báta skal takmarkaður og þeim skal gert að taka net úr sjó á frídögum.
4. Þorsknetaveiðar skulu bannaðar frá 1. júní til 1. október.

5. Janúar, febrúar og mars skal ekki nota minni möskva í þorskanetum en 7¼″ frá Hvalbak að Látrarbjargi. Annan tíma ekki minni en 7″ möskva.
6. Togurum verði skipulega bent á skrapfiskirí.
7. Fullvinnsla (frysting) um borð í veiðiskipum verði því aðeins leyfð að allur afli verði nýttur – þ.e. úrgangsfiskur, bein, slor, lifur og hrogn.
8. Áfram verði í gangi virkt eftirlit samkvæmt A-2.
9. Dregið verði úr sókn, ef þörf er á því, miðað við leyfilegt aflamagn, umfram framangreindar takmarkanir með því að stöðva veiðar í 5–10 daga á ákveðnum tímum og með því að beina skipum til veiða á vannýttum fiskistofnum.
10. Ákvörðun um leyfilegt aflamagn miðað við tímabil eða ár verði tekin á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár.
11. Hafrannsóknastofnun verði efld og stofnuninni gert kleift að auka rannsóknir á fiskistofnum, lífríki og ástandi hafsvæðisins umhverfis landið.

Fylgiskjal II.

ÁLIT MEIRI HLUTA FISKVEIÐINEFNDAR FFSÍ

FFSÍ leggur áherslu á að mörkuð verði veiðistefna til aukins frjálsræðis í veiðum.

Þorskafli ársins 1986 verði sem næst 350 þús. tonn.

Frjálsar veiðar með sóknarstöðvun og veiðistýringu í aðrar tegundir en þorsk.

Sóknartakmörkun og veiðistýring bátaflotans.

Þorskafli bátaflotans skal vera sem næst 165 þús. árið 1986.

Árinu skal skipt í tvö tímabil 1. jan. til 30. júní með 30 daga skyldustoppi, þar af 10 daga um páska. Viðmiðunaraflamagn skal vera 123 000 tonn.

Á tímabilinu 1. júlí til áramóta skal stoppa 40 daga þar af 10 daga um verslunarmannahelgi og frá 20. des. til áramóta. Viðmiðunarafli 41 000 tonn.

Stoppdagar teljast 3 sólarhringar eða meira.

Handfæraveiðar verði óheftar nema 10 daga um verslunarmannahelgi.

Miðað við núverandi möguleika á loðnuveiðum stundi loðnuflotinn ekki þorskveiðar fyrri helming ársins 1986.

Stoppdagar sérveiðiskipa, svo sem rækju-, humar-, skelveiði-, síldveiði- og loðnuskipa, teljast aðeins utan sérleyfisveiða.

Á svæðinu frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni má hlutfall þorsks í afla netabáta ekki fara yfir 20% á tímabilinu 1. jan. til 1. febrúar.

Þorsknetaveiðar á svæðinu Horn – Eystra-Horn hefjist ekki fyrr en 15. janúar.

Þorsknetaveiðar skulu bannaðar 1. júlí til 15. ágúst.

Frá Horni suður og austur um að Eystra-Horni skal ekki leyfa smærri möskva en 7 tommur á tímabilinu 15. jan. til 15. maí.

Sjávarútvegsráðuneytið fylgist með afla á viðmiðunartímabilum og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna.

Verði þorskafli í marslok meiri en 85 þús. tonn skal fjölga stoppdögum seinni hluta apríl og í maí.

Loðnubátar, sem hefja þorskveiðar í troll á síðara tímabili, sæti sömu sóknartakmörkum og togarar.

Þorskafli togara verði sem næst 185 þús. tonn árið 1986. Árið skiptist í tvö tímabil 1. jan. til 31. maí. Á því tímabili verði skyldustöðvun í 25 daga og viðmiðunarafli 85 þús. tonn af þorski.

1. júní til áramóta verði veiðistopp í 45 daga þar af 10 daga á tímabilinu 20. júlí–10. ágúst.

Veiðar skal stöðva frá 20. des. til áramóta. Viðmiðunarafli 100 000 tonn af þorski. Heimilt er þeim skipum, sem veiða fyrir erlendan markað, að stöðva fyrstu 11 daga desembermánaðar.

Skilyrt sé að í heildarársafla togara verði að lágmarki 30% aðrar tegundir en þorskur.

Þessa prósentu skal hækka ef í ljós kemur eftir fyrstu fjóra mánuði ársins að hlutur þorsks í heildarveiði togara er meiri en æskilegt getur talist.

Sjávarútvegsráðuneytið fylgist með afla á viðmiðunartímabilunum og fækki eða fjölgi stoppdögum eftir þróun veiðanna.

Fylgiskjal III.

STJÓRN FISKVEIÐA 1986–1990

Fiskveiðistefna til fimm ára.

45. fjórðungsþing fiskideildanna á Vestfjörðum, haldið á Ísafirði 19. október 1985, leggur til að fiskveiðistefna verði nú mótuð til næstu fimm ára og við það miðað að fiskistofnarnir séu nýttir á æskilegan hátt frá líffræðilegu og efnahagslegu sjónarmiði, svo að útgerð og fiskvinnsla hafi eðlileg starfsskilyrði á komandi árum. Þingið telur sýnt að sjávarútvegurinn þoli ekki þær miklu aflasveiflur sem hér hafa verið seinustu árin. Þessar miklu sveiflur hafa ekki aðeins skaðleg áhrif á sjávarútveginn í heild heldur allt okkar efnahagskerfi. Þingið telur því nauðsynlegt að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og fiskveiðistefnan mótuð með langtímasjónarmið í huga sem tryggi atvinnuöryggi allra þeirra sem við þennan atvinnuveg starfa.

Þingið ítrekar því fyrri samþykkt sína að í framtíðinni verði leyfilegur ársafli helstu nytjafiska okkar miðaður við reynslu fyrri ára og leggur til að á næstu fimm árum verði leyft að veiða árlega:

Af þorski	320–380 þús. lestir
Af öðrum botnlægum fiski ...	300 þús. lestir
Af loðnu	500–800 þús. lestir

Aflamark árið 1986.

Þingið leggur til að á árinu 1986 verði leyft að veiða 360 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum. Þorskaflanum verði skipt á milli báta og togara þannig að bátum verði heimilað að veiða 47% aflans eða 170 þús. lestir, togurum 53% aflans eða 190 þús. lestir, en öðrum botnlægum fisktegundum verði ekki skipt milli skipategunda né veiðitímabila.

Leyfilegur loðnuafli verði ákveðinn að loknum rannsóknum í haust.

Tegundamark með veiðitímabilum.

Í árslok 1983 var ákveðið að leyfisbinda allar botnfiskveiðar og setja aflamark á hvert veiðiskip. Þessi stjórnunarleið hefur nú verið til reynslu í tvö ár. Það er álit fjórðungsþingsins að hún hafi reynst illa, haft margvísleg óæskileg áhrif og skapað óviðunandi öryggisleysi bæði hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki. Þingið leggur því til að horfið verði frá þessu fyrirkomulagi um næstu áramót og tekið upp á ný tegundamark þar sem aflanum er skipt milli báta og togara eftir veiðitímabilum hliðstætt því sem gilti árið 1983.

Skipting eftir veiðitímabilum.

Árinu verði skipt í þrjú jafnlöng veiðitímabil og við það miðað að þorskaflinn skiptist sem næst því sem hér segir:

	Bátar:	Togarar:
1. tímabil: janúar/apríl	120 þús. lestir	70 þús. lestir
2. tímabil: maí/ágúst	30 þús. lestir	65 þús. lestir
3. tímabil: september/desember	20 þús. lestir	55 þús. lestir
	170 þús. lestir	190 þús. lestir

Náist ekki hámarksafli hvers tímabils færist aflinn yfir á næsta tímabil. Komi hins vegar í ljós að loknum fyrstu þrem mánuðum tímabilsins að aflinn muni fara fram úr viðmiðunarmörkum með óbreyttri sókn skal takmarka sóknina síðasta mánuðinn umfram það sem áður var ákveðið.

Takmarkanir á veiðum bátaflotans.

Á árinu verði bátum óheimilt að stunda þorskveiðar í 32 daga, fyrsta tímabilið í 10 daga um páska, annað tímabilið í 10 daga um verslunarmannahelgi og þriðja tímabilið í 12 daga í lok ársins. Hlutfall þorsks í afla þeirra báta, sem stunda aðrar veiðar á þessum tímabilum, má aldrei fara fram úr 20% af heildarafla.

Verði þorskafli báta á einhverju tímabili meiri en viðmiðunarmörk segja til um skal fjölga veiðibannsdögum.

Veiðar netabáta á tímabilinu 1. janúar til 10. febrúar verði takmarkaðar við 30% þorsks af heildarafla. Netaveiðar verði óheimilar tímabilin 1. júlí til 1. ágúst eða þar til veiðibanni á 2. tímabili lýkur.

Togbátum verði óheimilt að stunda þorskveiðar á tímabilinu frá 1.—10. maí.

Takmarkanir á veiðum togaraflotans.

Á árinu verði togurum óheimilt að stunda þorskveiðar í 100 daga innan eftirfarandi marka: „Fyrsta tímabilið í 20 daga, annað tímabilið í 45 daga og þriðja tímabilið í 35 daga. Í þorskveiðibanni er togurum heimilt að hafa þorsk sem hlutfall af heildarafla í hverri veiðiferð: 5% í 33 daga, 15% í 34 daga og 30% í 33 daga, minnst 4 daga í senn.



Skipstjórar eða útgerð tilkynni sjávarútvegsráðuneytinu með skeyti að lokinni hverri veiðiferð hversu marga daga þeir hafi verið í þorskveiðibanni og hve mikið af þorski sé í aflanum. Fari þorskur fram úr viðmiðunarmörkum skal það, um umfram er, gert upptækt.

Verði þorskafli togara á einhverju tímabili meiri en viðmiðunartakmörk segja til um skal veiðibannsdögum fjölgað, en verði hann minni skal þeim fækkað. Fari annar botnfiskafli verulega fram úr viðmiðunarmörkum skal úthald þeirra takmarkað þannig að heildaraflinn verði sem næst því sem að var stefnt í ársbyrjun.

Fylgiskjal IV.



Fylgiskjal V.



Fylgiskjal VI.



Nd. 363. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá 2. minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar (JBH).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 396 952 þús. kr. í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 1 850 000 þús. kr.
2. Við 3. gr. Í stað „490 000“ kemur: 450 000.
3. Við 5. gr. Í stað „100 000“ kemur: 50 000.
4. Við 7. gr. Í stað „1 442 000“ kemur: 1 087 000.
5. Við 8. gr. Í stað „350 000“ kemur: 200 000.
6. Við 18. gr. Í stað „80 000“ kemur: 100 000.
7. Við 23. gr. Í stað „15 000“ kemur: 30 000.

Sþ. **364. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 6. gr. Nýr liður:
   1.4 Að greiða hlut Íslands í kostnaði vegna fyrirhugaðra sameiginlegra hafsbotnsrannsókna Íslendinga og Dana á Hatton-Rockall-svæðinu að jafnvirði allt að 500 þúsund bandaríkjadölum.

2. Við 6. gr. 3.11. Liðurinn orðist svo:
   3.11 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, þar með talið af dráttarvélum og tækjum, til fóðuriðja. Heimild þessi tekur einnig til dráttarvéla sem keyptar hafa verið á árinu 1985. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

3. Við 6. gr. 3.23.
   Liðurinn fellur brott.

4. Við 6. gr. 3.25. Við liðinn bætist: og litgrafík-vélhermi fyrir Vélskóla Íslands.

5. Við 6. gr. 3.27. 1. málsl. orðist svo: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum og tækjum og hlutum til þeirra til loðdýraræktar, loðkanínuræktar, fiskeldis og fiskiræktar.

6. Við 6. gr. Nýir liðir:
   a. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af myndsegulbandstæki og skjá („monitor“) sem grunnskóli Bolungarvíkur hefur fengið að gjöf.
   b. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum og vélum til byggingar hveitimyllu á vegum Fóðurblöndunnar hf. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   c. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af borholumælingarbíl og búnaði hans sem Orkustofnun hyggst kaupa.
   d. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af reiðhjólum í tollskrárnúmeri 87.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   e. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af hljóðfærum, svo og hlutum til þeirra, í tollskrárnúmerum 92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00 og 92.10.00 sem tollafgreidd verða á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   f. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af kornskurðarvélum. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
   g. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af sjálfvirkum gagnavinnsluvélum og hlutum til þeirra í tollskrárnúmerum 84.53.10, 84.53.20, 84.53.30, 84.53.40, 84.53.50, 84.53.60 og 84.55.21 sem verða tollafgreidd á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

h. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld af flugleiðsögutækjum, aðflugsbúnaði, lýsingarbúnaði flugvalla og öðrum öryggistækjum og fylgihlutum þeirra sem eingöngu eru ætluð til notkunar vegna þjónustu ríkisins við flugstarfsemi. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
i. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar.
j. Að fella niður aðflutningsgjöld af ljósastjórnbúnaði fyrir Leikfélag Hornafjarðar og Ferðaleikhúsið.

7. Við 6. gr. 4.4. Liðurinn orðist svo:
4.4 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af skuldabréfum sem gefin voru út á árinu 1985 vegna skuldbreytingar í sjávarútvegi á grundvelli laga nr. 102/1984 og reglna settra samkvæmt þeim. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

8. Við 6. gr. Nýr liður:
4.5 Að fella niður eða endurgreiða stimpilgjöld af hlutabréfum sem gefin verða út í Granda hf. vegna sameiningar Bæjarútgerðar Reykjavíkur og Ísbjarnarins hf.

9. Við 6. gr. 5.3.
Liðurinn fellur brott.

10. Við 6. gr. Nýir liðir:
a. Að selja húseignina Kópavogsbraut 9, Kópavogi.
b. Að selja flugskýli Flugmálastjórnar á Akureyrarflugvelli.
c. Að selja íbúðarhús í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu.
d. Að selja vitaskipið Árvakur og verja andvirðinu að hluta til kaupa á krana og tækjabúnaði til vitaþjónustu.

11. Við 6. gr.
a. Við 6.13.
Liðurinn fellur brott.
b. Við 6.14.
Liðurinn fellur brott.

12. Við 6. gr. Nýir liðir:
a. Að kaupa húsnæði fyrir varamenn sendiherra í sendiráðum Íslands og taka til þess nauðsynleg lán. Ákvörðun er bundin samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
b. Að kaupa og innrétta húsnæði þar sem séð verði m. a. fyrir aðstöðu til rannsókna á alnæmi og taka til þess nauðsynleg lán. Ákvörðun er bundin samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
c. Að kaupa húsnæði fyrir Fræðsluskrifstofu Vesturlandsumdæmis í Borgarnesi og taka til þess nauðsynleg lán.
d. Að innrétta húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands við Höfðabakka í Reykjavík og taka til þess nauðsynleg lán.

13. Við 6. gr. 9.4. Liðurinn orðist svo:
9.4 Að láta heimild í 2. gr. laga nr. 95/1984, um breyting á lögum nr. 18/1977, um Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, koma til framkvæmda svo að stimpilgjöld af hlutabréfum í Íslenska járnblendifélaginu hf., að nafnverði 660 milljónir króna, verði 6 milljónir króna í stað 13,2 milljóna króna.

14. Við 6. gr. Nýir liðir:
    a. Að greiða í samráði við fjárveitinganefnd og að höfðu samráði við samgönguráðuneytið allt að 5 m. kr. til Ferðamálasjóðs vegna fjárhagsvanda Hótels Ísafjarðar, enda fallist allir aðrir lánardrottnar á það skilyrði að gefa eftir tilsvarandi upphæð af kröfum sínum á hendur hótelinu.
    b. Að fella niður allt að 10 m. kr. af vanskilaskuld Grindavíkurhafnar að lokinni frekari athugun á fjármálum hennar og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
    c. Að semja við Lúther S. Kristjánsson um greiðslu bóta vegna uppgjörs á dánarbótum.
    d. Að fela Ríkisábyrgðasjóði að greiða niður vexti er féllu árin 1984 og 1985 á erlend stofnlán sem tekin voru vegna kaupa á bv. Stakfelli og bv. Sunnutindi. Niðurgreiðslan verði við það miðuð að lán tengd nefndum skipum verði með svipuðum vaxtakjörum og gilda um stofnlán úr Fiskveiðasjóði.
    e. Að auka hlutafé ríkissjóðs í Grænfóðuriðjunni Vallhólmi hf. í sama hlutfalli og aðrir hluthafar samanlagt kunna að auka hlutafé sitt, enda verði rekstrargrundvöllur fyrir hendi að mati fjármálaráðuneytisins.
    f. Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs lán sem tekin kunna að verða til kaupa á dýpkunarskipi, enda liggi fyrir áætlanir samgönguráðuneytisins um líkleg verkefni fyrir slíkt skip, svo og áætlanir um rekstur þess.
    g. Að semja við fráfarandi þjóðgarðsvörð í Skaftafelli um húsnæðismál þjóðgarðsvarðar.
    h. Að semja við Akraneskaupstað um byggingu stjórnsýsluhúss á Akranesi.
    i. Að semja við Skallagrím hf. um uppgjör á vanskilaskuld fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta.

Sþ. 365. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1986 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**985 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	433 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	42 000	
4111	Eignarskattur, félög	280 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	65 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	120 000	
4118	Erfðafjárskattur	45 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
412	**Tekjuskattar, nettó**		**3 480 000**
4120	Tekjuskattur, einstaklingar, brúttó	4 835 000	
4121–2	Barnabætur, persónuafsláttur til greiðslu eignarskatts, eignarskattsauka, sjúkratryggingagjalds og útsvars	2 220 000	
	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	2 615 000	
4123	Tekjuskattur, félög	625 000	
4128	Sjúkratryggingagjald	240 000	
413	**Persónuskattar**		**75 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	75 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 368 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 540 000	
4201	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	172 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**2 103 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	175 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	1 365 000	
4212	Jöfnunargjald	267 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7 300	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	130 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	18 400	
4214	Tollafgreiðslugjald	135 000	
42151	Gjald af gas- og brennsluolíum	5 300	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**264 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	166 000	
4221	Leyfisgjald	98 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 220 500**
4235	Vörugjald	207 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	43 500	
4232	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu	275 000	
4233	Sérstakt vörugjald af innflutningi	1 695 000	
424	**Sölugjald**		**14 335 000**
4240–2	Söluskattur, alls	15 140 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	805 000	
426	**Skattar af raforku**		**461 000**
4260	Verðjöfnunargjald af raforku	440 000	
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	21 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**2 431 200**
4271	Rekstrarhagnaður ÁTVR	2 430 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	1 200	
428	**Sérstakir skattar á þjónustu**		**140 000**
4280	Skemmtanaskattar:		
42801	Skemmtanaskattur	39 000	
42802	Miðagjald	6 000	
4281	Flugvallaskattur	95 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**300 370**
4290	Aukatekjur, almennar	120 000	
42901	Skráningargjöld hlutafélaga	850	
4291	Prófgjöld	4 000	
4292	Skoðunargjald ökutækja	82 500	
4293	Skráningargjald ökutækja	84 000	
4294	Skattar af þjónustu, ýmsir:		
42941	Sérleyfisgjald	3 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	3 000	
42943	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
42944	Sérlyfjagjald	3 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**2 737 000**
4301	Launaskattur	1 640 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	860 000	
4303	Slysatryggingagjald	125 000	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	112 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**1 740 860**
4310	Þinglýsingar	19 000	
4311	Stimpilgjald	790 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	550 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	125 000	
4313	Ýmsir skattar af skipum:		
43131	Lestagjald	50	
43132	Vitagjald	15 000	
43133	Skipaskoðunargjald	2 200	
4314	Skipulagsgjald	17 000	
43152	Hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum	14 500	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	35 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	21 310	
4318	ICAO-tekjur	151 800	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**2 625 000**
	Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	830 000	
	Vaxtatekjur af endurlánareikningi ríkissjóðs	1 795 000	
482	**Arðgreiðslur**		**516 100**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	1 600	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	135 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	34 500	
4821	Sameignir ríkisins	10 000	
4822	Arður af hlutabréfum	2 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	140 000	
48204	Póstur og sími	188 000	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**42 600**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	40 000	
4999	Óvissar tekjur	2 500	
49991	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	100	
	Tekjur samtals		37 824 630

Sþ. 366. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 43133 Skipaskoðunargjald.	
Fyrir „2 200“ kemur	4 346
2. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 1.21 Mannfræðistofnun háskólans.	
Fyrir „1 276“ kemur	1 600
3. Við 4. gr. 02-207 Íslensk málstöð.	
Fyrir „1 983“ kemur	3 728
4. Við 4. gr. 02-982 Listir, framlög. Nýr liður:	
1.81 Leikfélög, skuldagreiðslur	2 200
5. Við 4. gr. 03-399 Ýmis utanríkismál. Nýr liður:	
1.81 Tækniaðstoð við Colombíu	970
6. Við 4. gr. 04-235 Landgræðsla ríkisins. 4 Sértekjur.	
Fyrir „6 930“ kemur	5 730
7. Við 4. gr. 04-246 Veiðimálaskrifstofan. Nýr liður:	
6.40 Laxeldisstöðin í Kollafirði	2 400
8. Við 4. gr. 04-287 Stofnlánadeild landbúnaðarins.	
Fyrir „36 700“ kemur	41 580
9. Við 4. gr. 04-501 Bændaskólinn á Hvanneyri. 4 Sértekjur.	
Fyrir „19 298“ kemur	18 098
10. Við 4. gr. 05-299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.32 Námskeið fyrir fiskvinnslufólk	5 000
11. Við 4. gr. 06-283 1.10 Fangahjálp.	
Fyrir „1 261“ kemur	1 400
12. Við 4. gr. 06-304 Ýmis kirkjuleg málefni.	
a. Við 1.58 Kirkjugarðaeftirlit.	
Fyrir „475“ kemur	600
b. Við 1.90 Ýmislegt.	
Fyrir „4 753“ kemur	4 980
13. Við 4. gr. 07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.	
a. Við 1.27 Sambýli Víðihlíð 7.	
Fyrir „1 397“ kemur	1 747
b. Nýr liður:	
1.71 Sambýli Sóleyjargötu	1 531
14. Við 4. gr. 07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi. Liðurinn orðist svo:	
1.22 Sambýli Klettahrauni 17	2 602
15. Við 4. gr. 07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi. 1.01 Svæðisstjórn.	
Fyrir „1 838“ kemur	2 038
16. Við 4. gr. 07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
6.82 Markarfljót, varnargarðar	2 500
17. Við 4. gr. 08-271 Tryggingastofnun ríkisins. 1.20 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „2 157 260“ kemur	4 023 194
18. Við 4. gr. 08-273 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
Fyrir „235 685“ kemur	335 685
19. Við 4. gr. 08-350 Málefni fatlaðra. 1.60 Önnur samtök.	
Fyrir „2 000“ kemur	3 000

	Þús. kr.
20. Við 4. gr. 08-371 Ríkisspítalar.	
a. Við 1.10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild.	
Fyrir „897 918“ kemur	900 718
b. Við 1.40 Stoðdeildir, rannsóknastofur.	
Fyrir „241 995“ kemur	261 895
c. Við 1.50 Þjónustudeildir.	
Fyrir „447 520“ kemur	473 020
d. Við 5.60 Stjórnarnefnd, viðhald.	
Fyrir „12 000“ kemur	17 500
e. Við 6.60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður.	
Fyrir „50 000“ kemur	57 000
21. Við 4. gr. 08-384 Borgarspítalinn, Reykjavík.	
Liðurinn fellur brott.	
22. Við 4. gr. 08-386 1.01 St. Jósefsspítali, Landakoti.	
Fyrir „386 501“ kemur	414 636
23. Við 4. gr. 08-387 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.	
Fyrir „339 478“ kemur	341 978
24. Við 4. gr. 08-388 Ýmis sjúkrahús.	
a. Við 1.11 Sjúkrahúsið Akranesi.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 1.12 Sjúkrahúsið Húsavík.	
Liðurinn fellur brott.	
c. Við 1.13 Sjúkrahúsið Sauðárkróki.	
Liðurinn fellur brott.	
d. Við 1.14 Sjúkrahúsið Siglufirði.	
Liðurinn fellur brott.	
e. Við 1.15 Fjórðungssjúkrahúsið Ísafirði.	
Liðurinn fellur brott.	
f. Við 1.17 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað.	
Liðurinn fellur brott.	
g. Við 1.18 Sjúkrahúsið Keflavík.	
Liðurinn fellur brott.	
h. Við 1.19 Sjúkrahúsið Patreksfirði.	
Liðurinn fellur brott.	
i. Við 1.20 Sjúkrahúsið Seyðisfirði.	
Liðurinn fellur brott.	
j. Við 1.21 Sjúkrahúsið Egilsstöðum.	
Liðurinn fellur brott.	
k. Við 1.22 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi.	
Liðurinn fellur brott.	
l. Við 1.23 Héraðshæli Austur-Húnvetninga, Blönduósi.	
Liðurinn fellur brott.	
25. Við 4. gr. 08-395 Lyfjamál. 1.31 Lyfsölusjóður.	
Fyrir „250“ kemur	500
26. Við 4. gr. 08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	
1.41 Atvinnusjúkdómar (lokagreiðsla)	200
27. Við 4. gr.09-381 Uppbætur á lífeyri.	
Fyrir „476 231“ kemur	477 287

	Þús. kr.
28. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins. 5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila.	
Fyrir „460“ kemur	500
29. Við 4. gr. 10-341 Siglingamálastofnun ríkisins. 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „27 832“ kemur	29 232
30. Við 4. gr. 10-342 Sjóslysanefnd. Nýr liður:	
1.04 Öryggismálanámskeið sjómanna	5 500
31. Við 4. gr. 10-485 Ýmis framlög. Nýir liðir:	
a. 1.23 Sjálfvirkt tilkynningakerfi fyrir fiskiskip	900
b. 1.24 Ferðamálasamtök	250
32. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. 6.20 Sveitarafvæðing.	
Fyrir „5 000“ kemur	10 000
33. Við 5. gr. 24-246 Laxeldisstöðin Kollafirði.	
a. Nýr liður:	
4910 Framlög ríkissjóðs	2 400
b. Nýr liður:	
18 Fjárfestingar	1 600
c. Við 26 Afborgun lána.	
Fyrir „404“ kemur	1204

Sþ. 367. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „100 000“ kemur	95 000
2. Við 4. gr. 02-871 Unglingaheimili ríkisins.	
Fyrir „4 660“ kemur	5 294
3. Við 4. gr. 02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „750 000“ kemur	865 000
4. Við 4. gr. 02-907 Listasafn Íslands. 6.20 Fríkirkjuvegur 7.	
Fyrir „35 000“ kemur	21 000
5. Við 4. gr. 02-973 Þjóðleikhúsið. 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „52 962“ kemur	59 448
6. Við 4. gr. 02-974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.	
Fyrir „23 070“ kemur	26 367
7. Við 4. gr. 02-976 Menningarsjóður, framlag.	
Fyrir „5 100“ kemur	6 000
8. Við 4. gr. 04-207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Liðurinn fellur brott.	
9. Við 4. gr. 10-102 Póst- og símamálastofnunin.	
Fyrir „65 000“ kemur	103 000

	Þús. kr.
10. Við 4. gr. 10-211 Vegagerð ríkisins.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „108 760“ kemur	109 460
b. Við 5.10 Þjóðvegir.	
Fyrir „752 840“ kemur	850 000
c. Við 6.10 Þjóðvegir og brýr, nýframkvæmdir.	
Fyrir „958 400“ kemur	877 000
d. Við 6.30 Fjallvegir.	
Fyrir „24 600“ kemur	25 000
e. Við 6.40 Tilraunir.	
Fyrir „6 000“ kemur	7 000
f. Við 6.50 Sýslu- og þéttbýlisvegafé.	
Liðurinn fellur niður.	
g. Nýir liðir:	
6.51 Sýsluvegafé	55 000
6.52 Þéttbýlisvegafé	117 000
11. Við 4. gr. 10-321 Strandferðir, framlög. 1.10 Skipaútgerð ríkisins.	
Fyrir „103 526“ kemur	118 566
12. Við 4. gr. 10-333 Hafnamál. 6.50 Landshafnir, endurgreiðslur lána.	
Fyrir „4 054“ kemur	4 622
13. Við 4. gr. 11-371 Orkusjóður. 5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða.	
Fyrir „173 721“ kemur	193 581

Sþ. 368. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 4. gr. Launaliðir á almennum rekstri stofnana, annarra en Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, sendiráða Íslands erlendis og Vegagerðar ríkisins, hækka um 12,2% vegna kauphækkana á árinu 1985 umfram forsendur fjárlagafrumvarps og væntanlegra kauphækkana á árinu 1986. Þó hækkar ekki liðurinn Grunnskólar, almennt.
2. Við 4. gr. Önnur gjöld án eignakaupa (52—57) á almennum rekstri stofnana hækka um 15,4%. Liðurinn eignakaup (58) hækkar ekki. Hækkunin tekur ekki til þessara viðfangsefna:

02–232 1.02 Erlend samskipti.
02–720 1.90 Grunnskólar, almennt.
03–301–03–312 Sendiráð Íslands erlendis.
04–201 1.40 Ýmis framlög.
05–202 1.50 Skuldagreiðsla vegna fyrri ára.
05–299 1.26 Norræn fiskimálaráðstefna.
06–281 1.82 Aðgerðir gegn fíkniefnum.
06–304 1.90 Ýmislegt.
08–271 1.01 Yfirstjórn.
08–381 1.20 Heilsuverndarstöðvar, styrkur.
08–399 1.42 Kostnaður skv. lögum um farsóttir, sóttvarnir og ónæmi.
09–481 1.01 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum.

09–999 1.13 Kjarasamningar.
09–999 1.14 Tryggingabætur skv. kjarasamningum.
09–999 1.15 Kjararannsóknir.
09–999 1.16 Bókhaldskerfi ríkisins.
09–999 1.17 Ýmis sameiginlegur kostnaður.
09–999 1.18 Til blaðanna, að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar.
09–999 1.60 Dómkröfur og málskostnaður.
09–999 1.61 Ýmis innheimtukostnaður.
09–999 1.90 Óviss útgjöld.
10–211 Vegagerð ríkisins.
10–333 1.10 Hafnarannsóknir og mælingar.
10–652 1.65 Alþjóðasamvinna.
15–991 1.01 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

3. Sértekjur á almennum rekstri hækka um 13,2%. Hækkunin tekur þó ekki til þessara stofnana eða viðfangsefna:
01–102 Þjóðhagsstofnun.
02–201 Háskóli Íslands.
02–561 Myndlista- og handíðaskólinn.
04–235 Landgræðsla ríkisins.
06–206 Lögreglustjórinn í Reykjavík.
06–208 Rannsóknarlögregla ríkisins.
06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi.
06–282 Ýmis löggæslukostnaður.
07–954 Vinnueftirlit ríkisins.
08–323 Tryggingaeftirlitið.
08–395 Lyfjamál.
09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.
09–999 Ýmislegt.
10–333 Hafnamál.

4. Tilfærslur á eftirtöldum fjárlagaliðum hækka um 14,3%:
02–319 1.01 Framhaldsskólar, almennt.
02–701–02–708 Grunnskólar.
02–750 1.40 Dagvist forskólabarna.
02–750 1.50 Sameiginleg þjónusta.
02–802 Vernd barna og ungmenna.
04–205 Veiðistjóri.
05–299 1.24 Sjóvinnu- og rannsóknabátur.
06–281 1.81 Norræn samvinna á sviði sakfræði.
06–283 Fangamál, ýmis kostnaður.
06–304 1.90 Ýmislegt.
07–700 1.10 Vistanir.
07–700 1.80 Starfsþjálfun.
07–701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.
07–702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi.
07–706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra.
08–350 1.10 Endurhæfingarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.
08–350 1.20 Sjálfsbjörg Akureyri.
08–350 1.30 Sumardvalarheimili í Reykjadal.
11–299 1.27 Iðnráðgjafar.
11–371 1.01 Rekstur Orkusjóðs.
12–101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

5. Tilfærslur á eftirtöldum fjárlagaliðum hækka um 12,2%:
   00–201 1.07 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka.
   02–982 1.12 Launasjóður rithöfunda.
   02–982 1.13 Höfundagreiðslur skv. 21. gr. höfundalaga.
   02–982 1.14 Rithöfundasjóður Íslands.
   02–982 1.15 Þýðingarsjóður.
   02–982 1.71 Listamannalaun.
   02–982 1.72 Starfslaun listamanna.
   07–700 1.05 Kostnaður skv. 19. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.

	Þús. kr.
6. Við 4. gr. 01–101 1.31 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs.	
Fyrir „10 781“ kemur	13 095
7. Við 4. gr. 01–102 Þjóðhagsstofnun 4 Sértekjur.	
Fyrir „14 803“ kemur	16 678
8. Við 4. gr. 02–201 Háskóli Íslands.	
a. 51 Laun.	
Fyrir „322 303“ kemur	370 898
b. 4 Sértekjur.	
Fyrir „113 538“ kemur	117 610
9. Við 4. gr. 02–232 1.02 Erlend samskipti.	
Fyrir „550“ kemur	670
10. Við 4. gr. 02–321 Kennaraháskóli Íslands 51 Laun.	
Fyrir „53 652“ kemur	63 197
11. Við 4. gr. 02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands 6.50 Fasteign.	
Fyrir „17 438“ kemur	20 119
12. Við 4. gr. 02–518 Fiskvinnsluskólinn 6.01 Fasteign, kennsluhús.	
Fyrir „14 288“ kemur	16 485
13. Við 4. gr. 02–561 Myndlista- og handíðaskólinn 4 Sértekjur.	
Fyrir „8 519“ kemur	9 591
14. Við 4. gr. 02–984 1.12 Samstarf á sviði menningarmála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun.	
Fyrir „3 988“ kemur	4 071
15. Við 4. gr. 03–301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu.	
Fyrir „7 592“ kemur	9 835
16. Við 4. gr. 03–302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn.	
Fyrir „9 102“ kemur	11 616
17. Við 4. gr. 03–303 Sendiráð Íslands í London.	
Fyrir „11 760“ kemur	14 061
18. Við 4. gr. 03–304 Sendiráð Íslands í Moskvu.	
Fyrir „10 010“ kemur	11 931
19. Við 4. gr. 03–305 Sendiráð Íslands í Ósló.	
Fyrir „9 117“ kemur	11 081
20. Við 4. gr. 03–306 Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá OECD og UNESCO.	
Fyrir „11 386“ kemur	14 671
21. Við 4. gr. 03–307 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi.	
Fyrir „7 973“ kemur	9 766
22. Við 4. gr. 03–308 Sendiráð Íslands í Washington.	
Fyrir „17 523“ kemur	18 684

23. Við 4. gr. 03-309 Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðismaður í New York.

	Þús. kr.
Fyrir „21 795“ kemur	23 240

24. Við 4. gr. 03–311 Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO.

Fyrir „10 811“ kemur	13 616

25. Við 4. gr. 03–312 Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf.

Fyrir „10 929“ kemur	14 192

26. Við 4. gr. 03–399 Ýmis utanríkismál.
    a. Við 1.30 Lögberg-Heimskringla.

Fyrir „194“ kemur	207

    b. Við 1.40 Samskipti við Vestur-Íslendinga.

Fyrir „175“ kemur	187

27. Við 4. gr. 03–401 Alþjóðastofnanir. Liðurinn orðist svo:

		Þús. kr.	Þús. kr.
03–401	**Alþjóðastofnanir**		68 749
1.10	Sameinuðu þjóðirnar, UN	9 339	
1.11	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO	3 443	
1.12	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO	1 868	
1.13	Menningarmálastofnun S.þ., UNESCO	1 447	
1.14	Matvæla- og landbúnaðarstofnun S.þ., FAO	2 988	
1.15	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	1 821	
1.16	GATT	1 666	
1.17	Alþjóðaveðurfræðistofnunin, WMO	1 046	
1.18	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMCO	337	
1.19	Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNDP	5 000	
1.20	Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn, UNICEF	500	
1.21	Aðstoð við palestínska flóttamenn, UNRWA	445	
1.22	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR	1 471	
1.23	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna á Kýpur, UNFICYP	513	
1.24	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP	644	
1.25	Eftirlitsnefnd með gin- og klaufaveiki, FAO	38	
1.26	Sameinuðu þjóðirnar, ýmsir sérsjóðir	488	
1.27	Alþjóðagerðardómurinn í Haag	12	
1.28	Tollasamvinnuráðið, CCC	546	
1.29	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB	254	
1.30	Alþjóðahvalveiðiráðið, IWC	806	
1.31	Alþjóðahafrannsóknir (ICES, ICNAF, NEAFC)	2 772	
1.32	Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga	47	
1.33	Alþjóðalandfræðisambandið, IGU	14	
1.34	Alþjóðajarðfræðisambandið, IUGS	17	
1.35	Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar	499	
1.36	Bernarsambandið	280	
1.37	Alþjóðaráð Rauða krossins	1 107	
1.38	Alþjóðasamband sakamálalögreglu, INTERPOL	665	
1.39	Evrópuráðið	3 029	
1.40	Efnahags- og framfarastofnunin, OECD	4 242	
1.41	Atlantshafsbandalagið, NATO	11 681	
1.42	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	4 589	
1.43	Norræn nefnd um neytendamál	10	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1.44	Alþjóðanáttúruverndarsambandið	138	
1.45	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna fyrir botni Miðjarðarhafs	528	
1.46	Alþjóðasamband um byggingaskipulag	19	
1.47	Oslóarsamningur um varnir gegn mengun	206	
1.48	Alþjóðajarðeðlisfræðisambandið	44	
1.49	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	2 688	
1.50	Sameindalíffræðiþing Evrópu	130	
1.51	Neyðarhjálparstofnun S.þ., UNDRO	276	
1.53	Parísarsamningur um varnir gegn mengun	205	
1.54	Mannfjöldasjóður S.þ., UNFPA	122	
1.55	Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR	302	
1.56	Sjóður Sameinuðu þjóðanna til fórnarlamba pyntinga	93	
1.57	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO	374	
	Gjöld samtals		68 749

28. Við 4. gr. 04–235 Landgræðsla ríkisins 4 Sértekjur.
Fyrir „6 930“ kemur 6 466
29. Við 4. gr. 04–289 Jöfnunargjald.
Fyrir „3 300“ kemur 4 125
30. Við 4. gr. 04–290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.
Fyrir „600 000“ kemur 720 000
31. Við 4. gr. 04–299 6.19 Lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982.
Fyrir „26 640“ kemur 30 354
32. Við 4. gr. 06–206 Lögreglustjórinn í Reykjavík 4 Sértekjur.
Fyrir „22 018“ kemur 24 762
33. Við 4. gr. 06–281 Dómsmál, ýmis starfsemi 4 Sértekjur.
Fyrir „3 382“ kemur 3 825
34. Við 4. gr. 07–700 1.04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um aðstoð við þroskahefta.
Fyrir „51 677“ kemur 55 122
35. Við 4. gr. 07–954 Vinnueftirlit ríkisins 4 Sértekjur.
Fyrir „32 262“ kemur 36 389
36. Við 4. gr. 07–999 1.11 Meðlög skv. lögum nr. 9/1981.
Fyrir „60 554“ kemur 65 158
37. Við 4. gr. 08–271 Tryggingastofnun ríkisins.
a. Við 1.01 Yfirstjórn.
Fyrir „122 525“ kemur 139 669
b. Við 1.10 Lífeyristryggingar.
Fyrir „4 350 200“ kemur 4 812 500
c. Við 1.20 Sjúkratryggingar.
Fyrir „2 157 260“ kemur 4 811 675
d. Við 1.30 Slysatryggingar.
Fyrir „116 700“ kemur 132 221
e. Við 4 Sértekjur.
Fyrir „32 346“ kemur 36 713
38. Við 4. gr. 08–323 Tryggingaeftirlitið 4 Sértekjur.
Fyrir „5 315“ kemur 6 021

Þús. kr.

39. Við 4. gr. 08–386 1.01 St. Jósefsspítali, Landakoti.
Fyrir „386 501“ kemur 474 898
40. Við 4. gr. 08–387 1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri
Fyrir „339 478“ kemur 391 202
41. Við 4. gr. 08–388
a. Við 1.16 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum.
Fyrir „62 861“ kemur 72 014
b. Við 1.24 Sólvangur, Hafnarfirði.
Fyrir „82 810“ kemur 94 743
42. Við 4. gr. 08–395 Lyfjamál 4 Sértekjur.
Fyrir „5 390“ kemur 6 023
43. Við 4. gr. 09–251 Gjaldheimtan í Reykjavík 4 Sértekjur.
Fyrir „20 115“ kemur 22 910
44. Við 4. gr. 09–901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins 4 Sértekjur.
Fyrir „18 338“ kemur 20 806
45. Við 4. gr. Nýr liður:
09–989 Launa- og verðlagsmál 100 000
46. Við 4. gr. 10–652 Veðurstofa Íslands.
a. Við 1.65 Alþjóðasamvinna.
Fyrir „816“ kemur 976
b. Við 6.90 Stofnkostnaður deilda.
Fyrir „5 280“ kemur 5 630
47. Við 4. gr. 11–289 Jöfnunargjald.
Fyrir „140 000“ kemur 175 000
48. Við 4. gr. 11–380 Verðjöfnunargjald af raforku.
Fyrir „390 000“ kemur 440 000
49. Við 4. gr. 15–991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir.
Fyrir „3 243 700“ kemur 3 807 000

Ed. 369. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Undirritaður telur stjórn fiskveiða nauðsynlega vegna takmarkaðra fiskistofna.
2. Sú stjórnunaraðferð, sem beitt hefur verið undanfarin ár, hefur að mati undirritaðs skilað afar takmörkuðum árangri. Þrátt fyrir ýmsar lagfæringar er kerfið enn meingallað. Það dregur úr sjálfsbjargarviðleitni og heftir framsækna fiskimenn meira en góðu hófi gegnir.
3. Stirðbusaleg framkvæmd á afbrigðilegum tilvikum hjá einstökum fiskiskipum gerir þetta stjórnkerfi verra en þyrfti að vera.
4. Samkvæmt frumvarpinu tekur of langan tíma að vinna sig út úr úthlutuðum afla.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1985.

Karl Steinar Guðnason.

Ed. 370. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í neðri deild.

Alþingi, 19. des. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Salome Þorkelsdóttir.	Karl Steinar Guðnason.

Sþ. 371. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 21. desember 1985 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 27. janúar 1986.

Sþ. 372. Þingsályktun [193. mál]

um staðfestingu samkomulags um stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið.

(Afgreidd frá Sþ. 19. des.)

Samhljóða þskj. 256.

Nd. 373. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og þær breytingar á því sem samþykktar hafa verið í efri deild. Er nefndin samþykk þeim og leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Pálmi Jónsson, Guðmundur Einarsson og Friðjón Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 1985.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Stefán Guðmundsson.	

Sþ. 374. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Eiði Guðnasyni, Haraldi Ólafssyni, Ragnari Arnalds, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Við 6. gr. 3.9. Liðurinn orðist svo:

3.9 Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi útvarps, svo og óáteknum filmum, myndböndum og hljóðböndum fyrir útvarp. Enn fremur að fella niður aðflutningsgjöld og sölugjald af upptökubifreið sem Ríkisútvarpið hyggst kaupa á árinu 1986. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ed. 375. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um geislavarnir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til viðtals Örn Bjarnason, forstjóra Hollustuverndar ríkisins, Sigurð Magnússon, forstöðumann geislavarnadeildar, Ingimar Sigurðsson stjórnarformann og Davíð Á. Gunnarsson, stjórnarmann Hollustuverndar ríkisins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í neðri deild. Minni hl. skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1985.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. | Helgi Seljan, fundaskr., með fyrirvara. | Björn Dagbjartsson.

Karl Steinar Guðnason. | Salome Þorkelsdóttir.

Nd. 376. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Hallarekstur, skuldasöfnun og fjármunasóun í ríkisbúskapnum er undirrót vaxandi verðbólgu, misgengis atvinnuvega og versnandi lífskjara. Vextir og afborganir erlendra lána samsvara nú þegar söluverðmæti alls þorskafla sem á land berst. Vaxtagreiðslurnar einar samsvara meira en 11% af öllum atvinnutekjum landsmanna. Þessi tollur erlendra fjármagnseigenda á verðmætasköpun þjóðarinnar er orðinn svo hár að allir heilvita menn hljóta að taka undir kröfuna: *Hingað — en ekki lengra.*

Óbreytt stefna er óútfyllt ávísun á stóraukna skattbyrði og verri lífskjör í framtíðinni. Óbreytt stefna er því ábyrgðarlaus atlaga að lífskjörum ungu kynslóðarinnar og efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar. Fjárlög og lánsfjárlög fyrir árið 1986 eru seinustu tækifæri núv. ríkisstjórnar til að snúa frá helstefnunni. Hafi stjórnarliðar ekki þrek til að horfast í augu við veruleikann nú munu þeir ekki gera það á kosningaári 1987. Þetta eru seinustu fjárlög sem núv. stjórnarmeirihluti ber ábyrgð á í framkvæmd. Þessi fjárlagagerð er því prófsteinn á pólítíska ábyrgðartilfinningu nýs fjármálaráðherra — formanns Sjálfstæðisflokksins.

2. Tölur tala sínu máli um gjaldþrot óbreyttrar stefnu í ríkisfjármálum. Fjárlög 1985 reyndust marklaus. Hallinn á A-hluta ríkissjóðs verður þrisvar til fjórum sinnum meiri en áætlað var. Að mati Þjóðhagsstofnunar er hallinn áætlaður 2,5—2,7 milljarðar kr. Nettóaukning erlendra skulda 1985 er áætluð meira en 3,3 milljarðar kr. Viðskiptahallinn er áætlaður 5,8 milljarðar í árslok — ca. 20 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Aukning skammtímalána er áætluð allt að 4,3 milljarðar kr. í árslok. Ætla má að ríkisútgjöldin vaxi allt að 15% að raungildi milli áranna 1984 og 1985. Hallarekstur og skuldasöfnun í ríkisbúskapnum og viðskiptahalli þjóðarbúsins út á við fer vaxandi ár frá ári, að því er virðist stjórnlaust. Verði ekki snúið við af þessari braut þegar í stað blasir við efnahagsleg og pólitísk upplausn.
3. Frumvörp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga og lánsfjárlaga bera með sér að áfram á að feta troðnar slóðir, götuna til glötunar. Heildarlántökur opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja, eru áætlaðar12 487 m. kr. á árinu. Þar af er ráðgert að afla 8277 m. kr. með erlendum lántökum. Erlendar lántökur A-hluta ríkissjóðs verða eftir sem áður hærri en afborganir eldri lána. Erlendar lántökur í heild sinni til ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja með aðild ríkissjóðs og sjóðakerfis, bera með sér að áfram er fylgt óbreyttri stefnu. Þannig er fjárþörf tveggja stærstu félagslegu lánasjóðanna, byggingarsjóða ríkisins og Lánasjóðs ísl. námsmanna, áfram mætt með erlendum lánum sem bera ávöxtunarkjör langt umfram greiðslugetu lántakenda þessara sjóða. Þetta er enn ein ávísunin á hærri skatta í framtíðinni. Arðsemiskröfur, eins og t.d. að erlend lán séu því aðeins tekin að fyrirhuguð fjárfesting spari erlendan gjaldeyri eða leiði til aukinnar gjaldeyrisöflunar, er víðast hvar látin lönd og leið, sbr. erlendar lántökur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggðastofnunar eða ríkisábyrgð á svokölluðu raðsmíðaverkefni frá árunum 1982—85. Ekki örlar á viðleitni til breyttra vinnubragða við sjálfa fjárlagagerðina. Fjárlagagerðin einkennist áfram af sjálfvirkum framreikningi verðbólgunnar og óskhyggju ríkisforstjóra um meira fé, skv. Parkinsons-lögmáli, burtséð frá mati á heildarsamhengi. Áfram er reynt að fylla upp í „fjárlagagatið“ með hefðbundnum aðferðum og óbreyttu skattakerfi í stað þess að ákveða fyrst viðráðanlega hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum og miða útgjöldin við raunverulegan efnahag og greiðslugetu skattgreiðenda. Sjálfvirkur útgjaldaauki þessa kerfis er áfram stórlega vanmetinn. Ríkisstjórnin horfir áfram aðgerðalaus á ranglátt og hriplekt skattakerfi. Hvergi örlar á þeim pólitíska kjarki sem nauðsynlegur er til að stokka upp ónýtt tekjuöflunarkerfi og sjálfvirka útgjaldaþenslu. Þegar er fyrirsjáanlegt, skv. reynslu undanfarandi ára, að ríkissjóður verður áfram rekinn með halla, að markmiðið um stöðvun erlendrar skuldasöfnunar stenst ekki, að vaxtabyrði erlendra lána þyngist enn, viðskiptahallinn verður áfram á fimmta milljarð sem þýðir hækkandi hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu.

4. Breytingartillögur Alþýðuflokksins við frumvarp til fjárlaga og frumvarp til lánsfjárlaga fela í sér róttæka stefnubreytingu í ríkisfjármálum. Með þessum tillögum eru stigin fyrstu skrefin í átt til kerfisbreytingar í ríkisfjármálum. Fjárlagatillögurnar fela m.a. í sér eftirfarandi:
   - *Erlend lántaka* ríkissjóðs (A-hluti) er *lækkuð* um 1,524 m. kr.
   - *Veitt* lán til ríkissjóðs (B-hluti) eru *lækkuð* um 350 m. kr.
   - *Söluskattur:* Með afnámi undanþága og breyttu innheimtukerfi er *tekjuöflun aukin* og *dregið úr skattundandrætti.* Að hluta er auknum tekjum varið til að *lækka söluskatt úr 25% í 20%* og þar með vöruverð í landinu.
   - Staðið er við samþykkt Alþingis um *lækkun tekjuskatts* í áföngum.
   - Eignarskattur einstaklinga er *lækkaður* en eignarskattur á félög *hækkaður.*
   - Vörugjald er *lækkað.*
   - Stigin eru fyrstu skref í átt til *skattahreinsunar* með afnámi smáskatta sem eru dýrir í innheimtu.
   - Stærri hluti af *hagnaði Seðlabanka* er tekinn í í ríkissjóð.
   - *Auknum fjármunum er varið til húsnæðismála* og til sjúkratrygginga og lífeyrisgreiðslna til að verja kjör hinna *öldruðu og verst settu.*
   - *Niðurgreiðslum* er breytt í *beinar greiðslur* til bótaþega almannatrygginga.
   - „*Velferðarkerfi atvinnuvega*“ á fjárlögum er verulega skert.
   - Rannsóknastofnunum atvinnuvega er breytt í sjálfseignarstofnanir sem selja þjónustu sína en njóta áfram ríkisstyrkja.
5. Breytingartillögur Alþýðuflokksins við frumvarp til lánsfjárlaga eru í samræmi við þetta. Aðalatriðið er að heimild fjármálaráðherra til erlendrar lántöku á árinu 1986 er minnkuð úr 2224 m. kr. í 1397 m. kr. — eða um *827 m. kr.* Mest eru erlendar lántökuheimildir Framkvæmdasjóðs ríkisins skertar (355 m. kr.), en skerðingartillögur ná einnig til Byggðastofnunar, Þróunarfélags og Landsvirkjunar. Athygli skal vakin á að í fjárlagatillögum eru framlög ríkissjóðs til byggingalánasjóða ríkisins aukin um 500 m. kr. Þar á móti er afnumin heimild til erlendrar lántöku fyrir Byggingarsjóð ríkisins (150 m. kr.). Innlend lánsfjáröflun byggingarlánasjóðanna hjá lífeyrissjóðum er einnig skert (80 m. kr.). Með þessu móti er eiginfjárstaða sjóðanna bætt, vaxtabyrðin verður léttbærari og útlánagetan meiri.

Almennur rökstuðningur fyrir minni erlendum lántökum sjóðakerfisins byggist á kröfunni um *strangara arðsemismat* framkvæmda. Í því efni skal rifjað upp að í Þjóðhagsáætlun var því slegið föstu að hagkvæmasti fjárfestingarkostur Íslendinga við ríkjandi aðstæður væri í því fólginn að byrja að greiða til baka erlend lán með þungum ávöxtunarkröfum.

Í tillögum Alþýðuflokksins felst einnig að *auka bein framlög* ríkissjóðs til *Lánasjóðs ísl. námsmanna* um 200 m. kr. en skerða erlendar lántökur sem því svarar. Reyndar eru erlendar lántökur, miðað við gildandi raunvexti, fyrir sjóði af þessu tagi óafsakanleg fjárglæframennska. Gegndarlausar lántökur liðinna ára bitna nú þegar með fullum þunga á eiginfjárstöðu og útlánagetu sjóðsins. Menntamálaráðherra hefur boðað breytingar á lögum eða reglugerðum um fjármögnun og útlánareglur sjóðsins. Meðan upplýsingar um þær liggja ekki fyrir er ekki unnt að gera endanlegar tillögur um aðrar fjármögnunarleiðir.

Í tillögum Alþýðuflokksins er ráðgert að auka framlag ríkissjóðs til *Framkvæmdasjóðs fatlaðra* um 20 m. kr. auk þess sem tekinn er upp nýr fjárlagaliður vegna rekstrarkostnaðar svæðisstjórna fatlaðra í öllum kjördæmum landsins.

Skerðingarákvæði um framlag ríkissjóðs til *Ferðamálasjóðs* er afnumið og framlög sjóðsins aukin um 15 m. kr. (en erlendar lántökur skertar samsvarandi). Ferðamannaiðnaður er einn af vaxtarbroddunum í íslensku atvinnulífi og skilar á þriðja milljarð í gjaldeyristekjum. Hér er því um arðbærar framkvæmdir að ræða.

Í heild sinni fela þessar róttæku tillögur Alþýðuflokksins í sér m.a. eftirfarandi:

- *Stöðvun erlendrar skuldasöfnunar.*
- *Stöðvun á sjálfvirkri útgjaldaþenslu í ríkisbúskapnum.*
- *Réttlátara og skilvirkara tekjuöflunarkerfi.*
- *Lægri skattbyrði launþega og þar með aukinn kaupmátt — án verðbólgu.*

Ljóst er að skuldasöfnunar- og fjármagnssóunarstefna stjórnvalda á umliðnum árum bitnar með mestum þunga á unga fólkinu (sem verður að bera hærri skatta í framtíðinni), á sjávarútveginum (sem er ósamkeppnisfær um fjármagn og vinnuafl við verslun og þjónustu), á landsbyggðinni (þar sem sjávarútvegurinn er burðarásinn), á launþegum sem ekki njóta launaskriðs (en það er einkum í sjávarútvegi og iðnaði). Það er í þágu þessara aðila og þjóðarhags sem Alþýðuflokkurinn boðar nú róttæka kerfisbreytingu í ríkisfjármálum.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1986
(millj. kr.)

		Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Erlend lán	Heildar-lántökur
I	**Opinberir aðilar**	1 850	–	–	2 047	3 897
	Ríkissjóður, A-hluti	1 850	–	–	1 397	3 247
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkis-sjóðs	–	–	–	520	520
	Sveitarfélög	–	–	–	130	130
II	**Húsbyggingarsjóðir**	–	–	1 350	–	1 350
	Byggingarsjóður ríkisins	–	–	1 000		1 000
	Byggingarsjóður verkamanna	–	–	350	–	350
III	**Lánastofnanir**	–	350	190	1 422	1 962
	Framkvæmdasjóður	–	350	150	1 087	1 587
	Iðnþróunarsjóður	–	–	–	95	95
	Stofnlánadeild landbúnaðarins	–	–	40	–	40
	Byggðastofnun	–	–	–	200	200
	Útflutningslánasjóður	–	–	–	40	40
IV	**Atvinnufyrirtæki**	–	–	–	2 400	2 400
	Ósundurliðað	–	–	–	2 400	2 400
	Heildarfjárþörf	1 850	350	1 540*)	5 869	9 609

*) Verðbréfakaup lífeyrissjóða af öðrum fjárfestingarlánasjóðum eru áætluð alls 290 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal II.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS
(millj. kr.)

	Lánsfjár-áætlun 1986	Áætlun 1986
Innstreymi	**3 075**	**3 405**
Ríkissjóður	1 300	1 600
Skyldusparnaður, nettó	−50	−50
Lífeyrissjóðir	820	1 000
Afborganir, vextir, verðbætur	795	795
Tekjur tæknideildar	50	50
Annað	10	10
Erlend lán	150	0
Útstreymi	**3 075**	**3 405**
Rekstrarkostnaður	65	65
Afborganir, vextir, verðbætur	960	960
Lánveitingar	2 050	2 380

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Fylgiskjal III.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR ÍSLANDS 1986
(millj. kr.)

	Lánsfjáráætlun 1986	Áætlun 1986
Fjáröflun	**2 022**	**1 967**
Eigið ráðstöfunarfé F.Í.	230	330
Sérstök fjáröflun	50	50
Lán frá innlendum bönkum	350	350
Lán frá lífeyrissjóðum	150	150
Erlend lán	1 242	1 087
Lánveitingar	**2 022**	**1 967**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	310	110
Fiskveiðasjóður, greiðsluhalli	520	520
Fiskveiðasjóður, útlán	350	500[1])
Iðnlánasjóður	500	550
Lánasjóður sveitarfélaga	20	20
Ferðamálasjóður	60	45
Verslunarlánasjóður	20	0
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	0
Landflutningasjóður	8	8
Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14
Framkvæmdasjóður og fiskeldi	150	–
Fiskeldi	–	250

[1]) Þar af 200 m.kr. til skipaviðgerða innanlands.

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sþ. 377. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Eiði Guðnasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Kjartani Jóhannssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Baldvini Hannibalssyni.

	Þús. kr.
1. Við 1. gr. Hluta- og stofnfjárframlög.	
Fyrir „140 000“ kemur	70 000
2. Við 3. gr. 4110 Eignarskattur, einstaklingar.	
Fyrir „383 000“ kemur	389 000
3. Við 3. gr. 41101 Eignarskattsauki, einstaklingar.	
Liðurinn falli niður.	
4. Við 3. gr. Nýr liður:	
41112 Sérstakur stighækkandi eignarskattur, félög	577 000
5. Við 3. gr.	
a. Við 4120 Tekjuskattur, einstaklingar, brúttó.	
Fyrir „3 800 000“ kemur	3 950 000
b. Við 4121-2 Tekjuskattur, einstaklingar, nettó. Í stað „1 975 000“ kemur	1 900 000
6. Við 3. gr. 4235 Vörugjald.	
Fyrir „2 800 000“ kemur	2 840 000
7. Við 3. gr. 4240-2 Söluskattur, alls.	
Fyrir „13 765 000“ kemur	17 600 000
8. Við 3. gr. 428 Sérstakir skattar á þjónustu.	
a. Við 42802 Miðagjald.	
Liðurinn fellur brott.	
b. 4281 Flugvallaskattur.	
Liðurinn fellur brott.	
9. Við 3. gr. 429 Aðrir skattar af veittri þjónustu.	
a. Við 42901 Skráningargjöld hlutafélaga.	
Fyrir „560“ kemur	1 877
b. 4291 Prófgjöld.	
Liðurinn fellur brott.	
c. 4292 Skoðunargjald ökutækja.	
Liðurinn fellur brott.	
d. 42941 Sérleyfisgjald.	
Liðurinn fellur brott.	
e. 42943 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta.	
Liðurinn fellur brott.	
10. Við 3. gr. 4301 Launaskattur.	
Fyrir „1 415 000“ kemur	1 980 000
11. Við 3. gr. 431 Aðrir óbeinir skattar.	
a. Við 43131 Lestagjald.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 43132 Vitagjald.	
Liðurinn fellur brott.	
c. 43133 Skipaskoðunargjald.	
Liðurinn fellur brott.	

	Þús. kr.
12. Við 3. gr. 482 Arðgreiðslur.	
a. Við 48201 Afgjöld ríkisjarða.	
Fyrir „1 400“ komi	14 000
b. Við 4823 Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands.	
Fyrir „140 000“ komi	240 000
13. Við 4. gr. 01 901 Húsameistari ríkisins.	
Liðurinn fellur brott.	
14. Við 02 201 Háskóli Íslands.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „34 486“ kemur	43 800
b. Nýr liður:	
1.26 Kennaraháskólinn	64 200
c. Við 5.50 Fasteignir.	
Fyrir „15 000“ kemur	16 000
d. 6.50 Byggingarframkvæmdir og tækjakaup.	
Fyrir „100 000“ kemur	110 963
15. Við 4. gr. 02 233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	100 000
16. Við 4. gr. 02 321 Kennaraháskóli Íslands.	
Liðurinn fellur brott.	
17. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun. 1.60 Námsefnisgerð.	
Fyrir „5 929“ kemur	11 174
18. Við 4. gr. 02 553 Húsmæðraskólar. Liðurinn orðist svo:	
02 553 Til náms í húsmæðrafræðum.	
1.01 Til rekstrar tveggja húsmæðraskóla skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytis	10 000
1.02 Til húsmæðranámskeiða	4 100
5.90 Viðhaldsfé, óskipt	2 000
19. Við 4. gr. 02 730 6.90 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.	
Fyrir „120 345“ kemur	150 000
20. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „750 000“ kemur	1 090 000
21. Við 4. gr. Nýr liður:	
02 977 Þjóðarbókhlaða	25 000
22. Við 4. gr. 03 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa. 1.32 Markaðsmál.	
Liðurinn orðist þannig:	
1.32 Til markaðssóknar og markaðsöflunar á vegum sendiráða Íslands	25 000
23. Við 4. gr. 03 399 Ýmis utanríkismál 1.80. Liðurinn orðist svo:	
1.80 Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun Alþingis	12 000
24. Við 4. gr. 04 172 Jarðasjóður.	
Fyrir „1 694“ kemur	20 000
25. Við 4. gr. 04 201 Búnaðarfélag Íslands.	
Liðurinn fellur brott.	
26. Við 4. gr. 04 205 Veiðistjóri.	
Liðurinn fellur brott.	

	Þús. kr.
27. Við 4. gr. 04 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Liðurinn orðist svo:	
1.01 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	14 914
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	14 914
28. Við 4. gr. 04 242 Mat á landbúnaðarafurðum.	
Liðurinn fellur brott.	
29. Við 4. gr. 04 272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey.	
Liðurinn fellur brott.	
30. Við 4. gr. 04 288 Jarðræktarlög, framlög.	
a. Við 1.10 Ráðunautar.	
Liðurinn fellur brott.	
b. Við 6.20 Jarðræktarframlög o.fl.	
Fyrir „130 000“ kemur	85 000
31. Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „600 000“ kemur	400 000
32. Við 4. gr. 04 291 Búfjárrækt, framlög skv. lögum nr. 31/1973.	
Liðurinn fellur brott.	
33. Við 4. gr. 05 201 Fiskifélag Íslands.	
Liðurinn fellur brott.	
34. Við 4. gr. 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Liðurinn orðist svo:	
1.01 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	23 287
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	23 287
35. Við 4. gr. 05 216 Ríkismat sjávarafurða.	
Liðurinn fellur brott.	
36. Við 4. gr. 05 298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu.	
Fyrir „5 900“ kemur	20 000
37. Við 4. gr. 06 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnum.	
a. Við 51 Laun.	
Fyrir „2 992“ kemur	5 601
b. Við 52-58 Önnur gjöld.	
Fyrir „236“ kemur	1 426
38. Við 4. gr. 06 252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.	
Liðurinn fellur brott.	
39. Við 4. gr. 07 271 Byggingarsjóður ríkisins.	
Fyrir „1 300 000“ kemur	1 750 000
40. Við 4. gr. 07 272 Byggingarsjóður verkamanna.	
Fyrir „300 000“ kemur	500 000
41. Við 4. gr. Við 07 700 Málefni fatlaðra. Nýr liður:	
1.90 Til aukningar á þjónustu við fatlaða á vegum svæðisstjórna fatlaðra samkvæmt nánari ákvörðunum félagsmálaráðuneytis	10 000
42. Við 4. gr. Við 07 795 Framkvæmdasjóður fatlaðra.	
Fyrir „80 000“ kemur	100 000

	Þús. kr.
43. Við 4. gr. 08 271 Tryggingastofnun ríkisins.	
a. Við 1.10 Lífeyristryggingar.	
Fyrir „4 350 200“ kemur	6 572 900
b. Við 1.20 Sjúkratryggingar.	
Fyrir „2 157 260“ kemur	2 923 200
44. Við 4. gr. 08 371 6.70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð.	
Fyrir „52 000“ kemur	73 000
45. Við 4. gr. 08 381 6.90 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.	
Fyrir „86 000“ kemur	100 000
46. Við 4. gr. 09 201 Ríkisskattsjóri. Nýr liður:	
1.02 Til aðgerða gegn skattsvikum skv. ályktun Alþingis 3. maí 1984	13 464
47. Við 4. gr. 09 999 Ýmislegt. Nýr liður:	
1.80 Til greiðslu biðlauna vegna breytinga og fækkunar ríkisstofnana og fyrirtækja	50 490
48. Við 4. gr. 10 333 6.30 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.	
Fyrir „74 000“ kemur	140 000
49. Við 4. gr. 10 341 Siglingamálastofnun ríkisins. Liðurinn orðist svo:	
1.01 Siglingamálastofnun ríkisins	20 707
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	20 707
50. Við 4. gr. 10 651 Ferðamálaráð. 6.10 Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985.	
Fyrir „15 000“ komi	30 000
51. Við 4. gr. 10 672 Sérleyfissjóður.	
Liðurinn fellur brott.	
52. Við 4. gr. 11 201 Iðntæknistofnun Íslands. Liðurinn orðist svo:	
1.01 Iðntæknistofnun Íslands	30 655
5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	30 655
53. Við 4. gr. 11 221 Lánasjóðir iðnaðarins.	
Liðurinn fellur brott.	
54. Við 4. gr. 11 240 Iðnaðarrannsóknir.	
Liðurinn fellur brott.	
55. Við 4. gr. 11 302 Rafmagnseftirlit ríkisins. Liðurinn orðist svo:	
1.01 Rafmagnseftirlit ríkisins	15 850
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	15 850
56. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „870 000“ kemur	90 000
57. Við 4. gr. 12 903 Skráning hlutafélaga 4 Sértekjur.	
Fyrir „791“ kemur	2 120
58. Við 4. gr. 13 101 Hagstofa Íslands.	
a. Við 1.01 Yfirstjórn.	
Fyrir „23 955“ kemur	42 975
b. Við 6.01 Tækjabúnaður, húsgögn o. fl.	
Fyrir „700“ kemur	2 700
59. Við 4. gr. 15 181 Ríkisbifreiðar.	
Liðurinn fellur brott.	

	Þús. kr.
60. Við 5. gr. 22 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna. 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „750 000“ komi	1 090 000
61. Við 5. gr. 24 172 Jarðasjóður.	
a. 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „1 417“ kemur	20 000
b. Nýr liður:	
27 Til jarðakaupa og aðstoðar við bændur sem vilja hætta búskap	18 306
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „1 694“ kemur	20 000
62. Við 5. gr. 24 206 Tilraunabúið Hesti.	
Liðurinn fellur brott.	
63. Við 5. gr. 24 207 Tilraunastöðin Reykhólum.	
Liðurinn fellur brott.	
64. Við 5. gr. 24 236 Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti.	
Liðurinn fellur brott.	
65. Við 5. gr. 24 237 Stórólfsvallabúið.	
Liðurinn fellur brott.	
66. Við 5. gr. 24 238 Fóðuriðjan Ólafsdal.	
Liðurinn fellur brott.	
67. Við 5. gr. 24 239 Grænfóðurverksmiðjan Flatey, A-Skaftafellssýslu.	
Liðurinn fellur brott.	
68. Við 5. gr. 24 246 Laxeldisstöðin Kollafirði.	
Liðurinn fellur brott.	
69. Við 5. gr. 24 272 Einangrunarstöð holdanauta Hrísey.	
Liðurinn fellur brott.	
70. Við 5. gr. 27 271 Byggingarsjóður ríkisins.	
a. Við 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „1 300 000“ kemur	1 600 000
b. Við 16 Veitt lán.	
Fyrir „2 050 000“ kemur	2 585 000
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „1 390 000“ kemur	1 690 000
71. Við 5. gr. 27 272 Byggingarsjóður verkamanna.	
a. Við 4910 Framlög ríkissjóðs.	
Fyrir „300 000“ kemur	500 000
b. Við 16 Veitt lán.	
Fyrir „760 000“ kemur	960 000
c. Við 39 Ráðstöfun eigin fjár.	
Fyrir „358 000“ kemur	558 000
72. Við 5. gr. Nýr liður:	
30 341 Siglingamálastofnun ríkisins.	
51 Launagjöld	20 707
52–57 Önnur rekstrargjöld	9 377
5,8 Gjöld Samtals	30 084
44–46,7 Seldar vörur og þjónusta	10 694

	Þús. kr.
4910 Framlög ríkisins	20 707
4,7 Tekjur samtals	31 401
Mismunur	1 317
Fjármunahreyfingar út:	
18 Fjárfestingar	1 317
Fjármunahreyfingar inn:	
39 Ráðstöfun eigin fjár	1 317

73. Við 5. gr. 30 672 Sérleyfissjóður.
Liðurinn fellur brott.
74. Við 5. gr. 30 673 Ferðaskrifstofa ríkisins.
Liðurinn fellur brott.

Sþ. 378. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni og Ragnari Arnalds.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands. Nýr liður:	
1.26 Til að undirbúa og hefja kennslu á háskólastigi á Akureyri	5 000
2. Við 4. gr. 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands.	
Fyrir „24 000“ kemur	48 000
3. Við 4. gr. 03-399 1.80 Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.	
Fyrir „4 800“ kemur	15 000

Ed. 379. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um geislavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveim fundum en vegna tímaskorts hefur ekki gefist tækifæri til að athuga málið sem skyldi.

Ekki hefur komið fram neinn rökstuðningur fyrir fjölgun ríkisstofnana með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Undirrituð telur að gæta þurfi aðhalds og sparnaðar í rekstri og uppbyggingu opinberra stofnana.

Ekkert hefur heldur komið fram sem bendir til annars en að hægt sé að sinna sem skyldi því eftirliti, sem Geislavörnum er ætlað að annast, hér eftir sem hingað til frá deild innan Hollustuverndar ríkisins eða annarrar ríkisstofnunar.

Alþingi ætti fremur að leita leiða til þess að sameina og fækka ríkisstofnunum en setja á fót nýjar án sýnilegs ávinnings.

Alþingi, 19. des. 1985.

Kolbrún Jónsdóttir.

Ed. 380. Frumvarp til laga [202. mál]

um verðbréfamiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Með verðbréfi er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Með verðbréfamiðlun er í lögum þessum átt við hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs, kaup eða sölu verðbréfs í annarra þágu og ráðgjöf sem veitt er gegn endurgjaldi um slík kaup eða sölu.

Með verðbréfamiðlara er í lögum þessum átt við þann, sem fengið hefur leyfi samkvæmt 4. gr. og þá sem starfa undir stjórn og ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

3. gr.

Með verðbréfasjóði er í lögum þessum átt við sérhvern lögaðila sem hefur að markmiði að annast kaup eða sölu verðbréfa í eigin nafni og almenningi gefst kostur á að eiga aðild að.

II. KAFLI

Leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs.

4. gr.

Óheimilt er að hafa með höndum verðbréfamiðlun nema með leyfi viðskiptaráðherra, sbr. þó 4. mgr. Leyfi til þeirrar starfsemi skal veitt fullnægi umsækjandi eftirfarandi skilyrðum:

a) Er íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlendis.
b) Hefur óflekkað mannorð.
c) Er fjárráða og hefur aldrei verið sviptur forræði á búi sínu.
d) Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði eða viðskiptafræði. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands, að víkja frá skilyrði þessu hafi umsækjandi sambærilega menntun eða víðtæka starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar. Ráðherra er heimilt að kveða svo á með reglugerð að þeir, sem fullnægja skilyrðum þessum, þurfi að auki að standast sérstakt próf um verðbréfaviðskipti sem haldið skal í samráði við stjórn Verðbréfaþings Íslands, og skal í slíkri reglugerð ákveða hvers efnis prófraun þessi verði, hversu oft hún skuli haldin og hver árangur þurfi að vera til þess að standast hana.

e) Setur bankatryggingau að fjárhæð kr. 2 000 000,00 til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð bankatryggingar skal bundin lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

Félagi eða stofnun er óheimilt að reka verðbréfamiðlun nema sá maður, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu og hefur daglega stjórn hennar með höndum, hafi leyfi samkvæmt 1. mgr. og bankatrygging samkvæmt e-lið 1. mgr. nái einnig til bóta sem félaginu eða stofnuninni kann að verða gert að greiða.

Viðskiptaráðherra skal fella úr gildi leyfi til verðbréfamiðlunar missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem í 1. mgr. getur.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að veita tilteknum viðskiptamanni sínum þjónustu, sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni.

5. gr.

Óheimilt er að stofna eða starfrækja verðbréfasjóð nema sá maður, sem veitir honum forstöðu og hefur daglega stjórn hans með höndum, hafi fengið leyfi samkvæmt 4. gr.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara.

6. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

7. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda, enda leiði nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið skriflegt umboð til þess, en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess, að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð samkvæmt 3. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans, nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Sé þeim, sem krafa samkvæmt verðbréfi beinist að, óskylt að efna skuldbindingar sínar gagnvart síðasta rétthafa þess, nema verðbréfið beri með sér óslitna framsalsröð til hans, skal meta framsalsáritun verðbréfamiðlara samkvæmt 3. mgr. fullgilda þótt umboð fylgi ekki verðbréfinu.

8. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf, sem honum er falið til sölu, eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum, nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands eða viðsemjanda hans sé kunngert hver gagnaðili að viðskiptunum er.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti, sem hann hefur milligöngu um, og um persónuhagi viðskiptamanns síns sem hann öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema honum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða honum sé að lögum skylt að veita þær.

10. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að senda viðskiptamönnum sínum skilagrein þar sem fram kemur hver verðbréf eða fjármuni viðskiptamaður hefur átt í vörslum hans við lok næstliðins árs, hver verðbréf hann hafi keypt eða selt í þágu hans eða haft milligöngu um viðskipti með á næstliðnu ári og á hverju verði þau viðskipti hafa átt sér stað.

11. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína.

IV. KAFLI

Fjárhagsleg ábyrgð gagnvart viðskiptamanni.

12. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón, sem hann bakar honum með störfum sínum, sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

13. gr.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir, sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns, ber honum að bæta allt það tjón er af því hlýst.

14. gr.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti, sem ætla má að áskildir hafi verið, og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst, enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á annmarkanum.

V. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfasjóða. Skal bankaeftirlitinu heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum í starfseminni sem það telur nauðsynlegt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóðs brjóti í bága við lög þessi eða eðlilega viðskiptahætti skal það tilkynna það viðskiptaráðherra.

VI. KAFLI
Viðurlög við brotum.

16. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum hafi maður verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs með höndum án leyfis viðskiptaráðherra. Með slík brot skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Heimilt er viðskiptaráðherra að svipta mann leyfi til verðbréfamiðlunar um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna ætlaðs misferlis leyfishafa í starfi.

Komi það fram við eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara að brotin séu fyrirmæli III. kafla laga þessara skal viðskiptaráðherra veita hlutaðeigandi áminningu. Séu brot stórfelld eða ítrekuð er ráðherra heimilt að svipta verðbréfamiðlara leyfi endanlega án undanfarandi áminningar.

VII. KAFLI
Gildistaka o. fl.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1986.

Ákvæði 10. gr. taka þrátt fyrir fyrirmæli 1. mgr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1989.

Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laga þessara er heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. maí 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi viðskiptaráðherra, dagsettu 15. febrúar 1985, var skipuð nefnd til þess að semja reglur um meðferð og sölu skuldabréfa og eiga í henni sæti Sigurgeir Jónsson, aðstoðarbankastjóri í Seðlabanka Íslands, sem er formaður hennar, Árni Kolbeinsson, ráðuneytisstjóri, Eyjólfur Konráð Jónsson, alþingismaður, Gestur Jónsson, hæstaréttarlögmaður, og Markús Sigurbjörnsson, borgarfógeti.

Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinar er henni ætlað að athuga hvort rétt sé að binda starfsemi verðbréfamiðlara við sérstakt starfsleyfi svo og hvort ástæða sé til að herða á eftirliti með þessum viðskiptum, m. a. með kröfum um nafnskráningu skuldabréfa og upplýsingaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart almenningi og stjórnvöldum. Segir og að sé það mat nefndarinnar, að lögbinda eigi reglur um þessi efni, sé henni falið að semja frumvarp til laga um viðskipti með skuldabréf. Enn fremur var nefndinni falið að athuga skattalega meðferð skuldabréfa og gera tillögur til úrbóta í því efni.

Nefndin er samdóma um að brýn ástæða sé til lagasetningar um verðbréfamiðlun, og skilar hún þessu frumvarpi sem tillögu sinni um þau efni. Störfum nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi að öðru leyti er ekki lokið, en rétt hefur þótt að þessum þætti viðfangsefnis hennar verði þegar komið á framfæri. Eins og fram kemur í frumvarpinu er lagt til að starfsemi verðbréfamiðlara verði framvegis háð leyfi viðskiptaráðherra sem veitt verður að fullnægðum fastákveðnum skilyrðum. Enn fremur að í starfsemi þessari verði að fylgja ákveðnum grundvallarreglum sem í senn er ætlað að tryggja öryggi þeirra, sem viðskipti eiga við verðbréfamiðlara, og að eftirlit megi hafa með starfsemi þessari, og er nánar að þessu vikið í athugasemdum um einstök ákvæði frumvarpsins. Ástæða þykir til að taka fram að frumvarp þetta nær einungis til þess þáttar verðbréfaviðskipta sem felst í milligöngu um kaup og sölu þeirra og umsýslu með þau. Er því ekki vikið að atriðum sem nefndin telur rétt að komi til umfjöllunar í lögum um önnur efni, t. d. um almenna skyldu til nafnskráningar verðbréfa, um vexti og um skuldabréf að öðru leyti. Hér er ekki heldur að neinu leyti tekinn til umfjöllunar sá þáttur í skipunarbréfi nefndarinnar sem snýr að skattalegri meðferð skuldabréfa og annarra eignatekna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Í upphafskafla frumvarpsins eru skilgreind nokkur grundvallarhugtök þess og er við skilgreiningar þessar alfarið stuðst í síðari ákvæðum þess. Þessum hugtökum er það væntanlega sammerkt, að hvergi er í lögum að finna skilgreiningu þeirra, hvorki almenns eðlis né í merkingu einstakra lagafyrirmæla. Skilgreiningar þessa frumvarps miðast eðlilega aðeins við viðfangsefni þess og er þeim ekki ætlað almennara gildi.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint hugtakið verðbréf. Sú afmörkun hugtaksins, sem hér kemur fram, er vafalaust öllu víðtækari en samkvæmt almennri málvenju, þar sem það nær ekki aðeins til skuldabréfa, víxla og annarra áþekkra viðskiptabréfa heldur einnig til loforða um peningagreiðslu af öðru tagi. Fyrsta atriði skilgreiningarinnar er að um sé að ræða „hvers konar framseljanleg kröfuréttindi". Hún er því ekki bundin við ákveðið form skuldbindingar, heldur nægir að skuldbinding sé hæf til framsals og gildir einu hvort slík framsöl þurfi að fara fram skriflega eða með öðrum hætti. Skilgreining þessi byggir á því að hin framseljanlegu kröfuréttindi séu að meginreglu „til peningagreiðslu eða ígildis hennar". Skiptir ekki máli hvort kveðið sé í skuldbindingu á um efndir hennar með greiðslu ákveðinnar peningafjárhæðar eða öðrum verðmætum sem almennt verðgildi hafa. Hugtakið hefur jafnframt víðtækari merkingu því einnig er ætlast til að það nái til framseljanlegra skilríkja fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstaklega ákveðnum lausafjármunum. Nær hugtakið samkvæmt þessu t. d. til framseljanlegra farmskírteina en hins vegar ekki til skilríkja fyrir eignarréttindum að fasteign eða bifreið og áþekkum lausafjármunum.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein 2. gr. frumvarpsins er skilgreint hugtakið verðbréfamiðlun og er hér átt við starfsemi, miðlun, í sambandi við verðbréf í merkingu 1. gr. frumvarpsins, sem getur falist í einhverju eftirtalinna atriða:

1) Hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs. Milliganga sem þessi fælist væntanlega tíðast í því að hafa með höndum rekstur sem hefur að tilgangi að koma á viðskiptum milli tveggja utanaðkomandi aðila með verðbréf. Það skiptir hins vegar ekki máli í þessu sambandi hvort milligöngumaðurinn hefur atvinnu af slíkri starfsemi eða ekki njóti hann endurgjalds eða ávinnings af einhverju tagi fyrir framlag sitt til að koma viðskiptasambandi á.
2) Til verðbréfamiðlunar telst enn fremur að kaupa eða selja verðbréf í annarra þágu, og er enginn greinarmunur á því gerður hvort þau viðskipti eigi sér stað í nafni milligöngumannsins eða umbjóðanda hans. Skiptir hér ekki heldur máli hvort milligöngumaðurinn hefur atvinnu af umboðsmennsku sem þessari eða ekki, en það skilyrði hins vegar sett sem fyrr, að hann njóti endurgjalds eða ávinnings af öðru tagi fyrir hlutdeild sína í viðskiptunum.
3) Til verðbréfamiðlunar í skilningi frumvarpsins telst enn fremur veiting ráðgjafar um verðbréfaviðskipti gegn endurgjaldi. Þykir eðlilegt að þessi þáttur verðbréfaviðskipta falli undir hugtak þetta og þau verði þar með háð veitingu starfsleyfis, þar sem ráðgjöf í ágóðaskyni til annarra um kaup eða sölu verðbréfs getur eðli málsins samkvæmt verið ein þýðingarmesta ástæða til ákvörðunar kaupanda eða seljanda um viðskiptin.

Í síðari málsgrein 2. gr. er skilgreint hugtakið verðbréfamiðlari. Telst til verðbréfamiðlara sá maður sem hlut á að verðbréfaviðskiptum með þeim hætti sem lýst er í fyrri málsgrein ákvæðisins. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins þarf sá sem gegnir því hlutverki að fá leyfi

viðskiptaráðherra til þess. Þau leyfi eru samkvæmt nefndu ákvæði einstaklingsbundin, en ekki veitt fyrirtækjum eða stofnunum sem starfa á þessu sviði. Eins og vikið er að síðar þurfa slíkir lögaðilar að lúta daglegri stjórn leyfishafa. Leyfishafi getur hins vegar haft menn í þjónustu sinni sem starfa undir stjórn hans og á ábyrgð hans. Hafi slíkir starfsmenn ekki sjálfir leyfi til verðbréfamiðlunar teljast þeir í starfi sínu koma fram í umboði leyfishafans. Þeir teljast samkvæmt ákvæði þessu verðbréfamiðlarar í skilningi frumvarpsins og hvíla því á þeim hinar sömu skyldur í starfi og á leyfishafanum sjálfum. Af þessu leiðir að leyfishafinn telst skaðabótaskyldur eftir reglum IV. kafla frumvarpsins, baki starfsmaður hans viðskiptamanni tjón með starfi sínu við verðbréfamiðlun, og getur að sama skapi glatað leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt VI. kafla frumvarpsins vegna athafna starfsmanns. Verður að ætla að þessar reglur leiði til þess, að leyfishafi komi í reynd til með að stjórna starfseminni en ljái ekki aðeins nafn sitt til hennar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er skilgreint hugtakið verðbréfasjóður og með því átt við sérhvern aðila að lögum sem hefur það markmið að kaupa eða selja verðbréf í eigin nafni en almenningur getur átt aðild að. Sú starfsemi, sem hér um ræðir, er nýlega til komin hérlendis. Markmið hennar yrði jafnan það að taka við fjármunum til sameiginlegra fjárfestinga til hagsbóta þeim, sem leggja fé af mörkum í því skyni, og dreifa þannig áhættu af áföllum í verðbréfaviðskiptum. Sá lögaðili, sem hefur slíka starfsemi með höndum, getur gegnt hlutverki sínu með ýmsum hætti, en gera verður ráð fyrir að það verði jafnan gert með því að kaupa verðbréf og selja í nafni lögaðilans í því skyni að afla ávinnings. Skilgreining þessa hugtaks er ekki í frumvarpi þessu bundin við að lögaðili af þessu tagi sé félagsskapur í tilteknu formi og ekki heldur að skilríki fyrir aðild að honum felist í skuldaviðurkenningu hans, hlutdeildarbréfi, hlutabréfi eða öðrum áþekkum heimildum. Það er hins vegar skilyrði þess, að félagsskapur með þessum tilgangi teljist verðbréfasjóður í merkingu frumvarpsins, að almenningur eigi kost á aðild að honum. Utan þeirra marka félli þannig félagsskapur ákveðinna manna, sem hefði áðurnefnt markmið, ef utanaðkomandi mönnum gefst ekki kostur á að eiga hlutdeild að honum. Eins og síðar er vikið að ráðgerir frumvarpið að það sé skilyrði fyrir rekstri verðbréfasjóðs í þessum skilningi, að hann lúti stjórn manns sem aflað hefur sér leyfis til verðbréfamiðlunar samkvæmt 4. gr. þess.

II. KAFLI

Um 4. gr.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er óheimilt að hafa með höndum verðbréfamiðlun í áðurnefndum skilningi nema að fengnu sérstöku leyfi viðskiptaráðherra, en frá þessari meginreglu er gerð þröng undantekning sem nánar er gerð grein fyrir síðar. Í ákvæði þessu eru afmörkuð skilyrði þess, að unnt sé að veita umrætt leyfi. Eins og berlega kemur fram í talningu 1. mgr. 4. gr. á skilyrðum þess, að slíkt leyfi verði veitt, er hér einungis um persónubundið leyfi að ræða. Er því ekki um það að ræða að félag eða stofnun fái leyfi þetta í eigin nafni, heldur er ráðgert í 2. mgr. 4. gr. að slíkir aðilar verði að lúta stjórn manns sem leyfi hefur fengið að fullnægðum skilyrðum 1. mgr. ákvæðisins. Er tilhögun þessi lögð til í því skyni að tryggja að félag, sem hefur verðbréfamiðlun með höndum, gangi ekki í sölu með eigin starfsleyfi til manna sem fullnægja ekki hæfisskilyrðum ákvæðisins til að fá veitt leyfi þetta.

Skiptar skoðanir kunna að vera um það, hvort almennt eigi að binda í lög að leyfis sé þörf til að leggja stund á verðbréfamiðlun eins og hún er skilgreind í frumvarpi þessu. Í þessum efnum verður einkum að líta til hagsmuna þeirra sem leita eftir þjónustu sem þessari. Ljóst er að ráðgjöf um viðskipti á þessu sviði er vandasöm og þarfnast

umtalsverðrar þekkingar, jafnt á hinni reikningslegu hlið viðskiptanna sem hinni lagalegu. Reynslan hefur sýnt að umtalsverðir fjármunir ganga manna í milli í þessum viðskiptum, og er augljós sú hætta sem viðskiptamönnum getur verið búin af misferli eða mistökum milligöngumanns. Verður ekki séð að hagsmunum viðskiptamanna verði veitt nægileg vernd fyrir umræddum hættum öðruvísi en að reynt sé að tryggja að milligöngumaður um viðskiptin fullnægi ákveðnum almennum kröfum varðandi mannorð, menntun og getu til að standa straum af greiðslu skaðabóta verði honum á mistök í starfi viðskiptamanni til tjóns. Í frumvarpi þessu er leitast við að setja fram reglur í þessu skyni í 1. mgr. 4. gr., en við mótun þeirra verður einnig að gefa því gaum, að ekki má takmarka með óeðlilegum hætti aðgang manna að því að hafa starfsemi sem þessa með höndum. Skilyrði til leyfisveitingar eru talin í einstökum stafliðum 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins og eru eftirfarandi:

a) Að umsækjandinn sé íslenskur ríkisborgari og búsettur hérlendis.
b) Að hann hafi óflekkað mannorð eins og skilyrði þetta er skilgreint í 2. gr. laga nr. 52/1959.
c) Að hann sé fjárráða og hafi aldrei með gjaldþrotaskiptum verið sviptur forræði á búi sínu. Hið síðargreinda þessara skilyrða er til muna víðtækara en almennt gerist varðandi lögbundnar leyfisveitingar, þar sem ekki er gerður greinarmunur hér á hvort slík búskipti standi enn yfir við umsókn um leyfi eða hvort þeim hafi áður verið lokið.
d) Samkvæmt frumvarpinu þarf umsækjandi að fullnægja ákveðnum menntunarskilyrðum sem þar eru talin. Er jafnframt ráðgert að ráðherra sé að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands heimilt að veita undanþágu frá almennum menntunarskilyrðum, en ráðgera verður að gætt verði varfærni við notkun þeirrar heimildar. Í þessum staflið ákvæðisins er jafnframt að finna heimild handa ráðherra til þess að kveða á um það í reglugerð, að háð verði sérstök prófraun fyrir umsækjendur um umrætt leyfi sem hefði að tilgangi að tryggja að leyfishafi hafi til að bera sérþekkingu á verðbréfaviðskiptum, en hin almennu menntunarskilyrði ákvæðisins geta ekki haft úrslitaáhrif í þeim efnum. Hins vegar þótti ekki rétt að leggja til að lögfest yrði afdráttarlaust skilyrði þessa efnis.
e) Loks er það skilyrði lagt til, að umsækjandi setji bankatryggingu fyrir bótum, sem honum kann að verða gert að greiða samkvæmt reglum IV. kafla frumvarpsins, og að fjárhæð slíkrar tryggingar verði bundin lánskjaravísitölu.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er að finna þá reglu, að félag eða stofnun, sem hefur með höndum verðbréfamiðlun, lúti stjórn manns sem leyfi hefur fengið samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins. Skal hér að mestu vísað til þess, sem áður segir um þetta efni, en rétt er að benda á að hér er ráðgert að ef félag eða stofnun rekur verðbréfamiðlun sem afmarkaða deild í víðtækari starfsemi sé nægilegt að forstöðumaður slíkrar deildar hafi aflað sér umræddra leyfis. Þá er það skilyrði sett fyrir starfrækslu verðbréfamiðlunar félags eða stofnunar, að bankatrygging sú, sem leyfishafa ber að setja samkvæmt e-lið 1. mgr. ákvæðisins, taki einnig til bóta sem félaginu kann að verða gert að greiða.

Fyrirmæli 3. mgr. 4. gr. þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Í 4. mgr. 4. gr. er að finna hina einu undantekningu sem gerð er frá meginreglu 1. mgr. ákvæðisins, að öðrum en leyfishöfum sé óheimilt að hafa verðbréfamiðlun með höndum. Undantekning þessi er gerð varðandi lögmenn og löggilta endurskoðendur og er þröng. Á hún aðeins við ef menn í þessum starfsstéttum veita einstökum viðskiptamönnum sínum þjónustu, sem fellur undir skilgreiningu 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins á verðbréfamiðlun, sem þátt í víðtækara viðfangsefni. Undantekningin veitir þeim hins vegar ekki heimild til þess að taka að sér að hafa einungis með höndum milligöngu um verðbréfaviðskipti fyrir umbjóðendur sína eða veita þeim ráðgjöf í þeim efnum gegn þóknun, án þess að þjónusta sem þessi sé nátengd öðru og viðameira verkefni í þágu viðskiptamanns. Verður að telja örðugt að komast hjá þessari undantekningu, þar sem almenn störf þessara stétta í þágu viðskiptamanns varða iðulega umsýslu og ráðgjöf sem kann að nálgast svið verðbréfamiðlunar, þótt fjarri fari að slík þjónusta sé teljandi hluti starfs.

Um 5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til það skilyrði fyrir starfrækslu verðbréfasjóðs, að hann lúti stjórn manns sem fengið hefur leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt 4. gr. Er hér um starfsemi að ræða sem mjög svipar til verðbréfamiðlunar, og verður að telja að hin sömu rök mæli með, að hún verði háð leyfisveitingu, og áður greinir varðandi starfsemi verðbréfamiðlara.

III. KAFLI

Í þessum kafla frumvarpsins er kveðið á um réttindi og skyldur þeirra, sem verðbréfamiðlun hafa með höndum, og verður hér vikið að einstökum ákvæðum þessa kafla.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu er að finna fyrirmæli um skyldu verðbréfamiðlara til að veita viðskiptamanni upplýsingar og ráðgjöf um kaup og sölu verðbréfa, auk þeirrar grundvallarreglu að verðbréfamiðlari hagi starfsemi sinni á þann veg að jafnræðis sé gætt milli viðskiptamanna. Eðlilega er örðugt að mæla nánar fyrir um það, hverjar upplýsingar þurfi að veita í hverju og einu tilviki, enda misjafnt í hverjum mæli þeirra er þörf. Verður hér að gera ráð fyrir að verðbréfamiðlari meti þörfina hverju sinni, en rétt er að benda á að ófullnægjandi ráðgjöf eða upplýsing getur leitt til bótaskyldu samkvæmt ákvæðum IV. kafla frumvarpsins, einkum 14. gr.

Um 7. gr.

Ljóst er að verðbréfamiðlarar geta haft með höndum öllu víðtækari þjónustu en þá eina að annast umboðssölu eða milligöngu um kaup ákveðins verðbréfs í þágu viðskiptamanns. Í þeim efnum getur komið til álita að verðbréfamiðlari annist umsýslu og fjárgæslu fyrir aðra og taki við fjármunum til ótilgreindra fjárfestinga. Þáttur í slíku starfi gæti verið að varðveita fjármuni viðskiptamanns. Hætt er við, ef ekkert er að gert, að viðskiptamaður hafi ekki nægileg skilríki fyrir sérgreindum fjármunum í vörslum verðbréfamiðlara, ef til þess kæmi að honum væri þörf á sönnun fyrir eignarrétti að þeim. Slík aðstaða væri einkum örðug við greiðsluþrot verðbréfamiðlara. Lagt er til í 7. gr. frumvarpsins að koma í veg fyrir slíka áhættu með tvennum hætti.

Í 1. mgr. ákvæðisins er lagt til að verðbréfamiðlara verði skylt að varðveita fé viðskiptamanna á sérgreindum og nafnskráðum reikningum. Með þessum hætti ætti að vera tryggð staða viðskiptamanns hvað varðar peningaeign í vörslum verðbréfamiðlara.

Í 2. mgr. ákvæðisins er hins vegar gert ráð fyrir að unnt verði að tryggja viðskiptamanni sönnun á eignarhaldi að tilteknum verðbréfum í vörslum verðbréfamiðlara. Er ráðgert að þetta verði gert með þeim hætti að skylda verðbréfamiðlara til að árita öll verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, nafni eiganda. Er hér ekki gerður greinarmunur á því, hvort verðbréfið sé aðeins afhent tímabundið til þess að milliganga verði höfð um sölu þess eða hvort um verðbréf sé að ræða sem verðbréfamiðlari varðveitir í þágu viðskiptamanns til lengri tíma. Eins og alkunna er verða ákveðnar tegundir verðbréfa ávallt að hljóða á nafn og bera með sér óslitna framsalsröð. Gilda slíkar reglur t. d. um skuldabréf sem bundin eru verðtryggingu svo og verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs. Sé lagaskyldum varðandi slík verðbréf fullnægt í framkvæmd verður að telja stöðu viðskiptamanns trygga varðandi sönnunarfærslu fyrir eignarrétti að þeim. Öðru máli gegnir hins vegar um verðbréf sem almennt eru ekki nafnskráð, t. d. skuldabréf er hljóða á handhafa, og víxla. Staða þess, sem teldi til eignarréttar að slíkum verðbréfum í vörslum verðbréfamiðlara, væri verulega ótrygg ef til greiðsluþrots vörslumannsins kæmi. Telja verður að tillit til þessara hagsmuna

viðskiptamanna nægi eitt út af fyrir sig til þess að regla sem þessi verði tekin upp. Hins vegar verður ekki hjá því komist að gera undantekningu frá reglu þessari varðandi þau tilvik þar sem lög mæla svo fyrir að framsal með nafnritun leiði til ábyrgðar framseljandans fyrir efndum greiðsluskyldu. Er hér um skuldbindingar samkvæmt víxlum og tékkum að ræða.

Ljóst er að skylda til nafnskráningar allra verðbréfa í vörslum verðbréfamiðlara getur leitt til nokkurra þyngsla við umsýslu þeirra. Hjá þeim mætti komast með því að viðskiptamaður veitti verðbréfamiðlara umboð til að framselja verðbréf sem hljóða á nafn hans, hvort sem slíkt umboð væri einskorðað við tiltekið verðbréf eða væri víðtækara. Þeirri tilhögun fylgir hins vegar sá ókostur, að umboð verður að fylgja verðbréfi sem framselt hefur verið í skjóli þess. Í annan stað mætti komast hjá örðugleikum í þessu sambandi með því að nafnskráður eigandi áritaði verðbréf heimild verðbréfamiðlara til að framselja bréfið fyrir sína hönd. Til þess að draga úr óhagræði er í 3.—5. mgr. 7. gr. lagt til að settar verði reglur um þriðja kostinn í þessum efnum, sérstök umboð handa verðbréfamiðlara til framsals nafnskráðra verðbréfa. Er gert ráð fyrir að umboð af þessu tagi geti sem endranær hljóðað á heimild verðbréfamiðlara til að framselja tiltekið verðbréf í þágu viðskiptamanns síns eða verið víðtækara, þannig að viðskiptamaður veiti verðbréfamiðlara ótakmarkað umboð til að framselja verðbréf sem hljóða á nafn hans. Með því að hagnýta heimild til notkunar umboðs sem þessa má samkvæmt fyrirmælum 3. mgr. ákvæðisins komast hjá því, að eintak umboðs þurfi að fylgja öllum verðbréfum sem verðbréfamiðlari áritar um framsal í þágu viðskiptamanns. Í þess stað er gert ráð fyrir að verðbréfamiðlari greini við framsalsáritun sína að hann framselji verðbréfið samkvæmt varðveittu umboði. Í tilvikum sem þessum væri verðbréfamiðlara skylt að varðveita umboð með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. Með því að setja reglu um sérstakt umboð af þessu tagi, sem þarflaust er að fylgi framseldu skjali, ber nauðsyn til að setja sérreglur um stöðu þess sem fær verðbréf framselt með þessum hætti, þar sem hann ætti þess ekki kost að kynna sér af eigin raun við skoðun verðbréfs hvort umboð hafi verið fullnægjandi til framsals samkvæmt almennum reglum um þau efni. Umræddar sérreglur koma fram í 4. og 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins og þykja þær ekki þarfnast sérstakra skýringa.

Um 8. gr.

Í ákvæði þessu er að finna fyrirmæli sem ætlað er að koma í veg fyrir að verðbréfamiðlari geti hagnýtt sér aðstöðu til að afla sér ávinnings með eigin kaupum eða sölu verðbréfa í starfsemi sinni. Ekki þykir ástæða til að bann við þessu sé með öllu fortakslaust varðandi verðbréf sem skráð eru að gangverði með opinberum hætti á vegum Verðbréfaþings Íslands. Þykir einnig ástæðulaust að lagt sé bann við því, að verðbréfamiðlari eigi slík viðskipti að öðru leyti, ef tryggt er að viðsemjanda hans sé gert kunnugt um hagsmuni verðbréfamiðlarans af viðskiptunum.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta þykir ekki þarfnast skýringa.

Um 10. gr.

Reglu þessa ákvæðis um skyldu verðbréfamiðlara til að láta viðskiptamönnum sínum árlega í té skilagrein yfir þau viðskipti, sem hann hefur haft milligöngu um í þeirra þágu, er í senn ætlað að veita viðskiptamönnum glöggt yfirlit yfir verðmæti, sem verðbréfamiðlari kann að hafa undir höndum í þágu þeirra, auk þess að þessi tilhögun ætti að auðvelda reikningsskil og gerð skattframtala. Ljóst er að verðbréfamiðlarar þarfnast nokkurs aðlögunartíma til þess að sinna þessu hlutverki og er því í 2. mgr. 18. gr. frumvarpsins að finna sérstakt gildistökufyrirmæli vegna þessa ákvæðis.

Um 11. gr.

Í ákvæði þessu er að finna reglu sem ætlað er að tryggja að viðskiptamanni megi vera ljóst fyrir fram hvert endurgjald verðbréfamiðlari muni áskilja sér vegna þjónustu. Til þess að fullnægja þessum fyrirmælum ætti verðbréfamiðlara að nægja að kynna á starfstöð sinni almenna skilmála um þóknun fyrir þjónustu sína, en ef frá þeim yrði vikið ber samkvæmt ákvæðinu að kynna viðskiptamanninum það sérstaklega.

IV. KAFLI

Í 12.—14. gr. frumvarpsins er að finna reglur um bótaskyldu verðbréfamiðlara gagnvart viðskiptamanni sínum. Meginregla frumvarpsins í þeim efnum kemur fram í 12. gr., þar sem mælt er svo fyrir að almennar skaðabótareglur gildi um þessi efni að því leyti sem ekki er í frumvarpinu að finna sérfyrirmæli sem frá þeim víkja. Sérstakar skaðabótareglur er að finna í 13. og 14. gr. frumvarpsins sem ganga til muna lengra en almennar reglur um þau efni, en ákvæði þessi þykja ekki þarfnast sérstakra skýringa.

V. KAFLI

Í kafla þessum er lagt til að eftirlit með starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfasjóða verði í höndum bankaeftirlitsins. Þykja fyrirmæli um þetta efni, sem er að finna í 15. gr. frumvarpsins, ekki þarfnast frekari skýringa.

VI. KAFLI

Í þessum kafla frumvarpsins er að finna sérreglur um viðurlög við brotum og eru þær reglur tvíþættar. Er annars vegar í 16. gr. að finna ákvæði um viðurlög við því að hafa með höndum verðbréfamiðlun eða rekstur verðbréfasjóðs án leyfis samkvæmt 4. og 5. gr. frumvarpsins. Hins vegar er í 17. gr. að finna reglur um sérviðurlög, réttindamissi, við nánar tilgreind skilyrði. Í fyrri málsgrein ákvæðisins er gert ráð fyrir að ráðherra geti svipt mann leyfi samkvæmt 4. gr. um stundarsakir standi opinber rannsókn yfir vegna gruns um misferli leyfishafans í starfsemi hans. Verður í þessu sambandi að líta til þess, að ríkar kröfur eru gerðar til verðbréfamiðlara í öðrum reglum þessa frumvarps í því skyni að tryggja að viðskiptamenn geti borið nauðsynlegt traust til þeirra, enda geta þeir haft með höndum umfangsmikla hagsmuni í annarra þágu. Er því brýnt að unnt sé að grípa til aðgerða sem þessara ef slíkar aðstæður skapast. Í síðari málsgrein ákvæðisins er sérregla um viðurlög við brotum gegn fyrirmælum frumvarpsins um sérstakar starfsskyldur verðbréfamiðlara og þykja þær ekki þarfnast skýringa.

Ljóst er að ekki er þörf frekari sérákvæða um viðurlög við brotum verðbréfamiðlara en að framan greinir, þar sem að öðru leyti en hér greinir kæmi til beitingar ákvæða almennra hegningarlaga vegna misferlis.

VII. KAFLI

Gildistökuákvæði 18. gr. frumvarpsins þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Ed. 381. Frumvarp til laga [203. mál]

um nafnskráningu skuldabréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Með skuldabréfi er í lögum þessum átt við sérhverja skriflega skuldaviðurkenningu, þar sem útgefandi hennar skuldbindur sig til að greiða eiganda eða rétthafa hennar við gjalddaga eða samkvæmt kröfu tiltekna peningafjárhæð eða til að láta af hendi sem greiðslu verðmæti sem fyllilega má jafna til peningagreiðslu.

Undanþegnir fyrirmælum laga þessara eru víxlar og tékkar.

2. gr.

Skuldabréf skulu við útgáfu bera með sér með ótvíræðum hætti hvert nafn skuldareiganda er. Ef um það er samið að annar en skuldareigandi eigi að veita greiðslu skuldarinnar viðtöku, þar á meðal greiðslu afborgana og vaxta af henni, skal hans getið með sama hætti í skuldabréfi.

Við eigendaskipti að skuldabréfi eða framsal þess í öðrum tilgangi skal það áritað af eiganda um réttindaframsal svo að fram komi hvert nafn þess er sem við réttindum tekur. Tekið skal fram í hverju framsal á sér stað sé skuldabréf ekki framselt til eignar.

3. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skuldabréfi eða skrásetja með öðrum opinberum hætti réttindi samkvæmt því, nema fullnægt sé skilyrðum 2. gr. laga þessara.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum og innheimtuaðilum er óheimilt að veita skuldabréfi viðtöku til eignar eða innheimtu fullnægi það ekki skilyrðum 2. gr. laga þessara.

Skylt er verðbréfamiðlurum að gæta að því, að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 2. gr. laga þessara er eigendaskipti verða að skuldabréfi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara ber þeim, sem telur til eignar eða annars réttar yfir skuldabréfi sem fullnægir ekki ákvæðum 2. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík skuldabréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Á undanförnum árum hafa viðskipti með verðbréf mjög færst í vöxt hér á landi með þeim hætti, að skuldabréf og önnur áþekk kröfuréttindi gangi kaupum og sölum milli manna, tíðast fyrir milligöngu verðbréfamiðlara. Hefur þessi þróun einkum orðið eftir gildistöku laga nr. 13 10. apríl 1979, en með þeim var lögfest heimild til víðtækari verðtryggingár fjárskuldbindinga en áður var heimil. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 39. gr. þeirra laga er það skilyrði fyrir verðtryggingu þessara skuldbindinga, að þær hljóði á nafn kröfueiganda. Skuldabréf af öðru tagi en því, sem lagaákvæði þetta tekur til, hafa þó einnig gengið kaupum og sölum í ríkum mæli, svo sem verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, sem ætíð eiga að hljóða á nafn, og skuldabréf, sem ekki eru verðtryggð og hljóða á handhafa bréfsins.

Ýmis vandkvæði fylgja því, að kröfuréttindi hljóði ekki á nafn eigenda þeirra og gangi kaupum og sölum án þess að slíks sé getið á skilríkjum fyrir þeim. Þau vandkvæði snúa bæði að þeim, sem standa á skil á greiðslu kröfu, og að opinberum aðilum, þar sem hætt er við að misbrestur sé á að eignarhalds að skuldabréfum og viðtöku vaxta af þeim sé getið við skattframtalsgerð kröfueigenda. Þá þykir ljóst að allnokkuð vanti á að fylgt sé í viðskiptum reglum um nafnskráningu verðtryggðra skuldabréfa og spariskírteina ríkissjóðs sem virðast í umtalsverðum mæli ganga kaupum og sölum með eyðuframsali upphaflegs kröfueiganda. Þykir rétt að lögfest verði skýlaus ákvæði um skyldu til að skrásetja öll kröfuréttindi sem þessi á nafn eiganda þeirra og að sú skylda nái jafnt til verðbréfa, sem gildandi reglur kveða á um að hljóða eigi á nafn skuldareiganda, sem þeirra er engar hömlur eru gegn samkvæmt gildandi lögum að hljóði á handhafa skilríkja fyrir kröfunni.

Tekið skal fram að fyrirhugað er að hafist verði bráðlega handa við gerð heildarlöggjafar um skuldabréf. Löggjöf um það efni verður fyrirsjáanlega viðamikil, en ráðgert er að reglur um nafnskráningu skuldabréfa komi sem þáttur í slíkri heildarlöggjöf. Má því vænta þess, að efni þessa frumvarps verði tekið upp í væntanlegt frumvarp um áðurnefnt efni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er skilgreint gildissvið frumvarpsins, þar sem fram kemur skilgreining á hugtakinu skuldabréf. Það hugtak er afmarkað með nokkru víðtækari hætti en í daglegu tali. Eins og nánar er vikið að hér á eftir er merking þess í frumvarpi þessu ekki aðeins sú, að það taki til skuldabréfa í venjulegri merkingu þess orðs, heldur enn fremur skjalfestra kröfuréttinda í nokkru ríkari mæli.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins telst skuldabréf vera skrifleg skuldarviðurkenning þar sem útgefandi skuldbindur sig til að greiða kröfueiganda eða öðrum rétthafa skjalsins peningafjárhæð til efnda á skuldbindingu sinni. Hér er enn fremur tekið fram að efndir skuldbindingarinnar þurfi ekki að vera einskorðaðar við peningagreiðslu, heldur geti einnig fallið hér undir skuldbinding sem efnd verður með afhendingu annarra gæða sem gætu talist fyllilega sambærileg við peninga. Þessi skilgreining er víðtæk og tekur m. a. til veðskuldabréfa, skuldabréfa, sem veð er ekki sett til tryggingar fyrir, framseljanlegra skilríkja fyrir inneign hjá bankastofnun eða einkaaðila og annarra áþekkra skjalfestra réttinda. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins eru þó víxlar og tékkar undanþegnir gildissviði þess, enda fyrir hendi þær aðstæður varðandi slík bréf, að framsal með nafnritun leiðir til ábyrgðar framseljanda á greiðslu skuldar.

Um 2. gr.

Í fyrri málsgrein 2. gr. frumvarpsins er mælt svo fyrir að skuldabréf verði við útgáfu að bera með sér hver kröfuhafi er. Til að taka af tvímæli er enn fremur mælt svo fyrir að tilgreina verði hver viðtakandi greiðslna eigi að vera sé það annar en kröfuhafinn. Í ákvæði þessu er tekið svo til orða að geta eigi eiganda kröfunnar, og eftir atvikum fyrirhugaðs viðtakanda greiðslna, með ótvíræðum hætti. Í þessu felst sú ætlan, að þessara manna eða lögaðila verði getið með nafni og nafn- eða auðkennisnúmeri og enn fremur með nánari hætti ef hætt er við að slík tilgreining taki ekki af tvímæli um hver viðkomandi sé.

Í síðari málsgrein 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að framsöl skuli árituð á skuldabréf og þeim, sem framsal er til, lýst með sama hætti og í fyrri málsgrein ákvæðisins hvað nafn og önnur auðkenni varðar. Ákvæði þetta tekur eðlilega einkum mið af framsali til eignar, en einnig er kveðið á um að framsal í öðru skyni skuli fært á bréfið. Á þetta t. d. við um framsöl til innheimtu, til tryggingar eða handveðsetningar skuldabréfs. Eins og fram kemur í niðurlagi þessarar málsgreinar er ætlast til að sérstaklega skuli tekið fram ef framsal á sér stað í öðru skyni en til eignar, og verður því að líta svo á að framsal án frekari ummæla feli í sér yfirlýsingu um eignarhald framsalshafans.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins eru settar reglur sem ætlað er að tryggja aðhald með að skyldu til nafnskráningar samkvæmt 2. gr. þess verði fylgt. Er hér farin sú leið að leggja þá skyldu á ýmsa aðila sem nærri þurfa að koma skuldabréfum vegna mismunandi atvika. Með því að leggja þessa skyldu á þinglýsingardómara, þannig að honum verði óheimil þinglýsing ónafnskráðra bréfa, er ljóst að þeir eigendur skuldabréfa, sem vilja víkjast undan að sinna skyldu 2. gr., kaupa það því verði að fara á mis við að tryggja réttindi sín samkvæmt skuldabréfi. Þeim aðilum, sem með innheimtu skuldabréfa geta haft að gera í umboði eiganda þess, er einnig gert skylt að framfylgja því, að farið sé að hætti 2. gr. Hér er ekki aðeins um bankastofnanir að ræða, heldur er öðrum innheimtuaðilum einnig gert að sinna þessari skyldu, t. d. lögmönnum. Þá er í 3. málsgrein ákvæðisins ráðgert að tryggja, að skyldu 2. gr. sé fylgt við eigendaskipti að skuldabréfi, með því að leggja fyrir verðbréfamiðlara að gæta hennar. Ákvæði svipaðs efnis er að finna í frumvarpi sem fyrir liggur til laga um verðbréfamiðlun.

Um 4. gr.

Fyrri málsgrein þessa ákvæðis þarfnast engra skýringa.

Í síðari málsgrein eru sett fyrirmæli um meðferð skuldabréfa sem bera ekki nafnskráningu eignarhalds við gildistöku laga þessa efnis. Er þar mælt svo fyrir að eiganda sé skylt að færa nafn sitt á skuldabréf sem upp frá því lýtur reglum 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins við framsal. Þá er skylda sama efnis lögð á þá sem varðveita skuldabréf við gildistöku í umboði eiganda.

Sþ. 382. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Helga Seljan.

	Þús. kr.
Við 4. gr. 02 358 Framhaldsskóli í Neskaupstað. 6.01 Búnaður. Liðurinn orðist svo:	
6.01 Búnaður og heimavist	2 000

Sþ. 383. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Svavari Gestssyni.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 233 Rannsóknasjóður.	
Fyrir „50 000“ kemur	100 000
2. Við 4. gr. 02 909 1.01 Blindrabókasafn Íslands.	
Fyrir „6 746“ kemur	8 746

Nd. 384. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur meiri hl. til að það verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 19. des. 1985.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur Einarsson, fundaskr., með fyrirvara.	Svavar Gestsson, með fyrirvara.
Halldór Blöndal.	Ólafur G. Einarsson.	Friðrik Sophusson.

Nd. 385. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. sept. 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Með 3. gr. frv. er lagt til að skattfrelsismörk til eignarskatts verði lækkuð. Þannig á að hækka eignarskatt af litlum eignum umfram launahækkanir.

Alþýðuflokkurinn telur þetta ranga stefnu og hefur lagt til að þessi skattfrelsismörk verði þvert á móti hækkuð og mun byggja breytingartillögur sínar við frv. til fjárlaga 1986 á því.

Undirritaður leggur því til að 3. gr. frv. verði felld en mælir með samþykkt frv. að öðru leyti.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sþ. 386. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Guðrúnu Helgadóttur og Helga Seljan.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 411 Eignarskattar.	
Fyrir „855 000“ kemur	1 155 000
Í sundurliðun bætist:	
Sérstakur stóreignaskattur	300 000
2. Við 4. gr. 02 730 Bygging grunnskóla.	
Fyrir „120 345“ kemur	150 000
3. Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.	
Fyrir „40 000“ kemur	80 000
4. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.	
Fyrir „750 000“ kemur	1 175 000
5. Við 4. gr. Við bætist nýr liður:	
02 977 6.01 Þjóðarbókhlaða	30 000
6. Við 4. gr. 02 981 Kvikmyndasjóður.	
Fyrir „16 000“ kemur	32 000
7. Við 4. gr. 02 982 Listir, framlög.	
Fyrir „61 368“ kemur	79 368
8. Við 4. gr. 23 115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli.	
a. Við 18 Fjárfestingar (700 000 þús. kr.).	
Liðurinn fellur niður.	
b. Við 26 Tekin lán (300 000 þús. kr.).	
Liðurinn fellur niður.	

Nd. 387. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt við Markús Sigurbjörnsson skiptaráðanda. Það er álit nefndarinnar að rannsóknarnefndin eigi að hafa samráð og samvinnu við skiptaráðendur.

Alþingi, 19. des. 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.

Nd. 388. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Höfuðáherslu ber að leggja á það að allt verði gert, sem unnt er, til að rannsaka til hlítar hvort um óeðlilega viðskiptahætti var að ræða milli ríkisbankans og skipafélagsins.

Rannsókn á vegum skiptaráðanda er innan tiltekinna marka. Þess vegna hefði verið æskilegra að Alþingi hefði kosið sérstaka nefnd á vegum þingsins, sbr. 39. gr. stjórnarskrár. Um það varð ekki samkomulag.

Fyrsti minni hl. áréttar andstöðu sína við að Hæstarétti sé blandað inn í þetta mál, á þessu stigi, þar sem líklegt verður að teljast að málinu verði að lokum til hans vísað. Hins vegar hefur frv. tekið breytingum til bóta í meðferð efri deildar sem tryggja betur starfsaðstöðu nefndarinnar.

Þess vegna mælir 1. minni hl. með samþykkt frv.

Alþingi, 19. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sþ. 389. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur, Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 02 422 Námsgagnastofnun.	
a. Við 1.20 Framleiðsludeild.	
Fyrir „58 336“ kemur	60 336
b. Við 1.60 Námsefnisgerð.	
Fyrir „5 929“ kemur	7 929
2. Við 4. gr. 06 238 Dómstóll og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum.	
Fyrir „3 228“ kemur	4 700

Sþ. **390. Svar** [115. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um bifreiðamál ráðherra.

Samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytis hefur fyrirspurninni verið beint til þessa ráðuneytis á þeim forsendum að hún fjalli um mál sem forsætisráðuneytið stýrir.

Eftirgefin gjöld af bifreiðum ráðherra á tímabilinu 1. janúar 1982 til 30. apríl 1985, framreiknuð eftir tollafgreiðslugengi í nóvember 1985, námu 4 186 576 kr. Er þá miðað við áhvílandi gjöld á tollafgreiðsludegi viðkomandi bifreiðar.

Eftirgjafir af einstökum bifreiðum voru sem hér segir samkvæmt framangreindum forsendum:

Bifreiðategund:	Tollafgreiðsludagur:	Eftirgefin gjöld:
Volvo 244	9.6.1983	392 949 kr.
Volvo 244	21.6.1983	392 949 kr.
Volvo 244	29.6.1983	432 216 kr.
Toyota Crown	13.6.1983	603 783 kr.
Chevrolet Blazer	7.9.1983	891 619 kr.
Mercedes-Benz	21.10.1983	1 028 276 kr.
Toyota Cressida	18.5.1984	444 784 kr.
	Samtals	4 186 576 kr.

Bifreiðakostnaður ráðherra – rekstrarkostnaður 1. jan. 1982 til 30. apríl 1985.

Nafn ráðherra:	Ríkisbílar	1982	1983	1984	1985 (1. jan.—30. apríl)
Steingrímur Hermannsson		787 315	1 144 831	1 154 739	402 354
Geir Hallgrímsson		—	365 034	678 956	434 723
Albert Guðmundsson	×	—	387 475	679 583	262 776
Alexander Stefánsson	×	—	348 887	930 063	341 111
Halldór Ásgrímsson	×	—	660 055	1 237 541	551 331
Jón Helgason	×	—	456 028	743 534	255 230
Matthías Bjarnason		—	435 975	776 482	342 203
Matthías Á. Mathiesen	×	—	341 288	664 247	312 810
Ragnhildur Helgadóttir	×	—	371 309	713 062	242 455
Sverrir Hermannsson	×	—	400 994	890 504	340 651
Gunnar Thoroddsen	×	571 341	364 619	—	—
Ólafur Jóhannesson		452 610	269 842	—	—
Ragnar Arnalds	×	459 139	345 157	—	—
Svavar Gestsson	×	392 613	272 053	—	—
Friðjón Þórðarson	×	382 168	337 106	—	—
Tómas Árnason		456 522	357 770	—	—
Ingvar Gíslason	×	357 035	234 826	—	—
Hjörleifur Guttormsson	×	481 151	383 752	—	—
Pálmi Jónsson	×	457 565	282 916	—	—
Alls kr.		4 797 459	7 759 917	8 468 711	3 485 644

Bifreiðakaup vegna ráðherra á tímabilinu 1. jan. 1982 til 30. apríl 1985.

	1982	1983	1984	1985
Toyota Landcruiser (Alexander Stefánsson)	—	873 068	—	—
Toyota Landcruiser (Jón Helgason)	—	986 116	—	—
Toyota Cressida og Audi (Matthías Á. Mathiesen)	—	549 916	—	986 975
Range Rover (Sverrir Hermannsson)	—	1 294 407	—	—
Alls kr.	—	3 703 507	—	986 975

Í 2. tölul. fyrirspurnarinnar er óskað upplýsinga sem ekki eru fyrirliggjandi, enda spurt um ýmsa útreikninga á afskriftum bifreiða á tímabilinu 1. jan. 1982—30. apríl 1985 hefði núgildandi reglugerð um bifreiðamál ríkisins (nr. 190 frá 30. apríl 1985) verið í gildi.

Varðandi 5. tölulið er ekki ljóst við hvaða tímabil er átt þegar spurt er um hversu oft ráðherrar, sem látið hafa af störfum, hafi keypt bifreið þá er þeir hafa haft afnot af meðan þeir gegndu embætti. Ef spurt er um sama tímabil og aðrar spurningar gera ráð fyrir, þ.e.a.s. 1. jan. 1982—30. apríl 1985, hafa engin slík bifreiðakaup átt sér stað.

Sþ. 391. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Árið 1986 er ætlast til að rekstri og fjármunahreyfingum eftirtalinna ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign verði hagað skv. áætlunum í þessari grein.

22 Menntamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–201	**Happdrætti háskólans**		
51	Launagjöld	13 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	36 588	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	349 390	
5,8	Gjöld samtals	398 978	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	499 760	
48	Fjármunatekjur	5 800	
4,7	Tekjur samtals	505 560	
	Mismunur		106 582
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað, greitt í ríkissjóð	21 310	
32	Annað, greitt Háskóla Íslands	85 272	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	106 582	
22–202	**Lyfjabúð háskólans**		
51	Launagjöld	17 250	
52–57	Önnur rekstrargjöld	5 850	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	43 800	
571	Fjármagnskostnaður	195	
51–57	Viðhald	900	
593	Afskriftir	225	
5,8	Gjöld samtals	68 220	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	73 050	
48	Fjármunatekjur	2 250	
4,7	Tekjur samtals	75 300	
	Mismunur		7 080

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	750	
26	Afborgun lána	960	
32	Annað	5 595	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	225	
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 080	
22–211 Háskólabíó			
51	Launagjöld	9 237	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 597	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	22 130	
571	Fjármagnskostnaður	1 550	
51–57	Viðhald	2 100	
593	Afskriftir	2 700	
5,8	Gjöld samtals	47 314	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	45 664	
48	Fjármunatekjur	1 550	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	47 314	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 700	
22–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna			
571	Fjármagnskostnaður	2 800	
5,8	Gjöld samtals	2 800	
4910	Framlög ríkissjóðs	21 310	
4,7	Tekjur samtals	21 310	
	Mismunur		18 510
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	15 910	
26	Afborgun lána	2 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 510	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–679 Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni			
51	Launagjöld	688	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 855	
5,8	Gjöld samtals	3 543	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 543	
4,7	Tekjur samtals	3 543	
22–871 Unglingaheimili ríkisins			
51	Launagjöld	15 179	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 140	
5,8	Gjöld samtals	21 319	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	16 025	
4910	Framlög ríkissjóðs	5 294	
4,7	Tekjur samtals	21 319	
22–872 Lánasjóður íslenskra námsmanna			
51	Launagjöld	4 945	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 255	
571	Fjármagnskostnaður	116 050	
59	Yfirfærslur	58 380	
5,8	Gjöld samtals	183 630	
48	Fjármunatekjur	76 104	
4910	Framlög ríkissjóðs	865 000	
4,7	Tekjur samtals	941 104	
	Mismunur		757 474
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 062 399	
26	Afborgun lána	111 558	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	16 483	
26	Tekin lán	400 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	757 474	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–971	**Ríkisútvarpið, hljóðvarp**		
51	Launagjöld	127 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	78 000	
571	Fjármagnskostnaður	8 000	
593	Afskriftir	35 000	
59	Yfirfærslur	49 000	
5,8	Gjöld samtals	297 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	282 000	
48	Fjármunatekjur	8 000	
49	Aðrar tekjur	7 000	
4,7	Tekjur samtals	297 000	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	35 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	35 000	
22–972	**Ríkisútvarpið, sjónvarp**		
51	Launagjöld	146 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	142 000	
571	Fjármagnskostnaður	9 000	
51–57	Viðhald	7 000	
593	Afskriftir	58 000	
59	Yfirfærslur	56 000	
5,8	Gjöld samtals	418 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	423 000	
48	Fjármunatekjur	5 000	
49	Aðrar tekjur	5 000	
4,7	Tekjur samtals	433 000	
	Mismunur		15 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	44 000	
26	Afborgun lána	29 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	58 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	15 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–973	**Þjóðleikhúsið**		
51	Launagjöld	76 625	
52–57	Önnur rekstrargjöld	42 345	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	12 666	
571	Fjármagnskostnaður	351	
59	Afskriftir	3 500	
5,8	Gjöld samtals	135 487	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	68 734	
48	Fjármunatekjur	468	
4910	Framlög ríkissjóðs	65 448	
49	Aðrar tekjur	3 337	
4,7	Tekjur samtals	137 987	
	Mismunur		2 500
	Fjármunahreyfingar út:		
18	Fjárfestingar	6 000	
	Fjármunahreyfingar inn:		
19	Afskriftir	3 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 500	
22–974	**Sinfóníuhljómsveit Íslands**		
51	Launagjöld	41 122	
52–57	Önnur rekstrargjöld	13 431	
5,8	Gjöld samtals	54 553	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	10 454	
4910	Framlög ríkissjóðs	26 367	
49	Aðrar tekjur	17 732	
4,7	Tekjur samtals	54 553	
22–975	**Vísindasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	200	
59	Yfirfærslur	30 500	
5,8	Gjöld samtals	30 700	
4910	Framlög ríkissjóðs	700	
49	Aðrar tekjur, Arðsjóður Seðlabankans	30 000	
4,7	Tekjur samtals	30 700	

		Þús. kr.	Þús. kr.
22–976 Menningarsjóður			
51	Launagjöld	3 231	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 042	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	11 609	
571	Fjármagnskostnaður	600	
51–57	Viðhald	250	
59	Yfirfærslur	1 200	
5,8	Gjöld samtals	18 932	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	13 052	
4910	Framlög ríkissjóðs	6 000	
4,7	Tekjur samtals	19 052	
	Mismunur		120
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	120	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	120	

23 Utanríkisráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
23–101	**Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Launagjöld	24 390	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 250	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	160 000	
51–57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	2 300	
5,8	Gjöld samtals	198 440	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	324 500	
48	Fjármunatekjur	7 000	
49	Aðrar tekjur	1 440	
4,7	Tekjur samtals	332 940	
	Mismunur		134 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 800	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	135 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 300	
39	Ráðstöfun eigin fjár	134 500	
23–111	**Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli**		
51	Launagjöld	28 534	
52–57	Önnur rekstrargjöld	9 487	
571	Fjármagnskostnaður	79	
51–57	Viðhald	3 746	
593	Afskriftir	1 200	
5,8	Gjöld samtals	43 046	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	68 374	
49	Aðrar tekjur	8 500	
4,7	Tekjur samtals	76 874	
	Mismunur		33 828
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	528	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	34 500	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	33 828	
23–115 Flugstöð á Keflavíkurflugvelli			
51	Launagjöld	3 497	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 890	
5,8	Gjöld samtals	10 387	
	Mismunur		−10 387
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	700 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
26	Tekin lán	300 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−10 387	
32	Annað	410 387	
23–121 Sala varnarliðseigna			
51	Launagjöld	4 791	
52–57	Önnur rekstrargjöld	4 430	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	25 000	
51–57	Viðhald	700	
593	Afskriftir	2 460	
5,8	Gjöld samtals	37 381	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	49 621	
48	Fjármunatekjur	3 850	
49	Aðrar tekjur	250	
4,7	Tekjur samtals	53 721	
	Mismunur		16 340
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	400	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	18 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 460	
39	Ráðstöfun eigin fjár	16 340	

24 Landbúnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–171 Jarðeignir ríkisins			
52–57	Önnur rekstrargjöld	275	
571	Fjármagnskostnaður	1 000	
5,8	Gjöld samtals	1 275	
4910	Framlög ríkissjóðs	8 700	
4,7	Tekjur samtals	8 700	
	Mismunur		7 425
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	7 425	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	7 425	
24–172 Jarðasjóður			
4910	Framlög ríkissjóðs	1 694	
4,7	Tekjur samtals	1 694	
	Mismunur		1 694
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 694	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 694	
24–206 Tilraunabúið Hesti			
51	Launagjöld	748	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 610	
51–57	Viðhald	645	
5,8	Gjöld samtals	3 003	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 743	
4,7	Tekjur samtals	3 743	
	Mismunur		740
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	740	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	740	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–207 Tilraunastöðin Reykhólum			
51	Launagjöld	768	
52–57	Önnur rekstrargjöld	500	
51–57	Viðhald	470	
5,8	Gjöld samtals	1 738	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 738	
4,7	Tekjur samtals	1 738	
24–211 Tilraunastöðin Sámsstöðum			
51	Launagjöld	586	
52–57	Önnur rekstrargjöld	535	
5,8	Gjöld samtals	1 121	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 121	
4,7	Tekjur samtals	1 121	
24–221 Áburðarverksmiðja ríkisins			
51	Launagjöld	119 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	125 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	493 000	
571	Fjármagnskostnaður	118 000	
51–57	Viðhald	33 000	
593	Afskriftir	132 000	
5,8	Gjöld samtals	1 020 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	977 000	
48	Fjármunatekjur	78 000	
4,7	Tekjur samtals	1 055 000	
	Mismunur		35 000
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	40 100	
26	Afborgun lána	72 700	
32	Annað	54 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	132 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	35 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
24–236 Fóður- og fræframleiðsla Gunnarsholti			
51	Launagjöld	4 637	
52–57	Önnur rekstrargjöld	19 049	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	500	
571	Fjármagnskostnaður	6 800	
51–57	Viðhald	1 916	
593	Afskriftir	4 960	
5,8	Gjöld samtals	37 862	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	37 000	
48	Fjármunatekjur	562	
49	Aðrar tekjur	300	
4,7	Tekjur samtals	37 862	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	4 960	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	4 960	
24–237 Stórólfsvallabúið			
51	Launagjöld	5 731	
52–57	Önnur rekstrargjöld	26 595	
571	Fjármagnskostnaður	7 629	
51–57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	6 702	
5,8	Gjöld samtals	48 157	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	46 657	
48	Fjármunatekjur	1 500	
4,7	Tekjur samtals	48 157	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 583	
32	Annað	5 119	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	6 702	
24–238 Fóðuriðjan Ólafsdal			
51	Launagjöld	3 543	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 032	
571	Fjármagnskostnaður	4 489	
51–57	Viðhald	1 893	
593	Afskriftir	3 000	
5,8	Gjöld samtals	23 957	

		Þús. kr.	Þús. kr.
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	21 270	
48	Fjármunatekjur	600	
49	Aðrar tekjur	200	
4,7	Tekjur samtals	22 070	
	Mismunur		−1 887
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	1 113	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	3 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	−1 887	
24–239	**Grænfóðurverksmiðjan Flatey, A-Skaftafellssýslu**		
51	Launagjöld	3 972	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 877	
571	Fjármagnskostnaður	7 090	
51–57	Viðhald	1 000	
593	Afskriftir	5 968	
5,8	Gjöld samtals	36 907	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	35 500	
48	Fjármunatekjur	1 100	
49	Aðrar tekjur	307	
4,7	Tekjur samtals	36 907	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	648	
32	Annað	5 320	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	5 968	
24–246	**Laxeldisstöðin Kollafirði**		
51	Launagjöld	2 484	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 700	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	1 000	
571	Fjármagnskostnaður	376	
593	Afskriftir	2 200	
5,8	Gjöld samtals	7 760	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	5 814	
48	Fjármunatekjur	150	
4910	Framlög ríkissjóðs	2 400	
4,7	Tekjur samtals	8 364	
	Mismunur		604

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 600	
26	Afborgun lána	1 204	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	604	
24–272 Einangrunarstöð holdanauta Hrísey			
51	Launagjöld	1 271	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 640	
51–57	Viðhald	75	
5,8	Gjöld samtals	2 986	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 186	
4910	Framlög ríkissjóðs	800	
4,7	Tekjur samtals		2 986

25 Sjávarútvegsráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–211	**Fiskimálasjóður**		
51	Launagjöld	1 274	
52–57	Önnur rekstrargjöld	433	
571	Fjármagnskostnaður	950	
59	Yfirfærslur	8 000	
5,8	Gjöld samtals	10 657	
48	Fjármunatekjur	3 450	
49	Aðrar tekjur	10 000	
4,7	Tekjur samtals	13 450	
	Mismunur		2 793
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 293	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 793	
25–222	**Síldarverksmiðjur ríkisins**		
51	Launagjöld	84 933	
52–57	Önnur rekstrargjöld	330 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	375 000	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
51–57	Viðhald	57 900	
593	Afskriftir	40 000	
5,8	Gjöld samtals	897 833	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	916 073	
48	Fjármunatekjur	700	
4,7	Tekjur samtals	916 773	
	Mismunur		18 940
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	59 725	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	785	
19	Afskriftir	40 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	18 940	

		Þús. kr.	Þús. kr.
25–272	**Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging**		
51	Launagjöld	378	
52–57	Önnur rekstrargjöld	420	
51–57	Viðhald	1 312	
5,8	Gjöld samtals	2 110	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 730	
4910	Framlög ríkissjóðs	380	
4,7	Tekjur samtals	2 110	
25–274	**Aflatryggingasjóður**		
51	Launagjöld	540	
52–57	Önnur rekstrargjöld	1 740	
5,8	Gjöld samtals	2 280	
49	Aðrar tekjur	757 680	
4,7	Tekjur samtals	757 680	
	Mismunur		755 400
Fjármunahreyfingar út:			
32	Annað	755 400	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	755 400	

26 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
26–101 Lögbirtingablað			
51	Launagjöld	990	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 740	
5,8	Gjöld samtals	7 730	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	7 730	
4,7	Tekjur samtals	7 730	
26–371 Kirkjubyggingasjóður			
52–57	Önnur rekstrargjöld	6	
59	Yfirfærslur	49	
5,8	Gjöld samtals	55	
48	Fjármunatekjur	250	
4910	Framlög ríkissjóðs	2 598	
4,7	Tekjur samtals	2 848	
	Mismunur		2 793
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	3 043	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	250	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 793	
26–372 Kirkjugarðasjóður			
51	Launagjöld	27	
52–57	Önnur rekstrargjöld	324	
59	Yfirfærslur	500	
5,8	Gjöld samtals	851	
48	Fjármunatekjur	780	
49	Aðrar tekjur	2 977	
4,7	Tekjur samtals	3 757	
	Mismunur		2 906
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	500	
32	Annað	2 856	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	450	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 906	
26–373 Kristnisjóður			
59	Yfirfærslur	6 107	
5,8	Gjöld samtals	6 107	
4910	Framlög ríkissjóðs	8 390	
4,7	Tekjur samtals	8 390	
	Mismunur		2 283
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 283	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 283	

27 Félagsmálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–271 Byggingarsjóður ríkisins			
51	Launagjöld	26 950	
52–57	Önnur rekstrargjöld	48 050	
571	Fjármagnskostnaður	691 000	
5,8	Gjöld samtals	766 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	58 000	
48	Fjármunatekjur	810 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 300 000	
49	Aðrar tekjur	12 000	
4,7	Tekjur samtals	2 180 000	
	Mismunur		1 414 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	2 500 000	
26	Afborgun lána	450 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	116 000	
26	Tekin lán	1 300 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 414 000	
32	Annað	120 000	
27–272 Byggingarsjóður verkamanna			
52–57	Önnur rekstrargjöld	20 000	
571	Fjármagnskostnaður	110 000	
5,8	Gjöld samtals	130 000	
48	Fjármunatekjur	58 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	300 000	
49	Aðrar tekjur	120 000	
4,7	Tekjur samtals	478 000	
	Mismunur		348 000
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	760 000	
26	Afborgun lána	48 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	35 000	
26	Tekin lán	380 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	348 000	
32	Annað	45 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
27–372	**Landakaup kaupstaða og kauptúna**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	75	
5,8	Gjöld samtals	75	
48	Fjármunatekjur	1 500	
49	Aðrar tekjur	150	
4,7	Tekjur samtals	1 650	
	Mismunur		1 575
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 988	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	413	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 575	
27–972	**Bjargráðasjóður**		
51	Launagjöld	2 100	
52–57	Önnur rekstrargjöld	800	
571	Fjármagnskostnaður	10 000	
59	Yfirfærslur	12 040	
5,8	Gjöld samtals	24 940	
48	Fjármunatekjur	5 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	18 240	
49	Aðrar tekjur	34 400	
4,7	Tekjur samtals	57 640	
	Mismunur		32 700
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	30 000	
32	Annað	7 700	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	5 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	32 700	

28 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–273	**Avinnuleysistryggingasjóður**		
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 378	
59	Yfirfærslur	462 241	
5,8	Gjöld samtals	473 619	
48	Fjármunatekjur	93 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	335 685	
49	Aðrar tekjur	112 000	
4,7	Tekjur samtals	540 685	
	Mismunur		67 066
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	20 000	
32	Annað	60 488	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 422	
39	Ráðstöfun eigin fjár	67 066	
28–311	**Ríkisspítalar, þvottahús**		
51	Launagjöld	20 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	26 920	
51–57	Viðhald	1 500	
5,8	Gjöld samtals	48 420	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	51 020	
4,7	Tekjur samtals	51 020	
	Mismunur		2 600
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	2 600	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 600	

		Þús. kr.	Þús. kr.
28–378	**Læknishéraðasjóður**		
59	Yfirfærslur	1 000	
5,8	Gjöld samtals	1 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	1 000	
4,7	Tekjur samtals	1 000	
28—471	**Gæsluvistarsjóður**		
4910	Framlög ríkissjóðs	4 500	
4,7	Tekjur samtals	4 500	
	Mismunur		4 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	4 500	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 500	

29 Fjármálaráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–101 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins			
51	Launagjöld	54 579	
52–57	Önnur rekstrargjöld	111 968	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	934 000	
51–57	Viðhald	10 000	
593	Afskriftir	7 500	
5,8	Gjöld samtals	1 118 047	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	3 557 227	
48	Fjármunatekjur	20 000	
49	Aðrar tekjur	320	
4,7	Tekjur samtals	3 577 547	
	Mismunur		2 459 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	37 000	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	2 430 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 459 500	
29–102 Lyfjaverslun ríkisins			
51	Launagjöld	23 816	
52–57	Önnur rekstrargjöld	18 042	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	89 857	
571	Fjármagnskostnaður	21 700	
593	Afskriftir	2 200	
5,8	Gjöld samtals	155 615	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	146 709	
48	Fjármunatekjur	20 000	
4,7	Tekjur samtals	166 709	
	Mismunur		11 094
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	5 000	
26	Afborgun lána	3 294	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	5 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	2 200	
39	Ráðstöfun eigin fjár	11 094	

		Þús. kr.	Þús. kr.
29–103 Innkaupastofnun ríkisins			
51	Launagjöld	11 081	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 878	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	420 000	
51–57	Viðhald	260	
5,8	Gjöld samtals	438 219	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	435 220	
48	Fjármunatekjur	530	
49	Aðrar tekjur	2 469	
4,7	Tekjur samtals	438 219	
29–931 Arnarhvoll			
51	Launagjöld	5 574	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 995	
51–57	Viðhald	1 500	
593	Afskriftir	820	
5,8	Gjöld samtals	11 889	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 889	
4,7	Tekjur samtals	11 889	
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	820	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	820	
29–932 Borgartún 7			
51	Launagjöld	2 793	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 727	
571	Fjármagnskostnaður	10	
51–57	Viðhald	3 600	
5,8	Gjöld samtals	9 130	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 100	
48	Fjármunatekjur	30	
4,7	Tekjur samtals	9 130	
29–934 Tollstöðvarhús			
51	Launagjöld	5 898	
52–57	Önnur rekstrargjöld	6 102	
51–57	Viðhald	4 362	
5,8	Gjöld samtals	16 362	

		Þús. kr.	Þús. kr.
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	17 412	
4,7	Tekjur samtals	17 412	
	Mismunur		1 050
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	1 050	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 050	
29–971	**Ríkisábyrgðasjóður**		
51	Launagjöld	3 800	
52–57	Önnur rekstrargjöld	3 000	
5,8	Gjöld samtals	6 800	
48	Fjármunatekjur	23 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	185 000	
4,7	Tekjur samtals	208 000	
	Mismunur		201 200
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	70 000	
32	Annað	234 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	103 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	201 200	
29–981	**Ýmsar fasteignir ríkissjóðs**		
51	Launagjöld	2 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	10 000	
51–57	Viðhald	13 400	
5,8	Gjöld samtals	25 900	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	25 900	
4,7	Tekjur samtals	25 900	

30 Samgönguráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–101 Póst- og símamálastofnun			
51	Launagjöld	1 230 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	914 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	119 400	
571	Fjármagnskostnaður	79 000	
51–57	Viðhald	24 600	
593	Afskriftir	443 700	
5,8	Gjöld samtals	2 810 700	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 945 500	
48	Fjármunatekjur	70 400	
4910	Framlög ríkissjóðs	103 000	
49	Aðrar tekjur	90 000	
4,7	Tekjur samtals	3 208 900	
	Mismunur		398 200
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	471 000	
26	Afborgun lána	232 900	
32	Annað, greitt í ríkissjóð	188 000	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	443 700	
39	Ráðstöfun eigin fjár	398 200	
32	Annað, sjóðsbreyting	50 000	
30–211 Vegagerð ríkisins, áhaldahús			
51	Launagjöld	80 000	
52–57	Önnur rekstrargjöld	120 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	180 000	
571	Fjármagnskostnaður	800	
51–57	Viðhald	80 000	
593	Afskriftir	25 000	
5,8	Gjöld samtals	485 800	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	482 451	
49	Aðrar tekjur	4 800	
4,7	Tekjur samtals	487 251	
	Mismunur		1 451

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	25 000	
26	Afborgun lána	1 451	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	25 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 451	
30–321 Skipaútgerð ríkisins			
51	Launagjöld	106 843	
52–57	Önnur rekstrargjöld	116 665	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	17 822	
571	Fjármagnskostnaður	44 924	
51–57	Viðhald	11 000	
593	Afskriftir	23 862	
5,8	Gjöld samtals	321 116	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	226 710	
48	Fjármunatekjur	4 063	
4910	Framlög ríkissjóðs	118 566	
4,7	Tekjur samtals	349 339	
	Mismunur		28 223
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	6 000	
26	Afborgun lána	46 085	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	23 862	
39	Ráðstöfun eigin fjár	28 223	
32	Annað		
30–331 Vitamálastjórn, áhaldahús			
51	Launagjöld	12 500	
52–57	Önnur rekstrargjöld	8 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	3 000	
571	Fjármagnskostnaður	500	
51–57	Viðhald	2 000	
5,8	Gjöld samtals	26 000	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	26 000	
4,7	Tekjur samtals	26 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–332 Hafnabótasjóður			
52–57	Önnur rekstrargjöld	600	
571	Fjármagnskostnaður	4 538	
59	Yfirfærslur	10 000	
5,8	Gjöld samtals	15 138	
48	Fjármunatekjur	6 556	
4910	Framlög ríkissjóðs	12 000	
4,7	Tekjur samtals	18 556	
	Mismunur		3 418
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	7 480	
26	Afborgun lána	9 381	
Fjármunahreyfingar inn:			
16	Innheimtar afborganir	13 443	
39	Ráðstöfun eigin fjár	3 418	
30–333 Landshöfn Þorlákshöfn			
51	Launagjöld	2 772	
52–57	Önnur rekstrargjöld	2 453	
571	Fjármagnskostnaður	196	
593	Afskriftir	800	
5,8	Gjöld samtals	6 221	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	9 125	
48	Fjármunatekjur	1 000	
4910	Framlög ríkissjóðs	5 033	
49	Aðrar tekjur	100	
4,7	Tekjur samtals	15 258	
	Mismunur		9 037
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	9 000	
26	Afborgun lána	837	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	800	
39	Ráðstöfun eigin fjár	9 037	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–334 Landshöfn Keflavík–Njarðvík			
51	Launagjöld	5 944	
52–57	Önnur rekstrargjöld	850	
571	Fjármagnskostnaður	143	
51–57	Viðhald	4 556	
593	Afskriftir	1 500	
5,8	Gjöld samtals	12 993	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	11 350	
4910	Framlög ríkissjóðs	2 356	
4,7	Tekjur samtals	13 706	
	Mismunur		713
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 213	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	1 500	
39	Ráðstöfun eigin fjár	713	
30–335 Landshöfn Rifi			
51	Launagjöld	1 158	
52–57	Önnur rekstrargjöld	903	
571	Fjármagnskostnaður	140	
593	Afskriftir	100	
5,8	Gjöld samtals	2 301	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	2 108	
48	Fjármunatekjur	7	
4910	Framlög ríkissjóðs	2 733	
4,7	Tekjur samtals	4 848	
	Mismunur		2 547
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	2 593	
32	Annað	54	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	100	
39	Ráðstöfun eigin fjár	2 547	

		Þús. kr.	Þús. kr.
30–671 Umferðarmiðstöðin			
51	Launagjöld	167	
52–57	Önnur rekstrargjöld	455	
51–57	Viðhald	130	
593	Afskriftir	336	
5,8	Gjöld samtals	1 088	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	920	
49	Aðrar tekjur	455	
4,7	Tekjur samtals	1 375	
	Mismunur		287
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	623	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	336	
39	Ráðstöfun eigin fjár	287	
30–672 Sérleyfissjóður			
51	Launagjöld	863	
52–57	Önnur rekstrargjöld	541	
5,8	Gjöld samtals	1 404	
4910	Framlög ríkissjóðs	3 000	
4,7	Tekjur samtals	3 000	
	Mismunur		1 596
Fjármunahreyfingar út:			
16	Veitt lán	1 596	
Fjármunahreyfingar inn:			
39	Ráðstöfun eigin fjár	1 596	
30–673 Ferðaskrifstofa ríkisins			
51	Launagjöld	12 577	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 002	
571	Fjármagnskostnaður	490	
51–57	Viðhald	456	
5,8	Gjöld samtals	24 525	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	22 642	
48	Fjármunatekjur	1 105	
49	Aðrar tekjur	778	
4,7	Tekjur samtals	24 525	

31 Iðnaðarráðuneyti

		Þús. kr.	Þús. kr.
31–231 Sementsverksmiðja ríkisins			
51	Launagjöld	97 972	
52–57	Önnur rekstrargjöld	109 445	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	35 773	
571	Fjármagnskostnaður	40 200	
51–57	Viðhald	27 364	
593	Afskriftir	80 278	
5,8	Gjöld samtals	391 032	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	390 298	
49	Aðrar tekjur	1 500	
4,7	Tekjur samtals	391 798	
	Mismunur		766
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	15 000	
26	Afborgun lána	42 510	
32	Annað	23 534	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	80 278	
39	Ráðstöfun eigin fjár	766	
31–233 Ríkisprentsmiðjan Gutenberg			
51	Launagjöld	38 017	
52–57	Önnur rekstrargjöld	11 428	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	16 693	
571	Fjármagnskostnaður	900	
51–57	Viðhald	593	
593	Afskriftir	7 624	
5,8	Gjöld samtals	75 255	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta	79 813	
48	Fjármunatekjur	165	
4,7	Tekjur samtals	79 978	
	Mismunur		4 723
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	3 000	
26	Afborgun lána	4 360	
32	Annað	4 987	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	7 624	
39	Ráðstöfun eigin fjár	4 723	
31-321 Rafmagnsveitur ríkisins			
51	Launagjöld	182 800	
52-57	Önnur rekstrargjöld	228 800	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	974 900	
571	Fjármagnskostnaður	417 500	
593	Afskriftir	304 700	
5,8	Gjöld samtals	2 108 700	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	1 625 700	
49	Aðrar tekjur	410 500	
4,7	Tekjur samtals	2 036 200	
	Mismunur		−72 500
Fjármunahreyfingar út:			
18	Fjárfestingar	175 000	
26	Afborgun lána	177 200	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	304 700	
26	Tekin lán	90 000	
39	Ráðstöfun eigin fjár	÷72 500	
32	Annað	30 000	
31-331 Jarðboranir ríkisins			
51	Launagjöld	23 168	
52-57	Önnur rekstrargjöld	25 000	
52,53,8	Hráefni og vörur til endursölu	10 000	
571	Fjármagnskostnaður	53	
51-57	Viðhald	500	
593	Afskriftir	25 000	
5,8	Gjöld samtals	83 721	
44-46,7	Seldar vörur og þjónusta	82 168	
48	Fjármunatekjur	1 000	
49	Aðrar tekjur	553	
4,7	Tekjur samtals	83 721	
Fjármunahreyfingar út:			
26	Afborgun lána	121 295	
Fjármunahreyfingar inn:			
19	Afskriftir	25 000	
32	Annað	96 295	

			Þús. kr.	Þús. kr.
31–332 Jarðvarmaveitur ríkisins				
52–57	Önnur rekstrargjöld		4 385	
571	Fjármagnskostnaður		9 900	
51–57	Viðhald		700	
5,8	Gjöld samtals		14 985	
44–46,7	Seldar vörur og þjónusta		14 985	
4,7	Tekjur samtals		14 985	
Fjármunahreyfingar út:				
18	Fjárfestingar		300	
26	Afborgun lána		88 483	
Fjármunahreyfingar inn:				
32	Annað		88 783	
31–369 Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar				
Fjármunahreyfingar út:				
18	Fjárfestingar		13 000	
Fjármunahreyfingar inn:				
32	Annað		13 000	
31–371 Orkusjóður				
52–57	Önnur rekstrargjöld		904	
571	Fjármagnskostnaður		631 695	
59	Yfirfærslur		13 000	
	Sveitarafvæðing	10 000		
	Einkarafstöðvar	3 000		
5,8	Gjöld samtals		645 599	
48	Fjármunatekjur		555 980	
4910	Framlög ríkissjóðs		198 694	
4,7	Tekjur samtals		754 674	
	Mismunur			109 075
Fjármunahreyfingar út:				
16	Veitt lán		30 000	
	Hitaveitulán	10 000		
	Jarðhitaleitarlán	20 000		
	Styrking dreifikerfa í sveitum		30 000	
26	Afborgun lána		403 765	
Fjármunahreyfingar inn:				
16	Innheimtar afborganir		334 690	
26	Tekin lán		20 000	
	Hitaveitulán	10 000		
	Jarðhitaleitarlán	10 000		
39	Ráðstöfun eigin fjár		109 075	

Sþ. 392. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um að fella úr gildi ákvæði 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins, nr. 190/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að fella úr gildi bifreiðafríðindi ráðherra samkvæmt ákvæðum 10. gr. reglugerðar nr. 190/1985, um bifreiðamál ríkisins.

Greinargerð.

Markmið þessarar þingsályktunartillögu er að fella úr gildi sérstök bifreiðafríðindi ráðherra.

Á Alþingi hafa nokkrum sinnum verið flutt frumvörp og þingsályktanir sem hafa haft það að markmiði að fella niður bifreiðafríðindi sem ráðherrar og embættismenn ríkisstofnana njóta. Hér skal minnt á stjórnarfrumvarp sem flutt var á 100. löggjafarþingi um að fella niður heimild í tollskrá um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra. Í greinargerð með því frumvarpi kemur eftirfarandi fram:

„Ríkisstjórnin telur óeðlilegt að ráðherrar fái bifreiðar er verða einkaeign þeirra með öðrum kjörum en almennt gilda í landinu.“

Þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á 106. löggjafarþingi þingsályktunartillögu um afnám bílafríðinda embættismanna og var hún samþykkt 22. maí 1984.

Á 107. löggjafarþingi fluttu þingmenn Alþýðuflokksins frumvarp til laga um breyting á lögum um tollskrá þess efnis að fella úr gildi ákvæði í tollskrá um bifreiðafríðindi ráðherra.

Meiri hluti fjárhags- og viðskiptanefndar lagði til 19. apríl 1985 að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar með eftirfarandi rökum:

1. Fjármálaráðherra hefði ákveðið að leggja fram frumvarp til tollalaga en í því frumvarpi yrði felld niður heimild um niðurfellingu aðflutningsgjalda af bifreiðum ráðherra.
2. Reglugerð væri í undirbúningi þar sem þegar í stað yrði tekið fyrir veitingu slíkra fríðinda.

Ljóst er af ofangreindu að vilji Alþingis stendur til þess að afnumin verði þau bifreiðafríðindi sem ráðherrar og embættismenn ríkisstofnana njóta.

Þó að ríkisstjórninni hafi verið ljós vilji Alþingis í þessu efni var engu að síður gefin út reglugerð 30. apríl s.l. sem felur í sér að ráðherrar, ef þeir svo kjósa, geti fengið úr ríkissjóði nánast ígildi þeirra aðflutningsgjalda sem Alþingi og ríkisstjórn lýstu yfir á síðasta löggjafarþingi að bæri að afnema. Ekki er hægt að draga aðra ályktun af þessu en að ríkisstjórnin gangi í berhögg við vilja Alþingis í þessu efni. Hér er því farið bakdyramegin að hlutunum með því að fjármálaráðherra gefur út reglugerð þar sem með annarri aðferð er fundin leið til að ráðherrar geti haldið ígildi fyrri bifreiðafríðinda. Þetta minnir óneitanlega á umdeildan launaauka bankastjóra sem koma átti í stað fyrri bifreiðafríðinda sem þeir áður nutu.

Í 10. gr. reglugerðar um bifreiðamál ríkisins frá 30. apríl s.l. er kveðið á um að ráðherra hafi eftirfarandi valkosti:

1. Hver ráðherra geti fengið til umráða ríkisbifreið sem ríkissjóður ber allan kostnað af.
2. Ráðherra eigi þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa og ber þá ríkissjóður allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar. Auk þess greiðir ríkissjóður ráðherra fyrningarfé er sé hvert ár 20% af virði bifreiðarinnar.

Áætla má, miðað við fyrri reglu sem gilti um eftirgjöf af gjöldum vegna bifreiða ráðherra, að eftirgefin gjöld hafi numið 60% af bílverði.

Niðurfellingu á gjöldum gátu ráðherrar fengið á 3ja ára fresti. Það svarar til 20% á ári af bílverðinu sem er sama prósentutala og valin er sem árleg fyrning í nýrri reglu sem nú gildir um bifreiðafríðindi ráðherra.

Í fréttatilkynningu frá viðskiptaráðuneytinu, dags. 3. sept. 1985, er því beint til bankaráða ríkisbankanna að reglur um bifreiðafríðindi ráðherra verði höfð til hliðsjónar við endurskoðun á reglum um bílamál bankastjóranna.

Fréttatilkynningin hljóðar svo:

Athugun á starfskjörum bankastjóra ríkisbankanna.

Baldur Möller, fyrrv. ráðuneytisstjóri, hefur skilað meðfylgjandi skýrslu til Matthíasar Á. Mathiesen viðskiptaráðherra um athugun sína á starfskjörum bankastjóra ríkisbankanna. Skýrslan hefur nú verið afhent bankaráðum ríkisbankanna.

Þá hefur viðskiptaráðherra sent bankaráðunum bréf, dags. 30. ágúst 1985, þar sem þeim er falið að endurskoða reglur, annars vegar um bílamál bankastjóranna, *þar sem ákvæði gildandi reglugerðar nr. 190/1985 um bifreiðamál ríkisins verði höfð til hliðsjónar (sbr. einkum 10. gr.)*, og hins vegar um eftirlaunamál þeirra, þar sem eftirlaunaréttindi verði færð til samræmis við almenn löggjafarviðhorf í því efni.

Jafnframt er farið fram á það í bréfinu að allar fyrirhugaðar breytingar á starfskjörum bankastjóra og annarra starfsmanna ríkisbankanna verði kynntar viðskiptaráðherra en um það verða sett ákvæði í fyrirhugaða reglugerð um starfsemi ríkisviðskiptabankanna, sbr. lög nr. 86/1985.

Nú þegar liggur fyrir tillaga hjá a.m.k. einu bankaráði ríkisbankanna um að bankastjórar skuli njóta sömu bílafríðinda og ráðherrar.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu að óeðlilegt sé að bankastjórar njóti þessara bílafríðinda og getur Alþingi komið í veg fyrir að slíkt gerist með því að samþykkja ályktun um að fella úr gildi umrædd ákvæði um bílafríðindi ráðherra frá 30. apríl s.l.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu að nauðsynlegt sé að Alþingi lýsi ótvírætt yfir vilja sínum í þessu efni þannig að afdráttarlaust liggi fyrir að löggjafarvaldið telji óeðlilegt að ráðherrar eða embættismenn ríkisstofnana hafi sérstök bifreiðahlunnindi langt umfram það sem almennt gildir í landinu sem dæmi eru um að megi á einu ári jafna til 8 árslauna verkafólks.

Það hlýtur líka að þurfa sérstakrar athugunar við ef mánaðarlegur rekstrarkostnaður bifreiða ráðherra getur numið allt að 6 mánaða dagvinnulaunum verkafólks, sbr. svar við fsp. um bifreiðamál ráðherra sem lagt hefur verið fram á Alþingi.

Þegar litið er til forsögu þessa máls verður að vænta að það verði endurskoðað og að afdráttarlaus vilji Alþingis liggi fyrir í þessu efni.

Nd. 393. Frumvarp til laga [205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem er eign ríkisins en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

a) að annast seðlaútgáfu, láta slá og gefa út mynt og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt,
b) að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við,
c) að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum,
d) að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál,
e) að annast bankaviðskipti ríkissjóðs,
f) að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum,
g) að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt sem varðar hlutverk bankans,
h) að annast önnur verkefni sem samrýmanleg eru tilgangi bankans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

II. KAFLI
Seðlaútgáfa og mynt.

5. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar og mynt, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar, sem bankinn gefur út, og lætur birta auglýsingu um það efni.

III. KAFLI
Innlend viðskipti Seðlabankans.

6. gr.

Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir eða félög sem taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þó skal Seðlabankanum heimilt að semja við Lánastofnun sparisjóðanna um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða hjá bankanum.

Þegar sérstaklega stendur á má ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Seðlabankinn getur veitt peningastofnunum, sem eiga innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar.

Seðlabankanum er heimilt að veita innlánsstofnunum lán með þeim kjörum að höfuðstóll lánsins sé greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris eða breytingum á gengi íslenskrar krónu. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Með erlendum gjaldeyri er einnig átt við reikningseiningar sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánsviðskiptum á alþjóðamarkaði.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín samkvæmt þessari grein.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn með samþykki ráðherra ákveðið að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé stofnunar sem skilgreint skal í reglugerð.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 1. og 2. mgr.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

9. gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að innlánsstofnanir skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf er nemi allt að 10% af innlánum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni, og skulu það einkum vera verðbréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og skal miða verðmæti þeirra við markaðsgengi.

10. gr.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum, m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Ákvarðanir Seðlabankans samkvæmt 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

11. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu innlán ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymd í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skulu slík lán greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru gefin út af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnunum til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, skulu ekki teljast lán til ríkissjóðs samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

12. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf og skal hann vinna að því að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna og starfrækja í samvinnu við innlánsstofnanir og viðurkennda verðbréfamiðlara verðbréfaþing þar sem verslað er með verðbréf. Seðlabankinn setur reglur um verðbréfaþingið að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis að höfuðstóll og/eða vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Um skattalega meðferð bréfanna gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innlán í bönkum og sparisjóðum.

13. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka. Hann skal ekki annast viðskipti sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

IV. KAFLI

Bankaeftirlit.

14. gr.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Verkefni þetta skal falið sérstakri deild í bankanum er nefnist bankaeftirlit og starfar hún undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Ráðherra skipar forstöðumann bankaeftirlitsins og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

Sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

15. gr.

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana og kanna að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar, er varða starfsemina, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits, með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

16. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu, sem í viðskiptunum felst, með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun.

17. gr.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlánsstofnanir:

a) hagi bókhaldi sínu, ársuppgjöri og endurskoðun eftir reglum sem það ákveður,
b) birti reikninga sína á þann hátt og svo oft sem það ákveður,
c) veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðað sem óskað er,
d) veiti aðrar upplýsingar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

18. gr.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins samkvæmt ákvæðum þessa kafla, að innlánsstofnun fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar, skal bankaeftirlitið krefjast þess að úr því sé bætt innan ákveðins frests.

Hafi stjórn innlánsstofnunar vanrækt skyldu, sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum, getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins skal sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétti og stýrir hann fundinum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun, sbr. 42. gr. Bankaeftirlitinu er þá einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum, sem hún hefur í sinni vörslu, og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi innlánsstofnun.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir samkvæmt 4. mgr. skulu tilkynntar ráðherra þegar í stað. Þá skal Seðlabankinn gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

V. KAFLI
Gengismál og erlend viðskipti.

19. gr.

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri svo og mörk kaup- og sölugengis. Innan þeirra marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Seðlabankinn getur einhliða fellt niður gengisskráningu um stundarsakir.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

20. gr.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar og sparisjóðir rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra. Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri.

21. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið.

22. gr.

Til þess að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis.

Enn fremur er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

23. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Seðlabankanum er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans samkvæmt ákvæðum þessara laga og laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.

24. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

VI. KAFLI
Hagskýrslugerð.

25. gr.

Seðlabankinn safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað sem hlutverk bankans varðar og skal hann birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta bankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, og nýtur hann í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við ef út af er brugðið.

VII. KAFLI
Stjórn bankans.

26. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

27. gr.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti 3 bankastjórar. Bankastjórnin kýs sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn.

Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórar skulu eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

28. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

29. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í 12 mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

30. gr.

Að fengnu áliti bankaráðs getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar. Bankastjóri skal eiga rétt á fullum launum í 1—3 ár, þó aldrei lengur en til loka ráðningartíma, og eftirlaunum samkvæmt nánari ákvörðun bankaráðs. Segi bankastjóri upp starfi áður en ráðningartíma hans er lokið skal hann njóta fastra launa í allt að 12 mánuði og eftirlauna samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur ráðherra vikið honum úr starfi fyrirvaralaust án launa.

31. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa 5 menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

32. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt og leita álits þess um ákvarðanir í mikilvægum málum er stefnu bankans varða, svo sem um ákvarðanir samkvæmt 8. gr. og 2. mgr. 10. gr. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra er ráðherra gefur út.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Formaður bankaráðs undirbýr fundi bankaráðs með bankastjórn. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð ákveði annað.

Bankaráð skal hafa eftirlit með öllum eignum bankans, taka ákvarðanir um framkvæmdir og ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum.

33. gr.

Fundir bankaráðs eru lögmætir ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

34. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi og ráðherra skipar til sama tíma.

35. gr.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar Seðlabankans og segir honum upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessa starfsmanns.

Bankastjórn ræður alla aðra starfsmenn bankans og segir þeim upp starfi. Ráðning aðstoðarbankastjóra er þó háð samþykki bankaráðs.

VIII. KAFLI

Reikningsskil.

36. gr.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs.

37. gr.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Seðlabankans. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaði.

38. gr.

Árlega skal helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 2. mgr., greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta hagnað fyrri áranna til verðlags hins þriðja. Greiðsla skal fara fram hinn 1. júní ár hvert.

Árlega skal leggja í arðsjóð a. m. k. jafngildi 40 milljóna króna miðað við verðlag í árslok 1984. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila bankans, málefni bankans sjálfs svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við banka og opinberar stofnanir erlendis er varða athugun eða mat á fjárhagslegu öryggi innlánsstofnana og opinberra aðila hér á landi og erlendis samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

40. gr.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti, sbr. lög um tekju- og eignarskatt.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

X. KAFLI

Gildistökuákvæði.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1986.

Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985. Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 27. gr. og 2. mgr. 29. gr. taka einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra að föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

42. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, skal setja nánari ákvæði um starfsemi bankans í samræmi við lög þessi, þ. á m. skal ákveða viðurlög í formi dagsekta, refsivaxta eða sérstakrar bindingar á innlánsfé eða umráðafé innlánsstofnunar sé ákvörðunum bankans ekki hlítt.

43. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a) Lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,
b) lög nr. 20/1962 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,
c) lög nr. 10/1964 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,
d) lög nr. 103/1973 um breyting á lögum nr. 20/1962 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,
e) lög nr. 114/1978 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1964,
f) lög nr. 36/1983 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands,
g) ákvæði 30.–33., 37. gr. og 3. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl.,
h) ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 10/1981 um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu,
i) ákvæði 5. gr. laga nr. 12/1981 um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana,
j) ákvæði 26. gr. laga nr. 43/1984 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa 5 menn í bankaráð Seðlabankans og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa 2 skoðunarmenn fyrir Seðlabankann.

III

Ákvæði 38. gr. um ráðstöfun tekjuafgangs Seðlabankans til ríkissjóðs koma fyrst til framkvæmda vegna rekstrarársins 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Í júlímánuði 1981 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra, Tómas Árnason, 5 manna bankamálanefnd. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að henni væri falið „að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka".

Í nefndina voru skipaðir: Halldór Ásgrímsson, alþingismaður, formaður, Jón G. Sólnes, fyrrv. alþingismaður, Kjartan Jóhannsson, alþingismaður, Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra, og Matthías Á. Mathiesen, alþingismaður. Í maímánuði 1983 tóku tveir nefndarmanna, þeir Halldór Ásgrímsson og Matthías Á. Mathiesen, sæti í nýrri ríkisstjórn og voru þá skipaðir í þeirra stað í nefndina Þorsteinn Pálsson, alþingismaður, sem formaður, og Björn Líndal, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu. Ritari nefndarinnar var ráðinn Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Bankamálanefnd sendi viðskiptaráðuneytinu tillögur sínar að lagafrumvörpum um Seðlabanka Íslands og viðskiptabanka með bréfi hinn 21. mars 1984. Einnig fylgdi bréfinu bókun nefndarinnar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka. Skömmu síðar bárust ráðuneytinu sérálit tveggja nefndarmanna, Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar.

Í byrjun sumars 1984 voru tillögur bankamálanefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands sendar Seðlabankanum til umsagnar. Bárust ráðuneytinu umsagnir Seðlabankans um mitt sumarið. Hefur að hluta verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem komu fram í umsögn Seðlabankans. Einnig óskaði ráðuneytið eftir áliti Benedikts Sigurjónssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, um tillögur nefndarinnar. Jafnframt hafa tillögurnar verið teknar til sjálfstæðrar athugunar í ráðuneytinu. Þetta frumvarp er afrakstur þessa starfs.

Gildandi lög um Seðlabanka Íslands eru nr. 10/1961 og eru þau fyrsta heilsteypta löggjöfin um starfsemi seðlabanka. Um þá starfsemi giltu áður lög nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands en samkvæmt þeim lögum var Landsbankanum skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, er hvor um sig laut sérstakri stjórn. Hélst sú skipan til ársins 1961 þegar Seðlabankinn var skilinn frá Landsbanka Íslands og gerður að sjálfstæðri stofnun.

Árið 1972 var skipuð bankamálanefnd til að endurskoða bankakerfið, þ. á m. löggjöfina varðandi Seðlabankann og hlutverk hans. Nefndin skilaði áliti í janúar 1973. Í áliti nefndarinnar kemur fram að ekki komi til greina nein meiri háttar skipulagsbreyting á Seðlabanka Íslands. Nefndin taldi þó ástæðu til ýmissa breytinga, er varða starfsemi bankans, og tilgreindi sérstaklega ákvæði um útlánahámark innlánsstofnana, takmörkun á lántökum þeirra erlendis og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Taldi nefndin þó ekki ástæðu til að setja tillögur sínar varðandi Seðlabankann í frumvarpsform á því stigi málsins. Aðrar heildarathuganir á þeirri löggjöf, er gildir um Seðlabanka Íslands, fóru ekki fram fyrr en ný bankamálanefnd hóf störf í júlímánuði 1981. Í starfi sínu aflaði nefndin mikilla og margvíslegra upplýsinga, bæði með söfnun gagna og viðtölum. Sérstaklega var aflað upplýsinga um starfsháttu seðlabanka á Norðurlöndum. Þá átti nefndin viðræður við bankastjórn Seðlabankans í því skyni að ræða þau atriði er helst snerta hlutverk og starfssvið bankans svo og hlutverk peningastofnana almennt.

Með þessu frumvarpi til nýrra laga um Seðlabanka Íslands er lagt til að ýmsum ákvæðum gildandi laga verði breytt og nýjum bætt við.

Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins eru sem hér segir:

1. Gert er ráð fyrir að rekstur Seðlabankans verði í auknum mæli bundinn við hefðbundin verkefni seðlabanka. Þannig er við það miðað að sú aðalregla gildi að innlánsstofnanir og ríkið verði einu viðskiptaaðilar Seðlabankans en ráðherra geti með reglugerð kveðið svo á að aðrar peningastofnanir en innlánsstofnanir skuli eiga viðskipti við bankann. Væri þá einkum um þau tilvik að ræða þar sem geyma þyrfti erlent lánsfé með þeim hætti að það yrði ekki notað til tímabundinnar lánafærslu eða þar sem réttmætri

lánsfjárþörf tiltekinna peningastofnana yrði ekki mætt nema með lánum úr Seðlabankanum. Í þessu efni yrði og að gæta þess að ákvæði reglugerðar stangist ekki á við þá reglu frumvarpsins að Seðlabankanum sé óheimilt að keppa um viðskipti við innlánsstofnanir.

2. Ákvæðum gildandi laga um bindiskyldu innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum er breytt verulega, m. a. með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum viðskiptabanka. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þessu stjórntæki Seðlabankans verði framvegis beitt, þegar sérstaklega standi á, til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði. Er lagt til að Seðlabankinn ákveði bindiskyldu af heildarinnlánsfé innlánsstofnana eða ráðstöfunarfé samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð en ákvarðanir bankans verði ætíð háðar samþykki ráðherra.
3. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn geti sett innlánsstofnunum reglur um lágmark og meðaltal lauss fjár sem þeim beri ætíð að hafa yfir að ráða.
4. Lagt er til að almenn heimild Seðlabankans samkvæmt gildandi lögum til þess að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana verði felld niður. Gert er ráð fyrir að þeirri meginreglu verði fylgt að innlánsstofnanir ákveði sjálfar innláns- og útlánsvexti sína. Engu að síður er sleginn sá varnagli að við tilteknar aðstæður geti Seðlabankinn bundið ákvarðanir viðskiptabanka í þessu efni takmörkunum. Á vegum ráðuneytisins er unnið að samningu lagafrumvarps um dráttarvexti og verður það lagt fram á Alþingi innan tíðar.
5. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að reglur um endurgreiðslur ríkissjóðs á lánum úr Seðlabankanum verði hertar. Eiga slík lán að greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans.
6. Frumvarpið gerir ráð fyrir að innlánsstofnanir hafi sjálfstæðan ákvörðunarrétt um stofnun útibúa og verslunar með erlendan gjaldeyri en Seðlabankinn geti þó sett þessum rétti viss mörk. Af þeim sökum fellur niður það hlutverk sem Seðlabankinn hefur haft fram til þessa varðandi umsagnir um leyfi til stofnunar útibúa og réttindi til gjaldeyrisverslunar.
7. Mun ítarlegri reglur eru settar um starfsemi bankaeftirlitsins. Meðal annars er eftirlitinu falið að fylgjast með að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu, sem í viðskiptum felst, með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar. Jafnframt er lagt til að bankaeftirlitið geti beitt fleiri úrræðum en verið hefur gagnvart innlánsstofnun sem ekki hagar starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir eða samþykktir, þ. á m. er lagt til að eftirlitið geti skipað eftirlitsmann með innlánsstofnun sem ekki hefur sinnt kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur.

   Í frumvarpi til laga um verðbréfamiðlun er gert ráð fyrir að bankaeftirlitið hafi eftirlit með verðbréfaviðskiptum.
8. Heimild bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Seðlabankans til að sitja í stjórn annarra stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti er þrengd. Verði frumvarpið að lögum má ekki eftir gildistöku þess ráða bankastjóra til lengri tíma en 6 ára í senn.
9. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp það nýmæli að Seðlabankinn greiði hluta hagnaðar síns ár hvert til ríkissjóðs.

Ýmsar aðrar breytingar og nýmæli koma fram í frumvarpi þessu og er nánar vikið að þeim í athugasemdum við einstakar greinar. Sérálit Kjartans Jóhannssonar og Lúðvíks Jósepssonar fylgja frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. mgr. 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að ekki er tekið upp í frumvarpið heiti Seðlabankans á ensku „The Central Bank of Iceland". Engu að síður er gert ráð fyrir því að hið erlenda heiti sé notað áfram þar sem það á við.

Í 2. mgr. 1. gr. gildandi laga segir að Seðlabanki Íslands taki við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands/Seðlabankans og af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands/Seðlabankans skuli 100 milljónir króna teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands. Ákvæði þetta var nauðsynlegt á sínum tíma en hefur ekki sama gildi nú. Því er lagt til í frumvarpinu að það sé fellt niður. Stofnfé bankans er eftir sem áður 1 milljón nýkróna.

Um 2. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Í grein þessari er hlutverk Seðlabankans skilgreint. Í meginatriðum er sú skilgreining óbreytt frá gildandi lögum.

Um a. Bætt er við ákvæði þar sem segir að auk þess að annast seðlaútgáfu sé hlutverk Seðlabankans að láta slá og gefa út mynt. Í 8. gr. gildandi laga er ákvæði þess efnis að fjármálaráðuneytið geti samið við Seðlabankann um að hann taki við útgáfu myntar af ríkissjóði og skuli þá falla úr gildi lög nr. 19/1925 um innlenda skiptimynt. Slíkt samkomulag var gert 21. október 1966 og tók gildi 1. apríl 1967. Hinn 23. apríl 1968 tóku svo gildi lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands og veittu þau m. a. Seðlabankanum einkarétt til að láta slá og gefa út peninga úr málmi. 8. gr. laganna er því úrelt og lagt er til að hún verði felld niður en ákvæðin um útgáfu myntar tekin upp undir þessum lið, sbr. einnig 5. gr. frumvarpsins.

Um b–e. Þessir liðir eru efnislega óbreyttir.

Um f. Í 5. tl. 3. gr. gildandi laga er hlutverk Seðlabankans orðað svo: „Að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum." Nú er lagt til að tekin verði upp sú aðalregla að Seðlabankinn verði einungis banki innlánsstofnana og ríkisins, sbr. og e-lið. Um frekari skýringar vísast til athugasemda við 6. gr. Að öðru leyti er liðurinn óbreyttur frá gildandi lögum.

Um g–h. Liðirnir eru óbreyttir.

Um 4. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum. Í athugasemdum við greinina í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem var lagt fyrir 86. löggjafarþing 1960—61, segir m. a.: „Grein þessari er ætlað að skilgreina stöðu Seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu. Hér er um þrjú meginatriði að ræða:

1. að bankinn skuli hafa nána samvinnu við ríkisstjórn og gera henni grein fyrir skoðunum sínum,
2. að bankanum sé sett sem sjálfstæðum sérfróðum aðila að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn sé að ræða,
3. að endanlegt ákvörðunarvald um stefnu í efnahagsmálum hljóti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórninni og undir það hljóti Seðlabankinn ætíð að beygja sig að lokum."

Í 2. mgr. er sett ákvæði er miðar að því að tryggja stöðugt og vökult samband Seðlabankans við ríkisstjórnina um þau viðfangsefni sem honum eru falin á hendur. Er lagt til að bankinn sendi viðskiptaráðherra a. m. k. tvisvar á ári greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

II. KAFLI

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. gildandi laga nema felld hafa verið inn ákvæði um einkarétt Seðlabankans til að láta slá og gefa út mynt, sbr. lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands og athugasemdir við a-lið 3. gr. frumvarpsins.

Ákvæði 7. gr. gildandi laga um tryggingar fyrir seðla- og myntveltu eru felld úr gildi enda eru þau löngu úrelt. Um peningamagn í umferð er nú fjallað í 28. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. Þar segir að Seðlabankinn skuli sjá um að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í efnahags- og verðlagsmálum eins og þau eru sett fram í þjóðhagsáætlun.

III. KAFLI

Um 6. gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu Seðlabankans til að taka við innlánum frá innlánsstofnunum. Hins vegar er skylda innlánsstofnana til að geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum samkvæmt 1. mgr. 11. gr. gildandi laga afnumin. Eftir sem áður er reiknað með að innlánsstofnanir geymi laust fé sitt í Seðlabankanum, þar sem einn megintilgangur seðlabanka er að vera banki annarra banka og innlánsstofnana. Innlánsstofnanir eru hér skilgreindar á svipaðan hátt og gert er í 1. mgr. 10. gr. gildandi laga. Í samræmi við nýsamþykkt lög um sparisjóði er gert ráð fyrir að Lánastofnun sparisjóða geti, a. m. k. að hluta, haft milligöngu um viðskipti sparisjóða við Seðlabankann. Um nauðsyn þess má vísa til athugasemda við frumvarp til laga um sparisjóði.

Í 2. mgr. er fjallað um viðskipti annarra peningastofnana en innlánsstofnana við Seðlabankann. Er þar um verulega takmörkun að ræða frá því sem nú gildir og má greina þá takmörkun í tvo þætti. Annars vegar er gert ráð fyrir að standa þurfi sérstaklega á til þess að um slík viðskipti geti verið að ræða. Um skýringar á þessu orðalagi má vísa til þess sem segir í 1. tl. almennra athugasemda. Hins vegar segir að ákveða skuli í reglugerð hvort „aðrar peningastofnanir“ skuli eiga viðskipti við bankann. Í því felst að það er ráðherra sem ákveður hvort slíkar stofnanir skuli teknar í viðskipti en ekki stjórn Seðlabankans líkt og nú tíðkast.

Um 7. gr.

Ákvæði 1. mgr. er efnislega samhljóða síðari hluta 9. gr. gildandi laga.

Ákvæði 2. mgr. er hliðstæða 2. mgr. 15. gr. gildandi laga, sbr. 1. gr. laga nr. 114/1978. Þær breytingar, sem gerðar eru, má rekja til þeirra breytinga, sem hafa orðið á endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum vegna útflutningsframleiðslu, og þeirrar stefnu frumvarpsins að innlánsstofnanir ákveði að meginstefnu til sjálfar innláns- og útlánsvexti. Í málsgreininni er nýmæli þar sem tekið er fram að með gjaldeyri sé einnig átt við reikningseiningar sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar í almennum lánsviðskiptum á alþjóðamarkaði. Er talið nauðsynlegt að hafa skilgreiningu sem þessa í lögum svo ótvírætt sé að viðmiðun lána við SDR eða aðrar reikningseiningar sama eðlis falli undir ákvæði greinarinnar.

Um 8. gr.

Heimildir til bindingar innlánsfjár innlánsstofnana í Seðlabankanum voru fyrst teknar í lög nr. 63/1957 um Landsbanka Íslands. Þær voru í upphafi hæst 15% og 20% af spari- og veltiinnlánum. Heimildir bankans hafa síðan hækkað og eru í núgildandi lögum 28%. Hefur þessum bindingarheimildum verið beitt samfellt frá febrúar 1960 í ýmsum myndum.

Nýtt viðhorf hefur nú skapast eftir að hætt var að endurkaupa afurða- og rekstrarlán af innlánsstofnunum jafnhliða því að bindihlutföll voru lækkuð í 18% með sérstakri aðgerð og samkomulagi við innlánsstofnanir.

Í 1. mgr. er því mælt svo fyrir að Seðlabankinn meti bindiþörf hverju sinni og ákvarðanir bankans verði alltaf háðar samþykki ráðherra. Jafnframt er lagt til að bindingu verði einungis beitt þegar telja má að önnur stjórntæki bankans dugi ekki til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Lagt er til að heimilt verði að miða bindingu við ráðstöfunarfé, sem getur m. a. falið í sér erlent lánsfé stofnunar, hvort sem það er endurlánað eða ekki, svo og hugsanlega fjáröflun á innlendum lánsfjármarkaði. Loks er rétt að taka fram að heimild til innlánsbindingar nær einungis til innlánsstofnana sem taldar eru upp í 6. gr. frumvarpsins. Lánastofnun sparisjóðanna er því ekki bindiskyld.

2. mgr. um svokallaða aukningarbindingu er sem næst óbreytt efni 3. mgr. 11. gr. núgildandi laga, nema ráðstöfunarfé er nú bætt við á hliðstæðan hátt og gert er í 1. mgr.

3. mgr. er óbreytt og kallar ekki á skýringar.

Í 4. mgr. er mikilvægt nýmæli með nauðsynlegum ramma um lágmark lauss fjár innlánsstofnana sem bankinn kann að setja á hverjum tíma. Reglur af þessu tagi hefur bankinn nú þegar sett. Þykir rétt að styðja þá mikilvægu framkvæmd með beinum lagaákvæðum.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hefur Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Samkvæmt lögunum hefur Seðlabankinn einnig rétt til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í þessari grein er lagt til að heimildir Seðlabankans verði þrengdar í þessu efni og er haft í huga að til afskipta bankans geti komið þegar undantekningarástand kann að skapast á lánamörkuðum sem hindrað gæti eðlilega og sanngjarna myndun vaxta. Þá kæmi einnig til greina að bankinn teldi sig knúinn til að samræma þann mismun sem stofnanir reikna sér í vöxtum milli innlána og útlána. Rétt þykir að vekja athygli á að samning sérstaks frumvarps til laga um dráttarvexti hefur staðið yfir á vegum ráðuneytisins og verður frumvarpið lagt fyrir Alþingi innan tíðar. Er þá einnig gert ráð fyrir að breytingar verði gerðar á lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Með þeim breytingum, sem hér hefur verið lýst, er lagt til að framvegis verði fylgt þeirri meginreglu að innlánsstofnanir ákveði innláns- og útlánsvexti sína sjálfir.

Í 1. mgr. er lögfest sú skipan mála, sem gilt hefur, að bankinn ákveði vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Í 3. mgr. er nýmæli sem kveður á um skyldu bankans til þess að birta í Lögbirtingablaði þær ákvarðanir sem fjallað er um í 2. mgr. þessarar greinar.

Um 11. gr.

1. mgr. er samhljóða ákvæði 1. og 2. málsliðar 1. mgr. 14. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er hert á ákvæði núgildandi laga að ríkissjóður fjármagni endanlega fjárþarfir á lánamarkaði utan Seðlabankans enda þótt óhjákvæmilega verði um tímabundinn yfirdrátt ríkissjóðs við bankann að ræða. Fjármögnun ríkisútgjalda beint úr seðlabanka eða með peningaprentun, sem svo er kallað, eykur peningamagn í umferð og er að jafnaði þenslumyndandi.

Um 12. gr.

1. mgr. er að mestu efnislega samhljóða 1. mgr. 15. gr. gildandi laga. Hér er þó gert ráð fyrir að verðbréfaþing Seðlabankans sé rekið í samvinnu við innlánsstofnanir og viðurkennda verðbréfamiðlara. Í lögum er ekki að finna skilgreiningu á því hverjir skuli teljast viðurkenndir verðbréfamiðlarar en unnið er að gerð frumvarps um verðbréfamiðlun þar sem slík skilgreining verður væntanlega sett fram.

2. mgr. er samhljóða 3. og 4. málslið 1. mgr. 15. gr. gildandi laga.

Um 13. gr.

Í þessari grein segir að Seðlabankanum sé heimilt að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka. Er þetta í samræmi við ákvæði 17. gr. gildandi laga. Á hinn bóginn er hert á gildandi ákvæðum í 2. og 3. málslið þessarar greinar og lagt bann við því að Seðlabankinn annist viðskipti sem talin eru verkefni innlánsstofnana samkvæmt lögum, venjum eða eðli máls. Jafnframt er bankanum bannað að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Úrskurðarvald um ágreining, sem rísa kann vegna þessa ákvæðis, er í höndum ráðherra.

IV. KAFLI

Um 14. gr.

Í 1. mgr. er kveðið nánar á um það hlutverk Seðlabankans, sbr. 3. gr. frumvarpsins, að hafa eftirlit með að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Þessi lýsing á eftirlitshlutverki Seðlabankans er í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10. gr. gildandi laga. Hér er þó ekki tekið fram að Seðlabankanum sé heimilt að gera athugasemdir telji það rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan þótt hann brjóti ekki í bága við lög eða aðrar reglur. Að því er hins vegar vikið í 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að eftirlitið skuli falið sérstakri deild innan Seðlabankans sem nefnist bankaeftirlit og skipar ráðherra forstöðumann eftirlitsins.

Samkvæmt 3. mgr. er gert ráð fyrir að sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með störfum bankaeftirlitsins.

Um 15. gr.

Hér er kveðið á um skyldu bankaeftirlitsins til að kanna fjárhagsstöðu og starfsemi innlánsstofnana svo oft sem það telur nauðsynlegt. Einnig er lögð sú skylda á innlánsstofnanir að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllum gögnum, sem varða starfsemi þeirra, og veita aðrar upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar vegna eftirlits. Ákvæði þetta víkur til hliðar ákvæðum laga um þagnarskyldu starfsmanna innlánsstofnana.

Um 16. gr.

Hér er lagt til að kveðið sé á um skyldu bankaeftirlitsins til þess að fylgjast sérstaklega með að heildarfyrirgreiðsla innlánsstofnunar við einn einstakan viðskiptaaðila eða fleiri viðskiptaaðila, sem eru verulega fjárhagslega tengdir, sé ekki í ósamræmi við þá áhættu, sem í viðskiptunum felst, með hliðsjón af fjárhagslegum styrkleika hlutaðeigandi innlánsstofnunar og öðrum atriðum sem hafa áhrif á það mat. Er ætlast til að bankaeftirlitið geri athugasemdir ef það telur rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan að þessu leyti, sbr. og ákvæði 3. mgr. 18. gr.

Um 17. gr.

Á undanförnum árum hefur bankaeftirlitið beitt sér fyrir því að efnahags- og rekstrarreikningar innlánsstofnana yrðu samræmdir. Slíku samræmi hefur enn ekki verið náð að fullu enda hefur bankaeftirlitinu ekki verið heimilt að setja bindandi reglur í þessu

efni. Úr því er bætt með ákvæðum þessarar greinar. Nauðsyn ber til að setja reglur um reikningsskil innlánsstofnana sem geri mögulegt að bera saman afkomu og fjárhag einstakra stofnana. Meðal annars er mikilvægt að eigið fé innlánsstofnana sé reiknað á sama hátt hjá öllum innlánsstofnunum vegna ýmissa ákvæða sem nú eru í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Um 18. gr.

Í þessari grein er fjallað um úrræði bankaeftirlitsins þegar í ljós kemur að innlánsstofnun fylgir ekki lögum eða öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar eða rekstur hennar eða starfsemi hennar er með öðrum hætti óheilbrigð.

Sé um að ræða vanrækslu á skyldu, sem á stofnun hvílir, getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar og kannað með þeim hætti leiðir til úrbóta. Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun sem lýst er í 42. gr. frumvarpsins. Getur þar verið um dagsektir að ræða, refsivexti eða sérstaka innlánsbindingu. Auk þess getur bankaeftirlitið skipað eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Nýtur hann samkvæmt greininni víðtækra réttinda til eftirlits.

Samkvæmt 5. mgr. er gert ráð fyrir að kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins gagnvart innlánsstofnun séu tilkynntar ráðherra þegar í stað. Einnig er Seðlabankanum lögð sú skylda á herðar að gefa viðskiptaráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

V. KAFLI

Um 19. gr.

Samkvæmt 18. gr. gildandi laga ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Ekki er lengur stuðst við stofngengishugtakið er tengt var „per value“ framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þegar ríki byggðu á gullinnihaldi gjaldmiðla sinna. Nú er íslenska krónan byggð á mið- eða meðalgengi (central rate) fleiri gjaldmiðla. Ákvarðanir um viðmiðun íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum eru háðar ýmsum ytri aðstæðum frá einum tíma til annars. Er því lagt til í 1. mgr. að í stað stofngengis og viðmiðunar þess gagnvart gulli sé notað almennara orðalag sem sé það rúmt að unnt reynist að taka ákvarðanir um breytta viðmiðun íslenska gjaldmiðilsins gagnvart öðrum gjaldmiðlum án þess að breyta þurfi lögum. Í síðasta málslið 1. mgr. er ákvæði sem heimilar Seðlabankanum einhliða að fella niður gengisskráningu um stundarsakir. Ákvæði sama efnis er nú að finna í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

2. og 3. mgr. eru samhljóða 2. og 3. mgr. 18. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Samkvæmt 19. gr. gildandi laga er öðrum en Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands óheimilt, nema að fengnu sérstöku leyfi, að versla með erlendan gjaldeyri. Segir í greininni að Seðlabankanum sé heimilt að fengnu samþykki ráðherra að veita öðrum bönkum en þeim, er að framan greinir, svo og póststjórninni leyfi til að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hann ákveður. Búnaðarbanka Íslands var fyrstum banka veitt slík heimild í lok ársins 1982. Á árinu 1983 var síðan öðrum viðskiptabönkum veitt slíkt leyfi. Jafnframt var með lögum nr. 73/1983 gerð breyting á 1. mgr. 5. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála þar sem Seðlabankanum er heimilað að fengnu samþykki ráðherra að veita sparisjóðum leyfi til að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hann ákveður. Í kjölfar þessara laga hefur 12 stærstu sparisjóðunum verið veitt leyfi til gjaldeyrisverslunar.

Með þessari grein er því staðfest sú skipan mála sem segja má að nú gildi um verslun með erlendan gjaldeyri. Í greininni er gert ráð fyrir að auk Seðlabankans sinni viðskiptabankar og sparisjóðir gjaldeyrisverslun. Þeim verður ekki skylt að leita sérstaks leyfis til slíkrar verslunar líkt og verið hefur, en engu að síður verður samráð við Seðlabankann um aukningu gjaldeyrisviðskipta nauðsynlegt þar sem mælt er svo fyrir að Seðlabankinn geti bundið þessi viðskipti takmörkunum að fengnu samþykki ráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir því í greininni að reglur um gjaldeyrisviðskipti póststjórnarinnar verði óbreyttar frá gildandi lögum og Seðlabankanum heimilt að fengnu samþykki ráðherra að veita henni leyfi til þessara viðskipta.

Í lögum nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og í reglugerð um sama efni, er að finna frekari ákvæði um hvernig háttað skuli verslun með erlendan gjaldeyri hér á landi.

Um 21. gr.

Grein þessi er óbreytt 1. mgr. 20. gr. gildandi laga.

Um 22. gr.

Í þessari grein er fjallað um efni 2. og 3. mgr. 20. gr. gildandi laga, sbr. lög nr. 20/1962, en nauðsynlegt er að Seðlabankinn hafi jafnan heimild til lántöku erlendis vegna greiðsluöryggis landsins. Í 1. mgr. er orðalagi breytt í nútímalegra horf en ekki er gert ráð fyrir að þar sé um efnisbreytingu að ræða. Að öðru leyti er greinin samhljóða gildandi lögum. Þess skal þó getið að í frumvarpinu er ekki tekið upp ákvæði 4. mgr. 20. gr. gildandi laga þar sem segir að Seðlabankinn sé undanþeginn ákvæðum 7. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála að því er varðar lán samkvæmt 2. og 3. mgr. 20. gr. Þetta ákvæði skírskotar nú til ákvæða 12. gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Samkvæmt þeirri lagagrein er Seðlabankinn undanþeginn ákvæðum hennar og þykir því óþarfi að endurtaka það í þessu frumvarpi.

Um 23. gr.

Greinin er efnislega óbreytt 21. gr. gildandi laga.

Um 24. gr.

Hér er kveðið svo á að Seðlabankinn sé fyrir hönd ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er greinin í samræmi við 22. gr. gildandi laga en felld eru brott úr þeirri grein ákvæði sem hafa ekki gildi lengur.

Í greininni felst að Seðlabankinn leggi fram fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samkvæmt reglum sjóðsins og að fenginni heimild Alþingis hverju sinni en þau greiðist ekki úr ríkissjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 82/1968. Um aðild Íslands að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að öðru leyti fer samkvæmt lögum nr. 105/1945.

VI. KAFLI

Um 25. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 3. mgr. 23. gr. gildandi laga. Er svo fyrir mælt að Seðlabankinn skuli safna upplýsingum og gera áætlanir um þau verkefni, sem bankanum eru falin samkvæmt lögum þessum, og birta opinberlega upplýsingar um þau efni.

Efni 2. mgr. 23. gr. gildandi laga er fellt út enda er starfandi sérstök stofnun, Þjóðhagsstofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 54/1974 en samkvæmt 1. gr. þeirra laga skal Þjóðhagsstofnun „vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum“. Í 4. tl. 2. gr. laga nr. 54/1974 er enn fremur tekið fram að Þjóðhagsstofnun skuli annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerðir um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og fleiri aðila, þ. á m. Seðlabanka Íslands.

VII. KAFLI

Um 26. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 24. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Um efni greinarinnar vísast til 1. og 2. mgr. 25. gr. gildandi laga. Í greininni er að finna tvö mikilvæg nýmæli. Annars vegar er gert ráð fyrir að formaður bankastjórnar sé kosinn til þriggja ára í senn en samkvæmt gildandi lögum skal hann kosinn til eigi skemmri tíma en eins árs í senn. Hins vegar er lagt til að ráðningartíma bankastjóra verði sett takmörk með þeim hætti að ekki megi ráða þá til lengri tíma en 6 ára í senn. Á hinn bóginn er endurráðning heimil. Með þessu er reynt að tryggja, að bankastjórar flytjist með hæfilegum fresti á milli starfa, og þannig komið í veg fyrir stöðnun innan Seðlabankans án þess að svipt sé burt þeim blæ stöðugleika og festu sem nauðsynlegt er að þar ríki. Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir að bankastjórar séu æviráðnir.

Um 28. gr.

Greinin er samhljóða 26. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Í 1. mgr. er fjallað um laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Hér er að finna nýmæli sem tengist takmörkunum á ráðningartíma þeirra, sbr. 2. mgr. 27. gr. frumvarpsins. Er lagt til að bankastjóri skuli við starfslok eiga rétt til biðlauna í 12 mánuði. Tilgangur þessarar reglu er sá að veita bankastjóra hæfilegt svigrúm til að leita sér að nýju starfi við sitt hæfi. Hún á því ekki við þegar bankastjóri hefur öðlast rétt til eftirlauna eða tekur við nýrri stöðu á biðlaunatíma sem jafnhá eða hærri laun fylgja en biðlaununum nemur.

Í 2. mgr. er fjallað um önnur störf bankastjóra og aðstoðarbankastjóra. Er þar um verulega breytingu að ræða frá reglum gildandi laga en þar segir að bankastjórar megi ekki vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til. Miðar þessi grein frumvarpsins að því að takmarka enn frekar möguleika bankastjóra Seðlabankans og aðstoðarbankastjóra til að gegna öðrum störfum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að þeir geti sinnt störfum sem þeim kunna sérstaklega að vera falin í lögum eða tengjast starfi þeirra innan banka, svo sem seta í stjórn stofnana og fyrirtækja er bankinn á aðild að. Þá girða ákvæði greinarinnar ekki fyrir að þeir taki þátt í starfi ýmiss konar áhugamannafélaga og eigi þar sæti í stjórn. Í 2. mgr. 41. gr. frumvarpsins eru sérákvæði um gildistöku þessa ákvæðis gagnvart starfandi bankastjórum og aðstoðarbankastjórum.

Um 30. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega samhljóða 27. gr. gildandi laga en tekið er tillit til þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir varðandi ráðningartíma bankastjóra.

Um 31. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. og 3. mgr. 28. gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar um, að bankaráðsmenn og varamenn þeirra skuli vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er, er fellt brott úr frumvarpinu.

Um 32. gr.

Greinin er samhljóða 29. gr. gildandi laga.

Um 33. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 34. gr.

Hér er lagt til að gerð verði sú breyting frá gildandi lögum að Alþingi kjósi tvo skoðunarmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Er eðlilegt að Alþingi kjósi skoðunarmenn fyrir Seðlabankann á sama hátt og það kýs skoðunarmenn hjá ríkisviðskiptabönkunum. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi skoðunarmann, sem sé löggiltur endurskoðandi, til fjögurra ára. Samkvæmt 30. gr. gildandi laga er sérstakur bókhaldsfróður endurskoðandi ráðinn af bankaráði til að sinna endurskoðun á þess vegum.

Gert er ráð fyrir að bankaráð beri ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar eins og verið hefur.

Um 35. gr.

Samkvæmt 31. gr. gildandi laga ræður bankaráð aðalféhirði Seðlabankans og forstöðumann endurskoðunardeildar. Talið er nægilegt vegna þess starfs, sem bankaráði er ætlað að inna af hendi, að það ráði einungis forstöðumann endurskoðunardeildar. Aðrir starfsmenn bankans, þ. á m. aðstoðarbankastjórar, verða ráðnir af bankastjórn.

VIII. KAFLI

Um 36. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að reikningsár Seðlabankans verði áfram almanaksárið. Að öðru leyti er málsgreinin samhljóða 2. málslið 1. mgr. 32. gr. gildandi laga.

Í 2. mgr. er sett fram sú meginstefna að ársreikningurinn skuli gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju. Með því er einkum átt við að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við þau sjónarmið sem almennt eru ráðandi hjá sérhæfðu fólki sem að reikningsskilum vinnur á hverjum tíma.

Með hliðsjón af þeirri sérhæfðu starfsemi, sem Seðlabankinn hefur með höndum, er gert ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs. Um þetta atriði skortir ákvæði í gildandi lögum. Með þessu ákvæði er jafnframt lagt til að felld verði úr gildi lög nr. 36/1983 um breyting á lögum nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Þau lög kveða á um nánari sundurliðun á efnahags- og rekstrarreikningi Seðlabankans og er gert ráð fyrir að í þeim reglum, sem ráðherra mun setja um gerð ársreiknings, verði krafist sams konar sundurliðunar.

Um 37. gr.

Greinin er efnislega samhljóða lokamálsgrein 32. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Grein þessi er nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum er Seðlabankinn undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða. Í athugasemdum við 40. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir þeim sköttum sem bankinn greiðir samkvæmt sérstökum lögum sem hafa vikið til hliðar skattfrelsisákvæði gildandi seðlabankalaga. Í 40. gr. frumvarpsins er kveðið svo á að bankinn skuli undanþeginn greiðslu tekju- og eignarskatts, sbr. lög nr. 75/1981.

Ekki eru rök til að skattleggja starfsemi seðlabanka á sama hátt og önnur rekstrarfyrirtæki. Afkoma seðlabanka er háð öðrum lögmálum en afkoma fyrirtækja og innlánsstofnana eða annarra þjónustustofnana. Taka verður tillit til sérstöðu Seðlabankans í þeim efnum við ákvörðun skatta eða annarra álaga sem taka mið af rekstrarafkomu bankans. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að skattur verði lagður á meðaltal afkomu þriggja ára og ætti það að tryggja að bankinn greiði árlega skatt en talsverðar sveiflur eru í afkomu bankans.

Hér er gert ráð fyrir að Seðlabankinn greiði arð til ríkissjóðs sem nemi 50% af meðalhagnaði síðustu þriggja ára. Lagt er til að reikna skuli áhrif verðlagsbreytinga á eigið fé bankans með hliðstæðum hætti og hjá fyrirtækjum, en þó þykir rétt að miða við breytingar á SDR í þessu efni fremur en byggingarvísitölu. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum fjármunum séu gjaldfærðar á kaupári en ekki eignfærðar og afskrifaðar á tilteknum árum. Samkvæmt þessu fær bankinn ekki að endurvekja fyrningastofna eigna svo sem innlánsstofnanir fengu að gera þegar skattlagning þeirra var tekin upp.

Samkvæmt 33. gr. gildandi laga skal greiða af tekjuafgangi, að frádregnum rekstrarkostnaði og tapi, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu, 5% arð af stofnfé bankans, þó aldrei meira en sem nemur helmingi tekjuafgangsins. Arður sá sem hér um ræðir myndar sérstakan sjóð, arðsjóð, sem Seðlabankinn varðveitir. Nú er gert ráð fyrir að bankinn greiði árlega tiltekna fjárhæð í arð og ávaxti arðsjóð á bestu fáanlegum kjörum. Arður greiðist til arðsjóðs án tillits til afkomu bankans. Eins og áður rennur helmingur tekna arðsjóðs til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957 um Vísindasjóð.

IX. KAFLI

Um 39. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Þó skal tekið fram að ákvæði hennar taka vitaskuld til eftirlitsmanna bankaeftirlitsins samkvæmt 18. gr.

Um 40. gr.

Í 35. gr. gildandi laga er Seðlabankinn undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þ. á m. til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana. Samkvæmt ýmsum sérlögum hefur bankanum hins vegar verið gert skylt að greiða gjöld til ríkissjóðs og sveitarfélaga, og má þar nefna gjald til ríkissjóðs vegna gjaldeyrisviðskipta, landsútsvar, fasteignagjöld, sérstaka skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og launatengd gjöld.

Hér er lagt til að bankinn verði undanþeginn tekju- og eignarskatti, sbr. lög nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, en gert er ráð fyrir að hann greiði hluta af hagnaði sínum til ríkissjóðs, sbr. 38. gr. frumvarpsins.

X. KAFLI

Um 41. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um hvenær frumvarpið öðlist lagagildi.

Í 2. mgr. eru sérákvæði varðandi gildistöku frumvarpsins og þarfnast þau ekki skýringa.

Um 42. gr.

Eins og fram hefur komið í frumvarpstextanum ber nauðsyn til að setja reglugerð til að kveða nánar á um starfsemi bankans. Meðal annars er gert ráð fyrir því að í reglugerðinni verði kveðið á um þrenns konar viðurlög sem bankinn geti beitt sé ákvörðunum hans ekki hlítt. Er hér um svipaða heimild að ræða og er að finna í 36. gr. gildandi laga. Meðal viðurlaga, sem Seðlabankinn getur beitt, er sérstök binding á innlánsfé eða umráðafé innlánsstofnunar og er það nýmæli.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

SÉRÁLIT
Lúðvíks Jósepssonar um tillögur bankamálanefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Ég tel ýmsar breytingar, sem í frumvarpinu felast, vera til bóta frá gildandi lögum. Þar tilnefni ég sérstaklega þau ákvæði, sem miða að því að þrengja verksvið bankans og binda það sem mest við eðlileg seðlabankastörf. Þannig eru felld niður þau skylduákvæði, að innlánsstofnanir geymi innstæðufé sitt í seðlabanka, og einnig ættu þá fjölmargir sjóðir, sem geymdir hafa verið í bankanum, að geymast í viðskiptabönkum. Í frumvarpinu er skýrt tekið fram, að bankinn skuli ekki annast nein þau viðskipti, sem telja megi eðlileg verkefni viðskiptabanka. Þá er ég samþykkur því ákvæði frumvarpsins að tengja saman svonefnt bindiskyldu-fjármagn og endurkaup bankans á rekstrar- og afurðalánum. Samkvæmt frumvarpinu getur Seðlabankinn því ekki notað bindifé til annarra útlána. Lækki endurkaup bankans á bindifé einnig að lækka. Þá tel ég mjög til bóta að herða á reglum um það, að bankastjórar Seðlabankans sinni ekki störfum utan bankans. Þeir ættu því að leggja niður störf, sem þeir hafa haft í ýmsum stjórnum og stofnunum.

Ég tel þau ákvæði frumvarpsins, sem gera ráð fyrir að bankaeftirlitið verði gert að sjálfstæðri stofnun, miða í rétta átt, en hefði þó viljað stíga skrefið til fulls og skilja eftirlitið fullkomlega frá Seðlabankanum og fela því síðan jafnt eftirlit með Seðlabankanum og öðrum bönkum.

Ég er hins vegar mjög andvígur því, að bankastjórn Seðlabankans geti einhliða ákveðið vexti af innlánum í bankann og af útlánum bankans. Ég tel rétt að slíkar ákvarðanir séu teknar að fengnu samþykki bankamálaráðherra.

Ég tel heldur ekki fært, eins og nú háttar málum, að vaxtareglur innlánsstofnana verði gefnar frjálsar. Reglur um, að Seðlabankinn ákveði hámark vaxtamunar innláns- og útlánsvaxta, eru að mínum dómi ófullnægjandi.

Þá er ég algjörlega andvígur því, að Seðlabankinn geti, án samþykkis ráðherra, ákveðið sérstaka innlánsbindingu allt að 5%. Bót er hins vegar að því, að bankanum skuli vera bannað að lána slíkt bindifé út.

Ég tel rétt að taka upp reglur um skattgreiðslur bankans, en álít þau ákvæði, sem um það fjalla í frumvarpinu, ófullnægjandi, einkum vegna þess að verulegum tekjum bankans á að skjóta undan skattlagningu.

Væri farið að tillögum mínum ætti að vera auðvelt að draga verulega úr starfsmannafjölda bankans, m. a. í hagdeild, sem að mínum dómi á aðeins að fjalla um skýrslur, sem varða peninga- og fjármál, en ekki efnahagsmál almennt. Slík störf eiga að vera hjá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands.

Það er að mínum dómi höfuðnauðsyn, að Seðlabanki Íslands verði fyrst og fremst seðlabanki, banki ríkissjóðs og banki innlánsstofnana. Hann á að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í peningamálum, en á ekki að verða gróðastofnun og ekki að stunda meiri háttar útlán eða fjármálaleg umsvif vegna þess, að hann hafi yfirráð yfir fjármagni margvíslegra sjóða eða hafi til ráðstöfunar fé, sem hann hefur tekið til sín úr almennu viðskiptalífi.

Fylgiskjal II.

SÉRÁLIT
Kjartans Jóhannssonar um tillögur bankamálanefndar að frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Fyrirliggjandi frumvarp til laga er byggt á áliti meiri hluta nefndarinnar varðandi þau atriði, sem ekki var samstaða um. Sérálit þetta gefur til kynna þau atriði, sem ég vil einkum benda á og ekki koma fram í frumvarpinu ellegar eru með öðrum hætti en ég geri tillögur um.

Samkvæmt þessu frumvarpi til nýrra laga fyrir Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að hlutverk hans afmarkist skýrar við hefðbundin verkefni seðlabanka en verið hefur. Þessu er ég sammála. Á hinn bóginn tel ég að jafnframt hefði átt að veita Seðlabankanum rýmra tækifæri til þess að sinna þessu hlutverki sínu og axla ábyrgð af því innan þeirrar stefnu, sem ríkisstjórnin markar í efnahagsmálum, eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Stórvægilegustu ágallar frumvarpsins eru þessir:

1. Ekki er gerð nein tilraun til þess að skýra betur en verið hefur eða endurskilgreina verkaskiptingu og valdamörk seðlabanka og ríkisstjórnar.
2. Hin peningalegu stjórntæki eru ekki gerð nægilega virk.
3. Afurðalánakerfinu er viðhaldið óbreyttu með þeim göllum, sem á því eru, og það eiginlega fest í sessi.

Hlutverk seðlabanka og stjórntæki.

Meginhlutverk seðlabanka er að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við sem stöðugast verðlag og hagkvæma nýtingu á framleiðslugetu atvinnuveganna. Í þessu sambandi verður hann að hyggja að fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við jafnframt því að tryggja frjáls viðskipti við útlönd.

Til þess að valda þessu verkefni sínu hefur seðlabanki með eðlilegum hætti fáein tæki til umráða og eru fimm hin helstu þessi: Í fyrsta lagi getur hann beitt svonefndri bindingu á hluta af innlánsfé í varasjóð beinlínis til þess að stjórna peningamagni og framboði lánsfjár. Í annan stað getur hann með beinum vaxtaákvörðunum eða óbeinum aðgerðum, sem hafa áhrif á almenna vexti, haft áhrif á peningalegan sparnað og eftirspurn eftir lánsfé. Í þriðja lagi getur bankinn beitt sér á verðbréfamarkaði, þ. e. a. s. keypt og selt verðbréf til þess að leitast við að ná settum markmiðum. Í fjórða lagi getur bankanum verið gefið vald til þess að hafa umráð yfir erlendum lántökum. Í fimmta lagi getur bankinn beitt fortölum og leitast við að semja við viðskiptabankana um útlánastefnu.

Fyrstnefnda stjórntækinu, bindingunni, hefur einungis verið beitt í takmörkuðum mæli hér á landi á næstliðnum árum, því að hinu bundna fé viðskiptabankanna hefur að mestu leyti verið veitt jafnharðan út í formi svonefndra endurkaupa af afurðalánum. Í þessu felst þá hvorki hagstjórn né binding heldur einungis fyrirgreiðsla.

Annað stjórntækið, vaxtaákvarðanirnar, hefur verið á hendi Seðlabankans að fenginni staðfestingu ríkisstjórnar. Af ýmsum ástæðum hefur beiting þess verið lítilvirk og oft öndverð við eðlileg efnahagsleg markmið, og hafa bankinn og ríkisstjórnin þá stundum kennt hvort öðru um á víxl. Þriðja stjórntækið, verðbréfaviðskipti, hefur verið nánast óvirkt. Fjórða stjórntækið, takmörkun á erlendum lántökum, hefur að mestu verið í höndum ríkisstjórnar og Alþingis, sem hafa í reyndinni ekki nýtt sér það í þeim mæli sem ætla hefði mátt, heldur verið óspör á hinar erlendu lántökur þegar síst skyldi, eins og dæmin sanna. Af fimmta stjórntækinu er þá sögu að segja, að því hefur verið beitt með margvíslegum hætti og standa síendurteknir „samningar“ um útlánaþök, sem ekki hafa staðist, til vitnis um það. Er það hrakfallasaga.

Þar sem fortölur og „samningar“ hafa náð vægast sagt skammt og meðan ekki hefur reynt á árangur af verðbréfaviðskiptum bankans er nauðsynlegt að hin stjórntækin þrjú séu virk, þ. e. a. s. binding í varasjóð, vaxtaákvarðanir og stjórn á erlendum lántökum.

Varðandi varasjóðsbindingu vegna peningamálastjórnar er vert að benda á að hún er nú hæst 16,25% í Bandaríkjunum og heimiluð allt að 30% í Noregi, svo dæmi séu tekin. Um vaxtaákvarðanir ætti a. m. k. í venjulegum tilvikum að nægja að seðlabanki ákvæði vexti af viðskiptum bankanna við sig, þótt óreynt sé hversu vel það dugir hérlendis. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að ætla verður að Seðlabankanum sé í sjálfsvald sett, hversu mikið hann lánar til einstakra viðskiptabanka, og geti hann þannig sett hverjum banka og hverri innlánsstofnun þau mörk varðandi lán til þeirra sem honum sýnist. Varðandi erlendar lántökur virðist eðlilegt að fylgja þeim reglum, sem um þær eiga að gilda, þ. e. a. s. að þær séu í meginatriðum ákvarðaðar af Alþingi, en hins vegar sé með öllu óheimilt að víkja frá þeim heimildum nema með nýrri lagasetningu, sem þá megi í engum tilvikum vera afturvirk, en afturvirkni slíkra heimilda hefur verið eins konar lögmál hér á landi. Um önnur erlend lán en beinlínis koma fram í lánsfjárlögum verður að setja ákveðnar reglur, sem eðlilegast er að Seðlabankinn og viðskiptaráðuneytið sjái um að fylgt verði, jafnframt því að þeim séu fengin stjórntæki til þess að halda þeim við tiltekin áætlunarmörk.

Valdsvið og ábyrgð bankans.

Að mínu áliti er eðlilegast að ríkisstjórn lýsi markmiðum sínum í peningamálastjórn fyrir Seðlabankanum, en láti hann síðan um að beita þeim tækjum og ráðum á þessum sviðum sem hann telur nauðsynleg til að ná þessum markmiðum. Ríkisstjórn hefði svo vitaskuld rétt og skyldu til að endurskoða markmið sín, hvenær sem hún telur það nauðsynlegt. Með þessu móti fengist gleggri verkefnaskipting og skýrari valdaskil en nú tíðkast og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Afurðalánakerfið.

Eins og áður er getið hefur núverandi innlánsbinding vegna afurðalána ekkert með stjórn á peningamagni að gera. Hlutverk hennar er einungis að jafna fjármögnun afurðalánanna á bankakerfið allt. Hins vegar hefur verið sífelldur þrýstingur á aukin afurðalán vegna þess að þau hafa verið á betri kjörum fyrir lántakendur en önnur lán. Af þessu hefur hlotist veruleg misvísun í útlánastarfsemi, en byrðarnar af þessu kerfi hafa engu að síður lent mjög misþungt á viðskiptabönkunum, þannig að kerfið í heild sinni hefur leitt til margvíslegra vandræða. Vandséð er líka hvernig meta eigi hvaða afurðir eigi heima innan kerfisins og hverjar ekki. Þetta kerfi hefur því gengið sér til húðar og er mál að afnema það í sinni núverandi mynd, þótt slík skipulagsbreyting eigi ekki að þýða neitt fráhvarf frá því, að fyrirtæki fái eðlileg rekstrar- og afurðalán, þvert á móti. Hins vegar á að afnema sjálfvirknina.

Í stað þessa kerfis kæmi stýring Seðlabankans á útlánum sínum til viðskiptabankanna. Eftir að Seðlabankinn hefði ákveðið heildarmörk útlána sinna með tilliti til markmiða í peningamálastjórn ákvæði hann útlánamörk sín til einstakra viðskiptabanka með hliðsjón af verkefnum þeirra og þjónustuhlutverki við atvinnuvegina, þ. á m. sérstakri sveiflujafnandi þörf af þeim sökum. Þannig yrði séð fyrir eðlilegri þörf atvinnuveganna, en viðskiptabönkunum sjálfum veitt svigrúm til að mæta þörfinni um leið og þeir tækju ábyrgð á þessu hlutverki sínu.

Tillögur varðandi valdamörk, bindingu og afnám afurðalánakerfis.

Í samræmi við þessi sjónarmið tel ég að inn í seðlabankalögin eigi að koma ákvæði sem geri ríkisstjórninni að birta Seðlabankanum stefnu sína í efnahagsmálum og skyldu bankans til þess að fylgja þeim markmiðum. Í annan stað axli Seðlabankinn skyldu um að framfylgja stefnu Alþingis varðandi erlendar lántökur. Í þriðja lagi verði hið formlega, sjálfvirka afurðalánakerfi afnumið. Og í fjórða lagi verði eðlilegt svigrúm bankans til bindingar hluta af innlánsfé innlánsstofnana í varasjóð viðurkennt sem peningalegt stjórntæki.

Á hinn bóginn þarf engin sérstök ákvæði í lögin til þess að bankinn annist jöfnunarhlutverk sitt með stýringu á útlánum samkvæmt framansögðu, því að til þess hefur hann heimild.

Þær breytingar, sem í þessum tillögum felast að því er varðar frumvarpið til seðlabankalaga, eru þá þessar:

1) Eftir 4. gr. komi svofelld grein:

Ríkisstjórnin skal í ársbyrjun og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega birta Seðlabankanum stefnu ríkisstjórnarinnar og markmið í peninga- og efnahagsmálum, þ. á m. um peningamagn í umferð, raunvaxtastig, markmið varðandi viðskiptajöfnuð og hugmyndir um útlána- og innlánaþróun í samræmi við það. Hlutverk Seðlabankans er að framfylgja þessum markmiðum með þeim tækjum og ráðum sem hann hefur til umráða.

2) 8. gr. orðist þannig:

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að innlánsstofnanir skuli eiga varasjóð á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af heildarinnlánsfé hverrar stofnunar, allt að 15% af innlánsfénu.

3) 9. gr. og 12. gr. falli niður.

Önnur atriði.

1. Trygging innlána.

Ég tel að í bankalöggjöf eigi að setja ákvæði um aðferðir til þess að tryggja innstæður sparifjáreigenda upp að tilteknu marki. Slík trygging er ekki fyrir hendi hér á landi, þótt hún sé viðtekin í flestum grannlöndum okkar. Er það í sjálfu sér alvarlegt íhugunarefni að slík trygging sé ekki til nema að því er varðar ábyrgð ríkisins á þeim bönkum, sem eru í þess eigu. Hjá öðrum bönkum og innlánsstofnunum er sparifé innstæðueigenda með öllu ótryggt, og mun það væntanlega koma mörgum spánskt fyrir sjónir, að svo skuli vera í velferðarþjóðfélagi okkar. Hrynji einhver þessara banka eða innlánsstofnana er þannig í rauninni ekkert því til fyrirstöðu, að innstæðueigendur glati fé sínu samkvæmt gildandi skipan.

Ég tel eðlilegt, að þessu verkefni verði sinnt af Seðlabankanum, og íhugunarefni að tengja það varasjóðsbindingu innlánsstofnana í bankanum.

2. Almannaaðhald.

Nýsamþykkt eru frá Alþingi lög um að Seðlabankinn skuli birta með reikningum sínum yfirlit yfir ýmsa rekstrarliði, svo sem launakostnað, bifreiðakostnað, risnu, ferðakostnað svo og efnislega fjármuni. Þessi lög gegna því hlutverki að veita bankanum almannaaðhald og veita upplýsingar um stjórnarhætti í bankanum. Meiri hlutinn gerir tillögu um að fella ákvæði þessara nýsettu laga úr gildi. Því er ég algjörlega mótfallinn og tel þessar upplýsingar sjálfsagðar og eðlilegar.

3. Ákvæði um kreditkort.

Ég hef bent á, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að inn í seðlabankalögin komi ákvæði um kreditkortaþjónustu og eftirlit með þeirri starfsemi.

4. Eftirlit með ávöxtunarfyrirtækjum.

Til eru þau fyrirtæki á Íslandi, sem taka við fé frá almenningi til ávöxtunar. Með þeim þarf að hafa eftirlit og upplýsa almenning um líklega áhættu af viðskiptum við slík fyrirtæki. Setja á ótvíræð ákvæði um þetta efni í þann kafla laganna sem fjallar um bankaeftirlit.

5. Vaxtamál.

Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn ákveði hámark vaxtamunar á inn- og útlánum. Þetta er hugsað sem stjórntæki er veiti viðskiptabönkunum aðhald og stuðli að hagkvæmni. Á hinn bóginn skortir greinargerð um hvernig þessi vaxtamunur sé nánar skilgreindur og hvernig beita eigi þessu stjórntæki. Þannig hef ég fyrirvara um málið að því er framkvæmdina varðar, þótt ég telji aðhald af þessu tagi mjög nauðsynlegt. Að öðru leyti vísast um þetta efni til kaflans um vexti í séráliti mínu um viðskiptabankalögin.

6. Útibú.

Eins og fram kemur í séráliti mínu um frumvarpið um viðskiptabanka tel ég rétt, að ráðherra hafi heimild til tímabundinnar stöðvunar á stofnsetningu útibúa, og vísast til þess.

7. Gjaldeyrisviðskipti.

Ég legg áherslu á, að skilið verði á milli heimildar til þess að stunda einfalda sölu á gjaldeyri til almennings og stofnsetningar kostnaðarsamra gjaldeyrisdeilda. Vísast til sérálitsins um viðskiptabanka varðandi þetta.

8. Viðskiptabanki ríkissjóðs.

Í 13. gr. eru ákvæði þess efnis, að Seðlabankinn sé viðskiptabanki ríkissjóðs. Ég vil taka fram, að ég tel að þetta þýði að hann skuli ekki hafa aðra banka sem viðskiptabanka sína.

9. Lög um peningamálastjórn.

Ég hef talið eðlilegt að auk seðlabankalaganna verði sett sérstök lög um peningamálastjórn, sbr. t. d. löggjöf um það efni í Noregi.

Í þessu séráliti hefur verið getið helstu atriða, sem ég vil benda á vegna þessa frumvarps, en um fáein önnur minni háttar atriði hef ég fyrirvara, sem ég sé þó ekki ástæðu til að rekja frekar hér.

Nd. 394. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Mál Hafskips hf. og Útvegsbankans hafa verið mjög til umræðu að undanförnu. Spurningar, sem hefur verið varpað fram, hafa varðað

(1) hreina viðskiptaþætti,

(2) siðferði og árekstra hagsmuna í embættisfærslu og stjórnmálum, og

(3) flokkspólitísk áhrif í bankakerfinu.

Undirritaður telur að Alþingi hafi sérstöku hlutverki að gegna við eftirlit með ríkisstjórn og framkvæmdarvaldi. Í samræmi við þá skoðun er undirritaður einn flutningsmanna að frumvarpi um rannsóknarnefnd Alþingis vegna framangreinds máls.

Rökin, sem hafa verið borin fram gegn þingnefnd, eru aðallega tvenns konar:

Í fyrsta lagi er því haldið fram að Alþingi tengist málinu þegar vegna kosninga í bankaráð og setu alþingismanna þar og sé því vanhæft.

Í öðru lagi er því haldið fram að pólitísk uppþot af hálfu þingmanna til að koma höggum á einstaka menn eða flokka muni ónýta störf þingnefndar.

Um fyrri rökin er það að segja að vissulega eru fyrir hendi óheppileg og skaðleg tengsl Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Á það hefur Bandalag jafnaðarmanna margsinnis bent.

Undirritaður er engu síður þeirrar skoðunar að Alþingi geti, og raunar eigi, að rannsaka það mál sem hér um ræðir. Vegna tengsla við bankaráðin, jafnskaðleg og röng sem þau eru, er enn meiri ástæða til vandvirkni og varúðar. Þeir, sem hafna rannsóknarnefnd þingsins alfarið vegna tengslanna við bankaráð, hljóta þá að styðja nú og í framtíðinni tillögur um að þingið hætti að kjósa í ráð og stjórnir framkvæmdarvaldsins, þar á meðal bankaráð. Því verður ekki trúað að þeir uni vanhæfni þingsins til rannsóknar á framferði ríkisstjórna og stofnana þeirra.

Seinni rökin eru athyglisverð, þ.e. að þingið sé vanhæft til að rannsaka málið vegna væntanlegra pólitískra skrípaláta. Morgunblaðið hefur notað þessi rök í Reykjavíkurbréfi og hluti þingmanna virðist sama sinnis. Því er hins vegar ekki hægt að trúa að óreyndu að meiri hl. þingmanna telji sjálfa sig og kollega sína svo óábyrga að þeir valdi ekki rannsóknarverkinu. Slíkt væri í rauninni yfirlýsing um miklu almennara vanhæfi þingsins og mundi einnig ná til almennra löggjafarstarfa. Það er nefnilega ekki hægt að gera minni kröfur til þingsins í löggjafarstarfi sínu en rannsóknarstarfi.

Undirritaður telur að þingið eigi að kjósa rannsóknarnefnd. Það fyrirkomulag rannsóknar, sem tillaga er gerð um í þessu frv., er alls ófullnægjandi.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Ed. 395. Breytingartillögur [145. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. 1. gr. orðist svo:
   Fyrir 1. desember ár hvert skal Alþingi ákveða hámarksafla eftirtalinna fiskistofna: þorsks, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu, skarkola, síldar, loðnu, humars, hörpudisks og rækju.
2. 2. gr. orðist svo:
   Ráðherra skal skipta aflamagni hvers stofns jafnt á alla landsmenn og úthluta hverjum sínum hluta af aflamagninu með bréfi fyrir 15. janúar næsta árs.
3. 3. gr. orðist svo:
   Einstaklingum er heimilt að ráðstafa sínum úthlutunarbréfum að eigin vild.
4. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.
5. 5.—20. gr. ásamt ákvæði til bráðabirgða falla brott.

Nd. 396. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Stjórnarmeirihlutinn á Alþingi þorir ekki að fallast á opna rannsókn Hafskipsmálsins. Hann hefur að vísu neyðst til að koma til móts við stjórnarandstöðuna og almenning í landinu með nokkrum lagfæringum í efri deild. Þar er hins vegar of skammt gengið og því flytur undirritaður breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 19. des. 1985.

Svavar Gestsson.

Nd. 397. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá Svavari Gestssyni.

Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþingismenn samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari. Hafa þeir rétt til að hlýða á yfirheyrslur og kynna sér gögn málsins.

Nd. 398. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Sameinað Alþingi kýs sex alþingismenn samkvæmt tilnefningu þingflokka til að fylgjast með rannsókn þessari og hafa þeir rétt til að kynna sér gögn málsins.

Nd. 399. Lög [197. mál]

um sérstakan barnabótaauka.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 285.

Nd. 400. Frumvarp til lánsfjárlaga [2. mál]

fyrir árið 1986.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. des.)

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 2 550 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 2 100 000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 560 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt, til viðbótar því sem greinir í 1. mgr., að taka lán allt að 200 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt semjist um stækkun álversins í Straumsvík á árinu 1986.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 20 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.

5. gr.

Þróunarfélaginu er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 100 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

6. gr.

Heimilt er að taka lán vegna framkvæmda og skuldbreytingar hitaveitna sem hér segir:

1. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 60 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1986 að fjárhæð 10 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Hitaveita Reykjahlíðar, lán á árinu 1986 að fjárhæð 6 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1986 að fjárhæð 8 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

7. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 482 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 350 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 95 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1986 að fjárhæð 40 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3., 4., 5., 6., 7. og 8. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki, skal samanlögð fjárveiting og lántaka Lánasjóðs íslenskra námsmanna eigi nema hærri fjárhæð en 1 265 000 þús. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 16 000 þús. kr. á árinu 1986.

14. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 36 700 þús. kr. á árinu 1986 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c- og d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1986.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 9. gr. laga nr. 51/1983, um Alfatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. ákvæði laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs falla niður á árinu 1986.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 18 200 þús. kr. á árinu 1986.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. 35. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra eigi fara fram úr 80 000 þús. kr. á árinu 1986.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands falla niður á árinu 1986.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 31. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. c laga nr. 55/1984, um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 28 000 þús. kr. á árinu 1986.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 15 000 þús. kr. á árinu 1986.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 12 000 þús. kr. á árinu 1986.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 32. gr. vegalaga, nr. 6/1977, skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum eigi fara fram úr 120 000 þús. kr. á árinu 1986.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 805 000 þús. kr.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1986 og skulu þess í stað greiðast af tekjum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971.

III. KAFLI

27. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

28. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán vegna skuldbreytingar erlendra skammtímalána hjá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar að fjárhæð allt að 65 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

29. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð innlent lán Fjarhitunar Vestmannaeyja að fjárhæð 200 000 þús. kr. til skuldbreytingar hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

30. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán með sjálfskuldarábyrgð sem endurlánað verður vegna sölu fimm fiskiskipa (raðsmíðaðra skipa) sem hafa verið smíðuð innanlands á árunum 1982—1985.

Ríkissjóði er jafnframt heimilt að yfirtaka hluta fjármagnskostnaðar af lánum, sem skipasmíðastöðvar hafa tekið með ríkisábyrgð vegna smíða skipanna, til að greiða fyrir sölu þeirra.

Ráðherra ákveður nánar framkvæmd þessarar lagagreinar með reglugerð.

31. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að semja við Seðlabanka Íslands um fjármögnun á greiðsluhalla ríkissjóðs 1985 og taka nauðsynleg erlend lán að fjárhæð allt að 1 500 000 þús. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 401. Framhaldsnefndarálit [2. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eftir 2. umr. hefur nefndin komið saman á ný til að ræða nokkur atriði sem voru óafgreidd. Í fylgiskjölum með þessu framhaldsnefndaráliti er sýndur greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986, staða þjóðarbúsins út á við 1977—1986 og greiðslubyrði erlendra lána 1978—1986.

Meiri hl. nefndarinnar flytur brtt. við 14. gr. frv. á sérstöku þingskjali í samræmi við verðlagsuppfærslu launaliða fjárlaga. Þá skal þess getið að ekki var greint frá því í nál. meiri hl. á þskj. 360 að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hækkar vegna nýrrar tekjuáætlunar og verður skerðingin því óbreytt.

Í framhaldsnefndaráliti meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar á þskj. 270 er sagt að lagt sé til að afla Fiskveiðasjóði 200 m. kr. láns frá Framkvæmdasjóði við viðgerða á skipum innanlands. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að af lántöku Fiskveiðasjóðs verði ekki nú. Þessi ákvörðun breytir ekki heildarfjárhæðum í frumvarpinu en lækkar lánveitingar til Fiskveiðasjóðs, sbr. fskj. IV á þskj. 360. Nýjar útlánareglur Fiskveiðasjóðs eru í undirbún-

ingi og um leið og þær taka gildi verður ákveðið hvar 200 m. kr. verða vistaðar, enda er brýnt að sú ákvörðun liggi sem fyrst fyrir.

Alþingi, 19. des. 1985.

Páll Pétursson, form. Friðrik Sophusson, frsm. Halldór Blöndal.

Ólafur G. Einarsson.

Fylgiskjal I.

Greiðslujöfnuður við útlönd 1984—1986
(Meðalgengi hvers árs, millj. kr.)

	1984[1])	Áætlun[2]) 1985	Spá[3]) 1986
Innfluttar vörur alls, f. o. b.	−23 889	−33 200	−41 300
Sérstakar fjárfestingarvörur	−2 588	−3 500	−4 300
Skip og flugvélar	−654	−900	−840
Til stóriðjuvera	−1 877	−2 500	−3 255
Annað	−57	−100	−205
Annar innflutningur	−21 301	−29 700	−37 000
Olía	−3 683	−4 900	−5 600
Annað	−17 618	−24 800	−31 400
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	23 557	32 500	40 700
Vöruskiptajöfnuður	**−332**	**−700**	**−600**
Þjónustujöfnuður	**−3 798**	**−4 500**	**−4 900**
Innflutt þjónusta	−15 033	−20 600	−26 400
(Þar af vextir)	(−5 010)	(−6 400)	(−8 100)
Útflutt þjónusta	11 235	16 100	21 500
(Þar af vextir)	(455)	(600)	(900)
Viðskiptajöfnuður	**−4 130**	**−5 200**	**−5 500**
Viðskiptajöfnuður í % af VLF	−5,1	−4,7	−3,8
Viðskiptajöfnuður í % af VÞF	−5,4	−5,0	−4,0
Framlög án endurgjalds	**25**	...	
Fjármagnsjöfnuður	**3 181**	**9 700**	**5 500**
Erlent einkafjármagn	409	...	...
Langar lántökur, nettó	3 234	5 364	1 877
Innkomin löng lán, alls	7 513	9 844	8 277
Afborganir	−4 279	−4 480	−6 400
Stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−462	4 336	3 623
Heildargreiðslujöfnuður	**−924**	**4 500**	**0**
(Breyting á gjaldeyrisstöðu Seðlabanka)			

1) Uppgjör á meðalgengi ársins.
2) Áætlun á áætluðu meðalgengi 1985.
3) Spá á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal II.

Staða þjóðarbúsins út á við 1977—1986
(m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erl. lán	Stutt vörukaupa-lán o.fl.	Ógreiddur útflutn-ingur	Gjald-eyris-staða	Nettó-staða við útl.	Verg lands-framl.	Staða í hlutfalli við VLF (%)	
							Löng lán	Nettó staða
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
1977	−1 206	−128	89	39	−1 206	4 119	29,3	29,3
1978	−1 972	−216	160	151	−1 877	6 396	30,8	29,3
1979	−2 931	−401	246	361	−2 725	9 439	31,0	28,9
1980	−4 623	−726	395	705	−4 249	15 505	29,8	27,4
1981	−7 523	−1 080	627	1 451	−6 525	23 953	32,4	27,2
1982	−14 907	−2 165	960	1 101	−15 011	36 924	40,4	40,7
1983	−32 126	−4 279	3 004	2 280	−31 121	62 656	51,3	49,7
1984	−42 566	−6 776	4 069	1 763	−43 510	81 566	52,2	53,3
1985[1])	−60 720	−12 000	5 300	6 500	−60 920	110 900	54,8	54,9
1986[2])	−73 500	−19 000	7 000	7 700	77 800	143 400	51,3	54,3

1) Áætlun 1985.
2) Spá 1986 er á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal III.

Greiðslubyrði erlendra lána 1978—1986
(m. kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erl. lán			Nettó vaxta-greiðsl-ur	Útflutn-ings-tekjur	Greiðslubyrði í % af útflutn.tekjum.				
	Afborg-anir	Vextir	Sam-tals			Afborg-anir (1:5)	Vextir (2:5)	Sam-tals (3:5)	Nettó (4:5)	Alls 1+4:5
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)
1978	174	156	330	258	2 498	7,0	6,2	13,2	6,3	13,3
1979	245	252	497	241	3 852	6,4	6,5	12,9	6,3	12,6
1980	379	441	820	405	5 813	6,5	7,6	14,1	7,0	13,5
1981	633	827	1 460	802	8 887	7,1	9,3	16,4	9,0	16,2
1982	1 230	1 541	2 771	1 475	13 063	9,4	11,8	21,2	11,3	20,7
1983	2 678	2 973	5 651	3 050	27 456	9,8	10,8	20,6	11,1	20,9
1984	4 279	4 179	8 458	4 555	34 792	12,3	12,0	24,3	13,1	25,4
1985[1])	4 480	5 420	9 900	5 800	48 600	9,2	11,2	20,4	11,9	21,1
1986[2])	6 400	6 700	13 100	7 200	62 200	10,3	10,8	21,1	11,6	21,9

1) Áætlun 1985.
2) Spá 1986 er á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Nd. 402. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, FrS, ÓE, HBl).

Við 14. gr.: Í stað „36 700“ komi: 41 580.

Nd. 403. Lög [190. mál]

um breyting á gjaldþrotalögum, nr. 6 5. maí 1978.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 354.

Sþ. 404. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Helga Seljan, Jóhönnu Sigurðardóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu S. Kvaran.

Við 4. gr. 07 700 Málefni fatlaðra. Nýr liður:	Þús. kr.
1.81 Tölvumiðstöð fatlaðra	300

Nd. 405. Lög [168. mál]

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 19. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Ed. 406. Lög [184. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 342.

Ed. 407. Lög [84. mál]

um skráningu skipa.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 341 (sbr. 260).

Sþ. 408. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

	Þús. kr.
1. Við 4. gr. 03 390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Fyrir „24 000“ kemur	46 446
2. Við 4. gr. 03 399 1.80 Matvæla- og neyðaraðstoð skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fyrir „4 800“ kemur	11 800

Sþ. 409. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á einstökum svæðum svo sem Faxaflóa, um Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi sem borist hafa vegna flutninga á landi svo sem til reksturs snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist fyrir viðkomandi byggðarlög að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkvæmt snjómokstursreglum Vegagerðarinnar.

Þó að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka eitthvað þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs framlög til þeirra aðila sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir frá 64 aðilum. Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu, og Guðmundur Einarsson, forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, mættu á fundi nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir störf þeirra í hennar þágu.

Skal nú gerð grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, það er flutninga á sjó. Hvort tveggja er að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns sem nefndin úthlutar og um allt það er lýtur að sjóflutningum hefur nefndin fyllri upplýsingar þó að þeir aðilar, er styrk til landflutninga njóta, hafi einnig sent nefndinni

greinargóðar upplýsingar um rekstur og annað er umsóknina snertir og er það mikil breyting til bóta.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hvað aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar og er nefndinni fullkomlega ljóst að full ástæða væri til að hafa þessa styrki verulega hærri til að minnka þennan aðstöðumun. En á hitt ber einnig að líta að margir kunna þeir að vera sem lítið betur eru settir en enga umsókn hafa sent.

Akraborg.

Í ár er styrkur Akraborgar 7 500 000 kr. og rann hann að fullu til greiðslu á lánum hjá Ríkisábyrgðasjóði samkvæmt sérstöku samkomulagi við hann en þannig var það einnig á árinu 1984. Á árinu 1984 var halli á rekstri félagsins Skallagríms hf. samkvæmt rekstrarreikningi kr. 16 258 000 kr. Þar kemur einnig fram að í árslok það ár var eigið fé félagsins neikvætt um 54 424 000 kr. en var í árslok 1983 rúmar 30 millj. kr. Það liggur því í augum uppi að rekstur þessa fyrirtækis er ekki sem skyldi.

Fram kemur í reikningum félagsins fyrir árið 1984 að starfsmenn fyrirtækisins voru um 40 og launagreiðslur samtals 18 265 000 kr.

Nefndin leggur til að rekstrarstyrkur verði á næsta ári 10 000 000 kr.

Baldur.

Í greinargerð rekstraraðila bátsins um starfrækslu hans fyrstu 10 mánuði þessa árs segir m.a. að áætlunarferðir Baldurs milli Stykkishólms og Brjánslækjar, með viðkomu í Flatey, Skáleyjum, Hvallátrum og Svefneyjum, hafi orðið samtals 139. Báturinn flutti í þessum ferðum 6658 farþega og 1000 bifreiðar. Til samanburðar má geta þess að í 129 ferðum bátsins fyrstu 10 mánuði ársins 1984 flutti hann 4572 farþega og 1016 bifreiðar. Í sumaráætlun bátsins kemur fram að hann fer allt að 6 ferðum á viku yfir Breiðafjörð, en á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl eru að jafnaði farnar 2 ferðir í viku.

Rekstrarstyrkur á yfirstandandi ári var 7 550 000 kr. en nú sækir hann um 10 670 000 kr., sem eru 54% hækkun.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri um rekstur bátsins til októberloka og áætlun til áramóta er gert ráð fyrir að heildargjöld bátsins verði 13 millj. kr. en sértekjur 5,5 millj. kr.

Það er sýnilegt á reikningunum að þessi rekstur er mjög erfiður og full þörf á því að gera úttekt á því hvort ekki er hægt að lækka kostnað við útgerð bátsins. Fram kemur í umsókninni að það sé nauðsynlegt að laga farþegarými bátsins og er beðið um styrk til þess að ráðast í þá framkvæmd.

Á undanförnum árum hafa verið uppi ráðagerðir um að byggja nýtt skip til að þjóna byggðum Breiðafjarðar. Margar hugmyndir hafa komið fram. Það kemur fram í þessari umsókn nú að lokið hefur verið undirbúningsstörfum fyrir útboð á smíði Breiðafjarðarferju. Nefndin telur að endurskoða þurfi þetta mál með tilliti til þeirra rekstrarerfiðleika sem skipið Baldur hefur átt við að stríða á undanförnum árum.

Nefndin leggur til að rekstrarstyrkur Baldurs verði 8 900 000 kr. og til breytinga verði styrkurinn 1,5 millj. kr.

Fagranes.

Í bráðabirgðauppgjöri Djúpbátsins Fagraness kemur fram að tekjur ársins 1985 verða í reynd 674 þús. kr. undir áætlun og er það fyrst og fremst vegna þess að færri farþegar fóru með bátnum á þessu ári en áður og er talið að ástæðan fyrir því hafi verið erfið og leiðinleg veðrátta yfir sumarmánuðina.

Tekjur fyrstu 10 mánuðina voru 2 544 000 kr. en ríkisstyrkurinn á sama tíma var 6 514 000 kr. Áætlun fyrir næsta ár er að tekjur verði 3 434 000 kr. en kostnaður verði 8 millj. kr. og rúmar 900 þús. kr. umfram tekjur.

Segja má að miðað við þessar tekjur þá sé útkoma Djúpbátsins eftir atvikum sæmileg, það er reynt virðist vera að stilla mjög í hóf öllum kostnaði við rekstur bátsins.

Nefndin leggur til að Fagranesið fái í styrk á næsta ári 8 800 000 kr.

Hríseyjarferja.

Í reikningum ferjunnar kemur fram að fyrstu 10 mánuði þessa árs voru vöruflutningar komnir yfir 2000 tonn og farþegafjöldi í tæplega 29 þúsund. Þar sem flutningsþörfin hefur aukist mikið og oft og tíðum hefur verið mjög erfitt að koma farþegum og farangri fyrir er verið að ráðgera að lengja skipið um 2—3 metra. Til þess er sótt um styrk, 2 200 000 kr.

Í umsókninni kemur fram að það er veruleg þörf á því að auka flutningsgetu skipsins og samgöngunefndin leggur til að rekstrarstyrkurinn verði 1 640 000 kr. en stofnstyrkur 1 590 000 kr. og þar af verði ætlað í breytingu á skipinu á næsta ári 1 millj. kr. af þeim 2,2 millj. kr. sem talið er að breyting á skipinu muni kosta, miðað við verðlag í dag.

Drangur.

Nefndin telur rétt að rifja upp nú hvernig rekstur og annað sem við kemur Drangi hefur gengið til á undanförnum árum þar sem rekstraraðilar skipsins hafa gefist upp á rekstri hans og skipið hefur verið leigt vestur um haf.

Skipið Drangur var keypt til landsins í ársbyrjun 1982 frá Noregi og kostaði í norskum krónum 7,5 millj. kr. á þeim tíma. Þegar skipið var keypt voru menn bjartsýnir á að hægt væri að nýta skipið til verulegra flutninga á Norðurlandi en verkefni þess hafa sífellt farið minnkandi. Hlutafé félagsins var í upphafi um 661 þúsund DM og tóku hluthafar lán frá Byggðasjóði til hlutabréfakaupanna. Skuld þeirra við Byggðasjóð nú er 814 þús. DM eða 12 millj. í íslenskum krónum og hafa Grímseyjarhreppur og bæjarsjóður Akureyrar staðið í skilum við Byggðasjóð. Félagið hefur aldrei skilað hluthöfum neinum arði.

Frá upphafi hefur verið umtalsverður taprekstur á rekstri Drangs þrátt fyrir rekstrarstyrk og stofnstyrk. Tapið árið 1983 og 1984 var um 4 millj. kr. hvort ár. Tap ársins 1984 var 25% af tekjum og verður enn meira á þessu ári. Svona er staðan þrátt fyrir rekstrarstyrk og verulegan stofnstyrk.

Þegar skipið var keypt þá gerðu hluthafar sér vonir um það að á næstu 2—3 árum yrði ekki þörf fyrir rekstrarstyrk ef stofnstyrkur yrði borgaður af ríkissjóði í gegnum samvinnunefnd samgöngumála. Í sambandi við kaup á skipinu fylgdist fulltrúi frá samgönguráðuneytinu með þeim kaupum og það var fyrir tilstilli þess og samþykki að skipið var keypt.

Allir, sem fylgst hafa með þessu máli, telja að ríkið sé ábyrgt gagnvart bankanum sem er ábyrgur fyrir hinu erlenda láni vegna þessara kaupa og því leggur samvinnunefnd samgöngumála til að stofnstyrkur verði um 10 millj. kr., sem er sú greiðsla sem þarf að inna af hendi á næsta ári vegna þeirrar lántöku sem gerð var við kaupin.

Þar sem útgerð Drangs hefur nú gefist upp á rekstrinum áður en árið 1985 er liðið og báturinn hefur verið seldur úr landi verður að finna önnur úrræði til þess að þjóna þeim byggðum sem Drangur áður þjónaði. Gert er ráð fyrir að það verði gert af Skipaútgerð ríkisins og Flugfélagi Norðurlands. Í þetta verkefni leggur samvinnunefnd samgöngumála til að varið verði 4 450 000 kr.

Mjóafjarðarbátur.

Nýr bátur var keyptur til að þjóna Mjófirðingum árið 1978 og kostaði hann þá 40 millj. kr. Stór hluti kaupverðsins er enn ógreiddur.

Samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1984 og 1985 kemur í ljós að rekstur á þessum bát hefur verið mjög erfiður. Aðstæður Mjófirðinga eru þannig að báturinn er eina samgöngutækið við umheiminn mikinn hluta ársins. Nefndin leggur til að rekstrarstyrkur á næsta ári verði 1 510 000 kr.

Herjólfur.

Í umsókn Herjólfs fyrir næsta ár kemur fram að niðurstöður liggja nú fyrir fyrir fyrstu 7 mánuði yfirstandandi árs og er áætlunin byggð á þeim upplýsingum sem úr þeim má lesa.

Segja má að útkoma á rekstri bátsins á yfirstandandi ári sé sæmileg en þó er þörf fyrir verulegan styrk á næsta ári.

Á það skal minnt að á undanförnum árum hefur í 6. gr. fjárlaga hvers árs verið heimild til þess að semja við Herjólf hf. um uppgjör vanskilaskulda fyrirtækisins hjá ríkissjóði, m.a. með niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta. Heimildin var notuð árið 1982 og þá samþykkti fjármálaráðherra niðurfellingu vaxta að fjárhæð 59,6 millj. kr.

Um áramótin 1984—85 var gengið frá skuldabréfi þar sem Herjólfur hf. skuldbindur sig til þess að greiða vanskilaskuld við sjóðinn að upphæð 25,7 millj. kr. á árunum 1985—93. Gjalddagar eru tveir á ári, 1. maí og 1. nóv. Skuldin ber 4% vexti og afborganir greiðslu lánsins eru verðtryggðar. Ákvæði er sett inn í skuldabréfið til tryggingar endurgreiðslu láns þessa. Gert er ráð fyrir að það verði borgað með rekstrarstyrkjum sem félagið kann að fá á fjárlögum vegna útgerðar skipsins á næstu árum.

Það er rétt að fram komi að heildarniðurfelling á dráttarvöxtum af skuld við Ríkisábyrgðasjóð á undanförnum árum hefur numið um 100 millj. kr.

Það er full þörf á því að veittur sé nokkuð hár styrkur til Herjólfs hf. enda eiga Vestmanneyingar mikið undir því að siglingar skipsins gangi snurðulaust fyrir sig.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að styrkurinn nemi á næsta ári 16 800 000 kr.

Málefni annarra báta verða ekki rakin hér enda er þar um smáar upphæðir að ræða. Þeir eru Dýrafjarðarbátur, Hnúksnesbátur og Mýrabátur.

Ekki verða heldur tilgreindar einstakar umsóknir um fjárveitingu til vetrarsamgangna á landi. Ítarlega var fjallað um hverja umsókn og var samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Samvinnunefnd samgöngumála leggur til að á fjárlögum 1986 verði veittar samtals 73 300 000 kr. til flóabáta og vöruflutninga sem skiptast eins og lagt er til á sérstöku þingskjali. Er þetta 30% hærri upphæð heldur en veitt var til þessa verkefnis á yfirstandandi ári.

Alþingi, 19. des. 1985.

Stefán Valgeirsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Egill Jónsson, form. Ed.-nefndar.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. Nd.-nefndar.	Steingrímur J. Sigfússon.	Eggert Haukdal.
Jón Kristjánsson.	Skúli Alexandersson.	Friðjón Þórðarson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Kolbrún Jónsdóttir.	Valdimar Indriðason.
Stefán Guðmundsson.	Árni Johnsen.	Sighvatur Björgvinsson.

Sþ. 410. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

	Þús. kr.	Þús. kr.
Við 4. gr. 10-321 1.20 Flóabátar og vöruflutningar.		
a. Fyrir „56 364“ kemur		73 300
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		

Flóabátar og vöruflutningar (10 321 1.20).

a. Flutningar á landi:	
1. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi og Neshreppi utan Ennis:	70
2. Til vetrarflutninga á norðanverðu Snæfellsnesi	70
3. Til vetrarflutninga í Dalahéraði	140
4. Snjóbifreið í A-Barðastrandarsýslu	40
5. Til mjólkurflutninga í V-Barðastrandarsýslu	150
6. Til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi	70
7. Til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi	53
8. Til vetrarflutninga á Bíldudal	53
9. Til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi í V-Ísafjarðarsýslu	65
10. Til vetrarsamgangna við Ingjaldssand	110
11. Snjóbifreið í Önundarfirði	100
12. Snjóbifreið um Botnsheiði	85
Stofnstyrkur	85
13. Til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi (Mjólkursamlag Ísfirðinga)	370
14. Til vetrarflutninga í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu	65
15. Til vetrarflutninga í Ögurhreppi	40
16. Til vetrarflutninga í Reykjafjarðarhreppi	40
17. Til vetrarflutninga í Nauteyrarhreppi	40
18. Til vetrarsamgangna í Snæfjallahreppi	40
19. Til vöruflutninga í Árneshreppi	250
20. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	125
Stofnstyrkur	450
21. Til vetrarsamgangna í Kaldrananeshreppi	40
22. Snjóbifreið á Hólmavík	44
23. Fellshreppur	40
24. Skefilsstaðahreppur	65
25. Snjóbifreið í Skagafirði	40
26. Til vetrarflutninga í Haganes- og Holtshreppi	65
27. Til vetrarsamgangna, Siglufjörður–Sauðárkrókur	260
28. Til vetrarflutninga í Ólafsfirði	65
Stofnstyrkur	40

	Þús. kr.	Þús. kr.
29. Snjóbifreið í Dalvíkurlæknishéraði	25	
30. Til vetrarsamgangna í Svarfaðardal	70	
31. Snjóbifreiðar á Akureyri	50	
32. Snjóbifreið í Grýtubakkahreppi	37	
33. Snjóbifreið í Hálshreppi., S-Þingeyjarsýslu	41	
34. Norðausturleið, Vopnafjörður–Húsavík	550	
35. Til vetrarsamgangna í Fjallahreppi	160	
36. Snjóbifreið, Öxarfjörður–Kópasker	63	
37. Snjóbifreið á Þórshöfn	55	
38. Til vetrarflutninga á Bakkafirði	110	
39. Til vetrarflutninga á Vopnafirði	110	
40. Til vetrarsamgangna í Borgarfirði eystra	125	
41. Til vetrarsamgangna í Hjaltastaðahreppi	40	
42. Til póst- og vöruflutninga á Jökuldal	38	
43. Til vetrarsamgangna á Jökuldal	63	
Stofnstyrkur	130	
44. Til vetrarflutninga í Möðrudal	80	
Stofnstyrkur	90	
45. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði	35	
46. Snjóbifreið á Fjarðarheiði	440	
47. Snjóbifreið á Oddsskarði og Fagradal	520	
Stofnstyrkur	500	
48. Snjóbifreið, Stöðvarfjörður–Egilsstaðaflugvöllur	72	
49. Til vetrarflutninga á Breiðdalsvík	110	
50. Til vetrarflutninga, Djúpivogur–Hornafjörður	150	
Stofnstyrkur	150	
51. Svínafell í Nesjum	41	
52. Til vöruflutninga á Suðurlandi	390	
53. Óráðstafað	500	
		7 915
b. Flóabátar:		
1. Akraborg	10 000	
2. Baldur	8 900	
Stofnstyrkur	1 500	
3. Hnúksnesbátur	53	
4. Mýrabátur	10	
5. Fagranes	8 800	
6. Dýrafjarðarbátur	85	
Stofnstyrkur	42	
7. Hríseyjarferja	1 640	
Stofnstyrkur	1 590	
8. Drangur		
Stofnstyrkur	10 000	
9. Mjóafjarðarbátur	1 510	
10. Herjólfur	16 800	
11. Eyjafjörður, Grímsey	4 455	
		65 385
		73 300

Ed. 411. Lög [182. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 343.

Ed. 412. Lög [151. mál]

um geislavarnir.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 257 (sbr. 165).

Ed. 413. Lög [145. mál]

um stjórn fiskveiða 1986—1987.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 264 (sbr. 159).

Ed. 414. Frumvarp til lánsfjárlaga [2. mál]

fyrir árið 1986.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. des.)

Samhljóða þskj. 400 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 5. tl. 4. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ekki nema hærri fjárhæð en 41 580 þús. kr. á árinu 1986 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

Nd. 415. Lög [198. mál]

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 287.

Nd. 416. Lög [194. mál]

um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

(Afgreidd frá Nd. 20. des.)

Samhljóða þskj. 353.

Sþ. 417. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 5. gr. 30 101 18 Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Póst- og símamálastofnunarinnar (30-101 18).

	Þús. kr.	Þús. kr.
I. Almenn fjárfesting.		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1 Stafrænar símstöðvar	106 400	
1.2 Útlandasímstöð	2 600	
1.3 Símasjálfsalar	6 500	
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum	84 000	
3. Langlínusambönd:		
3.1 Jarðsímaleiðir	15 800	
3.2 Fjölsímaleiðir	57 200	
3.3 Radíóleiðir	18 850	
4. Radíósendistöðvar	63 800	
5. Gervihnattafjarskipti	1 250	
6. Tölvubúnaður	26 000	
7. Bifreiðar og vélar	20 000	
8. Fasteignir	37 600	
9. Kaup á eignarhluta MNR í Skyggni	31 000	
		471 000

II. Fjárfesting 1986, sundurliðun:		
Almenn fjárfesting.		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
1.1 Stafrænar símstöðvar:		
a. Múli	7 400	
b. Hlemmur	16 800	
c. Útstöðvar í Reykjavík	23 300	
d. Húsavík	23 400	
e. Kópasker	3 900	
f. Egilsstaðir	23 400	
g. Eiðar	1 500	
h. Búrfell	1 500	
i. Laugaland	2 600	
j. Þykkvibær	2 600	
		106 400
1.2 Útlandasímstöð		2 600
1.3 Símasjálfsalar		6 500

	Þús. kr.	Þús. kr.
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
2.1 Í bæjum og kauptúnum:		
a. Reykjavíkursvæði	34 400	
b. Umdæmi I	13 700	
c. Umdæmi II	2 700	
d. Umdæmi III	9 500	
e. Umdæmi IV	2 700	
f. Ljósleiðarakerfi í Reykjavík	21 000	
		84 000
3. Langlínusambönd:		
3.1 Jarðvinnuleiðir:		
a. 1. hluti suðurleiðar		15 800
3.2 Fjölsímaleiðir:		
a. Stafræn fjölsímakerfi:		
a.1 Reykjavík–Múli–Breiðholt	9 000	
a.2 Múli–Kópavogur–Keflavík	5 800	
a.3 1. hluti suðurleiðar	5 400	
b. Stafrænar fjölsímarásir:		
b.1 Breiðholt–Reykjavík	3 900	
b.2 Múli til eldri útstöðva	4 600	
b.3 Keflavík–Sauðárkrókur–Húsavík	2 300	
b.4 Egilsstaðir	1 300	
c. Ýmis línubún. fyrir stafræn fjölsímakerfi Reykjavík/Keflavík	2 200	
d. Stafræn notendafjölsímakerfi, ýmsir staðir	9 700	
e. Hliðrænn fjölsímabúnaður	6 500	
f. Stafrænn fjölsími, endurnýjun á Reykjavíkursvæði	6 500	
3.3 Radíóleiðir:		57 200
a. Stafræn kerfi:		
a.1 Kópavogur–Keflavík	5 200	
a.2 1. hluti norðurleiðar	4 400	
b. Hliðræn kerfi		
b.1 Vatnsendi–Girðisholt	1 350	
b.2 Minni kerfi	5 300	
c. Gaumkerfi	2 600	
		18 850
4. Radíósendistöðvar:		
a. Gufunes	4 300	
b. Rjúpnahæð	1 700	
c. Ýmsar stöðvar	1 800	
d. Farsímakerfi	56 000	
		63 800
5. Gervihnattafjarskipti:		
5.1 Jarðstöðin Skyggnir		1 250
6. Tölvubúnaður:		
a. Tæknideild	500	
b. Viðskiptadeild	8 000	
c. Sameiginlegt	17 500	
		26 000

		Þús. kr.	Þús. kr.
7.	Bifreiðar og vélar		20 000
8.	Fasteignir:		
	a. Reykjavík, Jörfi	8 000	
	b. Reykjavík, Mjóddin	2 000	
	c. Reykjavík, R-5	5 000	
	d. Keflavík/Njarðvík	7 900	
	e. Garðabær	500	
	f. Akureyri (birgðastöð)	700	
	g. Reykjavík (tækjahús)	2 800	
	h. Selfoss (birgðastöð)	700	
	i. Blönduós	8 000	
	j. Öskjuhlíð (farsími)	2 000	
			37 600
9.	Kaup á eignarhluta MNR í Skyggni		31 000

2. Við 5. gr. 31-321 18 Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Fjárfestingar Rafmagnsveitna ríkisins (31 321 18).

Stofnlínur:		
Hvolsvöllur–Hella	3 530	
Laxá–Kópasker	36 380	
Eskifjörður–Neskaupstaður	1 000	
Hólar–Höfn II	11 080	
Athuganir, endurbætur o.fl.	3 060	
		55 050
Aðveitustöðvar:		
Hvolsvöllur	7 910	
Grundarfjörður	260	
Vogaskeið	350	
Sveinsstaðir	2 250	
Dalvík	890	
Laxárvirkjun	270	
Raufarhöfn	6 220	
Seyðisfjörður	7 120	
Eskifjörður	500	
Lagarfoss	5 580	
Fáskrúðsfjörður	690	
Raflínusími og fjargæsla	5 500	
Undirbúningur lúkningar	1 990	
		39 530
Geymsluhús o.fl.		14 280
Innanbæjarkerfi		42 700
Vélar og tæki		17 600
Dísilstöðvar		5 840
		175 000

Sþ. 418. Skýrsla [206. mál]

félagsmálaráðherra um 70. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1984.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

Sjötugasta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 6. — 26. júní 1984.

Þingið sátu alls um 1850 manns frá 139 aðildarríkjum stofnunarinnar. Þau eru 151. Auk þess sátu þetta þing sem áheyrnarfulltrúar fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og annarra fjölþjóðlegra samtaka og stofnana.

Forseti þingsins var kosinn atvinnumálaráðherra Svíþjóðar, Anna-Greta Leijon. Hún er fyrsta konan sem gegnir störfum forseta Alþjóðavinnumálaþingsins.

Forseti Costa Rica, Luis Alberto Monge, var sérstakur gestur þingsins.

Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands voru Hannes Hafstein sendiherra og Jón S. Ólafsson skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Varafulltrúi þeirra var Valgeir Arsælsson, sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson, lögfræðingur hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, og Lára V. Júlíusdóttir, lögfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, voru fulltrúar aðila vinnumarkaðarins.

Dagskrá.

Fastir liðir á dagskrá hvers þings eru þrír, en þeir eru þessir:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Fjármál.
3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Auk þess voru á dagskrá þingsins eftirtalin mál:

4. Atvinnumál (síðari umræða).
5. Endurskoðun samþykktar nr. 112 frá 1959, um heilsugæslu á vinnustöðum (fyrri umræða).
6. Endurskoðun samþykktar nr. 63 frá 1938, um tölulegar upplýsingar um laun og vinnutíma (fyrri umræða).
7. Almenn umræða um áætlun Alþjóðavinnumálastofnunarinnar á sviði vinnuumhverfismála.
8. Skýrsla starfshóps um skipulagsmál ILO.

Kosnar voru sjö nefndir til að fjalla um dagskrárliði 2 til 8. Auk þess var fjallað um eftirtalin málefni í undirnefndum:

a) Kjörbréf þingfulltrúa.
b) Aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku.
c) Ályktanir utan dagskrár.
d) Málefni sem tengjast framvindu þingsins.

1. Skýrsla forstjóra.

Fyrsta málefnið á dagskrá hvers vinnumálaþings er skýrsla forstjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Skýrsla þessi fjallar í fyrsta lagi um starfsemi stofnunarinnar en einnig er þar tekið fyrir ákveðið mál sem forstjórinn telur hverju sinni mikilvægt að fá almennar umræður um. Að þessu sinni gerði forstjórinn að umtalsefni samþykktir og tillögur sem þing ILO

hefur afgreitt. Forstjórinn sagði markmiðið með þeim væri að skapa heim sem byggir á samstöðu þar sem fjármagnið er ekki allsráðandi um ákvarðanir sem varða launþega. Einnig að mannlegar þarfir eigi að stjórna fjármagninu en ekki öfugt.

Alls tóku fulltrúar frá 107 löndum til máls í hinni almennu umræðu um þetta mál og gerðu þeir góðan róm að málflutningi forstjórans.

Samkvæmt venju hélt forstjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinar, Francis Blanchard, yfirgripsmikla ræðu þar sem hann gerði að umtalsefni nokkur atriði og svaraði fyrirspurnum sem fram höfðu komið við almennu umræðuna. Í ræðu sinni benti forstjórinn á þá skyldu ILO að sjá til þess að langtímaáætlanir til að auka félagslegt réttlæti verði ekki lagðar til hliðar vegna skammtímaaðgerða sem stefna að auknum sparnaði og meiri stöðugleika í efnahagslífinu eða aðlögun að breyttum þjóðfélagsaðstæðum.

Eins og áður er getið var Luis Alberto Monge, forseti Costa Rica, sérstakur gestur þingsins. Í inngangi ræðu sem forsetinn flutti rifjaði hann upp að árið 1950 hefði hann verið starfsmaður ILO og annast málefni verkalýðsfélaga. Hann lagði áherslu á að frelsi er forsenda framfara.

Mesta hluta ræðu sinnar helgaði forseti Costa Rica efnahags- og félagslegum aðstæðum í landi sínu og benti á að það hefði ekki mikil efnahagsleg, hernaðarleg eða stjórnmálaleg áhrif á framgang heimsmálanna. Hins vegar leggur þjóðin áherslu á aðgerðir sem stuðla að varanlegum friði í heiminum, er einhuga um að halda frelsi sínu og berst fyrir félagslegu réttlæti.

2. Fjármál.

Fjármálanefnd þingsins er skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju landi. Er það eina nefnd þingsins sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga ekki aðild að.

Á þinginu 1983 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir tveggja ára tímabilið 1984—1985. Niðurstöðutala áætlunarinnar er 254,7 milljónir dollara sem þýðir 1,9% hækkun að raungildi frá næsta tveggja ára tímabili á undan. Hlutur Íslands í samanlögðum framlögum aðildarríkjanna er 0,03%.

Meðal erinda sem fjármálanefndin fjallaði um var beiðni Komorone og Tchad um að fá að halda atkvæðisrétti á þinginu þrátt fyrir vangoldin árgjöld til stofnunarinnar. Samkvæmt stofnskrá ILO glatar það aðildarríki atkvæðisrétti sem lendir í vanskilum við stofnunina enda nemi vanskilaskuldin framlagi viðkomandi ríkis fyrir tvö undanfarin ár eða meira. Þó má allsherjarþingið með 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra fulltrúa heimila slíku aðildarríki atkvæðisrétt, ef þinginu þykir sýnt að vanskilin eigi rót sína að rekja til orsaka sem aðildarríkið fékk eigi við ráðið. Nefndin lagði til við þingið að ofangreind tvö ríki héldu atkvæðisrétti sínum enda yrðu árgjöldin greidd. Þingið samþykkti einróma tillögu nefndarinnar.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Aðildarríkjum ILO er skylt að gera stofnuninni grein fyrir framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa staðfest svo og um málefni óstaðfestra samþykkta eftir því sem óskað er. Nefnd sérfræðinga rannsakar þessar greinargerðir og gefur hún þinginu skýrslu um niðurstöður athugana sinna. Sérstök þingnefnd fjallar um málið en álit hennar er síðan lagt fyrir allsherjarþingið til endanlegrar afgreiðslu.

Nefndin kaus ríkisstjórnarfulltrúa Kenya, J.O. Musiko, formann, og A. Wisskirchen, fulltúa atvinnurekenda frá Sambandslýðveldinu Þýskalandi, og J.M. Houthuys, fulltrúa launþega frá Belgíu, varaformenn.

Nefndin hóf starf sitt með almennum umræðum um þýðingu staðla ILO fyrir vinnumarkaðinn og skyldur aðildarríkjanna varðandi samþykktir og tillögur samkvæmt stofnskránni. Fulltrúar ríkja Austur-Evrópu töldu að gerð staðla fyrir vinnumarkaðinn væri mikilvægasta verkefni ILO. Skoðun þessara fulltrúa var sú að stofnunin tæki ekki nægilega mikið tillit til ólíkra félagslegra og efnahagslegra aðstæðna í aðildarríkjunum þegar rannsakað væri hvernig til hefði tekist um framkvæmd þessara staðla. Fulltrúi Danmerkur tók þátt í umræðunum fyrir hönd Norðurlandanna og svaraði gagnrýni Austur-Evrópulandanna.

Meðal atriða á dagskrá nefndarinnar var skýrsla sérfræðinganefndar um styttri vinnutíma, lengri vikulegan frítíma og lengra orlof í tengslum við framvindu efnahagsmála og fjölgun starfa á vinnumarkaði. Við þetta tækifæri var einnig haldin ræða í nafni Norðurlandanna fimm þar sem norski ríkisstjórnarfulltrúinn kynnti afstöðu þeirra til málsins.

4. Stefna í atvinnumálum.

Meðal dagskrármála var málefnið: Atvinnumálastefna — hugsanleg endurskoðun samþykktar nr. 122 frá 1964 svo og tillögu um stefnu í atvinnumálum. Þetta mál var tekið til annarrar umræðu á þinginu. Við umræðuna hafði þingið hliðsjón af skýrslu sem Alþjóðavinnumálaskrifstofan hafði tekið saman og bar yfirskriftina: Employment Policy, Report IV (1 and 2). Fyrsti hluti skýrslunnar hafði að geyma álitsgerðir og umsagnir ríkisstjórna um þau drög að yfirlýsingu sem þingið hafði samþykkt 1983 við fyrstu umræðu um málið. Í öðrum hluta skýrslunnar var endurskoðuð tillaga um stefnuna í atvinnumálum. Við umræðu um skýrsluna kom fram mikill munur á afstöðu þingfulltrúa til málsins. Fulltrúar atvinnurekenda töldu viss atriði í framkominni tillögu óaðgengileg. Talsmenn launþega lögðu áherslu á að halda þeim texta sem náðist samkomulag um við fyrri umræðu. Af þessu leiddi að umtalsverður tími fór í að ná samkomulagi um einstök ágreiningsefni. Að lokum náðist samkomulag innan nefndarinnar um orðalag ítarlegrar tillögu sem þingið samþykkti.

Tillagan skiptist í 10 kafla.

Fyrsti kaflinn fjallar almennt um markmið atvinnumálastefnu. Þar er lögð áhersla á frelsi einstaklingsins til að velja sér þá atvinnu sem hann helst kýs. Einnig eru aðildarríkin hvött til að gera ráðstafanir sem auðvelda launþegum að laga sig að breytingum á vinnumarkaði m. a. vegna hagnýtingar nýrrar tækni.

Annar kaflinn fjallar um stefnuna varðandi íbúafjölda, sérstaklega við gerð þróunar- og atvinnuáætlana.

Í þriðja kaflanum er fjallað um atvinnu æskufólks og hópa sem standa illa að vígi á vinnumarkaðinum, t. d. vissan hóp kvenna og ungra verkamanna, fatlað fólk, roskna verkamenn, þá sem lengi hafa verið atvinnulausir og farandverkamenn í hlutaðeigandi landi. Í kaflanum er m. a. vikið að hlutverki menntastofnana, vinnumiðlunarskrifstofa og annarra stjórnvalda sem fara með þetta mál.

Fjórði kaflinn fjallar um áhrif nýrrar tækni á vinnumarkaðinn og viðbrögð aðildarríkjanna við þeim breytingum sem hún leiðir af sér.

Í fimmta kaflanum er fjallað um hinn óskipulagða hluta atvinnulífsins. Það er starfsemi sem fer fram utan hinna hefðbundnu stofnana atvinnulífsins.

Sjötti kaflinn fjallar um hlutverk smáfyrirtækja.

Sjöundi kaflinn er um mikilvægi þess að jafnvægi ríki í byggðaþróun aðildarríkjanna til að draga úr félagslegum og atvinnulegum vanda sem leiðir af ójafnri dreifingu náttúruauðlinda.

Opinber fjárfesting og sérstakar aðgerðir á vinnumarkaðssviðinu eru viðfangsefni 8. kafla.

Í níunda kaflanum er lögð áhersla á þýðingu alþjóðaviðskipta í sameiginlegri viðleitni aðildarríkjanna við að auka atvinnu.

Lokakaflinn er um atvinnu og mannflutninga landa í milli.

Tillagan er prentuð hér með sem fylgiskjal I.

Fylgiskjal I.

Tillaga nr. 169 um atvinnustefnu.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar stefndi saman í Genf til síns sjötugasta fundar hinn 6. júní 1984,

gerir sér grein fyrir hinum gildandi alþjóðlegu viðmiðunarkröfum sem felast í samþykkt og tillögu frá 1964 og öðrum alþjóðavinnumálaskjölum sem eiga við ákveðna flokka launafólks sérstaklega og tillögu varðandi launafólk með fjölskylduábyrgð frá 1981, tillögu um roskið launafólk frá 1980, samþykkt og tillögu um mannflutninga milli landa í atvinnuskyni frá 1949 (endurskoðað), samþykkt um farandverkamenn (þ. e. verkamenn á erlendri grund) frá 1975 (viðbótarákvæði), og tillögu um farandverkamenn frá 1975,

ber í minni ábyrgð Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, fram komna vegna Philadelphiuyfirlýsingarinnar, að prófa og meta hvernig viðskipta- og fjárhagsstefnur verka á atvinnustefnu í ljósi þess grundvallarmarkmiðs að „allir menn, án tillits til kynþáttar, trúar eða kyns, hafi rétt til að leggja rækt við bæði líkamlega velferð og andlegan þroska við skilyrði sem einkennast af frelsi og reisn, efnahagslegu öryggi og jafnrétti“,

minnist þess að alþjóðasáttmáli um efnahagslegan, félagslegan og menningarlegan rétt sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 1966 felur m. a. í sér „rétt til að vinna, sem þýðir að sérhver hafi rétt á tækifæri til að vinna fyrir sér með starfi sem hann velur eða samþykkir af fúsum og frjálsum vilja“, en einnig að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til þess að þessi réttur náist smátt og smátt að fullu og sé varðveittur,

minnist einnig ákvæða samnings um afnám alls misréttis gagnvart konum, en þau ákvæði voru samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1979,

viðurkennir, í ljósi nánari samskipta þjóðanna á sviði efnahagsmála og lítils hagvaxtar á síðari árum, þörfina á að samræma efnahags-, gjaldeyris- og félagsmálastefnu í heimalöndum og á alþjóðavettvangi, að leitast við að minnka bilið milli iðnríkja og þróunarlanda, og að koma á fót nýju alþjóðlegu viðskiptakerfi til að eiga sem best úrræði til þróunar og atvinnusköpunar og takast þannig á við atvinnuleysi og atvinnuskort,

gerir sér grein fyrir að atvinnumöguleikar eru að versna í flestum iðnaðar- og þróunarlöndum og lætur í ljós þá sannfæringu að fátækt, atvinnuleysi og misskipt tækifæri séu óviðunandi m. t. t. mannúðar og félagslegs réttlætis, geti valdið spennu innan þjóðfélags og þannig skapað aðstæður sem geta ógnað friði og spillt því að réttur til starfs sé í heiðri hafður en hann felur í sér frjálst starfsval, réttlát og hagstæð vinnuskilyrði og vernd gegn atvinnuleysi,

álítur að samþykktina og tillöguna um atvinnustefnu frá 1964 eigi að setja í víðara samhengi „yfirlýsingarinnar um reglur og áætlun um aðgerðir“ sem samþykkt var 1976 af hinni „þríhliða þjóðaráðstefnu um atvinnu, tekjuskiptingu og félagslegar framfarir og alþjóðlega skiptingu vinnumarkaðarins,“ og áformanna sem Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti 1979 um að fylgja henni eftir á alheimsráðstefnu um vinnumál,

hefur ákveðið að samþykkja vissar tillögur er snerta atvinnustefnu sem er fjórði liður á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ályktanir skuli vera í formi tillögu sem viðauki við sáttmála og tillögu um atvinnustefnu frá 1964,

gerir hinn 26. júní 1984 eftirfarandi tillögu sem kalla má tillögu um atvinnustefnu (viðbótarákvæði) frá 1984.

I. Almenn lögmál atvinnustefnu.

1. Leiðin til að ná í reynd réttinum til vinnu er fólgin í að efla næga og arðbæra atvinnu sem hver og einn velur af frjálsum og fúsum vilja eins og gert er ráð fyrir í samþykkt og tillögu um atvinnustefnu frá 1964.

2. Um leið og aðildarríki viðurkenna til fulls réttinn til vinnu eiga þau að fylgja efnahags- og félagsmálastefnu sem beinist að því að efla næga og arðbæra atvinnu sem valin er að fúsum og frjálsum vilja.

3. Það að efla næga og arðbæra atvinnu, valda af fúsum og frjálsum vilja, ætti að hafa forgang í og vera óaðskiljanlegur þáttur af efnahags- og félagsmálastefnu aðildarríkja og, þar sem það á við, áætlunum þeirra um að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

4. Aðildarríki eiga að veita sérstaka athygli áhrifaríkustu leiðum til að auka atvinnu og framleiðslu, og taka upp stefnu og, ef við á, gera áætlanir sem miðast að því að auðvelda aukna framleiðslu, réttláta skiptingu nauðsynja og þjónustu og réttláta skiptingu tekna alls staðar í landi með það fyrir augum að fullnægja brýnustu þörfum íbúanna í samræmi við yfirlýsingu um reglur og áætlanir um aðgerðir á heimsþinginu um atvinnumál.

5. Í samræmi við venjur í hverju landi á að setja fram og hrinda í framkvæmd stefnum, áformum og áætlunum sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu, í samráði og samstarfi við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur slík samtök sem eru fulltrúar fyrir þá sem hlut eiga að máli, sérstaklega þá sem eru í dreifbýli og heyra undir samþykkt og tillögu um samtök dreifbýlisverkamanna frá 1975.

6. Efnahags- og fjármálastefna, á landsvísu og á alþjóðavettvangi, á að endurspegla forgang þeirra markmiða sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu.

7. Stefnur, áform og áætlanir sem vísað er til í 3. og 4. grein þessarar tillögu ættu að miða að því að eyða sérhverri mismunun og tryggja öllu launafólki jafna möguleika og meðhöndlun varðandi atvinnu, atvinnuskilyrði, kaup og kjör, leiðsögn og æfingu í verknámi og aukinn frama í starfi.

8. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að ná árangri í baráttunni gegn ólöglegri atvinnu, þ. e. atvinnu sem ekki er í samræmi við landslög, reglugerðir og venjur.

9. Aðildarríki eiga að gera ráðstafanir til að gera smátt og smátt kleifan flutning verkamanna frá hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins, þar sem hann fyrirfinnst, í hinn skipulagða hluta.

10. Aðildarríki eiga að taka upp stefnu og gera ráðstafanir sem m. t. t. laga og venja ættu að

a) auðvelda launafólki að laga sig að skipulagsbreytingum, hvort heldur sem þær eru víðtækar, á ákveðnum sviðum eða í einstökum fyrirtækjum, og að endurráða sig hafi það misst starf sitt vegna skipulags- eða tæknibreytinga, og

b) tryggja atvinnu eða auðvelda endurráðningu launafólks sem fyrir því verður að stofnun sem það tengist, fyrirtæki eða búnaður er seldur, framseldur, lagður niður eða fluttur.

11. Í samræmi við landslög og venjur gætu aðferðir við að gera atvinnustefnu virka falist í að ná heildarsamkomulagi um þætti sem varða atvinnu, svo sem

a) að efla og tryggja atvinnu,

b) það hvaða efnahags- og félagslegar afleiðingar það geti haft að breyta skipulagi og koma á hagræðingu í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja,
c) að endurskipuleggja og stytta vinnutímann,
d) að vernda ákveðna hópa,
e) að veita fræðslu um efnahags-, fjárhags-, félags- og atvinnumál.

12. Aðildarríki eiga, eftir að þau hafa ráðfært sig við samtök atvinnurekenda og launafólks, að grípa til ráðstafana í því skyni að stuðla að fjölþjóða framtaki til að taka upp og efla sérstaklega atvinnustefnu þá sem sett var fram í hinni þríhliða yfirlýsingu um reglur er snerta fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnu frá 1977, og til að tryggja að komið verði í veg fyrir neikvæð áhrif fjárfestinga fjölþjóðafyrirtækja en jákvæð áhrif aukin.

13. Með tilliti til aukins samspils í efnahagslífi í heiminum eiga aðildarríki, auk þess sem þau gera ráðstafanir á landsvísu, að styrkja alþjóðlegt samstarf til að tryggja að árangur náist í baráttunni við atvinnuleysi.

II. Stefna varðandi íbúafjölda.

14. (1) Um leið og tryggt er hæfilegt framboð atvinnu getur þróunar- og atvinnustefna, þar sem við á og í samræmi við landslög og venjur, falið í sér mannfjöldastefnu og áætlanir sem miðast við að tryggja velferð fjölskyldu og veita stuðning varðandi áform hennar, með áætlunum um upplýsingar og frjálsa fræðslu um atriði er snerta mannfjölda.

(2) Aðildarlönd, sérstaklega þróunarlönd, geta í samvinnu við stofnanir sem ekki eru ríkisreknar, hvort sem er í heimalandi eða á alþjóðavettvangi
a) gefið því sérstakan gaum í stefnu sinni og áætlunum varðandi íbúafjölda að mennta foreldra og verðandi foreldra um kosti fjölskylduáætlana.
b) í dreifbýli; aukið heilbrigðisbúnað og fjölgað félagsmiðstöðvum og starfsfólki sem veitir þjónustu varðandi fjölskylduáætlanir,
c) í þéttbýli; gefið sérstakan gaum þeirri brýnu þörf að treysta allt skipulag og bæta lífsskilyrði, sérstaklega í fátækrahverfum.

III. Atvinna æskufólks og þeirra sem minna mega sín.

15. Ráðstafanir sem eru þáttur í almennri atvinnustefnu aðildarríkis eiga að taka til þeirra hópa fólks sem á erfitt með að fá fasta atvinnu. Má þar nefna hluta kvenna og ungra verkamanna, fatlað fólk, roskið launafólk, það sem lengi hefur verið atvinnulaust og farandverkamenn sem eru löglega í viðkomandi landi. Ráðstafanir þessar skulu vera í samræmi við reglur alþjóðlegra vinnumálasamþykkta og tillagna sem varða atvinnu þessara hópa, og við vinnuskilyrði sem landslög og venjur hafa mótað.

16. Með tilliti til skilyrða á landsvísu og í samræmi við landslög og venjur geta ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. grein þessarar tillögu m. a. falið í sér
a) almenna menntun öllum til handa og áætlun um verknám og þjálfun til að hjálpa þessu fólki að finna starf og auka atvinnumöguleika þess og tekjur,
b) að koma á þjálfunarkerfi sem tengist bæði menntakerfinu og atvinnulífinu,
c) ráðgjafarþjónustu og vinnumiðlun til að aðstoða einstaklinga við að komast inn á vinnumarkaðinn og hjálpa þeim að finna starf við hæfi,
d) áætlanir sem skapa arðbæra atvinnu í tilteknum landshlutum, svæðum eða sviðum,
e) áætlanir um aðlögun vegna skipulagsbreytinga,
f) ráðstafanir varðandi þjálfun og endurþjálfun,
g) ráðstafanir vegna endurhæfingar til starfs,
h) aðstoð við flutninga af frjálsum vilja,
i) áætlanir um að efla sjálfstæða vinnu og samvinnufélög launafólks.

17. (1) Aðrar sérráðstafanir skulu taka til ungs fólks.

Sérstaklega má nefna:

a) opinberar stofnanir og einkafyrirtæki skulu hvött til að ráða og þjálfa ungt fólk á þann hátt sem hæfir aðstæðum og venjum í landinu;
b) þótt áhersla skuli lögð á að koma ungu fólki í venjuleg störf má gera sérstakar áætlanir í því augnamiði að ráða ungt fólk sem kýs að vinna að samfélagslegum verkefnum, sérstaklega svæðisbundnum verkefnum af félagslegum toga, og hafa þá í huga ákvæði tillögu um sérstök áform vegna æskunnar frá 1970;
c) gera skal sérstakar áætlanir sem fela í sér að þjálfun og vinna skiptist á og aðstoða þannig ungt fólk við að komast inn á vinnumarkað;
d) þjálfunina á að laga að tækni- og efnahagsþróun og leitast við að bæta þjálfunaraðferðir;
e) ráðstafanir skulu gerðar til að auðveldara verði að fara úr skóla í vinnu og til að efla möguleika á að starf fáist að lokinni þjálfun;
f) efla skal rannsóknir á atvinnuhorfum og nota þær við stefnumótun verknáms,
g) öryggi og heilsu ungs verkafólks ber að vernda.

(2) Með ráðstöfunum þeim sem vísað er til í grein (1) hér á undan skal fylgjast náið til að tryggja að þær hafi heillavænleg áhrif varðandi atvinnu ungs fólks.

(3) Ráðstafanirnar eiga að vera í samræmi við ákvæði alþjóðlegra samþykkta og tillagna sem snerta atvinnu ungs fólks, og við vinnuskilyrði sem mótast hafa í samræmi við landslög og venjur.

18. Með hvatningu sem hæfir þjóðaraðstæðum og venjum má auðvelda að ráðstafanir þær sem vísað er til í 15. og 17. grein nái fram að ganga.

19. Í samræmi við landslög og venjur skulu lögmæt yfirvöld ráðfæra sig vandlega og með góðum fyrirvara við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks og önnur samtök sem hlut eiga að máli um hvernig ráðstafanir þær og áætlanir, sem vísað er til í 15. og 18. grein þessarar tillögu skuli, settar fram, þeim beitt og eftir þeim litið.

IV. Tæknistefna.

20. Einn aðalþáttur í þróunarstefnu þjóðar á að vera að auðvelda tækniþróun sem lið í að auka framleiðslugetu og ná því meginmarki að skapa tækifæri til atvinnu og fullnægja brýnustu þörfum. Tæknistefna á, m. t. t. stöðu efnahagsþróunar, að stuðla að því að bæta vinnuskilyrði og stytta vinnutímann, og einnig á hún að fela í sér ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnumissi.

21. Aðildarríki eiga

a) að stuðla að rannsóknum á því hvernig velja skuli, innleiða og þróa nýja tækni og hvaða áhrif hún hafi á atvinnuumfang, fyrirkomulag og skilyrði, þjálfun, starfssvið og hæfniskröfur,
b) að stuðla að rannsóknum á þeirri tækni sem best eigi við séraðstæður landa, með því að tryggja aðild óháðra rannsóknarstofnana.

22. Aðildarríki skulu kappkosta að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum

a) að menntunar- og þjálfunarkerfi, þar með talin endurþjálfun, veiti launafólki nægileg tækifæri til að aðlagast breyttum kröfum vegna tæknibreytinga,
b) að sérstaklega sé hugað að því að nýta sem best þá sérþekkingu sem fyrir hendi er og kann að verða,
c) að neikvæð áhrif tæknibreytinga á atvinnu, vinnu- og lífsskilyrði, atvinnuöryggi og heilsu verði útilokuð svo sem kostur er, sérstaklega með því að gefa gaum að vinnuvistfræði og öryggis- og heilsufarsþáttum þegar farið er að móta nýja tækni.

23. Í samræmi við þjóðaraðstæður og venjur eiga aðildarríki á allan hátt að stuðla að því að viðeigandi ný tækni sé notuð, og tryggja eða bæta samstarf og samráð milli aðila og samtaka sem þessi mál varða, og heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks.

24. Hvetja skal samtök atvinnurekenda og launafólks sem eiga hlut að máli, og fyrirtæki til að aðstoða við að útbreiða almennar upplýsingar um tæknilega valkosti, við að stuðla að tæknilegum tengslum milli stórra og smárra fyrirtækja og við að setja fram viðeigandi áætlanir um vinnuþjálfun.

25. Í samræmi við landsvenjur skulu aðildarþjóðir hvetja samtök atvinnurekenda og launafólks til að gera heildarsamkomulag, á landsvísu, á ákveðnum sviðum eða innan fyrirtækja, vegna félagslegra afleiðinga þess að innleiða nýja tækni.

26. Aðildarþjóðir skulu svo sem auðið er og í samræmi við landslög og venjur hvetja fyrirtæki er innleiða í starfsemi sína tæknibreytingar sem líklegar eru til að hafa verulega áhrif á verkafólk í fyrirtækinu

a) til að gera launafólki og/eða fulltrúum þess grein fyrir hvernig áætlað sé að innleiða og nýta nýja tækni, þ. e. upplýsa það um möguleikana sem slík tækni býður og áhrifin sem hún hefur, og ráðfæra sig við það fyrirfram með það fyrir augum að ná samkomulagi,
b) til að stuðla að því að skipuleggja vinnutíma og deilingu vinnunnar betur,
c) til að koma í veg fyrir og milda svo sem auðið er öll neikvæð áhrif tæknibreytinga á launafólk,
d) til að stuðla að fjárfestingu í tækni sem hvetja myndi beint eða óbeint til atvinnusköpunar og verða til þess smátt og smátt að auka framleiðni og fullnægja brýnustu þörfum íbúanna.

V. Hinn óskipulagði hluti atvinnulífsins.

27. (1) Atvinnustefnan á landvísu á að viðurkenna mikilvægi hins óskipulagða hluta atvinnulífsins sem atvinnuveitanda, þ. e. hinnar efnahagslegu starfsemi sem fram fer utan hinnar skipulögðu efnahagsstarfsemi.

(2) Móta skal og útfæra atvinnuáætlanir er ýti undir fjölskylduvinnu og sjálfstæða atvinnu á einkaverkstæðum, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

28. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmum og bættum tengslum milli hins skipulagða og óskipulagða hluta til þess að fyrirtækjum í hinum óskipulagða hluta hlotnist greiðari aðgangur að auðlindum, mörkuðum, lánsviðskiptum, innra skipulagi, kennslubúnaði, sérfræðilegri tækniþekkingu og bættri tækni.

29. (1) Um leið og aðildarþjóðir gera ráðstafanir til að auka atvinnumöguleika og bæta vinnuaðstöðu í hinum óskipulagða hluta atvinnulífsins skulu þær leitast við að auðvelda hægfara aðlögun hans að efnahagslífi þjóðarinnar.

(2) Aðildarþjóðir skulu taka tillit til þess að aðlögun óskipulagða hlutans að hinum skipulagða kann að minnka getu hins síðarnefnda til að taka til sín vinnuafl og skapa tekjur. Engu að síður eiga þær að leitast við að láta skipulagsráðstafanir sínar markvisst ná til óskipulagða hluta atvinnulífsins.

VI. Smáfyrirtæki.

30. Atvinnustefna þjóðar á að taka tillit til mikilvægis smáfyrirtækja við að skapa atvinnu og viðurkenna skerf staðbundins framtaks til atvinnusköpunar í baráttunni við atvinnuleysi og í þágu hagvaxtar. Þessi fyrirtæki sem geta verið með ýmsu móti, svo sem lítil hefðbundin fyrirtæki, samvinnufyrirtæki og samtök, veita atvinnumöguleika, einkum launafólki sem á við sérstaka erfiðleika að etja.

31. Eftir að hafa ráðfært sig við félagasamtök atvinnurekenda og launfólks og í samvinnu við þau skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að gagnkvæmu og bættu sambandi fyrirtækjanna sem getið er um í 30. grein þessarar tillögu og annarra fyrirtækja til að bæta vinnuskilyrði í fyrrnefndu fyrirtækjunum og til að gera aðgang þeirra greiðari að mörkuðum, lánsviðskiptum, sérfræðilegri tækniþekkingu og þróaðri tækni.

VII. Staðbundin þróunarstefna.

32. Aðildarþjóðir skulu, í samræmi við landslög og venjur, viðurkenna mikilvægi þess að jafnvægi ríki í þróun tiltekinna landsvæða til að milda félagslegan og atvinnulegan vanda sem skapast af ójafnri dreifingu náttúruauðlinda og ófullnægjandi möguleikum til að flytja framleiðslutækin, og til að hamla gegn misskiptingu framleiðslu og atvinnu milli staða og landssvæða.

33. Ráðstafanir skulu gerðar, í samráði og samvinnu við fulltrúa hlutaðeigandi íbúa og sérstaklega við samtök atvinnurekenda og launafólks, í því skyni að stuðla að atvinnu á svæðum þar sem iðnaðar- og landbúnaðarframleiðsla dregst saman, jaðarsvæðum og almennt í þeim hlutum landsins sem ekki hafa notið góðs af þróuninni í landinu.

34. Með tilliti til skilyrða í landinu og áforma og áætlana hverrar aðildarþjóðar geta ráðstafanir sem vísað er til í 33. grein þessarar tillögu m. a. falið í sér

a) að mynda og þróa framleiðslusvæði og framleiðslumiðstöðvar sem horfa til atvinnuaukningar,
b) að þróa og efla staðbundin tækifæri m. t. t. getu mannaflans og náttúruauðlinda á hverjum stað og þarfarinnar á samfelldri og stöðugri þróun slíkra svæða,
c) að fjölga og stækka bæi og þorp til þess að vega upp á móti vexti stórra borga,
d) bæta tiltæka nauðsynlega þjónustu, dreifa henni betur og gera hana aðgengilegri og fullnægja þannig frumþörfum,
e) hvetja til þess með viðeigandi félagslegum ráðstöfunum að launafólk færi sig um set af fúsum og frjálsum vilja innan hvers svæðis og milli staða í landinu, en leggja sig samtímis fram um að skapa þeim sómasamleg lífskjör og vinnuskilyrði í átthögum,
f) að fjárfesta í bættu innra skipulagi, þjónustu og stjórnkerfi staðanna, m. a. með því að útvega nægt starfslið og tæki og gera þjálfun og endurþjálfun mögulega; og
g) stuðla að þátttöku sveitarfélaga í að skilgreina og útfæra hinar staðbundnu þróunaraðgerðir.

VIII. Opinber fjárfesting og sérstakar opinberar atvinnuáætlanir.

35. Aðildarríkin gætu lagt út í efnahags- og félagslega lífvænlega fjárfestingu og útfært sérstakar opinberar vinnuáætlanir, einkum m. t. t. að skapa og viðhalda atvinnu og auka tekjur, draga úr fátækt og koma betur til móts við brýnustu þarfir á svæðum þar sem mikið atvinnuleysi og atvinnuskortur ríkir. Slíkar áætlanir eiga, þar sem mögulegt er og viðeigandi,

a) að taka sérstakt tillit til þess að skapa atvinnu fyrir hópa sem minna mega sín,
b) að taka til verkefna er snerta innra skipulag í dreifbýli og þéttbýli og fela auk þess í sér að koma upp aðstöðu til að fullnægja brýnustu þörfum í dreifbýli, borgum og úthverfum, og auka arðvænlegar fjárfestingar til þátta er snerta t. d. orku og fjarskipti,
c) að stuðla að því að bæta félagslega þjónustu svo sem í menntamálum og heilsugæslu,
d) að vera skipulagðar og útfærðar innan ramma þróunaráætlunar þar sem hún er fyrir hendi og í samráði við þau samtök atvinnurekenda og launafólks sem í hlut eiga,
e) að tilgreina það fólk sem áætlanirnar eiga að ná til, ákvarða það vinnuafl sem tiltækt er og skilgreina forsendur fyrir verkefnisvali,
f) að tryggja að launafólk sé ráðið af fúsum og frjálsum vilja,
g) að tryggja að vinnuafl sé ekki tekið frá annarri framleiðslustarfsemi,
h) að sjá til þess að vinnuskilyrði séu í samræmi við landslög og venjur og sérstaklega við lagaákvæði um aðgang að vinnu, vinnutíma, launakjör, launuð frí, öryggi og heilbrigði á vinnustað og bætur fyrir vinnuslys,
i) að auðvelda starfsþjálfun þeirra sem áætlanirnar taka til en einnig endurþjálfun þeirra sem verða að skipta um starf vegna skipulagsbreytinga í framleiðslu og atvinnu.

IX. Atvinna og alþjóðlegt efnahagssamstarf.

36. Aðildarríki eiga að stuðla að auknum alþjóðaviðskiptum og hjálpa þannig hvert öðru til að auka atvinnuna. Í þessu augnamiði eiga þau að vinna saman í alþjóðlegum hópum sem starfa að því að auka alþjóðaviðskipti varanlega og gera þau hagkvæm á báða bóga, og auðvelda tækniaðstoð og fjárfestingu.

37. Minnug ábyrgðar sinnar í samskiptum við aðra lögmæta alþjóðlega aðila eiga aðildarríki að setja sér eftirtalin markmið í því augnamiði að tryggja virka atvinnustefnu:

a) að stuðla að því að auka framleiðslu og alþjóðaviðskipti sem forsendur efnahagslegs stöðugleika og vaxandi atvinnu innan ramma alþjóðlegs þróunarsamstarfs og á grundvelli jafnréttis og gagnkvæms ávinnings,
b) að viðurkenna að samspil ríkja, sem stafar af aukinni samþættingu í efnahagi heimsins, ætti að ýta undir að slíkt andrúmsloft myndist að ríki geti, þegar við á, sett fram sameiginlega stefnu sem miðist að því að bæði félagslegur kostnaður og ávinningar af aðlögun að skipulagsbreytingu dreifist réttlátar og alþjóðatekjur og auður sömuleiðis, til þess að auðvelda þróunarlöndum að taka við vaxandi vinnukrafti sínum og iðnríkjum að auka atvinnu og lækka aðlögunarkostnað vegna verkamanna er þarna koma við sögu,
c) að samhæfa þjóðarstefnur varðandi viðskipti og skipulagsbreytingar og aðlögun að þeim til þess að gera þróunarlöndum kleift að taka meiri þátt í iðnframleiðslu heimsins í opnu og réttlátu viðskiptakerfi, að gera vöruverð stöðugt og arðvænlegt að því marki að bæði framleiðendur og neytendur sætti sig við, og að örva fjárfestingu í framleiðslu og meðhöndlun vara í þróunarlöndum,
d) að hvetja til friðsamlegra lausna deilumála milli þjóða og samþykkta um viðræður um minnkandi vígbúnað sem leiða mun til öryggis fyrir allar þjóðir og einnig þess að í stað vígbúnaðarkostnaðar og hervæðingar eykst þjónusta og framleiðsla á lífsnauðsynjum, sérstaklega í þágu brýnustu þarfa íbúanna og þróunarlandanna,
e) að leita samkomulags um sameiginlegt átak á alþjóðavettvangi til að bæta hið alþjóðlega efnahagskerfi, sérstaklega á fjármálasviðinu, til þess að stuðla að atvinnu bæði í iðnaðar- og þróunarlöndum,
f) að auka gagnkvæmt efnahags- og tæknisamstarf, sérstaklega milli landa sem ólíkt eru á vegi stödd í efnahagsþróun og búa við ólíkt félagslegt og efnahagslegt kerfi, með því að miðla reynslu á báða bóga og rækta hæfileikana til samstarfs, sérstaklega á sviði atvinnumála og hugvits og þegar um það er að ræða að velja, þróa og yfirfæra tækni í samræmi við lög og venjur varðandi eignarrétt sem báðir aðilar samþykkja,
g) að skapa skilyrði til varanlegs, verðbólgulauss hagvaxtar í heiminum og til að koma á fót bættu alþjóðlegu gjaldeyriskerfi sem leiða mundi til þess að sett yrði fram nýtt alþjóðlegt efnahagsskipulag,
h) að tryggja meiri stöðugleika í gjaldeyrismálum, minnkandi skuldabyrði þróunarlandanna, skilyrði til langtíma fjárhagsaðstoðar við þróunarlöndin með góðum kjörum og samþykkt um aðlögunarstefnu sem stuðlar að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum.

38. Aðildarríki eiga

a) að stuðla að því að tækni sé flutt með það fyrir augum að gera þróunarlöndunum kleift að tileinka sér, með sanngjörnum og réttmætum kjörum, þá tækni sem best á við til að stuðla að atvinnu og því að fullnægja brýnustu þörfum,
b) gera viðeigandi ráðstafanir til að skapa og halda við atvinnu og til að veita möguleika til þjálfunar og endurþjálfunar. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að stofna aðlögunarsjóði — á landsvísu, staðbundna eða alþjóðlega — í þeim tilgangi að veita aðstoð við jákvæða aðlögun iðnaðar og verkafólks sem skapast hefur vegna efnahagsbreytinga í heiminum.

X. Atvinna og mannflutningar landa í milli.

39. Þar sem mannflutningar milli landa eiga sér stað eiga aðildarríki m. t. t. alþjóðlegra samninga og tillagna um farandverkamenn að marka stefnu sem miðar að því

a) að skapa fleiri atvinnutækifæri og betri vinnuskilyrði í löndum þeim sem flutt er frá til þess að minnka þörfina á að menn flytji úr landi í atvinnuskyni,

b) að tryggja að mannflutningar landa í milli eigi sér stað á þeim forsendum að stuðla að fullri og arðbærri atvinnu, valinni af frjálsum vilja.

40. Aðildarríki sem skv. hefð eða margítrekað taka marga erlenda verkamenn í vinnu eiga — þegar þeir koma frá þróunarlöndum — að leggja sig fram um að taka þátt í uppbyggingu í heimalandi þeirra, með því að auka hreyfingu fjármagns á viðeigandi hátt, auka viðskiptin, flytja tækniþekkingu og aðstoða við starfsþjálfun heimafólks til þess að kostur verði á öðru en flutningi úr landi í atvinnuskyni, og til að aðstoða löndin sem í hlut eiga við að bæta atvinnustöðu sína.

41. Aðildarríki sem hafa margendurtekna reynslu af verulegum útflutningi borgara sinna í atvinnuskyni eiga að gera ráðstafanir með lagasetningu, samkomulagi við félagasamtök atvinnurekenda og launafólks eða á einhvern annan hátt í samræmi við skilyrði og venjur í landinu — og svo framarlega sem slíkar ráðstafanir eru ekki í ósamræmi við rétt hvers og eins til að yfirgefa sérhvert land, m. a. sitt eigið — til að koma í veg fyrir misferli við ráðningu eða brottför sem gæti leitt til ólöglegrar komu, dvalar eða atvinnu í öðru landi.

42. Til að gera þeim sem búa yfir fágætum hæfileikum auðvelt að snúa aftur heim ættu þróunarlönd sem búa við útflutning fólks

a) að hvetja launafólk til heimkomu svo sem kostur er, og

b) efna til samvinnu landa sem ráða þegna þeirra og einnig Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og annarra hlutaðeigandi alþjóðlegra eða staðbundinna aðila.

43. Aðildarríki, bæði lönd sem veita vinnu (fósturlönd) og heimalönd, eiga að gera viðeigandi ráðstafanir til að

a) koma í veg fyrir misferli við ráðningu vinnuafls vegna atvinnu erlendis,

b) koma í veg fyrir misnotkun á farandverkamönnum,

c) tryggja að í fullu gildi sé rétturinn til félagafrelsis og til að bindast samtökum og semja sem heild.

44. Aðildarríki, bæði fósturlönd og heimalönd, eiga þegar nauðsyn krefur og með tilliti til gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og tillagna um farandverkamenn að gera bæði tvíhliða og fjölhliða samkomulag sem tekur til atriða eins og réttar til komu og dvalar, réttarverndar í kjölfar atvinnu, aukinna möguleika til menntunar og þjálfunar til handa farandverkafólki, félagslegs öryggis, og stuðnings við verkamenn og fjölskyldur þeirra óski þeir að hverfa aftur til heimalands síns.

Sþ. 419. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 og brtt. á þskj. 364.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við brtt. á þskj. 364, 5. Liðurinn orðist svo:
   Við 6. gr. 3.27. Liðurinn orðist svo:
   Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskirækt. Enn fremur að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af byggingarefni og

sölugjald af jarðvinnu vegna framkvæmda við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskirækt. Ofangreind heimild nær einnig til endurgreiðslu vegna framkvæmda á árinu 1985. Ofangreind heimild nær ekki til bifreiða og gaffallyftara. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.

2. Við 6. gr. Nýir liðir:
   a. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.
   b. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vögnum og kerrum fyrir fleirbura.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
   a. Að kaupa fasteignina Dílahæð 3 í Borgarnesi fyrir heilsugæslulækni og taka til þess nauðsynleg lán.
   b. Að kaupa fasteignina Miðtún 7 á Seyðisfirði fyrir heilsugæslulækni og taka til þess nauðsynleg lán.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
   a. Að greiða hluta af kostnaði við umbætur á Víknaleið í Ljósavatnshreppi.
   b. Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.

Sþ. 420. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá fjármálaráðherra.

Við 6. gr. bætist nýr liður:
Fjármálaráðherra er heimilt:
Að ráðstafa allt að 6 milljónum króna af tekjum af fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs til þróunaraðstoðar.

Sþ. 421. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 og brtt. á þskj. 365.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við brtt. á þskj. 365:
   a. Við 4130 Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra. Þús. kr.
      Fyrir „75 000“ kemur 95 000
   b. Við 4303 Slysatryggingagjald.
      Fyrir „125 000“ kemur 132 221
2. Við 4. gr. 07 399 6.01 Vatnsveitur.
   Fyrir „8 000“ kemur 9 900
3. Við 4. gr. 08 385 Framkvæmdasjóður aldraðra.
   Fyrir „65 000“ kemur 95 000
4. Við bætist ný gr., 7. gr., og orðist svo:
   Skattvísitala árið 1986 skal vera 136 stig miðað við 100 stig 1985.

Sþ. 422. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Við 6. gr. Nýr liður:
Að kaupa húseign Mjólkursamsölunnar í Reykjavík að Laugavegi 162 og taka til þess nauðsynleg lán.

Ed. 423. Lánsfjárlög [2. mál]

fyrir árið 1986.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 414 (sbr. 400).

Nd. 424. Frumvarp til laga [207. mál]

um breytingu á lögum nr. 103 frá 31. des. 1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Síðasti málsliður 1. gr. laganna verði svohljóðandi: „Heimilt er þó að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjármálaráðuneytinu“ falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í stjórnarskránni er samþykki Alþingis skilyrði þess að eignir ríkisins séu seldar og jafnframt óheimilt að kaupa eignir án samþykkis þess.

Sú regla hefur og verið við höfð að í heimildagrein fjárlaga hefur verið ákveðið hvaða eignir ríkið ætlaði að kaupa eða selja. Það er því ekki í anda stjórnarskrárinnar að einföld lagaheimild eigi að þurrka út þetta vald Alþingis og því er lagt til að þessi breyting verði gerð á lögunum.

Sþ. 425. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við 4. gr. 06 281 Dómsmál, ýmis starfsemi. Nýr liður:	Þús. kr.
1.83 Rannsókn umferðarslysa	500

Nd. 426. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Fyrsti minni hl. er samþykkur því að alþingismenn sitji ekki í bankaráðum. Alþýðuflokkurinn hefur lengi haft þá starfsreglu, einn stjórnmálaflokka. Aðrir þingflokkar geta því farið að fordæmi hans — án lagasetningar.
2. Tilgangur frv. er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur og pólitískar skiptareglur við útlán banka. Þessi tilgangur næst ekki með því að viðskiptaráðherra skipi í bankaráð — í óbreyttu kerfi. Reyndar væri það að fara úr öskunni í eldinn. Það mundi bjóða heim hættu á meiri misbeitingu pólitísks valds — þar sem það á ekki heima.
3. Ríkisbankakerfið er í mikilli kreppu. Það er aðkallandi verkefni að endurskipuleggja bankakerfið. Best fer á því að flestir bankar verði einkabankar. Um leið þarf að endurskoða lagaákvæði um hlutverk Seðlabanka, um verðbréfamarkað, um ríkisábyrgð á innlánsfé banka, um tryggingasjóði banka o.fl. Trúlega verður þessi þróun í áföngum. Ríkisbankar verði sameinaðir í einn. Að öðru leyti verði um einkabanka að ræða.

Frv. skapar meiri vanda en það leysir og gengur að öðru leyti of skammt í breytingarátt. Fyrsti minni hl. leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 20. des. 1985.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 427. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í þessu frumvarpi er lagt til að

a. *viðskiptaráðherra skipi bankaráð ríkisviðskiptabankanna* og
b. *alþingismönnum verði óheimil seta í bankaráðum.*

Um þetta frumvarp náðist ekki samstaða í nefndinni. Álit meiri hl. nefndarinnar liggur ekki fyrir en afstaða gömlu flokkanna til frv. mun væntanlega birtast við kosningar í bankaráð ríkisbankanna. Þar má telja víst að einhverjir alþingismenn verði kosnir.

Undirritaður spáir því raunar að endurkosnir verði alþingismenn sem nú sitja í bankaráði Útvegsbankans úr þingflokkum Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Endurkosning þeirra mundi jafngilda yfirlýsingu um að þeir bæru enga ábyrgð á ógöngum bankans. Engu síður er afdráttarlaust tekið fram í núgildandi lögum um Útvegsbankann, nr. 12/1961, að bankaráðin beri ábyrgð. Í 8. gr. segir svo:

„Yfirstjórn bankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Í 12. gr. segir að bankaráð hafi yfirumsjón með starfsemi bankans.

Ekki er hægt að kveða skýrar á um ábyrgð bankaráðsins. Því er varla hægt að ofbjóða siðferðiskennd þjóðarinnar jafnaugljóslega og með endurkjöri bankaráðsmanna í Útvegsbanka.

Í lögum, sem nú taka gildi um viðskiptabanka, eru enn þá skýrari ákvæði en í gömlu lögunum um störf og skyldur bankaráða. Auk sambærilegra ákvæða og í gömlu lögunum um

yfirstjórn og yfirumsjón (9. og 18. gr.) eru í 21. gr. nánar talin upp verkefni bankaráðs, s.s. bygging, kaup, sala og veðsetning fasteigna bankans, stofnun útibúa, samruni við aðrar innlánsstofnanir, vaxtastefna bankans og önnur mál sem bankastjórn leggur fyrir ráðið. Þannig er augljósara en áður að bankaráðum eru ætluð dæmigerð verk framkvæmdastjórnar ásamt möguleika á að þau fjalli um einstakar lánveitingar.

Þess vegna verður undir engum kringumstæðum fallist á að löggjafarsamkoman kjósi bankaráðin, og seta alþingismanna þar er auðvitað gjörsamlega ósamrýmanleg stjórnarskrá og siðferðiskröfum um varnir gegn árekstrum hagsmuna.

Tillögur í þessu frumvarpi eru því skynsamlegar og ætti að samþykkja og nota þangað til **ríkisbankar verða lagðir af og bankastarfsemi verður öll á hendi einkabanka.** Bandalag jafnaðarmanna hefur ítrekað lagt til að ríkisbankar verði lagðir niður.

Undirritaður leggur til að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1985.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Nd. 428. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Málið hefur verið rætt í nefndinni. Flutningsmaður hefur lagt áherslu á að fá þetta mál úr nefnd þótt hann sé eini stuðningsmaður þess. Ný bankalög ganga í gildi um áramót og bankaráð verða kjörin skv. þeim fyrir jólaleyfi.

Það er stefna Sjálfstæðisflokksins að breyta eignaraðild að ríkisviðskiptabönkunum og starfrækja þá í hlutafélagsformi.

Alþingi, 20. des. 1985.

Friðrik Sophusson, frsm. Ólafur G. Einarsson. Halldór Blöndal.

Nd. 429. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

Frá 4. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 20. des. 1985.

Páll Pétursson, form., frsm. Svavar Gestsson.

Sþ. 430. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1986.

(Afgreidd frá Sþ. 21. des.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.

Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		**37 853 997**
Beinir skattar	4 560 000	
Óbeinir skattar	30 110 297	
Fjármagnstekjur, vextir	2 625 000	
Aðrar tekjur	558 700	
Gjöld:		
Rekstrarliðir		**32 819 900**
Samneysla	13 872 542	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	16 271 694	
– Sértekjur stofnana	–1 131 336	
Fjármagnsgjöld, vextir	3 807 000	
Jöfnuður		5 034 097
Fjárfesting		4 871 463
Stofnkostnaður	1 856 988	
Fjármagnstilfærslur	3 014 475	
Tekjur umfram gjöld		**162 634**
Lánahreyfingar		
Afborganir		2 559 000
Afborganir af teknum lánum	4 405 000	
– Innheimtar afborganir af veittum lánum	–1 846 000	
Veitt lán		960 000
Til B-hluta ríkissjóðs	960 000	
Hluta- og stofnfjárframlög		100 000
Viðskiptareikningar		1 150 000
Útstreymi umfram innstreymi	1 150 000	
Lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs		**4 606 366**
Lántökur		4 650 000
Innlend útgáfa verðbréfa	2 100 000	
Erlend lántaka ríkissjóðs	2 550 000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting		43 634

2. gr.

Árið 1986 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**269 878**
01	**Forsætisráðuneyti**			**144 659**
	101	Yfirstjórn	38 415	
	102—902	Annað	106 244	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**5 656 585**
	101	Yfirstjórn	56 497	
	201—885	Fræðslumál	5 190 073	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	410 015	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**411 227**
	101—102	Yfirstjórn	75 981	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	70 515	
	301—313	Sendiráð	159 693	
	390—401	Alþjóðastofnanir	105 038	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**1 359 795**
	101—172	Yfirstjórn	26 212	
	201—299	Búnaðarmál	1 248 445	
	501—503	Skólar	85 138	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**987 673**
	101	Yfirstjórn	22 467	
	201—299	Útvegsmál	937 489	
	901	Annað	27 717	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**1 719 865**
	101—102	Yfirstjórn	31 215	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	1 524 274	
	301—373	Þjóðkirkjan	164 376	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**2 287 279**
	101	Yfirstjórn	19 398	
	271—272	Húsnæðismál	1 600 000	
	301—999	Önnur félagsmál	667 881	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**14 102 671**
	101	Yfirstjórn	24 988	
	271—274	Tryggingamál	10 239 818	
	301—399	Heilbrigðismál	3 813 547	
	471—502	Annað	24 318	
		Flutt		26 939 632

3. gr.

Árið 1986 er ætlast til að innheimtar tekjur verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi samkvæmt þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
41	**Beinir skattar**		
411	**Eignarskattar**		**985 000**
4110	Eignarskattur, einstaklingar	433 000	
41101	Eignarskattsauki, einstaklingar	42 000	
4111	Eignarskattur, félög	280 000	
41111	Eignarskattsauki, félög	65 000	
4116–7	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	120 000	
4118	Erfðafjárskattur	45 000	
412	**Tekjuskattar, nettó**		**3 480 000**
4120	Tekjuskattur, einstaklingar, brúttó	4 835 000	
4121–2	Barnabætur, persónuafsláttur til greiðslu eignarskatts, eignarskattsauka, sjúkratryggingagjalds og útsvars	2 220 000	
	Tekjuskattur, einstaklingar, nettó	2 615 000	
4123	Tekjuskattur, félög	625 000	
4128	Sjúkratryggingagjald	240 000	
413	**Persónuskattar**		**95 000**
4130	Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	95 000	
42–43	**Óbeinir skattar**		
420	**Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn**		**3 368 000**
4200	Aðflutningsgjöld alls	3 540 000	
4201	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	172 000	
421	**Gjöld af innflutningi**		**2 103 000**
4210	Gjald af bifreiðum og bifhjólum	175 000	
4211	Innflutningsgjald af bensíni	1 365 000	
4212	Jöfnunargjald	267 000	
4213	Jöfnunarálag á hús og húshluti	7 300	
42153	Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	130 000	
4216	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	18 400	
4214	Tollafgreiðslugjald	135 000	
42151	Gjald af gas- og brennsluolíum	5 300	
422	**Tekjur af sölu erlends gjaldeyris**		**264 000**
4220	Gjald af umboðsþóknun og gengismun innlánsstofnana	166 000	
4221	Leyfisgjald	98 000	
	Flutt		10 295 000

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
		Flutt		26 939 632
09	**Fjármálaráðuneyti**			**1 485 508**
	101—105	Yfirstjórn	80 814	
	201—282	Toll- og skattheimta	356 456	
	381	Lífeyrissjóðir, styrktarfé o. fl.	477 939	
	402—999	Annað	570 299	
10	**Samgönguráðuneyti**			**3 045 903**
	101	Yfirstjórn	15 691	
	102	Póst- og símamál	103 000	
	211	Vegamál	2 040 500	
	321—672	Önnur samgöngumál	886 712	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**1 387 407**
	101	Yfirstjórn	17 864	
	201—299	Iðnaðarmál	308 962	
	301—399	Orkumál	1 060 581	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**922 158**
	101	Yfirstjórn	24 276	
	201	Niðurgreiðslur	870 000	
	202—999	Annað	27 882	
13	**Hagstofa Íslands**			**37 501**
14	**Ríkisendurskoðun**			**33 445**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**3 839 809**
	101—182	Yfirstjórn	32 809	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	3 807 000	

Flutt	37 691 363

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		10 295 000
423	**Skattar af framleiðslu og innflutningi**		**2 220 500**
4235	Vörugjald	207 000	
4239	Framleiðslugjald af áli	43 500	
4232	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu	275 000	
4233	Sérstakt vörugjald af innflutningi	1 695 000	
424	**Sölugjald**		**14 335 000**
4240–2	Söluskattur, alls	15 140 000	
4244	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	805 000	
426	**Skattar af raforku**		**461 000**
4260	Verðjöfnunargjald af raforku	440 000	
4261	Rafmagnseftirlitsgjald	21 000	
427	**Skattar af einkasöluvörum**		**2 431 200**
4271	Rekstrarhagnaður ÁTVR	2 430 000	
4273	Gjald af einkasöluvörum	1 200	
428	**Sérstakir skattar á þjónustu**		**140 000**
4280	Skemmtanaskattar:		
42801	Skemmtanaskattur	39 000	
42802	Miðagjald	6 000	
4281	Flugvallaskattur	95 000	
429	**Aðrir skattar af veittri þjónustu**		**300 370**
4290	Aukatekjur, almennar	120 000	
42901	Skráningargjöld hlutafélaga	850	
4291	Prófgjöld	4 000	
4292	Skoðunargjald ökutækja	82 500	
4293	Skráningargjald ökutækja	84 000	
4294	Skattar af þjónustu, ýmsir:		
42941	Sérleyfisgjald	3 000	
42942	Samúðarskeyti landssímans	3 000	
42943	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	20	
42944	Sérlyfjagjald	3 000	
430	**Skattar af launagreiðslum**		**2 744 221**
4301	Launaskattur	1 640 000	
4302	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	860 000	
4303	Slysatryggingagjald	132 221	
4305	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	112 000	
	Flutt		32 927 291

Rekstrar-

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		37 691 363

Gjöld samtals		37 691 363
Tekjur umfram gjöld		162 634
Samtals		37 853 997

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		32 927 291
431	**Aðrir óbeinir skattar**		**1 743 006**
4310	Þinglýsingar	19 000	
4311	Stimpilgjald	790 000	
43121	Þungaskattur af dísilbifreiðum, skv. ökumælum	550 000	
43122	Þungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	125 000	
4313	Ýmsir skattar af skipum:		
43131	Lestagjald	50	
43132	Vitagjald	15 000	
43133	Skipaskoðunargjald	4 346	
4314	Skipulagsgjald	17 000	
43152	Hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum	14 500	
4316	Áhættugjald ríkisábyrgða	35 000	
4317	Einkaleyfisgjald Happdrættis H.Í.	21 310	
4318	ICAO-tekjur	151 800	
48	**Fjármunatekjur**		
481	**Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur**		**2 625 000**
	Vaxtatekjur og aðrar lánatekjur	830 000	
	Vaxtatekjur af endurlánareikningi ríkissjóðs	1 795 000	
482	**Arðgreiðslur**		**516 100**
4820	Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta:		
48201	Afgjöld ríkisjarða	1 600	
48202	Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	135 000	
48203	Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	34 500	
4821	Sameignir ríkisins	10 000	
4822	Arður af hlutabréfum	2 000	
4823	Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	140 000	
48204	Póstur og sími	188 000	
48205	Lyfjaverslun ríkisins	5 000	
49	**Aðrar tekjur**		
499	**Ýmsar tekjur**		**42 600**
4990	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	40 000	
4999	Óvissar tekjur	2 500	
49991	Greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	100	

Tekjur samtals	37 853 997

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

00–101 Embætti forseta Íslands	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		13 587
1 01 Yfirstjórn	11 587	
1 30 Opinberar heimsóknir	2 000	
Viðhaldsverkefni:		3 000
5 01 Fasteignir	3 000	
Stofnkostnaður:		3 184
6 01 Bifreiðar	784	
6 10 Öryggiskerfi	2 400	
Gjöld samtals		19 771
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	7 044	
52–58 Önnur gjöld	12 727	
5 Gjöld samtals	19 771	
4 Sértekjur	378	
Mismunur		**19 393**

00–201 Alþingi		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		186 030
1 01 Þingfararkaup alþingismanna	62 853	
1 02 Starfskostnaður	24 013	
1 04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	59 735	
1 05 Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	662	
1 06 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	13 954	
1 07 Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	6 822	
1 20 Rekstrarkostnaður fasteigna	3 860	
1 21 Hús Jóns Sigurðssonar	1 866	
1 30 Þingmannasamtök NATO	1 106	
1 31 Þingmannanefndir Evrópuráðsins	1 778	

		Þús. kr.	Þús. kr.
1 32	Norðurlandaráð	6 791	
1 33	Þingmannafundir Fríverslunarbandalagsins	1 616	
1 34	Alþjóðaþingmannasamtökin	974	
	Viðhaldsverkefni:		2 500
5 20	Viðhald fasteigna	2 500	
	Stofnkostnaður:		18 000
6 90	Ýmis stofnkostnaður	18 000	
	Gjöld samtals		206 530
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	105 316	
52–58	Önnur gjöld	94 392	
59	Tilfærslur:		
	5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	6 822	
5	Gjöld samtals		**206 530**

00–301 Ríkisstjórn

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		31 923
1 01	Ríkisstjórn	31 923	
	Gjöld samtals		31 923
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	22 136	
52–58	Önnur gjöld	9 787	
5	Gjöld samtals		**31 923**

00–401 Hæstiréttur

	Viðfangsefni:		
	Almennur rekstur:		12 032
1 01	Hæstiréttur	12 032	
	Gjöld samtals		12 032
	Tegundasundurliðun:		
51	Laun	11 704	
52–58	Önnur gjöld	328	
5	Gjöld samtals		**12 032**
	Samtals		269 878

01 Forsætisráðuneyti

01–101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		37 195
1 01 Yfirstjórn	15 619	
1 20 Stjórnarráðshús	2 944	
1 21 Ráðherrabústaður Tjarnargötu	1 567	
1 22 Ráðherrabústaður Þingvöllum	402	
1 23 Hrafnseyri	625	
1 30 Öryggismálanefnd	2 318	
1 31 Skrifstofa Ráðherranefndar Norðurlandaráðs	13 095	
1 40 Gjöf Jóns Sigurðssonar	300	
1 50 Fálkaorðan	325	
Viðhaldsverkefni:		1 220
5 20 Fasteign, Stjórnarráðshús	800	
5 21 Fasteign, Ráðherrabústaður Tjarnargötu	420	
Gjöld samtals		38 415
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	11 141	
52–58 Önnur gjöld	13 254	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	14 020	
5 Gjöld samtals		**38 415**

01–102 Þjóðhagsstofnun		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		32 226
1 01 Þjóðhagsstofnun	32 226	
Stofnkostnaður:		200
6 01 Ýmis tæki	200	
Gjöld samtals		32 426

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	22 204	
52–58	Önnur gjöld	10 222	
5	Gjöld samtals	32 426	
4	Sértekjur	16 678	
	Mismunur		**15 748**

01–171 Byggðastofnun, framlag

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			80 000
6 01	Byggðastofnun, framlag	80 000	
	Gjöld samtals		80 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	80 000	
5	Gjöld samtals		**80 000**

01–901 Húsameistari ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 948
1 01	Yfirstjórn	4 044	
1 10	Teiknistofa	11 549	
1 20	Byggingaeftirlit	1 355	
Viðhaldsverkefni:			100
5 10	Viðhald teiknistofu	100	
Stofnkostnaður:			300
6 01	Tölvubúnaður	300	
	Gjöld samtals		17 348
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	14 004	
52–58	Önnur gjöld	3 344	
5	Gjöld samtals	17 348	
4	Sértekjur	15 112	
	Mismunur		**2 236**

01–902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		5 964
1 01 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	5 964	
Viðhaldsverkefni:		250
5 01 Fasteign, Þingvallabær	250	
Stofnkostnaður:		2 913
6 01 Aðalskipulag, hönnun	800	
6 40 Líffíkisrannsóknir í Þingvallavatni	1 000	
6 90 Annar stofnkostnaður	1 113	
Gjöld samtals		9 127
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	3 108	
52–58 Önnur gjöld	6 019	
5 Gjöld samtals	9 127	
4 Sértekjur	867	
Mismunur		**8 260**
Samtals		144 659

02 Menntamálaráðuneyti

02–101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		56 497
1 01 Yfirstjórn	56 497	
Gjöld samtals		56 497
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	34 106	
52–58 Önnur gjöld	22 391	
5 Gjöld samtals		**56 497**

02–201 Háskóli Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		520 482
1 01 Yfirstjórn	39 780	
1 02 Sameiginleg útgjöld	46 704	
1 03 Rekstur fasteigna	61 776	
1 10 Guðfræðideild	7 110	
1 11 Læknadeild	60 717	
1 12 Tannlæknadeild	18 201	
1 13 Lyfjafræði lyfsala	6 154	
1 14 Lagadeild	9 531	
1 15 Viðskiptadeild	18 575	
1 16 Heimspekideild	44 820	
1 17 Verkfræðideild	40 083	
1 18 Félagsvísindadeild	23 398	
1 19 Íþróttakennsla	3 290	
1 20 Háskólabókasafn	16 092	
1 21 Mannfræðistofnun	1 845	
1 22 Reiknistofnun	18 241	
1 23 Námsbraut í hjúkrunarfræðum	12 251	
1 24 Námsbraut í sjúkraþjálfun	6 670	
1 25 Raunvísindadeild	85 244	
Viðhaldsverkefni:		15 000
5 50 Fasteignir	15 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			95 000
6 50	Byggingaframkvæmdir og tækjakaup	95 000	
	Gjöld samtals		630 482
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	370 898	
52–58	Önnur gjöld	259 584	
5	Gjöld samtals	630 482	
4	Sértekjur	117 610	
	Mismunur		**512 872**

02–202 Tilraunastöð háskólans á Keldum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			36 219
1 01	Tilraunastöð háskólans á Keldum	36 219	
Viðhaldsverkefni:			2 000
5 01	Fasteign	2 000	
	Gjöld samtals		38 219
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	17 871	
52–58	Önnur gjöld	20 348	
5	Gjöld samtals	38 219	
4	Sértekjur	20 548	
	Mismunur		**17 671**

02–203 Raunvísindastofnun háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			49 318
1 01	Yfirstjórn	5 462	
1 02	Rekstur fasteigna	3 704	
1 20	Eðlisfræðistofa	7 982	
1 30	Efnafræðistofa	8 088	
1 40	Jarðfræðistofa	5 765	
1 50	Jarðeðlisfræðistofa	8 688	
1 60	Jarðeðlisfræðistofa, háloftadeild	2 408	
1 70	Reiknifræðistofa	3 330	
1 80	Stærðfræðistofa	3 891	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			2 700
6 10	Vindmylla í Grímsey	200	
6 90	Tækjakaup deilda	2 500	
	Gjöld samtals		52 018
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	34 001	
52–58	Önnur gjöld	18 017	
5	Gjöld samtals	52 018	
4	Sértekjur	7 571	
	Mismunur		**44 447**

02–205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			14 996
1 01	Yfirstjórn	11 946	
1 20	Bókaútgáfa	3 050	
Stofnkostnaður:			300
6 20	Tölvubúnaður	300	
	Gjöld samtals		15 296
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	9 648	
52–58	Önnur gjöld	5 648	
5	Gjöld samtals	15 296	
4	Sértekjur	837	
	Mismunur		**14 459**

02–206 Orðabók háskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			5 573
1 01	Orðabók háskólans	5 573	
Stofnkostnaður:			200
6 01	Tölvubúnaður	200	
	Gjöld samtals		5 773

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 924	
52–58	Önnur gjöld	849	
5	Gjöld samtals		**5 773**

02–207 Íslensk málstöð

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			4 228
1 01	Íslensk málstöð	4 228	
	Gjöld samtals		4 228
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	2 564	
52–58	Önnur gjöld	1 664	
5	Gjöld samtals	4 228	
4	Sértekjur	128	
	Mismunur		**4 100**

02–208 Örnefnastofnun

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 351
1 01	Örnefnastofnun	2 351	
	Gjöld samtals		2 351
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 650	
52–58	Önnur gjöld	701	
5	Gjöld samtals	2 351	
4	Sértekjur	256	
	Mismunur		**2 095**

02–231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			10 430
1 01	Náttúrufræðistofnun Íslands	10 430	
Stofnkostnaður:			1 900
6 01	Ýmis eignakaup og endurbætur eldra húsnæðis	1 900	
	Gjöld samtals		12 330

Tegundasundurliðun:		Þús. kr.	Þús. kr.
51	Laun	7 068	
52–58	Önnur gjöld	5 262	
5	Gjöld samtals	12 330	
4	Sértekjur	632	
	Mismunur		**11 698**

02–232 Rannsóknaráð ríkisins

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			9 828
1 01	Yfirstjórn	5 008	
1 02	Erlend samskipti	670	
1 20	Upplýsingamál	2 619	
1 30	Rannsóknir og þróunarstarfsemi	1 077	
1 31	Langtímaáætlun	454	
Stofnkostnaður:			500
6 20	Tölvubúnaður	500	
	Gjöld samtals		10 328
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	4 812	
52–58	Önnur gjöld	5 516	
5	Gjöld samtals	10 328	
4	Sértekjur	1 369	
	Mismunur		**8 959**

02–233 Rannsóknasjóður

Viðfangsefni:			
Stofnkostnaður:			50 000
6 01	Rannsóknasjóður	50 000	
	Gjöld samtals		50 000
Tegundasundurliðun:			
59	Tilfærslur:		
	5913 Til fyrirtækja og atvinnuvega	50 000	
5	Gjöld samtals		**50 000**

02–276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Stofnkostnaður:		21 310
6 01 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna ...	21 310	
Gjöld samtals		21 310
Tegundasundurliðun:		
59 Tilfærslur:		
5911 Til B-hluta fyrirtækja og sjóða	21 310	
5 Gjöld samtals		**21 310**

02–301 Menntaskólinn í Reykjavík		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		46 581
1 01 Menntaskólinn í Reykjavík	46 581	
Stofnkostnaður:		500
6 01 Fasteign	500	
Gjöld samtals		47 081
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	43 428	
52–58 Önnur gjöld	3 653	
5 Gjöld samtals		**47 081**

02–302 Menntaskólinn á Akureyri		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		44 424
1 01 Menntaskólinn á Akureyri	44 424	
Stofnkostnaður:		1 000
6 01 Fasteign	1 000	
Gjöld samtals		45 424
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	37 110	
52–58 Önnur gjöld	8 314	
5 Gjöld samtals	45 424	
4 Sértekjur	890	
Mismunur		**44 534**

02–303 Menntaskólinn á Laugarvatni	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		14 753
1 01 Menntaskólinn á Laugarvatni	14 753	
Stofnkostnaður:		1 200
6 01 Fasteign	1 200	
Gjöld samtals		15 953
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	11 897	
52–58 Önnur gjöld	4 056	
5 Gjöld samtals	15 953	
4 Sértekjur	512	
Mismunur		**15 441**

02–304 Menntaskólinn við Hamrahlíð		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		67 090
1 01 Menntaskólinn við Hamrahlíð	67 090	
Stofnkostnaður:		500
6 01 Fasteign	500	
Gjöld samtals		67 590
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	59 808	
52–58 Önnur gjöld	7 782	
5 Gjöld samtals	67 590	
4 Sértekjur	4 860	
Mismunur		**62 730**

02–305 Menntaskólinn við Sund		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		46 451
1 01 Menntaskólinn við Sund	46 451	
Stofnkostnaður:		1 500
6 01 Fasteign	1 500	
Gjöld samtals		47 951

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	43 206	
52–58	Önnur gjöld	4 745	
5	Gjöld samtals	47 951	
4	Sértekjur	358	
	Mismunur		**47 593**

02–306 Menntaskólinn á Ísafirði

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			16 723
1 01	Menntaskólinn á Ísafirði	16 723	
Stofnkostnaður:			4 000
6 01	Fasteign	4 000	
	Gjöld samtals		20 723
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	11 574	
52–58	Önnur gjöld	9 149	
5	Gjöld samtals	20 723	
4	Sértekjur	1 305	
	Mismunur		**19 418**

02–307 Menntaskólinn á Egilsstöðum

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			18 277
1 01	Menntaskólinn á Egilsstöðum	18 277	
Stofnkostnaður:			500
6 01	Fasteign	500	
	Gjöld samtals		18 777
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	13 961	
52–58	Önnur gjöld	4 816	
5	Gjöld samtals	18 777	
4	Sértekjur	281	
	Mismunur		**18 496**

02–308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	Þús. kr.	Þús. kr.
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		22 815
1 01 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	22 815	
Stofnkostnaður:		6 400
6 01 Fasteign	6 400	
Gjöld samtals		29 215
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	20 933	
52–58 Önnur gjöld	8 282	
5 Gjöld samtals		**29 215**

02–319 Framhaldsskólar, almennt		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		40 408
1 01 Framhaldsskólar, almennt	40 408	
Viðhaldsverkefni:		5 000
5 90 Viðhaldsfé, óskipt	5 000	
Stofnkostnaður:		4 000
6 01 Tölvubúnaður	4 000	
Gjöld samtals		49 408
Tegundasundurliðun:		
51 Laun	26 123	
52–58 Önnur gjöld	19 644	
59 Tilfærslur:		
5914 Til einstaklinga, samtaka og heimila	3 641	
5 Gjöld samtals		**49 408**

02–321 Kennaraháskóli Íslands		
Viðfangsefni:		
Almennur rekstur:		78 384
1 01 Kennaraháskóli Íslands	78 384	
Viðhaldsverkefni:		950
5 01 Fasteign, búnaður o.fl.	950	

		Þús. kr.	Þús. kr.
Stofnkostnaður:			5 625
6 01	Fasteign	5 625	
	Gjöld samtals		84 959
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	63 197	
52–58	Önnur gjöld	21 762	
5	Gjöld samtals	84 959	
4	Sértekjur	1 663	
	Mismunur		**83 296**

02–322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			22 947
1 01	Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans	22 947	
Viðhaldsverkefni:			1 000
5 01	Fasteign	1 000	
	Gjöld samtals		23 947
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	20 221	
52–58	Önnur gjöld	3 726	
5	Gjöld samtals	23 947	
4	Sértekjur	5 756	
	Mismunur		**18 191**

02–323 Rannsóknastofnun uppeldismála

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			2 395
1 01	Rannsóknastofnun uppeldismála	2 395	
Stofnkostnaður:			150
6 01	Tækjabúnaður o.fl.	150	
	Gjöld samtals		2 545

		Þús. kr.	Þús. kr.
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 401	
52–58	Önnur gjöld	1 144	
5	Gjöld samtals	2 545	
4	Sértekjur	64	
	Mismunur		**2 481**

02–331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			8 035
1 01	Íþróttakennaraskóli Íslands	8 035	
Viðhaldsverkefni:			300
5 01	Fasteignir	300	
Stofnkostnaður:			20 119
6 50	Fasteign	20 119	
	Gjöld samtals		28 454
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	6 477	
52–58	Önnur gjöld	21 977	
5	Gjöld samtals	28 454	
4	Sértekjur	64	
	Mismunur		**28 390**

02–336 Hússtjórnarkennaraskóli Íslands

Viðfangsefni:			
Almennur rekstur:			1 554
1 01	Hússtjórnarkennaraskóli Íslands	1 554	
	Gjöld samtals		1 554
Tegundasundurliðun:			
51	Laun	1 268	
52–58	Önnur gjöld	286	
5	Gjöld samtals		**1 554**

Úrvinnslu á veiðiskýrslum fyrir tímabilið jan.–okt. er ekki lokið en af útflutningi jan.–sept. s.l. árs, þ.e. með flutningaskipum (gámum) 22,3 þús. tonn og fiskiskipum 21,6 þús. tonn, skiptist aflinn eftir tegundum sem hér segir:

Þorskur	40,1%
Ýsa	14,4%
Ufsi	5,3%
Karfi	20,1%
Grálúða	4,7%
Skarkoli	10,6%
Annað	4,8%

Hluti af aflakvóta.

Mest magn hafa þau skip flutt út sem undanfarin ár hafa selt verulegan hluta af afla sínum á mörkuðum erlendis:

B/v Karlsefni RE 24	1 630 tonn
B/v Ögri RE 72	1 519 tonn
B/v Vigri RE 71	1 501 tonn
B/v Ýmir HF 343	1 330 tonn

Meginhluti aflakvóta þessara skipa hefur nýst á þennan veg.

Sala aflans.

Ekki er unnt að gefa viðhlítandi svar við því hvort einhver hluti þess afla, sem fluttur hefur verið út, hafi verið seldur fiskvinnslustöðvum til fullvinnslu. Þó skal tekið fram að þeir, sem gleggst fylgjast með sölum erlendis, telja að eitthvert magn fari til fiskvinnslustöðva eins og ávallt hefur verið.

Skilaverð á gámafiski, sem seldur er erlendis, er mun hærra en það verð sem fæst fyrir fiskinn hér heima. Að jafnaði má gera ráð fyrir að munurinn sé 80% og eins og sölunni hefur verið háttað að undanförnu gæti verið um tvöföldun verðs að ræða. Er þá tekið tillit til endanlegs bolfiskverðs hér innanlands og söluverðs erlendis að frádregnum kostnaði.

Upplýsingar í svari þessu eru fengnar frá Fiskifélagi Íslands.

Nd. 436. Frumvarp til laga [208. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. lög nr. 72 1984, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein er verður 11. gr. og orðast svo:

Aðalskrifstofur og stjórnstöð Hafrannsóknastofnunar skulu vera á Ísafirði en stofnunin skal reka útibú í Reykjavík og í öðrum landshlutum samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.

2. gr.

Ákvæði laga þessara koma til framkvæmda 1. janúar 1988.

Greinargerð.

Lengi hafa legið fyrir hugmyndir og tillögur um að draga úr miðstýringu í ríkisbúskapnum með því að flytja nokkrar ríkisstofnanir út á landsbyggðina þangað sem eðlilegur starfsvettvangur þeirra er vegna landshátta og atvinnulífs. Má í því sambandi m.a. benda á álitsgerð og tillögur sérstakrar nefndar sem skipuð var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, hinnar fyrri, og fjallaði um flutning ríkisstofnana út á land. Þó að þessar tillögur hafi lengi legið fyrir og áhugi sé á málinu, a.m.k. í orði, hefur aldrei neitt orðið úr athöfnum.

Í athyglisverðri grein í Morgunblaðinu fyrir skemmstu setur Júlíus Sólnes, verkfræðingur og bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, fram óvenjulega kenningu um þessi mál — sem sé þá að fyrst og fremst sé við þingmenn landsbyggðarinnar að sakast að ýmsar stofnanir, sem þjóna eigi landsbyggðinni, séu settar niður í Reykjavík. Þessi fullyrðing Júlíusar er ekki eins fráleit og ætla mætti. Þingmenn landsbyggðarinnar hafa jafnan haft sterka stöðu á Alþingi ef þeir stæðu saman sem einn hópur, en því miður hefur sú samstaða sjaldan orðið. Hagsmunirnir, sem ættu að sameina þá, hafa nefnilega oftar en ekki valdið sundrungu. Hver þingmannahópur um sig hefur haldið fram sjónarmiðum sinnar heimabyggðar og það viðhorf verið ráðandi að ef viðkomandi stofnun fengist ekki flutt í það hérað væri betra að hafa hana í Reykjavík en annars staðar á landsbyggðinni. Þetta er síður en svo afstaða þingmanna einna, heldur margra sveitarstjórnarmanna og annarra af landsbyggðinni. Þar heyrist t.d. allt of oft það viðhorf að vegna greiðari samgangna við Reykjavík en milli landsbyggðarhéraðanna sé ákjósanlegra að hafa flestar eða allar opinberar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu fremur en í einhverjum öðrum landshluta, fáist þær á annað borð ekki fluttar svo að segja heim að dyrum viðkomandi.

Meðan þetta viðhorf ríkir hjá fulltrúum landsbyggðarinnar á Alþingi og í sveitarstjórnum útiloka landsbyggðarkjördæmin hvert annað í þessum efnum og enginn stofnanaflutningur út á land getur átt sér stað. Þetta viðhorf verður að breytast. Landsbyggðarmenn verða að styðja hver annan í slíkum málum. Í þessu þingmáli er aðeins gerð tillaga um flutning á einni stofnun í kjördæmi flutningsmanns — en hann vill taka skýrt fram að hann er þeirrar skoðunar að með sama hætti og miðstöð hafrannsókna eigi að vera á Ísafirði sé eðlilegt, svo að nokkur dæmi séu nefnd, að höfuðstöðvar Skógræktar ríkisins séu á Egilsstöðum og samkomulag ætti að geta orðið um að Byggðastofnun verði valinn staður á Akureyri þar sem er stærsti byggðar- og þjónustukjarni landsbyggðarinnar. Lýsir flm. sig fúsan til þess að standa að og styðja slíkar breytingar komi fram um það tillögur, enda er það hans skoðun að landsbyggðarmenn verði að sameinast um skynsamlega stefnumótun í slíkum málum ef nokkur árangur eigi að nást.

Megintilgangur þessa frv. er einfaldur og ljós. Hann er sá að aðalskrifstofum og stjórnsýslustöð Hafrannsóknastofnunarinnar verði valinn staður á Ísafirði en útibú frá stofnuninni verði starfrækt í Reykjavík og einnig á öðrum stöðum eftir því sem stjórn stofnunarinnar telur rétt vera. Margt mælir með því að Ísafjörður verði valinn sem aðalstarfsvettvangur fyrir þessa stofnun. Þar er sjávarútvegur aðalatvinnuvegur og menn hafa þar langa reynslu af sambýlinu við hafið og nýtingu auðlinda þess. Í næsta nágrenni eru einhver gjöfulustu fiskimið landsins og við Djúp eru einhverjar fullkomnustu fiskverkunarstöðvar í eigu Íslendinga. Ýmis vísindaleg starfsemi hefur risið upp í tengslum við þessar stöðvar og sjósókn og fiskvinnslu Djúpverja: rannsóknir á sjávardýrum og sjávarlífi, rannsóknir og tilraunir með veiðarfæri og rannsóknir og framleiðsla á tölvubúnaði til nota við fiskvinnslu og fiskveiðar.

Flutningur Hafrannsóknastofnunar á þessar slóðir mundi styrkja mjög alla þessa starfsemi og ekki síst auka tengsl atvinnulífsins og hagnýtrar rannsóknarstarfsemi í þágu þess við vísindastörf á vettvangi hafrannsókna báðum aðilum til ótvíræðs gagns.

Að sjálfsögðu taka breytingar eins og þær sem frv. gerir ráð fyrir nokkurn tíma og því er lagt til að ákvæði frv. um flutning Hafrannsóknastofnunar taki ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1988.

Sþ. 437. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um eldvarnir í opinberum byggingum.

Flm.: Helgi Seljan, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja áætlun um eldvarnir í opinberum byggingum hér á landi. Í þeirri áætlun skal verkefnum raðað í forgangsröð, svo sem frekast er kostur, jafnframt því sem gerð verði grein fyrir áætluðum kostnaði.

Ríkisstjórnin skal láta ljúka áætlun um þessi verkefni í tæka tíð svo að unnt verði að taka mið af henni við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1987.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt til að vekja enn frekari athygli á miklu vandamáli og um leið ýta sem best á eftir því að raunhæfar aðgerðir fylgi í kjölfarið. Alþingi getur ekki látið sem ekkert sé þegar því er beinlínis haldið fram að fjárveitingavaldið hafi árum saman ýtt til hliðar brýnum verkefnum eins og eldvörnum í opinberum byggingum. Skylda þingsins er að breyta þessum málum, ríkisstjórnar að vinna skipulega áætlun um viðamikið verkefni og í kjölfarið þarf að veita nauðsynlegt fé til þess að vinna brýnustu verkefnin og halda verkinu svo fram að viðunandi lausn fáist sem fyrst.

Ekki er þörf á því nú að rekja þetta mál ítarlega í greinargerð, svo mjög sem það hefur verið til umræðu að undanförnu. Ljóst er að hörmulegur atburður á Kópavogshæli í þessum mánuði hefur orðið til þess að vekja menn til umhugsunar og ýta við mörgum manninum í þessum efnum. Ber þar hæst víðtæka söfnun Kiwanismanna til eldvarna á Kópavogshælinu, — sem ber að meta sérstaklega og þakka. Um leið verður ekki hjá því komist að benda rækilega á það að eldvarnir eru því miður í megnasta ólagi í mörgum opinberum stofnunum.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir framkvæmdaáætlun um eldvarnir í opinberum byggingum. Eðlilegt er að ríkisstjórnin ákveði hverjir annast skuli gerð áætlunarinnar. Þar hlýtur að verða að kalla til fulltrúa Brunamálastofnunar, Innkaupastofnunar ríkisins, tryggingafélaganna og fleiri aðila auk þeirra fagráðuneyta sem fara með málefni einstakra stofnana. Sérstök áhersla er lögð á að áætlunin verði tilbúin tímanlega fyrir gerð næstu fjárlaga.

Sþ. 438. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna getnaðarvarna.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hrinda nú þegar í framkvæmd ákvæði 5. gr. laga nr. 25/1975 þess efnis að sjúkrasamlög greiði sinn hluta af kostnaði við getnaðarvarnir.

Greinargerð.

Í lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, segir m.a. svo í 5. grein:

„Unnið skal að því að auðvelda almenningi útvegun getnaðarvarna, m.a. með því, að sjúkrasamlög taki þátt í kostnaði þeirra."

Er skemmst frá því að segja að þessu ákvæði hefur aldrei verið framfylgt og svör heilbrigðisyfirvalda við ítrekuðum fyrirspurnum undanfarin ár gefa ekki tilefni til bjartsýni. Því er hér gripið til þess ráðs að fá Alþingi til að árétta þann vilja sinn sem bundinn var í lagagrein þegar fyrir ellefu árum.

Í september 1985 gaf landlæknisembættið út skýrslu sem Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir tók saman um fóstureyðingar árin 1976–1983 og helstu breytingar sem orðið hafa í kjölfar laga nr. 25/1975. Þar er margvíslegar upplýsingar að finna, m.a. um notkun getnaðarvarna. Er greinilegt að því yngri sem konurnar eru þeim mun minni er notkun getnaðarvarna. Er það í sjálfu sér skiljanlegt, ekki síst með tilliti til allt of lítillar fræðslu í þessum efnum.

Ætla má að fyrirhöfnin og kostnaðurinn við útvegun getnaðarvarna vaxi mörgum í augum, einkum ungu og reynslulitlu fólki. Mikilvægt er því að fækka hindrunum eftir föngum og hvetja beinlínis til notkunar getnaðarvarna, m.a. með því að auðvelda aðgengi að getnaðarvörnum og draga úr kostnaðinum. Það fyrrnefnda mætti t. d. gera með því að hafa sjálfsala með verjum á almannafæri og hugsanlega mætti greiða slíkar verjur niður á einhvern hátt.

Sú getnaðarvörn, sem sjúkrasamlög geta helst greitt niður, er að sjálfsögðu „pillan" svonefnda. Hún er yfirleitt afgreidd í þriggja mánaða skömmtum sem eru misdýrir eftir tegundum. Sem dæmi má taka mjög algenga tegund sem kostar 442 kr. skammturinn. Nú greiðir neytandi 310 kr. fyrir samlagsskylt erlent lyf út úr lyfjabúð, þannig að hér er um 132 kr. mismun að ræða, og þykir vafalaust mörgum ekki há upphæð. En skólastúlku eða lágtekjumanneskju með allt niður í 97 kr. í tímakaup munar sannarlega um hverja krónu. Þetta er heldur ekki eini kostnaðurinn því að heimsókn til læknis og útvegun lyfsins í hvert skipti kostar sitt.

Samkvæmt fyrrgreindri skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–1983 höfðu engar getnaðarvarnir verið notaðar í um 70% tilvika þegar þungun varð. Tíðni fóstureyðinga var tiltölulega há meðal kvenna 25 ára og yngri, enn fremur meðal áður giftra kvenna, þ.e. fráskildra eða ekkna, svo og meðal einstæðra mæðra, sem reyndar eru einnig að stórum hluta áður giftar. En þetta eru einmitt þær konur sem ætla má að hafi síst efni á og aðstæður til að nota getnaðarvarnir eins og „pilluna" að staðaldri.

Ótímabær þungun er alltaf áfall, ekki síst kornungum stúlkum, og leita verður allra ráða til að koma í veg fyrir slík tilvik, m.a. með því að auðvelda notkun getnaðarvarna.

Með hliðsjón af félagslegri stöðu kvenna, sem að stórum hluta skipa láglaunahópa þjóðfélagsins, hlýtur að teljast sanngirnismál að kostnaður vegna getnaðarvarna sé að hluta greiddur úr sameiginlegum sjóði, eins og raunar Alþingi kvað á um með setningu laga nr. 25 1975. Að þessari tillögu samþykktri yrði vart undan því vikist að hrinda í framkvæmd ákvæði 5. greinar laganna um þátttöku sjúkrasamlaga í kostnaði vegna getnaðarvarna.

Sþ. 439. Tillaga til þingsályktunar [211. mál]

um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efna til fræðsluherferðar um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir. Fræðsluherferðin verði á vegum landlæknisembættisins í samráði við menntamálaráðuneytið og stofnanir þess, svo sem skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, Æskulýðsráð ríkisins og Ríkisútvarpið. Gerð skal áætlun um kostnað í tæka tíð fyrir gerð næstu fjárlaga svo að unnt verði að hefja fræðsluna af fullum krafti á næsta ári.

Greinargerð.

Í maí 1975 voru afgreidd frá Alþingi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. 2. grein þeirra laga er svo hljóðandi:

„Aðstoð skal veita, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Fræðsla og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra.
2. Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar að fara fram á fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð.
3. Kynlífsfræðsla og ráðgjöf og fræðsla um ábyrgð foreldrahlutverks.
4. Ráðgjöf og fræðsla varðandi þá aðstoð, sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð."

Að margra áliti skortir verulega á það nú, tæpum 11 árum eftir setningu laganna, að þessi lögboðna fræðsla og ráðgjöf sé framkvæmd á viðunandi hátt. Er það þeim mun alvarlegra sem hér er í raun og veru um að ræða grundvöll lagasetningar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir sem II. og III. kafli laga nr. 25/1975 taka til.

Einkum er ástæða til að hafa áhyggjur af vanþekkingu unglinga sem að mati félagsráðgjafa og annarra, sem um þessi mál fjalla, virðast afar fáfróðir um kynferðismál og getnaðarvarnir. Má ætla að bein tengsl séu á milli þessarar fáfræði og mikils fjölda þungana meðal íslenskra stúlkna á aldrinum 15–19 ára. Þá virðist enn skorta mjög á að piltum sé ljóst að þeirra er ábyrgðin á afleiðingum samlífs ekki síður en stúlknanna, og er brýn nauðsyn að vinna að breyttum viðhorfum hvað það varðar.

Samkvæmt skýrslu landlæknisembættisins um fóstureyðingar árin 1976–1983, sem kom út í september 1985, er fæðingartíðni meðal stúlkna undir tvítugu langtum hærri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Vitnað er í tölur frá 1981, en þá voru 49 lifandi fædd börn á hverjar 1000 stúlkur 15–19 ára hér á landi samanborið við 24 börn í Noregi, 17 í Finnlandi og 14 í Danmörku og Svíþjóð. Fæðingartíðnin hefur farið lækkandi í öllum þessum löndum en einna minnst á Íslandi. Þá hefur fóstureyðingum fjölgað í þessum aldurshópi hér á landi á undanförnum árum á sama tíma og þeim hefur fækkað annars staðar á Norðurlöndum. Vert er þó að geta þess að enn er tíðni fóstureyðinga hjá stúlkum undir tvítugu allt að helmingi lægri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum. Allar þessar staðreyndir tala sínu máli.

Um nokkurra ára skeið hefur verið unnið markvisst í öðrum norrænum löndum að fræðslu um kynferðismál, getnaðarvarnir, barneignir og fóstureyðingar og er það átak talið hafa skilað verulegum árangri í fækkun þungana hjá 15–19 ára stúlkum. Má það vera okkur til hvatningar og eftirbreytni.

Fimmtíu og sjö konur úr öllum stjórnmálaflokkum og ýmsum starfsstéttum mynduðu áhugahóp um þessi efni fyrir tæpum þremur árum. Þær vöktu athygli á þeim vanefndum sem orðið hafa á framkvæmd I. kafla l. nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og skoruðu á ráðamenn mennta- og heilbrigðismála að ráða bót á því ófremdarástandi. Þær lögðu til að landlæknisembættinu yrði falið að skipuleggja átak til fræðslu um kynferðismál fyrir almenning og með sérstöku tilliti til unglinga. Þær lögðu einnig til að myndaður yrði sérstakur hópur unglinga til þess að fá viðbrögð þeirra við efni og tillögum og ábendingar frá þeim áður en gengið yrði frá því fræðsluefni sem unglingum væri ætlað.

Hér á eftir fara tillögur þessa áhugahóps um það hvernig að slíkri fræðsluherferð um kynferðismál meðal almennings mætti standa:

„1. Gerð verði fræðsluþáttaröð fyrir sjónvarp í 3–4 hlutum sem fjalli um æxlun, getnaðarvarnir, kynlíf, kynsjúkdóma, rétt til fóstureyðingar og foreldraábyrgð. Þættir þessir verði varðveittir á myndböndum sem Námsgagnastofnun, framhaldsskólar, kynfræðsludeildir og fleiri aðilar, sem við kynfræðslu fást, hafi síðan aðgang að og noti.

2. Landlæknir beiti sér fyrir samstarfi við útvarp (m.a. umsjónarmenn unglingaþátta).

3. Landlæknir láti gera 2–3 sjónvarpsauglýsingar sem hvetji unglinga til að nota getnaðarvarnir. Fjármagn verði veitt til að birta þessar auglýsingar nokkrum sinnum ár hvert.

4. Landlæknir láti hanna 2–3 veggspjöld sem hafa sama markmið og sjónvarpsauglýsingarnar. Þau verði hengd upp í framhaldsskólum, apótekum, læknastofum, heilsugæslustöðvum, æskulýðsmiðstöðvum, íþróttahúsum og öðrum samkomustöðum unglinga.

5. Jafnframt verði gerður upplýsingabæklingur sem beinist að unglingum 15–19 ára og dreifist á sömu stöðum. Í bæklingnum verði unglingar m.a. hvattir til að leita frekari fræðslu hjá kynfræðsludeildum þar sem þær eru.

6. Landlæknir birti auglýsingu á áberandi stað í símaskrá með símanúmeri kynfræðsludeilda og hvatningu til almennings um að leita til hennar.

7. Aðgangur unglinga að getnaðarvörnum verði bættur, t.d. með sjálfsölum á almannafæri.“

Þessar tillögur og viðvörunarorð kvennanna vöktu athygli og umtal á sínum tíma, en annan sýnilegan árangur hefur framtak þeirra ekki enn þá borið. Tvívegis hefur verið reynt að ýta við yfirvöldum menntamála og heilbrigðismála með fyrirspurnum á Alþingi í nóvember 1983 og í nóvember 1985. Þessi tillaga er enn ein tilraunin til að fá núverandi ástandi snúið til betri vegar.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu að með stóraukinni fræðslustarfsemi og aðgerðum til aukinnar notkunar getnaðarvarna megi koma í veg fyrir fjölda ótímabærra þungana og þar með fóstureyðinga og barnsfæðinga hjá kornungum stúlkum.

Sþ. 440. Fyrirspurn [212. mál]

til fjármálaráðherra um framlög ríkissjóðs til opinberra framkvæmda 1982–1986.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvert hefur verið raungildi árlegra framlaga úr ríkissjóði til opinberra framkvæmda árin 1982–1986, reiknað á verðlagi ársins 1986 og miðað við vísitölu byggingarkostnaðar?

Óskað er eftir sundurliðun á eftirtöldum þáttum opinberra framkvæmda miðað við ríkisreikning árin 1982–1985 og fjárlög ársins 1986:

1. Menntaskólar og fjölbrautaskólar.
2. Héraðsskólar.
3. Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
4. Dagvistarheimili.
5. Bygging íþróttamannvirkja.
6. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða.
7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur.
8. Framkvæmdir á flugvöllum.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 441. Fyrirspurn [213. mál]

til fjármálaráðherra og menntamálaráðherra um afstöðu til jöfnunar á launum kennara, samnings- og verkfallsrétt Kennarasambands Íslands og lögverndun á starfsheiti kennara.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig ætla stjórnvöld að koma til móts við kröfur Kennarasambands Íslands

1. um jöfnun launa kennara án tillits til þess í hvaða stéttarfélagi þeir eru,
2. um fullan samnings- og verkfallsrétt til handa Kennarasambandi Íslands,
3. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum kennara?

Sþ. 442. Fyrirspurn [214. mál]

til fjármálaráðherra um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hver var greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum skuldum (samtala afborgana og vaxta) árið 1985? Hversu há prósentutala var hún af þjóðarframleiðslu? Hversu há prósentutala var hún af útflutningstekjum þjóðarinnar?
2. Hverju námu þessar tölur árin 1979, 1980, 1981, 1982, 1983 og 1984?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 443. Fyrirspurn [215. mál]

til fjármálaráðherra um ráðningar í lausar stöður embættismanna.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hefur ákvæðum 5. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins varðandi auglýsingar um lausar stöður ævinlega verið stranglega framfylgt?
2. Hafa verið veitt embætti síðast liðin fjögur ár án þess að gætt hafi verið ákvæða 5. gr. áðurgreindra laga og þær auglýstar með venjulegum fyrirvara?
3. Ef svo er, í hvaða tilvikum og hvaða ástæður lágu til grundvallar?

Sþ. 444. Fyrirspurn [216. mál]

til fjármálaráðherra um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Frá Helga Seljan.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir útvegun fjármagns til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum í framhaldi af ákveðnum tilmælum meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar um nauðsyn á útvegun lánsfjár til þessa verkefnis?

Sþ. 445. Fyrirspurn [217. mál]

til menntamálaráðherra um stefnumörkun í menningarmálum.

Frá Helga Seljan og Guðrúnu Helgadóttur.

Hyggst menntamálaráðherra beita sér fyrir vinnu að ákveðinni stefnumörkun í menningarmálum í samráði við helstu áhugaaðila um menningarstefnu?

Sþ. 446. Tillaga til þingsályktunar [218. mál]

um að hætta ríkisrekstri Fiskifélags Íslands og Búnaðarfélags Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera allar viðhlítandi ráðstafanir til þess að Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands megi leggja niður sem ríkisstofnanir.

Í þeim undirbúningi skal m.a. felast:

- að öll gagnasöfnun og skýrslugerð um fiski- og landbúnaðarmál, sem nú fer fram hjá þessum stofnunum, verði færð til annarra stofnana, s.s. Hagstofu Íslands,

- að hefja viðræður við samtök viðkomandi atvinnuvega um hvort þau óski eftir að starfrækja sjálf og þá á eigin kostnað þá þjónustu aðra en gagnasöfnun og skýrslugerð sem Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands nú inna af höndum við umrædda atvinnuvegi og þá hvernig.

Niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en í árslok 1986 svo að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir samfara afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987.

Greinargerð.

Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands eru hin gömlu atvinnumálaráðuneyti okkar Íslendinga. Af þeim sökum voru þeim falin ýmis opinber stjórnsýsluverkefni, svo sem gagnasöfnun og skýrslugerð, sem félögin sinna enn þótt í millitíðinni hafi risið upp öflugar opinberar stofnanir og ráðuneyti til að sinna slíkum verkefnum. Þar að auki hafa þessi félög verið, og eru enn, hagsmunasamtök umræddra atvinnuvega, starfa í nánum tengslum við önnur slík og að verulegu leyti undir stjórn þeirra.

Þar sem þessar stofnanir eru ríkisstofnanir er kostnaður við þær greiddur af ríkissjóði, jafnt gagnasöfnun og skýrslugerð sem sú starfsemi sem beinlínis felur í sér þjónustu eða hagsmunagæslu í þágu viðkomandi atvinnuvega, fyrirtækja eða einstaklinga. Kostnaðurinn við samkomur þessara félaga í hagsmunagæsluskyni er þannig greiddur úr ríkissjóði, t.d. kostnaður við þinghald þeirra sem til skamms tíma hefur verið greiddur með sama hætti og kostnaður við löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hlutverk þessara þinga hefur m.a. verið að taka til umsagnar erindi til löggjafarsamkomu þjóðarinnar frá hagsmunasjónarmiði ýmissa aðila, einstaklinga og félaga, jafnvel að smíða lagafrumvörp til flutnings á Alþingi um slík hagsmunamál.

Að sjálfsögðu er ekkert við þess háttar hagsmunagæslu að athuga annað en það að ríkið kostar hana. Slíkt á ekki við um aðrar sambærilegar samkomur, svo sem iðnþing Íslendinga eða stéttarþingin — þing ASÍ, BSRB, BHM eða Stéttarsambands bænda — og eru þó viðfangsefni og hlutverk funda þessara samtaka ekki mjög ólík hlutverkum fiskiþings og búnaðarþings. Þykir réttlátast, frekar en að taka upp ríkisrekstur allra hagasmunasamtaka og þrýstihópa í landinu, að ein og sama regla gildi um öll þessi samtök — líka Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands — sem sé sú að þessi samtök starfi sjálfstætt, að vilja og á ábyrgð viðkomandi hagsmunaaðila en ekki ríkissjóðs.

Óeðlilegt er líka með öllu að samtök, sem a.m.k. öðrum þræði eru hagsmunasamtök, hafi með höndum opinbera gagnasöfnun og skýrslugerð. Slík verkefni þarf að sjálfsögðu að vinna en þau eiga að vera í höndum óhlutdrægra opinberra stofnana. Ekkert mælir hins vegar á móti því að sjálfstæð hagsmunasamtök annist einnig slík verkefni og þá að sjálfsögðu á eigin kostnað og eigin ábyrgð. Það er hvorki æskilegt né nauðsynlegt að hagsmunasamtökum sé jafnframt falið að safna gögnum og skila hagskýrslum, enda á það fyrirkomulag rætur sínar að rekja til tíma þegar ekki voru opinberir aðilar til þess að sinna slíkum verkefnum.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir að þessu Janusarhlutverki Fiskifélagsins og Búnaðarfélagsins ljúki. Hún felur það ekki í sér að félögin sem slík verði lögð niður heldur að ríkisrekstri þeirra verði hætt og hagsmunaaðilunum, sem að þeim standa, verði í sjálfsvald sett hvort og þá hvernig rekstri þeirra verði haldið áfram.

Sú gagnasöfnun og skýrslugerð, sem félögin vinna nú í þágu opinberrar stjórnsýslu, eru að sjálfsögðu nauðsynleg en ber að vinna hjá réttum aðilum, þ.e. þeim opinberu stofnunum sem að slíkum verkefnum starfa. Í flestum tilvikum mundu þau koma í hlut Hagstofu Íslands.

Till. gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin láti undirbúa aðgerðir til þess að umræddar skipulagsbreytingar megi ná fram að ganga, m.a. með viðræðum við hagsmunaaðila, þannig að Alþingi geti tekið allar nauðsynlegar ákvarðanir við undirbúning næstu fjárlaga.

Tillögu þessari var fyrst hreyft í umfangsmiklum breytingartillögum Alþýðuflokksins við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1986. Hún er liður í tillögum þingflokks Alþýðuflokksins um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og tilflutningi verkefna frá ríkissjóði til annarra.

Sþ. 447. Tillaga til þingsályktunar [219. mál]

um sjálfstæðar rannsóknastofnanir, eflingu hagnýtrar vísinda- og rannsóknarstarfsemi og um aukin tengsl atvinnulífs og rannsókna.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að eftirtöldum skipulagsbreytingum á sviði hagnýtrar rannsóknarstarfsemi í því skyni að efla slíkar rannsóknir, auka tengsl hagnýtra rannsókna og atvinnulífs, svo og sjálfstæði rannsóknastofnana:

1. Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gerðar að sjálfseignarstofnunum þar sem m.a. samtökum viðkomandi atvinnuvega verði boðið að gerast stofnaðilar. Í skipulagsskrá verði nánar kveðið á um stjórn stofnananna og rekstrarfyrirkomulag, en þær skulu starfa sem sjálfstæðar stofnanir, verðleggja sjálfar þjónustu sína og taka sjálfar allar ákvarðanir um rekstur, mannahald, verkefnaval og viðfangsefni. Aðalhlutverk þessara stofnana verði að annast hagnýtar rannsóknir í þágu viðkomandi atvinnuvega eftir óskum og þörfum í atvinnugreininni og ákvörðun stjórnar stofnunarinnar.
2. Samningur skal gerður milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og viðkomandi stofnunar þar sem ríkissjóður leggur hverri stofnun til ákveðið grunnfjárframlag á ári hverju sem greiðslu upp í fastakostnað við starfrækslu stofnunarinnar. Sérstakur samningur skal einnig gerður milli stofnananna og ríkissjóðs um áframhaldandi nýtingu stofnananna á ríkiseignum, svo sem húsnæði, en tæki, vélar og annað það, sem þessar stofnanir hafa nú yfir að ráða, skal áfram fylgja þeim og skoðast sem stofnframlag ríkisins til sjálfseignarstofnananna.
3. Onnur hagnýt rannsóknarstarfsemi sem ríkið hefur rekið og kostað í beinum eða óbeinum tengslum við Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða aðrar opinberar stofnanir — og er þá fyrst og fremst átt við tilraunastöðvar og tilraunabú — skal eftirleiðis skoðast sem viðfangsefni viðkomandi sjálfstæðra rannsóknastofnana og á ábyrgð þeirra hvort og þá hvernig þeirri starfsemi verði haldið áfram.
4. Ákveðið verði í sérstökum lögum fast árlegt framlag úr ríkissjóði til næstu fimm ára til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og með reglugerð ákveðin almenn skilyrði til lán- og styrkveitinga af því fé þar sem sjálfstæðar rannsóknastofnanir hafi sama rétt og aðrir til þess að sækja um styrki eða lán til einstakra verkefna.

Undirbúningi þessum verði lokið á árinu 1986 þannig að Alþingi geti samhliða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1987 gert þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til þess að það fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst, nái fram að ganga.

Greinargerð.

Þessi tillaga kom fyrst fram í yfirgripsmiklum breytingartillögum Alþýðuflokksins við afgreiðslu fjárlaga ársins 1986. Hún er í flokki þeirra tillagna Alþýðuflokksins sem kveða á um sparnað í ríkisrekstri, fækkun ríkisstofnana og tilflutning verkefna frá ríkinu til annarra aðila. Markmið tillögunnar er að þær stofnanir, sem fást við hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna og nú eru ríkisstofnanir, verði teknar úr ríkiseigu og gerðar að sjálfseignarstofnunum sem starfi á eigin ábyrgð og undir sjálfstæðri stjórn í nánu samstarfi við atvinnuvegina.

Með slíkri skipulagsbreytingu vinnst margt:

- rannsóknastofnanirnar öðlast aukið sjálfstæði og sjálfræði, bæði í stjórn og starfsemi, svo og í verkefnavali,
- líklegt er að áhrif vísindamanna og rannsóknarmanna á starfsemina aukist og mun það án efa styrkja vísindalega rannsóknarstarfsemi að hagnýtum viðfangsefnum,
- beinni tengsl verða á milli atvinnulífsins og rannsóknastofnananna, m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir því að bein kostnaðarleg tengsl verði á milli rannsóknarverkefna og atvinnufyrirtækja eða atvinnugreina þar sem í tillögunni er gert ráð fyrir því að ríkið greiði tiltekinn grunnkostnað við rannsóknastofnanirnar en einstök verkefni séu valin í samráði við atvinnuvegina og kostuð af þeim.

Frá sjónarmiði ríkisins eru einnig ótvíræðir kostir samfara þeirri skipulagsbreytingu sem tillagan gerir ráð fyrir. Eðlilegt er að ríkisvaldið kosti rannsóknarstarfsemi sem fremur er vísindaleg en hagnýt eða a.m.k. skilar ekki sjáanlegri framleiðniaukningu, tekjuaukningu eða framleiðslunýjungum á tiltölulega skömmum tíma. Einnig er sjálfsagt og eðlilegt að ríkisvaldið greiði tiltekinn grunnkostnað við starfsemi að hagnýtum rannsóknum og tryggi þannig að sú starfsemi geti farið fram. Jafnframt er eðlilegt að ríkið styðji með öðrum hætti rannsóknar- og vísindastarfsemi í landinu, t.d. með sjóðsstofnun eða framlagi í sjóð sem rannsóknaraðilar geta sótt fyrirgreiðslu til vegna tiltekinna verkefna. Hins vegar er óeðlilegt að ríkið reki og kosti hagnýt rannsóknarverkefni í þágu atvinnuvega eða fyrirtækja. Slíkt leiðir til óæskilegs viðhorfs til atvinnurekstrar og þeirra verkefna sem atvinnurekendur sjálfir eiga að annast og er þáttur í því sem Alþýðuflokkurinn hefur kallað „velferðarkerfi fyrirtækjanna“. Með því kerfi hefur ríkisvaldið verið að taka á sig ýmis verkefni fyrirtækja og atvinnuvega og jafnvel gengið svo langt að veita beina og óbeina ríkisábyrgð á rekstri einstakra fyrirtækja. Það fyrirbæri hafa menn ýmist nefnt „þjóðnýtingu tapsins“ eða „sósíalisma andskotans“. Er merkilegt að þeir aðilar, sem þar hafa gengið fram fyrir skjöldu um að setja slíkar ábyrgðir og verkefni á ríkið, hafa seinastir manna viljað láta kenna sig við þjóðnýtingu eða sólíalisma.

Hagnýt rannsóknarstarfsemi í þágu atvinnuvega og fyrirtækja á fyrst og fremst að vera viðfangsefni fyrirtækjanna sjálfra. Vilji atvinnulífsins til þess að kosta slík verkefni eða taka þátt í kostnaði við þau á að vera mælikvarðinn á hvort þau verkefni teljist vera fýsilegur og arðvænlegur kostur. Þetta er hinn eðlilegi grundvöllur hagnýtrar rannsóknarstarfsemi og með slíku fyrirkomulagi öðlast atvinnulífið sjálft jafnframt bein áhrif á verkefnaval og starfsemi.

Eins og fram kemur í tillögunni eru þær ríkisstofnanir, sem lagt er til að gerðar verði að sjálfseignarstofnunum og starfræktar í nánum tengslum við atvinnulífið, þessar: Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Tillagan gerir ráð fyrir því að búnaður þessara stofnana, svo sem tækjakostur og eigið húsnæði, verði áfram lagður þeim til og skoðist sem stofnfé frá ríkissjóði. Aðilum í viðkomandi atvinnugreinum verði jafnframt boðið að gerast stofn- og eignaraðilar og á stofnfundi verði sjálfseignarstofnununum sett stofnskrá er kveði á um hlutverk þeirra, stjórn og starfsemi. Eftir það starfi þær sjálfstætt að

rannsóknarverkefnum sínum, á eigin ábyrgð og án starfslegra eða fjármálalegra fyrirmæla frá hinu opinbera.

Í samningi á milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og sjálfseignarstofnananna verði kveðið á um árlegt grunnframlag úr ríkissjóði til stofnananna, sem gæti t.d. verið fjárframlag er næmi áætluðum fastakostnaði stofnananna, en verkefnakostnaður verði greiddur af sjálfsaflafé þeirra.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því að gerð verði 5 ára áætlun um aukin fjárframlög ríkisins í sjóð til að efla rannsóknar- og þróunarstarfsemi í landinu og að samin verði reglugerð eða sett lög um þá starfsemi þar sem m.a. sé gert ráð fyrir því að stofnanir, fyrirtæki, einstaklingar eða samtök geti sótt um lán eða styrki úr sjóðnum til einstakra verkefna og hafi jafnan rétt til slíkra umsókna. Vísir að slíkri starfsemi er sérstakt fjárframlag í þessu skyni sem veitt hefur verið á fjárlögum 1985 og 1986.

Að lokum skal tekið fram að tillagan gerir ráð fyrir því að öll hagnýt rannsóknarstarfsemi, sem nú er á vegum ríkisins, skuli færð til umræddra aðila eða annarra slíkra sem nauðsynlegt kann að þykja að koma á fót. Á þetta t.d. við um tilraunabúin sem nú eru rekin á ríkisins kostnað, nema e.t.v. Fóður og fræ í Gunnarsholti en álitamál getur verið hvort fé fengist frá öðrum til hennar þar sem ekki er víst að viðfangsefnið þyki ýkja hagnýtt fyrir íslenskan landbúnað frá skammtímasjónarmiði. Engu síður er nauðsynlegt að halda þeim rannsóknum og tilraunum áfram sem þar eru gerðar og kæmi vísast á ríkið að standa straum af þeim kostnaði hver svo sem hefði framkvæmdina á hendi.

Sþ. 448. Fyrirspurn [220. mál]

til sjávarútvegsráðherra um útflutning á ferskum fiski.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Helga Seljan.

Er sjávarútvegsráðherra reiðubúinn til þess að beita sér fyrir því að komið verði í veg fyrir að einstök veiðiskip selji meiri hluta fiskafla síns ferskan til útlanda?

Sþ. 449. Fyrirspurn [221. mál]

til viðskiptaráðherra um aðgerðir til þess að tryggja rétt neytenda gegn svikum og göllum í varanlegri fjárfestingarvöru, svo sem steinsteypu.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Svavari Gestssyni.

Hvað hefur ráðuneytið gert til undirbúnings að flutningi frumvarps til þess að tryggja rétt neytenda gegn svikum eða göllum í varanlegri fjárfestingarvöru, sbr. nefndarálit fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar frá 3. maí 1985 á þskj. 840 og afgreiðslu deildarinnar á frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 frá 19. júní 1922 í framhaldi af því?

Sþ. 450. Fyrirspurn [222. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvaða forsendur lagði ráðherra til grundvallar þegar hann réð í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. des. s.l.?
2. Með hvaða rökum taldi ráðherra sig ekki þurfa að taka tillit til sérstakra meðmæla dómnefndar né til vilja heimspekideildar þegar hann réð í þessa stöðu?

Sþ. 451. Fyrirspurn [223. mál]

til menntamálaráðherra um stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Telur menntamálaráðherra ráðningu í stöðu lektors í íslenskum bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands 27. des. s.l. vera í samræmi við l. nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og þingsályktun frá 13. júní 1985 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum?

Sþ. 452. Fyrirspurn [224. mál]

til viðskiptaráðherra um vanskil korthafa hjá greiðslukortafyrirtækjum.

Frá Guðmundi Einarssyni.

Hve mikil voru vanskil korthafa hjá greiðslukortafyrirtækjum um síðustu áramót?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 453. Frumvarp til laga [225. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Svavar Gestsson, Guðrún Helgadóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. koma nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Úrskurður tryggingayfirlæknis tekur gildi strax og hann liggur fyrir og frá þeim tíma er örorkan skapaðist.

Nú er öryrki óánægður með úrskurð tryggingayfirlæknis og getur hann þá óskað eftir skriflegri greinargerð læknisins um forsendur matsins. Þeirri greinargerð ásamt athugasemdum skal öryrkinn síðan vísa skriflega til úrskurðar örorkumatsnefndar.

Í örorkumatsnefnd eiga sæti þrír menn:

1. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir einn mann.
2. Hæstiréttur tilnefnir einn mann. Hann skal vera læknir og vera formaður matsnefndarinnar.
3. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið tilnefnir einn mann og skal hann vera lögfræðingur.

Auk aðalmanna skulu tilnefndir varamenn.

Nefndin skal í störfum sínum hafa hliðsjón af sömu þáttum og tryggingayfirlæknir við úrskurð örorkumats. Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra sjónarmiða við úrskurði sína.

Ráðherra setur nánari ákvæði um starfssvið nefndarinnar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp hefur áður verið flutt á Alþingi, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Frá fyrri þingum liggja fyrir ítarlegar umsagnir. Verður nú að gera þá kröfu til Alþingis að þetta mál verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Í fyrrasumar héldu samtök öryrkja fund þar sem m.a. var fjallað sérstaklega um frumvarp þetta. Lýstu þau eindregnum stuðningi við þá málsmeðferð sem hér er gerð tillaga um.

Frumvarpinu fylgdi á síðasta þingi svofelld greinargerð:

„Á 105. löggjafarþinginu var flutt stjórnarfrumvarp sem gerði ráð fyrir því að breyting yrði gerð á ákvæðum almannatryggingalaga um örorkumat. Í frumvarpinu var miðað við að örorkumat væri alltaf framkvæmt af örorkumatsnefnd þriggja starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Við umræður á Alþingi kom fram að þingmenn töldu óeðlilegt að láta nefnd annast þetta verk í öllum tilvikum, — eðlilegra væri að setja á laggirnar áfrýjunarnefnd en úrskurður væri áfram í höndum tryggingayfirlæknis. Þetta frumvarp, sem hér er nú flutt, tekur tillit til þessara sjónarmiða.

Í núgildandi lögum er tryggingayfirlæknir einvaldur um úrskurði örorkumats. Það verður að teljast óeðlilegt fyrirkomulag, annars vegar frá sjónarmiði viðskiptamanna tryggingarinna og hins vegar frá því sjónarmiði að enginn einn maður getur sem skyldi borið ábyrgð á svo þýðingarmiklum þætti í tryggingakerfinu. Því er hér lagt til að skipuð verði úrskurðarnefnd þriggja manna.

Þegar málið var til meðferðar á síðasta löggjafarþingi fylgdi stjórnarfrumvarpinu stutt greinargerð sem var á þessa leið:

„Vaxandi óánægju hefur gætt á undanförnum árum með fyrirkomulag og ákvörðun örorkumats hjá Tryggingastofnun ríkisins. Bent hefur verið á ýmsar leiðir til bóta, m.a. þá sem hér er lagt til að reynd verði.

Endurskoðunarnefnd laga um almannatryggingar kannaði fyrir nokkrum árum afstöðu yfirmanna stofnunarinnar, þar á meðal flestra deildarstjóra og tryggingayfirlæknis, til þessa atriðis. Meðal þeirra, sem tjáðu sig um þetta, var tryggingayfirlæknir. Taldi hann, eins og allir sem tjáðu sig um fyrirkomulag örorkumats, að eðlilegt væri að taka tillit til fleiri atriða en læknisfræðilegra þegar örorkustig væri ákveðið. Menn virtust almennt séð sammála um að við slíkt mat yrði að taka mið af a.m.k. þremur ákvarðandi atriðum, þ.e.a.s. 1) líkamlegri eða andlegri heilbrigði, 2) tekjuöflunarfærni við óbreytt ástand skv. 1. lið, og loks af 3) félagslegum aðstæðum einstaklinga, þar á meðal fjárhagslegri þörf miðað við fjölskyldubyrði, heimilisástæður o.fl., o.fl.

Þar eð segir í 3. mgr. 12. greinar laga nr. 67/1971 að tryggingayfirlæknir meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur (örorkulífeyri og örorkustyrki) er lagabreyting í þá veru, sem hér er lögð til, nauðsynleg eigi að reyna hér nýjar leiðir.“

Frumvarpsgreinin er ítarleg og skýrir sig sjálf, auk þess sem hún verður nánar skýrð í framsögu.“

Fylgiskjal.

UMSÖGN ÖRYRKJABANDALAGSINS

Heilbrigðis- og tryggingnefnd
neðri deildar Alþingis.

Reykjavík, 1. mars 1985.

Á stjórnarfundi Öryrkjabandalags Íslands 25. febrúar 1985 var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins, en telur æskilegt að eftirfarandi breytingar verði gerðar:

1. Í 1. lið komi: Öryrkjabandalag Íslands tilnefni einn mann.
2. Að fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis sé lögfræðingur.
3. Að setningarnar „Nefndin skal í störfum sínum taka tillit til sömu þátta“ o.s.frv. og „Þá skal nefndin einnig taka tillit til félagslegra þátta“ o.s.frv. falli niður.
4. Til þess að örorkumatsnefnd fái nægilegt svigrúm til ákvarðana um leiðréttingar á bótagreiðslum þarf að gera frekari breytingar á tryggingalöggjöf, t.d. með því að taka upp nýtt örorkustig, 60% eða 65%, með tilteknum bótarétti.

Stjórn Öryrkjabandalags Íslands vekur athygli á nauðsyn þess að hraðað verði endurskoðun á lögum um almannatryggingar.

Virðingarfyllst.
F.h. stjórnar Öryrkjabandalags Íslands.

Vilhjálmur Vilhjálmsson
formaður.

Ásgerður Ingimarsdóttir
deildarstjóri.

Sþ. 454. Tillaga til þingsályktunar [226. mál]

um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að því að Kennaraháskóli Íslands verði sameinaður Háskóla Íslands þannig að öll kennarafræðsla á háskólastigi á Íslandi verði á vegum einnar og sömu skólastofnunar, reynslu og þekkingu, sem til er í skólunum báðum, megi samnýta og koma megi á sameiginlegri yfirstjórn þessara skóla.

Greinargerð.

Tillaga um sama efni var fyrst flutt sem breytingartillaga við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1986 og var þáttur í umfangsmikilli tillögugerð Alþýðuflokksins um sparnað í ríkisrekstri

og bætta nýtingu fjármuna ríkisins. Markmið tillögunnar er, eins og í sjálfri tillögugreininni segir, að sameina Kennaraháskóla Íslands Háskóla Íslands þannig að öll kennaramenntun á háskólastigi verði á vegum einnar og sömu stofnunar — eins háskóla Íslendinga. Þannig fengist betri nýting m.a. á starfskröftum, reynslu og þekkingu, auk þess sem einhver beinn fjárhagslegur sparnaður hlýtur óhjákvæmilega að verða þegar tvöfalt stjórnkerfi er einfaldað eins og verða mun þegar þessar tvær sjálfstæðu skólastofnanir verða sameinaðar undir eina yfirstjórn.

Þegar Kennaraskóli Íslands var framhaldsskóli neðan háskólastigs fór framhaldsmenntun kennara á háskólastigi fram í Háskóla Íslands. Eftir að stúdentspróf eða ígildi þess var gert að inntökuskilyrði í Kennaraskólann og Kennaraskóla Íslands hafði verið breytt í Kennaraháskóla Íslands fór kennaramenntun á háskólastigi fram í tveim háskólastofnunum þótt e.t.v. hefði mátt telja eðlilegast að Kennaraháskólinn annaðist alla þá menntun um leið og almennri kennaramenntun var lyft á háskólastig.

Þannig hafa í rauninni starfað tveir háskólar á Íslandi sem annast menntun kennara og fá flm. ekki séð að slíkt eigi rétt á sér með svo fámennri þjóð, fremur en t.d. að starfræktir væru tveir háskólar á sviði félags- og stjórnmálafræða, læknisfræði, lögfræði eða viðskiptafræði — og munu sennilega fáir vera stuðningsmenn slíkra hugmynda.

Það er út af fyrir sig afrek fyrir svo fámenna þjóð, sem við Íslendingar erum, að starfrækja einn háskóla með fjölbreyttu námsgreinavali — háskóla sem talinn er standa jafnfætis sambærilegum menntastofnunum hjá miklu fjölmennari og ríkari þjóðum. Við eigum fullt í fangi með að byggja sómasamlega upp þennan eina háskóla þannig að hann geti fylgst með tímanum og jafnan veitt bestu menntun í þeim greinum sem þar eru kenndar. Við höfum ekki efni á að dreifa þeim kröftum með því að starfrækja aðrar sambærilegar skólastofnanir til þess að inna af höndum áþekkt eða jafnvel sams konar starf og Háskóli Íslands sinnir og greiða fyrir það ýmis aukaútgjöld sem fylgja tvöföldu stjórnkerfi o.fl. Þvert á móti eigum við í þessu tilviki að láta alla kennarafræðslu á háskólastigi fara fram í einni og sömu stofnun — í Háskóla Íslands — þannig að sem mest gagn megi hafa af þeirri þekkingu og reynslu, þeim búnaði og þeim fjármunum sem Íslendingar hafa yfir að ráða til þess að mennta kennara í háskóla. Kennaraháskóli Íslands gæti þannig mætavel orðið ein af deildum Háskóla Íslands sem sæi þá um alla kennaramenntun á háskólastigi og háskóladeildin gæti mætavel haldið því nafni — Kennaraháskólinn — án þess að menn þyrftu að leggja í þann tvöfalda kostnað sem óhjákvæmilega fylgir skiptingu kennaranámsins milli tveggja sjálfstæðra kennaraháskóla.

Það er því ekki fyrst og fremst til þess að spara fé og nýta betur reynslu og þekkingu, búnað og tæki, sem þessi tillaga er flutt, heldur ekki síður vegna þess að með sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands færi öll kennaramenntun á háskólastigi fram í einni og sömu stofnun. Telja flm. að með því sé verið að styrkja og efla kennaramenntun í landinu.

Sþ. 455. Fyrirspurn [227. mál]

til samgönguráðherra um skipun formanns stjórnar Ferðamálasjóðs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvers vegna hefur ráðherra ekki skipað formann stjórnar Ferðamálasjóðs eins og honum ber skv. lögum nr. 79/1985, um skipulag ferðamála?
2. Er þess að vænta að samgönguráðherra skipi formann stjórnar Ferðamálasjóðs á næstunni?
3. Hversu margar umsóknir bíða nú afgreiðslu hjá Ferðamálasjóði? Hefur afgreiðsla þeirra tafist?

Ed. 456. Frumvarp til laga [228. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Valdimar Indriðason.

1. gr.

11. gr. laganna, sbr. 31. gr. laga nr. 13/1979, orðast svo:

Innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., svo og aðrar opinberar lánastofnanir og fjárfestingarsjóðir, skulu geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankinn getur ákveðið að innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubinding samkvæmt þessu ákvæði má þó aldrei vera hærri en 10%. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum. Öll frekari innstæðubinding er óheimil.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnunum er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem um ræðir í 2. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en féll þá á jöfnum atkvæðum í efri deild. Síðan hefur það gerst að skaðvænlegar afleiðingar peningamagnskenningarinnar svonefndu, sem stjórnvöld hafa um langt skeið aðhyllst, koma æ skýrar í ljós. Mikilvægustu fyrirtæki og fjöldi einstaklinga er að glata eignum sínum þar sem ríkisvaldið hefur brugðist þeirri frumskyldu að sjá til þess að eðlilegt lánsfjármagn sé á markaðnum. Tveim gagnstæðum stefnum hefur verið fylgt, annars vegar hafa vextir verið frjálsir og peningar verðtryggðir en hins vegar hefur sparifé landsmanna verið fryst. Þannig hefur í senn skapast lánsfjárkreppa og okurvextir. Afleiðingin hefur af augljósum ástæðum orðið sú að markaðsverð bæði fasteigna og annarra fjármuna hefur farið stöðugt lækkandi og fjöldi manna misst eigur sínar þegar þær hafa ekki lengur verið veðhæfar. Fjármunirnir hafa þannig sogast inn í ríkishítina, margháttaðan óarðbæran rekstur, brask og okurlánastarfsemi. Menn verða gjaldþrota þegar enginn getur keypt eða vill kaupa eigur þeirra á eðlilegu verði.

Þetta er heimatilbúin kreppa sem frjálslynd öfl geta ekki unað við og verða að brjóta niður. Peningar eru ekkert annað en ávísanir á auðlegð. Áður var að vísu notast við gull en nú er bakhjarlinn margfalt merkilegri — sjálfur þjóðarauðurinn — og Íslendingar eru þrátt fyrir allt ríkari nú en nokkru sinni fyrr. Samt meinar ríkisvaldið fólkinu að njóta eigna sinna þegar það neitar því um aðgang að ávísunum á þær, heilbrigðan gjaldmiðil og verðmæli, mælikvarða á verðmæti. Þess í stað var mönnum á tímum síðustu vinstri stjórna vísað á auð Araba og Ameríkana, þar skyldi finna „starfsfé fyrir Íslendinga“ en ekki í þeim íslenska auði sem síðustu kynslóðir hafa myndað — með þeim afleiðingum að við sukkum í skuldafen og verðbólgan varð nánast óviðráðanleg.

Í trausti þess að meiri hluti þingmanna geri sér framanritað ljóst er frumvarp þetta nú flutt að nýju. Þess er þá að gæta að þau rök, að Seðlabankinn þurfi á bindingunni að halda til að rísa undir afurðalánum, er ekki lengur fyrir hendi þar sem þau hafa flust til viðskiptabankanna. En minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar, sem vildi vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í fyrra, benti á það í nefndaráliti sínu að eðlilegt væri „að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir".

Bundið fé í Seðlabankanum mun nú um áramótin hafa numið nálægt sjö milljörðum króna. Lækkun frystingar úr 18% í 10% mundi þannig losa liðlega þrjá milljarða sem gengju til viðskiptabanka og sparisjóða og þaðan út í þjóðlífið. Sú ráðstöfun mundi þegar í stað létta á peningakreppunni, örva atvinnulíf og treysta fjárhag fjölda manna, jafnframt því að vextir leituðu jafnvægis og von yrði til að verðbólgu mætti kveða niður. Kannske þarf þó að ganga nokkru lengra og þá er að gera það. Í því sambandi er þess að geta að það hefur lengi verið stefna Sjálfstæðisflokksins að Seðlabankinn „ákveði einungis vexti af útlánum sínum" og um það efni fluttu þingmenn flokksins frumvarp árið 1979, sbr. fylgiskjal III.

Frumvarpinu fylgdi í fyrra svohljóðandi greinargerð:

„Í 3. gr. laga um Seðlabanka Íslands hefur meginhlutverk bankans allt frá setningu laga nr. 10 frá 1961 verið talið „að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Ljóst er að þessu hlutverki hefur Seðlabankinn ekki valdið talsvert á annan áratug því að verðbólga hefur ætt áfram samhliða því sem framleiðslugeta atvinnuveganna hefur verið vannýtt. Sökina á þessu er þó ekki einungis að rekja til Seðlabankans heldur margra ríkisstjórna og Alþingis sem beint og óbeint hafa lagt fyrir bankann að herða að atvinnuvegunum og viðskiptabönkunum í þeirri trú að afgamlar kenningar um frystingu fjármuna væri leiðin til að kveða verðbólgu niður. Hvergi í nágrannalöndum hefur þeirri stefnu verið fylgt á þann veg sem hér hefur orðið, enda svokölluð „Ólafslög" einsdæmi í löggjöf vestrænna þjóða.

Við setningu Seðlabankalaganna 1961 var bankanum veitt heimild til nokkurrar sparifjárbindingar enda höfðu menn á þeim tíma einhverja trú á stjórn „peningamagns í umferð". Lengi vel kom ákvæði þetta ekki að sök því að allan sjöunda áratuginn gerðu stjórnvöld sér grein fyrir því að ákvæðinu bæri að beita til að efla atvinnuvegi og sjá mönnum fyrir eðlilegu starfsfé í viðskiptum sínum og framkvæmdum.

Breyting sú, sem í frumvarpinu greinir, beinist að því að færa starfssvið Seðlabankans smám saman í það horf sem upphaflega var ætlunin. Þannig var bundið fé í bankanum fyrst í stað aldrei yfir 10%, þótt heimildir væru til 15% bindingar og 20% af innstæðufé „sem ávísa má á með tékka". Í annan stað er lagt til að taka á ný í lög ákvæði upphaflegu laganna frá 1961. Ákvæðið hljóðar svo: „ ... sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum". Og við þetta er bætt orðunum: „Öll frekari innstæðubinding er óheimil." Að öðru leyti gerir frumvarpið ráð fyrir að 11. grein laga nr. 10/1961 verði tekin óbreytt í lög að nýju, nema síðasta málsgr. greinarinnar sem var nánast bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn hefur nú lagaheimildir til að binda allt að 38% sparifjár þjóðarinnar. Þar að auki er viðskiptabönkum gert að lána Framkvæmdasjóði Íslands 4% sparifjárins, að vísu með samningi en undir þrýstingi framkvæmdarvaldsins sem tíðum telur sig bært að stjórna löggjafarvaldinu.

Sú stefna, sem fylgt hefur verið í peningamálum nú nokkuð á annan áratug, hefur brugðist. Sparifé alþýðu hefur smám saman þorrið þegar menn gerðu sér grein fyrir því að fé þeirra gekk í stöðugt ríkari mæli til ríkisbáknsins, í rauninni ekki sem lánsfé heldur var um beina eignaupptöku að ræða þegar vextir voru neikvæðir jafnvel svo að tugum prósenta

nam. Tilraunir stjórnvalda til að bregðast með sívaxandi hörku við þessum vanda hafa síður en svo leyst hann, þær hafa aukið hann svo að kreppa og óðaverðbólga hefur af hlotist í mesta góðæri Íslandssögunnar, en útlendingar hafa fjármagnað máttvana atvinnuvegi á okurkjörum. Samhliða hefur óréttlæti aukist í íslensku þjóðlífi og fátækt hafið innreið sína. Þessi stefna, sem allir flokkar á liðnum kjörtímabilum bera ábyrgð á, hefur mistekist. Ljóst er því að ofstjórn peningamála verður að linna. Að því miðar flutningur frumvarps þessa."

Fylgiskjal I.

Nefndarálit meiri hluta fjárhags- og viðskiptanefndar um frumvarpið á síðasta þingi (þskj. 614).

Nefndin hefur rætt mál þetta ítarlega á mörgum fundum og m.a. fengið til viðtals þá Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Jónas Haralz, formann Sambands viðskiptabanka og bankastjóra Landsbankans, Stefán Pálsson, bankastjóra Búnaðarbankans, og Halldór Guðbjarnason, bankastjóra Útvegsbankans, ásamt Axel Kristjánssyni aðstoðarbankastjóra.

Meðan á umfjöllun málsins stóð í nefndinni hefur það gerst að ríkisstjórnin hefur, í samráði við Seðlabanka Íslands, ákveðið að bankinn lækki bindiskyldu sína úr u.þ.b. 28% í 18% og afurðalán flytjist algerlega til viðskiptabankanna. Hér er þó ekki um það að ræða að lagaheimildir til bindingar sparifjár landsmanna breytist, en Seðlabanki Íslands hefur nú heimild til að binda allt að 38% sparifjárins.

Það er mat meiri hl. nefndarinnar, eftir þá skoðun sem málið hefur fengið og þær upplýsingar sem aflað hefur verið, að svigrúm viðskiptabankanna muni aukast við það að bindiskyldan færist niður í 18%, bæði til að sinna almennum viðskiptum og til að sjá um afurðalán. Að því er Búnaðarbankann varðar mundi Seðlabankinn þó þurfa að lána honum um 170 milljónir, og er gert ráð fyrir 10 ára láni.

Ljóst er að staða viðskiptabankanna mundi batna verulega ef sparifjárbindingin færi niður í 10% eins og frv. þetta gerir ráð fyrir og ekki ætti Seðlabankinn þá að þurfa að lána Búnaðarbanka neitt til að hann gæti stundað eðlileg viðskipti, þar á meðal afurðalán. Stefán Pálsson bankastjóri gat þess að allir þessir útreikningar miðuðust við óbreytt fyrirkomulag afurðalána. Að því er afurðalán til sjávarútvegs og fiskvinnslu varðar er einnig rétt að benda á að þau eru nú þegar að öllu leyti í erlendri mynt.

Allir bankastjórar viðskiptabankanna, sem á fund nefndarinnar komu, lýstu því skýrt yfir að staða stofnana þeirra, er þeir stýra, mundi stórum batna við lækkun bindiskyldu. Bankastjóri Landsbankans sagði að lausafjárstaða bankans mundi komast í lag ef bindiskyldan lækkaði í 10%. Bankastjóri Búnaðarbankans taldi sig vel geta fallist á að meira fé yrði losað, enda yrði bankinn þá betur fær um að sinna atvinnuvegunum og sérstaklega afurðalánum landbúnaðarins, og bankastjóri Útvegsbankans kvað sig hlynntan því að bindiskyldan yrði lækkuð niður í 10%, og jafnvel meira.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hl. nefndarinnar einsætt að samþykkja beri frv., þótt til álita hafi að vísu komið að lækka bindiskyldu enn meir, en þess er þá að gæta að Seðlabankinn hefur þegar notað hluta þessa fjár til verðbréfakaupa og því er kannski ekki eðlilegt að færa heimild til sparifjárbindingar niður fyrir 10 af hundraði.

Þótt ákvörðunin um að færa nú sparifjárbindinguna niður í 18% sé góðra gjalda verð er þess að gæta að þar er einungis um nýja stjórnvaldaákvörðun að ræða og stjórnvöld geta á hverjum tíma fært bindinguna upp að nýju, allt að 38% samkvæmt gildandi lögum. Óeðlilegt er að þau hafi slíkt vald. Alþingi á að hafa þar lokaákvörðun og þess vegna er nauðsynlegt að breyta lögum þrátt fyrir þær nýju reglur sem nú gilda, a.m.k. um sinn. Meiri hl.

nefndarinnar leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt, að öðru leyti en því sem varðar gildistöku laganna, en breytingartillaga er flutt um það efni á sérstöku þingskjali og þá höfð hliðsjón af yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar um skjótari greiðslur afurðaverðs til bænda.

Jónína Leósdóttir, Bandalagi jafnaðarmanna, sat fundi nefndarinnar og er samþykk áliti þessu.

Ragnar Arnalds hefur þann fyrirvara um afstöðu sína að bindiskylda gæti átt fullan rétt á sér til að fjármagna sameiginleg verkefni þjóðarinnar og draga úr erlendum lántökum. En með hliðsjón af því, sem gerst hefur í afurðalánamálum að undanförnu og eftir að Seðlabankinn hefur hætt endurkaupum á afurðalánum, er hann samþykkur lækkun bindiskyldu bankanna í 10%.

Alþingi, 21. mars 1985.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Valdimar Indriðason. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal II.

Álit minni hluta nefndarinnar (þskj. 613).

Nefndin hefur rætt þetta mál ítarlega og fengið til viðtals seðlabankastjóra, formann Sambands viðskiptabankanna, sem jafnframt er bankastjóri Landsbankans, og bankastjóra annarra ríkisbanka, Búnaðarbankans og Útvegsbankans.

Meðan nefndin vann að málinu hefur ríkisstjórnin, í samráði við Seðlabanka Íslands, ákveðið að endurkaup afurðalána færist til viðskiptabankanna og bindiskylda verði lækkuð vegna þessara breytinga úr 28% í 18%. Jafnframt hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að frá 1. maí muni bændur fá innlagða mjólk greidda að fullu innan mánaðar og sláturafurðir um áramót og verði þetta m.a. gert kleift með rýmkun á reglum um afurðalán.

Eðlilegt er að reglur Seðlabankans um bindingu sparifjár verði teknar til endurskoðunar þegar séð er hver áhrif þeirra breytinga verða sem nú standa yfir. Í ljósi þess leggja undirritaðir nefndarmenn til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 21. mars 1985.

Jón Kristjánsson, frsm.	Egill Jónsson.

Fylgiskjal III.

Lagafrumvarp um breytingu á Seðlabankalögum.
Flm.: Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen og Friðrik Sophusson.
(100. löggjafarþing, 1978–79, 307. mál, Nd., þskj. 720.)

1. gr.

Í stað 13. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo:

Seðlabankinn ákveður vexti af útlánum sínum og innlánum, svo og önnur kjör. Seðlabankinn ákveður einnig hæstu leyfilegu dráttarvexti af vanskilaskuldum og setur leiðbeinandi reglur um framkvæmd verðtryggingar, svo sem tengingu við skráð gengi erlends gjaldmiðils eða viðurkennda vísitölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1979.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 58 1960, með síðari breytingum, og lög nr. 71 1966, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Seðlabankinn tilkynnir hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um breytilega vexti, t.d. hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Greinargerð.

Fulltrúar sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fluttu í des. s.l. breytingartillögu við frv. til laga um breyting á lögum nr. 10 20. mars 1961, um Seðlabanka Íslands. Frv. þetta er efnislega samhljóða breytingartillögunni, sbr. þingskjal 177. Henni fylgdi nefndarálit á þingskjali 176. Í því segir í nær óbreyttri mynd eftirfarandi:

„Lagt er til að Seðlabankinn ákveði einungis vexti af útlánum sínum og innlánum, svo og önnur kjör þeirra, auk hæstu leyfilegu dráttarvaxta af vanskilaskuldum. Með því að jafnframt eru felld úr gildi lög um (bann við) verðtryggingu fjárskuldbindinga frá 1966 og okurlögin frá 1960 verður bönkum og sparisjóðum frjálst að ákveða kjör innlána sinna og útlána. Enn fremur geta einstaklingar samið um verðtryggingu fjárskuldbindinga án afskipta Seðlabankans. Eðlilegt er að Seðlabankinn miði dráttarvexti við þau kjör sem innlánsstofnanir ákveða.

Með þessu móti er stórlega dregið úr opinberum afskiptum af verðmyndun á peningamarkaði og frjáls sparifjármyndun mun aukast.

Eðli málsins samkvæmt hlýtur sú gagngera breyting, sem hér er lögð til, að krefjast margvíslegra umbóta á öðrum sviðum, einkum að því er varðar verðlagsmál, gjaldeyris- og skattamál.

Frjáls verðmyndun og virk samkeppni á peningamarkaði þurfa að fylgjast að. Gjaldeyrisviðskipti ættu einnig að verða greiðari og allir bankar og sparisjóðir að geta fengið leyfi til að versla með erlenda mynt. Gengisuppfærsla birgða ætti að vega á móti gengistryggingu afurðalána.

Þótt hér sé lagt til að fella niður lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., er æskilegt, að hluti laganna, a.m.k. 7. gr., haldist áfram í lögum. Æskilegt er, að framkvæmd þeirrar nýskipunar, sem hér um ræðir, gerist í nokkrum áföngum. Um þetta hafa ekki verið sett ákvæði í frv., enda eðlilegt, að viðskiptabankar, sparisjóðir og Seðlabanki hafi samráð um hvernig þessu skuli háttað.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að Seðlabankinn tilkynni hverjir séu vextir af fjárskuldbindingum þar sem fyrir gildistöku laganna eru ákvæði um hreyfanlega vexti, svo sem hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti.

Verðbólga hefur verið mun meiri hér á landi en í nálægum löndum undanfarna áratugi. Á allra síðustu árum hefur verðbólgan verið hér fimmföld á við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Rætur verðbólgunnar eru margslungnar en ekki fer á milli mála að snar þáttur verðhækkana, beint og óbeint, er misvægi á peningamarkaði. Vextir eða ígildi þeirra eru eins og hvert annað vöruverð. Því betri sem ávöxtunarkjör eru þeim mun meiri er frjáls sparifjármyndun. Því ódýrara sem lánsfé er í raunverulegum verðmætum þeim mun meiri ásókn er í lán. Við bætist í óðaverðbólgu spákaupmennska og enn meiri ásókn í lánsfé en ella og flótti sparifjár yfir í eignir sem síður rýrna að verðgildi í verðbólgunni.

Við þessar aðstæður verða vextir afstætt hugtak og orð eins og okurvextir missa merkingu sína. Bann við verðtryggingu höfuðstóls eða tengsl hans við skráð gengi jafngildir eignaskerðingu hjá lánveitanda og samsvarandi eignaauka hjá lántaka. Handahófskenndar og óréttlátar tilfærslur verða milli manna. Margir halda að þeir séu að græða þegar þeir eru í reynd að tapa og þjóðin sem heild getur ekki hagnast á slíkum eignabreytingum.

Afleiðingar þess kerfis, sem við búum við í peningamálum, lýsa sér skýrt og með afdrifaríkum hætti.

Frjáls sparifjármyndun hefur á fáum árum dregist saman um meira en þriðjung miðað við þjóðarframleiðslu þótt hægt hafi á hruninu við upptöku vaxtaaukareikninga. Er talið að sparifjármyndun í bönkum og sparisjóðum væri 70 milljörðum króna hærri nú ef allt væri með felldu. Sala spariskírteina vegur þar nokkuð á móti.

Frjáls verðmyndun á peningamarkaði tryggir hagkvæmasta ráðstöfun fjár. Þótt fjárfesting hafi aukist verulega á síðustu tveimur áratugum er hagvöxtur hægari en áður. Verðbólgan hefur þannig læðst inn um bakdyrnar og ýtt undir óhagkvæma fjárfestingu og valdið lakari lífskjörum en ella.

Eigið fé fjárfestingarlánasjóða hefur rýrnað þrátt fyrir 13–15 milljarða króna bein framlög á fáum árum. Afurðalán eru komin 9–10 milljarða króna fram úr bundnu fé í Seðlabankanum og er þá hætt að tala um þann tilgang bindiskyldunnar að standa að baki gjaldeyrisvarasjóði.

Erlend lán hafa verið tekin í stórum stíl þar sem fjárfesting hefur verið meiri en innlendur sparnaður. Peningastofnanir eru skömmtunarskrifstofur og hafa ekki tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Reynslan bæði hér og annars staðar sýnir að lánastofnunum fjölgar við þessar aðstæður þar sem ýmsir hagsmunaaðilar reyna að tryggja sér ákveðinn hluta fjármagnsins. Ríkissjóður hefur skapað sér forgang á markaðnum með útgáfu verðtryggðra spariskírteina sem innlánsstofnanir hafa ekki fengið að keppa við. Einnig hefur þvingaður sparnaður gegnum skattakerfið aukist. Séu þær aðstæður, sem ríkt hafa hér á landi á sviði peningamála, bornar saman við skipan mála í öðrum ríkjum Norðurlanda og víðar kemur í ljós að innlánsstofnanir njóta hér, andstætt því sem þar gerist, einskis frelsis í ákvörðun lánskjara, en Seðlabankinn ákveður alla vexti lögum samkvæmt. Yfirleitt ákveður seðlabanki viðkomandi lands einungis sína eigin vexti, svo sem forvexti og vexti á yfirdrætti, og hefur áhrif á vexti að öðru leyti með kaupum og sölu skuldabréfa o.fl. Í sjálfu sér hefur Seðlabanki Íslands heimildir í lögum til að beina peningamarkaði hérlendis í þennan farveg. Hefur komið fram í ársskýrslu hans að hann telur það beinlínis æskilegt.

Sú lýsing, sem gefin hefur verið á íslenska peningamarkaðnum, sýnir að í óefni er komið og finna verður leiðir til að rata út úr ógöngunum.

Þegar bann við verðtryggingu fjárskuldbindinga eða viðmiðun þeirra við skráð gengi erlends gjaldmiðils er fellt úr gildi hljóta verðtryggðar fjárskuldbindingar að ryðja sér til rúms. Innlánsstofnanir laga sig að breyttum aðstæðum, t.d. að því er varðar verðtryggingu

eða gengisbindingu lána til ákveðins tíma og vexti af skammtímalánum. Sparisjóðir geta sérhæft sig í innlánum og útlánum til langs tíma. Sú innlánsstofnun, sem best er rekin, getur boðið best innlánskjör.

Rétt er að taka fram að frv. tekur ekki til innlána og útlána fjárfestingarlánasjóða sem um gilda sérstök lög. Þegar fram í sækir hlýtur þó að verða samræmi á hinum ýmsu sviðum fjármagns- og peningamarkaðarins, nema þar sem um beina félagslega þjónustu er að ræða. Í reynd er tenging við verðvísitölu eða gengi komin til framkvæmda í mörgum fjárfestingarlánasjóðum.

Með nýbreytni þessari getur lánstími lengst og árleg greiðslubyrði orðið minni í upphafi og jafnari en nú er, en lánsfjárskorturinn hefur einmitt lýst sér í stuttum lánstíma og þungum afborgunum í upphafi. Þetta gildir einnig um vaxtaaukalán eins og framkvæmd er nú háttað. Telja má víst að fasteignir lækki í verði þar sem verðtryggð skuldbinding er meira virði í verðbólgunni en krafa með föstu nafnverði. Hyrfi þar með úr sögunni hin fráleita regla sem bannar að semja um kjör fjárskuldbindinga er miðist við verðbólgustig á hverjum tíma, en síðan má kaupa og selja kröfurnar með afföllum, jafngildum vöxtum, sem óheimilir eru samkvæmt okurlögum.

Lán til íbúðarbygginga hækka með meira framboði lánsfjár. Eðlilegt er að veita sérstök lánakjör þeim sem eru að eignast húsnæði í fyrsta sinn.

Atvinnuvegirnir fá aðgang að meira lánsfé en áður og greiðslubyrði verður léttari í upphafi og jafnari.

Eðlilegt er að afurðalán útflutningsatvinnuvega miðist við gengisskráningu á hverjum tíma en fyrirtækin haldi jafnframt gengisuppfærslu birgða. Með þeirri eflingu frjáls sparnaðar, sem verður, er unnt að veita afurðalán og önnur birgðalán af innlendu sparifé, sem væri gengistryggt, í stað þess að taka erlend lán í því skyni.

Með tímanum yrði hægt að tengja gengistryggða reikninga að hluta eða öllu leyti innlausn í gjaldeyri og skipan gjaldeyrismála kæmist þannig í eðlilegt horf.

Þessi grundvallarbreyting á skipan peningamála er forsenda þess að takast megi að vinna bug á verðbólgu, örva atvinnulíf, auka arðsemi og bæta þar með þjóðarhag. Þetta er leiðin til að treysta gjaldmiðilinn og nauðsynlegur undanfari myntbreytingar."

Nokkrar breytingar hafa orðið á vaxtamálum á undanförnum mánuðum, eða frá því í desember s.l. þegar nefndarálit það var samið sem hér hefur verið vitnað til.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum hefur verið heimilað að taka á móti sparifé inn á vaxtaaukareikninga til þriggja mánaða. Þá hafa afurðalán í sjávarútvegi verið gengistryggð. Hvort tveggja nýmælið er í samræmi við tilgang þessa frv., en betur má ef duga skal.

Einnig hafa nýlega verið samþykktar með lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., ýmsar breytingar á lögum um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Er þar sumt til bóta, en annað varhugavert. Flutningsmenn þessa frv. telja að með því sé gert ráð fyrir mun sveigjanlegra og haldbetra kerfi í vaxtamálum og verðtryggingarmálum en skv. hinum nýju lögum.

Samhliða frv. þessu eru flutt frumvörp um lagabreytingar sem því tengjast. Er þar um að ræða frv. til laga um flýtingu á gildistöku ákvæða nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og frv. til laga þess efnis að 7. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., sem falla niður skv. frv. þessu, komi aftast í lög nr. 7 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Sþ. 457. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um skólasel.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Helgi Seljan, Kolbrún Jónsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórður Skúlason, Kristín S. Kvaran, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að sjá til þess að skólaseljum, þ.e. útibúum frá aðalskólum fyrir yngstu bekki grunnskóla, verði komið á fót þar sem þeirra er þörf. Stefnt skal að því að engin börn innan 10 ára aldurs þurfi að dveljast í heimavist á næsta skólaári.

Greinargerð.

Í 4. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, segir svo:

„Í strjálbýli skal stefnt að heimanakstri nemenda, þar sem honum verður við komið vegna vegalengda, vegakerfis og veðurfars. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs að koma á fót útibúum frá aðalskóla skólahverfis fyrir 7–10 ára börn, þar sem heimanakstri til aðalskóla verður ekki við komið.“

Þrátt fyrir þessa lagaheimild hafa aðeins fá slík útibú verið stofnsett og starfrækt hér á landi til þessa. Enn þurfa ótrúlega mörg börn að dveljast um lengri eða skemmri tíma fjarri heimilum sínum vegna lögboðinnar skólagöngu.

Á yfirstandandi skólaári þurfa 459 nemendur á aldrinum 7–12 ára að dveljast í heimavist, þar af 180 börn á aldrinum 7–9 ára. Dvalartími er mislangur, 7–24 vikur hjá yngri börnunum, en 16–30 vikur samtals hjá þeim eldri. Þessar upplýsingar koma fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn fyrr á þessu þingi, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal.

Vafalaust eru ýmsar ástæður fyrir því að ekki hafa verið stofnsett fleiri skólasel þrátt fyrir ótvíræða heimild í lögum. Ljóst er af orðalagi greinarinnar að fræðsluráð viðkomandi staða ráða mestu um framkvæmdina. Fyrst og fremst hljóta það þó að vera foreldrarnir sem knýja á um aðgerðir og víst er að það hefur ekki alls staðar verið auðsótt mál. Auk þess hafa flutningsmenn þessarar tillögu ríka ástæðu til að ætla að mörgum foreldrum sé allsendis ókunnugt um þennan möguleika til úrlausnar og hafi því ekki reynst sá þrýstihópur sem virðist þurfa til.

Rökin, sem heyrst hafa gegn skólaseljum, hafa einkum verið þau að rekstur þeirra sé of kostnaðarsamur, þau verði alltaf illa búin námsgögnum vegna þess hve nemendur eru fáir og erfitt sé að fá kennara til að taka að sér kennslu í skólaseljum. Að mati flutningsmanna eru þessi rök léttvæg miðað við þann ávinning sem skólaselin hafa í för með sér og engin afsökun fyrir því að nýta ekki þessa lagaheimild.

Ekki þarf stofnun skólaselja alls staðar að vera svo mikið fyrirtæki þar sem víða má nýta lítt notað húsnæði, svo sem félagsheimili eða sveitaheimili þar sem aðstæður hafa breyst og rýmkast um. Kennsla í yngstu bekkjum grunnskóla krefst ekki svo mikilla gagna að það geti á nokkurn hátt verið hindrun í vegi fyrir stofnun skólaselja. Erfiðast kann að vera að fá kennara til starfa en það er gömul saga sem á rætur sínar í ómaklegum kjörum þeirrar stéttar sem við treystum fyrir uppfræðslu og að hluta til uppeldi barnanna okkar.

Allt of mikið er horft í kostnað þegar börn eiga í hlut en of lítið skeytt um sálarheill þeirra. Þótt bernskuárin séu orðin fjarlæg ætti hver og einn fullorðinn að geta sett sig í spor

foreldris sem verður að láta frá sér 7–12 ára barn sitt vikum saman og veit oft lítið hvað það má reyna. Aðstæður í heimavist eru yfirleitt gjörólíkar því sem barnið hefur vanist á heimili sínu og viðbrigðin gífurleg. Slík reynsla getur haft varanleg áhrif á viðkvæma barnssál, og áreiðanlega frekar til hins verra.

Skólastjórar, kennarar og umsjónarmenn heimavista bera mikla ábyrgð sem misjafnlega gengur að axla. Börnin eru líka eins misjöfn og þau eru mörg og ekki þarf nema einn gikk til að skapa illviðráðanleg vandamál í heimavist. Í raun ætti ekki að þurfa að bjóða nokkru barni undir 12 ára aldri upp á það að dveljast langdvölum í heimavist fjarri foreldrahúsum. Að fyrirmynd grunnskólalaganna eru mörkin í tillögu þessari sett við 10 ára aldurinn. Sjálfsagt er þó að stefna að því á allra næstu árum að börn innan 12 ára þurfi ekki að dveljast í heimavist.

Enda þótt lagaheimildin virðist gera ráð fyrir að frumkvæði að stofnun skólaselja komi frá fræðsluráðum er ábyrgðin hjá menntamálaráðuneyti og því eðlilegt að það taki nú af skarið um að koma á fót skólaseljum þar sem þeirra er þörf. Flutningsmönnum er ljóst að þrátt fyrir tvímælalausan rétt foreldra og barna um allt land eru aðstæður sums staðar slíkar að ekki er unnt að framfylgja markmiðum þessarar tillögu. En lögð skal áhersla á að leitað verði ýtrustu leiða til verulegra úrbóta.

Í þjóðfélagi nútímans, sem menn vilja kenna við velferð, er með öllu óverjandi að bjóða 180 börnum undir 10 ára aldri að þurfa að dveljast langdvölum í heimavist. Núverandi ástand, þar sem eingöngu er um heimavist að ræða, minnir einna helst á fráfærurnar í gamla daga, nema hvað nú eiga ekki ær og lömb í hlut heldur foreldrar og börn.

Fylgiskjal.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Kristínar Halldórsdóttur um útibú frá aðalskóla o.fl.

1. Útibú frá aðalskóla eru alls 7.
2. Alls 180 nemendur á aldrinum 7-9 ára dveljast í heimavistum á yfirstandandi skólaári.
   Dvalartími er 7-24 vikur samtals.
   Á aldrinum 10-12 ára dveljast 279 nemendur í heimavistum.
   Dvalartími er 16-30 vikur samtals.

Viðauki.

1. Skólasel – útibú frá aðalskóla.

Aðalskóli.	*Útibú.*
Vesturlandsumdæmi:	
Laugaskóli í Dölum.	Útibú í Saurbæjarhreppi.
Vestfjarðaumdæmi:	
Grunnsk. á Ísafirði.	Útibú í Hnífsdal.

Norðurlandsumdæmi vestra:	
Laugabakkaskóli.	Víðihlíð í Þorkelshólshreppi.
Húnavallaskóli.	Flóðvangur í Vatnsdal.
	Fremstagil í Langadal.
Norðurlandsumdæmi eystra:	
Grunnsk. í Skútustaðahreppi.	Reykjahlíð.
Austurlandsumdæmi:	
Hallormsstaðaskóli.	Mýrar í Skriðdal.

2. Fjöldi nemenda í heimavist.

	7 ára	*8 ára*	*9 ára*	*10 ára*	*11 ára*	*12 ára*	*Alls*	*Dvalartími í vikum*
Vesturlandsumdæmi:								
Varmalandsskóli	13	18	13	9	19	17	89	9–30
Laugargerðisskóli	4	3	5	8	4	5	29	16–30
Laugaskóli í Dölum	5	6	9	11	12	15	58	20–23
Vestfjarðaumdæmi:								
Grunnsk. í Geirdalshreppi	1	3	2	2	3		11	15–24
Reykholtskóli	1		1	2	2	3	9	24–30
Grunnsk. í Rauðasandshreppi						4	4	28
Grunnsk. í Reykjanesi	2	4	4	4	2	2	18	7–22
Finnbogastaðaskóli	4	3	4	3	1	1	16	14–16
Norðurlandsumdæmi vestra:								
Laugabakkaskóli				2	4	2	8	30
Varmahlíðarskóli			1	1	1	2	5	30
Norðurlandsumdæmi eystra:								
Húsabakkaskóli	8	3	5	6	5	7	34	22–30
Stórutjarnaskóli				4	10	8	22	30
Grunnsk. í Bárðardal	5	3	2	8	3	3	24	
Hafralækjarskóli	2	1		1	2	2	8	29–30
Grunnsk. í Skúlagarði	2	2	5		2		11	30
Austurlandsumdæmi:								
Grunnsk. á Vopnafirði			4	5	2	2	13	29
Brúarásskóli	1	3		4	1	3	12	17–27
Skjöldólfsstaðaskóli	1	2	3	3	6	5	20	16–27
Grunnsk. á Eiðum	4	4	5	5	7	3	28	15–29
Hallormsstaðaskóli			4	6	6	8	24	29
Suðurlandsumdæmi:								
Kirkjubæjarskóli			4	3		2	9	30
Ljósafossskóli	1			3	1		5	20–30
Samtals	**54**	**55**	**71**	**90**	**93**	**96**	**459**	

Sþ. 458. Fyrirspurn [230. mál]

til fjármálaráðherra um aukastörf embættismanna og störf þeirra í þágu eigin atvinnurekstrar.

Frá Kristínu S. Kvaran.

1. Hvernig er af hálfu ráðuneyta gengið úr skugga um að fullnægt sé lagaákvæðum um aukastörf starfsmanna ríkisins, sbr. 34. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins?
2. Er algengt að embættismenn gegni öðrum launuðum störfum, í þágu ríkisins, hjá einkaaðilum eða við eigin atvinnurekstur?
3. Ef svo er, í hvers konar tilvikum og hvernig reynist slíkt geta átt sér stað án þess að vanrækslu valdi eða ósamrýmanlegt sé stöðu embættisins og þeim störfum er henni fylgja?

Sþ. 459. Fyrirspurn [231. mál]

til samgönguráðherra um nýtingu mötuneytis Póst- og símamálastofnunarinnar í Thorvaldsensstræti.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

Hvaða afstöðu hefur ráðherra til þeirrar hugmyndar að gera núverandi mötuneyti Póst- og símamálastofnunar í Thorvaldsensstræti að tónlistar- og leikhúsi í hjarta Reykjavíkur?

Nd. 460. Frumvarp til laga [232. mál]

um talnagetraunir.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Íþróttasambandi Íslands (ÍSÍ), Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) leyfi til þess að starfrækja saman, í nafni félags, sem samtök þessi munu stofna, getraunir, er fram fara með þeim hætti, að á þar til gerða miða er skráð eða valin röð talna og eða bókstafa.

Heimild þessi gildir til ársloka 2005.

2. gr.

Félagi því, sem starfrækir getraunir samkvæmt 1. gr., skal stjórnað af fimm manna stjórn, er skipuð skal til eins árs í senn. Skipar Íþróttasamband Íslands tvo, Öryrkjabandalag Íslands tvo og Ungmennafélag Íslands einn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Aðilar skipa formann til skiptis, tvö ár í senn, samkvæmt samkomulagi aðila, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Að öðru leyti gera aðilar með sér samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfestir, um rekstur félagsins, þar á meðal um ábyrgð á rekstri þess og skiptingu ágóða.

3. gr.

Gjald fyrir þátttöku í getraununum (miðaverð) ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum frá stjórn félagsins.

4. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum frá stjórn félagsins, fjárhæð vinninga, annaðhvort sem hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Ágóða af getraunastarfseminni skal varið til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands, og til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir örykja á vegum Öryrkjabandalags Íslands eða til að standa undir annarri starfsemi bandalagsins í þágu öryrkja.

6. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um getraunastarfsemina, að fengnum tillögum stjórnar félagsins, og hefur að öðru leyti eftirlit með starfsemi þess.

7. gr.

Óheimilt er öðrum en framangreindu félagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands að starfrækja getraunir með þeim hætti sem um ræðir í 1. gr.

Heimild Íslenskra getrauna til að starfrækja talnagetraunir samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., sbr. 10. gr. laga um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, fellur niður á meðan heimild samkvæmt lögum þessum er í gildi.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Öryrkjabandalags Íslands um rekstur getrauna, er fram fara með þeim hætti að þátttakendur skrá eða velja röð talna eða bókstafa. Hafa samtök þessi gert með sér samkomulag um stofnun félags um slíkan rekstur og sótt um heimild til hans.

Gert er ráð fyrir því að vinningar í getraunum þessum verði greiddir út í peningum. Samkvæmt lögum um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur), nr. 6/1926, er óheimilt án lagaheimildar að setja á stofn „peningahappdrætti eða önnur því lík happspil.“ Í lögum um getraunir, nr. 59/1972, er félaginu Íslenskum getraunum veittur einkaréttur til að starfrækja talnagetraunir.

Frumvarpið felur í sér heimild til að veita áðurnefndum samtökum rétt til að reka slíka getraunastarfsemi til eflingar íþróttum og starfsemi Öryrkjabandalagsins. Kveður frumvarpið á um nokkur atriði þessa en að öðru leyti er gert ráð fyrir því að um reksturinn og starfsemina fari eftir samkomulagi samtakanna þriggja og reglugerð.

Samtökin hafa gert með sér drög að samkomulagi um stofnun félags til reksturs talna- og eða bókstafagetrauna. Er þar kveðið á um stjórn félagsins, eignaraðild, ábyrgð og

skiptingu ágóða o.fl., þar sem gert er ráð fyrir þeirri meginreglu að ágóði skiptist þannig að til íþróttahreyfingarinnar renni 60% (ÍSÍ 46.67%, UMFÍ 13.33%) en til Öryrkjabandalagsins 40%. Ekki er gert ráð fyrir aðild íþróttanefndar ríkisins eða íþróttasjóðs að þessari starfsemi svo sem nú er um starfsemi Íslenskra getrauna samkvæmt lögunum um getraunir, nr. 59/1972.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér heimild til að veita Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands leyfi til þess að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir. Heimild til talnagetrauna er nú í höndum Íslenskra getrauna, sbr. 2. gr. laga um getraunir, og er gert ráð fyrir því að sú heimild falli niður meðan heimildin sem í frumvarpinu felst er í gildi, sbr. 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins.

Lagt er til að heimildin verði tímabundin. Vegna mikils kostnaðar við stofnun getraunanna er gert ráð fyrir því að heimild til starfrækslunnar gildi í 20 ár.

Um 2. gr.

Samkomulag er milli aðila um fyrirkomulag á stjórn félags þess sem ætlað er að starfrækja getraunirnar, þannig að Íþróttasamband Íslands og Öryrkjabandalag Íslands tilnefni hvort um sig tvo menn í stjórn, en Ungmennafélag Íslands einn. Jafnframt er samkomulag um að samtökin skiptist á um að skipa formann, tvö ár í senn, og að Öryrkjabandalagið skipi formann í fyrsta skipti.

Um rekstur getraunastarfseminnar er gert ráð fyrir að aðilar geri samkomulag, sem dómsmálaráðherra staðfesti. Þar verði m.a. kveðið á um ábyrgð á rekstrinum og skiptingu ágóða. Er miðað við það að aðild ÍSÍ verði 46.67%, ÖBÍ 40% og UMFÍ 13.33%. Þó er gert ráð fyrir því að starfræktar verði aukagetraunir („aukapottur“) samhliða sjálfri talnagetrauninni, þar sem vinningar verði fyrir fram fastákveðnar fjárhæðir, og skiptist ágóði þar þannig að ÖBÍ hljóti 60%, ÍSÍ 31.13% og UMFÍ 8,87%.

Um 3. gr.

Greinin er í samræmi við það sem gildir um happdrætti almennt, þar á meðal um getraunastarfsemi.

Um 4. gr.

Lagt er til að ráðherra kveði á um fjárhæð vinninga, annaðhvort það hlutfall af heildarsöluverði miða hverju sinni, sem varið skal til vinninga, eða fjárhæð einstakra vinninga. Sem meginregla er í upphafi miðað við það að a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða hverju sinni verði varið til vinninga, og er þá mikill fyrirsjáanlegur stofnkostnaður hafður í huga. Auk þessa er gert ráð fyrir því að við starfrækslu aukagetrauna („aukapotts“) samhliða megingetraununum verði vinningar fastar fjárhæðir ákveðnar fyrir fram. Þykir því ekki fært að lögfesta nánari ákvæði um vinningshlutfall eða fjárhæð vinninga en hér er lagt til.

Síðari málsgreinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um það í hvaða skyni ágóða af starfrækslu getraunanna skuli varið, þ.e. annars vegar til eflingar íþróttum á vegum áhugamanna um íþróttir í landinu í félögum innan vébanda ÍSÍ og UMFÍ og hins vegar til að greiða stofnkostnað við íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja á vegum ÖBÍ eða til að standa undir annarri starfsemi þess í þágu öryrkja. Um skiptingu ágóðans milli samtakanna vísast til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir því að um sjálfa starfsemi getraunanna verði kveðið nánar í reglugerð sem dómsmálaráðherra setur, svo og að hann hafi að öðru leyti eftirlit með starfseminni.

Um 7. gr.

Ákvæðinu er ætlað að tryggja rétt samtakanna til getraunastarfseminnar, þannig að öðrum verði óheimilt að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir með þeim hætti sem greinir í 1. gr. frumvarpsins. Ákvæðið svarar til ákvæðis í 10. gr. laga um getraunir.

Samkvæmt 2. gr. laga um getraunir er Íslenskum getraunum veittur réttur til að starfrækja talnagetraunir, og er öðrum óheimilt að starfrækja slíka starfsemi, sbr. 10. gr. laganna. Lagt er til að þessi heimild falli niður á meðan í gildi er heimild til talna- og bókstafagetrauna samkvæmt 1. gr. frumvarpsins.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 461. Fyrirspurn [233. mál]

til viðskiptaráðherra um skiptingu útflutningsverðmætis eftir kjördæmum.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hvernig skiptist útflutningsverðmæti s.l. þriggja ára eftir kjördæmum (miðað við framleiðslustað):
   a. útflutningsverðmæti áls, járnblendis og kísilgúrs,
   b. verðmæti annars útflutnings?
2. Hvert er útflutningsverðmæti á hvern íbúa, skipt eftir kjördæmum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 462. Fyrirspurn [234. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði.

Frá Guðmundi Einarssyni.

1. a. Hversu háar voru greiðslur daggjalda frá hinu opinbera til heilsuhælis NLFÍ í Hveragerði s.l. 5 ár (sundurliðun eftir árum)?
   b. Hversu miklum fjárhæðum námu aukagjöld sem tekin voru af vistmönnum á sömu árum?
   c. Hve hátt er nú daggjald fyrir hvern vistmann?
   d. Hve hátt er nú aukadaggjald fyrir hvern vistmann?
   e. Hefur daggjaldanefnd fengið reikninga hælisins til hliðsjónar þegar daggjöld hafa verið ákveðin s.l. 5 ár?
2. Hver er nú leyfilegur fjöldi vistmanna skv. rekstrarleyfi, sbr. 26. og 27. gr. l. nr. 59/1983?

3. Hver er meðalfjöldi vistmanna skv. daggjaldagreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins?
4. Hafa heilbrigðisyfirvöld notað rétt sinn til eftirlits skv. 28. gr. l. nr. 59/1983? Ef svo er, hefur það eftirlit náð jafnt til heilsugæslu og rekstrarþátta, svo sem bókhalds?
5. Hafa heilbrigðisyfirvöld fylgst með starfsemi Náttúrulækningafélags Íslands, sem er eigandi hælisins, að því er varðar rekstur þess á hælinu, svo sem boðun og starf landsþinga, val fulltrúa, reikningshald og kosningar í rekstrarstjórn hælisins?
6. Hvenær var síðast kosið í rekstrarstjórn hælisins, hverjir eiga þar sæti og hverjir eru varamenn?
7. Hverjir hafa verið löggiltir endurskoðendur hælisins frá 1980? Hafa þeir verið tengdir stjórnarmönnum vegna viðskipta eða skyldleika?
8. Hverjir hafa verið yfirlæknar hælisins frá 1980 til þessa dags, hvenær hafa þeir verið ráðnir, hvenær hafa þeir gegnt störfum og hvaða sérfræðingsréttindi hafa þeir haft?
9. Voru nýlegar umsóknir um stöðu hjúkrunarforstjóra hælisins lagðar fyrir hjúkrunarráð, skv. 4. mgr. 31. gr. l. nr. 59/1983?
10. Hefur ráðuneytinu borist þróunar- og rekstraráætlun frá hælisstjórn, skv. 5. mgr. 30. gr. l. nr. 59/1983, og ef svo er, hefur slík áætlun verið staðfest í ráðuneytinu?
11. Lítur ráðuneytið svo á að reglugerð nr. 452/1978 fyrir heilsuhæli NLFÍ, Hveragerði, sé enn í fullu gildi?
12. Telur ráðuneytið þörf á að athuga einstaka þætti í starfsemi hælisins eða rekstur þess í heild?
13. Telur ráðherra að auka þurfi eftirlit með þeim sjúkrastofnunum sem ekki eru í eigu ríkisins eða ekki starfræktar á þess vegum?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 463. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fullvinna og hrinda í framkvæmd áætlun um skipulag loðdýraræktar með hliðsjón af hagkvæmni í fóðuröflun, bústærð og stofnkostnaði.

Greinargerð.

Sá atvinnuvegur, sem hvað mest hefur vaxið á undanförnum árum, er loðdýrarækt. Eldi loðdýra er þó engan veginn nýtt í búskap á Íslandi. Þannig var refarækt nokkuð algeng á árunum um og fyrir heimstyrjöldina síðari og minkabú risu upp og lögðust af á árunum eftir stríðið. Aftur hófst minkarækt fyrir 1970, dróst mjög saman síðar en lognaðist þó aldrei út af. Uppgangur þessa atvinnuvegar hófst fyrir alvöru um 1980 og síðan hefur atvinnugreinin vaxið hratt. Í árslok 1981 voru loðdýrabúin um 30, snemma árs 1983 voru þau orðin yfir 100 og á s.l. ári töldust loðdýrabændur hátt í 200.

Það er eðlilegt að spurt sé hvað hefur valdið erfiðleikum loðdýraræktar hérlendis fyrr á árum. Mikil vitneskja um þessa búgrein liggur fyrir í nágrannalöndunum. Í fjölriti RALA nr. 112 vorið 1985 er að finna vísi að heilsteyptri þróunaráætlun fyrir loðdýrarækt, grunn sem tvímælalaust væri hægt að byggja á til sköpunar arðvænlegs atvinnuvegar í stað þeirra

tilviljanakenndu ákvarðana sem nú virðast ríkjandi. Það er vitað að ferskt, næringarríkt og rétt samsett fóður er eitt allra þýðingarmesta atriðið fyrir velgengni loðdýrabúa. Enn fremur er fóðurkostnaður ráðandi um afkomu búanna. Mikilvægustu áhrifaþættir í fóðurverði eru stofnkostnaður fóðurstöðva, framleiðslumagn og flutningskostnaður, þ.e. vegalengd frá fóðurstöð að búi. Hráefni til fóðurgerðar, fyrst og fremst fiskúrgangur, er enn sem komið er ódýrara hér heldur en í nágrannalöndunum, en fóðrið komið til loðdýrabóndans er víða orðið álíka dýrt og þar!

Það er ekki fyrirsjáanlegt að fiskúrgangur til fóðurgerðar á Íslandi þverri á næstunni þó að loðdýrafjöldinn margfaldist á næstu árum eins og ýmislegt bendir til. Þar með er ekki sagt að hann sé alls staðar jafnaðgengilegur. Það ætti því að tilheyra uppbyggingu loðdýraræktar, og fiskeldis reyndar líka, að nýting á fiskúrgangi til fóðurgerðar sé skipulögð jafnframt. Sums staðar er nær allur úrgangur fiskvinnslustöðva, eins og t.d. við utanverðan Eyjafjörð, nýttur til loðdýrafóðurs. Þá er í undirbúningi reglugerð sem skyldar frystitogara, sem vinna afla á sjó, til að hirða allan úrgang. En vissulega fer langstærstur hluti úrgangs frá fiskvinnslu enn forgörðum eða er nýttur í fiskmjöl sem ekki skilar nema broti af því verðmæti sem loðdýraræktin skapar úr sama magni fiskúrgangs.

Staðarval fyrir loðdýrabú er einnig mjög þýðingarmikið að ýmsu öðru leyti. Loðdýrabændur þurfa að styðjast hver við annan eins og aðrir bændur. Loðdýrin þurfa kyrrð og ró, einkum um gottímann. Mörg dæmi eru um stórtjón af völdum truflunar af umferð í lofti og á landi vegna nálægðar loðdýrabúa við umferðaræðar.

Þá eru það byggingar og búr fyrir loðdýr. Það er vitað hvernig byggingar henta á Norðurlöndum, en er það víst að gömul fjós og fjárhús henti svo vel? Um öll þessi atriði er til nokkur vitneskja, en hefur hún verið nýtt? Árið 1982 var t.d. skipuð nefnd til að vinna að skipulagi, uppbyggingu og fjármögnun fóðurstöðva. Lítið er vitað um tillögur þeirrar nefndar og enn er starfshópur að gera úttekt á málefninu. Svo mikið er víst að enn eru byggðar fóðurstöðvar, sín með hverju móti, skipulagslítið og af vanefnum. Afleiðingin verður of dýrt og ekki nógu vandað fóður. Alltof fáir vita nokkuð um það hvernig fóður á að vera samsett. Forráðamenn fóðurstöðva hafa sjaldnast haft aðstöðu til að afla sér þekkingar í fóðurfræði, flutninga- og geymsluvandamál eru leyst jafnóðum og þau koma upp; málunum bjargað á staðnum án skipulags.

Lánafyrirgreiðslan við loðdýraræktina hefur hingað til miðast við lán út á lífdýr. Þó er takmarkað hve mörg dýr hver búandi má hafa. Það er minna spurt um það hvar búið er, hvort það getur aflað sér fóðurs, hvernig húsakynnin eru, hvort það hefur yfirleitt nokkurn möguleika á að standa undir sér. Á meðan eru fóðurstöðvar sveltar hvað fjármagnsfyrirgreiðslu varðar og lítið hugsað um það hvort þær geta borið sig heldur. Sumar hafa afskaplega lítinn markað en auðvitað þarf lágmarksframleiðslu til að standa undir stofnkostnaði og mannahaldi.

Hvað viðvíkur fjármagnsfyrirgreiðslu var þó á s.l. ári gert ýmislegt til að þoka málum loðdýraræktar og fóðurstöðva áleiðis. Má þar nefna ákvæði í fjárlögum um niðurfellingu tolla og söluskatts af efni og vinnu til uppbyggingar atvinnugreinarinnar og svo auðvitað ákvæðin í lögum um framleiðslu, sölu og dreifingu á landbúnaðarvörum, um ráðstöfun fjár, sem farið hefur til útflutningsbóta, til uppbyggingar nýrrar atvinnustarfsemi í sveitum. Með breytingunni á jarðræktarlögunum var loðdýrarækt enn fremur veittur aukinn stuðningur.

Til þess að tryggja að það aukna fé, sem ætlað er til þessarar atvinnugreinar, komi að fullum notum og verði að því gagni sem löggjafinn hefur ætlast til þarf að hyggja sem gerst að öllum þáttum í skynsamlegri uppbyggingu loðdýraræktarinnar.

Ed. 464. Frumvarp til laga [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anbari, Lahcen, verkamaður í Reykjavík, f. 17. október 1957 í Marokkó.
2. Anderlová, Alena, arkitekt í Reykjavík, f. 21. janúar 1945 í Tékkóslóvakíu.
3. Boulter, John Andres, sjómaður í Reykjavík, f. 20. nóvember 1957 í Bandaríkjunum.
4. Fleckenstein, Randall Craig, kennslufræðingur í Reykjavík, f. 16. júní 1952 í Bandaríkjunum.
5. Hand, Patricia Isobel, skrifstofumaður í Vogum, Vatnsleysuströnd, f. 2. janúar 1939 í Ástralíu.
6. Hoeltje, Claudia, fiðluleikari í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Brasilíu.
7. Johnson, Stephen Robert, verkamaður á Höfn í Hornafirði, f. 22. október 1952 í Englandi.
8. Labidi, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 9. ágúst 1957 í Túnis.
9. Laskowska-Valsson, Janina, veitingahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 18. desember 1960 í Póllandi.
10. Lau Ming Loy, matsveinn í Reykjavík, f. 3. apríl 1956 í Malaysíu.
11. Marth, Ulrich Richard Wilhelm, forstjóri í Rangárvallasýslu, f. 23. desember 1920 í Þýskalandi.
12. Moestrup, Jörgen Ernst Grum, markaðsstjóri í Kópavogi, f. 28. ágúst 1944 í Danmörku.
13. Raiss Hammouch, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. nóvember 1954 í Marokkó.
14. Reid, Rosalind Johanna, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 27. febrúar 1950 í Englandi.
15. Slaughter, Jacqueline Mary, námsstjóri í Reykjavík, f. 23. september 1940 í Englandi.
16. Sævar Leifsson, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 5. júní 1951 í Reykjavík.
17. Vestergård, Súsanna Helen, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 6. september 1958 í Reykjavík.
18. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Reykjavík.
19. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn – ásamt því sem hann ber fyrir – er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt ef hann kýs heldur að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, þó þannig að umsækjandi nr. 16 fullnægir ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 5. ágúst 1986.

Nd. 465. Frumvarp til laga [237. mál]

um beytingu á lögum nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

45. gr. laganna falli niður og breytist númeraröð greina 46 og áfram í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi 45. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, fjallar um rannsóknarnefnd sjóslysa. Með frv. til laga, sem jafnhliða þessu frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi, er gerð tillaga um skipulagsbreytingar sem fela í sér, ef samþykkt verða, að fella þarf niður 45. gr. í lögum um eftirlit með skipum. Rétt þykir að gefa nefndinni frest til miðs árs 1986 til að ljúka þeim verkefnum, sem hún er að vinna að. Verði þeim ekki lokið þá flytjast þau til Siglingamálastofnunar ríkisins.

Nd. 466. Frumvarp til laga [238. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkvæmt lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu, sem Ísland er aðili að.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta, sem Ísland er aðili að.
5. Að ákveða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi. Birta niðurstöður rannsókna á sjóslysum árlega eða oftar, þegar sérstök ástæða þykir til.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða samkvæmt þeim í samræmi við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa og skýrslugerð um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.

10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf.
12. Að annast mál, er varða siglingalög og sjómannalög, að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál, sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni, varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda og skal einn þeirra vera staðgengill siglingamálastjóra.

Leita skal tillagna siglingamálastjóra og siglingamálaráðs um skipun í þessi störf. Siglingamálastjóri ræður annað fast starfsfólk samkvæmt ráðningarsamningi.

Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins, og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar siglingamálaráð.

Verkefni siglingamálaráðs skal vera:

1) Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálstofnunar ríkisins, svo og öðrum þeim málum, sem ráðsmenn eða siglingamálastjóri telja rétt að ráðið fjalli um.
2) Að fylgjast með tækniþróun mála í verkahring Siglingamálastofnunar ríkisins.
3) Að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum varðandi verkefni Siglingamálastofnunar ríkisins.
4) Að fjalla um niðurstöður úr rannsóknum sjóslysa og sjá um birtingu þeirra árlega eða oftar, ef sérstök ástæða þykir til. Samgönguráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar starfssvið ráðsins.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar 7 fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnarfélags Íslands.

Ef aðalmaður er fjarverandi, situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu, þótt aðalmaður sé á fundi, og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

Siglingamálaráð skal hafa aðsetur hjá Siglingamálastofnun ríkisins og situr siglingamálastjóri fundi hennar ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til, eða nefndin óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Siglingamálaráð skal kvatt saman svo oft sem þurfa þykir að mati formanns eða meiri hluta nefndarmanna eða ef siglingamálastjóri óskar eftir, en þó aldrei sjaldnar en sex sinnum á ári.

8. gr.

Aðalaðsetur Siglingamálastofnunarinnar skal vera í Reykjavík, en stofnunin skal hafa umdæmisskrifstofur á eftirtöldum stöðum: Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Reyðarfirði og Vestmannaeyjum.

Starfsemi Siglingamálastofnunarinnar, að því er varðar skoðun skipa, skal skiptast svo sem hér segir milli aðalskrifstofu og umdæmisskrifstofa:

Skrifstofan í Reykjavík annast almenna skipaskoðun og eftirlit í Reykjavík, Reykjanesi og Suðurlandsumdæmi að undanskildum Vestmannaeyjum.

Umdæmisskrifstofan í Stykkishólmi hefur sem eftirlitssvæði Vesturlandsumdæmi.

Umdæmisskrifstofan á Ísafirði hefur sem eftirlitssvæði Vestfjarðaumdæmi.

Umdæmisskrifstofan á Akureyri hefur sem eftirlitssvæði Norðurlandsumdæmi.

Umdæmisskrifstofan á Reyðarfirði hefur sem eftirlitssvæði Austurlandsumdæmi.

Umdæmisskrifstofan í Vestmannaeyjum annast eftirlit í Vestmannaeyjum.

Um allar sérstakar skoðanir og eftirlit þar sem nægileg sérfræðiþekking er ekki fyrir hendi hjá umdæmisskrifstofunum, skal leita til aðalskrifstofunnar í Reykjavík.

Yfirmaður hverrar umdæmisskrifstofu annast framkvæmd eftirlits í umdæminu undir yfirstjórn siglingamálastjóra.

9. gr.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi, hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það, sem þeim ber samkvæmt stöðu sinni.

Siglingamálastofnunin getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands til skyndiskoðana á skipum í höfnum og á hafi út samkvæmt nánari samkomulagi þessara aðila.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar, sem óskað er og starfið varða.

Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

10. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma siglingamálastjóra skal skipun núverandi siglingamálastjóra halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 22. janúar 1985 skipaði Matthías Bjarnason samgönguráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, og er frv. þetta flutt óbreytt frá tillögum hennar.

Í nefndina voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Friðrik Ásmundsson, skólastjóri, Guðjón A. Kristjánsson, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannafélags Reykjavíkur, og Halldór Ibsen, útgerðarmaður.

Nefndin hefur í störfum sínum byggt á tillögum að frumvarpi til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, sem skilað var til samgönguráðherra í febrúar 1981. Tillögurnar voru samdar af þriggja manna nefnd, sem í áttu sæti Ólafur S. Valdimarsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Hjálmar R. Bárðarson, þáverandi siglingamálastjóri, og Sveinn Hj. Hjartarson, hagfræðingur.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þessum tillögum, þótt þær myndi grundvöllinn að frumvarpsdrögum nefndarinnar.

Helstu breytingar, sem nefndin gerir tillögur um, eru að í stað rannsóknarnefndar sjóslysa komi sérstök ráðgjafarnefnd, sem í frumvarpinu er kallað siglingamálaráð, og komið verði á fót umdæmisskrifstofum fyrir Siglingamálastofnunina utan Reykjavíkur. Hér verður gerð sérstök grein fyrir þessum breytingum, en auk þeirra er um ýmsar veigaminni breytingar að ræða, sem gerð verður grein fyrir í athugasemdum með einstökum greinum frv.

Í 5., 6. og 7. gr. þessa frv. eru ákvæði um siglingamálaráð. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknarnefnd sjóslysa verði lögð niður, en það yrði gert með niðurfellingu á 45. gr. laga nr. 52/1970, um eftirlit með skipum, og hefur nefndin samið sérstakt frv. um það efni sem lagt er fram samhliða þessu frv. Jafnframt féllu niður orðin „í samstarfi við rannsóknarnefnd sjóslysa“ í 6. lið 2. gr. núgildandi laga um Siglingamálastofnunina, sbr. aths. við þá grein hér á eftir.

Hér má einnig minna á að í siglingalögum, sem samþykkt voru á Alþingi s. l. vor, er í 230. gr. gert ráð fyrir heimild til samgönguráðherra til „að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því, t. d. ef stórslys hefur orðið eða líkur benda til að rannsókn muni verða óvenju umfangsmikil.“

Þessi nýja nefnd tekur þannig að nokkru leyti að sér verkefni rannsóknarnefndar sjóslysa.

Nefndin vill þó sérstaklega taka fram að hún telur ekki rétt að leggja niður rannsóknarnefnd sjóslysa fyrr en gengið hefur verið frá skipun og reglugerð fyrir nýju nefndina.

Í tillögum nefndarinnar um siglingamálaráð er efnislega stuðst við hliðstætt ráð í danskri löggjöf sem heitir skipaeftirlitsráð (Skibstilsynsraad).

Lagt er til að í siglingamálaráði verði fulltrúar allra þeirra samtaka, sem í dag eiga aðild að rannsóknarnefnd sjóslysa, en þar eiga nú sæti fulltrúar frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands. Eins og áður segir telur nefndin sjálfgefið að þessir aðilar sem fulltrúar sjómanna almennt og fiskiskipaútgerðar eigi aðild að ráðinu.

Í samræmi við aukið verksvið ráðsins er lagt til að fulltrúar tvennra samtaka, sem ekki eru í rannsóknarnefnd sjóslysa, fái nú aðild að ráðinu, en það eru Félag dráttarbrauta- og skipasmiðja og Samband íslenskra kaupskipaútgerða. Starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins snertir verulega hvor tveggja þessi samtök og því er þessi tillaga gerð.

Loks er gert ráð fyrir að formaður ráðsins sé úr hópi embættismanna samgönguráðuneytisins og er það gert til að skapa betri og varanlegri tengsl samgönguráðherra og ráðuneytis hans við Siglingamálastofnunina og ráðið. Fyrir slíkri skipan mála eru nokkur fordæmi og hafa að mati nefndarinnar gefist vel.

Einnig er lagt til, að siglingamálaráð hafi aðsetur hjá Siglingamálastofnun ríkisins og að siglingamálastjóri sitji alla fundi hennar, eins og raunar sjálfsagt er, þó án atkvæðisréttar, en með málfrelsi og tillögurétti.

Með ofangreindum tillögum sínum um siglingamálaráð telur nefndin að eftirfarandi vinnist:

1. Núverandi starfssvið rannsóknarnefndar sjóslysa er víkkað.
2. Komið er í veg fyrir, að unnið sé að sömu verkefnum á fleiri en einum vettvangi.
3. Aukin tengsl myndast milli þeirra aðila, sem fulltrúa eiga í ráðinu, við Siglingamálastofnun ríkisins.

Að síðustu er rétt að undirstrika, að þessi breyting hefur ekki aukin útgjöld í för með sér frá því sem nú er.

Hin aðaltillaga nefndarinnar, þ. e. a. s. stofnsetning umdæmisskrifstofa hefur í för með sér verulega skipulagsbreytingu á starfsemi Siglingamálastofnunarinnar. Samkvæmt núgildandi lögum er gert ráð fyrir, að stofnunin hafi skrifstofu í Reykjavík (5. gr.), en landinu öllu síðan skipt í eftirlitssvæði (8. gr.) með skipaða eftirlitsmenn fyrir hvert svæði (9. gr.), en eftirlitssvæðunum er síðan skipt í skoðunarsvæði (10. gr.).

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir, að Siglingamálastofnunin hafi sem hingað til aðalaðsetur í Reykjavík, en á fimm stöðum utan hennar verði stofnaðar umdæmisskrifstofur, þ. e. í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Akureyri, á Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum.

Enda þótt hér sé um töluverða breytingu að ræða frá gildandi lögum, er hún ekki mikil í reynd. Með breytingunni er fyrst og fremst stefnt að aukinni hagræðingu og sparnaði. Eftirlitsmenn eru nú þegar starfandi á þessum stöðum, nema á Reyðarfirði, en aftur á móti er skipaeftirlitsmaður búsettur í Neskaupstað. Auk þess er sérstakur skipaskoðunarmaður á Akureyri og Fáskrúðsfirði. Loks er skrifstofuaðstaða fyrir hendi á Akureyri, en ekki á hinum stöðunum. Það er því fyrst og fremst um það að ræða að koma á fót sæmilegri aðstöðu á þessum stöðum fyrir 1–2 fastráðna skipaskoðunarmenn. Með þessari skipulagsbreytingu myndi það vinnast, að fastara form kæmist á skipaskoðun og eftirlit, sem yrði þá jafnframt virkara eftir en áður, enda bæru skipaskoðunarmennirnir verulega ábyrgð hver á sínu svæði.

Það er þó ljóst, að í ýmsum tilvikum þyrfti að leita eftir sérfræðiþekkingu til aðalskrifstofunnar í Reykjavík vegna sérstakra skoðana og eftirlits, og er það engin breyting frá því sem er í dag.

Rætt hefur verið mikið um það á undanförnum árum, að dreifa þyrfti starfsemi opinberra stofnana meira um landið en nú er. Ef einhverjar af þessum hugmyndum eru raunhæfar, á það ekki síst við um þær hugmyndir, sem hér eru settar fram.

Um breytingar frá gildandi lögum að öðru leyti vísast til athugasemda hér á eftir við einstakar greinar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í stað orðanna „ráðherra þess, sem fer með öryggismál skipa kemur: samgönguráðherra.

Um 2. gr.

Þær almennu breytingar eru gerðar á þessari grein um hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins, að felld eru niður ónauðsynleg ákvæði á einstökum stöðum, sem frekar eiga heima í reglugerð. Greinin á þannig að vera markvissari en áður. Í 11. lið gerir nefndin ráð fyrir að komi nýtt verkefni, sem Siglingamálastofnuninni hefur verið fengið síðan gildandi lög voru samin, en það er eftirlit með framkvæmd laga um kafarastörf.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum segir svo í 3. gr.: „Ráðherra sá, er fer með siglingamál, kveður með reglugerð nánar á um ...“. Slík reglugerð hefur aldrei verið sett og ekki víst að hennar sé þörf. Nefndin leggur því til, að greininni verði breytt í almennara form, þannig að samgönguráðherra hafi heimild til að setja slíka reglugerð, ef æskilegt kynni að verða síðar.

Um 4. gr.

Samkvæmt venju sem hefur verið að skapast undanfarin ár um skipun forstöðumanna ríkisstofnana til ákveðins tíma er hér gert ráð fyrir að siglingamálastjóri sé skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Jafnframt er þó sett bráðabirgðaákvæði í lögin um að skipunartími núverandi siglingamálastjóra haldi gildi sínu.

Fellt er niður skilyrði um að siglingamálastjóri skuli vera skipaverkfræðingur eða hafa aðra sambærilega menntun. Þar sem starf siglingamálastjóra er fyrst og fremst stjórnunarstarf samrýmist þetta ákvæði ekki nútímakröfum um stjórnendur stofnana.

Í greininni eru einnig ákvæði um að ráðherra skipi yfirmenn deilda og skuli einn þeirra vera staðgengill siglingamálastjóra, en stofnuninni skal skipt í deildir samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Fellt er niður ákvæði í núgildandi 6. gr. um að siglingamálastjóri eða aðrir sem eru í fullu starfi hjá Siglingamálastofnuninni megi ekki hafa á hendi störf sem ósamrýmanleg eru stöðum þeirra. Ákvæði um þetta er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmenna og óþarfi að endurtaka þau hér enda almennt ekki gert í hliðstæðum lögum.

Í núgildandi 7. gr. er ákvæði um að siglingamálastjóri skuli hafa sérfróða starfsmenn eftir nánari ákvörðun í reglugerð sem ráðherra setur. Þessi heimild hefur aldrei verið notuð og ekki þykir ástæða til þess að nota hana frekar en gert er við ráðningu sérhæfðs starfsliðs til stofnunarinnar.

Eins og fram kemur í almennu greinargerðinni er gert ráð fyrir, að stofnaðar verði umdæmisskrifstofur þar sem verði starfandi skipaskoðunarmenn í fullu starfi og verður þá ekki lengur þörf lausráðinna eftirlitsmanna, sem aðeins sinna eftirlitinu sem hlutastarfi. Hins vegar þykir nauðsynlegt að gefa siglingamálastjóra heimild til þess að tilnefna sérstaka trúnaðarmenn á stöðum, sem erfitt er að komast til vegna veðurfars eða erfiðra samgangna. Gætu þeir þá í brýnum tilvikum leyst af hendi verkefni, sem skipaskoðunarmenn ættu annars að sjá um. Nefndin leggur þó áherslu á að þessi heimild sé notuð eins takmarkað og frekast er unnt.

4. greinin svo breytt felur í sér, að 6. og 7. gr. í núgildandi lögum falla niður.

Um 5.–7. gr.

Um skýringar vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Um 8. gr.

Vísað er til almennu greinargerðarinnar.

Um 9. gr.

Núgildandi 16. gr. með smávægilegum orðalagsbreytingum, að öðru leyti en því að 2. mgr. er ný. Þar er raunverulega verið að lögfesta skipun sem þegar hefur komið til framkvæmda, en það er samstarf Siglingamálastofnunar og Landhelgisgæslu að skyndiskoðunum skipa, bæði í höfnum og á hafi úti.

Um 10.–11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 467. Fyrirspurn [239. mál]

til samgönguráðherra um fjárframlög til vegagerðar.

Frá Þórði Skúlasyni.

1. Hversu há voru fjárframlög til vegagerðar á árunum 1983–1985 og hvert er áætlað fjárframlag 1986:
   a. í krónum talið,
   b. sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?
2. Hverju nemur skerðingin sömu ár og áætluð skerðing 1986 miðað við langtímaáætlun í vegagerð frá árinu 1983?
3. a. Hversu háu hlutfalli af heildarsköttum af bensíni, þ.e. tollum, söluskatti og bensíngjaldi, hefur verið varið til vegamála á árunum 1983–1985 og hvert er áætlað að það hlutfall verði árið 1986?
   b. Hverju nemur skerðingin miðað við að 50% ofangreindra heildarskatta af bensíni renni til vegamála?
4. Hvert verður framkvæmdagildi vegafjár til nýframkvæmda í ár:
   a. miðað við árin 1983–1985,
   b. miðað við vegáætlun samþykkta í maí 1985?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 468. Frumvarp til laga [240. mál]

um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Fyrirsögn laganna hljóði svo:
Lög um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein er verði 12. gr. og breytist töluröð annarra greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:

1. Eignarnámsbætur fyrir land eða fasteignaréttindi tengd landi skal ákveða á grundvelli þeirrar notkunar sem landið er í þegar umsókn um eignarnám er lögð fyrir viðkomandi ráðuneyti eða annan samþykktaraðila. Sé ekki þörf slíks samþykkis skal miða við þá notkun sem landið er í þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola.
2. Við ákvörðun eignarnámsbóta skal ekki taka tillit til möguleika á hækkun landverðs í framtíðinni. Ekki skal heldur taka tillit til þess hversu mikið eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn að greiða fyrir eignina ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.
3. Ekki skal taka tillit til verðbreytinga sem rekja má til eignarnámsins né heldur verðbreytinga sem leiðir af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámið.

4. Ef mat skv. 1., 2. og 3. tölul. leiðir til lægri niðurstöðu en almennt gildir um hliðstæðar landareignir eða fasteignaréttindi tengd landi á viðkomandi svæði, miðað við venjulega notkun þeirra, skal taka tillit til þessa aukna verðmætis að svo miklu leyti sem sanngjarnt er og ákvæði 5. og 6. tölul. eiga við.
5. Þegar metið er hvort landareign eða fasteignaréttindi tengd landi, sem fjallað er um í 4. tölul., hafi öðlast aukið verðmæti eiga við ákvæði 3. tölul. Ekki skal annars taka tillit til verðmætisaukningar lands á viðkomandi svæði sem á rætur að rekja til ráðagerða hins opinbera um landnytjar eða ráðgerðra framkvæmda af hálfu opinberra aðila, og eftir því sem sanngjarnt má teljast gildir þetta einnig um verðmætisaukningu vegna þess sem þegar hefur verið framkvæmt.
6. Því aðeins er tekið tillit til verðmætisaukningar að sú notkun, sem verðmætisaukningin á rætur að rekja til, sé í samræmi við samþykkt skipulag á því svæði sem tekið er eignarnámi.
7. Að því er varðar mat á byggingum og öðrum mannvirkjum skal taka tillit til þess hver er eðlileg og sannanleg nýting mannvirkjanna miðað við aðstæður. 3. tölul. gildir eftir því sem við getur átt.
8. Eignarnámsþoli skal fá bætur fyrir tjón og óþægindi að því er varðar þann hluta fasteignar sem ekki er tekinn eignarnámi, að svo miklu leyti sem skaðabætur vegna eignarnámsins bæta ekki slíkt.
9. Verðhækkun á þeim hluta fasteignar, sem eignarnámið nær ekki til en leiðir af eignarnáminu, skal koma til frádráttar eignarnámsbótum.

3. gr.

Við lögin bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er land tekið eignarnámi og eignarnámsbætur ákveðnar samkvæmt ákvæðum þessara laga, og reynast þá eignarnámsbætur lægri en fasteignamat af landinu eins og það hefur verið næst liðin 10 ár, að teknu tilliti til almennra verðlagsbreytinga, skal þá bæta sérstaklega þann mismun sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili umfram það sem verið hefði ef fasteignamatið hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni og reiknast vextir af mismun fjárhæðanna. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir í 15 ár frá gildistöku laganna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessu frumvarpi er ætlað að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta í þá átt að afnema óréttlæti sem flutningsmenn telja að nú viðgangist, stuðla að eðlilegri þróun byggðar og gera það að meginreglu laga að ekki skuli taka tillit til verðbreytinga er rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Að þessu leyti er í frumvarpinu mörkuð algjörlega ný stefna þar sem miðað er að því að tryggja einstaklingum sanngjarnt verð fyrir eignir og tryggja jafnframt ríka hagsmuni samfélagsins.

Á undanförnum allmörgum löggjafarþingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frumvörp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms. Þrátt fyrir jákvæðar undirtektir hefur breyting á lögum um þetta efni enn ekki náð fram að ganga. Frumvarp um þetta efni var á sínum tíma sent oddvitum allra sveitarstjórna. Frá mörgum þeirra bárust umsagnir um efni frv. og voru þær nær eingöngu jákvæðar og lýstu stuðningi við framgang málsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms er nú flutt enn einu sinni. Að þessu sinni eru þó ákvæði frv. nokkuð í annarri mynd en áður var þótt efni þess sé að mestu hið sama. Flutningsmenn hafa nú í ríkara mæli en áður stuðst við ákvæði norskra laga um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta en ákvæði þeirra laga hafa þótt gefast vel í Noregi.

Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja framgang þeirrar stefnu að eignarnámsbætur skuli miða við þá notkun sem eign er í þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola og að ekki séu metnar þær verðbreytingar sem rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Alkunna er hverja erfiðleika þéttbýlissveitarfélög hafa átt við að etja þegar þurft hefur að taka land eignarnámi vegna eðlilegs vaxtar og þróunar viðkomandi sveitarfélags.

Þá er í frumvarpinu gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða land eða fasteignaréttindi tengd landi eða byggingar eða önnur mannvirki.

Í greinargerð með frumvarpi um þetta efni, sem flutt var fyrir fáeinum árum, var birt erindi eftir Jón G. Tómasson hrl., fv. borgarlögmann í Reykjavík, þar sem hann fjallaði um ákvörðun eignarnámsbóta. Í erindi Jóns sagði m.a.:

„Skv. þeim reglum, sem taldar hafa verið í gildi, hefur eignarnámsþoli vissulega átt möguleika á mikilli hagnaðarvon vegna verðhækkana sem stafa af fjárfestingu eða framkvæmdum hins opinbera. Þetta hefur skapað ójöfnuð og vandamál í þjóðfélagi nútímans sem nauðsynlegt er að leysa. Samhliða því, að ríki og sveitarfélög leggja mikið fjármagn í opinberar framkvæmdir, hafa einstakir landeigendur gert háar kröfur um bætur fyrir verðmætisaukningu sem rekja má til þessara sömu framkvæmda. Skattgreiðandinn þarf því ekki aðeins að borga fyrir framkvæmdirnar heldur er einnig gerð krafa um að hann greiði fyrir þá verðhækkun á eigninni sem framkvæmdirnar leiða af sér.

Þessi sjónarmið hafa vissulega reynst sveitarfélögum erfið. Þau hafa haft takmarkaða tekjumöguleika og vaxandi skyldum að gegna m.a. við undirbúning á nýjum byggingarsvæðum og uppbyggingu á alhliða þjónustukerfi fyrir íbúana þar. Vandamál, sem leitt hefur af háu landverði, hvort heldur það byggist á eignarnámsmati eða á samningsverði, sem oftast hlýtur að taka mið af áætluðum eignarnámsbótum, hafa leitt til seinkunar á framkvæmdum eða til þess að hagstæðari kosturinn er ekki alltaf valinn.

Spurningin, sem leita þarf svars við, er sú hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir verðmæti sem það sjálft hefur skapað eða leiðir af athöfnum þess, með öðrum orðum hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslu fyrir verðmæti sem þeir hafa þegar greitt fyrir."

Frumvarpi þessu er ætlað að veita ákveðið svar við þessari spurningu, þ.e. að fjárfesting eða framkvæmdir hins opinbera, sem skattgreiðendurnir hafa kostað, leiði ekki til verðhækkana og óeðlilegs hagnaðar aðila sem ekki hafa átt neinn þátt í þeirri verðmætisaukningu.

Flutningsmenn telja nauðsynlegt að í lögum þessum séu ákvæði til bráðabirgða er taki til þess þegar eignarnámsbætur skv. lögum þessum reynast lægri en fasteignamat af landinu hefur verið næst liðin tíu ár þar á undan en fasteignagjöld hafa þá verið greidd skv. fasteignamatinu. Í því tilviki er gert ráð fyrir að bæta sérstaklega þann mismun sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili umfram það sem verið hefði ef fasteignamatið hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni. Gert er ráð fyrir að þetta bráðabirgðaákvæði gildi í 15 ár frá gildistöku laganna.

Sþ. **469. Svar** [165. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um greiðslur til Vinnuveitendasambands Íslands.

Forsætisráðuneytið sendi fyrirspurnina til landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis með bréfi þar sem þess var farið á leit að umbeðnar upplýsingar yrðu veittar varðandi þau fyrirtæki sem undir ráðuneytin heyra. Er hér byggt á þeim svörum.

1. Aðild ríkisfyrirtækja að VSÍ í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Árið 1984 gerðust tvö fyrirtæki, sem heyra undir iðnaðarráðuneytið, beinir aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands, þ.e. Jarðboranir ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins. Þessu til viðbótar gerðust Íslenska járnblendifélagið hf., Kísiliðjan hf., Sementsverksmiðja ríkisins og Þörungavinnslan hf. aðilar að Félagi ísl. iðnrekenda árið 1984 og öðluðust með inngöngu í það félag óbeina aðild að Vinnuveitendasambandi Íslands í samræmi við lög og samþykktir Félags ísl. iðnrekenda. Sama ár fullgilti Ríkisprentsmiðjan Gutenberg aðild sína að Félagi ísl. prentiðnaðarins og hefur í samræmi við þá aðild, frá ársbyrjun 1985, verið fullgildur aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Eitt fyrirtæki, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið, Áburðarverksmiðja ríkisins, gekk í Vinnuveitendasamband Íslands hinn 17. maí 1984.

2. Greiðslur ríkisfyrirtækja til VSÍ.

Greidd félagsgjöld Jarðborana ríkisins til Vinnuveitendasambands Íslands voru árið 1984 68 481 kr. og 131 165 kr. árið 1985. Félagsgjöld Rafmagnsveitna ríkisins til VSÍ voru 277 302 kr. árið 1984 og 400 508 kr. árið 1985.

Í samræmi við lög, samþykktir og samstarfssamning Félags ísl. iðnrekenda og VSÍ greiddi það til Vinnuveitendasambands Íslands félagsgjöld vegna áðurgreindra fyrirtækja sem hér segir árin 1984 og 1985:

Vegna Kísiliðjunnar hf. 43 070 kr. árið 1984 og 100 304 kr. árið 1985. Vegna Sementsverksmiðju ríkisins 101 925 kr. árið 1984 og 162 230 kr. árið 1985. Vegna Þörungavinnslunnar hf. 30 405 kr. árið 1984 og 32 585 kr. árið 1985. Járnblendifélagið hf. hefur árum saman haft þjónustusamning við Vinnuveitendasamband Íslands og gilti hann út árið 1984, en félagsgjöld þess fyrirtækis árið 1985 voru 338 206 kr. Félagsgjöld Félags ísl. prentiðnaðarins vegna Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg til VSÍ árið 1985 voru 93 405 kr.

Greiðslur félagsgjalda Áburðarverksmiðjunnar til VSÍ voru á árinu 1984 170 229 kr. og árið 1985 293 088 kr.

3. Greiðslur Ísals til VSÍ.

Iðnaðarráðuneytið leitaði svars við fyrirspurninni hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og var svarið á þessa leið:

„Vinnuveitendasamband Íslands telur sér óskylt og raunar óheimilt að upplýsa aðra en eignaraðila og þá, sem lögum skv. kunna að eiga heimtingu á upplýsingum, um greidd eða vangreidd félagsgjöld einstakra félagsmanna eða fyrirtækja til Vinnuveitendasambands Íslands, hvort heldur er fyrir lengra eða skemmra tímabil. Vinnuveitendasambandið telur hins vegar rétt að upplýsa að Íslenska álfélagið hf. hefur frá upphafi haft þjónustusamning við Vinnuveitendasamband Íslands og greitt iðgjald skv. samningi sem um félagsmann væri að ræða. Aðild Íslenska álfélagsins hf. að Félagi ísl. iðnrekenda hefur því engin áhrif haft á greiðslur fyrirtækisins fyrir þjónustu sem Vinnuveitendasamband Íslands hefur látið því í té.“

Sþ. 470. Fyrirspurn [241. mál]

til iðnaðarráðherra um opinber innkaup á innlendum iðnaðarvörum.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Til hvaða aðgerða hefur ríkisstjórnin gripið til að stuðla að opinberum innkaupum á innlendum iðnaðarvörum eftir að samstarfsnefnd um opinber innkaup var lögð niður haustið 1983?

Sþ. 471. Fyrirspurn [242. mál]

til iðnaðarráðherra um þróun á markaðshlutdeild innlends iðnvarnings.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Hver hefur verið hlutfallsleg markaðshlutdeild helstu vöruflokka innlends iðnvarnings á hverju ári á tímabilinu 1980–1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [243. mál]

um könnun á hagkvæmni útboða og nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Flm.: Helgi Seljan, Jón Kristjánsson, Skúli Alexandersson, Karvel Pálmason, Steingrímur J. Sigfússon, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ítarlega könnun á hagkvæmni útboða og því hvort aðrar leiðir séu heppilegri og æskilegri fyrir byggðarlög og þjóðarheild. Sérstaklega verði athuguð áhrif útboða á byggðarþróun í landinu og samhliða heildarhagkvæmni þeirra verði litið til röskunar á rekstri ýmiss konar þjónustu á landsbyggðinni.

Settar verði nánari og skýrari reglur um útboð á vegum hins opinbera og framkvæmd þeirra á þann veg að smærri verktakar á einstökum svæðum og aðilar heima í héraði hafi sem besta möguleika á því að taka að sér verkefni í nágrenni sínu. Jafnframt verði undirbúnar reglur sem koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti einokað verktakastarfsemina.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga. Meginefni þessarar greinargerðar fylgdi þá með tillögunni.

Útboð á vegum hins opinbera hafa mjög farið í vöxt á undanförnum árum. Þessi útboð eiga sér vissa stoð í lögunum um skipan opinberra framkvæmda. Enn fremur hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um útboð verklegra framkvæmda á vegum hins opinbera þar sem þeim verður við komið. Hin almenna stefna hefur því verið að út skuli boðið og reglan sú að tekið sé lægsta tilboði.

Þannig hafa verkefni flust frá aðilum í heimabyggð með tilviljanakenndum hætti en að sjálfsögðu sem bein afleiðing af útboðsstefnunni almennt. Forsendur þess, að útboð eigi rétt á sér, eiga að vera heildarhagkvæmni og þau mega aldrei leiða til þess að þjónusta ýmissa aðila á landsbyggðinni leggist af eða framkvæmdaféð flytjist úr heimabyggðum með þeim hætti sem nú gerist. Ýmislegt þarf því að athuga áður en fylgt er í blindni útboðsstefnu í öllum greinum.

Útboðin hafa á sér margar hliðar og væri freistandi að nefna nokkur atriði. Aðeins skal þó staðnæmst við áhyggjuefni sem forráðamenn Verktakasambandsins hafa rætt. Það eru undirboðin og afleiðingar þeirra fyrir hina smærri verktaka sem hafa séð sér þá eina leið færa til að brjótast inn á markaðinn að bjóða svo lágt að útboðið hefur falið í sér endalokin fyrir þá. Um leið hefur oft ekki tekist að ljúka við verk sem þannig hefur verið ástatt um. Undirboð í smærri verk af hálfu voldugustu verktakanna hafa hins vegar ekki skaðað þá mjög. Þetta hafa verið nokkurs konar aukaverkefni sem unnt hefur verið að vinna til hliðar við eða í hléum frá stórverkefnum.

Samkeppnin í útboðsheiminum er grimm og miskunnarlaus og lögmálið um hinn sterka og betur setta gildir þar ríkulega. Margir hinna smærri aðila, sem hafa viljað hasla sér völl á þessu sviði, hafa horfið af vettvangi illa sárir eða óvígir með öllu.

En veigamesta ástæðan fyrir þingsályktunartillögu af þessu tagi snertir þó landsbyggðina, þjónustuaðilana þar og möguleika þeirra í þessari samkeppni eða útilokun þeirra frá þessum markaði. Nú er það staðreynd að hvert meðalstórt byggðarlag þarf á þjónustuaðilum að halda svo sem vinnuvélareigendum og vörubifreiðarstjórum. Sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar þurfa á ýmiss konar þjónustu þeirra að halda en stopul kann sú aðstoð — sú nauðsynlega þjónusta — að verða ef þessir aðilar ætla að byggja lífsafkomu sína á því einu og hafa um leið eðlilegan arð af tækjum sínum. Ýmis verk á vegum hins opinbera, vegagerð, hafnargerð og flugvallargerð, alveg sér í lagi vegagerðin, hafa hins vegar gert þessum aðilum það kleift að sinna sínu ómetanlega þjónustuhlutverki fyrir byggðirnar. Í þessum verkum hins opinbera hafa þessir aðilar fengið þá viðspyrnu og þá viðbót sem hefur dugað þeim til þjónustuhlutverksins heima fyrir. Ef þeir missa að miklu leyti möguleika til þátttöku í verkum þessum — að ekki sé nú minnst á ef þeir missa alla möguleika — þá leggst starfsemi þeirra einfaldlega niður.

Þessi uggvænlega þróun blasir við og við henni ber að snúast réttilega með einhverju því fyrirkomulagi og þeim reglum sem tryggi hlut heimaaðila og aðild þeirra að verkum þeim sem hið opinbera hefur með höndum. Þessi mál þarf öll að grandskoða og flm. óttast ekki óhagkvæmni af annarri skipan þessara mála en nú gildir ef litið er til allra átta og þátta þessa máls. Hér er um veigamikið byggðarmál að ræða, stórkostlegt atriði fyrir byggðarlögin og íbúana þar og þetta er spurning um eðlilega hlutdeild íbúa landsbyggðarinnar í atvinnulífinu í heimabyggðum. Allra leiða þarf því að leita til að koma hér á eðlilegri skipan mála þar sem hagkvæmni í víðustu merkingu situr í fyrirrúmi, fyrir hið opinbera, fyrir byggðirnar, fyrir íbúana sem þurfa á þjónustu þessara aðila að halda.

Flm. gera sé ljósa grein fyrir erfiðleikum í allri framkvæmd og setningu reglna um þá framkvæmd. Svæðaskiptingin er ein þeirra leiða sem athuga ber þó að ekki séu allir sáttir við þá hugmynd. Aðstoð við smærri verktaka og heimaaðila í upphafi kemur til greina. En síðast en ekki síst þarf að huga að því hvaða verk skuli boðin út og hver hagkvæmnin raunverulega verður þegar upp er staðið — hin þjóðhagslega hagkvæmni fyrir heildina.

Með greinargerð í fyrra var birt ályktun frá vörubifreiðastjórafélaginu Snæfelli. Til hennar og fleiri atriða mun vísað í framsögu. Minni verkefni, meiri harka á útboðsmarkaðnum kalla enn frekar nú en áður á athugun þessa máls. Áhyggjur manna víða úti á landsbyggðinni hafa komið sérstaklega fram frá SSA — Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi — og verður einnig vitnað nánar í það álit í framsögu.

Sþ. 473. Skýrsla [244. mál]

félagsmálaráðherra um 69. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1983.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

Sextugasta og níunda þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var háð í Genf dagana 1.—22. júní 1983.

Þingið sátu um 1600 fulltrúar og ráðunautar frá 138 aðildarríkjum stofnunarinnar auk fjölda ráðherra. Þá sóttu og þingið áheyrnarfulltrúar Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra og annarra alþjóðasamtaka.

Fulltrúar ríkisstjórnar Íslands á þinginu voru dr. Hannes Jónsson sendiherra og Jón Ólafsson, skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu. Varamaður þeirra var Valgeir Ársælsson sendiráðunautur. Fulltrúi atvinnurekenda var Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri og varamaður hans var Kristján Þorbergsson lögfræðingur. Fulltrúi launþega var Björn Björnsson hagfræðingur. Fulltrúar Íslands sátu þingið í tvær vikur af þeim þremur vikum sem það stóð.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. **Skýrsla forstjóra.**
2. **Starfs- og fjárhagsáætlun.**
3. **Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.**
4. **Starfsendurhæfing (síðari umræða).**
5. **Uppbygging alþjóðakerfis til varðveislu réttinda á sviði almannatrygginga (ein umræða).**
6. **Atvinnumálastefna (fyrri umræða).**
7. **Félagslegir þættir iðnvæðingar (almenn umræða).**
8. **Skipulagsmál.**
9. **Kynþáttaaðskilnaðarstefna stjórnvalda Suður-Afríku.**

Auk þessara mála fjallaði þingið um tillögur til þingsályktana sem fram komu.

Venjulega býður forstjóri ILO einum eða fleiri gestum sérstaklega til þingsins. Að þessu sinni bauð hann Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, Robert Hawke, forsætisráðherra Ástralíu og Robert Mugabe, forsætisráðherra Zimbabwe.

Forseti allsherjarþingsins var kosinn vinnumálaráðherra Nýja-Sjálands, James Brendan Bolger.

Kosnar voru nefndir til þess að fjalla nánar um hin einstöku dagskrármál.

Skal hér á eftir gerð stuttleg grein fyrir hinum einstöku þingmálum.

1. Skýrsla forstjóra.

Skýrsla forstjóra skiptist í tvo hluta. Fjallar annar um starfsemi stofnunarinnar en hinn hlutinn um eitthvert mál sem er ofarlega á baugi á hverjum tíma.

Efni það sem forstjórinn valdi að þessu sinni var vinna barna. Fjöldi ræðumanna tók til máls um þennan dagskrárlið. Í mörgum tilvikum fjölluðu ræður þeirra ekki nema að litlu leyti um skýrslu forstjórans heldur um ástandið almennt í heimalöndunum. Af norrænum ráðherrum tóku þátt í umræðunum Kuuskoski-Vikatmaa, félags- og heilbrigðismálaráðherra Finnlands, Grete-Fenger Möller, vinnumálaráðherra Danmerkur og Anna-Greta Leijon, vinnumálaráðherra Svíþjóðar.

2. Starfs- og fjárhagsáætlun.

Á dagskrá þingsins var samþykkt fjárhagsáætlunar fyrir árin 1984 og 1985. Fjallað var um tillögu forstjóra að fjárhagsáætlun fyrir stofnunina á stjórnarfundum sem haldnir voru um mánaðamótin febrúar/mars og í maí 1983. Á stjórnarfundunum var gerður nokkur niðurskurður á tillögu forstjóra og var hún þannig lögð fram til afgreiðslu allsherjarþingsins. Niðurstöðutalan í tillögum stjórnarinnar var 254 744 000 Bandaríkjadalir. Hlutur Íslands í þessum útgjöldum er 0,03%, eða 76 423 Bandaríkjadalir fyrir þetta tveggja ára tímabil. Aukning útgjalda frá fyrra tveggja ára tímabili er 4,36% eða 1,9% í raungildi.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiðir mál aðallega með tvennum hætti, þ. e. með samþykkt (convention) eða tillögu (recommendation).

Samþykkt er ekki bindandi fyrir neitt ríki nema það hafi staðfest hana en þegar staðfesting hefur farið fram er ríkið bundið af ákvæðum samþykktarinnar. Í tillögu felast hins vegar aðeins tilmæli eða ábendingar til aðildarríkjanna um að stefna að því að uppfylla þau ákvæði eða reglur sem í tillögunni felast. Þetta síðarnefnda form er því oft viðhaft þegar mál er ekki komið á það stig að vænlegt þyki að gera um það bindandi samþykkt. Einnig eru mál stundum afgreidd samtímis með samþykkt og tillögu og hefur þá tillagan að geyma ítarlegri reglur og hærri markmið en í samþykktinni greinir.

Á hverju þingi er kosin nefnd til þess að athuga skýrslur aðildarríkjanna um það hvernig þau framfylgja samþykktum og tillögum sem þau hafa staðfest en áður hafa þessar skýrslur verið athugaðar af sérstakri sérfræðinganefnd.

Í skýrslu nefndarinnar til allsherjarþingsins kom fram að á árinu 1982 höfðu staðfestingar náð samtals tölunni 5000 og í lok ársins höfðu alls átt sér stað 5022 staðfestingar. Á tímabilinu frá 1. júní 1982 til 1. júní 1983 höfðu verið skráðar 130 staðfestingar. Alls bárust 1707 skýrslur um framkvæmd samþykkta þ. e. 88% þeirra sem skila átti.

4. Starfsendurhæfing og atvinnumál fatlaðra.

Á þinginu árið 1982 fór fram fyrri umræða um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra. Á grundvelli þeirrar umræðu voru gerð drög að samþykkt og tillögu um þetta málefni sem voru samþykktar á þinginu.

Samþykktin; sem er nr. 159, er í fjórum meginköflum. Fyrsti kaflinn fjallar um skilgreiningar á hugtökum sem koma fyrir í textanum og gildissvið samþykktarinnar. Í öðrum kaflanum er að finna reglur um starfsendurhæfingu og stefnu í atvinnumálum fatlaðra. Meðal annars segir í 4. gr. að stefnan í atvinnumálum fatlaðra skuli byggð á þeirri reglu að fatlaðir launþegar hafi sömu tækifæri og launþegar almennt. Þriðji kaflinn er um aðgerðir einstakra ríkja. Í 7. gr. skuldbinda aðildarríki sig til að gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf, halda því og vinna sig upp. Síðasti kaflinn hefur að geyma lokaákvæði.

Tillaga nr. 168 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðara er mun ítarlegri en samþykktin. Tillagan er í 9 köflum, alls 42 greinar. Bæði samþykktin og tillagan eru birtar hér á eftir í heild sinni sem fylgiskjöl I og III.

5. Stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum.

Þetta mál hefur verið til umræðu um nokkurra ára skeið á vettvangi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á 68. Alþjóðavinnumálaþinginu var gerð samþykkt sem miðaði að því að tryggja það að fólk sem flyst milli landa glati ekki þeim tryggingaréttindum sem það hefur

áunnið sér. Á þessu þingi var afgreidd ítarleg tillaga sama efnis og samþykktin. Tillagan skiptist í sjö aðalkafla.

Fyrsti kaflinn hefur að geyma almenn ákvæði svo sem skýringu á hugtökum og ákvæði um gildissvið tillögunnar, bæði um það til hvaða greina trygginga og hvaða einstaklinga hún taki o. fl.

Í öðrum kaflanum eru reglur um það eftir hvaða löggjöf skuli fara varðandi þá menn sem tillagan tekur til. Er svo fyrir mælt að þetta atriði skuli ákveða með samningum milli hlutaðeigandi aðildarríkja sem gerðir eru í samræmi við ákveðnar reglur.

Þriðji kaflinn fjallar um ráðstafanir til þess að menn sem flytjast milli landa glati ekki þeim áfanga sem þeir hafa náð til þess að öðlast réttindi í þeim greinum almannatrygginga sem tillagan tekur til: atvinnuleysisbætur, örorkubætur, ellilífeyrir og eftirlifendabætur.

Í fjórða kaflanum eru ákvæði sem eiga að tryggja það að menn fái greiddar þær tryggingabætur sem þeir hafa öðlast rétt til, hvar svo sem þeir eru búsettir. Gert er ráð fyrir samningum milli ríkja um framkvæmd þessara ákvæða. Sér í lagi er kveðið á um það að aðildarríki semji um greiðslu bóta sem ekki eru háðar iðgjaldi.

Fimmti kaflinn hefur að geyma reglur um greiðslu fjöldabóta auk annarra bóta.

Í sjötta kaflanum eru ýmis ákvæði, m. a. um læknisskoðun, reglur um útreikning iðgjalda og samskipti stjórnvalda.

Í sjöunda kaflanum eru ákvæði um varðveislu réttinda í samskiptum milli lífeyrissjóða.

Tillaga þessi er prentuð sem fylgiskjal II.

6. Atvinnumálastefna.

Stefnan í atvinnumálum og hugsanleg endurskoðun samþykktar og tillögu nr. 122 var tekin til fyrstu umræðu á þinginu. Í nefndinni sem fjallaði um þetta málefni áttu upphaflega sæti 187 fulltrúar. Fulltrúar ríkisstjórna voru 80, fulltrúar atvinnurekenda 53 og fulltrúar launþega 54. Formaður nefndarinnar var kosinn fulltrúi ríkisstjórnar Túnis, S.Bel Hadj. Til grundvallar umræðum í nefndinni lágu tvær skýrslur, „Employment Policy Report VI", 1 og 2. Upp kom ágreiningur innan nefndarinnar um það hvort stefnt yrði að því að afgreiða málið með samþykkt eða tillögu. Að lokum náðist samkomulag um að stefna að afgreiðslu tillögu um atvinnumál á Alþjóðavinnumálaþinginu 1984.

7. Félagslegir þættir iðnvæðingar.

Stjórn ILO, sem meðal annars ákveður dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins, ákvað í nóvember 1981 að eitt af umræðuefnunum á þinginu 1983 skyldi vera félagslegir þættir iðnvæðingar. Sama málefni var til umræðu á þingunum 1966 og 1967 en stjórnin taldi tímabært að stofna til umræðnanna í ljósi þeirra umfangsmiklu breytinga sem átt höfðu sér stað í heiminum og á starfsemi ILO. Tilgangurinn var að líta yfir farinn veg og afla hugmynda fyrir starfsemi stofnunarinnar í næstu framtíð. Þessar umræður höfðu verið undirbúnar á venjulegan hátt með umfangsmikilli skýrslu. Í henni er fjallað um umræður sem átt hafa sér stað á alþjóðavettvangi um iðnvæðingu og áhrif hennar á samfélagið. Í því sambandi er einkum lögð áhersla á áhrif nýrrar tækni bæði á samfélög iðnríkja og ekki síður þróunarlanda.

8. Skipulagsmál.

Skipulagsmál ILO hafa verið í athugun allt frá árinu 1974 og hefur sérstök nefnd fjallað um þau (Committee on Structures). Var markmið þeirra sem stóðu að tillögum um endurskoðunina á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar m. a. það að afnema ákvæði 7. gr. 2. tl. um fasta stjórnarsetu 10 aðaliðnríkja heimsins til hagsbóta fyrir smá og miðlungsstór ríki. Í meginatriðum tókst að ná samkomulagi um að afnema fastasætin í

stjórninni og er að því stefnt að á næsta þingi verði tilbúið frumvarp til breytinga á stofnskrá ILO. Einnig eru í undirbúningi reglur um skiptingu sæta í stjórnarnefndinni milli landa á einstökum svæðum. Í drögum að reglum um þessa skiptingu fyrir Vestur-Evrópu er gert ráð fyrir að Norðurlönd hafi alltaf eitt sæti í stjórnarnefnd stofnunarinnar og auk þess 13% af öðru sæti. Ekki er gert ráð fyrir að þessi skipulagsmál verði endanlega útkljáð á næsta þingi ILO.

9. Kynþáttaaðskilnaðarstefnan.

Eins og á þinginu 1982 var kosin sérstök nefnd til að fjalla um framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1981 um kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda Suður-Afríku. Fjöldi nefndarmanna var takmarkaður við 50, þ. e. 20 voru fulltrúar ríkisstjórna, 20 fulltrúar launþega og 10 fulltrúar atvinnurekenda. Yfirgnæfandi hluti nefndarmanna var frá löndum Afríku. Fjögur vestræn ríki áttu fulltrúa í nefndinni, þ. e. Bandaríkin, Danmörk, Sambandslýðveldið Vestur-Þýskaland og Spánn. Fulltrúi ríkisstjórnar Danmerkur, Nils Ole Andersen, átti stóran þátt í að miðla málum á milli ólíkra sjónarmiða í nefndinni.

Verkefni nefndarinnar var fyrst og fremst að fjalla um skýrslu forstjóra um aðgerðir sem stofnunin og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að fá stjórnvöld Suður-Afríku til að falla frá kynþáttaaðskilnaðarstefnu sinni. Á 68. þinginu var skýrsla forstjóra harðlega gagnrýnd en að þessu sinni hlaut hún jákvæðar viðtökur.

10. Ályktanir.

Samkvæmt 17. gr. þingskapa Alþjóðavinnumálaþingsins er leyfilegt að leggja fram tillögur til þingsályktunar um efni sem ekki eru á dagskrá enda hafi þær borist skrifstofunni 15 dögum fyrir þingsetningu. Jafnan berast fyrir hvert þing fleiri tillögur en unnt er að fjalla um. Sérstök nefnd, ályktunarnefnd, fjallar um þessar tillögur. Að þessu sinni voru lagðar fram 13 ályktunartillögur en þeim fækkaði reyndar í 10 þar sem tillögur um svipað efni voru í nokkrum tilvikum sameinaðar. Samkvæmt verklagsreglum sem gilda um starf nefndarinnar er tillögunum raðað upp í forgangsröð. Þetta er gert að hluta til með sérstakri kosningu sem fer fram við upphaf nefndarstarfsins. Þannig eru valdar 5 tillögur sem fyrst skulu teknar til afgreiðslu. Þeim tillögum sem eftir eru er raðað á dagskrá nefndarinnar af sérstakri undirnefnd sem nefndin kýs í þessu skyni. Í leynilegri kosningu hlutu eftirtaldar tillögur flest atkvæði:

1. Ályktun um stefnu Ísrael varðandi búsetu á hernumdu svæðunum.
2. Ályktun um ungt fólk og framlag Alþjóðavinnumálastofnunarinnar til árs æskunnar.
3. Ályktun um að varðveita og auka félagafrelsi.
4. Ályktun um framlag ILO til að stuðla að framleiðniaukningu með sérstöku tilliti til þróunarlandanna.
5. Ályktun um hlutverk ILO við að ná félagslegum markmiðum sem sett eru í tillögum um nýja hagskipan í heiminum.

Miklar og harðar umræður urðu um fyrstu tillöguna að ályktun sem að lokum var samþykkt við atkvæðagreiðslu í nefndinni. Hlaut tillagan 453 652 vegin atkvæði, enginn var á móti en 328 160 sátu hjá. Lágmarks atkvæðamagn var 328 730. Tillagan olli miklum umræðum á allherjarþinginu og við atkvæðagreiðslu þar hlaut hún samþykki 225. 8 voru á móti og 186 sátu hjá. Lágmarksatkvæðafjöldi var 244 þannig að tillöguna skorti 11 atkvæði til að ná fram að ganga. Tillagan um framlag ILO til alþjóðaárs æskunnar var hins vegar samþykkt einróma. Ekki tókst að afgreiða fleiri tillögur að þessu sinni.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

vísar til gildandi alþjóðastaðla í Tillögunni um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955 og Tillögunnar um starfsfræðslu og starfsþjálfun sem þætti í þróun vinnuafls frá 1975,

vísar til þess að síðan Tillagan frá 1955 um starfsendurhæfingu fatlaðra tók gildi hafa umtalsverðar framfarir orðið í viðhorfum til þarfar á endurhæfingu, til umfangs og skipulags endurhæfingarþjónustu og laga og aðgerða margra aðildarríkja hvað varðar málefni sem sú tillaga tekur til,

hefur til hliðsjónar að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1981 Alþjóðaár fatlaðra undir kjörorðinu „full hlutdeild og jafnrétti“ og að víðtækri alþjóðaframkvæmdaáætlun er ætlað að tryggja raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi og í hverju landi til að gera að veruleika „fulla hlutdeild“ fatlaðra í samfélaginu og „jafnrétti“ þeim til handa,

telur að með framförum þessum sé orðið tímabært að setja nýja alþjóðastaðla um þessi mál sem miða að því að tryggja öllum hópum fatlaðra í dreifbýli sem þéttbýli sömu tækifæri og meðhöndlun hvað varðar atvinnu og aðlögun að samfélaginu,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi starfsendurhæfingu, sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar,

gerir því í dag hinn 20. júní 1983 eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983:

I. KAFLI
Skilgreining og gildissvið.

1. gr.

1. Í þessari samþykkt á hugtakið „fatlaður“ við um einstakling sem hefur verulega skerta möguleika til að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp vegna viðurkenndrar líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

2. Samkvæmt þessari samþykkt ber hverju aðildarríki að líta svo á að tilgangurinn með endurhæfingu sé að gera fötluðum manni kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp, og stuðla þannig að aðlögun eða enduraðlögun að þjóðfélaginu.

3. Ákvæðum þessarar samþykktar ber hverju aðildarríki að beita með aðgerðum sem eru í samræmi við ríkjandi aðstæður og starfshætti hverrar þjóðar.

4. Ákvæði þessarar samþykktar taka til allra hópa fatlaðra.

II. KAFLI
Reglur um starfsendurhæfingu og stefnu í atvinnumálum fatlaðra.

2. gr.

Hvert aðildarríki skal í samræmi við aðstæður í landinu, starfshætti og möguleika, móta, hrinda í framkvæmd og endurskoða með ákveðnu millibili stefnu ríkisins í starfsendurhæfingu og atvinnumálum fatlaðra.

3. gr.

Umrædd stefna skal miða að því að tryggja að allir hópar fatlaðra hafi aðgang að endurhæfingarstarfsemi við sitt hæfi og að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir fatlaða á hinum opna vinnumarkaði.

4. gr.

Umrædd stefna skal byggð á þeirri reglu að fatlað launafólk hafi sömu tækifæri og launafólk almennt. Þess skal gætt að vinnandi fatlaðir karlar og konur hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun. Ekki skal líta svo á að með sérstökum jákvæðum aðgerðum, sem miða að því að fatlaðir launþegar hljóti sömu tækifæri og meðhöndlun, sé verið að mismuna öðru launafólki.

5. gr.

Hafa ber samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks um framkvæmd umræddrar stefnu og hvaða aðgerðum skal beita til þess að auka samvinnu og samræmingu meðal þeirra opinberu aðila og einkaaðila sem tengjast endurhæfingarstarfsemi. Heildarsamtök fatlaðra og samtök sem starfa fyrir fatlaða skulu einnig höfð með í ráðum.

III. KAFLI

Aðgerðir á landsvísu til þróunar starfsendurhæfingar og vinnumiðlunar fyrir fatlaða.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal með lögum eða reglugerðum eða hverjum þeim aðgerðum öðrum sem eru í samræmi við aðstæður og venjur í landinu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að hrinda í framkvæmd 2., 3., 4. og 5. gr. þessarar samþykktar.

7. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu gera ráðstafanir til þess að koma á fót og gera úttekt á starfskynningu, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og annarri skyldri þjónustu til að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf, halda því og vinna sig upp; þá þjónustu sem fyrir hendi er fyrir launafólk almennt skal nota með nauðsynlegum breytingum þegar hægt er og við á.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til þess að stuðla að því að stofnuð verði og byggð upp starfsendurhæfingarþjónusta og vinnumiðlun fyrir fatlaða í dreifbýli og í afskekktum sveitarfélögum.

9. gr.

Hvert aðildarríki skal stefna að því að tryggja að endurhæfingarráðgjafar og annað menntað starfsfólk, sem sér um starfskynningu, starfsmenntun, vinnumiðlun og atvinnu fatlaðra, hljóti þjálfun og sé tiltækt.

IV. KAFLI

Lokaákvæði.

10. gr.

Formlegar staðfestingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

11. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá staðfestingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að staðfestingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að staðfesting þess hefur verið skráð.

12. gr.

1. Aðildarríki, sem staðfest hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert aðildarríki sem staðfest hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

13. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra staðfestinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar staðfestingarinnar sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlist gildi.

14. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um staðfestingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

15. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

16. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a) staðfesting aðildarríkis á hinni nýju samþykkt **ipso jure** hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
b) aðildarríkjum er ekki heimilt að staðfesta þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal hvað sem öðru líður halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en ekki hina nýju samþykkt.

17. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Tillaga nr. 167 um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, komið saman til 69. þingsetu sinnar eftir kvaðingu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hinn 1. júní 1983,

minnist reglna sem settar voru með Samþykkt um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga frá 1962, en hún tekur ekki einungis til jafnréttis heldur einnig til varðveislu réttinda á meðan verið er að afla þeirra og áunninna réttinda og með Samþykktinni um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982,

telur nauðsynlegt að stuðla að gerð tvíhliða eða fjölhliða almannatryggingasamninga milli aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og alþjóðlegri samræmingu þessara samninga, einkum til að hrinda í framkvæmd Samþykktinni um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga frá 1962 og Samþykktinni um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar um varðveislu réttinda almannatrygginga, sem er fimmta mál á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðatillögu;

gerir því í dag hinn 20. júní 1983 eftirfarandi tillögu, sem nefndist Tillaga um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum, 1983:

1. Í þessari tillögu —

a) merkir orðið „aðildarríki“ öll ríki sem eiga aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni;
b) tekur orðið „löggjöf“ til allra almannatryggingareglna og laga og reglugerða;
c) hefur orðið „flóttamaður“ þá merkingu sem því er gefin í 1. gr. Samþykktarinnar um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og 2. málsgr. 1. gr. í Bókun um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967, án landfræðilegra takmarka;
d) hefur hugtakið „ríkisfangslaus maður“ þá merkingu sem því er gefið í 1. gr. Samþykktarinnar um stöðu fólks án ríkisfangs frá 28. september 1954;
e) merkir orðið „fjölskyldumeðlimir“ fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem slíkt eða sem heimilisfólk, samkvæmt gildandi lögum um úthlutun eða veitingu bóta eða, eftir því sem við á, fólk sem úrskurðað hefur verið svo með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi aðildarríkja; þegar fólk er samkvæmt gildandi lögum skilgreint eða viðurkennt sem fjölskyldumeðlimir eða heimilisfólk með því skilyrði einu að það búi með viðkomandi, ber að álíta að þessu skilyrði sé fullnægt hvað varðar þá sem eru að mestu leyti á framfæri viðkomandi;
f) merkir orðið „eftirlifendur“ fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem slíkt samkvæmt gildandi lögum um úthlutun bóta; þegar fólk er samkvæmt gildandi lögum skilgreint eða viðurkennt sem eftirlifendur með því skilyrði einu að það hafi búið með hinum látna, ber að telja að þessu skilyrði sé fullnægt hvað varðar fólk sem var að mestu leyti á framfæri hins látna;
g) merkir orðið „búseta“ venjulega búsetu.

2. Aðildarríki sem bundin eru af tvíhliða eða fjölhliða almannatryggingasamningi ættu með gagnkvæmu samkomulagi að leitast við að láta bætur sem felast í ákvæðum þess samnings ná til þegna allra annarra aðildarríkja svo og flóttamanna og fólks án ríkisfangs, sem býr á landsvæði einhvers aðildarríkis, hvað varðar —

a) ákvörðun um beitingu viðeigandi laga;
b) varðveislu réttinda á meðan verið er að afla þeirra;
c) varðveislu áunninna réttinda og öflun bóta erlendis.

3. Aðildarríki ættu að komast að gagnkvæmu samkomulagi sín á milli og við hlutaðeigandi ríki um viðeigandi stjórnunar- eða efnahagsráðstafanir til að afnema hugsanlega fyrirstöðu fyrir veitingu örorkubóta, ellilauna og eftirlifendabóta, bóta af völdum vinnuslysa og dánarbóta, sem bótaþegar í krafti þess að vera þegnar aðildarríkis, flóttamenn eða fólk án ríkisfangs á erlendri grund eiga rétt á samkvæmt lögum þeirra.

4. Þegar eitthvert þeirra ríkja sem bundin eru af tvíhliða eða fjölhliða samningum um almannatryggingar hefur ekki í gildi lög varðandi atvinnuleysisbætur eða fjölskyldubætur, ættu þau aðildarríki sem þannig eru bundin, að leitast við að ná samkomulagi um að gera viðeigandi ráðstafanir til að bæta á sanngjarnan hátt það tjón eða réttindamissi sem af því hlýst þegar fólk flyst af landsvæði aðildarríkis, þar sem lög eru í gildi hvað varðar viðkomandi bætur, til landsvæðis aðildarríkis sem ekki hefur slík lög, eða fyrir fjölskyldur þeirra sem rétt eiga á fjölskyldubótum samkvæmt lögum fyrrnefnda aðildarríkisins þegar þessi fjölskylda býr á landsvæði síðarnefnda aðildarríkisins.

5. Þegar greiða ber bótaþegum, búsettum á landssvæði annars ríkis en þess er hýsir greiðslukræfa stofnun, peningabætur samkvæmt Samþykktinni um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga frá 1962, Samþykkt um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982 eða einhverjum tvíhliða eða fjölhliða samningi, ætti þessi stofnun, þegar við verður komið, að greiða bótaþeganum beint einkum þegar um er að ræða örorkubætur, ellilaun og eftirlifendabætur og einnig bætur af völdum vinnuslysa. Flutningur þessara bóta og eftirlauna ætti að eiga sér stað sem fyrst til þess að bótaþegar geti fengið þær til ráðstöfunar svo fljótt sem auðið er. Þegar um er að ræða óbeina greiðslu ætti stofnunin sem hefur milligöngu í landinu þar sem bótaþeginn er búsettur að gera sitt ýtrasta til að hinn síðarnefndi fái án tafar greiddar bæturnar sem hann á tilkall til.

6. Hlutaðeigandi aðildarríki ættu að leitast við að komast að samkomulagi um tvíhliða og fjölhliða almannatryggingasamninga er taka til hinna 9 þátta almannatrygginga, sem um er getið í 1. málsgr. 2. gr. Samþykktarinnar um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982; til að stuðla að samræmingu tvíhliða eða fjölhliða samninga um almannatryggingar sem þau eru bundin af og til að komast, þar sem við á, að alþjóðlegu samkomulagi hvað þetta varðar með aðstoð Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

7. Þegar beitt er ákvæðum 6. til 8. gr. Samþykktarinnar um jafnrétti innlendra og erlendra manna til almannatrygginga frá 1962 og 1. málsgr. 4. gr. Samþykktar um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingarréttindum frá 1982, ættu aðildarríki sem bundin eru af þessum samþykktum að taka tillit til, eftir því sem við á, fyrirmynda að ákvæðum og samþykktum sem eru viðaukar við þessa tillögu til þess ætluð að ná samkomulagi um tvíhliða og fjölhliða almannatryggingasamninga og til að samræma þá.

8. Enda þótt hlutaðeigandi aðildarríki séu enn óbundin af í það minnsta einni þeirra samþykkta sem vísað er til í 7. málsgrein þessarar tillögu, ættu þau að leitast við að gerast aðilar að alþjóðakerfinu sem kveðið er á um í Samþykktinni um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum frá 1982 og hafa til hliðsjónar, eftir því sem við á, tillögur um ákvæði og tillögur um samkomulag sem eru viðaukar við þessa tillögu.

Viðauki I.

Tillögur um ákvæði við gerð tvíhliða og fjölhliða gjörninga um almannatryggingar.

I. SKILGREININGAR.

1. gr.

Í þessum tillögum um ákvæði —

a) merkir orðið „löggjöf“ allar reglur um almannatryggingar ásamt lögum og reglugerðum;
b) merkir orðasambandið „hlutaðeigandi ríki“ samningsaðila sem viðkomandi getur lögum samkvæmt krafið um bætur;

c) merkir orðasambandið „hlutaðeigandi stjórnvald“ ráðherrann, ráðherrana eða önnur hliðstæð stjórnvöld sem ábyrg eru fyrir almannatryggingakerfum á öllu landsvæði eða hluta landsvæðis samningsaðila;
d) merkir orðið „stofnun“ hvern þann aðila eða stjórnvald sem ber beina ábyrgð á framkvæmd laga samningsaðila í heild eða hluta þeirra;
e) merkir orðasambandið „hlutaðeigandi stofnun“ —
   i) hvað varðar almannatryggingakerfi, annaðhvort stofnunina sem viðkomandi er tryggður hjá þegar hann krefst bóta eða stofnun sem bótaskyld er gagnvart honum eða væri bótaskyld gagnvart honum væri hann búsettur á landsvæði samningsaðila þar sem sú stofnun er staðsett, eða stofnunina sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa tilnefnt;
   ii) hvað varðar annað kerfi en almannatryggingakerfi, eða hvað varðar fjölskyldubótakerfi, stofnunina sem hlutaðeigandi stjórnvald viðkomandi samningsaðila hefur tilnefnt;
   iii) hvað varðar kerfi sem byggist á kvöðum sem lagðar eru á herðar atvinnurekenda, annaðhvort atvinnurekandann eða tryggingaaðila hans eða, þegar ekki er um þá að ræða, aðilann eða stjórnvaldið sem hlutaðeigandi stjórnvald viðkomandi samningsaðila hefur tilnefnt;
f) merkir orðið „lífeyrissjóður“ skyldusparnaðarstofnun;
g) merkir orðið „fjölskyldumeðlimir“ fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem slíkt eða sem heimilisfólk samkvæmt gildandi lögum um úthlutun eða veitingu bóta eða, eftir því sem við á, fólk sem úrskurðað hefur verið með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi aðildarríkja; þegar fólk er samkvæmt gildandi lögum skilgreint eða viðurkennt sem fjölskyldumeðlimir eða heimilisfólk með því skilyrði einu að það búi með viðkomandi, ber að álíta að þessu skilyrði sé fullnægt hvað varðar þá sem eru að mestu leyti á framfæri viðkomandi;
h) merkir orðið „eftirlifendur“ fólk sem skilgreint er eða viðurkennt sem slíkt samkvæmt gildandi lögum um úthlutun bóta; þegar fólk er samkvæmt gildandi lögum skilgreint eða viðurkennt sem eftirlifendur með því skilyrði einu að það hafi búið með hinum látna, ber að telja að þessu skilyrði sé fullnægt hvað varðar fólk sem var að mestu leyti á framfæri hins látna;
i) merkir orðið „búseta“ venjulega búsetu;
j) merkir orðasambandið „tímabundin búseta“ tímabundna dvöl;
k) merkir orðasambandið „stofnun þar sem búseta er“ þá stofnun sem samkvæmt gildandi lögum samningsaðilans hefur umboð til að veita umræddar bætur þar sem búseta er eða, sé ekki um slíka stofnun að ræða, stofnunina sem hlutaðeigandi stjórnvöld viðkomandi samningsaðila hafa tilnefnt;
l) merkir orðasambandið „stofnun þar sem tímabundin búseta er“ þá stofnun sem samkvæmt gildandi lögum samningsaðilans hefur umboð til að veita umræddar bætur þar sem tímabundin búseta er eða, sé ekki um slíka stofnun að ræða, stofnunina sem hlutaðeigandi stjórnvöld viðkomandi samningsaðila hafa tilnefnt;
m) merkir orðið „tryggingatímabil“ iðgjaldatímabil, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabil sem samkvæmt gildandi lögum eru skilgreind eða viðurkennd sem tryggingatímabil, eða önnur þau tímabil sem samkvæmt þeim lögum teljast jafngild tryggingatímabilum;
n) merkja orðin „starfstímabil“ og „tímabil atvinnustarfsemi“ tímabil sem samkvæmt gildandi lögum eru skilgreind eða viðurkennd sem slík, og önnur þau tímabil sem samkvæmt þeim lögum eru skilgreind eða viðurkennd sem slík, og önnur þau tímabil sem samkvæmt þeim lögum teljast jafngild starfstímabilum eða tímabilum atvinnustarfsemi;

o) merkir orðið „búsetutímabil“ búsetutíma sem samkvæmt gildandi lögum er skilgreindur eða viðurkenndur sem slíkur;
p) merkir orðið „bætur“ allar bætur í fríðu og í reiðufé sem veittar eru í hverju tilviki þar á meðal dánarbætur og —
   i) bætur í fríðu, bætur sem eiga að fyrirbyggja hvert það tilfelli sem almannatryggingar taka til, sjúkraþjálfun og starfsendurhæfingu;
   ii) bætur í reiðufé sem koma í heild úr opinberum sjóðum, allar hækkanir, endurmatsgreiðslur uppbótargreiðslna og allar bætur sem veittar eru til þess að viðhalda eða auka starfsgetu, greiðslur í heilu lagi sem geta verið greiddar í stað eftirlauna og, þar sem við á, allar greiðslur í formi endurgreiddra iðgjalda;
q) i) merkir orðið „fjölskyldubætur“ allar bætur í fríðu eða í reiðufé, þar á meðal barnabætur sem greiddar eru til að vega upp á móti framfærslukostnaði fjölskyldna, að undanskyldum hækkunum eða uppbótum á eftirlaun, veittar skyldmennum þeirra sem slík eftirlaun fá;
   ii) merkir orðið „barnabætur“ greiðslur í reiðufé sem greiddar eru reglulega eftir fjölda og aldri barna;
r) merkir orðið „dánarbætur“ allar greiðslur sem greiddar eru í heilu lagi þegar um dauðsfall er að ræða, að undanskildum þeim heildarbótagreiðslum sem um getur í staflið p) ii) þessarar greinar;
s) gildir orðasambandið „án iðgjalda“ um bætur þegar veiting þeirra er ekki háð beinu fjárframlagi hinna tryggðu eða vinnuveitenda þeirra eða tilteknum tímabilum atvinnustarfsemi og um öll kerfi sem eingöngu veita slíkar bætur.

II. LAGAÁKVÆÐI.

2. gr.

1. Þrátt fyrir hina almennu reglu hvað varðar beitingu laga samningsaðila á landsvæði þar sem launafólk starfar[1] skal lögum sem varða launafólk, sem vísað er til í þessari grein, beitt í samræmi við eftirfarandi ákvæði;

a) i) launafólk sem vinnur á landsvæði samningsaðila hjá fyrirtæki sem er fastur vinnuveitandi þess og er sent á vegum þess fyrirtækis til þess að vinna á landsvæði annars samningsaðila skal áfram hlíta lögum fyrrnefnda aðilans svo framarlega sem áætlaður tími verksins fer ekki fram yfir tímatakmörk sem hlutaðeigandi samningsaðilar hafa komist að gagnkvæmu samkomulagi um og svo fremi að þeir séu ekki sendir til að taka við af öðru launafólki sem hefur lokið skyldutíma sínum á erlendri grund;
   ii) taki verkið sem vinna á lengri tíma en upphaflega var ráð fyrir gert og farið fram úr hinum áformuðu tímamörkum vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna skulu lög fyrrnefnda aðilans gilda áfram þar til verkinu er lokið að fengnu samþykki hlutaðeigandi stjórnvalda síðarnefnda aðilans eða þess aðila sem hann hefur tilnefnt;

b) i) launafólk sem vinnur við millilandaflutninga á landsvæði tveggja eða fleiri samningsaðila sem innflutt vinnuafl í þjónustu fyrirtækis sem skrásett er á landsvæði samningsaðila og flytur farþega og vörur fyrir aðra eða á eigin vegum með járnbrautum, eftir vegum, í lofti eða á vatnaleiðum innanlands, skal hlíta lögum síðarnefnda aðilans;
   ii) starfi það hins vegar hjá útibúi eða föstum umboðsaðila sem umrætt fyrirtæki hefur á landsvæði annars samningsaðila en þess sem er á landsvæði þar sem fyrirtækið er skráð, skal það hlíta lögum samningsaðilans á landsvæði þar sem útibúið eða aðalumboðið er staðsett;

1) Sjá 1. mgr. a) 5. gr. Samþykktarinnar um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds almannatryggingum.

iii) ef það vinnur að mestum hluta á landsvæði samningsaðila þar sem það er búsett skal það hlíta löggjöf þess aðila jafnvel þótt fyrirtækið sem það vinnur hjá hafi hvorki skráða skrifstofu né útibú eða hafi fastan umboðsaðila á því landsvæði;

c) i) annað launafólk en það sem vinnur við millilandaflutninga og að öllu jöfnu stundar atvinnu sína á landsvæði tveggja eða fleiri samningsaðila, skal hlíta lögum samningsaðila á landsvæðum þar sem það býr gegni það starfi sínu að hluta til á því landsvæði eða vinni hjá nokkrum fyrirtækjum eða atvinnurekendum sem hafa fyrirtæki sín skrásett eða hafa aðsetur sitt á landsvæði annarra samningsaðila;

ii) að öðrum kosti skal það hlíta lögum samningsaðila á landsvæðum þar sem fyrirtækið sem það starfar við er skrásett eða vinnuveitandi þess búsettur;

d) launafólk sem starfar á landsvæði samningsaðila hjá fyrirtæki sem skrásett er á landsvæði annars samningsaðila og hefur athafnasvæði sitt beggja vegna sameiginlegra landamæra hlutaðeigandi samningsaðila skal hlíta lögum samningsaðila þar sem fyrirtækið er skrásett;

2. Þrátt fyrir hina almennu reglu hvað varðar beitingu laga samningsaðila á landsvæði þar sem þeir sem vinna á eigin vegum ráða sig til starfa[1] skal beita lögum sem vísað er til í þessari málsgrein og gilda um þá sem vinna á eigin vegum í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) þeir sem vinna á eigin vegum, sem búa á landsvæði eins samningsaðila og hafa atvinnustarfsemi sína á landsvæði annars samningsaðila, skulu hlíta lögum fyrrnefnda aðilans;

i) ef löggjöf síðarnefnda aðilans tekur ekki til þeirra, eða

ii) ef þeir sem vinna á eigin vegum eru, samkvæmt lögum hvors samningsaðila um sig, eingöngu háðir þeim lögum sem vegna þess að þeir eru búsettir á landsvæði þessara samningsaðila;

b) þeir sem vinna á eigin vegum og hafa atvinnustarfsemi sína að jafnaði á landsvæði tveggja eða fleiri samningsaðila, skulu hlíta lögum samningsaðilans á því landsvæði er þeir búa á, starfi þeir að hluta til á því landsvæði eða séu samkvæmt þeim lögum háðir þeim eingöngu vegna þess að þeir eru búsettir á landsvæði þess aðila;

c) þegar þeir sem vinna á eigin vegum, og vísað er til í undanfarandi staflið, vinna ekki að hluta til á landsvæði samningsaðila þar sem þeir eru búsettir, eða þegar þeir samkvæmt lögum þess aðila eru eingöngu háðir þeim lögum vegna búsetu sinnar eða þegar löggjöf þess aðila tekur ekki til þeirra, skulu þeir hlíta lögum sem þeir samningsaðilar sem um ræðir eða hlutaðeigandi stjórnvöld hafa komist að gagnkvæmu samkomulagi um.

3. Þegar starfsmaður er, samkvæmt ákvæðum undanfarandi málsgreinar þessarar greinar, háður lögum samningsaðila á landsvæði þar sem hann hvorki vinnur né rekur nokkra atvinnustarfsemi né er búsettur, skal hann, eftir því sem við á, hlíta þeim lögum eins og hann væri vinnandi eða ræki atvinnustarfsemi eða væri búsettur á landsvæði þess aðila.

4. Hlutaðeigandi stjórnvöld samningsaðila geta, í þágu þeirra sem hlut eiga að máli, haft aðra tilhögun en þá sem felst í undanfarandi málsgreinum þessarar greinar.

III. VARÐVEISLA ÁUNNINNA RÉTTINDA.

A. SAMEINING TÍMABILA.

1. Læknishjálp, sjúkrabætur, mæðrabætur og fjölskyldubætur.

3. gr.

Þegar lög samningsaðila kveða á um að öflun, varðveisla eða endurheimt bótaréttar séu háð lyktum tryggingatímabila starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila, ber stofnuninni sem hlítir þeim lögum, í þeim tilgangi að leggja tímabil saman og að því marki sem

1) Sjá 1. mgr. a) 5. gr. Samþykktarinnar um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds almannatryggingum.

nauðsynlegt er, að taka tillit til tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- og búsetutímabila sem lokið er samkvæmt hliðstæðum lögum einhvers annars samningsaðila, svo framarlega sem þau skarast ekki eins og þau væru tímabil sem lokið er samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.

2. Atvinnuleysisbætur.

4. gr.

1. Þegar lög samningsaðila kveða á um að öflun, varðveisla eða endurheimt bótaréttar sé háð lyktum tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila, ber stofnuninni sem hlítir þeim lögum, í þeim tilgangi að leggja tímabil saman og að því marki sem nauðsynlegt er, að taka tillit til tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- og búsetutímabila sem lokið er samkvæmt hliðstæðum lögum einhvers annars samningsaðila, svo framarlega sem þau skarast ekki eins og þau væru tímabil sem lokið er samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.

2. Samt sem áður getur stofnun samningsaðila, þar sem lögum samkvæmt er krafist að tryggingatímabilum sé lokið til þess að bótarétti verði náð, gert samlagningu tímabila starfs- eða atvinnustarfsemi sem lokið er samkvæmt hliðstæðum lögum annars samningsaðila háða þeim skilyrðum að þessi tímabil hefðu verið álitin tryggingatímabil hefði þeim verið lokið samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.

3. Ákvæði undanfarandi málsgreina þessarar greinar skulu gilda, **mutatis mutandis,** þar sem lög samningsaðila gera ráð fyrir að lengd bótagreiðsluskylds tímabils sé háð lengd þeirra tímabila sem lokið er.

3. Örorkubætur, ellilífeyrir og eftirlifendabætur.

5. gr.

1. Þegar lög samningsaðila kveða á um að öflun, varðveisla eða endurheimt bótaréttar séu háð lyktum tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila ber stofnuninni sem hlítir þeim lögum, í þeim tilgangi að leggja tímabil saman, að taka tillit til tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila sem lokið er samkvæmt hliðstæðum lögum einhvers annars samningsaðila, svo framarlega sem þau skarast ekki eins og þau væru tímabil sem lokið er samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.

2. Þegar lög samningsaðila kveða á um að bótaréttur sé háður viðkomandi eða, þegar um dánarbætur er að ræða, þeim látna, hafi hann hlítt þeim lögum er dauða hans bar að höndum, skal litið svo á að því ákvæði sé fullnægt hafi viðkomandi eða hinn látni, eftir því sem við á, hlítt lögum annars samningsaðila um þær mundir eða að öðrum kosti þegar viðkomandi eða hinn eftirlifandi getur krafist samsvarandi bóta samkvæmt lögum annars samningsaðila.

3. Þegar í lögum samningsaðila er kveðið á um að hægt sé að taka tillit til greiðslutímabils eftirlauna til að öðlast, varðveita eða endurheimta bótarétt skal hlutaðeigandi stofnun taka til greina öll tímabil meðan eftirlaun voru greidd samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila.

4. Almenn ákvæði.

6. gr.

Þegar lög samningsaðila kveða á um að veiting ákveðinna bóta skuli háð lyktum tímabila í starfi sem heyrir undir sérstakt kerfi eða í sérstöku starfi eða vinnu skal samkvæmt lögum annarra samningsaðila eingöngu tekið tillit til þeirra tímabila sem lokið er samkvæmt hliðstæðu kerfi eða, sé ekki um slíkt kerfi að ræða, eftir því sem við á, í sama starfi eða vinnu. Ef viðkomandi, þrátt fyrir að hafa lokið tímabilum á þennan hátt, fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu umræddra bóta skal tekið tillit til viðkomandi tímabila samkvæmt hinu almenna kerfi eða, sé ekki um slíkt kerfi að ræða, eftir því sem við á, kerfinu sem tekur til launþega eða launaðra starfsmanna.

B. ÁKVÖRÐUN UM ÖRORKUBÆTUR, ELLILAUN OG EFTIRLIFENDABÆTUR.

7. gr.

Ákvörðun um örorkubætur, ellilaun og eftirlifendabætur skal tekin annaðhvort í samræmi við úthlutunarreglur eða aðlögunarreglur samkvæmt vali með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila.

I. VALKOSTUR — ÚTHLUTUNARREGLUR.

1. Almenn ákvæði.

8. gr.

1. Þegar einhver hefur samfleytt eða öðru hvoru hlítt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila ber stofnun hvers þessara aðila um sig að ákveða í samræmi við gildandi lög hvort viðkomandi eða eftirlifendur hans fullnægja ákvæðum um bótarétt að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 5. gr.

2. Þegar viðkomandi fullnægir þessum ákvæðum getur hlutaðeigandi stofnun hvers samningsaðila, þar sem í lögum er kveðið á um að fjárhæð bóta eða ákveðnir hlutar hennar skuli vera í hlutfalli við þau tímabil sem lokið er, reiknað þessar bætur út beint eða hluta þeirra, einungis á grundvelli þeirra tímabila sem lokið er samkvæmt gildandi lögum, þrátt fyrir ákvæði eftirfarandi málsgreina þessarar greinar.

3. Ef viðkomandi fullnægir þeim skilyrðum sem um getur í 1. málsgrein þessarar greinar, ber hlutaðeigandi stofnun einhvers hinna samningsaðilanna að reikna út áætlaða fjárhæð bóta sem hann gæti krafist ef öllum tímabilum sem lokið er, samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila og tekið er tillit til við ákvörðun um bótarétt í samræmi við ákvæði 5. greinar, hefði verið lokið í heild samkvæmt lögum sem sú stofnun beitir.

4. Hins vegar:

a) þegar fjárhæð bóta er ekki háð lengd lokinna tímabila skal líta svo á að sú fjárhæð sé hin áætlaða fjárhæð sem vísað er til í undanfarandi málsgrein;
b) þegar um er að ræða iðgjaldsfríar bætur og fjárhæð þeirra er ekki háð lengd lokinna tímabila er hægt að reikna út þá áætluðu fjárhæð, sem vísað er til í undanfarandi málsgrein, á grundvelli þeirrar fjárhæðar og allt að fullum bótum;
   i) þegar um örorku eða dauðsfall er að ræða, í hlutfalli við heildartímabil sem viðkomandi eða hinn látni hefur lokið áður en atvikið átti sér stað, samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila, og tekið er tillit til í samræmi við ákvæði 5. gr., að tveim þriðju fjölda ára frá þeim degi er viðkomandi eða hinn látni náði 15 ára aldri — eða hærri aldri sem ákveðinn er með gagnkvæmu samkomulagi viðkomandi samningsaðila — til þess dags er viðkomandi varð óvinnufær, er síðan leiddi til örorku eða dauða, hvort sem við á, án tillits til áranna eftir að eftirlaunaaldri er náð;
   ii) þegar um aldraða er að ræða, í hlutfalli við þau heildartímabil sem viðkomandi hefur lokið, allt að 30 árum, samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila og tekið er tillit til í samræmi við ákvæði 5. gr., án tillits til áranna eftir að eftirlaunaaldri er náð.

5. Stofnuninni, sem vísað er til í 3. málsgrein þessarar greinar, ber síðan að reikna út, samkvæmt þeim lögum er hún beitir, endanlega fjárhæð greiðslubærra bóta til handa viðkomandi á grundvelli þeirrar áætluðu upphæðar, sem reiknuð er út samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila, í samræmi við ákvæði 3. eða 4. málsgreinar þessarar greinar, eftir því sem við á, og í samræmi við hlutfall þeirra tímabila sem lokið var áður en atvikið átti sér stað, fram að heildartímabili sem lokið var fyrir atvikið.

6. Ef samanlögð tímabil sem lokið var fara, samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila, fram úr heildartímabili sem krafist er samkvæmt lögum eins þessara aðila til þess að fullar bætur fáist ber stofnun þess aðila, þegar beitt er ákvæðum 3. og 5. málsgreinar þessarar greinar, að taka tillit til hámarkstímabils í stað samanlagðra lokinna tímabila, án þess að þurfa að veita hærri bætur en þær sem kveðið er á um í lögum er hún beitir.

9. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. þar sem samanlögð lengd tímabilanna sem lokið er, samkvæmt lögum samningsaðila, er styttri en eitt ár og þegar, samkvæmt þeim lögum, enginn bótaréttur er fyrir hendi ef eingöngu er tekið tillit til þeirra tímabila, skal stofnun viðkomandi aðila ekki skyldug til að veita bætur með tilliti til umræddra tímabila.

2. Stofnunum annarra viðkomandi samningsaðila ber að taka tillit til tímabilanna sem vísað er til í undanfarandi málsgrein, þegar beitt er ákvæðum 8. greinar, að undanskildum ákvæðum 5. málsgreinar hennar.

3. Þegar hins vegar beiting ákvæða 1. málsgreinar þessarar greinar hefði þau áhrif að losa viðkomandi stofnanir undan þeirri skyldu að úthluta bótum, ber að úthluta þeim

(Valkostur A) eingöngu samkvæmt lögum síðast nefnda samningsaðilans þegar viðkomandi hefur uppfyllt skilyrði hans, að teknu tilliti til ákvæða 5. greinar, eins og öllum tímabilum sem vísað er til í 1. málsgrein þessarar greinar hafi verið lokið samkvæmt lögum þess aðila;

(Valkostur B) í samræmi við ákvæði 8. greinar.

10. gr.

1. Ef viðkomandi fullnægir ekki innan tiltekins tíma þeim skilyrðum sem krafist er samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila, með tilliti til ákvæða 5. greinar, en fullnægir skilyrðum laga aðeins eins eða fleiri þeirra, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) reikna skal greiðslubærar bætur í samræmi við ákvæði 2. málsgreinar eða 3. til 6. málsgreinar 8. greinar, eftir því sem við á, eftir að ákvæðum laga sem hlutaðeigandi stofnun beitir, hefur verið fullnægt.

b) hins vegar:

i) ef viðkomandi fullnægir skilyrðum laga að minnsta kosti tveggja samningsaðila án þess að þurfi að taka með í reikninginn þau tímabil sem lokið er samkvæmt öðrum lögum og skilyrðum þeirra hefur ekki verið fullnægt, skal ekki taka tillit til slíkra tímabila þegar beitt er ákvæðum 3. til 6. málsgreinar. 8. gr.;

ii) ef viðkomandi fullnægir skilyrðum aðeins eins samningsaðila án þess að þurfi að skírskota til ákvæða 5. gr., skal einungis reikna gjaldbæra bótaupphæð í samræmi við ákvæði laga þegar skilyrðum þeirra hefur verið fullnægt og tekið tillit til tímabila sem lokið er samkvæmt þeim lögum einum.

2. Bætur, sem veittar eru samkvæmt lögum eins eða fleiri viðkomandi samningsaðila, skulu, í því tilfelli sem fjallað er um í undanfarandi málsgrein, endurreiknaðar sjálfkrafa í samræmi við ákvæði 2. málsgreinar eða 3. til 6. málsgreinar 8. gr., þegar fullnægt hefur verið ákvæðum sem kveðið er á um í hinum lögunum eða viðkomandi lögum, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 5. gr.

3. Bætur sem veittar eru samkvæmt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila skulu eftir beiðni bótaþegans endurreiknaðar í samræmi við 1. málsgrein þessarar greinar þegar ákvæðum sem kveðið er á um í lögum eins eða fleiri samningsaðila er ekki lengur fullnægt.

11. gr.

1. Þegar bótafjárhæð, sem maður ætti rétt á samkvæmt lögum samningsaðila án tillits til ákvæða 5. gr. og 8. til 10. gr., er hærri en heildarbætur sem hann á rétt á samkvæmt þessum ákvæðum, ber hlutaðeigandi stofnun þess aðila að greiða uppbætur sem eru jafnháar mismuninum á þessum tveim upphæðum. Stofnunin skal bera allan kostnað af uppbótinni.

(Valkostur A) 2. Þegar beiting ákvæða undanfarandi málsgreinar hefði þau áhrif að viðkomandi hlyti rétt til uppbótargreiðslna frá stofnunum tveggja eða fleiri samningsaðila,

skal hann einungis hljóta þær sem hærri eru. Kostnaðinum við þessa uppbót ber að skipta milli hlutaðeigandi stofnana viðkomandi samningsaðila í samræmi við hlutfallið milli uppbótarfjárhæðarinnar sem hver þeirra þyrfti að greiða hefði hún ein átt hlut að máli og samanlagðrar fjárhæðar uppbótarinnar sem allar umræddar stofnanir þyrftu að greiða.

(Valkostur B) 2. Þegar beiting ákvæða undanfarandi málsgreinar hefði þau áhrif að viðkomandi hlyti rétt til uppbótargreiðslna frá stofnunum tveggja eða fleiri samningsaðila, skal hann einungis hljóta þessar uppbótargreiðslur innan marka þeirra hæstu áætluðu fjárhæðar sem þessar stofnanir reikna út í samræmi við ákvæði 3. eða 4. málsgreinar 8. gr. Ef heildarfjárhæð bóta og uppbótargreiðslna fer fram úr þeirri fjárhæð sem hæst er áætluð getur hver og ein stofnun samningsaðila lækkað uppbótargreiðsluna sem hún þyrfti að greiða um brot af umframgreiðslunni sem ákveðin er í samræmi við hlutfallið milli síðarnefndu uppbótargreiðslunnar og samanlagðrar uppbótargreiðslu sem allar umræddar stofnanir þyrftu að greiða.

3. Þær uppbótargreiðslur, sem vísað er til í undanfarandi málsgreinum þessarar greinar, ber að skoða sem hluta þeirra bóta sem greiðslukræf stofnun veitir. Fjárhæð þeirra skal ákveðin í eitt skipti fyrir öll nema þegar ákvæðum 2. eða 3. málsgreinar 10. gr. er beitt.

2. Sérákvæði varðandi örorku- og eftirlifendabætur.

12. gr.

1. Þegar um er að ræða aukna örorku þeirra sem þiggja örorkubætur samkvæmt lögum eins samningsaðila eingöngu skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) ef viðkomandi hefur ekki hlítt lögum neins annars samningsaðila frá því hann byrjaði að fá bætur ber viðkomandi stofnun fyrrnefnda aðilans skylda til að taka tillit til aukinnar örorku í samræmi við ákvæði gildandi laga þegar bætur eru veittar;
b) ef viðkomandi hefur hlítt lögum eins eða fleiri annarra samningsaðila frá því hann byrjaði að fá bætur ber að taka tillit til aukinnar örorku í samræmi við ákvæði 5. og 8. til 11. gr.;
c) í því tilfelli sem vísað er til í undanfarandi staflið ber skylda til að líta á dagsetninguna, þegar sýnt var fram á aukna örorku sem dagsetninguna þegar tilfellið kom fram;
d) í því tilfelli sem vísað er til í staflið b) þessarar málsgreinar, að viðkomandi eigi ekki rétt til bóta frá stofnun annars samningsaðila, ber hlutaðeigandi stofnun fyrrnefnda aðilans að taka tillit til aukinnar örorku, í samræmi við ákvæði gildandi laga, þegar hún úthlutar bótum.

2. Þegar um er að ræða aukna örorku þess sem þiggur bætur, samkvæmt gildandi lögum tveggja eða fleiri samningsaðila, ber að taka tillit til aukinnar örorku, í samræmi við ákvæði 5. gr. og 8. til 11. gr., þegar bótum er úthlutað. Ákvæði stafliðar c) undanfarandi málsgreinar skulu gilda **mutatis mutandis.**

13. gr.

1. Örorku- eða eftirlifendabótum skal, eftir því sem við á, breytt í ellilífeyri með skilyrðum sem kveðið er á um í gildandi lögum um veitingu þeirra og í samræmi við ákvæði 5. gr. og 8. til 11. gr.

2. Í því tilfelli sem vísað er til í 10. gr., þegar örorku- eða eftirlifendabótaþegi öðlast rétt til ellilífeyris samkvæmt lögum eins eða fleiri samningsaðila, ber öllum stofnunum sem greiðslukræfar eru fyrir örorku- eða eftirlifendabótum að halda áfram að greiða bótaþeganum þær bætur sem hann á rétt á samkvæmt gildandi lögum, þar til ákvæði undanfarandi málsgreinar ganga í gildi hvað þá stofnun varðar.

II. VALKOSTUR — AÐLÖGUNARREGLA.

Regla A. Aðlögun tengd búsetu.

14. gr.

1. Þegar maður hefur samfleytt eða öðru hvoru hlítt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila skulu hann og eftirlifendur hans eingöngu eiga bótarétt sem ákveðinn er samkvæmt lögum samningsaðila á landsvæði þar sem þeir búa, svo framarlega sem þeir fullnægja skilyrðum sem sett eru með þeim lögum eða viðkomandi samningsaðilar hafa sett með tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 5. greinar.

2. Kostnaður við bætur sem ákveðnar eru í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar skal vera:

a) borinn í heild af stofnun samningsaðila á landsvæði þar sem viðkomandi býr; hins vegar er hægt að gera beitingu þessara ákvæða háða þeim skilyrðum, að viðkomandi hafi búið á því landsvæði um þær mundir er bótakrafa hans var borin fram eða, hvað varðar eftirlifendabætur, háða lágmarkstímabili sem ákveðið er með gagnkvæmu samkomulagi viðkomandi samningsaðila hafi hinn látni búið á því landsvæði þegar dauða hans bar að höndum; eða

b) skipt á milli stofnana allra viðkomandi samningsaðila í samræmi við hlutfall milli lengdar þeirra tímabila sem lokið er áður en tilfellið kom upp, samkvæmt gildandi lögum þessara samningsaðila og lengdar heildartímabila sem lokið er áður en tilfellið kom upp samkvæmt lögum allra viðkomandi samningsaðila; eða

c) borinn af stofnun samningsaðila á landsvæði þar sem viðkomandi býr, en stofnanir annarra viðkomandi samningsaðila annast greiðslu samkvæmt samkomulagi um greiðslu í heilu lagi sem þessir aðilar hafa komist að samkomulagi um á grundvelli hlutdeildar viðkomandi í kerfi hvers þeirra samningsaðila sem ekki er skylt að greiða bæturnar.

3. Ef viðkomandi fullnægir ekki skilyrðum laga þess samningsaðila sem vísað er til í 1. málsgr. þessarar greinar eða þau lög kveða ekki á um örorkubætur, ellilífeyri eða eftirlifendabætur, ber honum að fá hagstæðustu bætur sem hann á rétt á samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila að teknu tilliti til ákvæða 5. greinar þegar við á.

Regla B — Aðlögun tengd örorku eða dauðsfalli[1].

15. gr.

1. Þegar maður hefur samfleytt eða öðru hvoru hlítt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila skulu hann og eftirlifendur hans eiga bótarétt í samræmi við ákvæði eftirfarandi málsgreina þessarar greinar.

2. Stofnun samningsaðila sem beitti gildandi lögum, þegar viðkomandi varð óvinnufær, er síðar leiddi til örorku eða dauða, skal úrskurða í samræmi við ákvæði þeirra laga hvort viðkomandi fullnægir skilyrðum til bótaréttar að teknu tilliti til ákvæða 5. gr. eftir því sem við á.

3. Þegar viðkomandi fullnægir þessum skilyrðum skal hann einungis hljóta bæturnar frá umræddri stofnun í samræmi við ákvæði þeirra laga er hún beitir.

4. Fullnægi viðkomandi ekki þeim skilyrðum samningsaðilans, sem vísað er til í 2. málsgrein þessarar greinar, eða þau lög kveða ekki á um örorku eða eftirlifendabætur, ber honum að fá hagstæðustu bætur sem hann á rétt á, samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila, að teknu tilliti til ákvæða 5. greinar eftir því sem við á.

1) Þessa reglu er hægt að takmarka við tilfelli þegar viðkomandi hefur að fullu lokið tímabilum skv. lögum sem kveða á um að bótaupphæð sé óháð lengd lokinna tímabila.

16. gr.

Ákvæði 12. greinar, 1. málsgreinar, skulu gilda **mutatis mutandis.**

C. ÁKVÖRÐUN BÓTA VEGNA ATVINNUSJÚKDÓMA.

17. gr.

1. Fái starfsmaður atvinnusjúkdóm eftir að hafa unnið við starf sem sennilegt er að valdi þeim sjúkdómi, samkvæmt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila, skulu bætur, sem hann eða eftirlifendur hans kunna að eiga rétt á, einungis veittar samkvæmt lögum hins síðarnefnda umræddra aðila, fullnægi þeir skilyrðum þeirra laga, að teknu tilliti til ákvæða 2.—4. málsgreina þessarar greinar.

2. Þar sem lög samningsaðila gera rétt til bóta af völdum atvinnusjúkdóma háðan því að sjúkdómurinn sem um ræðir sé fyrst greindur á landsvæði þess aðila, skal líta svo á að því skilyrði sé fullnægt, hafi þessi sjúkdómur fyrst verið greindur á landsvæði annars samningsaðila.

3. Þegar lög samningsaðila gera bótarétt vegna atvinnusjúkdóma beint eða óbeint háðan því að sjúkdómurinn sem um ræðir sé greindur innan ákveðinna tímamarka eftir að hætt var í síðasta starfi sem líklegt er að valdi slíkum sjúkdómi, skal hlutaðeigandi stofnun þess aðila, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, þegar tíminn sem starfið var unnið á er ákvarðaður, taka tillit til allra sams konar starfa sem unnin voru samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila eins og þau hefðu verið unnin samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.

4. Þegar lög samningsaðila gera bótarétt vegna atvinnusjúkdóma beint eða óbeint háðan því að í ákveðinn tíma hafi verið fylgst með því starfi sem líklegt er að valdi slíkum sjúkdómi, skal hlutaðeigandi stofnun þess samningsaðila, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, taka tillit til þess tíma er fylgst var með slíku starfi á landsvæði einhvers annars samningsaðila í þeim tilgangi að leggja tímabil saman.

5. Þegar ákvæðum 3. eða 4. málsgreinar þessarar greinar er beitt má skipta,

(Valkostur I) kostnaði bóta

(Valkostur II) kostnaði eftirlauna hvað varðar atvinnusjúkdóma á milli viðkomandi samningsaðila.

(Valkostur A) í samræmi við hlutfallið á milli lengdar áhættutíma samkvæmt lögum hvers þessara aðila og heildarlengdar tímabila sem lokið er samkvæmt lögum umræddra aðila.

(Valkostur B) í samræmi við hlutfallið á milli lengdar þeirra tímabila sem lokið er samkvæmt lögum hvers þessara aðila og heildarlengdar þeirra tímabila sem lokið er, samkvæmt lögum hvers þessara aðila um sig og heildarlengdar þeirra tímabila sem lokið er samkvæmt lögum ofangreindra aðila.

(Valkostur C) jafnt á milli þessara aðila þegar áhættutími hefur samkvæmt lögum þeirra náð prósentutölu, sem ákveðin er með gagnkvæmu samkomulagi viðkomandi aðila, af heildaráhættutíma samkvæmt lögum ofangreindra aðila.

18. gr.

Þegar starfsmaður, sem fengið hefur atvinnusjúkdóm, fékk eða fær skaðabætur frá stofnun samningsaðila og krefst bóta frá stofnun annars samningsaðila þegar honum hrakar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) þegar starfsmaðurinn vann ekki við starf sem líklegt er, samkvæmt lögum síðarnefnda aðilans, að valdi umræddum sjúkdómi eða geri það að verkum að honum hrakar, ber stofnun fyrrnefnda aðilans að bera bótakostnaðinn og taka tillit til, í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir, að heilsu hans hrakar;

b) þegar starfsmaðurinn vann við slíkt starf samkvæmt lögum síðarnefnda aðilans, skal hlutaðeigandi stofnun fyrrnefnda aðilans bera bótakostnaðinn án þess að tillit sé tekið til, í samræmi við ákvæði laga er hún beitir, að heilsu hans hrakar; hlutaðeigandi stofnun síðarnefnda aðilans skal greiða starfsmanninum uppbót á bætur en fjárhæð hennar skal vera jafnhá mismuninum milli bótafjárhæðar sem hann átti rétt á eftir að honum hrakaði og bótafjárhæðar sem hann hefði, í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir, átt rétt á áður en honum hrakaði, ef hann hefði fengið umræddan sjúkdóm á meðan hann var háður lögum þess aðila.

IV. VARÐVEISLA ÁUNNINNA RÉTTINDA OG ÁKVÆÐI UM BÆTUR ERLENDIS.

1. Læknishjálp, sjúkrabætur, mæðrabætur og bætur aðrar en eftirlaun vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

19. gr.

1. Þeir sem búa á landsvæði samningsaðila hlutaðeigandi ríkis og fullnægja þeim skilyrðum til bótaréttar, sem kveðið er á um í lögum síðarnefnda ríkisins, að teknu tilliti til ákvæða 3. greinar, eftir því sem við á, skulu á landsvæði samningsaðila þar sem þeir búa fá

a) bætur í fríðu, sem stofnun í búsetulandi úthlutar á kostnað hlutaðeigandi stofnunar í samræmi við ákvæði laga sem síðarnefnda stofnunin beitir, eins og þetta fólk heyrði undir hana;

b) bætur í reiðufé sem hlutaðeigandi stofnun greiðir í samræmi við ákvæði þeirra laga sem hún beitir eins og þetta fólk væri búsett á landsvæði hlutaðeigandi ríkis. Hins vegar er einnig hægt að greiða bætur í reiðufé í skjóli samkomulags á milli hlutaðeigandi stofnunar og stofnunar í búsetulandi gegnum síðarnefndu stofnunina fyrir hönd hlutaðeigandi stofnunar.

2. Ákvæði undanfarandi málsgreinar skulu gilda, **mutatis mutandis,** með tilliti til læknishjálpar, sjúkra- og mæðrabóta til handa fjölskyldu sem hefur búsetu á landsvæði annars samningsaðila en hlutaðeigandi ríkis.

3. Bótum má hlutaðeigandi stofnun einnig úthluta starfsmönnum á landamærasvæðum og fjölskyldum þeirra á landsvæði hlutaðeigandi ríkis í samræmi við ákvæði laga þess ríkis eins og væru þeir búsettir á landsvæði þess.

20. gr.

(Valkostur I)

1. Þeir sem fullnægja skilyrðum til bótaréttar samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis að teknu tilliti til, eftir því sem við á, 3. gr. og —

a) sem þannig er ástatt fyrir að nauðsynlegt reynist að úthluta þeim bótum án tafar á meðan þeir búa tímabundið á landsvæði samningsaðila annars en hlutaðeigandi ríkis; eða

b) sem öðlast hafa rétt til bóta er hlutaðeigandi stofnun er greiðslukræf um og sú stofnun heimilar þeim að hverfa aftur til landsvæðis samningsaðila þar sem þeir búa, annars en hlutaðeigandi ríkis, eða flytja búsetu sína til landsvæðis samningsaðila annars en hlutaðeigandi ríkis; eða

c) sem hlutaðeigandi stofnun heimilar að fara til landsvæðis samningsaðila, annars en hlutaðeigandi ríkis, til þess að fá þá meðferð sem ástand þeirra gefur tilefni til, skulu fá

i) bætur í fríðu sem úthlutað er á kostnað hlutaðeigandi stofnunar af stofnun þar sem búseta er eða tímabundin búseta í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir eins

og þetta fólk heyrði undir hana, þó ekki í lengri tíma en kann að vera kveðið á um í lögum hlutaðeigandi ríkis;

ii) bætur í reiðufé sem hlutaðeigandi stofnun greiðir í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir eins og væru þeir á landsvæði hlutaðeigandi ríkis. Hægt er að greiða bætur í reiðufé samkvæmt samkomulagi milli hlutaðeigandi stofnunar og stofnunar þar sem búseta er eða tímabundin búseta gegnum síðarnefndu stofnunina fyrir hönd hlutaðeigandi stofnunar.

2. a) Heimildinni sem vísað er til í staflið b) undanfarandi málsgreinar má því aðeins hafna að flutningurinn gæti skaðað heilsu viðkomandi eða framvindu læknismeðferðar.

b) Heimildinni sem vísað er til í staflið c) undanfarandi málsgreinar skal ekki hafna þegar eigi er hægt að láta nauðsynlega meðferð í té á landsvæði samningsaðila þar sem viðkomandi býr.

3. Ákvæði undanfarandi málsgreina þessarar greinar skulu taka til, **mutatis mutandis,** fjölskyldumeðlima hvað varðar læknishjálp, sjúkra- og mæðrabætur.

(Valkostur II)

1. Þeir sem fullnægja skilyrðum til bótaréttar samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis, að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 3. greinar, og

a) sem þannig er ástatt um að nauðsynlegt reynist að úthluta þeim bótum án tafar á meðan þeir búa tímabundið á landsvæði samningsaðila, annars en hlutaðeigandi ríkis;

b) sem öðlast hafa rétt til bóta er hlutaðeigandi stofnun er greiðslukræf um og sú stofnun heimilar þeim að hverfa aftur til landsvæðis samningsaðila þar sem þeir búa, annars en hlutaðeigandi ríkis, eða flytja búsetu sína til samningsaðila, annars en hlutaðeigandi ríkis; eða

c) sem fara til landsvæðis samningsaðila, annars en hlutaðeigandi ríkis, til þess að fá þá meðferð sem ástand þeirra gefur tilefni til, skulu fá —

i) bætur í fríðu sem úthlutað er af stofnun þar sem búseta er eða tímabundin búseta í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir eins og þetta fólk heyrði undir hana;

ii) bætur í reiðufé sem hlutaðeigandi stofnun greiðir í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir eins og væru þeir á landsvæði hlutaðeigandi ríkis. Hægt er að greiða bætur í reiðufé samkvæmt samkomulagi milli hlutaðeigandi stofnunar og stofnunar þar sem búseta er eða tímabundin búseta gegnum síðarnefndu stofnunina fyrir hönd hlutaðeigandi stofnunar.

2. Ákvæði undanfarandi málsgreinar skulu taka til, **mutatis mutandis,** fjölskyldumeðlima hvað varðar læknishjálp, sjúkra- og mæðrabætur.

2. Atvinnuleysisbætur.

21. gr.

1. Atvinnulaust launafólk sem fullnægir skilyrðum til bótaréttar, sem kveðið er á um í lögum eins samningsaðila hvað varðar lyktir tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila, með tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 4. greinar, og sem flytur búsetu sína til landsvæðis annars samningsaðila, skal því aðeins talið hafa fullnægt skilyrðum til bótaréttar sem kveðið er á um í lögum síðarnefnda aðilans að það gefi sig fram við vinnumiðlun á landsvæði þess aðila og leggi fram kröfu hjá stofnun þar sem hin nýja búseta er innan 30 daga frá búferlaflutningi eða lengri tíma eftir því sem ákveðið hefur verið með gagnkvæmu samkomulagi milli samningsaðila. Bæturnar skal stofnunin, þar sem búseta er, greiða í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir á kostnað hlutaðeigandi stofnunar fyrrnefnda aðilans.

(Valkostur I)
ekki lengur en þann tíma sem kann að vera kveðið á um í lögum þess aðila.
(Valkostur II)
ekki lengur en þann lágmarkstíma sem ákveðinn er með lögum hvors hinna tveggja hlutaðeigandi samningsaðila um sig.
(Valkostur III)
ekki lengur en þann tíma sem kveðið er á um með gagnkvæmu samkomulagi milli þessara aðila.

2. Án þess að skert séu ákvæði undanfarandi málsgreinar, skal atvinnulaus maður sem bjó þegar hann var síðast í vinnu á landsvæði samningsaðila, annars en hlutaðeigandi ríkis, hljóta bætur í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) i) starfsmaður í landamærahéraði sem er að hluta til eða óvænt atvinnulaus við verkefnið sem hann var ráðinn til skal fá bætur í samræmi við ákvæði laga hlutaðeigandi ríkis eins og hann hefði búsetu á landsvæði þess ríkis að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 4. greinar; hlutaðeigandi stofnun skal greiða slíkar bætur;
ii) starfsmaður í landamærahéraði sem er með öllu atvinnulaus skal fá bætur í samræmi við ákvæði laga samningsaðila á landsvæði þar sem hann býr að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 4. gr.; stofnunin þar sem búseta er skal greiða slíkar bætur á eigin kostnað;

b) i) starfsmaður, annar en starfsmaður í landamærahéraði, sem verður að hluta til, óvænt eða með öllu atvinnulaus og heldur áfram að vera til taks fyrir atvinnuveitanda sinn eða vinnumiðlun á landsvæði hlutaðeigandi ríkis skal fá bætur í samræmi við ákvæði laga hlutaðeigandi ríkis eins og hann byggi á landsvæði þess ríkis að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 4. greinar; slíkar bætur ber hlutaðeigandi stofnun að greiða;
ii) starfsmaður, annar en starfsmaður í landamærahéraði, sem verður með öllu atvinnulaus og er til taks fyrir vinnumiðlunina á landsvæði samningsaðila þar sem hann býr eða fer aftur til þess landsvæðis skal fá bætur í samræmi við ákvæði laga þess aðila eins og hann hefði hlítt þeim lögum þegar hann var síðast í vinnu að teknu tilliti til, eftir því sem við á, ákvæða 4. greinar; slíkar bætur ber stofnun þar sem búseta er að greiða á eigin kostnað;
iii) nú hefur sá starfsmaður sem vísað er til í staflið b) ii) þessarar greinar öðlast bótarétt hjá hlutaðeigandi stofnun samningsaðila þar sem hann síðast hlítti lögum og skal hann þá fá bætur í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar eins og hann hefði flutt búsetu sína um tíma sem ekki fer fram yfir það tímabil sem tiltekið er í undanfarandi málsgrein til landsvæðis þess samningsaðila sem vísað er til í staflið b) ii) þessarar málsgreinar.

3. Á meðan atvinnulaus maður á bótarétt í skjóli stafliðar a) i) eða stafliðar b) i) undanfarandi málsgreinar á hann ekki bótarétt samkvæmt lögum samningsaðila á landsvæði þar sem hann býr.

3. Fjölskyldubætur.

VALKOSTUR I — BARNABÆTUR.

22. gr.

1. Þeir sem hlíta lögum samningsaðila skulu að teknu tilliti til, þar sem við á, ákvæða 3. greinar, fá barnabætur vegna fjölskyldumeðlima sem búa á landsvæði annars aðila og veittar eru samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans eins og þessir fjölskyldumeðlimir byggju á landsvæði þess aðila.

2. Barnabætur skulu greiddar í samræmi við ákvæði laga samningsaðila þar sem bótaþeginn hlítir lögum enda þótt sá hinn sami eða rétthafi þessara bóta búi eða sé staðsettur

á landsvæði annars samningsaðila. Sé málum þannig háttað er einnig hægt að greiða bæturnar gegnum síðarnefndu stofnunina fyrir hönd hlutaðeigandi stofnunar ef fyrir hendi er samkomulag milli þeirrar stofnunar og stofnunar þar sem fjölskyldumeðlimirnir eru búsettir.

VALKOSTUR II — FJÖLSKYLDUBÆTUR.

23. gr.

(Valkostur A)

1. Þeir sem hlíta lögum samningsaðila skulu að teknu tilliti til, þar sem við á, ákvæða 3. greinar, fá fjölskyldubætur vegna fjölskyldumeðlima sem búa á landsvæði annars samningsaðila og veittar eru samkvæmt lögum síðarnefnda aðilans eins og þeir hlíttu lögum hans.

2. Fjölskyldubætur skal greiða fjölskyldumeðlimum af stofnuninni þar sem þeir búa í samræmi við ákvæði laga sem sú stofnun beitir á kostnað hlutaðeigandi stofnunar með fjárhæð sem ekki er hærri en sú bótaupphæð sem síðarnefndu stofnuninni ber að greiða.

(Valkostur B)

Þegar fjölskyldumeðlimir þess er vinnur eða býr á landsvæði samningsaðila búa á landsvæði annars samningsaðila ber stofnuninni þar sem þeir búa að greiða þeim fjölskyldubætur á sinn kostnað.

4. Iðgjaldsfríar örorkubætur, ellilaun og dánarbætur.

24. gr.

(Valkostur I)

Þegar ekki er hægt að beita ákvæðum 8. greinar og bótaþegi, sem fær iðgjaldsfríar örorkubætur, ellilaun eða dánarbætur án þess að fjárhæð þeirra sé háð lengd lokinna tímabila, býr á landsvæði samningsaðila, sem er annar en sá sem bótaskyldur er gagnvart honum samkvæmt lögum, er hægt að reikna bæturnar í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) þegar um örorku eða dauða er að ræða, í samræmi við hlutfallið á milli árafjölda sem búseta viðkomandi eða hins látna varði, samkvæmt umræddum lögum, og dagsins þegar hann náði 15 ára aldri — eða hærri aldri sem ákveðinn hefur verið með gagnkvæmu samkomulagi hlutaðeigandi samningsaðila — og dagsins þegar hann varð óvinnufær, eða vegna dauðsfalls, og þá að tveim þriðju af fjölda ára á milli þessara dagsetninga án tillits til áranna eftir að komist er á eftirlaunaaldur;
b) þegar um ellilaun er að ræða, í samræmi við hlutfallið á milli fjölda ára sem búseta viðkomandi hefur varað samkvæmt umræddum lögum, og dagsins þegar hann náði 15 ára aldri — eða hærri aldri sem ákveðinn hefur verið með gagnkvæmu samkomulagi á milli hlutaðeigandi samningsaðila — og dagsins þegar hann komst á eftirlaunaaldur, allt að 30 árum.

(Valkostur II)

Þegar ekki er hægt að beita ákvæðum 8. gr. og þegar löggjöf samningsaðila kveður bæði á um iðgjaldsskyldar og iðgjaldsfríar örorku-, elli- eða eftirlifendabætur, skal greiða bótaþega hinar iðgjaldsfríu örorku-, elli- eða eftirlifendabætur ef upphæð þeirra er óháð lengd búsetu og viðkomandi er búsettur á landsvæði annars samningsaðila. Bæturnar skulu greiddar í sama hlutfalli og iðgjaldsskyldar bætur sem bótaþegi á rétt á í hlutfalli við heildarupphæð iðgjaldsskyldra bóta sem hann ætti rétt á ef hann hefði lokið allri tímalengdinni sem bótarétturinn byggist á.

V. REGLUR UM ÓTILHLÝÐILEGAR TVÍGREIÐSLUR.

25. gr.

Ákvæði í lögum samningsaðila um lækkun, frestun eða niðurfellingu bóta, þegar um er að ræða ótilhlýðilegar tvígreiðslur auk annarra bóta eða annarra tekna eða þegar sá, sem

annars ætti bótarétt, er í vinnu eða hefur atvinnustarfsemi með höndum, skulu einnig gilda um bótaþega, jafnvel hvað varðar bætur sem áunnar eru samkvæmt lögum annars samningsaðila, eða um tekjur eða vinnu atvinnustarfsemi sem fram fer á landsvæði annars samningsaðila. Sé þessari reglu beitt skal hins vegar ekki tekið tillit til hliðstæðra bóta hvað varðar öryrkja, aldraða, eftirlifendur eða atvinnusjúkdóma sem stofnanir tveggja eða fleiri samningsaðila úthluta í samræmi við ákvæði 8. greinar eða 18. greinar staflið b).

26. gr.

Þegar bótaþegi, sem þiggur bætur samkvæmt lögum eins samningsaðila, á einnig bótarétt samkvæmt lögum eins eða fleiri annarra samningsaðila skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) þegar beiting ákvæða laga tveggja eða fleiri samningsaðila hefði í för með sér samfarandi lækkun, frestun eða niðurfellingu slíkra bóta, má ekki lækka neinar þeirra, fresta þeim eða fella niður hvað nemur hærri fjárhæð en þeirri er fengist með því að deila í fjárhæðina sem lækkuð er, frestað eða felld niður, í samræmi við lög sem gilda um úthlutun bóta, með þeirri tölu bóta sem háðar eru lækkun, frestun eða niðurfellingu og bótaþeginn á rétt á;
b) þrátt fyrir það sem að framan greinir skal, þegar viðkomandi bætur eru örorkubætur, ellilaun eða dánarbætur sem stofnun samningsaðila greiðir í samræmi við ákvæði 8. greinar, hlutaðeigandi stofnun einungis taka tillit til þeirra bóta, tekna eða þóknunar sem valda lækkun, frestun eða niðurfellingu greiðslukræfra bóta, til þess að lækka, fresta eða fella niður þá fjárhæð sem vísað er til í 2. málsgrein eða 5. málsgrein 8. greinar, en ekki til þess að reikna út þá áætluðu upphæð sem vísað er til í 3. og 4. málsgrein fyrrnefndrar 8. greinar. Samt sem áður skal tekið tillit til slíkra bóta, tekna eða þóknunar aðeins að þeim hluta sem fjárhæð þeirra svarar til hlutfalls lokinna tímabila svo sem mælt er fyrir um í 5. málsgrein 8. greinar.

27. gr.

Þegar einhver á tilkall til læknishjálpar eða sjúkrabóta, samkvæmt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila, má einungis úthluta slíkum bótum samkvæmt lögum aðila á landsvæði þar sem sá maður býr eða, ef hann ekki býr á landsvæði einhvers þessara aðila, einungis samkvæmt lögum aðila sem þessi maður eða sá sem umræddur bótaréttur byggist á var síðast háður.

28. gr.

Þegar einhver á tilkall til mæðralauna samkvæmt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila má einungis úthluta slíkum bótum samkvæmt lögum aðila á landsvæði þar sem fætt var. Hafi fæðingin ekki átt sér stað á landsvæði eins þessara aðila má einungis úthluta bótum samkvæmt lögum aðila sem þessi maður eða sá sem umræddur bótaréttur byggist á var síðast háður.

29. gr.

1. Þegar mannslát verður á landsvæði samningsaðila er einungis hægt að viðurkenna rétt til dánarbóta sem áunnist hafa samkvæmt lögum þess aðila, en réttur sem áunnist hefur samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila fellur niður.

2. Þegar mannslát verður á landsvæði samningsaðila og réttur til dánarbóta hefur einungis áunnist samkvæmt lögum tveggja eða fleiri annarra samningsaðila er aðeins hægt að halda þeim rétti sem áunnist hefur samkvæmt lögum samningsaðila þar sem hinn látni var síðast háður lögum, en réttur sem áunnist hefur samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila fellur niður.

3. Þegar mannslát verður utan landsvæðis samningsaðilanna og réttur til dánarbóta hefur áunnist samkvæmt lögum tveggja eða fleiri samningsaðila er einungis hægt að halda

rétti sem áunnist hefur samkvæmt lögum samningsaðila þar sem hinn látni var síðast háður lögum, en réttur sem áunnist hefur samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila fellur niður.

30. gr.

(Valkostur I)

Þegar sömu fjölskyldumeðlimir eiga rétt á barnabótum fyrir sama tímabil, samkvæmt ákvæðum 22. greinar og samkvæmt lögum samningsaðila á landsvæði þar sem þessir fjölskyldumeðlimir búa, skal réttur til barnabóta sem greiðsluskyldar eru samkvæmt lögum síðarnefnda aðilans falla niður. Sé hins vegar um að ræða að fjölskyldumeðlimir hafi atvinnu á landsvæði umrædds aðila skal þeim rétti haldið en réttur til barnabóta samkvæmt ákvæðum 22. greinar fellur niður.

(Valkostur II)

Þegar sömu fjölskyldumeðlimir eiga rétt á barnabótum fyrir sama tímabil samkvæmt ákvæðum 22. greinar og samkvæmt lögum samningsaðila á landsvæði þar sem þessir fjölskyldumeðlimir búa, skal réttur til fjölskyldubóta samkvæmt ákvæðum 22. greinar falla niður.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

31. gr.

Læknisskoðanir sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum eins samningsaðila má stofnun, þar sem búseta er eða tímabundin búseta, framkvæma á landssvæði annars aðila að beiðni stofnunar sem beitir þeim lögum. Í slíkum tilfellum ber að líta svo á að þær hafi verið framkvæmdar á landsvæði fyrrnefnda aðilans.

32. gr.

1. Til þess að reikna út fjárhæð iðgjalda sem gjaldkræf eru hjá stofnun samningsaðila ber að taka tillit til, eftir því sem við á, tekna sem aflað er á landsvæði einhvers annars samningsaðila.

2. Endurheimt iðgjalda sem greiða skal stofnun eins samningsaðila má framkvæma á landsvæði annars samningsaðila í samræmi við stjórnsýsluvenjur og er hún háð þeim tryggingum og forgangi sem við á við endurheimt iðgjalda sem hlutaðeigandi stofnun síðarnefnda aðilans á rétt á.

33. gr.

Allar undanþágur frá eða lækkun á sköttum, stimpilgjaldi, lögskipuðum gjöldum eða skráningargjöldum sem kveðið er á um í lögum eins samningsaðila í sambandi við skilríki eða skjöl sem krafist er að lögð séu fram í samræmi við lög þess aðila, skulu einnig ná til hliðstæðra skilríkja og skjala sem krafist er að lögð séu fram samkvæmt lögum annars samningsaðila eða samkvæmt þessum tillögum um ákvæði.

34. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvöld samningsaðila geta tilnefnt samstarfsaðila sem veitt er umboð til að hafa bein samskipti sín á milli og við stofnanir hvers samningsaðila að því tilskildu að hlutaðeigandi stjórnvöld þess aðila hafi heimilað þeim það.

2. Allar stofnanir samningsaðila og enn fremur hver sá, sem býr eða býr tímabundið á landsvæði samningsaðila, getur snúið sér til stofnunar annars samningsaðila, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu samstarfsaðilanna.

35. gr.

1. Allar deilur sem upp kunna að koma milli tveggja eða fleiri samningsaðila varðandi túlkun eða beitingu þessara tillagna um ákvæði skal útkljá með beinum samningum á milli hlutaðeigandi stjórnvalda viðkomandi samningsaðila.

2. Sé ekki hægt að útkljá deiluna innan sex mánaða frá upphafi samningaumleitana skal hún lögð í gerðardóm; skipun þess dóms og starfshætti skal ákveða með gagnkvæmu samkomulagi viðkomandi samningsaðila.

3. Niðurstöður gerðadóms skulu bindandi og endanlegar.

VII. ÁKVÆÐI VARÐANDI VARÐVEISLU RÉTTINDA Í SAMSKIPTUM MILLI LÍFEYRISSJÓÐA EÐA VIÐ ÞÁ.

VALKOSTUR I.

36. gr.

1. Þegar maður hættir að hlíta lögum samningsaðila þar sem hann hefur verið skráður í lífeyrissjóð áður en það tjón varð sem veitti honum rétt til að fá greidda þá fjárhæð sem honum er færð til tekna, getur hann að eigin ósk annaðhvort fengið alla fjárhæðina greidda eða látið yfirfæra hana til stofnunar sem hann er aðili að á landsvæði samningsaðila þar sem hann nú hlítir lögum.

2. Sé stofnunin sjálf lífeyrissjóður skal fjárhæðin sem yfirfærð er færð til tekna á reikning sem þessi stofnun opnar í nafni viðkomandi.

3. Sé stofnunin, sem um ræðir í 1. málsgrein þessarar greinar, lögbær með tilliti til ellilauna skal greiða hlutaðeigandi stofnun upphæðina sem yfirfærð er til þess að viðkomandi geti endurkeypt réttindatímabil og öðlist þannig eða efli bótarétt sinn eða til þess að auka réttindi hans samkvæmt lögum sem þessi stofnun beitir. Aðferðin sem beitt er þegar réttindatímabil eru endurkeypt skal ákveðin annaðhvort í samræmi við ákvæði þeirra laga eða með gagnkvæmu samkomulagi viðkomandi samningsaðila.

37. gr.

Þegar maður hættir að hlíta lögum samningsaðila þar sem hann átti tilkall til eftirlauna og flytur á landsvæði annars samningsaðila þar sem hann lögum samkvæmt er skráður í lífeyrissjóð áður en hann öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum fyrrnefnda aðilans.
(Valkostur A) heldur hann og eftirlifendur hans eftirlaunarétti þar til skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslu eftirlauna, hefur verið fullnægt. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt skulu samanlögð iðgjöld sem þessi aðili hefur greitt eða greidd eru vegna hans yfirfærast til lífeyrissjóðsins með þeim skilyrðum sem ákveðin eru með gagnkvæmu samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila.
(Valkostur B) iðgjöldin sem þessi maður greiðir eða greidd eru fyrir hans hönd skal yfirfæra til lífeyrissjóðsins samkvæmt ákvæðum sem sett hafa verið með gagnkvæmu samkomulagi milli viðkomandi samningsaðila.

VALKOSTUR II.

38. gr.

1. Geri lög samningsaðila öflun, varðveislu eða endurheimt eftirlaunaréttar háð lyktum tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila skal, þegar tímabil eru lögð saman, stofnun sem beitir þeim lögum taka tillit til tímabila á meðan sá maður var skráður hjá lífeyrissjóði og þurfti að greiða iðgjöld í þann sjóð.

2. Fullnægi viðkomandi skilyrðum til greiðslu eftirlauna, að teknu tilliti til 1. málsgreinar þessarar greinar, skal ákveða fjárhæð eftirlaunanna í samræmi við 8. til 13. grein.

3. Geri lög samningsaðila greiðslu fjárhæða, sem færðar eru til tekna á reikning þess sem er í lífeyrissjóði, háða lyktum iðgjaldatímabila skal, þegar tímabil eru lögð saman, stofnun sem beitir þeim lögum taka tillit til tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- og búsetutímabila sem lokið er samkvæmt lögum samningsaðila þar sem viðkomandi var aðili að eftirlaunakerfi.

VIÐAUKI II

Tillaga um ákvæði til samræmingar á tvíhliða eða fjölhliða gjörningum á sviði almannatrygginga.

1. gr.

Í þessu samkomulagi —

a) merkir orðið „samningsaðili“ öll ríki sem eiga aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni og bundin eru af þessu samkomulagi;
b) tekur orðið „löggjöf“ til allra almannatryggingareglna og laga og reglugerða;
c) hefur orðið „flóttamaður“ þá merkingu sem því er gefin í 1. gr. Samþykktarinnar um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 og 2. málsgr. 1. gr. í Bókun um stöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967, án landfræðilegra takmarka;
d) hefur hugtakið „ríkisfangslaus maður“ þá merkingu sem því er gefið í 1. gr. Samþykktarinnar um stöðu fólks án ríkisfangs frá 28. september 1954;
e) merkir orðið „gjörningur“ alla tvíhliða eða fjölhliða gjörninga varðandi varðveislu réttinda á meðan verið er að afla þeirra í almannatryggingakerfi og eru bindandi eða koma til með að vera bindandi fyrir tvo eða fleiri samningsaðila;
f) merkir orðið „stofnun“ hvern þann aðila eða stjórnvald sem ber beina ábyrgð á framkvæmd laga samningsaðila í heild eða hluta þeirra;
g) merkir orðið „tryggingatímabil“ iðgjaldatímabil, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabil sem samkvæmt gildandi lögum eru skilgreind eða viðurkennd sem tryggingatímabil eða önnur þau tímabil sem samkvæmt þeim lögum teljast jafngild tryggingatímabilum;
h) merkja orðin „starfstímabil“ og „tímabil atvinnustarfsemi“ tímabil sem samkvæmt gildandi lögum eru skilgreind eða viðurkennd sem slík og önnur þau tímabil sem samkvæmt þeim lögum teljast jafngild starfstímabilum eða tímabilum atvinnustarfsemi;
i) merkir orðið „búsetutímabil“ búsetutíma sem samkvæmt gildandi lögum er skilgreindur eða viðurkenndur sem slíkur;
j) merkir orðið „bætur“ allar bætur í fríðu og í reiðufé sem veittar eru í hverju tilviki, þar á meðal dánarbætur og —
   i) bætur í fríðu, bætur sem eiga að fyrirbyggja hvert það tilfelli sem almannatryggingar taka til, sjúkraþjálfun og starfsendurhæfingu;
   ii) bætur í reiðufé sem koma í heild úr opinberum sjóðum, allar hækkanir, endurmatsgreiðslur uppbótargreiðslna og allar bætur sem veittar eru til þess að viðhalda eða auka starfsgetu, greiðslur í heilu lagi sem geta verið greiddar í stað eftirlauna og, þar sem við á, allar greiðslur í formi endurgreiddra iðgjalda.

2. gr.

Á þeim vettvangi er þetta samkomulag tekur til skal yfirfæra ákvæði hvers gjörnings, sem bindur tvo eða fleiri samningsaðila, til þegna allra annarra samningsaðila svo og flóttamanna og fólks án ríkisfangs sem býr á landsvæði einhvers samningsaðila.

3. gr.

Þetta samkomulag skal gilda fyrir alla þá sem ákvæði tveggja eða fleiri gjörninga taka til.

4. gr.

1. Ákvæði gjörnings, sem bindur tvo eða fleiri samningsaðila hvað tekur til samlagningar tryggingatímabila, starfs-, atvinnustarfsemi- eða búsetutímabila, skulu, til þess að hægt sé að öðlast bótarétt, viðhalda bótarétti eða endurheimta bótarétt, gilda um hliðstæð tímabil sem lokið er samkvæmt lögum einhvers annars samningsaðila sé hann bundinn umræddum aðilum með gjörningi sem einnig hefur að geyma ákvæði varðandi samantekt slíkra tímabila svo framarlega sem tímabilin sem leggja á saman skarast ekki.

2. Beiti stofnun samningsaðila, samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, ákvæðum tveggja eða fleiri gjörninga, sem fela í sér ólíkar aðferðir við samlagningu tímabila, skal sú stofnun eingöngu beita þeim ákvæðum sem eru hagstæðust fyrir viðkomandi.

3. Sé um að ræða bætur, sem samkvæmt öllum gjörningum þar að lútandi eru eingöngu veittar samkvæmt lögum eins samningsaðila, er samlagningin, sem vísað er til í 1. málsgrein þessarar greinar, einungis gerð að því marki er nauðsynlegt er til þess að öðlast, viðhalda eða endurheimta rétt til hagstæðustu bóta sem kveðið er á um í lögum þessum.

5. gr.

1. Sé ákvæðum 4. greinar beitt eru örorkubætur, ellilaun og dánarbætur úrskurðaðar í samræmi við ákvæði 2. til 4. málsgreinar þessarar greinar.

2. Styðjist allir þar að lútandi gjörningar við úthlutunaraðferðina, skal stofnun hvers samningsaðila beita ákvæðum gjörninga sem sá aðili er bundinn af, að teknu tilliti til samlagningar tímabila, sé hún gerð í samræmi við ákvæði 1. og 2. málsgreina 4. greinar; samt sem áður skal hún einungis greiða hæstu bótafjárhæð sem úrskurðuð er samkvæmt þessum gjörningi.

3. Styðjist allir þar að lútandi gjörningar við aðlögunaraðferðina, skal stofnun samningsaðila sem greiða ætti bæturnar taka tillit til ákvæða 4. greinar.

4. Styðjist allir þar að lútandi gjörningar bæði við úthlutunaraðferðina og aðlögunaraðferðina, skal stofnun hvers samningsaðila beita ákvæðum gjörnings sem sá aðili er bundinn af, að teknu tilliti til samlagningar tímabila sem gerð er samkvæmt ákvæðum 4. greinar; samt sem áður skal einungis úthluta viðkomandi manni bótum sem fást með beitingu aðferðar sem er honum hagstæðust.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 168
um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 69. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1983, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

vísar til gildandi alþjóðastaðla í Tillögunni um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955,

vísar til þess að síðan tillagan frá 1955 um starfsendurhæfingu fatlaðra tók gildi hafa umtalsverðar framfarir orðið í viðhorfum til þarfar á endurhæfingu, til umfangs og skipulags endurhæfingarþjónustu og laga og aðgerða margra aðildarríkja hvað varðar málefni sem sú tillaga tekur til,

hefur til hliðsjónar að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1981 Alþjóðaár fatlaðra undir kjörorðinu „full hlutdeild og jafnrétti“ og að víðtækri alþjóðaframkvæmdaáætlun er ætlað að tryggja raunhæfar aðgerðir á alþjóðavettvangi og í hverju landi til að gera að veruleika „fulla hlutdeild“ fatlaðra í samfélaginu og „jafnrétti“ þeim til handa,

telur að með framförum þessum sé orðið tímabært að setja nýja alþjóðastaðla um þessi mál sem miði að því að tryggja öllum hópum fatlaðra í dreifbýli sem þéttbýli sömu tækifæri og sömu meðhöndlun hvað varðar atvinnu og aðlögun að samfélaginu,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi starfsendurhæfingu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi til viðbótar Samþykkt um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra, 1983 og Tillögu um starfsendurhæfingu fatlaðra, 1955,

gerir því í dag hinn 20. júní 1983 eftirfarandi tillögu sem nefndist Tillaga um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra 1983.

I. KAFLI
SKILGREINING OG GILDISSVIÐ.

1. Við framkvæmd þessarar tillögu og Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955, ættu aðildarríki að líta svo á að hugtakið „fatlaður“ merki einstakling sem hefur verulega skerta möguleika til að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp vegna viðurkenndrar líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

2. Við framkvæmd þessarar tillögu og Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra frá 1955, ættu aðildarríki að líta svo á að tilgangurinn með starfsendurhæfingu, eins og kveðið er á um í síðari tillögunni, sé að gera fötluðum manni kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp og þannig sé stuðlað að aðlögun hans eða enduraðlögun að samfélaginu.

3. Ákvæðum þessarar tillögu ætti hvert aðildarríki að beita með aðgerðum sem eru í samræmi við ríkjandi aðstæður og starfshætti í landinu.

4. Allir hópar fatlaðra ættu að eiga aðgang að starfsendurhæfingu.

5. Þegar verið er að skipuleggja og láta í té þjónustu vegna starfsendurhæfingar og vinnu fatlaðra ætti, hvenær sem hægt er, að nota með nauðsynlegum breytingum þá starfsráðgjöf, starfsþjálfun, vinnumiðlun, atvinnu og aðra tengda þjónustu sem fyrir hendi er fyrir launafólk á hinum almenna vinnumarkaði.

6. Starfsþjálfun ætti að hefja svo fljótt sem auðið er. Í því skyni ættu heilbrigðiskerfi og aðrir sem bera ábyrgð á læknisfræðilegri og félagslegri endurhæfingu að hafa fasta samvinnu við þá sem bera ábyrgð á starfsendurhæfingu.

II. KAFLI
STARFSENDURHÆFING OG ATVINNA.

7. Fatlaðir ættu að hafa sömu tækifæri og hljóta sömu meðhöndlun og aðrir hvað það snertir að fá starf, halda því og vinna sig upp í starfi sem er í samræmi við eigið val og hæfni þegar því verður við komið.

8. Þegar komið er á fót starfsendurhæfingu og ráðningarþjónustu fyrir fatlaða ætti að virða regluna um jöfn tækifæri og meðhöndlun hvað varðar vinnandi karla og konur.

9. Ekki skal líta svo á að með sérstökum jákvæðum aðgerðum, sem miða að því að fatlaðir launþegar hljóti sömu meðferð og meðhöndlun og aðrir launþegar, sé verið að mismuna öðru launafólki.

10. Gera ætti ráðstafanir til að skapa fötluðum atvinnutækifæri sem eru sambærileg við gildandi atvinnu- og launakjör á hinum almenna vinnumarkaði.

11. Slíkar ráðstafanir, að viðbættum þeim sem taldar eru upp í VII. kafla Tillögunnar um starfsendurhæfingu fatlaðra, ættu að taka til þess:

a) að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til þess að skapa atvinnutækifæri á hinum opna vinnumarkaði, m. a. að atvinnurekendum verði veitt fjárhagsleg hvatning til þess að örva þá til að sjá fötluðum fyrir þjálfun og síðan atvinnu, og einnig til að gera breytingar sem sanngjarnar megi teljast á vinnustöðum, í verkhönnun, á tækjum og vélbúnaði og í skipulagi til þess að auðvelda slíka þjálfun og starfsráðningu;
b) að veitt verði opinber aðstoð til þess að koma á fót ýmiss konar verndaðri vinnu fyrir fatlað fólk sem ekki á greiðan aðgang að opnum vinnumarkaði;
c) að hvatt verði til samstarfs milli verndaðra vinnustaða og verkstæða um málefni varðandi skipulagningu og stjórnun til þess að bæta vinnuaðstöðu þeirra starfsmanna sem fatlaðir eru og, þegar við verður komið, til þess að aðstoða við að búa þá undir vinnu við eðlilegar aðstæður;
d) að veitt verði opinber aðstoð til starfsþjálfunar, starfsráðgjafar, verndaðrar vinnu og ráðningarþjónustu fyrir fatlaða sem félög reka;
e) að hvatt verði til stofnunar og þróunar samvinnufélaga fatlaðra og fyrir fatlaða sem, og ef við á, standa opin launafólki almennt;

f) að veitt verði opinber aðstoð til að koma á fót og byggja upp smáiðnað, samvinnuverkstæði og önnur verkstæði af fötluðum og fyrir fatlaða (sem, og ef við á, standa opin launafólki almennt) svo framarlega sem slíkir vinnustaðir uppfylla lágmarkskröfur;
g) að fjarlægð verði í áföngum, ef nauðsynlegt er, efnisleg fyrirstaða, hindranir í samgöngum og tálmar sem snerta umferð, aðgang að húsakynnum og frjálst svigrúm á stöðum þar sem þjálfun fatlaðra fer fram og þeir starfa; taka ætti mið af stöðlum, eftir því sem við á, í nýjum opinberum byggingum og búnaði;
h) að auðveldaðar verði, þegar hægt er og við á, samgöngur til og frá endurhæfingar- og vinnustöðum í samræmi við þarfir fatlaðra;
i) að hvatt verði til að upplýsingum sé dreift þegar dæmi eru þess að vel hafi tekist til og aðlögun fatlaðra að starfi hafi tekist vel;
j) að veitt verði undanþága frá álagningu hvers konar skatta og annarra gjalda sem lögð eru á við innflutning eða síðar eru lögð á sérstaka hluti, efni til þjálfunar eða tækjabúnað fyrir endurhæfingarstöðvar, vinnustaði, vinnuveitendur og fatlaða og á sérstök hjálpartæki og búnað sem með þarf til þess að aðstoða fatlaða við að tryggja sér starf og halda því;
k) að gerðar verði ráðstafanir varðandi hlutastörf og aðra vinnutilhögun í samræmi við getu fatlaðra sem ekki hentar að byrja í fullu starfi og fullt starf hentar ef til vill aldrei;
l) að framkvæmdar verði rannsóknir og hægt verði að nota niðurstöður þeirra í sambandi við ýmsar tegundir fötlunar til þess að auðvelda þátttöku fatlaðra í almennu atvinnulífi;
m) að veitt verði, eftir því sem við á, opinber aðstoð til að útiloka þann möguleika að misnotkun eigi sér stað innan ramma starfsendurhæfingar og verndaðrar vinnu og til þess að auðvelda flutning út á hinn opna vinnumarkað.

12. Þegar gerðar eru áætlanir varðandi aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra að atvinnulífi og samfélagi ætti að taka tillit til hvers konar þjálfunar, þar á meðal, þar sem nauðsynlegt er og við á, starfsundirbúnings og þjálfunar, þjálfunar á sérsviðum, þjálfunar í daglegum störfum, í lestri og skrift og á öðrum sviðum sem falla undir starfsendurhæfingu.

13. Til þess að tryggja aðlögun eða enduraðlögun fatlaðra að almennu atvinnulífi og um leið að samfélaginu ætti að taka mið af hver þörfin er fyrir sérstaka aðstoð, þar með talið að láta í té aðstoð, tækjabúnað og viðvarandi þjónustu, til þess að gera fötluðum kleift að tryggja sér starf við hæfi, halda því og vinna sig upp.

14. Fylgjast ætti með starfsendurhæfingu fatlaðra til þess að meta árangur hennar.

III. KAFLI
ÞÁTTTAKA Í SAMFÉLAGINU.

15. Starfsendurhæfingarþjónustu ætti að skipuleggja og starfrækja bæði í þéttbýli og dreifbýli og í afskekktum byggðarlögum með eins mikilli samfélagslegri þátttöku og kostur er, einkum með þátttöku fulltrúa atvinnurekenda, launafólks og samtaka fatlaðra.

16. Samfélagslega þátttöku í skipulagningu starfsendurhæfingarþjónustu ætti að auðvelda með vandlega skipulögðum almennum upplýsingum í þeim tilgangi:
a) að fræða fatlaða og, ef þurfa þykir, fjölskyldur þeirra, um rétt þeirra og tækifæri á vinnumarkaðnum; og
b) að yfirstíga fordóma, rangtúlkanir og viðhorf sem eru andsnúin ráðningu fatlaðra til starfa og aðlögun þeirra eða enduraðlögun að samfélaginu.

17. Forystumenn sveitarfélaga og hópar, þar á meðal fatlaðir og samtök þeirra, ættu að hafa samvinnu við stjórnvöld sem fara með heilbrigðismál, félagsmál, vinnumál, menntamál og verkalýðsmál og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld til þess að kanna þarfir fatlaðra í samfélaginu og tryggja, þegar hægt er, að fatlaðir eigi hlutdeild að starfsemi og þjónustu sem almenningi stendur til boða.

18. Starfsendurhæfingu og vinnumiðlun fyrir fatlaða ætti að aðlaga ríkjandi stefnu í samfélagsþróun og fá til þess, þar sem við á, fjárhagslega, efnislega og tæknilega aðstoð.

19. Opinbera viðurkenningu ættu þau sjálfboðaliðasamtök að hljóta sem hafa getið sér sérstaklega góðan orðstír fyrir að veita starfsendurhæfingarþjónustu og fyrir að gera fötluðum kleift að aðlagast eða enduraðlagast atvinnulífi samfélagsins.

IV. KAFLI
STARFSENDURHÆFING Í DREIFBÝLI.

20. Gera ætti sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlaðir í dreifbýli og í afskekktum byggðarlögum hljóti sams konar starfsendurhæfingarþjónustu og með sömu skilyrðum og veitt er í þéttbýli. Uppbygging slíkrar þjónustu ætti að vera óaðskiljanlegur þáttur í almennri byggðastefnu í dreifbýli.

21. Í þessu skyni ætti, þar sem við á, að gera ráðstafanir til þess:

a) að fela þeirri starfsendurhæfingarþjónustu sem fyrir er í byggðarlaginu eða, sé hún ekki fyrir hendi, starfsendurhæfingarþjónustu á þéttbýlissvæðum að vera miðstöð endurþjálfunar starfsfólks í dreifbýli;
b) að koma á fót hreyfanlegum starfsendurhæfingarsveitum til þess að þjóna fötluðum í dreifbýli og starfa sem miðstöðvar fyrir dreifingu upplýsinga um þjálfun og atvinnutækifæri fyrir fatlaða í dreifbýli;
c) að þjálfa fólk í dreifbýli sem vinnur að félagslegum umbótum og byggðaþróun í starfsaðferðum við endurhæfingu;
d) að afla lána, framlaga eða tækja og efnis til að hjálpa fötluðum í dreifbýli til að koma á fót samvinnufélögum og stjórna þeim eða vinna á eigin vegum við heimilsiðnað eða jarðrækt, handiðn eða önnur störf;
e) að samræma aðstoð við fatlaða þeirri byggðaþróun sem er fyrir hendi eða áætluð;
f) að auðvelda fötluðum að komast yfir húsnæði innan hóflegrar fjarlægðar frá vinnustaðnum.

V. KAFLI
ÞJÁLFUN STARFSLIÐS.

22. Að viðbættum sérþjálfuðum endurhæfingarráðgjöfum og sérfræðingum ætti að gefa öllum öðrum sem tengjast starfsendurhæfingu fatlaðra og stuðla að fjölgun atvinnutækifæra kost á þjálfun eða kynningu á endurhæfingarmálefnum.

23. Þeir sem starfa við starfsráðgjöf, starfsþjálfun og ráðningar launþega almennt ættu að hafa næga þekkingu á fötlun og þeim hömlum sem hún setur og þekkingu á stoðþjónustu sem fáanleg er til þess að auðvelda fötluðum efnahagslega og félagslega aðlögun. Slíku fólki ætti að veita tækifæri til að endurnýja þekkingu sína og auka reynslu sína á þessu sviði.

24. Þjálfun, menntun og laun fólks sem starfar við starfsendurhæfingu og þjálfun fatlaðra ættu að vera sambærileg við það sem gerist um fólk sem starfar við almenna starfsþjálfun og hefur svipaðar skyldur og ber svipaða ábyrgð; tækifæri til stöðuhækkana ættu að vera sambærileg fyrir báða sérfræðingahópana og hvetja ætti til þess að starfsmenn flytjist til milli starfsendurhæfingar og almennrar starfsþjálfunar.

25. Þar sem við á ætti hluti af almennri þjálfun starfsfólks í starfsendurhæfingu á vernduðum vinnustöðum og verkstæðum að vera þjálfun í verkstæðisstjórn og í framleiðslu og markaðssetningu.

26. Þegar ekki er tiltækt nægilega margt starfsfólk við starfsendurhæfingu ætti að kanna hvort gera eigi ráðstafanir til að fræða og þjálfa aðstoðarmenn og aukafólk í endurhæfingu. Slíka aðstoðarmenn og aukafólk ætti þó ekki að ráða til frambúðar í stað starfsfólks með fullkomna þjálfun. Þegar mögulegt er ætti að gera ráðstafanir til frekari þjálfunar slíks starfsfólks til þess að gera það jafnhæft þjálfuðu starfsliði.

27. Þar sem við á ætti að stuðla að því að komið verði á fót í héruðum og sveitum þjálfunarmiðstöðvum fyrir starfsfólk sem vinnur við starfsendurhæfingu.

28. Starfsfólk sem vinnur við starfskynningu, starfsþjálfun og vinnumiðlun fyrir fatlaða ætti að hafa rétta þjálfun og reynslu til að kunna skil á hreyfivandamálum sem fatlað fólk kann að eiga við að stríða og ætti eftir bestu getu að koma til móts við þarfirnar sem af þeim skapast.

29. Þar sem við á ætti að gera ráðstafanir til þess að hvetja fatlaða til að taka þátt í þjálfun fyrir fólk sem vinnur við starfsendurhæfingu og auðvelda aðgang þeirra að starfi á endurhæfingarsviðinu.

30. Samráð ætti að hafa við fatlaða og samtök þeirra um uppbyggingu, ráðstafanir og þjálfunaráætlanir fyrir starfsfólk sem vinnur við starfsendurhæfingu.

VI. KAFLI
FRAMLAG SAMTAKA ATVINNUREKENDA OG LAUNAFÓLKS TIL UPPBYGGINGAR STARFSENDURHÆFINGARÞJÓNUSTU.

31. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu að taka upp stefnu sem miðar að því að auka þjálfun fatlaðra og skapa þeim hentuga atvinnu til jafns við aðra launþega.

32. Samtök atvinnurekenda og launafólks ættu í samráði við fatlaða og samtök þeirra að geta lagt sitt af mörkum til að móta stefnu varðandi skipulag og uppbyggingu starfsendurhæfingarþjónustu og til þess að gera rannsóknir og tillögur um lagasetningu á þessu sviði.

33. Hvenær sem hægt er og við á ættu fulltrúar samtaka atvinnurekenda, launafólks og fatlaðra að eiga sæti í nefndum og ráðum starfsendurhæfingar- og þjálfunarstöðva sem fatlað fólk notar og þar sem teknar eru ákvarðanir um stefnu og tæknileg atriði með tilliti til þess að tryggja að áætlanir um starfsendurhæfingu séu í samræmi við þarfir mismunandi þátta efnahagslífsins.

34. Hvenær sem hægt er og við á ættu fulltrúar atvinnurekenda og launafólks í fyrirtækinu að hafa samvinnu við viðkomandi sérfræðinga um að athuga möguleika á starfsendurhæfingu og úthlutun starfa til fatlaðra, sem ráðnir eru á vegum þess fyrirtækis, og um að veita atvinnu öðrum sem eru fatlaðir.

35. Hvenær sem hægt er og við á ætti að hvetja fyrirtæki til að stofna eða viðhalda eigin starfsendurhæfingarþjónustu, þar með talin ýmiss konar vernduð vinna, í nánu samstarfi við starfsendurhæfingarstöðvar sveitarfélaga og annarra aðila.

36. Hvenær sem hægt er og við á ættu samtök atvinnurekenda að gera ráðstafanir til:

a) að veita meðlimum sínum ráðleggingar varðandi starfsendurhæfingarþjónustu sem hægt væri að veita fötluðum launþegum;
b) að hafa samvinnu við nefndir og stofnanir sem stuðla að enduraðlögun fatlaðra að virku atvinnulífi, t. d. með því að veita upplýsingar um vinnuaðstæður og starfskröfur sem fatlaðir verða að uppfylla;
c) að veita meðlimum sínum ráðleggingar um lagfæringar sem hægt væri að gera fyrir fatlaða launþega á skyldustörfum eða vegna breytinga á kröfum sem gerðar eru í sambandi við störf við hæfi;
d) að veita meðlimum sínum ráðleggingar í því sambandi að athuga hvaða áhrif endurskipulagning framleiðsluaðferða kynni að hafa til þess að fatlaðir séu ekki settir til rangra starfa af vangá;

37. Hvenær sem hægt er og við á ættu launþegasamtök að gera ráðstafanir til:

a) að stuðla að þátttöku fatlaðra í umræðum á vinnustað og í starfsmannaráðum eða í hverjum þeim hópi öðrum sem er málsvari launþega;
b) að gera tillögur um leiðbeiningar varðandi starfsendurhæfingu og vernd launþega sem verða fyrir fötlun af völdum veikinda eða slyss, hvort heldur sem það er í sambandi við vinnu eður ei, og hafa slíkar leiðbeiningar í gagnkvæmum samningum, reglugerðum og gerðardómsúrskurðum eða öðrum viðkomandi löggerningum;

c) að veita ráðleggingar um tilhögun á vinnustað hvað viðkemur fötluðum starfsmönnum, þ. á m. um starfsaðlögun, sérstakt verkskipulag, reynsluþjálfun og ráðningar og um setningu starfsstaðla;
d) að taka vandamál samfara starfsendurhæfingu og ráðningu fatlaðra til umræðu á fundum stéttarfélaga og gera meðlimum þeirra grein fyrir vandamálum og möguleikum í sambandi við endurhæfingu og ráðningu fatlaðra með útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi.

VII. KAFLI
FRAMLAG FATLAÐRA OG SAMTAKA ÞEIRRA TIL UPPBYGGINGAR STARFSENDURHÆFINGARÞJÓNUSTU.

38. Til viðbótar þátttöku fatlaðra, fulltrúa þeirra og samtaka, sem vísað er til í 15., 17., 30., 32. og 33. gr. þessarar tillögu, ættu aðgerðir sem miða að því að veita fötluðum og samtökum þeirra hlutdeild í uppbyggingu endurhæfingarþjónustu að taka til:
a) hvatningar fatlaðra og samtaka þeirra til að byggja upp starfsemi í samfélaginu sem miðar að því að endurhæfa fatlaða til starfa í þeim tilgangi að glæða atvinnumöguleika þeirra og auðvelda þeim að aðlagast eða enduraðlagast samfélaginu;
b) ríkisaðstoðar, eftir því sem við á, til þess að efla þróun samtaka fatlaðra og samtaka fyrir fatlaða og auka afskipti þeirra af starfsendurhæfingu og vinnumiðlun, einnig aðstoðar í gerð þróunaráætlana í sambandi við sjálfsbaráttu fatlaðra.
c) viðeigandi aðstoðar ríkisvaldsins við þessi félagasamtök til skipulagningar kennsluáætlana sem sýna jákvæða mynd af getu fatlaðra.

VIII. KAFLI
STARFSENDURHÆFING SAMKVÆMT ALMANNATRYGGINGAKERFI.

39. Við framkvæmd ákvæða þessarar tillögu ættu aðildarríki enn fremur að fara eftir ákvæðum 35. gr. Samþykktar um lágmark félagslegs öryggis 1952, 26. gr. Samþykktar um bætur vegna vinnuslysa 1964 og 13. gar. Samþykktar um örorkubætur, ellilaun og dánarbætur frá 1967, að svo miklu leyti sem þau eru ekki bundin af ákvæðum sem sett hafa verið við staðfestingu þessara gjörninga.

40. Hvenær sem hægt er og við á ættu almannatryggingakerfi að sjá um eða leggja sitt af mörkum til að skipulegga, byggja upp og fjármagna þjálfun, vinnumiðlun, áætlanir um vinnu (þar með talin vernduð vinna) og starfsendurhæfingarþjónustu fyrir fatlaða ásamt endurhæfingarráðgjöf.

41. Þessar áætlanir og aðgerðir ættu einnig að vera fötluðum hvatning til að leita sér vinnu sem með tímanum auðveldar aðgang að hinum almenna vinnumarkaði.

IX. KAFLI
SAMRÆMING.

42. Gera ætti ráðstafanir, að svo miklu leyti sem þurfa þykir, til þess að tryggja að stefna og áætlanir varðandi starfsendurhæfingu séu í samræmi við stefnu og áætlanir í félagslegri og efnahagslegri þróun (þar með taldar vísindarannsóknir og hátækni) hvað varðar stjórn vinnumála, almenna stefnu í atvinnumálum og stöðuhækkanir, starfsþjálfun, félagslega aðlögun, samvinnufélög, almannatryggingar, samstarfsaðila, byggðaþróun, smáiðnað og handiðnað, öryggi og hollustu á vinnustað, bættar aðferðir og skipulag vinnu eftir þörfum einstaklingsins og bættar vinnuaðstæður.

Nd. 474. Frumvarp til laga [245. mál]

um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur hvenær sem er krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag bankans. Ráðherra skal veita Alþingi slíkar upplýsingar þegar það óskar þess.

2. gr.

Síðari málsl. 4. mgr. 21. gr. laganna orðast svo: Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar bankans með þeim takmörkunum sem um getur í 27. gr. og sendir þær bankaeftirlitinu.

3. gr.

Á eftir 27. gr. laganna kemur ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við viðskiptabanka mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé bankans. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart viðskiptabanka í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við bankann, þar með taldar ábyrgðir sem bankinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki bankastjórnar og samþykki meiri hluta bankaráðs í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé bankans. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Varla er um það deilt að það varðar hag alls almennings og þjóðfélagsins í heild hvernig lánastofnanir eru reknar og starfsemi þeirra háttað í þjóðfélaginu. Alþingi getur haft úrslitaáhrif á það hvernig til tekst. Skylda Alþingis er að tryggja að löggjöf um starfsemi banka og sparisjóða sé með þeim hætti að hún veiti innlánsstofnunum strangt aðhald, tryggi til hins ýtrasta hag sparifjáreigenda og komi í veg fyrir að hægt sé að taka ákvarðanir sem stofna rekstri og afkomu innlánsstofnana í hættu.

Markmið þessa frumvarps er tvíþætt:

Í fyrsta lagi að tryggja að bankar láni ekki einum viðskiptamanni, einu fyrirtæki eða fleiri viðskiptamönnum og fyrirtækjum, sem eru fjárhagslega hvert öðru bundin, óhæfilega mikið fjármagn.

Í öðru lagi að í 10. grein laganna, þar sem kveðið er á um að ráðherra geti krafið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag banka, sé skýrt ákvæði um að unnt sé að fá slíkar upplýsingar fram á Alþingi með venjulegum hætti, t.d. fyrirspurn til ráðherra eða skýrslu.

Það er skylda Alþingis að halda uppi virku aðhaldi og eftirliti með starfsemi bankanna. Nauðsynlegt er að slíkt ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir, sé lögfest, því að framkvæmdarvaldið hefur margoft neitað Alþingi um upplýsingar er snerta hag og rekstur banka þegar leitað hefur verið eftir þeim. Brýnt er því að lögfesta upplýsingaskyldu ráðherra þannig að löggjöfin um starfsemi banka veiti Alþingi svigrúm til að halda uppi virku eftirliti með starfsemi innlánsstofnana. Reynslan sýnir að tryggja verður slíka upplýsingaskyldu framkvæmdarvaldsins gagnvart löggjafanum með ótvíræðum hætti.

Tilgangur 3. greinar frumvarpsins er sá að koma í veg fyrir þá hættu sem óeðlilega mikil fyrirgreiðsla til stærstu lántakenda hefur í för með sér fyrir hag og rekstur banka. Flutningsmaður þessa frumvarps flutti við afgreiðslu frumvarps til laga um viðskiptabanka á s.l. ári breytingartillögu sem fól í sér sambærilegt ákvæði en sú tillaga var þá felld. Mikilvægi þess, að slíkt ákvæði verði lögfest, er þó augljóst og eru viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. þar gleggsta dæmið. Að auki má benda á að svar viðskiptaráðherra 4. febrúar s.l. við fyrirspurn flutningsmanns um hlutfall heildarfyrirgreiðslu af eigin fé ríkisbankanna til fimm stærstu lántakenda er ótvíræð sönnun þess hve brýnt er að lögfesta slíkt ákvæði. Þar kom fram að einn viðskiptabankinn hafði lánað einum og sama aðila 145% af eigin fé bankans og að lánveitingar viðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda nema tvöföldu til fjórföldu eigin fé bankanna.

Bókfært eigið fé ríkisviðskiptabankanna 31. des. 1984, framreiknað til verðlags 30. júní 1985 að því er Útvegsbanka Íslands varðar og til 30. nóvember 1985 hjá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, er eftirfarandi:

Útvegsbanki Íslands	496 392 þús. kr.
Landsbanki Íslands	1 841 586 þús. kr.
Búnaðarbanki Íslands	750 287 þús. kr.

Lánafyrirgreiðsla til stærsta lántakandans hjá hverjum ríkisviðskiptabanka miðað við sömu daga voru sem hér segir (sem hlutfall af eigin fé):

Útvegsbanki Íslands	145%	(eða 719 millj. kr.).
Landsbanki Íslands	83%	(eða 1529 millj. kr.).
Búnaðarbanki Íslands	56,8%	(eða 426 millj. kr.).

Heildarfyrirgreiðsla af eigin fé ríkisviðskiptabankanna til fimm stærstu lántakenda var eftirfarandi:

Landsbanki Íslands	304%	(eða 5 600 millj. kr.).
Útvegsbanki Íslands	392,5%	(eða 1 948 millj. kr.).
Búnaðarbanki Íslands	183,2%	(eða 1 374 millj. kr.).

Af þessu má ljóst vera að lánveitingar ríkisviðskiptabankanna eru úr öllu hófi og geta fyrirvaralaust teflt rekstri og hag bankanna í stórfellda hættu. Brýna nauðsyn ber því til að setja þegar í stað ákvæði í lög um viðskiptabankana þar sem skorður verða settar við lánafyrirgreiðslu bankanna til einstakra viðskiptaaðila og tryggt verði að bankarnir eigi ekki allt undir því komið að einn og sami lántakandi standi við skuldbindingar sínar.

Þó að ríkissjóður beri ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisbankanna og innstæður sparifjáreigenda séu þar af leiðandi tryggðar eiga skattgreiðendur kröfu á því að tryggilega sé frá þessum málum gengið því að á endanum fá skattgreiðendur reikninginn ef ríkissjóður verður að taka á sig skuldbindingar viðskiptamanna. Að auki setja slík ákvæði öðrum bönkum en ríkisviðskiptabönkunum skorður um lánveitingar — sem nauðsynlegt er til að tryggja líka eins og kostur er að innstæðum sparifjáreigenda í hlutafélagsbönkum sé ekki teflt í tvísýnu.

Benda má á að margar þjóðir hafa sett ákvæði í lög um takmörkun lánveitinga banka miðað við eigið fé, en eigið fé banka er mælikvarði á styrkleika hans. Í Bretlandi og

Bandaríkjunum er miðað við 10% af eigin fé bankanna, í Svíþjóð 15%, í Danmörku 35% og í Noregi og V-Þýskalandi 50%.

Hér á landi var um langan tíma að finna slík ákvæði um takmörkun lánveitinga í löggjöf um sparisjóði. Þau ákvæði voru sett árið 1941 og giltu allt þar til þau voru felld úr gildi á s.l. ári. Ekki er úr vegi að rifja upp rök þau sem að baki lágu árið 1941 þegar þau ákvæði voru lögfest og fram koma í athugasemdum með frumvarpinu:

„Í frv. til laga um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, er bankanefndin hefir samið, leggur hún til að ákveðið verði hámark þess, sem lánsstofnanir megi lána einstökum viðskiptamönnum og fleirum, sem eru fjárhagslega tengdir. Í samræmi við það eru ákvæði 16. gr. frv. til laga um sparisjóði. Nefndin leggur mikla áherslu á að slík ákvæði verði lögfest hér. Er hvort tveggja, að öll reynsla hér á landi mælir með að þess sé full þörf og að aðrar þjóðir hafa talið ástæðu til þess að ákveða svipað í sínum banka- og sparisjóðalögum. Einnig hefir nefndin orð bæði danskra og sænskra bankafræðinga fyrir því, að mjög sé nauðsynlegt að fylgja því vel eftir, að lánsstofnanir bindi ekki fé sitt um of hjá einum eða fáum viðskiptamönnum. Telja þeir, að flest, ef ekki öll, bankahrun á Norðurlöndum hafi stafað af því, að ekki hafi verið gætt nægrar varfærni í því efni.

Það er líka augljóst, að ekki er heppilegt fyrir lánsstofnun að binda fé sitt svo hjá einum eða fáum mönnum, að hrun þeirra geti leitt af sér hrun lánsstofnunarinnar. Er mjög hætt við að þá verði freistast til að halda lánveitingum áfram lengur en nokkurt vit er í, til þess að fresta hættulegu uppgjöri, og að jafnvel geti farið svo, að það sé fremur lánþegi, sem hafi lánsstofnunina í hendi sér, en hún hann."

Það er skoðun flutningsmanns þessa frumvarps að þessi rök eigi ekki síður við nú en fyrir 45 árum síðan. Þau árétta tvímælalaust nauðsyn þess að á Alþingi náist samstaða um að lögfesta ákvæði þau sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Nd. 475. Frumvarp til laga [246. mál]

um breytingu á lögum um sparisjóði, nr. 87/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

2. málsl. 3. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Sparisjóðsstjórn setur einnig að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar sparisjóðsins með þeim takmörkunum sem um getur í 32. gr. og sendir þær bankaeftirlitinu.

2. gr.

Á eftir 31. gr. laganna kemur ný grein svohljóðandi:

Heildarskuldbindingar eins viðskiptaaðila við sparisjóð mega ekki nema meira en 35% af bókfærðu eigin fé sparisjóðsins. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með hliðsjón af útlánaáhættu verði að líta á skuldbindingar þeirra gagnvart sparisjóði í einu lagi.

Til heildarskuldbindinga skal undantekningarlaust telja allar skuldbindingar viðskiptaaðila við sparisjóðinn, þar með taldar ábyrgðir sem sparisjóðurinn hefur gengið í fyrir viðskiptaaðila. Sé skuldarheimild önnur en bókfærð skuldbinding skal á hverjum tíma telja þá upphæð sem hærri er.

Með einróma samþykki sparisjóðsstjórnar og sparisjóðsstjóra í hverju einstöku tilviki mega heildarskuldbindingar viðskiptaaðila skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. nema hæst 50% af eigin fé sparisjóðsins. Slík ákvörðun skal tilkynnt bankaeftirlitinu þegar í stað.

Frá heildarskuldbindingum skv. ákvæðum þessarar greinar skal draga skuldbindingar sem eru álitnar sérstaklega tryggar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er sams konar og frumvarp sama flutningsmanns um breytingu á lögum um viðskiptabanka, nr. 86/1985, nema hvað hér ræðir um sparisjóði en ekki banka (ríkisviðskiptabanka, hlutafélagsbanka).

Um rökstuðning fyrir þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, og skýringar á einstökum atriðum vísast til frumvarpsins um breytingu á viðskiptabankalögunum, 245. mál, þskj. 474.

Sþ. 476. Tillaga til þingsályktunar [247. mál]

um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Flm.: Árni Johnsen, Björn Dagbjartsson, Valdimar Indriðason,
Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Halldór Blöndal,
Egill Jónsson, Friðjón Þórðarson, Gunnar G. Schram,
Eggert Haukdal, Pálmi Jónsson, Friðrik Sophusson,
Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins að skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innan lands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, áróðurs- og auglýsingatækni og samningagerð.

Greinargerð.

Það skýtur sannarlega skökku við að þjóð, sem þarf að selja nær alla sína framleiðslu til annarra landa, skuli hvergi í skólakerfinu hafa skipulagt víðtækt nám sem tengist sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeirri sérstöðu sem Íslendingar búa við, þ.e. fámenni þjóðarinnar og þeirri staðreynd að sjávarafurðir eru grundvöllur undir gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Möguleikar til náms á þessu sviði eru ekki fyrir hendi í grunnskólum, fjölbrautaskólum, framhaldsskólum, sérskólum né Háskóla Íslands nema að mjög takmörkuðu leyti og þá helst í Háskóla Íslands.

Sölumennska hefur um langt árabil verið litin hornauga á Íslandi. Einhvers konar minnimáttarkennd eða einangrun lítillar þjóðar í langan tíma virðist hafa leitt til skilnings-

leysis á því hversu mikilvægt er að keppa af festu og einbeitni á öllum mörkuðum þar sem hægt er að bæta söluaðferðir og þar með afkomu þjóðarinnar. Þótt margir hafi vissulega staðið sig vel í samkeppninni á alþjóðavettvangi, eins og t.d. á sviði flugmála, siglinga, sjávarafurða og vísinda, þá þarf að herða þarna verulega á með samstilltu átaki og markvissri vinnu með framtíðina í huga.

Íslendingar eiga ekki að þurfa að biðjast afsökunar á því sem þeir bjóða á erlendum mörkuðum því að hérlendis er allra kosta völ í þessum efnum ef rétt er að verki staðið í framleiðslu, markaðs- og sölumálum. Við eigum t.d. nær allt okkar undir sölu sjávarafurða en í einhliða framleiðslu felst mikil áhætta ef eitthvað fer úrskeiðis. Þess vegna þarf sífellt að vera á verði í þeim efnum sem og öðrum þáttum okkar framleiðslu, leita nýrra leiða, nýrra markaða um allan heim. Þótt við vitum hvað við höfum verðum við að gæta þess að láta ekki þar við sitja heldur leita nýrra leiða. Þróunin og aðstæður allar kalla á að við stefnum að fullvinnslu alls okkar hráefnis innan lands hvort sem er á vettvangi sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, hvort sem við viljum selja íslenska þekkingu og reynslu á alþjóðavettvangi eða t.d. náttúrufegurð landsins til þess að laða að ferðamenn.

Fyrrv. viðskiptaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, skipaði fyrir nokkru þrjár nefndir í markaðsmálum, eina til að örva íslenska útflutningsstarfsemi og glæða áhuga almennings á útflutningsmálum, með sérstakt markaðsátak á Norðurlöndum í huga árið 1986, og að því er nú unnið, aðra nefnd til þess að greiða fyrir útflutningi verkefna og þjónustu á sviði sjávarútvegs og orkuvinnslu og þriðju nefndina til að fjalla um samstarf útflytjenda og stjórnvalda til að efla útflutning. Til þess að fylgja slíku starfi eftir þarf að koma á námi í sölu- og markaðsmálum þar sem vænlegt er, bæði í skólum landsins og í atvinnulífinu.

Á næstu árum þarf að hrinda í framkvæmd margþættu starfi á sviði sölu- og markaðsmála, afla meiri þekkingar á mörkuðum og möguleikum, skipuleggja hvernig nýta má þá möguleika sem Íslendingar hafa til að ná árangri í takt við nýjustu tækni og upplýsingamiðlun á alþjóðavettvangi.

Full ástæða er til þess að sem fyrst verði sendir tugir manna til starfsnáms erlendis til þess að kynna sér vinnubrögð, markaði og söluleiðir fyrir íslenskar afurðir, kynna sér störf sem varða íslenska hagsmuni erlendis og störf við fyrirtæki sem tengjast íslenskum hagsmunum, kynna sér lönd eða markaðssvæði þar sem Íslendingar selja ekkert en möguleikar á sölu kunna að leynast þegar að er gáð. Meginmáli skiptir að vel takist til í útflutningsmálum og við verðum að hætta að láta hlédrægnina ráða ferðinni í sölu á okkar afurðum. Við megum ekki líta sölu- og markaðsmál hornauga.

Sérstaða Íslendinga í baráttunni í sölu- og markaðsmálum er framar öllu fólgin í því að við verðum að „klæðskerasauma“ þessa vinnu, finna leið sem hentar íslenskum aðstæðum, búa til tækni sem engin fyrirmynd er til að þótt nýta megi þar að auki ýmislegt sem til er á alþjóðavettvangi. Þessi útfærsla verður umfram allt að henta okkur og hún má ekki vera algjörlega í forsjá ríkisins heldur með þeim hætti að forusta og frumkvæði liggi að hluta til í atvinnulífinu þar sem skilningurinn á að vera mestur og áþreifanlegastur. Með því að taka til höndum í þessum efnum erum við að vinna tíma og verðmæti fyrir framtíð íslenskrar þjóðar, við verðum að herða okkur í því á sviði sölu- og markaðsmála að kunna að taka púlsinn með sölu- og markaðsmál í huga. Við höfum látið undir höfuð leggjast að skipuleggja þennan þátt sem hvað mestu máli skiptir í samkeppninni um meira verð fyrir minni vinnu og við hverja einingu í framleiðslunni. Það eru sömu lögmál í þessum efnum hvort sem við erum að tala um Hafnarfjörð eða Hong Kong, Búðardal eða Brussel. Þetta er spurning um þekkingu og áræði.

Ed. 477. Frumvarp til póstlaga. [248. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Póstþjónustan, skilgreining og verksvið.

1. gr.

Með póstþjónustu er fyrst og fremst átt við starfsemi er varðar viðtöku, flutning og skil á póstsendingum.

Póstsendingar greinast í þrjá höfuðflokka:

a) Bréfapóstsendingar.
b) Bögglapóstsendingar.
c) Fjármunapóstsendingar.

2. gr.

Bréfapóstsendingar má senda í ábyrgð.

Enn fremur er heimilt að senda bréf og böggla sem verðsendingar.

Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró).

Póstsendingar samkvæmt þessari grein skulu ávallt bókfærðar.

Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

3. gr.

Með póstþjónustu er einnig átt við aðra samrýmanlega starfsemi, sem ákveðin er eða kann að verða ákveðin með öðrum lögum, reglum eða samningum.

II. KAFLI

Einkaréttur.

4. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að safna saman, flytja og bera út eftirtaldar sendingar:

a) Lokaðar bréfapóstsendingar hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
b) Aðrar lokaðar sendingar, sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar.

5. gr.

Póstsendingar samkvæmt 4. gr. sem koma frá útlöndum og eiga að fara til viðtakenda hér á landi eða flytjast áfram með íslensku flutningafyrirtæki eða um íslenskt póstsvæði skulu þegar í stað afhentar Póst- og símamálastofnun.

6. gr.

Póstflytjendum, hvort heldur sem þeir eru starfsmenn Póst- og símamálastofnunar eða flutningsaðila, sem á hennar vegum annast póstflutninga er óheimilt að flytja sjálfir eða hafa meðferðis sendingar utan póstflutningsins.

Flutningafyrirtækjum, sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum, er þó heimilt að flytja slíkar sendingar utan póstflutnings með flutningatækjum sínum milli starfsstöðva fyrirtækisins, enda varði þær starfsemi þess.

Enn fremur má flytja fyrrnefndar sendingar utan pósts ef þær eru frímerktar samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir póstþjónustu og frímerkin síðan gerð ógild, eða þegar einhver flytur sendingar fyrir sjálfan sig eða aðila sem hann starfar fyrir.

7. gr.

Á þeim stöðum þar sem Póst- og símamálastofnun hefur komið á daglegum póstútburði, a. m. k. fimm sinnum í viku, má enginn hafa atvinnu af að safna saman, flytja eða bera út sendingar þær, sem greinir í 4. gr.

8. gr.

Óheimilt er óviðkomandi aðilum að nota merki póstþjónustunnar, sem er póstlúður með stjörnu og örvum í gegn.

Enn fremur er óheimilt að setja upp á almannafæri neitt það, er að lit, lögun og gerð líkist póstkössum Póst- og símamálastofnunar.

III. KAFLI

Póstleynd.

9. gr.

Starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um það hverjir nota póstinn eða á hvern hátt hann er notaður, né heldur gefa neinum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem látið er í póst til flutnings.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr.

Heimilt er þrátt fyrir ákvæði 9. gr. að opna eftir sérstökum reglum þær póstsendingar, sem ekki er unnt að koma til skila, til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur séu, svo að unnt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt eftir sérstökum reglum í undantekningartilvikum að leyfa að sendingar séu opnaðar, þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til þess að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Reglur samkvæmt þessari grein skulu settar af ráðherra.

11. gr.

Einungis má veita upplýsingar um notkun pósts, að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum. Ráðherra ákveður hvort dómsúrskurði skuli áfrýja.

IV. KAFLI

Póstmeðferð.

12. gr.

Með póstmeðferð er átt við viðtöku póstsendinga, flutning þeirra og skil.

Húseigendum er skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín, á sinn kostnað. Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

13. gr.

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innanlands og til útlanda er skyldur til, sé þess krafist, að flytja póst milli endastöðva og póststöðva á leiðinni, enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Póstur skal njóta forgangs fram yfir annan flutning.

14. gr.

Sendandi hefur ráðstöfunarrétt yfir sendingu, sem hann hefur afhent til póstflutnings, þangað til hún er afhent viðtakanda.

15. gr.

Í pósti má ekki flytja neitt sem bannað er að dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólögmætt, ósæmilegt eða móðgandi.

Óheimilt er að taka til flutnings hluti, sem hætta stafar af eða erfiðleikar eru á að flytja. Heimilt er þó að veita undanþágur fyrir flutningi, ef komið er í veg fyrir hættu eða óhagræði af honum, eins og frekast er unnt eða með sérstökum ráðstöfunum og ástæður að öðru leyti mæla með flutningnum.

16. gr.

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarbréf í lokuðu umslagi og verðsendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripi og hliðstæð verðmæti.

17. gr.

Póstsendingar, sem ekki verður komið til skila, hvort heldur til viðtakanda eða sendanda skulu eyðilagðar eða seldar samkvæmt nánari reglum.

18. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um meðferð pósts.

V. KAFLI

Gjaldskrá og frímerki.

19. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Póst- og símamálastofnunar, gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

20. gr.

Gjaldfrjálsar skulu vera þær sendingar, sem samkvæmt alþjóðasamningum eru frígengar í alþjóðapóstþjónustunni.

Enn fremur eru gjaldfrjálsar allar sendingar innan Póst- og símamálastofnunar sem snerta þjónustuna.

21. gr.

Póst- og símamálastjóri getur, að höfðu samráði við ráðherra, ákveðið þóknun fyrir ýmsa auka- og viðbótarþjónustu og verð á söluvarningi, sem ekki er sérstaklega tilgreint í gjaldskrá fyrir póstþjónustu.

22. gr.

Gjald fyrir póstþjónustu greiðist fyrir fram með álímdum eða áprentuðum frímerkjum, frímerkingarvélastimplum eða áprentunum um greitt burðargjald.

Heimilt er þó að ákveða í reglugerð að burðargjald fyrir ákveðnar tegundir póstsendinga eða vissar tegundir póstþjónustu skuli ekki greitt með frímerkjum heldur í reiðufé.

23. gr.

Eyðublöð sem notuð eru í póstþjónustunni verða, ásamt frímerkjum fyrir burðargjaldi sendinganna, eign Póst- og símamálastofnunar um leið og viðkomandi póstsendingum er skilað til flutnings.

24. gr.

Um póstmeðferð ófrímerktra eða vanfrímerktra sendinga skal farið samkvæmt því sem ákveðið er í reglugerð, sem ráðherra setur.

25. gr.

Póst- og símamálastofnun hefur einkarétt á að gera og gefa út frímerki sem skulu vera til sölu á öllum póststöðvum. Enn fremur er henni heimilt að láta gera kort og umslög með áprentuðum frímerkjum eða áprentun um burðargjald.

Slíkar áprentanir má hún einnig gera á kort og umslög frá einkaaðilum.

26. gr.

Heimilt er að greiða þeim, sem hafa algeng frímerki á boðstólum fyrir almenning, sölulaun, og setur Póst- og símamálastofnun nánari reglur þar um.

VI. KAFLI

Skaðabætur.

27. gr.

Póstsending telst í vörslu Póst- og símamálastofnunar frá viðtöku í póst og þar til hún er afhent á reglulegan hátt samkvæmt utanáskrift.

28. gr.

Skaðabætur greiðast ekki fyrir glataðar almennar bréfapóstsendingar. Heldur ekki þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

29. gr.

Fyrir bréfapóstsendingar í ábyrgð og böggla sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega verðmætis, þó ekki hærri en ráðherra ákveður hverju sinni í gjaldskrá.

30. gr.

Fyrir verðsendingar, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum, er svari til hins raunverulega verðmætis, en þó aldrei hærri en nemur hinu tilgreinda verði.

31. gr.

Póst- og símamálastofnun ber fulla ábyrgð á því fé, sem hún hefur tekið við til sendingar sem fjármunapóstsendingu.

32. gr.

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar, sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi skal bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða yfirleitt neinar óbeinar afleiðingar skaðans.

33. gr.

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa fer samkvæmt gildandi milliríkjasamningum. Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði, greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.

34. gr.

Póst- og símamálastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum bætt tjón samkvæmt almennum skaðabótareglum, ef tjónið er slíkt og ástæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við.

35. gr.

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því sending var afhent til flutnings.

VII. KAFLI

Viðurlög.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum 4., 5., 6., 7., 8., 12., 13., 15. og 16. greina varða sektum eða varðhaldi ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Fyrir brot á 4. og 6. grein skal auk sekta greiða venjulegt burðargjald fyrir hverja sendingu, sem flutt hefur verið ólöglega.

Fyrir brot á ákvæðum 4., 5., 6., 7., 15. og 16. greina má ákveða sektina eftir atvikum á hendur sendanda eða þeim sem flutt hefur sendinguna eða þeim báðum. Brot gegn 9. grein varða refsingu samkvæmt 136. og 137. grein almennra hegningarlaga.

Auk framangreindra sekta er póst- og símamálastjóra heimilt að útiloka hlutaðeigendur frá póstsambandi þannig að hvorki séu fluttar til þeirra póstsendingar né frá þeim.

Á sama hátt er heimilt að útiloka frá póstsambandi þá sem gera sig seka um megna og ítrekaða vanrækslu á að fara eftir lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Í reglugerð settri samkvæmt lögum þessum má enn fremur setja ákvæði um sektir fyrir brot á ákvæðum hennar.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

37. gr.

Ákvæði þessara laga gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

38. gr.

Reglugerðir um framkvæmd laga þessara setur ráðherra.

39. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Falla þá jafnframt úr gildi póstlög nr. 31 12. febrúar 1940, með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 73 frá 20. apríl 1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í febrúar 1985 skipaði Matthías Bjarnason, samgönguráðherra, eftirtalda menn til að endurskoða póstlög nr. 31 frá 12. febrúar 1940:

Rafn Júlíusson, póstmálafulltrúa, Óskar Kristjánsson, forstjóra og Halldór S. Kristjánsson, skrifstofustjóra, sem einnig var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin naut aðstoðar og ráðgjafar Árna Guðjónssonar hrl., lögmanns Póst- og símamálastofnunar, og Ragnhildar Hjaltadóttur, deildarlögfræðings í samgönguráðuneytinu.

Núgildandi póstlög eru um margt útelt orðin bæði vegna hinnar almennu þróunar póstmála hér á landi og vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á alþjóðavettvangi og Ísland hefur þegar gengist undir með aðild sinni að alþjóðapóstsamningum.

Í reynd hefur þetta ekki komið að sök, hvorki fyrir viðskiptavini né rekstur póstþjónustunnar sem slíkrar, þar sem í gjaldskrám og reglugerðum settum af ráðherra með heimild í lögunum sjálfum, hefur verið unnt að setja í framkvæmd nauðsynlegar breytingar.

Það er því fyrst og fremst markmið þessa frumvarps til póstlaga að lögfesta þær breytingar á póstþjónustunni sem þegar eru komnar til framkvæmda að nokkru leyti og bæta við ákvæðum sem nefndin telur að séu til bóta, svo og að freista þess að færa ákvæði núgildandi laga í nútímahorf.

Í áliti sínu til ráðherra lagði nefndin til að það nýmæli yrði tekið inn í frumvarpið, að póstgíróstofunni yrði heimilað að veita viðskiptamönnum sínum hliðstæða þjónustu og bankar og sparisjóðir veita varðandi inn- og útlán. Við umfjöllun ráðuneytisins á frumvarpinu var ekki fallist á þessa tillögu.

Í starfi sínu leitaði nefndin víða fanga, m. a. kynnti hún sér póstlöggjöf Dana og Svía.

Jafnframt fór nefndin vandlega yfir álit nefndar, sem Norðmenn settu á fót í nóvember 1980 og skilaði áliti, ásamt drögum að frumvarpi til nýrra póstlaga, seint á árinu 1983. Gögn þessi auðvelduðu mjög störf nefndarinnar.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi höfuðkafla:

I. Kafli Póstþjónustan, skilgreining, verksvið.
II. Kafli Einkaréttur.
III. Kafli Póstleynd.
IV. Kafli Póstmeðferð.
V. Kafli Gjaldskrá og frímerki.
VI. Kafli Skaðabætur.
VII. Kafli Viðurlög.
VIII. Kafli Ýmis ákvæði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Póstþjónustan, skilgreining, verksvið.

Um 1. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. gr. núgildandi póstlaga, en í stað hinnar nákvæmu upptalningar á einstökum sendingartegundum eru aðeins taldir upp hinir þrír höfuðflokkar póstsendinga og gert ráð fyrir, að ákvæði varðandi tegundir sendinga innan hvers flokks séu tekin upp í reglugerð.

Nokkrar af þeim sendingartegundum sem taldar eru upp í a-lið gildandi póstlaga hafa þegar verið felldar úr alþjóðapóstsamningum eða sameinaðar öðrum og ákvæðum um hámarksþyngd annarra verið breytt. Ekki er nauðsynlegt að taka h-lið núgildandi laga með

og g-liður er löngu úreltur. Samkvæmt núgildandi reglugerð fyrir póstþjónustu er bréfapóstsendingum skipt í eftirtaldar tegundir sendinga:

Bréf (þar með talin spjaldbréf og loftbréf)
Póstkort
Prent (þar með talið blindraprent)
Smápakkar (allt að 1 kg, verður 2 kg um áramótin 1985/1986
Innrituð blöð og tímarit má telja til prentsendinga.
Fjármunapóstsendingar nefnast einu nafni eftirtaldar sendingar:
Póstávísanir
Póstkröfur
Póstgírófærslur (inn- og útborganir)

Um 2. gr.

Greinin er samhljóða c-lið 1. gr. í gildandi póstlögum. Athygli er vakin á því að í 16. gr. þessa frumvarps eru tekin inn ákvæði um hvað skylt sé að senda í ábyrgðarbréfi.

Um 3. gr.

Efnislega samhljóða 2. gr. gildandi póstlaga en upptalningu á dæmum er sleppt. Hér er átt við ýmis störf, sem önnur lög, reglugerðir eða samningar ákveða að Póst- og símamálastofnun skuli annast. Má í þessu sambandi nefna innheimtu tolla af tollskyldum póstsendingum inn- og útborgun orlofsfjár og útborganir úr erlendum póstsparibankabókum.

II. KAFLI

Einkaréttur.

Um 4. gr.

Efnislega samhljóða ákvæðum 5. gr. núgildandi póstlaga nema hvað í b-lið er viðbót svohljóðandi: „að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum sem heimilt er að flytja án atbeina póstþjónustunnar". Þetta ákvæði er tekið úr dönskum póstlögum.

Um 5. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. núgildandi póstlaga. Til áhersluauka er talið rétt að hafa þessi fyrirmæli í sérstakri lagagrein.

Um 6. gr.

Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæðum 4. tl. 5. gr. núgildandi póstlaga nema bætt er inn, „a. m. k. fimm sinnum í viku".

Um 8. gr.

Óbreytt frá niðurlagsákvæðum 5. gr. núgildandi póstlaga.

III. KAFLI

Póstleynd.

Um 9. gr.

Efnislega samhljóða ákvæðum 6. gr. a-liðar núgildandi póstlaga.

Um 10. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í b-lið 6. gr. núgildandi póstlaga en orðalag er annað. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nákvæmar reglur um fyrirmæli skv. greininni.

Um 11. gr.

Efnislega samhljóða c-lið 6. gr. núgildandi póstlaga. Rétt þykir að taka inn ákvæði um heimild þessara valdsmanna til að krefjast upplýsinga um notkun pósts, enda þótt önnur lög heimili slíkt.

IV. KAFLI

Póstmeðferð.

Um 12. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 4. gr. núgildandi póstlaga en orðalagi er breytt.

Um 13. gr.

Hliðstæð ákvæði er að finna í 8., 9., 10. og 12. gr. núgildandi póstlaga, en mörg ákvæði þessara lagagreina eru úrelt orðin eða eiga frekar heima í reglugerð um meðferð póstsins.

Lögð er áhersla á að allur póstur hafi forgang fram yfir annan flutning.

Um 14. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 18. gr. núgildandi póstlaga.

Um 15. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 3. gr. núgildandi póstlaga. Nákvæmari fyrirmæli er nauðsynlegt að setja í reglugerð.

Um 16. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í c-lið 1. gr. í núgildandi póstlögum og í alþjóðapóstsamningum, sem Ísland er aðili að.

Um 17. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 14. gr. núgildandi póstlaga. Ákvæði þessarar greinar byggja á alþjóðasamningum og reglugerð.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Gjaldskrá og frímerki.

Um 19. gr.

Í núgildandi lögum 13. gr. segir, „að ráðherra sá er með póstmál fer, ákveður í gjaldskrá, að fengnum tillögum póst- og símamálastjóra ...“.

Um 20. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 14. gr. núgildandi póstlaga.

Um 21. gr.

Þessi grein svarar til 15. gr. núgildandi póstlaga. Þó er upptalningu sleppt og sett inn ákvæði um að gjöld þessi skuli sett í samráði við ráðherra, þótt þau verði ekki birt á sama hátt og póstgjaldskrá.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til 1. og 2. mgr. 17. gr. núgildandi póstlaga.

Um 23. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæði 9. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Sendandi og viðtakandi fá afklippingu eyðublaða eða samrit.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 17. gr. núgildandi póstlaga. Þó er hér lagt til að lögfestur verði einkaréttur Póst- og símamálastofnunar sem gilt hefur.

Um 26. gr.

Efnislega hliðstætt ákvæði 8. mgr. 17. gr. núgildandi póstlaga.

VI. KAFLI

Skaðabætur.

Um 27. gr.

Efnislega samhljóða 10. mgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 28. gr.

Sambærileg ákvæði eru í lokamgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 29. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 1. og 8. mgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 30. gr.

Sambærileg ákvæði eru í 3. mgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 31. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 5. og 7. mgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Um 32. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 20. gr. núgildandi póstlaga, sbr. 13. mgr.

Um 33. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 10. mgr. 20. gr. núgildandi póstlaga.

Í þessari grein er eftirfarandi nýmæli:

„Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði, greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir hlutaðeigandi tjónþola.“

Um 34. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Að gefnu tilefni þykir rétt að setja inn ákvæði sem heimilar stofnuninni að bæta tjón skv. almennum skaðabótareglum ef ástæður eru slíkar að ákvæði þessa kafla þyki ekki eiga við.

Um 35. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 21. gr. núgildandi póstlaga.

VII. KAFLI

Viðurlög.

Um 36. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 22. og 23. gr. núgildandi póstlaga, nema öllum sektarfjárhæðum er sleppt, þar sem um þær gilda lög nr. 10/1983, 23. gr. Í 2. mgr. er tekið inn ákvæði um að sé 9. gr. laganna brotin varði það refsingu skv. 136. og 137. gr. almennra hegningarlaga. Nýmæli er í síðustu mgr. þess efnis að sett er inn ákvæði um að ráðherra sé heimilt að setja sektarákvæði í reglugerð.

Heimild póststjórnarinnar í núgildandi lögum til að ákveða sektir er afnumin.

Um 37. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 25. gr. núgildandi laga. Jafnframt er tekið mið af sambærilegu ákvæði í danskri löggjöf.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 38. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 478. Svar [214. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um erlendar skuldir þjóðarinnar.

Greiðslubyrði af erlendum skuldum.

	1979	1980	1981	1982	1983	Áætlun 1984	1985
1. Greiðslubyrði afborgana og vaxta, m.kr.	497	820	1460	2771	5651	8458	9900
2. Greiðslubyrði afborgana, hlutfall af vergri landsframleiðslu	5,3	5,3	6,1	7,5	9,0	10,4	8,9
3. Greiðslubyrði afborgana, hlutfall af heildar-útflutningstekjum	12,9	14,1	16,4	21,2	20,6	24,3	20,4

Sþ. 479. Fyrirspurn [249. mál]

til fjármálaráðherra um ábyrgð eða yfirtöku á afurðalánum skreiðarframleiðenda.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd og afgreiðslu á yfirtöku eða ábyrgð skv. 29. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1985 á afurðalánum allt að 250 millj. kr. sem veitt hafa verið skreiðarframleiðendum vegna óseldra skreiðarbirgða í árslok 1984?

Sþ. 480. Fyrirspurn [250. mál]

til samgönguráðherra um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hverjar eru eignir Ferðaskrifstofu ríkisins:
   a. í fasteignum,
   b. í fyrirtækjum eða félögum?
2. Hvaða fasteignir tók Ferðaskrifstofa ríkisins á leigu árið 1985?
3. Hverjir eru eigendur þeirra fasteigna sem Ferðaskrifstofa ríkisins hafði á leigu árið 1985?
4. Hver voru leigukjör í hverju tilviki (t.d. hlutfall af veltu eða föst upphæð)?
5. Hvað var leigusamningur langur í hverju tilviki og um hvaða tímabil var að ræða?
6. Hverjar voru heildarleigugreiðslur Ferðaskrifstofu ríkisins á árinu 1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 481. Fyrirspurn [251. mál]

til félagsmálaráðherra um stofnun húsfélaga.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Hvers vegna mega íbúðareigendur einstakra húsa, sem byggð voru á vegum Byggingarfélags verkamanna, ekki stofna húsfélög um hvert hús eins og aðrir íbúðareigendur í fjölbýlishúsum?
2. Hvers vegna gefur ráðherra út reglugerð með ákvæðum um húsfélög, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 89/1985, með stoð í 66. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, en frestar framkvæmd laganna þó að ákvæðum reglugerðar hafi verið fullnægt?

Sþ. 482. Fyrirspurn [252. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfsmann Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður ráðningu starfsmanns við útibú Veiðimálastofnunar á Egilsstöðum?

Sþ. 483. Fyrirspurn [253. mál]

til menntamálaráðherra um norsku- og sænskunám í grunnskóla og framhaldsskóla.

Frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur.

1. Eru á döfinni aðgerðir til að bæta aðstöðu þess ört vaxandi fjölda nemenda sem kýs að læra sænsku eða norsku í stað dönsku í grunnskóla og framhaldsskóla?
2. Hvenær er þess að vænta að nemendur fái þann bókakost sem þeir þurfa til námsins?

Sþ. 484. Fyrirspurn [254. mál]

til samgönguráðherra um endurskoðun fjarskiptalaga.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hverjir annast þá endurskoðun fjarskiptalaga sem greint var frá á Alþingi í fyrra að væri hafin?
2. Hvenær má ætla að endurskoðuninni ljúki?

Sþ. 485. Svar [144. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kristínar S. Kvaran um utanlandsferðir þingmanna, ráðherra og embættismanna ráðuneytanna.

Fyrirspurn þessi var leyfð 20. nóvember s.l. og miðast við tímabilið 26. maí 1983 til 20. nóvember 1985, en af hagkvæmnisástæðum í bókhaldi var svarið látið ná til ársloka 1985. Þó vantar nokkuð á að svarið sé tæmandi þar eð nokkur brögð eru að því að ferðalög séu óuppgerð í árslok þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um skil. Svarið nær ekki til ferða sem farnar eru á vegum Alþingis.

ÁRIÐ 1983

Yfirlit.

(26. maí til ársloka.)

Ráðuneyti			Fargjald	Dvalar-kostnaður	Samtals
01	**Forsætisráðuneyti**				
01–101	Aðalskrifstofa	Samtals	405 087	287 688	692 775
02	**Menntamálaráðuneyti**				
02–101	Aðalskrifstofa		721 291	1 020 258	1 741 549
02–423	Námsstjórn og þróunarverkefni		29 054	111 831	140 885
		Samtals	750 345	1 132 089	1 882 434
03	**Utanríkisráðuneyti**				
03–101	Aðalskrifstofa		1 356 708	2 167 940	3 524 648
03–102	Varnarmáladeild		123 985	161 368	285 353
		Samtals	1 408 693	2 329 308	3 810 001
04	**Landbúnaðarráðuneyti**				
04–101	Aðalskrifstofa	Samtals	208 758	202 734	411 492
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**				
05–101	Aðalskrifstofa	Samtals	293 567	412 086	705 653
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**				
06–101	Aðalskrifstofa	Samtals	183 810	200 232	384 042
07	**Félagsmálaráðuneyti**				
07–101	Aðalskrifstofa	Samtals	192 514	232 099	424 613
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**				
08–101	Aðalskrifstofa	Samtals	323 468	623 241	946 709
09	**Fjármálaráðuneyti**				
09–101	Aðalskrifstofa		301 125	388 035	689 160
09–212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld		29 808	13 651	43 459
09–282	Tollamál		58 140	183 335	241 475
09–999	Ýmislegt		71 249	70 504	141 753
		Samtals	460 322	655 525	1 115 847

Ráðuneyti			Fargjald	Dvalar-kostnaður	Samtals
10	**Samgönguráðuneyti**				
10–101	Aðalskrifstofa	Samtals	119 074	146 697	265 771
11	**Iðnaðarráðuneyti**				
11–101	Aðalskrifstofa		463 186	469 546	932 732
11–298	Eftirlit með starfsemi álversins		669 331	508 275	1 177 606
11–299	Iðja og iðnaður		117 014	61 217	178 231
31–240	Iðnaðarrannsóknir		104 739	61 517	166 256
		Samtals	1 354 270	1 100 555	2 454 825
12	**Viðskiptaráðuneyti**				
12–101	Aðalskrifstofa	Samtals	563 991	622 058	1 186 049
14	**Ríkisendurskoðun**				
14–101	Aðalskrifstofa	Samtals	125 589	147 984	273 573
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**				
15–101	Aðalskrifstofa	Samtals	68 124	50 059	118 183
		Samtals öll ráðuneyti 1983	**6 529 612**	**8 142 355**	**14 671 967**

Forsætisráðuneyti: *Sundurliðun*

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalar-kostn. krónur	Alls krónur
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Danmörku (Nordisk Ministerråd).	05.06–08.06	25 093	44 293	69 386
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Stokkhólmi (Nordisk Ministerråd).	25.07–28.07	29 808	17 332	47 140
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Finnlandi (Nordisk Ministerråd) og fundur forsætisráðherra Norðurlanda.	05.08–09.08	33 374	21 996	55 370
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Finnlandi (Nordisk Ministerråd).	13.09–17.09	32 374	15 612	47 986
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Finnlandi (Nordisk Ministerråd).	04.10–08.10	37 080	12 976	50 056
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Ósló (Nordisk Ministerråd).	15.11.–18.11	26 184	8 894	35 078
Guðmundur Benediktsson	Fundur í Stokkhólmi (Nordisk Ministerråd).	28.11–01.12	29 808	8 912	38 720
Steingrímur Hermannsson	Afmæli forseta Finnlands og fundur forsætisráðherra Norðurlanda í Stokkhólmi.	24.11–01.12	70 159	47 900	118 059
Steingrímur Hermannsson	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda í Helsinki.	04.08–10.08	50 186	44 285	94 471
Steingrímur Hermannsson	Fundur forsætisráðherra Norðurlanda í Stokkhólmi.	04.10–10.10	44 837	58 749	103 586
Þórður Friðjónsson	**Ráðstefna í Ósló um samstarf ríkisstjórna og** aðila vinnumarkaðarins og í Khöfn um efnahagsmál.	05.09–09.09	26 184		26 184
Þórður Friðjónsson	**Fundur í Seðlabanka Finnlands.**	18.12–21.12		6 739	6 739
		Alls	405 087	287 688	692 775

Menntamálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalar-kostn. krónur	Alls krónur
Andri Ísaksson	**UNESCO-fundur í Visby.**	ágúst	32 995	16 544	49 539
Andri Ísaksson	UNESCO-fundur í París.	25.10–29.11	16 067	125 956	142 023
Árni Gunnarsson	Ráðherranefnd Norðurlandaráðs.	25.09–06.10	21 683	9 975	31 658
Árni Gunnarsson	Menningarmálaráðstefna Norðurlanda.	05.09–07.09	26 184	9 941	36 125
Árni Gunnarsson	Norræn menningarmálafundur.	13.11–15.11	26 184	9 994	36 178
Árni Kristjánsson	Tónlistarmál.	október		10 117	10 117
Baldur Símonarson	Sameindalíffræðiþing.		20 406		20 406
Birgir Thorlacius	Stjórnarfundur Menningarsjóðs Norðurlanda.	03.07–08.07	33 374	21 141	54 515
Birgir Thorlacius	Norræna húsið í Færeyjum.			19 803	19 803

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Bjarni Gunnarsson	**Heimsókn í háskóla á Norðurlöndum.**	júlí		32 621	32 621
Guðrún Jónsdóttir	Námskeið í félagsráðgjöf.	okt. 6 dagar	19 054	19 982	39 036
Halldór Arnórsson	Tölvutækni o. fl.	24.10–28.10	24 054		24 054
Halldór Guðjónsson	**Rannsóknamálefni.**	21.09–23.09	10 492	23 143	33 635
Hrólfur Kjartansson	Menningarmálaskrifstofa í Kaupmannahöfn.	06.09–09.09		7 121	7 121
Hörður Lárusson	Stjórnarfundur CERI í París.	31.05–04.06	22 576	17 542	40 118
Hörður Lárusson	Norrænt samstarf í skólamálum.	02.10–06.10		9 926	9 926
Hörður Lárusson	**Norrænt samstarf í skólamálum.**	12.12.–15.12		7 051	7 051
Hörður Lárusson	**Kynnisferð til Japans, hluti kostnaðar.**	18.08–09.09	17 376	23 184	40 560
Jón Torfi Jónsson	UNESCO-fundir í Visby.	**ágúst, 5 dagar**	32 995	16 544	49 539
Jón Torfi Jónsson	UNESCO-ráðstefna í París.	25.10–29.11	20.962	49 819	70 781
Jónas Kristjánsson	Handritaskiptanefnd.	júní	20 726	17 800	38 526
Knútur Hallsson	Myndlistamál, Nordset o. fl.	sept.-okt. 10 d	14 810	33 177	47 987
Knútur Hallsson	**Fjölmiðlamál.**			9 413	9 413
Kristín H. Pétursdóttir	Fundir bókafulltrúa Norðurlanda.	19.06–03.07	23 769	27 506	51 275
Kristinn Hallsson	Scandinavia Today.	október	26 184	9 977	36 161
Magnús Már Lárusson	Handritaskiptanefnd.	maí	15 095	17 677	32 772
Magnús Pálsson	Fundur í Feneyjum.	júní	10 659		10 659
Níels Á. Lund	Fundur norrænna æskulýðsráða.	maí, 6 dagar	21 864	17 320	39 184
Ólafur Kvaran	**Ferð til USA í erindum Listasafns Einars Jónssonar.**	júní, 17 dagar		55 332	55 332
Pétur Guðfinnsson	**Ferð vegna NORDSAT til Khafnar og Helsinki.**	7 dagar		16 090	16 090
Pétur Guðfinnsson	NORDSAT.	okt., 3 dagar		4 071	4 071
Ragnhildur Helgadóttir	Ráðherrafundur Norðurlanda.	júní, 5 dagar	24 794	21 595	46 389
Ragnhildur Helgadóttir	Fundur vegna handritamats í Danmörku.	18.08.	20 674	20 562	41 236
Ragnhildur Helgadóttir	Ráðherranefndarfundur Norðurlanda í Svíþjóð.	sept., 3 dagar	29 808	17 418	47 226
Ragnhildur Helgadóttir	UNESCO-ráðstefna í París.	25.10–01.11	20 962	55 127	76 089
Ragnhildur Helgadóttir	Sendiráð Khöfn.			19 116	19 116
Ragnhildur Helgadóttir	Sendiráð París.			29 392	29 392
Reynir Karlsson	Ráðstefna um íþróttamannvirki.	05.06.–10.06	25 093	21 044	46 137
Reynir Karlsson	Fundir íþróttafulltrúa.	19.09–21.09	13 552	9 929	23 481
Sigríður Jónsdóttir	CDPC-fundur o. fl.	13.10.–22.10		16 623	16 623
Stefanía Arnórsdóttir	Fylgdarmaður nemenda til V-Þýskalands.	19.06–05.07	13 607	7 105	20 712
Sigríður Valgeirsdóttir	**Ráðstefna um menntun verkgreinakennara í Gautaborg.**	01.06–03.06	17 171		17 171
Sigrún Hannesdóttir	Ýmsir fundir um bókasafnsmál.	09.08–27.08	23 745	68 870	92 615
Sigurður Kristinsson	Ferð til Þýskalands í boði þýskra stjórnvalda.	júní	11 152		11 152
Sigurður Steinþórsson	Alþjóðaþing jarðeðlisfræðinga í Hamborg.	15.08–27.08		15 285	15 285
Stefán Ól. Jónsson	Nordisk yrkespædagogisk seminarium í Gautaborg.	31.05–21.06	17 705	18 376	36 081
Svandís Skúladóttir	**Fundur norrænnar samstarfsnefndar um dagvistarmál í Khöfn.**	ág., 6 d.	19 054	19 769	38 823
Sólrún Jensdóttir	Ráðstefna hjá Evrópuráði.	06.11.–10.11		8 752	8 752
Matthildur Konráðsson	**Ferð til Þýskalands í boði þýskra stjórnvalda.**	júní	13 793		13 793
Þórir Sigurðsson	Norr. námsk. og ráðst. myndm. kennara Danm.	24.06–03.07	12 672	15 949	28 621
Sigríður R. Sigurðardóttir	**Börn og Kultur, Danmörk.**	sept.		4 945	4 945
Ólafur Proppé	Menningarmál.	14.09–16.09		4 944	4 944
Guðmundur Kristmundsson	**Heimsókn til kennara ísl. barna í Svíþjóð.**	okt.		6 690	6 690
		Alls	721 291	1 020 258	1 741 549

Menntamálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Halla Björg Baldursdóttir	Þátttaka í tveimur ráðstefnum um tölvur og tölvunotkun í grunn- og framhaldsskólum.	24.07–06.08	19 054	38 241	57 295
Þórir Sigurðsson	Þátttaka í samnorrænum fundi og norrænum Insea-fundi.	28.10–31.10	10 000		10 000
Jóna Björg Sætran	Ráðstefna málakennara.	19.11–24.11		10 016	10 016
Hrólfur Kjartansson	Ráðstefna og fundur „Skoleudvikling í Norden"	01.06–08.06		25 070	25 070
Njáll Sigurðsson	Kynningarferð vegna tónlistarfræðslu.	nóv., 8 dagar.		26 630	26 630
Erla Kristjánsdóttir	**Vinna með dr. Edwin Fenton prófessor vegna** námsefnis um Bandaríkin.	01.11–06.11		11 874	11 874
		Alls	29 054	111 831	140 885

Utanríkisráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Árni Sigurjónsson	Fundur í Brussel.	14.11–18.11	30 076	16 620	46 696
Birgir Möller	Búferlaflutningar.	11.12–31.07	39 652	80 387	120 039
Böðvar Bragason	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.	08.11–19.11	18 865	85 522	104 387
Einar Einarsson	**Fundur CEAC.**	13.11–18.11		20 033	20 033
Geir Hallgrímsson	Vorfundur utanríkisráðherra NATO.	05.06–11.06	37 105	113 890	150 995
Geir Hallgrímsson	Utanríkisráðherrafundur NATO.	06.12–11.12	51 688	60 424	112 112
Guðmundur Eiríksson	Fundur þjóðréttarfræðinga utanríkisráðuneyta Norðurlanda.	28.08–31.08	29 808	13 051	42 859
Guðmundur Matthíasson	CEAC-fundur.	23.11–26.11		13 086	13 086
Halldór Blöndal	**38. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.**	19.11–10.12	18 860	85 511	104 371
Hannes Hafstein	Ráðherrafundur EFTA.	01.06–03.06	22 392	12 005	34 397
Hannes Hafstein	Vorfundur utanríkisráðherra NATO og embættisferð til Genfar.	08.06–16.06	49 930	77 831	127 761
Hannes Hafstein	Búferlaflutningar.	29.07–11.08.	96 164	124 807	220 971
Helgi Ágústsson			47 968		47 968
Hólmfríður Gísladóttir	Flóttamannaráðstefna Sameinuðu þjóðanna.	06.09–11.09		19 820	19 820
Ingvi Ingvarsson	Allsherjarþingið.	23.09–04.10	28 468	85 328	113 796
Ingvi Ingvarsson	Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda.	04.09–09.09	38 747	23 137	61 884
Ingvi Ingvarsson	Leiðr.	04.09–09.09		5 662	5 622
Jakob Magnússon	**Fundur í norrænu þróunarsamvinnunefndinni.**	01.09–03.09	26 184	9 954	36 138
Jakob Magnússon	**Fundur í norrænu þróunarsamvinnunefndinni.**	30.11–05.12		19 697	19 697
Jón H. Magnússon	Fundur um alþjóðamál.	nóvember	31 389		31 389
Kolbrún Jónsdóttir	**38. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.**	19.11–10.12	18 860	85 511	104 371
Kristín Ástgeirsdóttir	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.	19.11–10.12	18 860	85 511	104 371
Kristín Tryggvadóttir	Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.	08.11–19.11	18 865	85 522	104 387
Magnús Magnússon	Fundur IAEA.	08.10–15.10	25 485	26 792	52 277
Níels P. Sigurðsson	Öryggismálaráðstefna Evrópu.	20.08–18.09	54 126	133 081	187 207
Níels P. Sigurðsson	Öryggismálaráðstefna Evrópu.	02.07–05.08	31 189	137 449	168 638
Ólafur Björnsson	Fundur norrænnar ráðgjafarnefndar um þróunarmál.	31.10–03.11	12 609	19 962	32 571
Ólafur Egilsson	Utanríkisráðherrafundur Norðurlanda.	04.09–08.09	29 808	12 282	42 090
Ólafur Egilsson	Utanríkisráðherrafundur NATO.	06.12–10.12	25 844	23 432	49 276
Ólafur Egilsson	Allsherjarþingið.	08.11–19.11	18 865	61 524	80 389
Ólafur Egilsson	**Norrænn embættismannafundur um þróunarmál.**	29.05–01.06	26 400	16 061	42 461
Ragnar Arnalds	Allsherjarþingið.	19.11–10.12	18 860	85 511	104 371
Sigmar Óskarsson	Fundur um tæknimál.	22.06–25.06	24 766	14 442	39 208
Sigríður Snævarr	Fastafulltrúafundur Evrópuráðsins.	18.09–24.09	24 589	23 347	47 936
Sigríður Snævarr	Allsherjarþingið.	19.11–10.12	18 860	85 511	104 371

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Sigríður Snævarr	Evrópuráðsfundir.	01.06–17.06	26 683	17 804	44 487
Sigurður Bjarnason	Embættisferð til Túnis og Kýpur.	19.05–17.06	100 946	141 613	242 559
Sólrún Jensdóttir	Fundur um upplýsingamál.	07.08–12.08	23 884		23 884
Sturla Friðriksson	CCSMS-fundur.	21.06–23.06	16 655	10 861	27 516
Sveinn Björnsson	Leiðr. vegna búferlaflutninga.			18 205	18 205
Tómas Tómasson			19 578		19 578
Tómas Karlsson	Kontorchefs-fundur.	24.08–27.08	26 184	13 509	39 693
Vigdís Pálsdóttir	Búferlaflutningar.		11 865	6 634	18 499
Þorleifur Thorlacius	Fundur protokollstjóra.	28.08–31.08	29 808	13 964	43 772
Þorleifur Thorlacius	Ráðherrafundur Evrópuráðsins og fastafulltrúafundir.	20.11–03.12	27 659	53 140	80 799
Þorsteinn Ingólfsson	Viðræður um tvísköttunarsamning milli Íslands og Sviss og athugun á embættisbústað sendiráðsins í London.	25.06–01.07	30 172	34 742	64 914
Þorsteinn Ingólfsson	„Administration" fundur utanríkisráðuneyta Norðurlanda.	05.06–08.06	31 979	13 985	45 964
Þorsteinn Ingólfsson	Embættisferð.	2-3.10 og 17-21.10	22 226	24 391	46 617
Þorsteinn Ingólfsson	Aðalfundur FAO, ferð með landbúnaðarráðuneyti.	06.11–13.11	29 903	31 533	61 436
		Alls	1 356 708	2 167 940	3 524 648

Utanríkisráðuneyti, varnarmáladeild:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Hjörtur Bjarnason	Fundur um verklegar framkvæmdir varnarliðsins.	14.10–23.10	24 357	23 089	47 446
Hannes Guðmundsson	Fundur um verklegar framkvæmdir varnarliðsins.	14.10–24.10	24 812	29 639	54 451
Hallgrímur Dalberg	Fundur um verklegar framkvæmdir varnarliðsins.	okt., 9 dagar	24 376	29 638	54 014
Sverrir H. Gunnlaugsson	Leiðr.			8 718	8 718
Sverrir H. Gunnlaugsson	Fundur um verklegar framkvæmdir varnarliðsins.	14.10–28.10	25 628	40 645	66 273
Höskuldur Ólafsson	Fundur um verklegar framkvæmdir varnarliðsins.	okt., 9 dagar	24 812	29 639	54 451
		Alls	123 985	161 368	285 353

Landbúnaðarráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Bjarni Guðmundsson	Fundur embættismanna í landbúnaðarráðuneytinu í Stokkhólmi.	12.12–15.12	29 808	13 447	43 255
Guðmundur Sigþórsson	Fundur í norrænni samvinnunefnd í Helsinki.	04.07–10.07	29 086	25 394	54 480
Jón Helgason	Evrópumót ísl. hestaeigenda í Þýskalandi.	02.09–05.09	52 206	28 946	81 152
Jón Helgason	FAO-þing í Róm.	06.11–13.11	25 846	52 592	78 438
Sveinbjörn Dagfinnsson	FAO-fundur í Kaupmannahöfn.	31.05–03.06	25 094	16 064	41 158
Sveinbjörn Dagfinnsson	Mót ísl. hestaeigenda í Þýskalandi með ráðherra.	31.08–06.09	16 814	23 159	39 973
Sveinbjörn Dagfinnsson	FAO-þing í Róm.	06.11–14.11	29 904	43 132	73 036
		Alls	208 758	202 734	411 492

Sjávarútvegsráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Halldór Ásgrímsson	Fisklandanir í Þýskalandi.	16.09–21.09	37 454	49 122	86 576
Halldór Ásgrímsson	Alþjóðahvalveiðiráðið Brighton.	17.07–24.07	44 484	99 171	143 655
Jón L. Arnalds	Fundur í Róm, FAO.	08.10–22.10	29 903	50 663	80 566
Jón L. Arnalds	Norsk-ísl. fiskveiðinefndin.	01.11–04.11	26 184	13 296	39 480
Jón L. Arnalds	Austur-Atlantshafs-fiskveiðar.	19.11–26.11	17 376	46 007	63 383
Jón B. Jónasson	Fundur NEAFC, London.	25.06–01.07	22 504	25 418	47 922
Jón B. Jónasson	Fundur um sjávarútvegsmál í Þrándheimi.	24.10–27.10	30 928	14 746	45 674
Kjartan Júlíusson	Ársfundur alþjóðahvalveiðiráðsins.	14.07–24.07	17 376	39 875	57 251
Stefán Þórarinsson	Norræn ráðstefna um félagsfræðilegar rannsóknir í sjávarútvegi.	07.08–14.08	19 054	29 027	48 081
Stefán Þórarinsson	Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndin.	19.11–26.11	17 376	26 485	43 861
Valdimar K. Jónsson		júlí		18 276	18 276
Þorsteinn Gíslason	Norræn samstarfsnefnd um sjávarútvegsmál.	október	30 928		30 928
		Alls	293 567	412 086	705 653

Dómsmálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Ármann Snævarr	Fundur í norrænu sifjalaganefndinni.	11.12–16.12	26 184	16 728	42 912
Baldur Möller	Fundur dómsmálaráðherra á Álandseyjum.	14.11–16.11	30 044	12 921	42 965
Gísli Guðmundsson	Kynnast störfum norskra dómsmálaráðuneyta og eftirlit með lögregluembættum.	09.09–23.09	26 288	46 115	72 403
Hjalti Zóphóníasson	Ýmsir fundir, fíkniefnamál o.fl.	05.08–03.09	19 054	44 041	63 095
Jón Helgason	Fundur dómsmálaráðherra á Álandseyjum.	06.11–16.11	18 556	15 585	34 141
Jón Thors	Aðalfundur ICPO í Frakklandi.	16.10–27.10	28 530	36 506	65 036
Ólafur W. Stefánsson	Fundir vegna norræna umferðaröryggisársins.	31.05–04.06	35 154	14 310	49 464
Ólafur W. Stefánsson	Fundir vegna norræna umferðaröryggisársins.	21.08–25.08		6 557	6 557
Ólafur W. Stefánsson	Fundir vegna norræna umferðaröryggisársins.			7 469	7 469
		Alls	183 810	200 232	384 042

Félagsmálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Alexander Stefánsson	Fundur vinnumálaráðherra Norðurlanda.	14.11–18.11	33 373	30 113	63 486
Guðríður Þorsteinsdóttir	Jafnréttismál.	04.12–08.12	26 184	16 669	42 853
Guðríður Þorsteinsdóttir	Undirbúningsfundur kvennaráðstefnu.	08.11–13.11	33 373		33 373
Gunnar R. Sigurbjörnsson	XVII. þing samtaka um málefni þroskaheftra.	09.08–15.08	19 054	19 835	38 889
Hallgrímur Dalberg	Fundur í NAUT.	25.09–28.09		13 147	13 147
Hallgrímur Dalberg	Fundur vinnumálaráðherra Norðurlanda.	14.11–18.11	33 373	19 744	53 117
Hallgrímur Dalberg				26 400	26 400
Jón S. Ólafsson	Þing Alþjóðavinnumálasambandsins.	08.06–26.06	20 973	79 773	100 746
Margrét Margeirsdóttir	Fundur um atvinnumál fatlaðra.	04.10–08.10	26 184	16 476	42 660
Óskar Hallgrímsson	Fundur í framkvæmdanefnd norræns vinnumarkaðar.	28.08–30.08		9 942	9 942
		Alls	192 514	232 099	424 613

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Almar Grímsson	Fundur í svæðisstjórn WHO í Evrópu.	18.09–25.09	33 548	26 339	59 887
Almar Grímsson	Ráðstefna um heilsugæslu, aðalfundur framkvæmdastjórnar WHO, fundur í krabbameinsdeild WHO.	13.11–26.11	10 317	39 933	50 250
Guðjón Hansen	Fundur starfshóps um framkvæmd Norðurlandasamnings um félagslegt öryggi.	06.06–10.06	31 978	17 553	49 531
Guðjón Hansen	Norðurlandasamningar um félagslegt öryggi.	12.11–15.11	9 334	13 331	22 665
Ingimar Sigurðsson	**Fundur NILU um loftgæðarannsóknir vegna álvers** og fundur í norrænu fastanefndinni um löggjöf og stofnanir matvælamála.	23.09–28.09	12 067	19 894	31 961
Ingimar Sigurðsson	Fundur í CDSP í Evrópuráði.	20.06–23.06		17 607	17 607
Ingimar Sigurðsson	Fundur í CDSP.	20.06–23.06		7 668	7 668
Ingimar Sigurðsson	Fundur í CDSP og áætlunarfundur í Nomesko.	20.11–02.12	4 829	29 884	34 713
Jón Ingimarsson	Ráðstefna Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og kynning á starfsemi reykingavarna í USA.	07.07–14.08	27 040	68 170	95 210
Jón Ingimarsson	Skýrsla Íslands um framkvæmd félagsmálasáttmála Evrópu, Evrópuráði.	13.11–20.11		16 089	16 089
Jón S. Sigurðsson	Fundur í Evrópuráði.	02.10–08.10		13 218	13 218
Jón S. Sigurðsson	Fundur í Evrópuráði.	04.07–09.07		12 983	12 983
Matthías Bjarnason		08.06–19.06	27 518	72 244	99 762
Matthías Bjarnason	Fundur Evrópusvæðis WHO og viðræður um samstarf Íslands við WHO.	15.09–02.10	67 096	116 104	183 200
Páll Ásmundsson	Þing EDTA.	18.06–28.06	16 655	26 309	42 964
Jón Ingimarsson			17 785	22 099	39 884
Ragnhildur E. Þórðardóttir	Heimsókn til WHO.	27.08–03.09	8 679	16 590	25 269
Sigmundur Sigfússon	Ráðstefna Evrópudeilda Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.	06.06–14.06	20 090	21 061	41 151
Sigrún Guðnadóttir	Evrópuþing veirufræðinga.	10.09–17.09	10 492		10 492
Skúli Johnsen	Þrír fundir á vegum Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.	07.06–22.06	26 040	56 126	82 166
Örn Bjarnason	Fundir í sérfræðinganefnd Evrópuráðs.	03.10–08.10		10 039	10 039
		Alls	323 468	623 241	946 709

Fjármálaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Albert Guðmundsson	Ferð til Parísar og heimsókn til London í boði breskra stjórnvalda.	02.07–14.07	57 060	125 132	182 192
Albert Guðmundsson	Alþjóðabankafundur í Washington.	22.09–30.09	24 582	80 136	104 718
Geir Haarde	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.	15.11–17.11	26 184	8 587	34 771
Geir Haarde	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.	07.12–09.12		10 049	10 049
Geir Haarde	Fjármálaráðherrafundur Norðurlanda.	20.06–22.06	22 886	10 850	33 736
Höskuldur Jónsson	Ferð til London um lánamál.	05.11–12.11	17 376	42 749	60 125
Lárus Ögmundsson	Fundur um tvísköttunarsamning, svo og um framtal og breytingar á samnorrænum samningi um aðstoð í skattamálum.	31.08–03.09	29.808	13 320	43 128
Sigurbjörn Þorbjörnsson	Fundur til undirbúnings samnings milli Íslands og Sviss til að koma í veg fyrir tvísköttun.	27.06–01.07	31 361	18 047	49 408
Sigurður Þórðarson	Nefndarstörf á vegum Norðurlandaráðs.	30.07–05.08	26 184	23 255	49 439
Sigurður Þórðarson	Nefndarstörf á vegum Norðurlandaráðs.	17.08–19.08	23 884	11 662	35 546
Sigurður Þórðarson	**Nefndarstörf á vegum Norðurlandaráðs.**	22.06–24.06	22 886	10 889	33 775
Sigurgeir A. Jónsson	Fundur tollasamvinnuráðs í Brussel.	18.11–27.11	18 914	33 359	52 273
		Alls	301 125	388 035	689 160

Fjármálaráðuneyti,
Skattstofur, sameiginleg útgjöld:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Sigurbjörn Þorbjörnsson	Samnorrænn fundur um skattamál.	31.08–03.09	29 808	13 651	43 459
		Alls	29 808	13 651	43 459

Fjármálaráðuneyti,
tollamál:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Þorsteinn Geirsson	Aðalfundur tollasamvinnuráðsins CCC.	11.06–18.06	18 128	29 254	47 382
Sverrir Júlíusson	Fundur í uppruna- og tollasérfræðinefnd EFTA og viðræður við fulltrúa GATT.	03.10–10.10	21 884	26 530	48 414
Björn Hafsteinsson	Aðalfundur tollasamvinnuráðsins.	11.06–18.06	18 128	29 254	47 382
Sigvaldi Friðgeirsson				98 297	98 297
		Alls	58 140	183 335	241 475

Fjármálaráðuneyti,
ýmislegt:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Héðinn Eyjólfsson	Námsferð vegna MSA-verkefnis.		17 775	34 318	52 093
Benedikt Sigurjónsson	Fundur til undirbúnings samnings milli Íslands og Sviss vegna tvísköttunar.	27.06–03.07	22 351	18 047	40 398
Árni Kolbeinsson	Fundur til undirbúnings samnings milli Íslands og Sviss vegna tvísköttunar.	27.06–01.07	31 123	18 139	49 262
		Alls	71 249	70 504	141 753

Samgönguráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Eiður Guðnason	Ráðstefna um síma- og fjarskiptamál.	20.11–24.11		18 620	18 620
Halldór S. Kristjánsson	Fundur NKTF og ráðstefna um síma- og fjarskipti.	20.11–26.11	24 802	23 372	48 174
Ólafur S. Valdimarsson	NET-fundur.	10.06–18.06	18 262	14 056	32 318
Ólafur S. Valdimarsson	Viðræður við fulltrúa Arnarflugs um landkynningar og ferðamál.	12.08–16.08		16 615	16 615
Ólafur S. Kristjánsson	Fundur NET og norrænn ráðherrafundur um samgöngumál.	14.11–18.11	25 417	16 623	42 040
Ólafur S. Valdimarsson	Fundur NMT, samgöngumálasýning og ráðstefna um samgöngumál.	04.11, 8 dagar	27 686	30 456	58 142
Ragnhildur Hjaltadóttir	Þing alþjóðaflugmálastofnunar.	18.09, 8 dagar	22 907	26 955	49 862
		Alls	119 074	146 697	265 771

Iðnaðarráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Árni Árnason	Fundur í Nordisk Ministerråd, NFS o.fl.	13.09–18.09	26 184	20 177	46 361
Árni Árnason	Fundur um iðnaðarmál.	25.10–28.10	29 808	17 418	47 226
Guðrún Hallgrímsdóttir	Fundur norrænna tæknistofnana o.fl.	04.09–07.09	26 184	13 218	39 402
Guðrún Skúladóttir	Fundur í embættismannanefnd um orkumál.	21.08–25.08	33 374	16 549	49 923
Guðrún Skúladóttir	Fundur í embættismannanefnd um orkumál.	03.10–05.10	26 184	9 970	36 154
Guðrún Skúladóttir	Fundur í Energiplanlagningsgruppen.	06.12–08.12	26 184	10 012	36 196
Gunnar G. Schram	Viðræður við Alusuisse og Elkem.	05.09–07.09	32 267	10 031	42 298
Gunnar G. Schram	Viðræður við Alusuisse o.fl.	18.08–21.08	23 400	15 701	39 101
Kristmundur Halldórsson	Ráðstefna um aukið norrænt samstarf um iðnaðarmál.	03.08–11.08	31 495	33 743	65 238
Kristmundur Halldórsson	Ráðstefna um aukið norrænt samstarf um iðnaðarmál.	19.06–22.06		7 250	7 250
Páll Flygenring	Fundur ICOLD í London.	29.07–04.08	18 256	37 858	56 114
Páll Flygenring	Fundur orkuráðherra Norðurlanda.	07.06–09.06	28 564	12 394	40 958
Páll Flygenring	Ministerråd, 10 ára afmæli.	19.10–21.10		6 514	6 514
Páll Flygenring	Viðræður við Elkem.	08.11–10.11	26 185	12 211	38 396
Sverrir Hermannsson	Fundur orkumálaráðherra Norðurlanda.	07.06–09.06	28 564	24 803	53 367
Sverrir Hermannsson	Undirskrift samnings við Alusuisse.	22.09–25.09	31 486	21 182	52 668
Sverrir Hermannsson		nóvember		5 383	5 383
Sverrir Hermannsson	Fundur iðnaðarráðherra Norðurlanda.	26.10–28.10	29 808	19 854	49 662
Sverrir Hermannsson	Ferð til Englands.	27.08–10.09	26 189	165 277	191 466
Þuríður Magnúsdóttir	Fundur um valkosti í fullorðinsmenntun.	09.10–15.10	19 054	10 001	29 055
		Alls	463 186	469 546	932 732

Iðnaðarráðuneyti, eftirlit með starfsemi álversins:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Árni Árnason	Bráðabirgðasamkomulag við Alusuisse.	22.09–25.10	31 486	14 147	45 633
Eiríkur Tómasson	Gerðardómsmál.	27.10–31.10	20 369	19 641	40 010
Garðar Ingvarsson	Viðræður við Elkem.	01.09–08.09	45 459	33 739	79 198
Garðar Ingvarsson	Alusuisse og Coopers og Lybrand.	27.10–29.10	29 427	18 773	48 200
Garðar Ingvarsson	Viðræður við Alusuisse.	27.10–29.10	23 480	12 184	35 664
Guðmundur G. Þórarinsson	Viðræður við Alusuisse og Elkem.	05.09–07.09	31 488	10 290	41 778
Guðmundur G. Þórarinsson	Viðræður við Alusuisse o.fl.	18.08–21.08	29 427	15 702	45 129
Gunnar G. Schram	Viðræður við Alusuisse.	27.10–29.10	23 480	12 184	35 664
Halldór J. Kristjánsson	Fundir vegna gerðardóms.	10.08–15.08	19 488	23 450	42 938
Halldór J. Kristjánsson	Viðræður vegna gerðardóms.	29.08–03.09	28 403	23 528	51 931
Halldór J. Kristjánsson	Gerðardómur.	27.10–31.10	20 369	19 641	40 010
Hermann Sveinbjörnsson	Ráðstefna um iðnaðarmál í Washington.	26.05–18.06	16 545	57 949	74 494
Hermann Sveinbjörnsson	Viðræður við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	18.08–21.08	23 553	23 311	46 864
Hjörtur Torfason	Viðræður við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	18.08–21.08	29 427	13 396	42 823
Hjörtur Torfason	Viðræður við Alusuisse og Elkem A/S.	01.09–08.09	45 459	24 061	69 520
Jóhannes Nordal	Viðræður við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	18.08–21.08	29 427	13 397	42 824
Jóhannes Nordal	Viðræður við Alusuisse og Elkem.	05.09–08.09	32 267	16 972	49 239
Jóhannes Nordal	Viðræður við Alusuisse.	27.10–29.10	23 480	13 222	36 702
Páll Flygenring	Alusuisse og Elkem.		34 203	12 143	46 346
Páll Flygenring	Samningar við Alusuisse.	18.08–21.08	6 376	30 541	36 917
Ragnar Aðalsteinsson	Gerðardómur.	29.08–03.09	28 403	23 529	51 932
Ragnar Aðalsteinsson	Gerðardómur.	10.08–15.08	19 488	23 468	42 956
Ragnar Aðalsteinsson	Gerðardómur.	27.10–31.10	20 369	19 641	40 010
Guðmundur G. Þórarinsson	Viðræður við Alusuisse og Elkem A/S.	05.09–07.09	1 246		1 246

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Guðmundur G. Þórarinsson	Viðræður við Alusuisse.	27.10–29.10	23 480	12 184	35 664
Gunnar G. Schram	Viðræður við Alusuisse og Elkem A/S.	05.09–07.09	1 246		1 246
Sverrir Hermannsson	Undirskrift bráðabirgðasamningsins við Alusuisse.	22.09–25.09	31 486	21 182	52 668
		Alls	669 331	508 275	1 177 606

Iðnaðarráðuneyti, iðja og iðnaður:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Hörður Jónsson	Þátttaka í Nordisk arbetsgruppe.	19.09–21.09	26 184	9 898	36 082
Hörður Jónsson	Þátttaka í Nordisk arbetsgruppe.	06.06–27.06	21 778	10 551	32 329
Jafet Ólafsson	Fundur AK/IND-starfshópa um niðurgreiðslu á iðnaðarvörum.	20.08–23.08	29 808	13 243	43 051
Jafet Ólafsson	Ráðstefna vísinda- og tækninefndar OECD.	03.06–08.06	20 190	17 524	37 714
Þuríður Magnúsdóttir	Seminar um valkosti í fullorðinsmenntun.	09.20–15.10	19 054	10 001	29 055
		Alls	117 014	61 217	178 231

Iðnaðarráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Garðar Ingvarsson	Viðræður við Elkem.	08.11–10.11	26 185	11 282	37 467
Guðmundur G. Þórarinsson	Viðræður við Elkem.	08.11–10.11	26 185	6 630	32 815
Jóhannes Nordal	Viðræður við Elkem.	08.11–10.11		11 407	11 407
Lárus Jónsson	Stóriðjunefnd.	17.11–22.11	26 184	19 987	46 171
Páll Flygenring	Viðræður við Elkem.	08.11–10.11	26 185	12 211	38 396
		Alls	104 739	61 517	166 256

Viðskiptaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Albert Guðmundsson	Ferð til Stokkhólms á vegum norræna fjárfestingarbankans.	03.12–05.12	44 520	38 775	83 295
Albert Guðmundsson	Fundur iðnaðarráðherra Norðurlanda.	16.11–21.11	52 570	67 401	119 971
Gunnar Guttormsson	Samstarf iðnaðarráðgjafa Norðurlanda í Ósló og fundur í Kaupmannahöfn.	12.08–24.08		15 763	15 763
		Alls	727 070	714 308	1 441 378

Iðnaðarráðuneyti,
eftirlit með starfsemi Álversins:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Axel Lydersen		júlí	43 234		43 234
Stefán Svavarsson	Viðræður um skattamál við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	31.05–05.06	27 927	52 806	80 733
Halldór J. Kristjánsson	Viðræður um skattamál við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	31.05–05.06	27 927	53 299	81 226
Halldór J. Kristjánsson	Fundir um álmál í Ósló.	16.06–20.06		18 738	18 738
Halldór J. Kristjánsson	Fundir í Bandaríkjunum með lögfræðingum Alusuisse.		54 646		54 646
Hjörtur Torfason	Viðræður um skattamál við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	02.06–09.06	25 999	90 148	116 147
Hjörtur Torfason	Fundur í New York með lögfræðingum Alusuisse um skattamál.	20.08–02.09	21 430	102 552	123 982
Hjörtur Torfason	Fundir um skattamál við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	11.07–14.07	29 185	29 040	58 225
Garðar Ingvarsson	Fundur með lögfræðingum Alusuisse um skattamál.	07.09–15.09	21 430	113 633	135 063
Garðar Ingvarsson	Viðræður við MF Engineering vegna skattasamninga.	22.08–25.08	46 995	25 487	72 482
Garðar Ingvarsson	Viðræður um skattamál Alusuisse við Coopers og Lybrand.	11.07–14.07	29 185	29 194	58 379
Garðar Ingvarsson	Viðræður um skattamál við Alusuisse og Coopers og Lybrand.	31.05–05.06	27 927	60 020	87 947
Halldór J. Kristjánsson	Viðræður í Sviss við MF Engineering um skattamál.	22.08–25.08	46 995	25 986	72 981
Halldór J. Kristjánsson	Viðræður um skattamál Alusuisse í London og við Coopers og Lybrand.	11.07–13.07	29 185	25 202	54 387
Halldór J. Kristjánsson	Fundir í Bandaríkjunum með lögfræðingum Alusuisse.	07.09–15.09	21 430	104 063	125 493
Eiríkur Tómasson	Fundir í New York með lögfræðingum Alusuisse um skattamál o.fl.	07.09–15.09	21 430	93 486	114 916
Sverrir Hermannsson	Fundir um stóriðjumál í Sviss og London.	23.08–07.09	99 708	284 854	384 562
		Alls	574 633	1 108 508	1 683 141

Iðnaðarráðuneyti,
iðja og iðnaður:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Páll Flygenring	Fundur um orkumál í Kaupmannahöfn.	15.04–16.04	37 370	9 373	46 743
Árni Þ. Árnason	Kynnisferð Iðntæknistofnunar til Singapore og Japans.	11.01–27.01	113 990	100 012	214 002
Gunnar Guttormsson	**Samstarf iðnráðgjafa Norðurlanda, o. fl.**	09.04–13.04	43 494	22 083	65 577
Eric Petterson	Boðsgestur iðnaðarráðherra á stjórnarfundi **Iðnþróunarsjóðs.**	maí	35 070		35.070
Baldur Pétursson	Fundir um möguleika íslenskra iðnfyrirtækja og undirverktaka á alþjóðamörkuðum.	10.11–17.11	25 000	43 978	68 978
Halldór Kristjánsson	Fundir í London með lögfræðingum um sölu ríkisfyrirtækja og erlendar fjárfestingar.	13.08–15.08	29 185	17 631	46 816
		Alls	284 109	193 077	477 186

Iðnaðarráðuneyti, ýmis orkumál:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Bergsteinn Gizurarson	Fundir um raforkuiðnað í Ósló, Helsinki, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.	25.04–01.05	38 447	32 368	70 815
Júlíus Sólnes	Fundir um raforkuiðnað í Ósló, Helsinki, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.	25.04–01.05	38 447	32 368	70 815
Ásgeir Valdimarsson	Fundir um raforkuiðnað í Ósló, Helsinki, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.	25.04–01.05	38 447	32 368	70 815
Páll Flygenring	Ráðstefna um stórar stíflur í Lausanne.	22.06–04.07	24 223	145 008	169 231
Karl Ómar Jónsson	Ráðstefna um orkusparnað við hitun húsa.	05.06–07.06	34 822	14 308	49 130
Jónas Elíasson	Ráðstefna um jarðhitaorku á Hawaii.	20.08–02.09	75 677	126 390	202 067
Kristmundur Halldórsson	Ráðstefna um orkusparnað, heimsókn í norska iðnaðarráðuneytið o. fl.	05.06–17.06		32 048	32 048
		Alls	250 063	414 858	664 921

Iðnaðarráðuneyti, iðnaðarrannsóknir:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Birgir Ísl. Gunnarsson	Fundur í Frakklandi með Pechiney.	15.01–18.01	35 913	24 902	60 815
Birgir Ísl. Gunnarsson	Heimsókn til Chris More hjá Rio Tinto Zink í Þýskalandi.	05.09–08.09	2 182	26 184	28 366
Guðmundur G. Þórarinsson	Fundur í Frakklandi með Pechiney.	15.01–17.01	33 396	18 191	51 587
Garðar Ingvarsson	Fundir með Alcan 1984, viðbót.			7 003	7 003
Sverrir Hermannsson	Ferð til Frakklands vegna stóriðjumála, viðræður við Pechiney.	15.01–17.01	33 396	37 383	70 779
Baldur Guðlaugsson	Viðræður við lögfræðinga um sölu ríkisfyrirtækja og erlendar fjárfestingar í London og Dublin.	13.08–17.08	49 355	26 284	75 639
Guðmundur Malmquist	Viðræður við lögfræðinga um sölu ríkisfyrirtækja og erlendar fjárfestingar.	13.08–15.08	29 185	15 761	44 946
Hermann Sveinbjörnsson	Fundir í Kaupmannahöfn og Helsinki um trjákvoðuverksmiðjur o. fl.	03.09–07.09	8 025	20 321	28 346
Kristmundur Halldórsson	Fundir um trjákvoðuverksmiðjur.	2 dagar	6 744	14 971	21 715
		Alls	198 196	191 000	389 196

Viðskiptaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Þórhallur Ásgeirsson	Viðræður við Efnahagsbandalagið o. fl.	14.01–19.01	32 655	29 450	62 105
Þórhallur Ásgeirsson	Ráðherrafundur OECD sem staðgengill viðskiptaráðherra.	10.04–13.04	41 799	38 338	80 137
Þórhallur Ásgeirsson	Viðræður við Efnahagsbandalagið.	23.05–25.05	22 098	20 530	42 628
Þórhallur Ásgeirsson	Ráðherrafundur EFTA í Vín.	07.05–11.05		67 827	67 827
Þórhallur Ásgeirsson	Fundir í Moskvu, Brussel og Noregi.	21.06–03.07	96 697	80 793	177 490
Jón Júlísson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	07.01–11.01	29 142	27 708	56 850
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	27.01–31.01	33 908	32 354	66 262

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	20.01–22.01	29 142	15 263	44 405
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	10.02–14.02	31 600	26 343	57 943
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	14.03–16.03	35 594	14 839	50 433
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	24.03–28.03	33 170	26 596	59 766
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	21.04–23.04	37 366	20 216	57 582
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	04.05–08.05	37 366	32 290	69 656
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	27.05–31.05	37 366	33 253	70 619
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	06.06–28.06	38 248	22 461	60 709
Jón Júlíusson	Opinber heimsókn viðskiptaráðherra til Noregs.	29.06–03.07	958	25 797	26 755
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda.	26.08–29.08	44 520	30 395	74 915
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda og ráðherranefndar.	18.09–21.09	38 248	23 447	61 695
Jón Júlíusson	Fundur stjórnarnefndar vegna sameiningar á skrifstofu ráðherranefndarinnar.	03.10–05.10	38 248	22 542	60 790
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla og samstarfsráðherra í Finnlandi.	09.06–13.06	53 614	32 006	85 620
Jón Ö. Þormóðsson	Viðræður við EBE o. fl.	14.01–19.01	32 655	27 465	60 120
Jón Ö. Þormóðsson	Ráðherrafundur OECD í París staðgengla viðskiptaráðherra.	10.04–13.04	41 799	26 426	68 225
Jón Ö. Þormóðsson	Ferð með viðskiptaráðherra til Moskvu.	21.06–26.06	77 019	31 255	108 274
Sveinn Björnsson	Fundur viðskiptasérfræðinga EFTA o. fl.	24.02–02.03	31 889	32 443	64 332
Sveinn Björnsson	Fundir um neytendamál og viðskiptahindranir.	30.05–06.06	26 514	50 845	77 359
Sveinn Björnsson	Vegna Íslandskynningar í Bandaríkjunum.	22.08–30.08	34 901	31 172	66 073
Sveinn Björnsson	Fundir í EFTA.	29.09–05.10	68 659	36 992	105 651
Matthías Á. Mathiesen	Fundur norrænna samstarfsráðherra og ráðherrafundur EFTA.	01.05–12.05	109 902	257 143	367 045
Matthías Á. Mathiesen	Viðræður við EBE um saltfisktoll.	23.05–25.05	22 098	31 551	53 649
Sigríður Haraldsdóttir	Fundir um neytendamál.	02.06, 4 dagar	28 299	18 934	47 233
Sigríður Haraldsdóttir	Fundir um neytendamál.	27.09, 4 dagar	51 289	21 177	72 466
Sveinn Björnsson	Ráðherrafundur EFTA í Genf.	02.11–05.11	46 054	25 133	71 187
Þórhallur Ásgeirsson	Samningar um kaup á olíu og bensíni í Moskvu.	06.09–12.09	73 109	80 225	153 334
Sveinn Björnsson	Fundur viðskiptaráðherra Norðurlanda	24.11–27.11	51 290	25 394	76 684
Þórhallur Ásgeirsson	Ársfundur Alþjóðabankans og viðskiptaviðræður í Japan.	28.09–20.10	222 800	240 601	463 401
Geir Hallgrímsson	Ráðherrafundur EFTA í Genf.	02.11–05.11	46 054	38 377	84 431
Sveinn Björnsson	Fundur EFTA-sérfræðinga um sjávarafurðir.	03.12–06.12	46 060	22 505	68 565
Pétur Thorsteinsson	Opinber heimsókn viðskiptaráðherra til Japans.	30.09–20.10	110 483	230 088	340 571
Þórhallur Ásgeirsson	Fundir EFTA og EBE í Brussel og EFTA-fundur í Genf.	28.10–05.11	34 244	73 286	107 530
Jón Júlíusson	Ráðherrafundur samstarfsráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn.	15.10–17.10	38 248	22 320	60 568
Jón Júlíusson	Fundur staðgengla samstarfsráðherra Norðurlanda í Álandseyjum.	10.11–14.11	52 567	32 315	84 882
Jón Júlíusson	Fundur viðskiptaráðherra Norðurlanda í Helsinki.	24.11–27.11	51 290	29 079	80 369
Guðjón Hansen	Útlagður ferðakostnaður vegna ferðar á stjórnarfund Lífeyrissjóðs starfsmanna EFTA.			32 259	32 259

Viðskiptaráðuneyti:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Matthías Á. Mathiesen	Fundur um viðskiptamál í Rússlandi.	21.06–26.06	154 038	72 578	226 616
Matthías Á. Mathiesen	Opinber heimsókn til Noregs.	01.07–03.07	76 496	36 375	112 871
Matthías Á. Mathiesen	Ársfundur Alþjóðabankans og heimsókn til Japans.	18.09–20.10	463 036	258 446	721 482
Matthías Á. Mathiesen	Fundur samstarfsráðherra Norðurlanda.	07.08–08.08	38 254	18 061	56 315
		Alls	2 740 786	2 424 893	5 165 679

Ríkisendurskoðun:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Halldór V. Sigurðsson	Fundir ríkisendurskoðanda Norðurlanda, ráðstefna í London.	26.08–04.10	34 588	90 736	125 324
Sveinn Arason	**Ráðstefna um tölvumál og tölvuendurskoðun.**	08.05–14.05	33 095	23 790	56 885
Kristján Einarsson	**Ráðstefna um tölvumál og tölvuendurskoðun.**	08.05–14.05	33 095	23 790	56 885
Sigurður Í. Haraldsson	Talning á sjóðum, Stokkhólmur og Kaupmannahöfn.	30.06–27.07	34 588	35 983	70 571
Ingi Magnússon	Ráðstefna um stjórnsýsluendurskoðun í Finnlandi.	12.10–17.10	27 049	32 722	59 771
Jón Ólafsson	Fundur í Svíþjóð.	27.08–08.09	34 588	26 037	60 625
Sigurður Haraldsson	Eftirlit hjá sendiráðum í Khöfn og Stokkhólmi.	30.06–27.07	34 588	35 983	70 571
Sveinn Arason	Endurskoðun reikningsskila EFTA í Genf.	21.09–04.10		30 877	30 877
		Alls	231 591	299 918	531 509

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:

Nafn ferðalangs	Tilefni ferðar	Tímalengd ferðar	Fargjald krónur	Dvalarkostn. krónur	Alls krónur
Magnús Pétursson	Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda í Finnlandi.	21.01–24.01	40 164	22 053	62 217
Magnús Pétursson	Ráðherrafundur um hagsýslumál.	09.04–13.04	43 634	23 177	66 811
Magnús Pétursson	Til undirbúnings fundi fjármálaráðherra Norðurlanda.	30.05–01.06	43 494	14 320	57 814
Gunnar Hall	Fundur um fjármögnun norrænu fjárlaganna.	21 05–23.05	43 494	14 199	57 693
Gunnar Hall		19.03–22.03	35 593	18 827	54 420
Gunnar Hall	Fundur um fjármögnun norrænu fjárlaganna.	29.08–31.08	38 254	15 680	53 934
Þórólfur Matthíasson	Námskeið í Noregi.	17.06–28.06		35 499	35 499
Þórólfur Matthíasson	Fundur fjárlaganefnda Norðurlanda.	24.04–27.04	37 370	19 201	56 571
Þórólfur Matthíasson	Fundur fjárlaganefnda Norðurlanda.	06.01–10.01	29 142	18 270	47 412
Magnús Pétursson	Fundur fjármálaráðherra Norðurlanda.	26.11–28.11	38 260	21 277	59 537
Magnús Pétursson	Fundur hjá EFTA í Genf.	24.10–31.10	46 054	25 041	71 095
		Alls	395 459	227 544	623 003

Sþ. 486. Fyrirspurn [255. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað af starfsemi Krabbameinsfélags Íslands og leitarstöð þess.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve mikill hluti af rekstrarfé Krabbameinsfélags Íslands kemur frá ríkissjóði? Hvernig er starfsemi félagsins fjármögnuð að öðru leyti?
2. Hve mikill er heildarkostnaður við skoðun hverrar einstakrar konu sem kemur til leghálskrabbameinsleitar hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins?

Sþ. 487. Fyrirspurn [256. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um leghálsakrabbameinsleit og hlutdeild kvenna í kostnaði við hana.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve mikinn hluta kostnaðar af leghálskrabbameinsleit hjá leitarstöð Krabbameinsfélagsins greiða konur sjálfar? Hverjir aðrir taka þátt í greiðslu þess kostnaðar? Er sama gjald tekið af konum við slíka skoðun um land allt?
2. Hefur einhver breyting orðið á hlutdeild kvenna í þeim kostnaði á s.l. ári?
3. Ef svo er, hefur sú breyting haft áhrif á aðsókn kvenna að leitarstöð Krabbameinsfélagsins?

Ed. 488. Frumvarp til laga [257. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

Við fyrri mgr. 3. tölul. 3. gr. laganna bætist: Þeim ber og að varðveita til frambúðar frumflutt dagskrárefni sem talið er hafa menningarlegt eða sögulegt gildi.

2. gr.

7. tölul. 3. gr. laganna orðast svo:

Óheimilt er að aðrir aðilar en sá, sem leyfi hefur til útvarpsrekstrar, kosti almenna dagskrárgerð eða einstaka dagskrárliði. Þetta gildir þó ekki um áður framleitt efni, svo sem kvikmyndir eða fræðslu- og skemmtiefni af myndböndum.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr tölul., 9. tölul., og orðast svo:

Erlendu sjónvarpsefni, sem sýnt er í íslenskum sjónvarpsstöðvum, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða neðanmálstexti eftir því sem við á hverju sinni, nema um sé að ræða beina útsendingu eða endurvarp erlendis frá þar sem þýðingu verður ekki við komið.

4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Útvarpsstjóri setur að fengnu samþykki útvarpsráðs reglur um frambúðarvarðveislu þess dagskrárefnis stofnunarinnar sem rétt er talið að varðveita vegna menningarlegs eða sögulegs gildis. Ríkisútvarpinu er rétt að hafa til útlána og/eða sölu dagskrárefni sem flutt hefur verið að fengnu samþykki rétthafa efnis.

5. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Hver sá, sem heimild hefur til rekstrar útvarps samkvæmt lögum þessum, skal varðveita í að minnsta kosti fjóra mánuði hljóðupptöku af útsendri dagskrá.

Skylt er að láta þeim, sem telur misgert við sig í útsendingu, í té afrit af hljóðupptöku þeirrar útsendingar.

6. gr.

Við **ákvæði til bráðabirgða** bætist:

Menntamálaráðherra skal leggja fyrir Alþingi nýtt frumvarp til útvarpslaga á árinu 1988. Menntamálaráðherra skal árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarp til útvarpslaga var til umfjöllunar á þinginu 1984–1985 var af hálfu Alþýðuflokksins bent á margvíslega annmarka á frumvarpinu sem gerðu það ekki aðeins erfitt í framkvæmd heldur væru sum ákvæði þess nánast óskiljanleg og ógerlegt að sjá hvernig vinna ætti eftir þeim. Ekki var hins vegar fallist á að gera neinar breytingar á frumvarpinu eftir að það kom frá neðri deild. Stjórnarþingmönnum í efri deild var gert að tryggja að ekki yrði þar haggað kommu eða punkti. Það gerðu þeir. Þegar þetta var sýnt var boðað af hálfu Alþýðuflokksins að á næsta þingi yrði flutt frumvarp til laga um að sníða nokkra helstu annmarka af útvarpslögum.

Vissulega er ýmislegt fleira sem breyta þyrfti í útvarpslögum. En þar sem endurskoða á lögin innan þriggja ára frá gildistöku þeirra þótti rétt að gera ekki tillögur um breytingar á öðru en því sem óhjákvæmilegt er að breyta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Rétt þykir að í útvarpslögum séu almenn ákvæði um að útvarpsstöðvum beri að varðveita efni sem talið er hafa menningarlegt eða sögulegt gildi.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hér er lögð til, gerir ákvæðið skiljanlegt og framkvæmanlegt en eins og ákvæðið er í gildandi útvarpslögum er það hvorki skiljanlegt né framkvæmanlegt.

Um 3. gr.

Eðlilegt er að í útvarpslögum séu ákvæði um þýðingu og textun erlends efnis þar sem því verður við komið. Það liggur hins vegar í hlutarins eðli að beinar útsendingar eða endurvarp erlendis frá er ekki unnt að texta eða þýða og fortakslaus skylda til að þýða eða texta allt erlent efni þýðir því í raun bann við því að endurvarpa eða taka beint á móti erlendu efni.

Um 4. gr.

Rétt er að útvarpsstjóri setji reglur um hvað af dagskrárefni stofnunarinnar skuli varðveitt til frambúðar og að þær reglur séu háðar samþykki útvarpsráðs. Núgildandi útvarpslög gera ekki ráð fyrir neinum reglum um þetta efni. Þar er aðeins að finna ákvæði um að hljóðupptaka af frumsömdu efni skuli varðveitt í 18 mánuði.

Um 5. gr.

Sjálfsagt er og eðlilegt að skylda útvarpsstöðvar til þess að varðveita hljóðupptöku af útsendri dagskrá í tiltekinn tíma. Þetta ber að gera í öryggisskyni ef eftirmál verða vegna ummæla sem viðhöfð eru í dagskrá. Ekki sýnist ástæða til að varðveita slíkar upptökur lengur en í fjóra mánuði.

Um 6. gr.

Í núgildandi útvarpslögum er gert ráð fyrir endurskoðun laganna innan þriggja ára. Eðlilegt virðist að í ákvæði til bráðabirgða sé einnig kveðið svo á að menntamálaráðherra skuli leggja nýtt frumvarp til útvarpslaga fyrir Alþingi á árinu 1988. Í þessari grein er enn fremur það nýmæli að finna að menntamálaráðherra skuli árlega flytja Alþingi skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins og framkvæmd útvarpslaga.

Ed. 489. Frumvarp til laga [258. mál]

um breyting á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985.

Flm.: Eiður Guðnason.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Málsgrein sú í 3. gr. laga um Þjóðskjalasafn Íslands, sem lagt er til að falli niður, er svohljóðandi:

„Ríkisútvarp (hljóðvarp og sjónvarp) skal varðveita myndir, plötur og hljómbönd eftir því sem útvarpsstjóri og útvarpsráð ákveða í samráði við þjóðskjalavörð."

Þegar frumvarp til laga um Þjóðskjalasafn var til meðferðar í nefnd í fyrra hreyfði flutningsmaður því að þetta ákvæði ætti tæplega heima í lögum um Þjóðskjalasafn og ekki væri heldur eðlilegt að embætti þjóðskjalavarðar væri blandað í daglegan rekstur Ríkisútvarpsins með þeim hætti sem hér er gert. Þessi skoðun fékk ekki hljómgrunn í nefndinni en mikið kapp var lagt á að afgreiða frumvarpið fyrir þinglok og var því ekki flutt breytingartillaga um þetta efni.

Það ákvæði, sem hér um ræðir, á ekki heima í lögum um Þjóðskjalasafn. Ákvæði um þetta atriði á hins vegar heima í útvarpslögum og hefur flutningsmaður einnig lagt fram frumvarp til laga um breyting á þeim að því er varðar skyldu Ríkisútvarpsins til að geyma dagskrárefni.

Ed. 490. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 26. febr. 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið á sinn fund til viðræðu Magnús Jóhannesson siglingamálastjóra.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. febr. 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Salome Þorkelsdóttir.	Helgi Seljan.	Eiður Guðnason.
	Ey. Kon. Jónsson.	

Sþ. 491. Svör [110. og 153. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Stefáns Benediktssonar um störf ríkissaksóknara.

Óskað var eftir upplýsingum frá embætti ríkissaksóknara um einstök atriði fyrirspurnanna. Í svarbréfi ríkissaksóknara stendur m. a.:

„Til upplýsinga í þessum efnum sendast hjálagt eftirgreind gögn:

1. Yfirlit um fjölda ákærðra manna á árunum 1981–1985 og flokkun ákæruefna eftir alvarleika brota, annars vegar eftir kaflanúmerum hinna almennu hegningarlaga og hins vegar eftir heitum sérrefsilaga.
2. Almennt yfirlit um afgreiðslu innkominna mála á árinu 1984 og flokkun mála eftir helstu brotaheitum almennra hegningarlaga og sérrefsilaga.
3. Sams konar almennt yfirlit um afgreiðslu innkominna mála á árinu 1985.

Hafa ber í huga að hin almennu yfirlit áranna 1984 og 1985 miðast við afgreiðslu á hverju máli fyrir sig án tillits til hversu margir eru þar kærðir í hverju máli. Þá ber enn fremur að hafa það í huga að séu margir kærðir í hverju máli kann þáttur hvers fyrir sig að hljóta mismunandi afgreiðslu. Heildarfjöldi innkominna mála hvors árs var **3218 árið 1984** og **3742 árið 1985.**

Varðandi yfirlitið um fjölda ákærðra manna á árunum 1981—1985, sbr. 1. lið, er rétt að benda á að í flestum tilvikum er þar um að ræða mál frá viðkomandi ári en einnig mál frá næstu árum þar á undan.“

Fjöldi ákærðra manna fyrir brot gegn almennum hegningarlögum.

Kafli		1981	1982	1983	1984	1985
XII	Brot gegn valdstjórninni	3	4	9	7	9
XIII	Brot á almannafriði og allsherjarreglu	2		1	4	
XIV	Brot í opinberu starfi	2	7	6	9	14
XV	Rangur framburður og rangar sakargiftir	1	4	6	4	6
XVII	Skjalafals	90	71	85	191	225
XVIII	Brenna	1	5	2	5	3
	Stórfellt fíkniefnabrot	6	3			11
	Önnur almannahættubrot			2		
XXI	Sifskaparbrot		1			1
XXII	Skírlífisbrot	12	12	24	19	8
XXIII	Manndráp af ásetningi	1	1	2	1	1
	Líkamsmeiðing af ásetningi	38	34	47	65	43
	Önnur brot gegn lífi og líkama		7	3	8	7
XXIV	Brot gegn frjálsræði manna					1
XXV	Brot gegn æru og einkalífi	1	3	6	4	3
XXVI	Auðgunarbrot:					
	Þjófnaður, hylming	153	141	182	239	281
	Fjárdráttur	13	11	14	10	41
	Fjársvik, tékkasvik	23	22	62	61	57
	Fjársvik, önnur svik	18	23	15	22	24
	Umboðssvik	1	5	1	4	14
	Skilasvik	3	6	10	16	5
	Rán			3	6	4
XXVII	259./257. gr. /262. gr.		7	5	16	7
	259./219. gr. og ölvunarakstur	52	56	70	76	80
	259./219. gr. og umferðarlög (nema ölvunarakstur)	8	15	21	18	20
	Samtals	435	438	576	785	865

Fjöldi ákærðra manna fyrir brot á sérrefsilöggjafinni.

Ákæruefni	1981	1982	1983	1984	1985
Umferðarlög, ölvun við akstur	515	423	525	450	559
Umferðarlög, önnur brot	60	56	64	87	83
Áfengislög	7	4	7	12	6
Tollalög (smygl)	25	21	10	28	28
Fíkniefnalög	54	27	36	32	35
Fiskveiðilög (landhelgislög)	4	5	8	5	12
Siglingalög	4	13	9	7	
Landbúnaðarlög		1		2	
Skattalög, bókhaldslög	5		8	3	
Verðlagslög		1			
Loftferðalög		2	1	1	
Byggingarlög		1			
Lög um dýravernd og fuglafriðun	1	11	4	7	2
Lög um lax- og silungsveiði	1		11		
Heilbrigðislög		1			
Fjarskiptalög (útvarpslög)	1		10	2	22
Lögreglusamþykkt (einkum hundahald)	7	8	27	14	
Lög um leigubifreiðar	1				5
Okurlög		1	1		
Lög um mengun hafsins			1		
Lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda			2	2	2
Iðnaðarlög				1	1
Tékkalög				29	9
Samtals	686	575	724	684	764

Afgreiðslur mála árið 1984.

Hegningarlagabrot	Ákærur	Ákæru-frestur	Sáttir	Ám.	Ekki krafist frekara	Til frekari rann-sóknar	Ólokið
Brot gegn valdstjórninni	2		2	1		1	
Strok úr fangelsi	2				2		
Innsiglisrof					1		
Brot í opinberu starfi	1				4	3	1
Rangur framburður og rangar sakargiftir			1		3		1
Skjalafals	104	4	26		22	3	
Brenna	1		1				
Nauðgun	4				4		
Skírlífisbrot	11		7		2	2	1
Manndráp	2						
Líkamsmeiðingar	58	1	41		52	9	5
Frelsissvipting	1		1				
Húsbrot (231. gr.)			2		4		
Ónæðisatferli	2		2	6	4	1	
Ærumeiðingar					5		1
Þjófnaður	184	68	62	2	40	4	1
Gripdeild	1				2		
Fjárdráttur	7		3		8		
Fjársvik	33		5		28	6	1
Tékkasvik og tékkamisferli	58		39		11	5	
Ökugjaldssvik	5		3		10	1	
Skilasvik	9				8	2	
Rán	4				1		
Hylming	2	1	2		2		
Eignaspjöll	8	3	18		25		
Nytjastuldur	14	5	34		9		
	513	82	249	9	247	37	11
Sérrefsilagabrot samkvæmt skrá	767		824	16	486	47	24
Afgreiðslur ársins 1984 samtals	1280	82	1073	25	733	84	35

Afgreiðslur mála árið 1984.

Sérrefsilagabrot	Ákærur	Sáttir	Ám.	Ekki krafist frekara	Til frekari rann-sóknar	Ólokið
Áfengislagabrot	13	59	4	25	1	1
Andlát				114		
Ávana- og fíkniefni	36	4		9	3	2
Búfjárhald		1			2	
Byggingarsamþykkt						
Dýraverndunarlög	1	1		2		
Fiskveiðibrot	3	3	2		1	
Fjarskiptalög (útvarpslög)	7			3		
Flugslys				14	1	3
Fuglafriðun	3	4		1	1	
Gjaldeyrisbrot				1		
Gjaldþrot				2		
Heilbrigðissamþykkt				1		
Hundahald	7	17		25		
Húsbruni				22	1	
Höfundalög				4	3	3
Iðnlöggjöf		2		4	2	
Lög um leigubifreiðar						
Mengunarbrot						
Nábúakrytur				2		
Ólögleg meðferð skotvopna og sprengiefna	7	15		3		1
Prentlög				9		
Siglinga- og sjómannalög	1	3	1	2	3	
Sjálfræðissvipting	12			1		
Sjóslys	1	1	1	22	3	1
Skattalagabrot				1		
Slys		2	1	53		
Tollalagabrot	11	61	1	5	2	3
Umferðarlagabrot	109	189	1	60	2	2
Vanskil á opinberum gjöldum	6			29	12	1
Veiðilagabrot		3	3	1		
Verðlagsbrot						
Ölvunarakstur	545	454		56	5	3
Öxulþungabrot	3	1		2		1
Annað	2	4	2	13	5	3
	767	824	16	486	47	24

Afgreiðslur mála árið 1985.

Hegningarlagabrot	Ákærur	Ákæru-frestur	Sáttir	Ám.	Ekki krafist frekara	Til frekari rann-sóknar	Ólokið
Brot gegn valdstjórninni	1		4		6		
Innsiglisrof			2		2		2
Brot á allsherjarreglu			2		8		
Brot í opinberu starfi					2	1	
Rangur framburður og rangar sakargiftir					3		
Skjalafals	119	9	18		23	5	21
Brenna	3						
Nauðgun	3				11		6
Skírlífisbrot	4		7		9		5
Manndráp	2						1
Líkamsmeiðingar	22		36	2	56	12	66
Frelsissvipting					1		
Húsbrot (231. gr.)	1		5		4		
Ónæðisatferli	1		3	2	7		6
Ærumeiðingar			1		1	2	2
Þjófnaður	154	53	56		53	13	15
Gripdeild			2		2		
Fjárdráttur	4		3		6	1	2
Fjársvik	23		4		31	8	13
Tékkasvik og tékkamisferli	38		40		9	9	4
Ökugjaldssvik	5		2		2	3	1
Skilasvik	11				5	3	5
Rán	1				1		
Hylming	1				1		
Eignaspjöll	12		22		28	7	8
Nytjastuldur	5	5	8		7	3	
	410	67	215	4	278	67	157
Sérrefsilagabrot samkvæmt skrá	821		918	8	520	116	155
Afgreiðslur ársins 1985 samtals	1231	67	1133	12	798	183	312

Afgreiðslur mála árið 1985.

Sérrefslilagabrot	Ákærur	Sáttir	Ám.	Ekki krafist frekara	Til frekari rann-sóknar	Ólokið
Áfengislagabrot	6	45	5	25	2	8
Andlát				126		
Ávana- og fíkniefni	32	7		10	3	7
Búfjárhald		1	1	4		
Byggingarsamþykkt		1		2	2	
Dýraverndunarlög		2	1	9	1	
Fiskveiðibrot	10	5		1		1
Fjarskiptalög (útvarpslög)				3		
Flugslys				11		3
Fuglafriðun	2	7		3	2	2
Gjaldeyrisbrot						1
Gjaldþrot	1			2	2	1
Heilbrigðissamþykkt		2			4	
Helgidagalöggjöf				1		
Hundahald		4		1		1
Húsbruni				22		1
Höfundalög		1		40		
Iðnlöggjöf	1			2	4	5
Loftferðalög				1	1	
Lög um leigubifreiðar	4				1	18
Læknalög					2	
Mengunarbrot				1	1	
Nábúakrytur				1		
Ólögleg meðferð skotvopna og sprengiefna	4	9		6	2	4
Póstlög		1		1		
Prentlög						
Siglinga- og sjómannalög		5		4	3	1
Sjálfræðissvipting						
Sjóslys				30	7	2
Skattalagabrot		1		2		
Slys		1		52	1	4
Tóbaksauglýsingar				1		1
Tollalagabrot	6	22		5	4	28
Umferðarlagabrot	135	352	1	77	10	20
Vanskil á opinberum gjöldum	9			10	10	10
Veiðilagabrot		4		3		2
Verðlagsbrot		2		1	1	
Ölvunarakstur	611	443		54	48	27
Öxulþungabrot		3				1
Annað				9	5	7
	821	918	8	520	116	155

Ed. 492. Frumvarp til laga [259. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Nú óskar einstaklingur, fyrirtæki eða samtök eftir aðild og skal þá sækja um hana til stjórnar ráðsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftar eftir ákvörðun viðskiptaráðherra eða stjórnar ráðsins. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar til þessara funda og stýrir þeim.

4. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna einn mann hver, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn. Viðskiptaráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

5. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn og ákveður laun og önnur starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður árgjöld, sbr. 6. gr., og gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

a) Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983.
b) Tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984.
c) Árgjöld.
d) Framlag ríkissjóðs.
e) Þóknun fyrir veitta þjónustu.
f) Sérstök framlög og aðrar tekjur.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa, sem starfa í sendiráðum, að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör skulu settar sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Viðskiptaráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971 um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna er fram komu í starfi nefndar sem viðskiptaráðherra skipaði 11. janúar 1985 og fól m.a. „að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega með hvaða hætti mætti efla samstarf útflytjenda og stjórnvalda á sviði útflutnings".

Formaður nefndarinnar var skipaður Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda. Aðrir nefndarmenn voru Einar Benediktsson, sendiherra, Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, Guðmundur H. Garðarson, viðskiptafræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskipafélags Íslands, Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri hjá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Steinar Berg Björnsson, stjórnarformaður Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, og Þórhallur Helgason, varaformaður Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Nefndarskipan þessi var í kjölfar samþykktar ríkisstjórnarinnar frá því í september 1984 sem hljóðaði svo: „Í samráði við útflytjendur og samtök þeirra verði hafist handa um „heildarendurskoðun á fyrirkomulagi útflutningsmála og með hvaða hætti æskilegt sé að ríkisvaldið standi að þeim málum." Hér er m.a. átt við, hvort ekki sé rétt að ein og sama

stofnunin, útflutningsmiðstöð, annist aðstoð við útflytjendur, þar sem fulltrúar frá öllum greinum útflutnings ættu aðild að, ásamt fulltrúum ríkisvaldsins í sérstöku útflutningsráði."

Segja má að hér séu stjórnvöld að bregðast við þeirri nauðsyn, sem er nú almennt viðurkennd, að Íslendingar verða að beina kröftum sínum að útflutningi vöru og þjónustu í mun ríkari mæli en verið hefur. Útflutningur vöru og þjónustu er burðarás íslensks þjóðarbúskapar. Þetta þýðir að samræma verður störf þeirra aðila er sinna útflutningi eða aðstoð við útflytjendur. Með frumvarpi því sem hér er lagt fram er stigið veigamikið skref í þessa átt.

Lagt er til að allar atvinnugreinar og hið opinbera sameini krafta sína og setji á laggirnar eina stofnun er verði eins öflug og frekast er kostur. Að því er stefnt að þarna verði miðstöð eða vettvangur samstarfs allra útflytjenda er nýtt geti sér þjónustu stofnunarinnar og haft áhrif á framtíðarverkefni hennar. Jafnframt er þess gætt að byggja sem mest á þeirri starfsemi sem þegar fer fram á þessu sviði.

Skipulagi stofnunarinnar er hagað þannig að það verði útflytjendur sjálfir sem ráði mestu um gang mála. Jafnframt er gert ráð fyrir nánum tengslum stofnunarinnar við stjórnvöld, t.d. að starfsmenn hennar geti starfað í sendiráðum Íslands erlendis, en af slíku samstarfi hlýtur að verða margháttað hagræði og sparnaður. Viðskiptaráðuneytið ber stjórnskipulega ábyrgð á starfsemi þessari enda er það í verkahring þess ráðuneytis að sinna utanríkisviðskiptum.

Sjávarútvegur og fiskverkun hafa lengi gegnt lykilhlutverki í útflutningsframleiðslunni og þar hefur myndarlega verið staðið að vöruþróun fyrir erlenda markaði. Á þeim vettvangi þarf vitaskuld áfram að vinna. Þótt menn séu sammála um þörfina fyrir nýjar útflutningsgreinar er hitt líka ljóst að útgerð og fiskiðnaður verða í náinni framtíð þungamiðjan í íslensku atvinnu- og efnahagslífi. Þessar atvinnugreinar eru jafnframt mikilvægur grundvöllur ýmissa annarra greina. Þannig hefur hér á landi t.d. verið að þróast vísir að upplýsinga- og tækniiðnaði sem að nokkru leyti styðst við tiltölulega stóran heimamarkað í útgerð og fiskiðnaði. Markaðsleit og stuðningur við útflutning á þessu sviði skiptir miklu máli fyrir alla framtíðarþróun íslensks atvinnulífs. Þá gæti öflug starfsemi í þágu útflutningsins greitt fyrir svokölluðum verkefnaútflutningi, þ.e. sölu á kunnáttu eða hugviti til skipulagningar, reksturs eða rannsókna. Má hér nefna mikla reynslu og þekkingu á sviði sjávarútvegs og sérkunnáttu að því er varðar tæknihliðar á hagnýtingu jarðvarma en í því tilviki eins og í sjávarútvegi gæti hugsanlega verið um að ræða framleiðslu íslenskra tækja og hugbúnaðar.

Útflutningur iðnaðarvöru hefur aukist jafnt og þétt undanfarin fimmtán ár. Ál og kísiljárn vega þungt í þeirri aukningu en ullar- og skinnavörur skipta einnig miklu máli. Hér hefur landbúnaðurinn einnig hlutverki að gegna í framleiðslu á hráefnum til ullar- og skinnaiðnaðar. Meginverkefnið á næstu árum er að gera iðnaðarvöruútflutninginn fjölbreyttari en hann er nú. Þar með öðlast líka fleiri fyrirtæki þá reynslu sem starf á erlendum markaði veitir. Við það verða þau betur búin en ella í samkeppni við erlenda keppinauta á heimamarkaði. Þjónusta við erlenda ferðamenn er ört vaxandi starfsemi hér á landi og þar liggja verulegir möguleikar á auknum gjaldeyristekjum. Það er því mikilvægt að tengja eflingu þessarar starfsemi almennri eflingu útflutningsstarfsemi eftir því sem kostur er.

Fjölmargir aðilar, ráðuneyti og aðrar stofnanir, vinna nú að ýmsum þáttum efnahagslegra og viðskiptalegra tengsla Íslands út á við. Eins og tíðkast hefur í íslensku atvinnulífi hlýtur fjöldi fyrirtækja og samtaka þeirra að vinna að frekari uppbyggingu útflutningsframleiðslu og alþjóðastarfsemi. Æskileg þróun framleiðslu og útflutnings getur ekki hvílt á miðstýringu hins opinbera. Hins vegar geta bæði eldri og nýrri greinar aukið styrk sinn og getu með öflugu samstarfi sín á milli og með stuðningi stjórnvalda. Þetta á ekki hvað síst við

um almenna kynningu á Íslandi erlendis sem lið í því að auka útflutning og til að laða að ferðamenn. Inn í þetta þarf einnig að flétta kynningu á íslenskri menningu og listum erlendis.

Hlutverk þeirrar stofnunar, sem frumvarp þetta nær til, er þríþætt. Í fyrsta sinn er skapaður sameiginlegur vettvangur allra þeirra sem sinna útflutningi eða annarri gjaldeyrisskapandi starfsemi. Með því móti gefst færi á að vinna nýjum hugmyndum brautargengi og hafa áhrif á mörkun framtíðarstefnu í útflutningsmálum. Augljóst er að vilji þessa nýja ráðs kemur til með að vega þungt við ákvarðanatöku og afskipti stjórnvalda af þessum málum í framtíðinni. Í öðru lagi er Útflutningsráð stjórnvöldum til ráðuneytis um utanríkisviðskiptamál. Í þriðja lagi mun starfsemi ráðsins felast í margvíslegri fyrirgreiðslu og aðstoð við útflytjendur. Þessi starfsemi er nú á margra hendi en hér er gert ráð fyrir samræmingu er ætti að geta skilað sér í auknu hagræði. Stofnunin á að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum útflytjenda, sameiginlegu átaki og kynningu sem hver og einn útflytjandi getur síðan nýtt sér í eigin þágu. Hún á enn fremur að aðstoða einstakar útflutningsgreinar og einstök fyrirtæki og hvetja til aukins útflutnings með skipulögðu átaki til nýsköpunar og með átaki í þeim greinum sem fyrir eru. Veigamikill þáttur í starfsemi Útflutningsráðs er að safna upplýsingum um allt sem viðvíkur ástandi og horfum á erlendum markaði og koma þeim til fyrirtækja. Að því er varðar beina þjónustu má nefna kynningarstarf erlendis með þátttöku í og skipulagningu vörusýninga, einnig markaðskannanir og áróðursherferðir fyrir íslenskan varning og þjónustu og enn fremur aðstoð við markaðssókn og sölumál einstakra fyrirtækja. Þá má nefna margvíslega aðra aðstoð, t.d. við skjalagerð, lögfræðiþjónustu, útgáfu kynningarrita o.fl. Eiginleg sala getur hins vegar aldrei verið hlutverk stofnunar sem þessarar. Hún hlýtur áfram að vera verkefni einstakra fyrirtækja eða sölusamtaka þeirra.

Gert er ráð fyrir því að eftirtaldir aðilar verði stofnaðilar Útflutningsráðs: ASÍ, Arnarflug, Eimskip, Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Félag íslenskra iðnrekenda, Félag íslenskra stórkaupmanna, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Ferðamálaráð, Flugleiðir, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Háskóli Íslands, iðnaðarráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband íslenskra útgerðarmanna, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra viðskiptabanka, Samband íslenskra auglýsingastofa, SH, SÍF, Síldarútvegsnefnd, SÍS, Skreiðarsamlagið, Sölustofnun lagmetis, sjávarútvegsráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Verktakasamband Íslands, Verslunarráð Íslands, viðskiptaráðuneytið og VSÍ.

Miklu skiptir að tryggja fjármögnun þeirrar starfsemi sem hér er fjallað um. Í frumvarpinu er lagt til að grunnkostnaður Útflutningsráðs verði aðallega greiddur með framlagi þeirra atvinnugreina, sem einkum eiga hlut að máli, og með framlagi ríkisins á fjárlögum hvert ár. Jafnframt er lögð áhersla á að vinna við tiltekin verkefni fyrir einstök fyrirtæki umfram ákveðið mark verði greidd af viðkomandi fyrirtækjum. Samkvæmt lögum um Iðnlánasjóð renna 2/7 hlutar iðnlánasjóðsgjalds til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og er áætlað að á árinu 1986 verði það um 21 milljón króna. Gert er ráð fyrir að þetta framlag renni áfram til starfsemi Útflutningsráðs. Til viðbótar er síðan gert ráð fyrir að ráðið fái tekjur af útfluttum sjávarafurðum sem nemi 0,15% af gjaldstofni útflutningsgjalds af sjávarafurðum. Á árinu 1986 gæti þetta numið 35 milljónum króna á núverandi gengi. Til viðbótar kæmi ríkisframlag. Þessum tekjum er ætlað að standa undir fastri starfsemi skrifstofu ráðsins og einnig undir a.m.k. 4 viðskiptafulltrúum erlendis. Hér verður að hafa í huga að öll starfsemi á sviði útflutnings kostar mun meira fé en starfsemi á heimavelli.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarpsins er skilgreint á almennan hátt hið tvíþætta hlutverk Útflutningsráðs að vinna að sameiginlegri stefnumótun allra aðila í málum er lúta að eflingu útflutnings og að veita útflytjendum tiltekna þjónustu. Stefnumótunin tekur til þeirra þátta þar sem um er að ræða sameiginlegar aðgerðir hins opinbera, fyrirtækja og/eða samtaka. Hún tekur einnig til menntunar og starfsþjálfunar á þessu sviði og til aðgerða sem til þess eru fallnar að auka skilning á gildi útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Útflutningsráðið er stjórnvöldum einnig til ráðuneytis að því er varðar alþjóðaviðskiptamál.

Af þjónustu við útflytjendur má m.a. nefna:

a. Að skipuleggja alhliða landkynningu erlendis.
b. Að skipuleggja sameiginlega þátttöku fyrirtækja í sýningum erlendis.
c. Að gera markaðsathuganir fyrir heilar greinar eða einstök fyrirtæki.
d. Að safna skipulega og miðla upplýsingum um erlenda markaði og framleiðslunýjungar sem erindi eiga til íslenskra fyrirtækja.
e. Að veita erlendum aðilum upplýsingar um íslenskar vörur og þjónustu og hafa milligöngu um stofnun viðskiptasambanda.
f. Að skipuleggja sameiginlega útflutningsstarfsemi fyrirtækja og greiða fyrir samvinnu þeirra á milli.
g. Að leiðbeina fyrirtækjum í hvívetna um útflutning og aðgerðir á erlendum markaði.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að Útflutningsráð sé opið öllum þeim aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða vinna að gjaldeyrisöflun á annan hátt. Í ráðinu verði einnig samtök þeirra atvinnugreina sem tengjast útflutningi á einn eða annan hátt, fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og af hálfu ríkisins fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, sjávarútvegsráðuneytis, samgönguráðuneytis og menntamálaráðuneytis.

Miðað er við að ráðið sjálft komi til fundar að jafnaði tvisvar á ári. Á þeim fundum verði einkum fjallað um stefnumótun í útflutningsmálum og í starfsemi Útflutningsráðs og gerð grein fyrir framvindu einstakra verkefna og fyrirætlunum um starfsemina næstu missirin. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar fundi Útflutningsráðs og stýrir þeim.

Um 4. gr.

Stjórn ráðsins skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs. Á fundum ráðsins geta komið fram ábendingar og hugmyndir um verkefni en stjórnin tekur endanlega ákvörðun um hvaða verkefni er ráðist í. Með þessum hætti er best tryggt að einstakir þættir starfsins og einstök verkefni falli sem best saman í einn farveg. Stjórnin gerir starfsáætlun til eins árs í senn sem hún kynnir á fundum ráðsins.

Eins og sagði í almennum athugasemdum verður starfsemi Útflutningsráðs að verulegu leyti fjármögnuð með hluta af iðnlánasjóðsgjaldi, gjaldi á útfluttar sjávarafurðir og ríkisframlagi. Af þessum sökum er eðlilegt að stærstu aðilar í þessum greinum eigi fulltrúa í stjórn auk fulltrúa ríkisins. Í stjórninni verða einn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einn frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga, einn frá Flugleiðum, einn frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, einn frá Félagi íslenskra iðnrekenda, einn frá viðskiptaráðuneyti og einn frá utanríkisráðuneyti. Auk þess verði einn stjórnarmaður skipaður sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir.

Gert er ráð fyrir að stjórnin sé skipuð til tveggja ára í senn enda æskilegt að tiltölulega örar breytingar geti orðið í stjórn stofnunar sem þessarar. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum en gert er ráð fyrir því að formaður hennar sé jafnan úr hópi fulltrúa atvinnulífsins.

Um 5. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsemi skrifstofu ráðsins og ráðningu starfsfólks. Einnig er hér ákvæði um að stjórnin ákveði gjaldskrá fyrir veitta þjónustu þar sem miðað sé við að útseld þjónusta standi undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra fyrirtækja, a.m.k. ef þessi þjónusta fer umfram ákveðið mark.

Um 6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

a) 0,15% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og verði þetta gjald innheimt á sama hátt og útflutningsgjald skv. lögum nr. 52/1983. Verði þeim lögum breytt til samræmis við þetta.
b) 2/7 hlutar iðnlánasjóðsgjalds skv. lögum nr. 55/1984.
c) Árgjöld þeirra aðila sem ekki greiða iðnlánasjóðsgjald eða útflutningsgjald af sjávarafurðum. Stjórnin ákveður árgjöldin fyrir eitt ár í senn.
d) Framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að framlagið hækki í takt við almennar verðbreytingar fjárlaga.
e) Þóknun fyrir veitta þjónustu skv. 5. gr.
f) Aðrar tekjur. Hér geta t.d. komið til framlög sjóða til einstakra verkefna eða aðrar tekjur.

Um 7. gr.

Mikilvægur þáttur í starfsemi Útflutningsráðs verður á vegum fastra starfsmanna á erlendum vettvangi og með ferðalögum að heiman um markaðssvæði. Aðeins með þeim hætti er hægt að skapa þau tengsl við markaðinn sem eru nauðsynleg forsenda árangurs. Í sendiráðum hafa starfað viðskiptafulltrúar undanfarin ár og er eins og stendur einn við sendiráðið í London. Þá eru starfandi tveir viðskiptafulltrúar á vegum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, annar í New York og hinn í Færeyjum. Gert er ráð fyrir að viðskiptafulltrúarnir verði starfsmenn Útflutningsráðs við gildistöku laga þessara enda hafi stjórnin samþykkt þá tilhögun. Um viðskiptafulltrúa, sem aðstöðu hafa við sendiráð Íslands og ræðisskrifstofur, skal semja við utanríkisráðuneytið.

Um 8. gr.

Ákvæði laganna eru tiltölulega almenn og einföld enda ekki ástæða til að hafa ákvæði í lögum um hlutverk eða verkefni Útflutningsráðs mjög ítarleg. Starfsemi slíkrar stofnunar hlýtur jafnan að mótast smám saman með aukinni reynslu og áherslur breytast frá einu ári til annars. Ef þurfa þykir má setja nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð sem viðskiptaráðherra setur.

Um 9. gr.

Eins og sagði í almennum athugasemdum við frumvarpið er þess gætt að starfsemi Útflutningsráðs byggist sem mest á því starfi sem þegar fer fram á þessu sama sviði. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur um margt haft svipað hlutverk og Útflutningsráði er ætlað í þessum lögum. Þótt starfsemi Útflutningsmiðstöðvarinnar sé samkvæmt lögum einskorðuð við iðnaðinn, annan en fiskiðnað, þá hefur verulegur hluti starfsemi hennar verið það sem kalla mætti almenna eflingu útflutningsstarfsemi. Lætur nærri að yfir 40% af starfi Útflutningsmiðstöðvarinnar komi allri útflutningsstarfsemi til góða með einum eða öðrum hætti. Önnur verkefni Útflutningsmiðstöðvarinnar eru einnig flest með þeim hætti að þau falla inn í hlutverk Útflutningsráðs. Því er hér gert ráð fyrir að lög um Útflutningsmið-

stöð iðnaðarins falli úr gildi við gildistöku laga þessara og Útflutningsráð taki við starfsemi hennar. Ákvarðanir um þetta í einstökum atriðum yrðu teknar af framkvæmdastjórn Útflutningsráðs. Gert er ráð fyrir að núverandi starfsfólki Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins verði sagt upp störfum við þessa breytingu en framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Útflutningsráðs ráði síðan starfsfólk ráðsins.

Um 10. gr.

Stofnun Útflutningsráðs þarf að eiga sér nokkurn aðdraganda eftir setningu þessara laga. Því er gert ráð fyrir að þau taki gildi 1. júní 1986.

Ed. 493. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum nr. 7 frá 1 febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá, þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila er á var hallað með honum. Sama gildir þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsl. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

2. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefir orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann, ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað.

Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans, og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd, sem hann kemur fram í, og það enda þótt móttakandi sé grandlaus. Sama gildir sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

Eigi sendandi sök á mistökunum skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón sem hann hefir orðið fyrir af þeim. Nú fær sendandi vitneskju um mistökin, og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því, ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var er hann kom til móttakanda, nema því aðeins að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Löggerning, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru, þegar löggerningurinn kom til vitundar hans, og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

4. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda og hefur sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum, og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni, að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.

5. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð er skuldari samt sem áður laus mála, ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.

6. gr.

36. gr. laganna orðist svo:

Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat á því, hvort samningur er ósanngjarn, skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

7. gr.

37. gr. laganna orðist svo:

Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því, hverju það varðar rétthafann að þessi skuldbinding sé haldin.

Hafi starfsmaður við verslun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu sem getur um í 1. málsgr. gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið, þá er sú skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

8. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Nú hefir maður afhent tilkynningu samkvæmt 4., 6., 9., 19., 28. og 32. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki, sem gilt þykir að nota, og kemur það þá eigi honum að sök þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

a) 7. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl.
b) 34. gr. laga nr. 20 frá 8. mars 1954 um vátryggingasamninga.
c) 29. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.
d) 11. gr. laga nr. 44 frá 1. júní 1979 um húsaleigusamninga.
e) 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75 frá 14. nóv. 1917 um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfum, dags. 18. júlí 1985, var Viðari Má Matthíassyni, héraðsdómslögmanni, og Þorgeiri Örlygssyni, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, falið af viðskiptaráðherra að semja frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Skiluðu þeir fullbúnu frumvarpi til ráðuneytisins í októbermánuði 1985 og var það sent Dómarafélagi Íslands til umsagnar. Hinn 22. janúar 1986 barst ráðuneytinu umsögn Dómarafélagsins og kom þar fram að stjórn þess hafði rætt frumvarpið á fundum sínum og orðið ásátt um að mæla með því að það yrði lagt fram óbreytt. Jafnframt hefur verið haft samráð við félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið um niðurfellingu ógildingarákvæða fernra sérlaga, sbr. 9. gr. frumvarpsins, en framkvæmd þeirra laga á undir verksvið þessara ráðuneyta.

Frumvarpinu fylgdi ítarleg greinargerð og fer hún hér á eftir. Auk þess taldi ráðuneytið það hafa nokkurt gildi að birta með frumvarpinu skrá yfir alla hæstaréttardóma árin 1920–1984 sem varða ógildingu samninga og fylgir sú skrá frumvarpinu sem fylgiskjal.

1. ÞÁTTUR. ALMENNAR ATHUGASEMDIR.

I. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, er tillaga um lögfestingu nýs ákvæðis, almenns ógildingarákvæðis, í III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Ákvæði þetta mun, ef að lögum verður, veita íslenskum dómstólum víðtækari heimildir til ógildingar eða leiðréttingar ósanngjarnra samninga heldur en gildandi réttarreglur heimila. Meginbreytingin frá gildandi rétti felst í því, að hin nýja regla mun taka til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar og almennt veita heimild til þess að taka tillit til aðstæðna, sem ekki voru fyrir hendi við samningsgerð, ef talið yrði að ógilda eða leiðrétta þyrfti slíka samninga samkvæmt reglunni.

Samhliða tillögu um lögleiðingu hins nýja ógildingarákvæðis er með frumvarpi þessu lagt til að nokkrar aðrar breytingar verði gerðar á III. kafla laga nr. 7/1936. Í **fyrsta lagi** er lagt til að 35. og 36. gr. núgildandi samningalaga verði felldar úr gildi, enda verða þær greinar óþarfar eftir lögleiðingu hins nýja ákvæðis. Í **öðru lagi** er lagt til að efni 7. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. verði flutt í III. kafla samningalaganna. Í **þriðja lagi** er lagt til að gerðar verði breytingar á 37. gr. núgildandi samningalaga og efni hennar og orðalag þannig samræmt hinu nýja ógildingarákvæði.

Vegna þeirra breytinga, sem að framan er lýst, er óhjákvæmilegt að leggja til að númeraröð einstakra greina III. kafla samningalaganna breytist nokkuð. Númeraröð 28.—30. gr. breytist ekki. Hins vegar er lagt til að misneytingarákvæði, sem nú er í 7. gr. laga nr. 58/1960, verði flutt yfir í III. kafla samningalaganna og verði í 31. gr. þeirra. Þá er lagt til að 31. gr. núgildandi laga verði að 32. gr. og að 32. gr. verði að 33. gr. Einnig er lagt til að núgildandi ákvæði í 33. gr. um málamyndagerninga verði í 34. gr. og að ákvæði 34. gr. verði í 35. gr., en févítisákvæði í 35. gr., eins og fyrr segir, fellt úr gildi. Loks er lagt til að hinu nýja ógildingarákvæði verði skipað í 36. gr. samningalaganna, en 36. gr. núgildandi laga felld úr gildi. Ef tillögur þessar um breytta númeraröð verða að lögum, verður númeraröð í III. kafla samningalaganna hin sama og í skandinavísku samningalögunum aftur að 37. gr.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að numin verði úr gildi ógildingarákvæði einstakra sérlaga, þ. e. a. s. ógildingarákvæði 34. gr. vátryggingasamningalaga nr. 20/1954, ákvæði 29. gr. höfundalaga nr. 73/1972, ákvæði 11. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga og ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl. Á hinn bóginn kann að koma til þess að lögð verði fram á Alþingi

frumvörp þar sem þessum sérlagaákvæðum verður breytt á þann veg að þau vísi einungis til 6. gr. frumvarps þessa sem ráðgert er að verði 36. gr. samningalaga. Gæti þá reynst nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á ákvæðum 9. gr. frumvarpsins í meðförum þess á Alþingi.

II. Réttarþróun í Skandinavíu.

Almennri lagaheimild til þess að víkja til hliðar ósanngjörnum samningum var lengi vel ekki til að dreifa í skandinavískum rétti. Hin norrænu samningalög frá fyrstu áratugum þessarar aldar höfðu ekki slík ákvæði að geyma. Á þessu hefur nú orðið breyting í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og hafa á síðustu árum verið gerðar umtalsverðar breytingar á löggjöf í þessum löndum í þá veru að styrkja réttarstöðu neytenda og annarra, sem telja má að hafi lakari aðstöðu við gerð samninga. Hafa í þessu skyni verið lögteknar reglur bæði á sviði einkaréttar og opinbers réttar. Danir urðu fyrstir til að lögleiða almenna ógildingarreglu, en 1. júlí 1975 tóku gildi í Danmörku lög um breytingu á samningalögunum. Var 36. gr. dönsku samningalaganna breytt á þá lund, að hún geymir nú almenna heimild fyrir dómstóla til þess að ógilda ósanngjarna samninga. Sams konar breyting var gerð á sænsku samningalögunum 1. júlí 1976. Fól sú breyting það í sér, að 36. gr. samningalaganna sænsku, sem jafngilti 35. gr. íslensku samningalaganna eins og hún er nú, var felld úr gildi, en í staðinn lögfest almennt ógildingarákvæði. Hinn 18. mars 1983 var 36. gr. norsku samningalaganna breytt á sömu lund og hefur sú grein nú að geyma almennt ógildingarákvæði. Í Finnlandi tóku gildi 1. september 1978 lög um neytendavernd og hafa þau lög að geyma ógildingarákvæði, sem þó hefur til muna þrengra gildissvið heldur en framangreind ógildingarákvæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Gildir ákvæðið eingöngu í lögskiptum þar sem annar aðilinn er neytandi.

Breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru að langmestu leyti efnislega og formlega sömu breytingar og gerðar voru á III. kafla samningalaganna í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Markmið breytinganna í löndum þessum var það að veita dómstólum víðtækari heimildir til ógildingar ósanngjarnra samninga heldur en gildandi réttur heimilaði. Markmið þessa frumvarps er hið sama. Miðar frumvarpið þannig að því að samræma íslenska löggjöf að þessu leyti löggjöf og réttarþróun í ofangreindum löndum.

Það verður að teljast æskilegt vegna mikilla tengsla Íslendinga við hinar skandinavísku þjóðir, bæði viðskiptalegra og menningarlegra, að íslensk samningsréttarlöggjöf sé í sem mestu samræmi við samningarétt þessara ríkja. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að íslensku samningalögin eru að stofni til sniðin eftir skandinavísku samningalögunum og þannig árangur samnorræns löggjafarsamstarfs, svo sem nánar er rakið í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 7/1936. Eru þetta sjálfstæð rök fyrir því að færa íslensku samningalögin nú til samræmis við hin skandinavísku samningalög eins og þeim nú hefur verið breytt og að framan er lýst.

III. Samningsfrelsið og takmarkanir þess.

Reglan um samningsfrelsið er ein af grundvallarreglum íslensks fjármunaréttar. Í reglunni felst m. a. frjálsræði um efni löggerninga að svo miklu leyti sem það stríðir ekki gegn ófrávíkjanlegum lagareglum og almennu velsæmi. Er ljóst að ákvæði laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga byggjast á meginreglu þessari, enda þótt það sé eigi berum orðum tekið fram í lögunum sjálfum. Eigi þýðingarminni í þessu sambandi er reglan um að gerða samninga beri að halda. Af reglum þessum leiðir að samningsaðili getur almennt séð ekki komið sér hjá því að efna samningsskyldur sínar, þó svo að þær megi telja ósanngjarnar í hans garð. Er þá haft í huga að samningur hafi verið gerður milli jafnsettra aðila.

Þrátt fyrir mikilvægi reglunnar um samningsfrelsið er eigi að síður ljóst að hætta getur verið á því að með slíkt samningsfrelsi sé misfarið. Á það einkum við þegar ekki er fullt jafnræði með samningsaðilum. Er víða í löggjöfinni reynt að hamla gegn slíkri misbeitingu og samningsfrelsi manna settar vissar skorður. Í III. kafla laga nr. 7/1936 eru talin upp sérstök tilvik er valdið geta ógildi löggernings. Þá gilda ófrávíkjanlegar lagareglur um vissar samningstegundir og má þar sem dæmi nefna ýmis ákvæði í lögum um vátryggingasamninga og húsaleigusamninga. Einnig má nefna frávíkjanlegar lagareglur um einstakar samningstegundir sem gilda ef aðilar hafa ekki á annan veg samið í lögskiptum sínum. Má hér sem dæmi nefna lögin um lausafjárkaup. Löggjafinn hefur einnig séð ástæðu til þess að lögfesta reglur um heimildir dómstóla til þess að víkja til hliðar bersýnilega/augljóslega ósanngjörnum samningum á ákveðnum réttarsviðum, sbr. ógildingarreglur höfundalaga, vátryggingasamningalaga, húsaleigusamningalaga og siglingalaga. Á sviði opinbers réttar gilda og reglur sem sama marki eru brenndar. Er þar helst að nefna ýmis ákvæði í lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur og réttaráhrif þeirra geta veitt heimild til ógildingar eða leiðréttingar samninga eða samningsákvæða vegna atvika sem áttu sér stað eftir samningsgerð.

Hafa íslenskir dómstólar beitt reglu þessari og má þar nefna dóma Hæstaréttar í IX. bindi bls. 565 og XXVI. bindi bls. 691.

Þá er þess að endingu að geta í þessu sambandi, að fræðiskoðanir og réttarframkvæmd hafa mótað ákveðnar reglur um túlkun löggerninga sem haft geta þýðingu í þá veru að hamla gegn misbeitingu samningsfrelsisins.

IV. Yfirlit.

Í III. kafla hér að framan var lauslega getið þeirra helstu réttarreglna sem veita dómstólum heimildir til þess að ógilda eða leiðrétta ósanngjarna samninga. Í þessum kafla (IV.) verða réttarreglur þessar flokkaðar eftir skyldleika og samstöðu. Tekið skal fram að flokkun þessi er engan veginn einhlít. Hún er eingöngu gerð í þeim tilgangi að auðvelda yfirsýn yfir gildandi réttarreglur.

Um flokkunina skal þetta tekið fram:

Með **sérstökum ógildingarreglum** er hér átt við lagareglur sem heimila ógildingu eða leiðréttingu samninga eða samningsákvæða vegna a) **sérstakra tilgreindra atvika,** sbr. ákvæðin í 28.—31. gr. og 33. gr. samningalaga nr. 7/1936, eða b) vegna **sérstaks efnis** eða **sérstakra ákvæða** í samningum, sbr. 35.—37. gr. samningalaganna. Reglur þessar eiga **almennt við um alla fjármunaréttarsamninga nema ákvæðið í 1. mgr. 167. gr. siglingalaga, nr.** 34/1985, sem er einskorðað við björgunarsamninga. Reglur samningalaganna sæta tímalegum takmörkunum skv. 38. gr. þeirra laga, þ. e. heimildin til ógildingar er bundin við það, að löggerningsmóttakandinn hafi haft vitneskju um atvikið þegar löggerningurinn kom til vitundar honum. Að því er varðar ákvæðið í 1. mgr. 167. gr. siglingalaganna er þess að geta, að málshöfðunarheimild skv. 4. mgr. 167. gr. er þrír mánuðir frá gerð samnings.

Með **ógildingarreglum almenns eðlis** er hér átt við lagareglur þar sem heimildin til ógildingar er ekki bundin við ákveðin tilgreind atvik sem löggerningsmóttakandanum var kunnugt um þegar löggerningur kom til vitundar honum. Litið er til þess, hvort samningurinn leiði til (bersýnilega) ósanngjarnrar niðurstöðu. Þá er það einkenni þeirra reglna, sem þennan flokk skipa, ef frá er talið ákvæðið í 32. gr. samningalaganna, að heimildina til ógildingar er að finna í sérlögum um viðkomandi samningstegund og hún er bundin við þá samningstegund eina.

Með **hliðrunarreglum einstakra laga** er átt við lagareglur sem varða sérstakar samningstegundir (ábúðarsamningar, lóðarleigusamningar, samningar um lausafjárkaup) og veita heimild til þess að leiðrétta eða breyta ósanngjörnu verð- eða endurgjaldsákvæði í slíkum samningum.

1.0. Sérstakar ógildingarreglur.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
1.1.	28. og 29. gr. l. nr. 7/1936, samningalaga.	Fjármunaréttarsamningar.	„.. eigi skuldbindandi .."	Nauðung.	Er löggerningur kom til vitundar móttakanda, 38. gr. smnl.
1.2.	30. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar.	„.. skuldbindur eigi þann mann .."	Svik.	Sjá 38. gr. smnl.
1.3.	31. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar.	„.. er ekki skuldbindandi fyrir þann, sem hann gerði .."	Misritun — mistök.	Sjá 38. gr. smnl.
1.4.	33. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar.	„Þeir skapa engan rétt milli aðiljanna sjálfra, eða ekki þann rétt, sem þeir hljóða um .." segir í athugasemdum með 33. gr. frv. til smnl.	Löggerningur gerður til málamynda.	Sjá 38. gr. smnl.
1.5.	7. gr. l. nr. 58/1960, okurlaga.	Fjármunaréttarsamningar.	„.. skal gerningur sá ógildur .."	Misneyting — Bersýnilegur mismunur hagsmuna og endurgjalds eða hagsmunir veittir án endurgjalds.	Sjá 38. gr. smnl.
1.6.	1. mgr. 167. gr. l. nr. 34/1985, siglingalaga.	Björgunarsamningar.	„.. að dómur ógildi samninginn eða breyti honum .."	Misneyting við gerð björgunarsamnings. Samningur gerður meðan hættan vofði yfir og undir áhrifum hennar — Skilmálar ósanngjarnir.	Aðstæður við gerð samnings. Málshöfðunarfrestur í 4. mgr. 167. gr. Þrír mánuðir frá því samningur var gerður.
1.7.	35. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar.	„.. þá má lækka það févíti .."	„.. bersýnilega ósanngjarnt .."	Sjá 38. gr. smnl.
1.8.	36. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar með ákvæði um missi endurheimtarréttar vegna riftunar. Fyrirgerð veðs eða annarrar tryggingar.	„.. heimild sé gefin til að breyta þeim .." segir í grg. með 36. gr.	„.. bersýnilega ósanngjarnt .."	Sjá 38. gr. smnl.
1.9.	37. gr. l. nr. 7/1936.	Samningsákvæði sem takmarkar atvinnufrelsi.	„.. þá er það loforð eigi bindandi .."	„.. skerðir óhæfilega atvinnufrelsi þess manns .."	Sjá 38. gr. smnl.

2.0. Ógildingarreglur almenns eðlis.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
2.1.	32. gr. l. nr. 7/1936.	Fjármunaréttarsamningar.	„... getur sá maður ... eigi borið fyrir sig .."	„... ef það yrði talið óheiðarlegt .."	Sjá 38. gr. smnl.
2.2.	34. gr. l. nr. 20/1954.	Vátryggingasamningar.	„... skal meta það ógilt .."	„... leiða til niðurstöðu sem augljóslega væri ósanngjörn. — Ógilding í samræmi við góðar venjur í vátryggingamálum."	Ekki bundin tímalegum takmörkunum.
2.3.	29. gr. l. nr. 73/1972.	Höfundasamningar.	„... meta ógildan í heild eða í einstökum atriðum .."	„... leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn .. og brýtur mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum."	Ekki bundin tímalegum takmörkunum.
2.4.	11. gr. l. nr. 44/1979.	Húsaleigusamningar.	„Ákvæði .. má meta ógild .."	„... leiða til niðurstöðu sem væri bersýnilega ósanngjörn. .. brýtur í bága við góðar venjur í húsaleigumálum .."	Ekki bundin tímalegum takmörkunum.
2.5.	2. mgr. 167. gr. l. nr. 34/1985.	Samningar um björgunarlaun.	„... að ógilda björgunarsamning eða breyta honum .."	ávallt þá er telja verður að umsamin björgunarlaun séu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá, sem veitt var.	Málshöfðunarfrestur í 4. mgr. 167. gr. Þrír mánuðir frá því samningur var gerður.

3.0. Hliðrunarreglur einstakra laga.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
3.1.	31. gr. l. nr. 36/1961, ábúðarlaga. Úr gildi fallin.	Ábúðarsamningar.	„.. krafist endur-skoðunar ..“	„.. óviðunandi saman-borið við leigumála á líkum jörðum ..“	Ekki bundin tímalegum takmörkunum.
3.2.	2. mgr. 2. gr. l. nr. 75/1917 um útmælingar verslunarlóða.	Leigusamningar um verslunar- og útvegslóðir.	„.. krefjast mats á lóðarleigu af nýju á hverjum 10 ára fresti ..“	„.. þykir sanngjarnt að ársleigu megi meta á ný .. þar sem verð á lóðum getur verið háð miklum breytingum ..“ segir í grg.	Ekki bundin tímalegum takmörkunum.
3.3.	5. gr. l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup.	Almenn kaup.	Heimild til lækkunar.	Kaupverð það, sem seljandi heimtar, ósanngjarnt.	
3.4.	6. gr. l. nr. 39/1922, um lausafjárkaup.	Verslunarkaup.	Heimild til lækkunar.	Reikningur bersýnilega ósanngjarn.	

4.0. Ákvæði á sviði sifjaréttar.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
4.1.	51. gr. l. nr. 60/1972.	Samningar hjóna um framfærslueyri.	„.. unnt að breyta.. samn. með dómi ..“	„.. sýnilega ósanngjarnt vegna breyttra aðstæðna ..“	Ekki bundin tímalegum takmörkunum. sbr. „.. vegna breyttra aðstæðna ..“
4.2.	54. gr. l. nr. 60/1972.	Fjárskipti, fram-færsluskylda — skilnaðarskilmálar.	„.. unnt að lýsa óskuldbindandi með dómi ..“	„.. bersýnilega ósann-gjarnt ..“	„.. á þeim tíma, sem til hans var stofnað ..“

5.0. Ákvæði opinbers réttar.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
5.1.	1. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1978, a-liður.	Samningar neytenda og viðskiptaaðila.		„Lög þessi hafa það markmið að .. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum .."	
5.2.	26. gr. l. nr. 56/1978.	Samningar neytenda og viðskiptaaðila.	Í 38. gr. segir að Verðlagsráði sé heimilað að banna athafnir sem það telur að brjóti í bága við m. a. 26. gr. Banni má framfylgja með févíti, sem taka má lögtaki.	„Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi eða er óhæfilegt gagnvart neytendum," segir í 26. gr.	

6.0. Aðrar heimildir.

	Lagaákvæði	Samningstegund	Réttaráhrif	Atvik sem veldur ógildingu eða heimilar breytingu	Tímamark til viðmiðunar
6.1.	Óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur.	*Samningar almennt.*			Ekki bundið tímalegum takmörkunum.
6.2.	Venjureglur um túlkun og fyllingu samninga.				
6.3.	**Lög nr. 32/1978, um hlutafélög.**				
6.3.1.	2. mgr. 19. gr.	Ákvæði í samþykktum um reikningsgrundvöll hluta.	„.. er það ógilt .."	„.. ef það leiðir til bersýnilega ósanngjarns verðs .."	
6.3.2.	1. mgr. 60. gr.	Ráðstafanir félagsstjórnar, framkvæmdastjóra og annarra, sem hafa heimild til að koma fram f. h. félagsins.	„.. mega ekki gera neinar ráðstafanir .."	„.. bersýnilega fallnar til þess að afla hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna .."	
6.3.3.	78. sbr. 79. gr.	Ákvörðun hluthafafundar.	„.. má ekki taka ákvörðun .."	„.. bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum.. ótilhlýðilegra hagsmuna .."	Málshöfðunarfrestur í 79. gr.

V. Takmarkanir gildandi réttar.

Af upptalningu þeirra lagaákvæða og heimilda í III. og IV. kafla hér að framan, sem með beinum eða óbeinum hætti geta spornað við misbeitingu samningsfrelsisins, er ljóst, að íslensk réttarskipan býr yfir ýmsum úrræðum í þeim efnum. Er því ekki óeðlilegt að sú spurning vakni, hvort íslenskur réttur búi ekki nú þegar yfir nægum heimildum til þess að ógilda ósanngjarna samningaskilmála, og þá jafnframt, hvort þörf sé setningar slíkrar almennrar ógildingarreglu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Skal nú að þessu atriði vikið.

Í fyrsta lagi má velta því fyrir sér, hvort ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 nægi ekki í þessum efnum. Þess er þá fyrst að geta, að III. kafli laga nr. 7/1936 ber yfirskriftina: „Um ógilda löggerninga". Í 28.—31. gr. þeirra laga eru þeir gerningar lýstir ógildir sem orðið hafa til fyrir nauðung, svik eða vegna misritunar eða annarra mistaka. Er hér um að ræða sérstakar ógildingarreglur er heimila ógildingu löggerninga vegna þeirra afmörkuðu tilvika sem þessar greinar nefna. Þá er það einkennandi fyrir þessi ákvæði, að atvik það, er ógildingu veldur, þarf að hafa verið til staðar við samningsgerð, og sú huglæga krafa gerð, að viðtakandi löggerningsins hafi vitað eða mátt vita um atvik það, sem gildi löggerningsins er komið undir, á þeirri stundu, sem löggerningur kom til vitundar honum.

32. gr. samningalaganna má að vissu marki kalla almenna ógildingarreglu, þ. e. henni er ætlað að veita dómstólum svigrúm til þess að ógilda löggerninga, enda þótt hinar sérstöku ógildingarreglur samningalaganna séu ekki fyrir hendi. Reglan er á hinn bóginn bundin sömu takmörkunum og fyrrnefndar reglur í 28.—31. gr. laganna, þ. e. a. s. að atvik það, er ógildingu veldur, þarf að hafa verið fyrir hendi þegar löggerningur kom til vitundar móttakanda, og sú huglæga krafa jafnframt gerð, að ætla megi að móttakandinn hafi haft vitneskju um atvikið.

Auk framangreindra ákvæða í 28.—31. gr. og 32. gr. samningalaganna eru í III. kafla laganna ákvæði um heimildir til þess að breyta vissum samningum vegna efnis þeirra, ef niðurstaða samninganna yrði bersýnilega ósanngjörn í garð annars aðilans. Er hér átt við févítisákvæðið í 35. gr. og ákvæði 36. gr. er fjallar um samninga um takmarkanir á endurheimturétti vegna riftunar og um samninga um fyrirgerð veðs eða annarrar tryggingar ef skuldbinding er eigi efnd. Af sama toga er einnig ákvæði 37. gr. um heimildir dómstóla til þess að losa menn undan samningum er rýra óhæfilega atvinnufrelsi þeirra.

Eins og að framan er rakið eru ógildingarheimildir III. kafla samningalaganna ýmsum takmörkunum háðar. Lýsa þessar takmarkanir sér í því, að gerður er ákveðinn áskilnaður um huglæga afstöðu löggerningamóttakandans og almennt miðað við það tímamark, er löggerningur kom til vitundar móttakandans. Þá er heimildin til ógildingar eða leiðréttingar ýmist bundin við ákveðin tilvik (28.—31. gr.) eða þá ákveðið efni samninga (35.—37. gr.). Reglur III. kafla samningalaganna hafa því annað og þrengra gildissvið heldur en hinni nýju reglu er ætlað að hafa og svara ekki þeim þörfum sem henni er ætlað að svara.

Í **öðru lagi** kann sú spurning að vakna, hverja þýðingu ákvæði 7. gr. laga nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. hefur samanborið við hina nýju reglu. Ákvæði þetta er efnislega samhljóða 31. gr. skandinavísku samningalaganna og lýsir þá löggerninga ógilda er maður notar sér bágindi annars manns, fákunnáttu hans, einfeldni eða léttúð eða það að hann var honum háður til þess að áskilja sér óhæfilega góð samningskjör. Þó svo að ákvæði þetta skv. orðalagi sínu veiti heimild til þess að taka tillit til efnis löggernings er eigi að síður ljóst skv. forsögu þess, að það er takmarkað við það, að atvik það, er ógildingu veldur, hafi verið til staðar við gerð löggerningsins. Þá er ákvæðið takmarkað við það, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þeim, sem áskildir eru, og endurgjaldi því, er fyrir þá skal koma, eða þá hagsmunir þessir skulu veittir án endurgjalds. Ákvæði þetta veitir því ekki heimild til þess að taka tillit til aðstæðna eða atvika sem upp koma eftir gerð samnings. Gildissvið ákvæðisins er því takmarkaðra en gildissvið hinnar nýju reglu.

Í **þriðja lagi** kann þeirri spurningu að verða varpað fram, hvort ekki megi beita með lögjöfnun ógildingarreglum þeirra sérlaga, sem getið var í III. kafla hér að framan, og setning hinnar nýju reglu því óþörf fyrir þær sakir. Er hér átt við ógildingarreglur höfundalaga, vátryggingasamningalaga, húsaleigusamningalaga og siglingalaga. Af úrlausnum íslenskra dómstóla verður ekki séð að á þetta álitaefni hafi reynt hér á landi. Er því ekki fullyrðandi að íslenskir dómstólar mundu telja slíka lögjöfnun tæka. Í fræðiskoðunum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi var því hreyft, að slík lögjöfnun frá ákvæðum einstakra sérlaga væri tæk, og var þá einkum vísað til 8. gr. skuldabréfalaganna í því sambandi. Í Svíþjóð og Finnlandi má finna úrlausnir dómstóla þar sem ósanngjörnum samningsákvæðum var vikið til hliðar með heimild í lögjöfnun frá 8. gr. skuldabréfalaganna. Danskir og norskir dómstólar beittu hins vegar ekki slíkri lögjöfnun og danskir fræðimenn voru yfirleitt þeirrar skoðunar, að slík lögjöfnun væri ekki tæk.

Áður en leitað verður svara við þeirri spurningu, hvort unnt sé að lögjafna frá ákvæðum einstakra gildandi sérlaga, er rétt að geta ákvæða 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917. Samkvæmt 1. gr. laga þessara er hverjum þeim, sem heimilt er að lögum að versla hér á landi, rétt að fá sér útmældar óbyggðar lóðir í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum til verslunar. Sama rétt eiga sjávarútvegsmenn til að fá sér útmældar lóðir í kaupstöðum, kauptúnum og veiðistöðvum til útvegs. Er bæði þeim, er lóðirnar eiga, og öðrum, er takmörkuð réttindi hafa yfir þeim, skylt að láta af hendi nauðsynlegt land í þessu skyni. Skv. 1. mgr. 2. gr. skal dómkveðja tvo matsmenn er meta skulu lóðirnar til sölu eða til leigu. Í 2. mgr. 2. gr. segir síðan, að ef lóð er tekin til afnota aðeins, þá sé hvorum aðila rétt að krefjast mats á lóðarleigu af nýju á hverjum 10 ára fresti. Í athugasemdum með upphaflegu frumvarpi til laganna sagði, að sanngjarnt þætti að ársleigu eftir lóðirnar mætti meta á ný á nokkurra ára fresti þar sem verð á leigu á lóðum geti verið háð miklum breytingum. Af hinum tilvitnuðu orðum greinargerðarinnar má ráða að tilgangurinn með setningu ákvæðisins hafi verið sá að opna heimild til þess að leiðrétta verðákvæði í lóðarleigusamningum sem orðin voru ósanngjörn vegna verðlagsbreytinga. Hafa íslenskir dómstólar beitt ákvæðinu í þessum tilgangi og má þar nefna dóma Hæstaréttar í XI. bindi bls. 478, XXII. bindi bls. 293 og nú síðast dóm Hæstaréttar í LIV. bindi bls. 1179. Ákvæði þessu hefur og verið beitt fyrir lögjöfnun um leigusamninga um lóðir undir íbúðarhúsnæði, sbr. dóm Hæstaréttar í XXIX. bindi bls. 346 og dóm héraðsdóms í dómasafni Hæstaréttar LV. bindi bls. 49 (55). Þá má einnig benda á að dómstólar hafa gripið til óskráðra réttarreglna um brostnar forsendur til þess að leiðrétta verðákvæði í lóðarleigusamningum sem rýrnað höfðu vegna röskunar á verðgildi peninga, sbr. dóma Hæstaréttar í IX. bindi bls. 565 og XXVI. bindi bls. 691.

Hér er einnig rétt að geta ákvæða 36. gr. eldri ábúðarlaga, nr. 87/1933. Þar sagði, að yrði breyting á verðlagi eða aðstaða til búskapar á jörð breyttist gæti hvor aðili ábúðarsamnings krafist þess, að úttektarmenn endurskoði leigumála jarðar og meti endurgjald eftir jörð með hliðsjón af eldri leigumála og breytingum þeim sem orðið hafa síðan hann var gerður.

Sams konar ákvæði var einnig í ábúðarlögum nr. 8/1951 og nr. 36/1961, en er ekki í núgildandi ábúðarlögum nr. 64/1976. Ákvæði 36. gr. laga nr. 87/1933 var í dómi Hæstaréttar í XXXI. bindi á bls. 447 beitt af meiri hluta Hæstaréttar til hækkunar jarðarafgjalds.

Það er að vísu rétt, að athugun einstakra sérlagaákvæða og dómsúrlausna veitir vissa vísbendingu um að það meginviðhorf ríki í íslenskum rétti, að samningar eða samningsskilmálar, sem augsýnilega leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu í garð annars aðilja, séu ógildanlegir eða að ákvæði þeirra megi leiðrétta. Eigi að síður ríkir óvissa um það, að hve miklu leyti ákvæðum þessum verður beitt fyrir lögjöfnun. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að sérlagaákvæði, er veita heimildir til ógildingar eða tilhliðrunar á ósanngjörnum samningsákvæðum, eru mun færri í íslenskum rétti en í skandinavískum rétti. Hér á landi eru t. d. ekki í gildi sérstök lög um skuldabréf, en eins og fyrr segir hefur lögjöfnun í

Skandinavíu einna helst þótt tæk frá ákvæðum skuldabréfalaganna. Þar við bætist að t. d. í greinargerð með 8. gr. skuldabréfalaganna norsku var beinlínis tekið fram, að ákvæðinu mætti beita með lögjöfnun í öðrum samningssamböndum. Loks er þess að geta varðandi hugsanlega lögjöfnun frá sérlagaákvæðunum, að í fræðiskoðunum og réttarframkvæmd hér á landi hefur almennt verið talið að gjalda beri varhug við beitingu lögjöfnunar frá sérlagaákvæðum.

Samkvæmt framansögðu er óhætt að fullyrða að hér á landi ríki mikil óvissa um heimildir dómstóla til þess að lögjafna frá ógildingarreglum einstakra sérlaga. Það orkar hins vegar ekki tvímælis, svo sem síðar verður rakið, að full þörf er á því að taka af öll tvímæli um tilvist almennrar ógildingarreglu í íslenskum rétti. Með því að leggja til í frumvarpi þessu, að hin nýja ógildingarregla í 6. gr. þess verði lögtekin, er allri óvissu í þeim efnum eytt.

Í **fjórða lagi** er þess getandi, að þó svo að óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur veiti dómstólum heimildir til þess að taka tillit til aðstæðna eða atvika, sem upp koma eftir gerð samnings, eru skilyrðin fyrir beitingu reglunnar afar ströng. Forsendan verður að hafa verið ákvörðunarástæða fyrir loforðsgjafa og það hugræna skilyrði jafnframt sett, að loforðsmóttakandinn hafi vitað eða mátt vita að loforðið var gefið af þessari ástæðu. Einnig er það skilyrði orðað, að hlutlægt séð sé sanngjarnara að leggja áhættuna af því að forsendan brestur fremur á loforðsmóttakandann en loforðsgjafann. Í III. kafla hér að framan voru nefndir dómar Hæstaréttar í IX. bindi bls. 565 og XXVI. bindi bls. 691 sem dæmi um úrlausnir þar sem reglunni hefur verið beitt. Að öðru leyti sýna íslenskar dómsúrlausnir að dómstólar hér á landi eru afar tregir til þess að beita reglunni og gera strangar kröfur til þess, að skilyrðum hennar sé fullnægt í hvívetna.

Í **fimmta lagi** skal þess getið, að í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 segir svo í a-lið 1. mgr. 1. gr., að það sé markmið laganna að vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum. Í 26. gr. laganna segir svo:

> „Í atvinnustarfsemi, sbr. 2. gr., er óheimilt að hafast nokkuð það að, sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti, sem tíðkaðir eru í slíkri starfsemi, eða er óhæfilegt gagnvart neytendum."

Í 38. gr. laganna, sbr. 3. gr. A laga 52/1982, er Verðlagsráði heimilað að banna athafnir sem það telur að brjóti í bága við m. a. 26. gr. laganna. Er tekið fram að banni megi framfylgja með févíti sem innheimta megi með lögtaki.

Reglur laga nr. 56/1978 eru opinbers réttar eðlis. Með þeim er tilteknum handhafa opinbers valds heimilað að banna viðskiptahætti sem t. d. teljast ósanngjarnir. Sá sem er brotlegur getur eftir atvikum bakað sér refsingu í samræmi við IX. kafla laganna.

Telja verður hæpið að einstaklingar eða fyrirtæki geti fengið samninga ógilta á grundvelli þessara laga þótt ósanngjarnir teldust. Það er hins vegar full ástæða til þess, að samræmi sé milli heimilda að einkarétti til að ógilda ósanngjarna samninga (viðskiptahætti) og þeirra heimilda sem Verðlagsráð hefur að opinberum rétti samkv. lögum nr. 56/1978. Eru þetta veigamikil rök fyrir því, að lögfesta beri reglu um ógildingu á ósanngjörnum samningum, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Í **sjötta lagi** er þess að geta, að frá setningu samningalaganna frá 1936 hafa verið sett ógildingarákvæði í sérlög er varða einstakar samningstegundir. Eru ákvæði þessi tíunduð hér að framan. Sérlagaákvæðunum er það sammerkt, að þau veita dómstólum víðtækari heimildir til þess að lýsa löggerninga á viðkomandi réttarsviðum óskuldbindandi heldur en reglur III. kafla samningalaganna heimila. Heimildir sérlagaákvæðanna eru víðtækari að því leyti, að þau sæta ekki sömu tímalegu takmörkunum og ákvæði III. kafla samningalaganna, og svo vegna hins, að orðalag þeirra, þ. e.: „bersýnilega/augljóslega ósanngjarnt", hefur verið talið víðtækara en áskilnaður 32. gr. samningalaganna um almennan heiðarleika í viðskiptum.

Setning sérlagaákvæða þessara sýnir að löggjafinn hefur óbeint viðurkennt að reglur III. kafla samningalaganna væru ekki fullnægjandi, a. m. k. ekki að því er þessar samningstegundir varðar. Má fyllilega á það sjónarmið fallast. Vegna þeirra takmarkana, sem ákvæði III. kafla samningalaganna sæta, sýnist eðlilegra að hafa þann löggjafarhátt á að lögfesta almennt ógildingarákvæði er taki til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar, en nema þá jafnframt úr gildi ákvæði einstakra sérlaga.

VI. Er þörf setningar almennrar ógildingarreglu í íslenskum fjármunarétti vegna viðskiptahátta hérlendis?

Hvatinn að breytingum á ógildingarreglum samningalaga í Danmörku, Noregi og Svíþjóð í þá veru, sem lagt er til í frumvarpi þessu, var ekki hvað síst sá að treysta betur réttarstöðu neytenda eða þeirra sem telja má að hafi lakari aðstöðu í samningssambandinu. Þessi rök hafa ekki sérstaklega verið til umræðu hér á landi.

Könnun staðlaðra samningsskilmála, sem tíðkaðir eru í viðskiptum hér á landi um kaup á ýmsum veigameiri neysluvörum, sýnir, að í þeim er oft og einatt að finna ákvæði sem telja verður ósanngjörn í garð kaupandans. Má hér sem dæmi nefna ákvæði í samningum með afborgunarkjörum, þar sem fram er tekið að séu afborganir eða víxlar ekki greiddir á réttum gjalddögum falli allt kaupverðið í gjalddaga og sé seljanda þá heimilt að taka hið selda aftur án þess að endurgreiða kaupanda nokkuð af kaupverðinu. Má ljóst vera að ákvæði sem þetta getur verið afar ósanngjarnt í garð kaupandans, sérstaklega ef verulegur hluti kaupverðsins hefur verið greiddur.

Í kaupsamningum eru mjög tíðkuð stöðluð samningsákvæði um ábyrgð seljenda. Einkenni þessara stöðluðu ábyrgðarákvæða (og ábyrgðarskírteina í vissum tilvikum) er það, að þau veita í fæstum tilvikum kaupandanum meiri rétt en hann nú þegar hefur samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Er í flestum tilvikum um að ræða mjög víðtækar undanþágur af hálfu seljanda á ábyrgð vegna galla. Ákvæði kaupalaganna eru frávíkjanleg og slíkar ábyrgðarundanþágur því heimilar. Þær geta hins vegar verið afar ósanngjarnar í garð kaupandans.

Vegna takmarkaðra ákvæða í íslenskri löggjöf um neytendavernd er ljóst að setning almenns ógildingarákvæðis á borð við það, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að lögfest verði, yrði mjög til þess að treysta réttarstöðu neytenda. Mundi lögfesting reglunnar veita dómstólum heimildir til þess að ógilda ósanngjörn ákvæði á borð við þau sem hér hafa verið nefnd. Þá verður og að ætla að reglan mundi hafa þau almennu varnaðaráhrif, að ósanngjörnum samningsákvæðum í garð neytenda fækkaði eða þau jafnvel hyrfu.

Að lokum er þess að geta, að frelsi til að semja um vexti og önnur lánskjör fer nú mjög vaxandi. Bankar og aðrar lánastofnanir hafa vegna lítilla innlána ekki getað fullnægt mikilli eftirspurn eftir útlánum. Það hefur því farið fram utan innlánsstofnana. Með vaxandi eftirspurn eftir lánsfé og auknu frelsi aðilja til þess að semja um vexti eða önnur lánskjör er ríkt ástæða til að hafa í lögum almennt ógildingarákvæði til þess að sporna gegn ósanngjörnum samningsskilmálum í þessum viðskiptum. Er hætt við að 32. gr. samningalaga og 7. gr. okurlaga, eins og þær eru nú, séu tæpast fullnægjandi vernd fyrir þá sem leita eftir láni við slíkar aðstæður, einkum vegna erfiðrar sönnunaraðstöðu. Þessar ástæður gera það brýnna en ella að lögfesta ógildingarreglur á borð við þá, sem hér er lagt til að lögtekin verði.

VII. Ókostir víðtækrar ógildingarreglu.

Gagnrýnendur ógildingarreglna þeirra, sem lögfestar hafa verið í samningalögum í Skandinavíu, hafa bent á að þær skerði um of samningsfrelsi það sem talið hefur verið einn af hornsteinum frjálsra viðskipta. Þetta er að hluta til rétt. Allar ógildingarreglur setja samningsfrelsinu takmörk. Þessi takmörk hafa alltaf verið talin óhjákvæmileg og nánast forsenda þess að hægt væri að viðurkenna grundvallarregluna um frelsi til samningsgerðar. Spyrja má hvort gengið yrði of langt með setningu þeirrar reglu sem hér er lagt til að lögfest verði. Telja verður að svo sé ekki. Þessi regla hefur sama megintilgang og aðrar ógildingarreglur, þ. e. **að sporna gegn misnotkun á samningsfrelsinu.** Það verður að telja eðlilegt, að réttarreglum sé hagað á þann veg að ekki sé hægt að knýja fram efndir á ósanngjörnum samningum.

Þá hefur verið bent á að svo almennt orðuð ógildingarregla, sem byggir á aðstæðum á því tímamarki þegar kemur að efndum á samningi, muni valda of mikilli óvissu. Er þá átt við það, að við samningsgerðina verði oft ekki séð fyrir hvort aðiljar verði síðar skyldir til að efna samninginn eða ekki. Þessari gagnrýni á hina nýju reglu hefur verið svarað með þeim rökum, að óvissan mundi minnka við lögleiðingu reglunnar. Er í því sambandi bent á að hinar óskráðu reglur um brostnar forsendur og réttaráhrif þeirra séu óljósari og valdi meiri óvissu í þessum efnum.

Undir þetta má taka. Að auki má vísa til þess, sem að framan er skýrt, að íslenskir dómstólar teljast nú þegar hafa rúmar heimildir til þess að byggja á sanngirnissjónarmiðum við túlkun samninga og ná þannig fram niðurstöðu sem í heild sinni er sanngjörn. Er því eðlilegt að lög séu að efni til þannig að byggja megi slíkar niðurstöður beinlínis á lagaákvæðunum sjálfum í stað þess að ná fram sömu niðurstöðu eftir langsóttum túlkunarleiðum.

Loks er þess að geta, að andmælendur hinnar nýju ógildingarreglu hafa haldið fram þeirri röksemd gegn lögleiðingu hennar, að hún sé til þess fallin að ýta undir vanefndir á samningum og muni leiða af sér aukinn málafjölda fyrir dómstólum. Því er til að svara, að **þrátt fyrir lögfestingu frumvarpsins yrði það vissulega enn þá grundvallarregla íslensks réttar,** að samninga beri að efna. Auk þess er til þess ætlast, að dómstólar beiti reglu þessari af mikilli varúð, eins og skýrt verður síðar í greinargerð þessari.

Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að ótvíræð þörf sé á lögfestingu þeirrar reglu, sem frumvarp þetta tekur til, og ýmis dæmi nefnd því til stuðnings. Að þeirri niðurstöðu fenginni verður að telja að það geti aldrei verið sjálfstæð rök gegn lögleiðingu reglunnar, að hún kunni að leiða til einhverrar aukningar málaferla. Slík aukning, ef af henni yrði, kæmi væntanlega einungis til fyrst eftir lögfestingu reglunnar, því að ætla verður að fljótlega fari að gæta þeirra almennu og sérstöku varnaðaráhrifa sem reglunni er ætlað að hafa.

VIII. Afstaða hins nýja ákvæðis gagnvart gildandi sérlagaákvæðum.

Í 9. gr. frumvarpsins er m. a. lagt til að eftirtalin lagaákvæði verði felld úr gildi:

1) 34. gr. laga nr. 20 frá 8. mars 1954 um vátryggingasamninga.
2) 29. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.
3) 11. gr. laga nr. 44 frá 1. júní 1979 um húsaleigusamninga.
4) 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75 frá 14. nóvember 1917 um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o. fl.

Hinu nýja ákvæði í 6. gr. frumvarpsins er ætlað að taka til allra samningstegunda á sviði fjármunaréttar. Er því engin þörf á því að vera samhliða hinu almenna ógildingarákvæði með ógildingarheimildir í einstaka sérlögum. Er í þessum efnum fylgt sömu stefnu og fylgt

var í Danmörku, Noregi og Svíþjóð við lögfestingu hinnar almennu ógildingarreglu í þeim löndum. Þá er og rétt að benda á að í ákvæðunum í vátryggingasamningalögunum, höfundalögunum og húsaleigusamningalögunum er notað orðalagið bersýnilega/augljóslega ósanngjarnt, en í 6. gr. frumvarps þessa eingöngu notað orðalagið ósanngjarnt. Orðalag 6. gr. frumvarpsins gengur því lengra en ofangreind sérlagaákvæði. Þykir því samræmisins vegna eðlilegast að fella sérlagaákvæðin úr gildi, þar sem þau ganga skemmra en almenna reglan í 6. gr.

Að því er 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75/1917 varðar er þess að geta, að það ákvæði er bundið þeim tímatakmörkunum, að einungis er heimilt að krefjast mats á lóðarleigu af nýju á 10 ára fresti. Endurskoðunarréttur samkv. því ákvæði er því þrengri en verða mun samkv. nýju reglunni þar sem hún er ekki bundin tímatakmörkunum. Þykir því eðlilegast að leggja til að ákvæði þetta verði fellt úr gildi. Af því mun leiða, að almenna reglan í 6. gr. frumvarpsins mun gilda um þess háttar lóðarleigusamninga sem um aðra fjármunaréttarsamninga.

Ekki þykir ástæða til þess að leggja til að breytingar verði gerðar á ógildingarheimildum hlutafélagalaga nr. 32/1978 vegna sérstöðu þeirra ákvæða samanborið við ógildingarheimildir annarra sérlaga. Sömu sögu er að segja af ógildingarheimildum í 167. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að 32. gr. gildandi samningalaga verði áfram í III. kafla laganna og með óbreyttu efni. Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður 32. gr. samningalaganna að 33. gr. Ýmis rök þykja liggja til þess að hafa þennan hátt á. Reglu 32. gr. er ætlað að gefa dómstólum svigrúm til þess að ógilda löggerninga, enda þótt hinar sérstöku ógildingarreglur laganna eigi ekki við. Ákvæði 32. gr. er því rýmra en ákvæði annarra ógildingarreglna samningalaganna. Regla 6. gr. frumvarps þessa er hins vegar víðtækari en regla 32. gr. Þrátt fyrir það þykir ekki rétt að leggja til að ákvæði 32. gr. verði fellt úr gildi ef af gildistöku þessa frumvarps verður, þar sem nokkur reynsla er komin á beitingu hennar hér á landi. Sömu stefnu að þessu leyti var fylgt í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og þykir með hliðsjón af forsögu laganna eðlilegt að taka mið af því.

IX. Almennt um beitingu reglu 6. gr. frumvarpsins.

Regla 6. gr. frumvarps þessa er í eðli sínu undantekningarregla. Hún stendur andspænis þeim meginreglum íslensks fjármunaréttar, sem áður er getið, um samningsfrelsið og skyldu manna til þess að efna gerða samninga. Þess vegna er sérstök ástæða til þess að undirstrika það, að til þess er ætlast, að dómstólar fari mjög varlega í beitingu reglunnar. Óhófleg beiting reglunnar væri mjög til þess fallin að skerða öryggi í viðskiptum og skapa réttaróvissu. Dómstólum er því fengið mikið vald í hendur þegar það er lagt á vald þeirra að meta það hverju sinni, hvort sanngjarnt sé að bera samning fyrir sig.

Það þykir engan veginn varhugavert að leggja svo mikið vald í hendur dómstólanna og er engin nýlunda í lagasetningu hér á landi. Þá er rétt að hafa það í huga, að eðli málsins samkvæmt er þetta óhjákvæmilegt. Tilvik þau og tilbrigði, sem á getur reynt varðandi beitingu reglunnar, eru svo margvísleg og ólík að aldrei verður hægt að sjá þau fyrir í upphafi.

2. ÞÁTTUR. ATHUGASEMDIR VIÐ 1.—5. GR. FRUMVARPSINS.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nú í 7. gr. laga 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Eðlilegt þykir að regla þessi sé í samningalögunum, svo sem reyndin er í samningalögum í Skandinavíu. Ekki er ástæða til þess að skýra ákvæðið efnislega hér.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er nú í 31. gr. samningalaganna og vísast um skýringar á því til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga.

Um 3. gr.

Ákvæði þetta er nú í 32. gr. samningalaganna og vísast um skýringar á því til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga.

Um 4. gr.

Ákvæði þetta er nú í 33. gr. samningalaganna og vísast um skýringar á því til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta er nú í 34. gr. samningalaganna og vísast um skýringar á því til athugasemda sem fylgdu frumvarpi til þeirra laga.

3. ÞÁTTUR. ATHUGASEMDIR VIÐ 6. GR. FRUMVARPSINS.

I. Um 1. málsgrein.

Ákvæði 1. mgr. er svohljóðandi:

„Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga."

1. Ógildingarregla — hliðrunarregla.

Ákvæði 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er efnislega og að því er orðalag varðar samhljóða 1. mgr. 36. gr. norsku samningalaganna, eftir að þeim var breytt með lögum nr. 4 frá 4. mars 1983. Sömu efnisatriði að þessu leyti er að mestu að finna í 1. mgr. 36. gr. sænsku samningalaganna eftir að þeim var breytt 1. júlí 1976, en þó er orðalag þess ákvæðis annað. Í 1. mgr. 36. gr. dönsku laganna eftir breytinguna á þeim 1. júlí 1975 er samhljóða regla, að því þó frátöldu, að hún er einungis ógildingarregla, en heimilar samkvæmt orðanna hljóðan ekki breytingar á ósanngjörnum samningum.

Hér er lagt til að farið verði að fordæmi Norðmanna og Svía og dómstólum einnig veitt heimild til að breyta ósanngjörnum samningsákvæðum. Ástæða þess, að sú leið er valin, er að íslenskir dómstólar hafa eins og rakið er að framan í einstökum tilvikum talið sér heimilt að breyta samningum, sbr. dóma Hæstaréttar X. bindi bls. 365. Ef heimild ákvæðisins tæki einungis til þess að víkja samningi til hliðar (ógilda hann) í heild eða að hluta er hætt við að litið yrði svo á að verið væri að þrengja heimildir sem dómstólar þegar hafa. Þess má svo geta hér, að höfundur greinargerðar með danska frumvarpinu leit svo á að beita mætti dönsku reglunni ekki einungis sem ógildingarreglu, heldur einnig til að breyta samningsákvæðum, þrátt fyrir orðalag ákvæðisins. Af hálfu danska dómsmálaráðuneytisins var ekki á það fallist að ganga svo langt í skýringu á ákvæðinu og talið að frekari reynsla þyrfti til að koma áður en slík heimild yrði lögfest. (Sjá um þetta Stig Jörgensen í Ufr. 1974 B, bls. 365.)

Hin nýja regla í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er í fyrsta lagi **ógildingarregla.** Skal nú að því vikið, hvað í því felst.

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er notað orðalagið **að víkja til hliðar** ósanngjörnum samningum í heild eða að hluta. Í flestum núgildandi sérlagaákvæðum, sem veita dómstólum heimildir til þess að lýsa samninga óskuldbindandi, er notað orðalagið **ógilding,** sbr. yfirlitið í IV. kafla hér að framan.

Almennt hefur verið við það miðað í norrænni lögfræði, að það loforð sé gilt, sem veitir móttakanda þess rétt til efnda samkvæmt aðalefni samnings (efndir in natura) eða til efndabóta. Ógilt er þá það loforð, sem hvorki veitir rétt til efnda in natura né til hinna svokölluðu efndabóta. Hið nýja ákvæði í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins veitir dómstólum m. a. heimild til þess að lýsa óskuldbindandi löggerninga sem í upphafi voru gildir og allt fram að ákveðnu tímamarki, er á annan aðiljann fór að halla vegna atvika sem upp komu eftir gerð samnings. Með hliðsjón af þessu þykir ekki alls kostar heppilegt að tala um heimild til **að ógilda** samninga. Er þess í stað lagt til í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins að notað verði orðalagið **„að víkja til hliðar“** ósanngjörnum samningum. Með því orðalagi er átt við að dómstólar hafi heimildir til:

a) að lýsa þá gerninga óskuldbindandi, sem frá upphafi voru ógildir vegna atvika sem til staðar voru við gerð samnings;
b) að lýsa þá gerninga óskuldbindandi, sem vegna efnisannmarka eru óskuldbindandi (ógildir) frá upphafi;
c) að lýsa óskuldbindandi gerninga, sem í upphafi voru gildir en verða óskuldbindandi **síðar** vegna sérstakra atvika sem upp komu eftir gerð samningsins.

Rétt er því að undirstrika að með þessu orðalagi er ekki verið að þrengja þær heimildir sem dómstólar hafa nú þegar samkvæmt einstökum sérlagaákvæðum, svo sem glöggt má sjá af upptalningunni í a-c hér að framan.

Þá er rétt að benda á að í 36. gr. dönsku samningalaganna er notað orðalagið „tilsidesættes“ og sama orðalagsnotkun er í 36. gr. norsku samningalaganna. Þar segir, að samningur „kan helt eller delvis settes til side“. Orðalagsnotkun í 1. mgr. 6. gr. frumvarps þessa er því í fullu samræmi við orðalagsnotkun í Danmörku og Noregi.

En reglan er ekki aðeins ógildingarregla heldur einnig **„hliðrunarregla“** (lempningsregel), þ. e. heimilar að efni samnings eða samningsákvæðis sé breytt í þá átt, að samningurinn verði í heild sinni ekki ósanngjarn.

Ef samningur/samningsákvæði er andstæður hinni nýju reglu í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins geta dómstólar helst beitt eftirtöldum úrræðum:

1. Samningurinn yrði metinn gildur í heild. Hinu ósanngjarna ákvæði yrði á hinn bóginn breytt (t. d. hækkað eða lækkað endurgjald) eða það fellt brott (t. d. ákvæði um ósanngjarna ábyrgðartakmörkun).
2. Samningurinn er bindandi sem slíkur, en ákvæði það, sem stríðir gegn reglunum, er fellt brott og öðrum ákvæðum breytt til þess að sanngjörn niðurstaða fáist.
3. Samningurinn er bindandi sem slíkur. Öðrum ákvæðum hans en því, sem stríðir helst gegn reglunni, er breytt þannig að í heild fari samningurinn ekki í bága við regluna og sanngjörn niðurstaða fæst.
4. Samningurinn er í heild sinni felldur úr gildi.

Algengust verður vafalaust notkun valkosta nr. 1 og 2, og í þeim tilvikum, sem valkostur 2 yrði notaður, kæmu frávíkjanlegar réttarreglur í stað þess eða þeirra ákvæða sem felld yrðu brott.

Af reglunni mun leiða að það má ekki aðeins slá því föstu í dómsniðurstöðu, að tiltekinn samningur eða samningsákvæði sé ósanngjarnt í því eina tilviki, sem dómurinn tekur til, eins og eðlilegast væri, heldur einnig að samningurinn eða samningsákvæðið sé almennt séð ósanngjarnt. Tilgangurinn með slíkri almennri yfirlýsingu í dómi er sá að skapa almenn varnaðaráhrif gegn notkun slíkra samninga eða samningsákvæða í viðskiptum, enda þótt úrlausn dómsins hafi aðeins bein áhrif á úrslit þess sakarefnis sem þar er til meðferðar. Lögð er áhersla á það hér, að dómstólar eiga að gæta hófs í að beita reglunni og þá einkum möguleikum nr. 3 og 4.

2. Mat á ósanngirni.

Til þess að samningur fari í bága við reglu 6. gr. frumvarpsins þarf að vera **ósanngjarnt eða andstætt góðri** viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Það er ekki hægt að gefa um það almennar reglur eða fyrirmæli, hvenær samningur telst ósanngjarn. Með þessari reglu er því dómstólum falið vald til þess að meta hverju sinni hvort samningur er ósanngjarn eða ekki. Það er ekki nýtt að dómstólum sé ætlað slíkt hlutverk. Nærtækt er að benda á að með 32. gr. núgildandi samningalaga er dómstólum ætlað að meta hvenær það sé óheiðarlegt að bera fyrir sig samning með hliðsjón af huglægri afstöðu loforðsmóttakanda er samningur komst á. Í athugasemd við þá grein segir m. a. svo:

„Vitanlega er með þessu mikið vald lagt í hendur dómstólanna, en hjá því verður ekki komist, enda má sama segja um margar ógildingarástæður aðrar, þar sem mikið er undir mat dómsins lagt."

Þetta gildir auðvitað einnig hér.

Í velflestum gildandi ógildingarheimildum íslensks réttar er það skilyrði sett fyrir ógildingu, að löggerningur leiði bersýnilega/augljóslega til ósanngjarnrar niðurstöðu, sbr. yfirlitið í IV. kafla hér að framan. Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er horfið frá þessari orðalagsnotkun og til samræmis við orðalagsnotkun í 36. gr. samningalaganna í Danmörku og Noregi er einvörðungu talað um að ósanngjarnt sé að bera samning fyrir sig. Hið nýja ákvæði er því samkvæmt orðanna hljóðan rýmra en gildandi reglur, þ. e. a. s. matið á því, hvað er ósanngjarnt, er ekki eins strangt. Af því leiðir svo aftur það, að heimildir dómstóla til að ógilda ósanngjarna samninga rýmkast með lögfestingu reglunnar.

Við beitingu reglunnar verða dómstólar að leggja til grundvallar almennt sanngirnismat, eins og þeir telja það vera á hverjum tíma. Sanngirnismatið, eins og heiðarleikamatið, getur breyst frá einum tíma til annars þannig að samningsákvæði, sem í dag er sanngjarnt, getur verið talið ósanngjarnt eftir 20 ár og öfugt.

Það hefur verið bent á að dómstólar gætu sótt leiðbeiningar við sanngirnismat sitt til efnis frávíkjanlegra réttarreglna, þar sem frávíkjanleg lög séu mælikvarði á afstöðu löggjafans til þess, hvað sé eðlilegt og sanngjarnt á því sviði sem þau taka til. Á þetta sjónarmið má að vissu marki fallast. Þó ber að hafa það í huga, að efni frávíkjanlegra réttarreglna verður þó aldrei nema til leiðbeiningar að þessu leyti. Lögin eru frávíkjanleg, sem þýðir að löggjafinn takmarkar ekki samningsfrelsi manna á hinu tiltekna sviði. Það getur því ekki verið ósanngjarnt í sjálfu sér að víkja frá ákvæðum laganna.

Í greinargerðum með norsku og sænsku reglunum svo og í fræðiritum, sem um þau ákvæði fjalla, eru rakin til leiðbeiningar þau tilvik sem ætla má að oftast komi til álita að beita reglunum um.

Rétt er að fjalla nokkuð um þessi helstu tilvik hér. Um tæmandi talningu verður þó eðli málsins samkvæmt aldrei að ræða. Þá ber og að hafa það í huga, að í vissum tilvikum og við ákveðnar aðstæður geta samningsákvæði, sem hér á eftir verða nefnd, átt rétt á sér og verið fyllilega eðlileg og sanngjörn. Á sanngirnismatið mun því reyna fyrir dómstólunum í hverju einstöku tilviki.

2.1. Samningar sem andstæðir eru ófrávíkjanlegum réttarreglum.

Sé samningur andstæður ófrávíkjanlegum réttarreglum, verður honum að sjálfsögðu vikið til hliðar með stoð í þeim reglum. Til þess þarf ekki aðrar ógildingarreglur. Þeirra getur hins vegar verið þörf þegar með samningum er verið að fara í kringum fyrirmæli ófrávíkjanlegra réttarreglna eða þegar vafi leikur á um það, hvort ógilda má samning með beitingu ófrávíkjanlegrar réttarreglu með lögjöfnun. Í slíkum vafatilvikum yrði reglu 6. gr. þessa frumvarps beitt ef skilyrði til þess að beita henni væru að öðru leyti uppfyllt.

2.2. Samningsákvæði sem veita öðrum samningsaðilja sjálfdæmi um þýðingarmikil atriði í samningssambandinu.

Um slík samningsákvæði mætti nefna allmörg dæmi og skulu hér nokkur tekin.

Fyrst má nefna samningsákvæði sem binda annan samningsaðilja við tilboð sitt í óeðlilega langan tíma eða án tímatakmarka á meðan hinn samningsaðilinn er óbundinn af því, hvort hann samþykkir eða hafnar tilboðinu. Hann getur þannig notfært sér vitneskju um breytingar á aðstæðum, eftir að tilboð er gefið, sem ráðið geta miklu um niðurstöðu samningsgerðarinnar. Sá aðili, sem bundinn er, getur hins vegar ekki á sama hátt breytt afstöðu sinni þrátt fyrir að forsendur tilboðsins séu e. t. v. gjörbreyttar.

Þá má nefna samningsákvæði sem veita öðrum samningsaðiljanum sjálfdæmi um það, hvaða atvik skuli valda því að greiðslur samkvæmt samningnum skuli hækka eða ekki.

Einnig má nefna samningsákvæði sem veita öðrum samningsaðiljanum sjálfdæmi um að ákvarða hvort atvik, sem hindrað geta efndir hans á samningnum, eiga að hafa svonefnd „force majeure" áhrif eða ekki.

Enn fremur samningsákvæði sem veita öðrum samningsaðiljanum sjálfdæmi um það, hvort vankantar á samningsandlaginu skuli teljast gallar (í lögfræðilegri merkingu) eða ekki.

Loks má nefna samningsákvæði sem veitir banka eða annarri lánastofnun sjálfdæmi um að ákveða hvort framlögð trygging eða veð sé fullnægjandi eða ekki.

2.3. Samningar þar sem vanefndaheimildir eru takmarkaðar eða auknar með þeim hætti, að ósanngjarnt verður að teljast.

Sem dæmi um slíka samninga, sem eru nokkuð algengir, má nefna:

Samningsákvæði sem kveða á um að vanefnd annars samningsaðilja leiði til þess, að hinn samningsaðilinn öðlast óeðlilega miklar vanefndaheimildir, t. d. í formi févítis eða annarra úrræða, sem eru ósanngjarnar í samanburði við þær vanefndir sem um er að ræða. Er nefnt dæmi um slíkt hér að framan þar sem fjallað er um staðlaða kaupsamninga með eignarréttarfyrirvara.

Samningsákvæði um undanþágu frá bótaábyrgð. Slík ákvæði eru mjög algeng í mörgum tegundum samninga, einkum í samningum um sölu á vöru eða þjónustu. Í **fyrsta lagi** er til í dæminu, að seljandi vöru undanþiggi sig með öllu ábyrgð á gæðum söluhlutarins. Í **öðru lagi** undanþiggur annar aðilinn sig oft bótaskyldu, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta. Dæmi þessa má finna í svonefndum ábyrgðarskírteinum sem fjallað er um hér að framan og notuð eru í viðskiptum hérlendis. Fræðimenn og dómstólar hafa verið sammála um það, að ef samningsaðili sá, sem hefur undanþegið sig bótaskyldu, eða einhver sem hann ber ábyrgð á, veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, þá geti sá hinn sami ekki borið slíkt ákvæði fyrir sig. Með stoð í hinni nýju reglu, sem hér er lagt til að lögfest verði, yrði mögulegt að víkja til hliðar eða breyta slíkum samningsákvæðum, ef það yrði talið ósanngjarnt að bera þau fyrir sig, jafnvel þótt tjóni væri einungis valdið af minni háttar gáleysi. Í **þriðja lagi** undanþiggur annar samningsaðilinn sig stundum ábyrgð á tjóni með því að takmarka í samningi þá bótafjárhæð sem til greina kemur að greiða vegna tjóns, t. d. bindur það við verðmæti söluhlutar eða hluta af verðmæti hans.

Samningsákvæði af því tagi, sem hér voru nefnd, geta átt rétt á sér, en í öðrum tilvikum geta þau hins vegar leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu. Niðurstaðan um það atriði yrði háð mati dómstóla hverju sinni.

2.4. Verðákvæði í samningum.

Beita má reglum frumvarpsins til að breyta verðákvæðum í samningi. Svo sem fyrr er rakið mundi með lögfestingu reglunnar vera náð samræmi milli einkaréttarlegra heimilda til að ógilda eða breyta ósanngjörnum samningsákvæðum og reglum opinbers réttar samkvæmt lögum nr. 56/1978, sem fyrr er fjallað um.

Oftast mundi vafalaust þörf á því að beita reglunni um óeðlilega hátt endurgjald í samningi. Rétt er þó að vekja athygli á því, að reglan er ekki einskorðuð við slíkt. Einnig mætti beita reglunni til þess að leiðrétta of lágt verð. Er þá líklegt að helst mundi reyna á ákvæðið varðandi endurgjald í samningum sem gerðir hafa verið til langs tíma og gera ekki ráð fyrir rétti til endurskoðunar. Eru hér höfð í huga t. d. þau tilvik þegar endurgjald í samningi hefur rýrnað vegna minnkandi verðgildis gjaldmiðils eða þegar aukinn kostnaður, t. d. hráefnis- eða vinnslukostnaðar, veldur því, að endurgjald verður svo lágt að ósanngjarnt má telja.

Mat á því, hvort verðákvæði er ósanngjarnt eða ekki, verður háð mati dómstóla hverju sinni. Í þessum efnum sem öðrum, er varða beitingu hinnar nýju reglu 6. gr. frumvarpsins, er til þess ætlast, að dómstólar gæti fyllstu varúðar.

2.5. Gerðardómsákvæði.

Hægt er að beita reglu 6. gr. frumvarpsins gegn ósanngjörnum gerðardómsákvæðum. Slík ákvæði geta t. d. verið ósanngjörn bæði að því er varðar fyrirmæli um skiptingu kostnaðar af starfi gerðardómsins og skipan gerðardómsmanna.

2.6. Ýmis dæmi.

Loks má nefna samninga eða samningsákvæði sem opna öðrum samningsaðiljanum leið til að tengja saman **óskylda** samninga eða gera þá að forsendu hvorn fyrir öðrum. Dæmi um þetta er þegar heimilt er að segja samningi A upp vegna vanefnda á samningi B.

Því fer fjarri að þeir samningar, sem um er getið hér, **þurfi** í öllum tilvikum að vera ósanngjarnir. Dómstólar munu sjálfsagt fara varlega í því að hreyfa við slíkum samningum.

3. „Andstætt góðri viðskiptavenju."

Ákvæði frumvarpsins heimilar einnig að samningur sé ógiltur eða honum breytt ef það væri andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Það er einnig hér lagt á vald dómstóla að meta hverju sinni, hvað sé góð viðskiptavenja. Það er ekki víst, að þetta atriði komi til með að hafa mikla sjálfstæða þýðingu, en eðlilegt þykir að leggja til að hafa það með. Þar er farið að dæmi Norðmanna og Dana, en þetta atriði er ekki í sænska ákvæðinu.

4. Aðrir löggerningar.

Lagt er til að reglunni megi einnig beita um aðra löggerninga en samninga. Löggerningar eru taldar þær viljayfirlýsingar sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt. Loforð er ein tegund löggerninga sem ætlað er að stofna rétt til handa loforðsmóttakanda. Samþykki hann loforðið er kominn á samningur. Samkvæmt þessu er reglum frumvarpsins ekki aðeins ætlað að taka til samþykktra loforða (samninga), heldur einnig t. d. til einhliða yfirlýsinga sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella niður rétt, t. d. gjafaloforða og ákvæða sem leggja skyldur á móttakanda þeirra.

II. Um 2. málsgrein.

Ákvæði 2. málsgreinar er svohljóðandi:

„Við mat á því, hvort samningur er ósanngjarn, skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til."

Ákvæði þetta er efnislega að mestu í samræmi við sambærileg ákvæði í hinum nýju ógildingarreglum í samningalögum í Skandinavíu.

Við mat á því, hvort það er ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera samninginn fyrir sig, verður því fyrst að líta til efnis viðkomandi samnings. Efnisatriði samnings hljóta að verða grundvallaratriði þegar meta skal hvort ósanngjarnt er að bera hann fyrir sig eða ekki. Um þetta efni má vísa til þess sem segir hér að framan.

Þá ber að líta til stöðu samningsaðiljanna. Þessi fyrirmæli eru í samræmi við upphaflegt markmið þessara reglna í skandinavískum rétti og að verulegu leyti einnig hérlendis, þ. e. að styrkja réttarstöðu neytenda og annarra sem ætla má að hafi lakari samningsaðstöðu. Þó er rétt að ítreka það, að gildissvið reglnanna er ekki takmarkað við slík tilvik.

Að því er atvik við samningsgerð varðar er þess að geta, að reglur 28.—32. gr. samningalaganna og regla 7. gr. laga nr. 58/1960 veita nú þegar heimildir til þess að ógilda samning ef tiltekin (eða ótiltekin, sbr. 32. gr.) atvik voru fyrir hendi, þegar loforðið var gefið, og loforðið var gefið vegna þeirra. Rétt er hins vegar að hafa það í huga, að aðstæður eru ekki alltaf eins augljósar eða ótvírætt sannaðar og hin tilvitnuðu lagaákvæði krefjast. Eigi að síður getur verið ósanngjarnt að bera slíkan samning fyrir sig. Það er einkum í slíkum tilvikum sem regla 6. gr. frumvarpsins gæti átt við að þessu leyti. Er í því sambandi rétt að hafa í huga að ofangreindar reglur í 28.—32. gr. samningalaganna eru ekki tæmandi um möguleika til þess að ógilda löggerninga, svo sem kemur fram í athugasemdum þeim er fylgdu frumvarpi til samningalaganna á sínum tíma.

Loks er tekið fram í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, að við mat á því, hvort talið verður ósanngjarnt að bera samning fyrir sig, skuli einnig taka tillit til atvika sem síðar komu til. Það er því ekki skilyrði fyrir beitingu reglunnar, að eitthvað hafi verið athugavert við það, hvernig samningurinn komst á, eða að það hefði verið ósanngjarnt að bera samninginn fyrir sig á því tímamarki sem hann var gerður. Aðstaðan getur því verið sú, að samningurinn sé gerður milli tveggja jafnsettra aðilja við fullkomlega eðlilegar aðstæður og efni hans sé við samningsgerðina sanngjarnt. Atvik, sem síðar koma til, geta þó leitt til þess, að talið yrði ósanngjarnt að bera hann fyrir sig. Í slíkum tilvikum yrði samkvæmt 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins mögulegt að víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta eða breyta efni hans. Að þessu leyti er reglan **mjög svo frábrugðin** reglum 28.—32. gr. smnl. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960, sem byggja á tímamarki því sem greinir í 38. gr. smnl.

Meginregla 38. gr. laga nr. 7/1936 um þýðingu hugrænnar afstöðu löggerningsmóttakanda við samningsgerð mun því ekki hafa ýkjamikla þýðingu ef af lögfestingu hinnar nýju reglu verður. Ástæða þess er sú, að matið á því, hvort samningur fer í bága við regluna eða ekki, verður ekki lengur einskorðað við það tímamark, er samningur var gerður, heldur fært fram til efndadags.

Með stoð í réttarreglum um brostnar forsendur hefur mátt víkja til hliðar samningum vegna atvika sem komu til eftir samningsgerð. Strangar kröfur hafa þó verið gerðar til þess, að slíkt væri heimilt, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Ljóst er að regla 6. gr. frumvarpsins mun taka til flestra þeirra tilvika sem samkvæmt gildandi rétti hafa verið felld undir reglur um brostnar forsendur. Um það, hvort nýja reglan kemur til með að byggja út réttarreglum um brostnar forsendur, skal ósagt látið. Eðlilegast er að dómstólar meti það, hvort áfram verður þörf að vitna til forsendureglna eða látið nægja að færa tilvik undir ákvæði hinnar nýju reglu.

III. Gildissvið reglunnar.

Verði ákvæði 6. gr. frumvarpsins að lögum hefur það sama gildissvið og aðrar reglur samningalaganna. Í stuttu máli má segja, að af 40. gr. samningalaga leiði að reglur laganna gildi um löggerninga á sviði fjármunaréttar. Reglurnar gilda því almennt ekki um löggerninga á sviði persónu-, erfða- og sifjaréttar né heldur í opinberum rétti. Að því er varðar samninga, sem gerðir eru af handhöfum opinbers valds, er það að segja, að þeir eru oft einkaréttarlegs eðlis og gilda þá reglur samningalaganna. Þetta á t. d. við ef seld er jörð, önnur fasteign eða lausafé.

Það er alkunna, að mörk fjármunaréttar og annarra réttarsviða eru ekki fyllilega skýr. Það hefur því ekki raunhæfa þýðingu að setja gildissviði nýju reglunnar of ákveðin mörk að þessu leyti. Benda má á það, að í greinargerð þeirri, sem fylgdi norska frumvarpinu til breytinga á samningalögunum, þegar hin nýja ógildingarregla var lögfest þar, var þess getið, að reglunni mætti beita með lögjöfnun á öðrum réttarsviðum. Ekki þykir varhugavert að hafa hér sama háttinn á, en dómstólar mundu meta það hverju sinni, hvort skilyrði lögjöfnunar væru fyrir hendi.

IV. Gildistaka — afturvirkni.

Það kann að valda nokkrum vafa, ef regla frumvarpsins verður lögfest, hvernig beita eigi henni á langtímasamninga, t. d. leigusamninga hvers konar, sem gerðir eru fyrir gildistöku þeirra. Enginn vafi er á því, að reglunni verður ekki beitt um samninga, sem eru að fullu efndir við gildistöku þeirra, og að reglunni verður að fullu beitt um samninga sem stofnað er til eftir gildistöku þeirra. Dómstólar verða að taka afstöðu til þess, hvort eða að hve miklu leyti þeir beita reglunum á samninga sem gerðir eru fyrir gildistöku þeirra en eru ekki að fullu efndir.

Hæpið er að nefna einhverjar leiðbeiningar í þeim efnum. Rétt er þó að hafa það í huga, að reglan heimilar dómstólum að taka tillit til aðstæðna, sem upp koma eftir gerð samnings, við mat á því, hvort sanngjarnt er að bera hann fyrir sig. Það sýnist því öldungis óeðlilegt að einskorða heimildina til þess að taka tillit til „atvika sem síðar komu til“ við þá samninga eina sem gerðir eru eftir gildistöku reglunnar. Væri þar um óeðlilega mismunun að ræða, einkanlega þegar þess er gætt, að setning hinnar nýju reglu skapar óhjákvæmilega óvissu um tilvist óskráðra réttarreglna um brostnar forsendur.

Rétt er einnig að benda á að í athugasemdum með norska frumvarpinu (NOU: 1979:32 bls. 49) er talið að beita megi reglunum um þessa samninga og að slíkt sé ekki andstætt 97. gr. norsku stjórnarskrárinnar um bann við afturvirkni laga. Á þessa skoðun er fallist í umsögn norska dómsmálaráðuneytisins um frumvarpið (Ot. prp. nr. 5 bls. 43).

4. ÞÁTTUR. ATHUGASEMDIR VIÐ 7.—10. GR. FRUMVARPSINS.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er samhljóða ákvæði 37. gr. sml., að því þó frátöldu, að orðalag þess er samræmt við orðalag 6. gr. frumvarpsins. Er það gert með þeim hætti, að í stað orðanna „að hún skerði óhæfilega“ í gildandi ákvæði eru sett orðin „að hún skerði með ósanngjörnum hætti“. Ekki er þörf annarra breytinga á ákvæðinu.

Um 8. gr.

Ákvæðið er samhljóða 39. gr. gildandi sml., að öðru leyti en því, að tilvísun í 31. gr. er breytt í 32. gr. til samræmis við þær breytingar sem af frumvarpi þessu leiðir.

Um 9. gr.

Ákvæði þetta þarfnast ekki skýringa umfram það, sem fram kemur í I. þætti hér að framan.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Við samningu frumvarpsins fékk viðskiptaráðuneytið Ásgeir Jónsson, laganema, til að taka saman skrá yfir íslenska dóma þar sem reynt hefur á ógildingu samninga og er að finna í dómasafni Hæstaréttar. Skráin nær yfir dóma árin 1920–1984:

Efnisyfirlit.

A. III. kafli samningalaga 7/1936 (sml.).
A. I. Dómar þar sem vitnað er í III. kafla sml. í heild sinni.
A. II. 29. gr. sml.
A. III. 30. gr. sml.
A. IV. 31. gr. sml.
A. V. 32. gr. sml.
A. VI. 35. gr. sml.
A. VII. 36. gr. sml.
A. VIII. 37. gr. sml.
B. Misneyting.
(B. I. Tilskipun 27. maí 1859 og lög 10/1890).
B. II. 7. gr. laga 73/1933.
B. III. 7. gr. laga 58/1960.
C. 232. gr. siglingalaga 56/1914,
202. gr. siglingalaga 66/1963 (sbr.
167. gr. siglingalaga 34/1985).
D. 34. gr. vátryggingasamningalaga 20/1954.
E. 29. gr. höfundalaga 73/1972.
F. 11. gr. húsaleigulaga 44/1979.
G. Ábúðarlög.
G. I. 36. gr. laga 87/1933.
G. II. 36. gr. laga 8/1951.
G. III. 36. gr. laga 36/1961.
H. 2. gr. 2. mgr. laga 75/1917.
I. Lög 39/1922 um lausafjárkaup (kpl.).
I. I. 5. gr. laga 39/1922.
I. II. 6. gr. laga 39/1922.
J. Lög 60/1972, hjúskaparlögin.
J. I. 51. gr. laga 60/1972.
J. II. 54. gr. laga 60/1972.
K. Brostnar forsendur.
L. Nokkrir dómar er varða rangar forsendur.

A. I. Dómar þar sem vitnað er í III. kafla sml. í heild sinni:

1. **Hrd. 1940, 478** (482). Lóðarleiga. Jón Finnsson o. fl. gegn Verslunarfél. Steingrímsfjarðar. Ekki dæmt á grundvelli III. kafla.
2. **Hrd. 1965, 169** (172, 189, 191). Sala á jörð. Vigfús Helgason gegn menntamálaráðherra, fjármálaráðherra, sýslumanni Skagafjarðarsýslu, formanni Varmahlíðarfélagsins og skólanefnd héraðsskólans í Varmahlíð og til réttargæslu Páli Sigurðssyni o. fl. III. kafli sml. ekki talinn eiga við.
3. **Hrd. 1972, 100** (109). Skylda til greiðslu skipulagsgjalds. Ragnar Björnsson o. fl. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Í héraði var III. k. ekki talinn eiga við, frávísun í H.R.

4. **Hrd. 1975, 283** (290, 301). Eignaskiptasamningur. Hjónaskilnaður. Messíana Tómasdóttir gegn Ólafi Gíslasyni. Hafnað að III. k. sml. eigi við.
5. **Hrd. 1981, 910** (928). Lóðarleigusamningur. M. Bernharðsson skipasmíðastöð hf. gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Hafnað í héraði, ekki til álita í H.R. Sératkvæði.
6. **Hrd. 1981, 928** (939). Lóðarleigusamningur. Niðursuðuverksmiðjan hf. gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Hafnað í héraði, ekki til álita í H.R.
7. **Hrd. 1982 1921.** Sala á frímerkjum. Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran gegn Haraldi Sæmundssyni og Finni Kolbeinssyni. III. kafli ekki talinn eiga við. Sératkvæði.

A. II. 29. gr. sml.:

1. **Hrd. 1965, 169** (191). Sala á jörð. Aðilar: Sjá A. I. 2. Ekki talið að stefnandi hafi við samningsgerð verið beittur **þvingunum, nauðung** eða **fortölum,** þannig að valdi ógildi samnings.
2. **Hrd. 1972, 1013** (1019). Gildi skuldayfirlýsingar. North Starlight Export Corporation gegn Ásgeiri H. Magnússyni. Frávísun í héraði og H.R.
3. **Hrd. 1977, 766** (777). Kaupsamningur. Fasteign. Helgi Pétursson gegn Sigurði Jónssyni. Því hafnað að 29. gr. ætti við.
4. **Hrd. 1981, 1398.** Gildi veðskuldabréfs. Olíuverslun Íslands hf. og Skúli Pálsson gegn Braga Jónssyni o. fl. Hafnað að 29. gr. ætti við. Sératkvæði.
5. **Hrd. 1984, 325** (327). Verklaun. Læknaþjónustan sf. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs. Í sératkvæði í H.R. segir að stefnda hafi ekki „tekist að sanna nein þau atvik eða aðstæður, sem geri verkbeiðnir þessar marklausar". Ekki er beint vitnað til 28. eða 29. gr. sml., en þetta orðalag kynni að benda til þess að dómarinn hafi haft þær í huga.

A. III. 30. gr. sml.:

1. **Hdr. 1932, 828.** Bátaviðskipti. Friðrik K. Magnússon gegn Böðvari Jónssyni. Sýkna í H.R., dæmt í héraði.
2. **Hrd. 1947, 293.** Úteyjardómur. Gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign. Jónas Hvannberg gegn Skapta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni. 30. gr. ekki talin eiga við. Sératkvæði.
3. **Hrd. 1958, 381.** Endurgreiðslukrafa. Bifreiðaviðskipti. Björn Mekkinósson gegn Vigfúsi Sigurðssyni og Sigurbjarti Vilhjálmssyni. Talin heyra undir 30. gr. Sératkvæði.
4. **Hrd. 1964, 900.** Bifreiðaviðskipti. Víxlar. Rolf Johansen gegn Gísla Júlíussyni. Átti ekki undir 30. gr.
5. **Hrd. 1969, 663.** Gildi veðskuldabréfs. Bifreiðaviðskipti. Matthías Andrésson gegn Emilíu Guðlaugsdóttur. Í héraði var 30. gr. ekki talin eiga við. Krafa talin fallin niður, í H.R., fyrir tómlæti, enda ekki svik höfð í frammi.
6. **Hrd. 1970, 884.** Ógildi loforðs. Friðrik Ólafsson gegn Matvælaiðjunni hf. Ekki tekin bein afstaða til þess hvort 30. gr. ætti við.
7. **Hrd. 1973, 789.** Bifreiðaviðskipti. Ólafur Gunnarsson gegn Jóni Ármanni Sigurjónssyni. Ekki talið að 30. gr. ætti við.
8. **Hrd. 1974, 1136.** „Sama" mál og A. III. 7. Sama niðurstaða.
9. **Hrd. 1976, 563.** Ábyrgð ríkissjóðs vegna mistaka við afsagnargerð víxla. Landsbanki Íslands (Ísafirði) gegn fjármálaráðherra. Ekki talið eiga undir 30. gr.
10. **Hrd. 1977, 766** (777). Kaupsamningur. Fasteign. Aðilar: Sjá A. II. 3. Ekki talið eiga undir 30. gr.
11. **Hrd. 1979, 1331** (1334). Víxlamál. Alexander Sigurðsson og Sig. Guðbrandsson gegn Landsbanka Íslands. Ekki dæmt um það beint hvort 30. gr. ætti við.

12. **Hrd. 1981, 10.** Kaupsamningur. Fasteign. Ríkharður J. Björgvinsson gegn Jóhannesi Sveinbjörnssyni og Jóni Oddssyni. Málinu vísað frá í héraði, því hrundið í H.R.
13. **Hrd. 1982, 1306.** Umboðssala. Bifreið. Skarphéðinn Einarsson gegn Bílasölunni Braut hf. 30. gr. ekki talin eiga við. Málinu vísað frá í héraði, því hrundið í H.R.
14. **Hrd. 1982, 1319** (1306). Bifreiðaviðskipti. Skarphéðinn Einarsson gegn Hafsteini Heiðari Haukssyni f. h. bílasölunnar Brautar sf. o. fl. Í héraði er talið að S. E. hafi gengið að verðtilboði H. H. H. vegna blekkinga hans, sbr. 30. gr. sml. Í H.R. ekki talið ljóst hvort samningur komst á, enda skipti það engu þar sem sá samningur hefði verið ógildanlegur.
15. **Hrd. 1983, 2134** (2145–2148). Búskipti. Kaupmáli. K gegn M. Ekki talið að K hafi þagað yfir áformum sínum né að meginsjónarmið 30. gr. eigi við að öðru leyti.
16. **Hrd. 1983, 1867** (1892). Fasteignasala. Krafa um ógildingu kaupsamnings. Jón Oddsson gegn Ríkharði J. Björgvinssyni o. fl. Ekki færðar sönnur að því að atvik máls séu þannig að 30. gr. sml. eigi við og valdi ógildi samnings. Í H.R. var aðallega krafist riftunar á sama grundvelli og ógildingar í héraði, hafnað með vísan til niðurstöðu héraðsdóms.
17. **Hrd. 1984, 165** (171). Hjón. Kaupmáli. Skipti. Kristinn Grétar Jónsson gegn Sonju Hennýju Jónsdóttur. Ekki fallist á að kröfur sóknaraðila (K. G. J.) eigi stoð í 30. gr. sml.

A. IV. 31. gr. sml.:

1. **Hrd 1947, 293.** Úteyjardómur. Gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign. Aðilar: Sjá A. III. 2. 1. mgr. 31. gr. talin eiga við með lögjöfnun.
2. **Hrd. 1947, 535.** Húsaleigusamningur, Jón Jóhannsson gegn Valdimar K. Árnasyni. 31. gr. talin eiga við.
3. **Hrd. 1954, 433** (436). Krafa um barnsmeðlag. Dánarbú Þóru Helgadóttur gegn Jóni Birni Benjamínssyni. Dæmt á öðrum forsendum en 31. gr., en ath. sératkvæði.
4. **Hrd. 1960, 447** (458). Jarðarleiga. Jón Andrésson gegn Guðjóni Ólafssyni. 31. gr. ekki talin eiga við.
5. **Hrd. 1969, 188.** Slysatrygging. Trygging hf. gegn Síldarútvegsnefnd. Því hafnað að hægt væri að beita 31. gr.
6. **Hrd. 1973, 254** (260). Kaupsamningur varðandi lóð. Gatnagerðargjald. Guðný Jóhannsdóttir gegn Þórði Auðunssyni. Hafnað í héraði að 32. gr. ætti við. H.R. ómerkti héraðsdóm með hliðsjón af réttarfarsreglum.
7. **Hrd. 1976, 974** (981). Björgun. Útgerðarfélag Akureyrar hf. gegn Landhelgisgæslu Íslands. Ekki talin heyra undir 31. gr.
8. **Hrd. 1978, 166.** Samningar um fasteign. Þór Guðmundsson gegn Jóhanni Þorgeirssyni. 31. gr. talin eiga við. Sératkvæði.
9. **Hrd. 1983, 2134** (2147). Búskipti. Kaupmáli. K gegn M. Í héraði var talið að efni kaupmálans hafi orðið annað en sameiginlegt markmið K og M var í því efni og skyldi því víkja skv. grunnrökum 31. og 32. gr. laga 7/1936. Þessu var hrundið í H.R.
10. **Hrd. 1984, 49.** Lóðarleiga. Valtýr Stefánsson gegn Félagi landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi. Í H.R. segir að gjalddagi leigunnar sé 31. janúar ár hvert. „Er ekki sannað, að þetta sé misritun. Ekki er heldur fram komið, að slík misritun, þótt sönnuð teldist, hefði áhrif á gjalddagann eftir 31. gr. 1. mgr. samningalaga nr. 7/1936."

A. V. 32. gr. sml.:

1. **Hrd. 1947, 293.** Úteyjardómur. Gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign. Aðilar: Sjá A. III. 2. 32. gr. ekki talin eiga við í héraði, ekki sérstaklega tilgreind í H.R.
2. **Hrd. 1947, 538.** Húsaleigusamningur. Aðilar: Sjá A. IV. 2. Ekki talið að 32. gr. eigi við.

3. **Hrd. 1953, 182.** Ábúðarréttur og kaupréttur á jörð. Hreinn Sigtryggsson gegn Aðalbjörgu Jakobsdóttur o. fl. Talið að ætti undir 32. gr.
4. **Hrd. 1954, 69.** Húsaleigusamningur. Ragnheiður Magnúsdóttir gegn Skarphéðni Jósepssyni. 32. gr. talin eiga við í máli þessu.
5. **Hrd. 1954, 433** (436). Krafa um barnsmeðlag. Aðilar: Sjá A. IV. 3. Dæmt á öðrum forsendum en 32. gr., en sjá sératkvæði.
6. **Hrd. 1958, 381.** Endurgreiðslukrafa. Bifreiðaviðskipti. Aðilar: Sjá A. III. 3. Talið heyra undir 32. gr. í héraði auk 30. gr. Í H.R. aðeins vísað til 30. gr. Sératkvæði.
7. **Hrd. 1960, 447** (454). Jarðarleiga. Aðilar: Sjá A. IV. 4. Ekki dæmt á forsendum 32. gr., en sérstaklega er minnst á 32. gr. í sératkvæði á bls. 454 og hafnað þar.
8. **Hrd. 1963, 128** (133, 136). Ákvæði tryggingabréfs um mynt. Fjármálaráðherra gegn Landsbanka Íslands (Ísafirði). Í héraði var hafnað að 32. gr. ætti við, en ekki til umfjöllunar í H.R.
9. **Hrd. 1964, 900.** Bifreiðaviðskipti, víxlar. Aðilar: Sjá A. III. 4. 32. gr. ekki talin eiga við.
10. **Hrd. 1965, 314** (318). Innistæðulaus tékki. Björn Ársælsson gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík. 32. gr. talin eiga við.
11. **Hrd. 1965, 333** (350, 352). Krafa um skiptingu húseignar í eignarhlutföll. Jón Gíslason gegn Einari Bjarnasyni. Ekki talið heyra undir 32. gr. í héraði. Héraðsdómur ómerktur af réttarfarsástæðum í H.R.
12. **Hrd. 1965, 441.** Samningur um afsal útflutningsbóta. Torfi Bryngeirsson og Jón Bryngeirsson gegn Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. 32. gr. talin eiga við.
13. **Hrd. 1967, 138** (154). Samningar um veiðileyfi. Guðmundur Agnar Ásgeirsson gegn Gústaf A. Sveinssyni f. h. Vittario Gallia. Talið varða við 32. gr. í héraði, ekki nefnt í H.R.
14. **Hrd. 1969, 921.** Skiptamál. Hafsteinn Jóhannsson gegn skiptaráðandanum í Kópavogi f. h. þrotabús Stálskipasmiðjunnar hf. Talið heyra undir 32. gr. í héraði, ekki minnst á 32. gr. í H.R.
15. **Hrd. 1969, 1213** (1217, 1223). Samningur um lausn veðbands. Sigurður Helgason gegn Herði Helgasyni. 32. gr. ekki talin eiga við.
16. **Hrd. 1970, 884.** Ógildi loforðs. Aðilar: Sjá A. III. 6. Hvorki H.R. né héraðsdómur tók beina afstöðu til þess hvort 32. gr. ætti við.
17. **Hrd. 1972, 100** (108–9). Skylda til greiðslu skipulagsgjalds. Ragnar Björnsson o. fl. gegn fjármálaráðherra. 32. gr. ekki talin eiga við.
18. **Hrd. 1972, 231** (241). Vátryggingarsamningur. Sverrir Sædal Kristjánsson gegn Sjóvátryggingarfélagi Íslands hf. Ekki beint tekin afstaða til þess hvort 32. gr. ætti við, en gæti falist í niðurstöðu í héraði, staðfest í H.R.
19. **Hrd. 1973, 254** (260). Kaupsamningur varðandi lóð. Gatnagerðargjald. Aðilar: Sjá A. IV. 6. 32. gr. ekki talin eiga við (í héraði). H.R. vísaði máli heim í hérað vegna réttarfarságalla.
20. **Hrd. 1974, 299.** Gildi byggingarbréfs. Pétur Andrésson gegn Útvegsbanka Íslands. Í héraði var ekki talið að 32. gr. ætti við, en aðrar forsendur voru fyrir niðurstöðu H.R.
21. **Hrd. 1974, 1136.** Ógildi loforðs. Aðilar: Sjá A. III. 7. Í héraði var ekki talið að 32. gr. ætti við. Frávísun í H.R. þar sem áfrýjunarfrestur var liðinn.
22. **Hrd. 1975, 532.** Gjafagerningur. Guðmundur Þ. Ólafsson gegn fulltrúaráði Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði. 32. gr. ekki talin eiga við.
23. **Hrd. 1976, 563.** Aðilar: Sjá A. III. 9. Ábyrgð ríkissjóðs vegna mistaka við afsagnargerð víxla. Því hafnað að 32. gr. ætti við.
24. **Hrd. 1977, 766.** Kaupsamningur. Fasteign. Aðilar: Sjá A. II. 3. Því hafnað að 32. gr. ætti við.

25. **Hrd. 1978, 166.** Samningur um fasteign. Aðilar: Sjá A. IV. 8. Í héraði var því hafnað að 32. gr. ætti við, ekki sérstaklega nefnt í H.R., en 31. gr. talin eiga við sératkvæði.
26. **Hrd. 1979, 360** (376). Lausafjárkaup. Samningur um netakaup. Fradis Ltd. gegn Jóni Eggertssyni f. h. Netanausts. 32. gr. talin eiga við.
27. **Hrd. 1979, 1369** (1372, 1382). Hjón, lögskilnaðarleyfi, búskipti við skilnað. Ómar Egilsson gegn Katrínu Indíönu Valentínusdóttur. Í héraði var 32. gr. ekki talin eiga við, en Ó. E. taldi sig beittan þrýstingi og villandi fortölum til þess að fá sig til að gera samninginn og væri þar af leiðandi óheiðarlegt að beita samningnum. H.R. staðfesti héraðsdóm að þessu leyti.
28. **Hrd. 1980, 957.** Ógildi samnings. Sparisjóðsbækur. Sigurður M. Helgason, skiptaráðandi f. h. dánarbús Guðmundar J. Magnússonar gegn Hreiðari Svavarssyni og Jóni Skaftasyni yfirborgarfógeta f. h. dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar. 32. gr. talin eiga við.
29. **Hrd. 1980, 1068.** Ráðningarsamningur. Einar Valur Ingimundarson gegn heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra. 32. gr. ekki talin eiga við.
30. **Hrd. 1980, 1291** (1315, 1316). Leigusamningur um veiði. Kjartan Jónsson gegn Veiðifélagi Þverár. 32. gr. ekki talin eiga við.
31. **Hrd. 1980, 1415.** Kaupsamningur. Fasteign. A gegn B. 32. gr. ekki talin eiga við, sjá misneytingu.
32. **Hrd. 1981, 10.** Kaupsamningur. Fasteign. Aðilar: Sjá A. III. 12. Minnst á 32. gr., en vísað frá í héraði vegna réttarfarsgalla. H.R. vísaði máli heim í hérað.
33. **Hrd. 1981, 1323.** Gildi veðsetningar. Lántaka. Alexander Sigurðsson gegn Landsbanka Íslands. 32. gr. ekki talin eiga við.
34. **Hrd. 1981, 1398.** Gildi veðskuldabréfs. Aðilar: Sjá A. II. 4. 32. gr. ekki talin eiga við. Sératkvæði.
35. **Hrd. 1981, 1540** (1550). Veðtrygging. Tryggingarbréf. Raftækjaverksmiðjan hf. gegn Sementsverksmiðju ríkisins. Ekki sérstaklega vikið að ákvæðinu sjálfu í dómsniðurstöðum. Ath.: Sératkvæði gæti bent til 32. gr.
36. **Hrd. 1982, 428** (436). Sala á jörð. Ingvar Gýgjar Jónsson o. fl. gegn Friðriki Stefánssyni Í héraði var því hafnað að 32. gr. ætti við, en í H.R. var málinu vísað frá héraðsdómi.
37. **Hrd. 1982, 613.** Alviðrumálið. Riftun gjafagernings. Því hafnað í héraði að 32. gr. ætti við, ekki málsástæða í H.R., sbr. bls. 615. Sératkvæði.
38. **Hrd. 1982, 1921** (1929). Sala á frímerkjum. Aðilar: Sjá A. I. 7. Því hafnað að 32. gr. ætti við, en í sératkvæði er 32. gr. talin eiga við, sbr. bls. 1929.
39. **Hrd. 1983, 89.** Krafa um ógildingu fjárskipta hjóna við lögskilnað. Sigrún Jónsdóttir gegn Stefáni Jóhannssyni. Talið ósannað að 32. gr. ætti við.
40. **Hrd. 1983, 2134** (2147). Hjón. Kaupmáli. Skipti. K gegn M. Ekki talið sannað að ásetningur hafi verið hjá K að skilja við M er kaupmáli var gerður og þar af leiðandi ekki fallist á að 32. gr. ætti við í þessu sambandi, staðfest í H.R. En í héraði var talið að kaupmáli ætti að víkja skv. grunnrökum 31. og 32. gr. sml., hrundið í H.R., sjá A. IV. 9.
41. **Hrd. 1984, 165** (171). Hjón. Kaupmáli. Skipti. Aðilar: Sjá A. III. 17. Ekki talið að við gerð kaupmálans hafi varnaraðili þegar verið búinn að ákveða að leita eftir skilnaði og 32. gr. sml. átti þar af leiðandi ekki við.
42. **Hrd. 1983, 1867** (1892). Fasteignasala. Krafa um ógildingu kaupsamnings. Aðilar: Sjá A. III. 16. Ekki færðar sönnur að því að atvik máls séu þannig að 32. gr. sml. eigi við og valdi þar með ógildi samnings. Í H.R. var aðallega krafist riftunar á sama grundvelli og ógildingar í héraði, hafnað í H.R. með vísan til raka héraðsdóms.

A. VI. 35. gr. sml.:

1. **Hrd. 1945, 220.** Endurgreiðslukrafa. Bifreiðaviðskipti. Kristján Guðmundsson gegn Þórhalli Arnórssyni. Hafnað í héraði að 35. gr. ætti við, ekki til umfjöllunar í H.R.
2. **Hrd. 1947, 520.** Verksamningur. Févíti vegna vanefnda. Tryggvi Ófeigsson gegn Sveinbirni Kristjánssyni. Févíti lækkað á grundvelli 35. gr.
3. **Hrd. 1950, 225** (226). Kjarasamningur. Útgerðarfélag Sauðárkróks gegn Magnúsi Guðmundssyni. Ekki ástæða til lækkunar skv. 35. gr.
4. **Hrd. 1956, 209** (213). Kaupsamningur. Fasteign. Jón Lárusson gegn Hjörleifi Jónssyni. Févíti fært niður á grundvelli 35. gr.
5. **Hrd. 1962, 392** (395). Bæjarútgerð Neskaupstaðar gegn Magnúsi Hagalín Gíslasyni. Ekki vikið sérstaklega að 35. gr. í niðurstöðum í héraðsdómi né H.R., en í sératkvæði er vikið að 35. gr.: „... verður upphæð þessi ekki talin bersýnilega ósanngjörn, sbr. 35. gr. laga nr. 7/1936".

A. VII. 36. gr. sml.:

1. **Hrd. 1945, 220.** Endurgreiðslukrafa. Bifreiðaviðskipti. Aðilar: Sjá A. VI. 1. Hafnað að hægt væri að beita 36. gr.
2. **Hrd. 1970, 700.** Eignarréttarfyrirvari. Innsetningargerð. Halldór Laxdal f. h. Radíóbúðarinnar gegn Kristínu Þórðardóttur o. fl. Í fógetarétti segir að seljandi hafi ekki viljað bjóða fram endurgreiðslu þess fjár er kaupandi greiddi. H.R. felldi úrskurð fógeta úr gildi og þar segir að það eigi ekki undir fógeta að ljúka dómsorði á skuldaskil aðila vegna tækiskaupsins skv. 36. gr. sml.

A. VIII. 37. gr. sml.:

1. **Hrd. 1939, 365.** Atvinnuréttindi. Jóhanna Goldstein-Ottósson gegn Helgu Sigurðsson. Talið falla undir 37. gr. í héraði og stefndu bannað að reka starfsstöð í Reykjavík og nágrenni í tvö ár frá því hún fór úr þjónustu stefnanda. Í H.R. var talið að hæfilegt væri að slíkt bann stæði í eitt ár, sbr. 37. gr. sml., en þar sem aðaláfrýjandi hefði rekið starfsemi sína í 8–9 mánuði og bundin þar af leiðandi við ýmsa samninga þótti eins og á stóð rétt að hún greiddi gagnáfrýjanda bætur. Bæði í héraði og H.R. er samningi aðila vikið til hliðar að hluta.

B. Misneyting:

B. I. Tilskipun 27. maí 1859 og lög 10/1890:

1. **Hrd. 1937, 91** (94). Vaxtataka. Sturla Jónsson gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur. Meiri hluti H.R. synjaði um endurheimtu okurvaxta þar sem lög 73/1933 öðluðust gildi eftir að atburðir þessa máls áttu sér stað. Sératkvæði.

B. II. 7. gr. laga 73/1933 (fyrri okurlögin):

1. **Hrd. 1941, 276** (278, 279). Skaðabótakrafa út af síldarsölu. Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda m/b Jóns Þorlákssonar gegn Síldarverksmiðjum ríkisins. Ósannað að stefnandi hafi verið beittur þvingunum.
2. **Hrd. 1942, 99** (103). Fasteignasala. Okurlán. Carl Chr. Aug. Jensen gegn Sigurði Berndsen. Hafnað.
3. **Hrd. 1947, 293.** Úteyjardómur. Samningur varðandi fasteign. Jónas Hvannberg gegn Skapta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni. Hafnað að um misneytingu hafi verið að ræða. Sératkvæði.
4. **Hrd. 1947, 535** (538). Leigusamningur. Krafa um útburð. Jón Jóhannsson gegn Valdimar K. Árnasyni. Hafnað í héraði, ekki til umfjöllunar í H.R.

5. **Hrd. 1950, 229** (236). Ágreiningur um verðlagningu eigna, sem stofnandi hlutafélags hafði afhent félaginu. J. K. Havsteen & Co. hf. gegn Júlíusi K. Havsteen. Í héraði er þess getið að ekki hafi því verið haldið fram að nauðung, svik eða 7. gr. laga 73/1933 ætti við um samning aðila.
6. **Hrd. 1953, 623.** Leiga á jörð. Steingrímur Benediktsson og Þórir Benediktsson gegn Orku hf. Hafnað að 7. gr. ætti við.
7. **Hrd. 1954, 69.** Húsaleigusamningur. Ragnheiður Magnúsdóttir gegn Skarphéðni Jósepssyni. 7. gr. talin eiga við.
8. **Hrd. 1955, 239.** Víxilkaup. Okur. Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Í héraði er talið að brot geti átt undir lög 73/1933 almennt. (Sjá Hrd. 1958, 536, Hrd. 1959, 313, og Hrd. 1960, 519.)
9. **Hrd. 1959, 274.** Víxlar. Ákæruvaldið gegn Brandi Brynjólfssyni. Í héraði er víða vitnað almennt til laga 73/1933, hafnað að um brot gegn þeim væri að ræða, staðfest í H.R.
10. **Hrd. 1960, 447** (454). Jarðarleiga. Jón Andrésson gegn Guðjóni Ólafssyni. Í sératkvæði er ekki talið að erfðaleigusamningurinn verði ógiltur með tilliti til 7. gr., ekki tekið á þessu atriði hjá meiri hluta H.R.
11. **Hrd. 1960, 836.** Húsaleiga. Leifur Böðvarsson gegn Ólafi Guðmundssyni. Ekki dæmt á grundvelli 7. gr. heldur 13. gr. húsaleigulaga nr. 39/1943.
12. **Hrd. 1964, 900** (906). Bifreiðaviðskipti. Víxlar. Rolf Johansen gegn Gísla Júlíussyni. 7. gr. ekki talin eiga við.
13. **Hrd. 1965, 169** (191). Sala á jörð. Aðilar: Sjá A. I. 2. 7. gr. ekki talin eiga við.
14. **Hrd. 1965, 441** (447). Samningur um afsal útflutningsbóta. Torfi og Jón Bryngeirssynir gegn Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. 7. gr. ekki talin eiga við, en hins vegar 32. gr. sml.

B. III. 7. gr. laga 58/1960 (núgildandi okurlög):

1. **Hrd. 1972, 455** (476). Samningur um kaup á fiski. Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum hf. gegn Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens. Stefndi (í héraði) reisir málsókn sína m. a. á 7. gr., en ekki er vikið að því í dómsniðurstöðum í héraði né H.R.
2. **Hrd. 1973, 254** (260). Kaupsamningur um lóð. Gatnagerðargjald. Guðný Jóhannsdóttir gegn Þórði Auðunssyni. 7. gr. ekki talin eiga við í héraði. Heimvísun í H.R.
3. **Hrd. 1976, 546** (555). Samningur um prentun. Tímaritið Skák gegn Ingólfsprenti hf. Stefndi (T. S.) vitnaði til 7. gr., ekki fjallað sérstaklega um það í dómsniðurstöðum.
4. **Hrd. 1977, 766** (777). Kaupsamningur. Fasteign. Helgi Pétursson gegn Sigurði Jónssyni. Því hafnað að 7. gr. eigi við.
5. **Hrd. 1980, 957** (960, 966). Samningur. Sparisjóðsbækur. Sigurður M. Helgason, f. h. dánarbús Guðm. Jóns Magnússonar gegn Hreiðari Svavarssyni og Jóni Skaftasyni f. h. dánarbús Margeirs Jóns Magnússonar. 7. gr. ekki talin eiga við í héraði, 32. gr. sml. talin eiga við í H.R.
6. **Hrd. 1980, 1415.** Kaupsamningur. Fasteign. B gegn A. Talið að 7. gr. ætti við.
7. **Hrd. 1981, 10** (15). Kaupsamningur og afsal. Fasteign. Málinu vísað frá héraði sökum réttarfarságalla, því hrundið í H.R.
8. **Hrd. 1981, 1398** (1399). Gildi veðskuldabréfs. Olíuverslun Íslands hf. og Skúli Pálsson gegn Braga Jónssyni o. fl. Í héraði er veðskuldabréf dæmt ógilt þar sem viðtakandi hafði ekki verið í góðri trú um gildi þess, en í H.R. er sérstaklega getið um að 7. gr. eigi ekki við. Sératkvæði.
9. **Hrd. 1982, 613** (615, 647, 650). Alviðrumálið. Riftun gjafagernings. Því hafnað í héraði að 7. gr. eigi við (bls. 650), ekki málsástæða í H.R. Sératkvæði.

10. **Hrd. 1982, 1306** (1316). Umboðssala. Bifreið. Skaphéðinn Einarsson gegn Hafsteini Heiðari Haukssyni o. fl. f. h. Bílasölunnar Brautar hf. Því hafnað í héraði að 7. gr. eigi við, ekki til umfjöllunar í H.R.
11. **Hrd. 1982, 1921** (1927). Lausafjárkaup. Frímerki. Emilie J. Kvaran og Jakob S. Kvaran gegn Haraldi Sæmundssyni og Finni Kolbeinssyni. Því hafnað að 7. gr. eigi við. Sératkvæði (32. gr. sml.).
12. **Hrd. 1983, 89.** Krafa um ógildingu fjárskipta hjóna við lögskilnað. Sigrún Jónsdóttir gegn Stefáni Jóhannssyni. Ósannað að ógildingarástæða 32. gr. eigi við.
13. **Hrd. 1983, 2134** (2147). Búskipti. Kaupmáli K gegn M. Ekki talið að kaupmáli hafi orðið til á þann hátt að brjóti gegn 7. gr. laga 58/1960.
14. **Hrd. 1984, 165** (171). Aðilar: Sjá A. III. 17. Ekki sýnt að þau atvik, sem verða að vera fyrir hendi svo 7. gr. laga 58/1960 sé beitt, hafi verið til staðar er kaupmálinn var gerður.
15. **Hrd. 1983, 1867** (1892). Fasteignasala. Krafa um ógildingu kaupsamnings. Aðilar: Sjá A. III. 16. Ekki færðar sönnur á að atvik máls væru þannig að valdi ógildi samnings eftir 7. gr. laga 58/1960. Aðallega krafist riftunar samningsins í H.R. á sama grundvelli og krafist var ógildingar samningsins í héraði, hafnað í H.R. með vísun til héraðsdóms.

C. 232. gr. siglingalaga 56/1914, 202. gr. siglingalaga 66/1963 (167. gr. siglingalaga 34/1985):

1. **Hrd. 1953, 63** (64, 70). Bjarglaun. Þorvaldur Guðjónsson f. h. eigenda v/s Leós gegn Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda e/s Carolia o. fl. Björgunarsamningur ógiltur með skírskotun til 1. mgr. 232. gr.
2. **Hrd. 1972, 23.** Bjarglaun. Jón Gíslason hf. gegn Hafsteini Jóhannssyni vegna sjálfs sín og áhafnar m/b Eldeyjar. Ekki vitnað í 202. gr. laga 66/1963, en talað um: „... hæfilega þóknun ...“ í dómi H.R.

D. 34. gr. vátryggingasamningalaga 20/1954:

1. **Hrd. 1966, 262.** Húftrygging bifreiðar, tjón. Vátryggingarfélagið hf. gegn Jóhanni Karlssyni. 34. gr. talin eiga við.
2. **Hrd. 1968, 1146.** Dánarbætur. Vátrygging. Ríkharður Kristjánsson o. fl. gegn Ásum hf. og til réttargæslu Brunabótafélagi Íslands. Ekki vitnað í 34. gr. en í H.R. er að finna orðalagið: „... enda er sú niðurstaða í samræmi við góðar venjur í vátryggingarmálum...“
3. **Hrd. 1972, 734.** Húftrygging bifreiðar. Benedikt Svavarsson gegn Lindu Arvids og Tryggingamiðstöðinni hf. Ekki talið að fram hafi komið nægileg rök fyrir því, að skilyrði væru til að beita 34. gr.

E. 29. gr. höfundalaga 73/1972:

1. **Hrd. 1979, 511 og 1224.** Bragi hf. gegn aðstandendum Einars Benediktssonar. Stefndu nefna 29. gr. sem málsástæðu, en þessi tvö mál fjalla ekkert um þetta atriði, heldur vitnaskyldu lækna.
2. Bæjarþingsmálið 238/1978 (dómsuppsaga 14. desember 1982). Erfingjar Einars Benediktssonar gegn Braga hf. Stefnendur töldu hinn umdeilda samning vera bersýnilega ósanngjarnan og brjóta gegn góðum venjum í höfundaréttarmálum, sbr. 29. gr. Stefndi taldi stefnendur ekki hafa málshöfðunarrétt vegna brota á 29. gr., sbr. 2. mgr. 59. gr. höfundalaga skv. gagnályktun. Í niðurstöðum héraðsdóms er ekkert minnst á 29. gr. höfundalaga.

F. 11. gr. húsaleigulaga 44/1979:

Enginn dómur er í dómasafni H.R. varðandi 11. gr. laga 44/1979.

1. **Hrd. 1955, 633.** Húsaleiga. Ákærði var dæmdur til að endurgreiða oftekna húsaleigu, sbr. 13. gr. laga 39/1943. Þetta ákvæði gilti til 14. maí 1953, eftir þann tíma var ekkert ákvæði í lögum sem bauð endurgreiðslu oftekinnar leigu. Ákærði hélt því allri leigugreiðslu eftir 14. maí 1953, enda var ekki skylt skv. lögum né almennum lagarökum að endurgreiða ofgreidda leigu, enda greiddi leigutakinn leiguna án nokkurs fyrirvara.

G. Ábúðarlög:

G. I. 36. gr. laga 87/1933:

1. **Hdr. 1947, 293** (298, 302). Úteyjardómur. Jónas Hvannberg gegn Skapta Davíðssyni og Davíð Jóhannessyni. Í sératkvæði í H.R. segir: „Sú verðhækkun (sem skapast af vegalagningu) skapar færi til hækkunar landskuldar samkvæmt 36. gr. laga 87/1933."
2. **Hrd. 1951, 293.** Lóðarleigusamningur. Kaupfélag Austur-Skagfirðinga gegn Jóni Jónssyni. Í héraði er minnst á 36. gr. í sambandi við stefnu löggjafans varðandi langvarandi lóðarleigusamning. Dæmt í H.R. á grundvelli 2. mgr. 2. gr. laga 75/1917 með lögjöfnun.
3. **Hrd. 1960, 447** (449). Jarðarleiga. Jón Andrésson gegn Guðjóni Ólafssyni. Meiri hluti H.R. taldi að 36. gr. laganna hefði komið til framkvæmdar, sem leyfir með tilteknum skilyrðum hækkun á jarðarafgjaldi. Sératkvæði.

G. II. 36. gr. laga 8/1951:

1. **Hrd. 1960, 447,** sbr. G. I. 3. Sjá ummæli í sératkvæði, bls. 452.

G. III. 36. gr. laga 36/1961:

1. **Hrd. 1980, 1455** (1456). Ábúðarréttur. Sigurbjörn Sigmarsson gegn Svanhildi Sigfúsdóttur o. fl. Vitnað til 36. gr. í dómkröfum aðaláfrýjanda.

H. 2. gr. 2. mgr. laga 75/1917:

1. **Hrd. 1940, 478.** Jón Finnsson o. fl. gegn Verslunarfélagi Steingrímsfjarðar. Talið að krefjast mætti mats á leigunni og 2. gr. 2. mgr. ætti við um lögskipti aðila eftir gildistöku laganna. Önnur niðurstaða í héraði.
2. **Hrd. 1941, 218.** Dómkvaðning matsmanna. Pétur Bóasson f. h. eigenda jarðarinnar Hafnar gegn Indíönu Tynes. Í héraði má finna eftirfarandi orðalag: „með hvorugum þessum leigusamningum er að ræða um útmælingu eftir lögum 75/1917, heldur um frjálsa samninga milli aðilja, frjálsa leigusamninga, sem ekki að lögum er takmarkað samningafrelsi til." Hafnað að dómkveðja matsmenn. Úrskurður héraðsdóms var felldur úr gildi í H.R. og héraðsdómara gert að framkvæma dómkvaðningu matsmanna. Í héraði var talið að leigusali ætti enga kröfu til hærri leigu.
3. **Hrd. 1942, 293.** Lóðarleiga. Aðilar: Sjá H. 2. Lög 75/1917 ekki talin eiga við.
4. **Hrd. 1951, 293.** Lóðarleigusamningur. Aðilar: Sjá G. I. 2. Eftir gildistöku laga 75/1917 þótti 2. gr. 2. mgr. eiga við um lögskipti aðilanna, fyrir lögjöfnun.
5. **Hrd. 1958, 346** (349). Lóðarleiga. Lóð undir íbúðarhúsnæði. Sigurður Einarsson gegn Akureyrarkaupstað. 2. gr. 2. mgr. beitt fyrir lögjöfnun. Sératkvæði.
6. **Hrd. 1981, 910** (921). Lóðarleigusamningur. M. Bernharðsson skipasmíðastöð hf. gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Stefnandi tiltekur 2. gr. 2. mgr., en ekki virðist sérstaklega tekin afstaða til þess í niðurstöðum. Sératkvæði.
7. **Hrd. 1981, 928** (934). Lóðarleigusamningur. Niðursuðuverksmiðjan hf. gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Sömu athugasemdir og í H. 6, **ekki** sératkvæði.

8. **Hrd. 1983, 1179.** Lóðarleiga. Gunnar Ólafsson & Co. hf. gegn Vestmannaeyjakaupstað. Skv. **meginreglu** 2. gr. 2. mgr. laga 75/1917 var eiganda lóðar talið heimilt að krefjast mats á leigugjaldi lóðar þeirrar er í málinu greindi, en leigusamningur átti að gilda um óákveðinn tíma og vera óuppsegjanlegur. Talað um lögjöfnun í héraði.
9. **Hrd. 1984, 49** (55). Lóðarleiga. Valtýr Guðjónsson gegn Félagi landeigenda Ytri-Njarðvíkurhverfis með Vatnsnesi. Í héraði talið að heimilt væri að endurskoða lóðarleigu á grundvelli mats með lögjöfnun frá 2. gr. 2. mgr. laga 75/1917. Í H.R. var talið að ekki hefði verið fram komið mat, sem á verði byggt það leigugjald sem krafist var í málinu.

I. Lög 39/1922 um lausafjárkaup (kpl.):
I. 1. 5. gr. laga 39/1922:

1. **Hrd. 1941, 30.** Gjald fyrir vörugeymslu. Síldarbræðslan á Norðfirði gegn Verslun Sigfúsar Sveinssonar. Geymslugjald talið ósanngjarnt og ber því að ákveða sanngjarnt gjald, sbr. 5. gr.
2. **Hrd. 1954, 590.** Lausafjárkaup. Fiskur. Fiskimjöl hf. gegn Júpíter hf. Ekki talinn grundvöllur til lækkunar á verði, ekki beint minnst á 5. gr.
3. **Hrd. 1961, 98.** Samningur um smíði á afgreiðsluborðum. Guðm. Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson gegn Hjálmari Þorsteinssyni & Co. Ekki í ljós leitt að endurgjald fyrir verkið væri ósanngjarnt.
4. **Hrd. 1961, 261.** Samningur um leigu á einkarétti til grjóttekju og annarra steinefna. Steypumöl hf. gegn Ólafi Jónssyni. Ósannað að endurgjaldið væri ósanngjarnt og með lögjöfnun frá 5. gr. var héraðsdómur staðfestur.
5. **Hrd. 1962, 695.** Skuldamál vegna kaupa á myndamótum. Prentmyndir hf. gegn Alþýðublaðinu. Ekki sannað að afslætti hefði verið lofað né að föst venja væri til þess í slíkum viðskiptum. Ekki beint minnst á 5. gr.
6. **Hrd. 1963, 276.** Leigugjald fyrir dráttarvél. Guðmundur Ingimundarson gegn Edvald B. Malmquist. Ekki talið að leigukrafa væri ósanngjörn, sbr. meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922.
7. **Hrd. 1965, 169** (191). Aðilar: Sjá A. I. 2. Sala á jörðinni Varmahlíð. Í héraðsdómi segir: „Þá hefur ekki heldur verið sýnt fram á, að umsamið kaupverð hafi verið ósanngjarnt." Niðurstöður héraðsdóms staðfestar í H.R.
8. **Hrd. 1965, 813** (815). Vinnusamningur. Jóhann Guðmundsson gegn Sæmundi Sigurðssyni. Stefnandi taldi kröfu sína ekki ósanngjarna með hliðsjón af 5. gr. Ekki nefnt sérstaklega í niðurstöðum dómsins.
9. **Hrd. 1966, 827.** Skuldamál. Verklaun fyrir innréttingar. Húsgagnavinnustofa Friðriks Þorsteinssonar hf. gegn Sigurgeiri Svanbergssyni. Í H.R. segir: „Samkvæmt meginreglu 5. gr. laga nr. 39/1922 ber aðaláfrýjanda því það gjald fyrir smíðina, sem sanngjarnt má telja."
10. **Hrd. 1969, 335.** Verksamningur. Hitavirkjun hf. gegn Sigurjóni Guðmundssyni. Krafa gagnáfrýjanda ekki talin ósanngjörn, sbr. grunnrök 5. gr.
11. **Hdr. 1969, 1135.** Útboð. Verksamningur. Þórður Kristjánsson og Þórður Þórðarson gegn Veli hf. Ekki talið að rök hefðu verið leidd að því að verðið væri bersýnilega ósanngjarnt skv. grunnrökum 5. gr.
12. **Hrd. 1970, 354** (362). Kauptilboð í jörð. Stefnandi taldi að beita ætti meginreglu 5. gr. kpl. Kom ekki til úrlausnar þar sem máli var vísað frá dómi með hliðsjón af 1. mgr. 69. gr. einkamálalaga, staðfest í H.R.
13. **Hrd. 1972, 18.** Samningar. Viðgerð á skilti. Ólafur Guðmundsson vegna verslunarinnar Lundar gegn Gunnari Kristjánssyni vegna Plastskiltagerðarinnar. Í héraðsdómi var viðgerðin ekki talin of dýr og krafa stefnanda um upphæð fyrir viðgerð tekin til greina. Í H.R. var upphæð lækkuð með tilliti til verðs á nýju skilti.

14. **Hrd. 1975, 251** (253). Skuldamál. Skurður og kaup á túnþökum. Ólafur Ólafsson gegn Jóni Pálssyni. Gegn andmælum stefnda var talið ósannað, að samið hefði verið um ákveðið verð, og miðað var við gangverð. Sératkvæði þar sem segir að ósannað sé, að verð sé ósanngjarnt, og því lagt til grundvallar skv. 5. gr. laga nr. 39/1922, sem hér á við fyrir lögjöfnun.
15. **Hrd. 1982, 1192.** Árekstur skipa. Skaðabætur. Vesturröst hf. gegn Fiskmiðlun Suðurnesja hf. Ein af málsástæðum stefnda var byggð á 5. gr. Í héraði sýknað á öðrum grundvelli. Gagnstæð niðurstaða í H.R., en krafa stefnanda tekin til greina, en stefndi mótmælti ekki kröfufjárhæðinni tölulega fyrir Hæstarétti.
16. **Hrd. 1984, 325.** Verklaun. Læknaþjónustan sf. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs. Í sératkvæði í H.R. segir að stefndi hafi ekki sannað, að reikningur sá, sem er grundvöllur stefnukröfu, sé rangur eða ósanngjarn.

I. II. 6. gr. laga 39/1922:

1. **Hrd. 1967, 518.** Skuldamál. Kaup á veiðarfærum. Halldór Jónsson gegn Netagerð Þórðar Eiríkssonar hf. Þar sem stefndi hreyfði engum mótmælum við reikningum stefnanda fyrr en við málshöfðun og telja verður mótbárur hans órökstuddar og ósannaðar, er ekki efni til að taka til greina sýknukröfu hans, sbr. 6. gr. og 52. gr. laga 39/1922, segir í héraðsdómi. Staðfest í H.R.
2. **Hrd. 1967, 942** (949, 950). Verðlagning fisks. Kristján B. Magnússon gegn Ísveri hf. Ekki sannað að höfð hafi verið nógu tímanlega uppi mótmæli gegn hinu umdeilda verði, segir í héraðsdómi. Staðfest í H.R.
3. **Hrd. 1982, 1665.** Lausafjárkaup. Verslunarkaup. Valdimar Jóhannesson og Fanný Jónmundsdóttir gegn Ágústi Fjeldsted f. h. Kig-Ind A/S. Í héraði var talið að mótbára gegn of háu verði hafi verið of seint fram komin skv. 6. gr. Staðfest í H.R. Sératkvæði (varðandi vexti).

J. Lög nr. 60/1972:

J. I. 51. gr. laga 60/1972:

J. II. 54. gr. laga 60/1972:

1. **Hrd. 1973, 505.** Krafa um skiptingu óskiptrar eignar úr félagsbúi fyrrverandi hjóna. Helga Kristrún Þórðardóttir gegn Guðm. Jóni Sigurbjörnssyni. Vísað frá skiptarétti og talið eiga undir bæjarþing, sbr. 79. gr. laga 39/1921, sbr. nú 54. gr. laga 60/1972.
2. **Hrd. 1979, 1369** (1381). Hjón. Lögskilnaðarleyfi. Búskipti við skilnað. Ómar Egilsson gegn Katrínu Indíönu Valentínusdóttur. Í héraðsdómi er minnst á að Ó. E. hefði haft tækifæri til þess að reyna að knýja fram endurupptöku búskipta, hefði hann talið þau ósanngjörn, skv. 54. gr., í stað þess að bera fyrir sig brottfall skilnaðarleyfis sökum sambúðar.
3. **Hrd. 1980, 1451.** Skipti á félagsbúi. Sigríður Magnúsdóttir gegn Ormari Þorgrímssyni og skiptaráðandanum í Árnessýslu. Sóknaraðili taldi samkomulag um skipti ósanngjörn og þar af leiðandi ekki bindandi, sbr. 46. og 54. gr. laga 60/1972. Talið að samkomulag hafi orðið um skilnaðarskilmála og að mál ætti undir aukadómþing Árnessýslu og vísað frá skiptarétti Árnessýslu. Svipuð niðurstaða í H.R. (En sjá Hrd. 1980, 943.)
4. **Hrd. 1983, 89.** Fjárskipti hjóna við lögskilnað. Sigrún Jónsdóttir gegn Stefáni Jóhannssyni. Talið ósannað að samningurinn væri bersýnilega ósanngjarn þannig að ógilda beri samkomulag um fjárskiptin með aðstoð í 1. mgr. 54. gr. laga 60/1972. Sjá A. V. 39.

5. **Hrd. 1983, 1967.** Hjón, búskipti við skilnað. Ragnheiður Stefánsdóttir gegn Bjarna Helgasyni. Talið bersýnilega ósanngjarnt að skipta búi eftir helmingaskiptareglunni og skyldu búskiptin fara eftir ákvæðum 57. gr., sbr. 27. gr. laga 60/1972. (Á ekki beinlínis undir 54. gr.) Sératkvæði.
6. **Hrd. 1984, 133.** Hjón. Búskipti. Samningur um eignaskipti. Erla Þorsteinsdóttir gegn Elliða N. Guðjónssyni. Í H.R. segir m. a. eftirfarandi: „Samningur málsaðilja um eignaskipti verður hvorki talinn hafa verið bersýnilega ósanngjarn, þannig að hann verði með dómi lýstur óskuldbindandi samkvæmt heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, né heldur verður hann metinn ógildur vegna efnis síns og aðdraganda með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga."

K. Brostnar forsendur:

1. **Hrd. 1928, 740.** Krafa um afhendingu hlutabréfa. Draupnir hf. gegn Kristmanni Þorkelssyni. Stefndi bar fyrir sig brostnar forsendur þar sem hann taldi að vegna skilyrða, sem sett voru fyrir sölu hlutabréfanna, hefði hann átt að fá svar við því, hvort skilyrðin yrðu samþykkt innan hæfilegs tíma. H.R. taldi samþykki á sölutilboði of seint fram komið skv. almennum viðskiptareglum.
2. **Hrd. 1930, 183.** Brunaiðgjald. Brunabótafélag Íslands hf. gegn Guðmundi Björnssyni. Í héraðsdómi er að finna eftirfarandi orðalag: „... þá hafi það engin áhrif haft á gildi loforðs stefnanda (BÍ), þó það hafi verið byggt á framangreindum forsendum og þær brugðist". Sökum þess að G. B. var ekki vitanlega ljóst að forsendurnar væru ákvörðunarástæða. Önnur niðurstaða í H.R.
3. **Hrd. 1938, 36.** Uppsögn vinnusamnings. Skaðabætur. Strætisvagnar Reykjavíkur hf. gegn Sigurbergi Elíssyni. Stefndi taldi óheimilt að segja sér upp án sakar þar sem það hafi m. a. verið ákvörðunarástæða hjá sér þegar hann gerðist hluthafi í Strætisvögnum Reykjavíkur hf. að hann fengi atvinnu þar sem bifreiðastjóri. Ekki var fallist á þessa málsástæðu.
4. **Hrd. 1938, 565** (568). Greiðsla fjárframlags til sjúkrahúss. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu gegn Sjúkrahúsinu „I. Gudmanns Minde". Stefnandi talinn laus við skuldbindingu sína þar sem veruleg forsenda hafi brostið fyrir greiðslu framlags til sjúkrahússins.
5. **Hrd. 1941, 154.** Húsakaup. Krafa um riftun. Eyþór Árnason gegn Páli Magnússyni. H.R.: „Svo er ekki heldur neitt komið upp í málinu, er sýni það, að stefndi hafi mátt sjá það, að áfrýjanda væri það forsenda fyrir kaupunum, að hann kæmi verðmætum þessum út fyrir nokkurt ákveðið lágmarksverð".
6. **Hrd. 1947, 293** (302). Úteyjardómur. Gildi byggingarbréfs og samnings varðandi fasteign. Aðilar: Sjá A. III. 2. Ein af málsástæðum stefnanda var að allar aðstæður væru svo breyttar að það varði riftun samningsins. Samningurinn var talinn ógildur vegna annarra atvika, en ekki á grundvelli þessarar málsástæðu. Sératkvæði.
7. **Hrd. 1955, 691** (693, 697). Grunnleigusamningur. Lóðarleiga. Ólafur Magnússon gegn Guðrúnu Ólafsson. Breytingar á lögum um fasteignamat voru taldar breyta samningi aðila svo mikið að forsendur leigugjaldsákvæðis hans voru taldar brostnar. Sératkvæði.
8. **Hrd. 1964, 900.** Bifreiðasala. Víxlar. Rolf Johansen gegn Gísla Júlíussyni. Í H.R. segir: „Stefndi tók við víxlum ... á þeirri forsendu, að þeir fengjust greiddir ... Þar sem þeir voru eigi greiddir ... varð hið fyrra skuldasamband aftur virkt."
9. **Hrd. 1965, 314.** Innistæðulaus tékki. Í H.R. segir: „... var viðtaka tékkans reist á þeirri augljósu forsendu, að innistæða væri fyrir honum í sparisjóðnum."

10. **Hrd. 1972, 175** (189). Undirritun sjálfsskuldarábyrgðar. Gunnþór Björnsson gegn Bóksalafélagi Íslands. Í niðurstöðu héraðsdóms segir m. a.: „enda er ósannað að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi þá verið gert ljóst, að undirritun stefnda væri fortakslaust því skilyrði bundin, að fleiri stjórnarmenn aðalskuldara undirrituðu yfirlýsinguna.“ Staðfest í H.R.
11. **Hrd. 1979, 1142.** Lausafjárkaup (síldarnót). Hákon Árnason f. h. Nichimen Co. Ltd. gegn Jóhanni Antoníussyni og Sverri Júlíussyni persónulega og f. h. Hilmis hf. Í héraði var talið að þó bankaábyrgð hefði ekki fengist væru kaupin bindandi, enda enginn fyrirvari gerður um það að samningar væru ógildir eða kaupin féllu niður ef ekki fengist bankaábyrgð. Staðfest í H.R. Sératkvæði (varðandi vexti).
12. **Hrd. 1979, 1369** (1372). Hjón. Lögskilnaðarleyfi. Búskipti vegna skilnaðar. Ómar Egilsson gegn Katrínu Indíönu Valentínusdóttur. Grundvöllur skilnaðarsamnings, hvað varðar fjárskipti, var talinn brostinn vegna sambúðar aðila, sbr. 33. gr. laga 60/1972.
13. **Hrd. 1980, 1291** (1316). Tilboð. Kjartan Jónsson gegn Veiðifélagi Þverár. Í héraði var ekki fallist á það, að veiðifélaginu hafi átt að vera ljósar þær forsendur sem K. taldi vera fyrir því að tilboð hans í veiðirétt yrði tekið til greina.
14. **Hrd. 1981, 1323.** Veðsetning. Forsendur. Alexander Sigurðsson gegn Landsbanka Íslands. Talið að veðsetning húseignar fyrir vaxtaaukaláni stæði þótt það hefði verið notað til að greiða gjaldfallnar skuldir, en rann ekki til lántaka sem reiðufé. Ósannað að greiðsla lánsfjárins í reiðufé hefði verið forsenda A. S. fyrir veðsetningu á húseign sinni.
15. **Hrd. 1982, 613** (615). Gjafabréf. Alviðra. Ekki fallist á þau rök áfrýjanda að veigamiklar forsendur fyrir gjöf hans hafi brostið. Sératkvæði (622). Í héraði bls. 655.
16. **Hrd. 1982, 1306.** Bifreiðasala. Skarphéðinn Einarsson gegn Hafsteini Heiðari Haukssyni o. fl. f. h. Bílasölunnar Brautar sf. Í dómi H.R. segir: „Það er forsenda samnings aðaláfrýjanda og Bílasölunnar Brautar sf., að aðaláfrýjandi fengi það fé, sem greitt var fyrir bifreið hans...“
17. **Hrd. 1983, 2134** (2142). Hjón. Búskipti. Kaupmáli. Sóknaraðili taldi að ógildi kaupmálans ætti við stað í reglum um brostnar forsendur, bls. 2142. Ekki virðist beint tekin afstaða til þess í niðurstöðum héraðsdóms né H.R., heldur er fremur um að ræða það álitaefni, hvort um rangar forsendur væri að ræða, sbr. bls. 2135: „Eigi girðir það fyrir ...“ og bls. 2147.
18. **Hrd. 1984, 56** (58). Fasteignakaup. Engilbert Hannesson gegn Valborgu Eby Þorvaldsdóttur og Pétri Þorvaldssyni. Ekki fallist á þá málsástæðu, að gerð skiptagernings hefði verið veruleg forsenda fyrir gildi samkomulags aðila þannig að brostin sé forsenda fyrir samkomulaginu. Ekki málsástæða fyrir H.R.
19. **Hrd. 1984, 165** (171). Hjón. Kaupmáli. Skipti. Kristinn Grétar Jónsson gegn Sonju Hennýju Jónsdóttur. Ekki fallist á það, að forsendur væru brostnar fyrir gerð kaupmála. Staðfest í H.R.

L. Nokkrir dómar er varða rangar forsendur:

1. Hrd. 1928, 400.
2. Hrd. 1932, 647.
3. Hrd. 1941, 210.
4. Hrd. 1947, 293 (295).
5. Hrd. 1947, 535.
6. Hrd. 1969, 188 (203–4).
7. Hrd. 1970, 884 (890).
8. Hrd. 1981, 1325.
9. Hrd. 1984, 2134 (2135, 2147).

Sþ. 494. Tillaga til þingsályktunar [261. mál]

um tafarlausa afplánun dóma vegna fíkniefnabrota.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fangelsisdómum vegna fíkniefnabrota verði ætíð fullnægt þegar í stað og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu.

Greinargerð.

Vaxandi fíkniefnanotkun vekur ugg og bendir til nauðsynjar þess að hart sé við brugðist. Afplánun dóma vegna slíkra brota hefur oft dregist úr hömlu. Þetta er afleitt því að viðkomandi aðilar komast þá aftur til iðju sinnar ef þeim svo sýnist þótt þeir hafi hlotið dóm. Með tafarlausri afplánun er slíkt a.m.k. torveldað og því hamlað gegn innflutningi og dreifingu á þessum hættulegu efnum.

Af þessum sökum er hér gerð tillaga um að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að afplánun fíkniefnadóma fari fram þegar í stað og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu. Flutningsmanni er ljóst að einhver frávik þurfa að vera frá slíkum forgangi og er tekið tillit til þess í ályktunartillögunni. Hins vegar er hér um svo alvarleg brot að ræða að dómi flutningsmanns að fyllsta ástæða er til að afplánun þeirra sé tafarlaus.

Sþ. 495. Fyrirspurn [262. mál]

til félagsmálaráðherra um laun sveitarstjórnarmanna.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

Hver eru mánaðarlaun sveitarstjórnarmanna í einstökum kaupstöðum landsins fyrir setu í bæjarstjórn (borgarstjórn) annars vegar og bæjarráði (borgarráði) hins vegar og samtals fyrir setu í hvoru tveggja?

Nánar tiltekið er óskað eftir að launin verði tilgreind fyrir hvern kaupstað sérstaklega og miðað verði við laun í janúarmánuði s.l.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar [263. mál]

um fullorðinsfræðslulög.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta semja frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu sem taki til fræðslu á öllum menntunarstigum og hafi það að markmiði að stuðla að jafnrétti fólks til fræðslu og náms.

Greinargerð.

Liðin eru 13 ár síðan fyrsta tilraun til að semja og leggja fram frumvarp um fullorðinsfræðslu var gerð hér á landi. Þessar tillögur voru viðamiklar og gerðu ráð fyrir flókinni yfirbyggingu og svo fór að þær hlutu ekki samþykki Alþingis.

Nokkrar tilraunir hafa síðan verið gerðar til að semja frumvörp um fullorðinsfræðslu en hafa ekki tekist, utan að sett voru lög um Skálholtsskóla 1977 og lög um almenningsbókasöfn árið 1976 sem að sjálfsögðu tengjast fullorðinsfræðslu.

Í frumvarpi til laga um framhaldsskóla voru tvær greinar um fullorðinsfræðslu.

Ætla verður að þessi tregða á heildarstefnumörkun um fullorðinsfræðslu hafi orðið þeirri fræðslustarfsemi til mikils baga. Eftirspurn eftir fullorðinsfræðslu vex ár frá ári. Þó að nýjar fullorðinsfræðslustofnanir rísi upp minnkar sjaldan aðsókn að þeim sem fyrir eru og sýnir það best hina miklu þörf sem er fyrir þessa fræðslustarfsemi. Sívaxandi kröfur um próf og réttindi eru að hluta uppspretta þessarar eftirspurnar en fullorðinsfræðslan sinnir einnig öðrum námsþörfum fólks, sprottnum af margs konar efnahagslegum og félagslegum rótum.

Einn þeirra þátta fullorðinsfræðslu, sem engin lög né reglugerðir eru til um, er starfsfræðsla ófaglærðs fólks. Löggjöf um starfsnám og réttindi ófaglærðra er þjóðarnauðsyn ef bæta á starfsemi undirstöðuatvinnuvega okkar og ef við viljum viðhalda háum menningarstaðli á Íslandi.

Fullorðinsfræðslulög hljóta einnig að miða að bættri aðstöðu og jöfnuði til náms en margar hindranir eru á vegi þeirra sem á fullorðinsaldri vilja leggja út á menntabraut, svo sem efnahagur, ferligeta, vaktavinna og búseta.

Árið 1978 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd er semja skyldi frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu. Nefndin lauk störfum í apríl 1979 og skilaði tillögum um frumvarp til Ragnars Arnalds sem þá var orðinn menntamálaráðherra. Frumvarpið var lagt fram af Vilmundi Gylfasyni menntamálaráðherra á síðasta degi hans í embætti, í febrúar 1980, en hlaut aldrei umfjöllun Alþingis. Það er birt hér sem fylgiskjal. Það gæti orðið grundvöllur að nýju frumvarpi um fullorðinsfræðslu því að flest sem í því stendur er jafngilt nú og fyrir sjö árum.

Lagt er til að starfshópur sá, er menntamálaráðherra fær til að semja lög um fullorðinsfræðslu, komi bæði úr röðum þeirra sem fullorðinsfræðslu stunda og veita, svo og úr öllum flokkum þannig að sem víðust sýn yfir þarfir og leiðir í fullorðinsfræðslu fáist.

Ályktun þessi er lögð fram til að vekja máls á þessu mikilvæga máli og hvetja til aðgerða.

Fylgiskjal.

Hr. menntamálaráðherra
Ragnar Arnalds.

11. apríl 1979.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 1978 skipaði menntamálaráðherra nefnd til þess „að fjalla um fræðslu fullorðinna“ og „gera í formi lagafrumvarps tillögur um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslu“.

Í nefndina voru skipuð Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður Bréfaskólans, Einar Ólafsson kennari, Guðrún Halldórsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður og Haukur Ingibergsson, skólastjóri Samvinnuskólans.

Nefndin hefur á starfstímabilinu haldið 34 formlega fundi auk þess sem nefndarmenn unnu að sérstökum verkefnum milli funda. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja fram þær tillögur til frumvarps til laga um fullorðinsfræðslu sem hér fara á eftir ásamt meðfylgjandi greinargerð.

Er það von nefndarinnar að ráðherra sjái sér fært að leggja þetta frumvarp fyrir það Alþingi sem nú situr.

Haukur Ingibergsson,
Einar Ólafsson,
Birna Bjarnadóttir,
Guðrún Halldórsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir.

Frumvarp til laga um fullorðinsfræðslu.

I. kafli. Markmið.

1. gr.

Þessi lög um fræðslu fullorðinna eiga að stuðla að jafnrétti fólks til fræðslu og náms án tillits til búsetu, aldurs eða fyrri menntunar. Fræðslan skal miða að því að skapa hverjum einstaklingi skilyrði til aukins þroska þannig að þekking hans og færni nýtist sem best.

II. kafli. Námsskipan og fræðsla.

2. gr.

Fræðsla fullorðinna greinist í eftirfarandi þætti:

a. Almennt nám sem er hliðstætt við nám á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi og metið að jöfnu við það. Próf- og námsvottorð þeirra aðila, sem annast fullorðinsfræðslu, skulu metin til jafns við vitnisburði hliðstæðra skólastiga hins almenna skólakerfis. Fræðsluyfirvöld hafa yfirumsjón þessa náms með höndum.
b. Starfsnám, viðbótarmenntun og endurmenntun fer fram á vegum heildarsamtaka launþega og/eða atvinnurekenda ellegar ríkis og sveitarfélaga og skulu áðurgreindir aðilar hafa með sér samráð um námið eftir því sem þörf krefur.
c. Félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið fer fram á vegum heildarsamtaka launþega eða í samvinnu milli heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda.
d. Frjálst nám sem fellur utan við liði a, b og c. Námið fer fram á vegum ríkis og sveitarfélaga, landssamtaka sem m.a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi eða á vegum heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda.

Ofangreint nám getur m.a. farið fram í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi, svo og í sérstökum deildum skólastofnana. Meta skal nám samkvæmt b-, c- og d-liðum til námseininga sem gildi jafnt innan hins almenna skólakerfis og á vinnumarkaðnum. Skal nánar kveðið á í reglugerð hvernig því mati verði varið.

3. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu skal tekið sérstakt tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar. Námsefni þessara hópa skal samræmt því sem almennt gildir um nám fullorðinna.

4. gr.

Efla skal fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. 3. gr. útvarpslaga nr. 19/1971, og skal slík fræðsla vera fastur liður á dagskrá. Fræðsluna skal tengja sem nánast annarri fullorðinsfræðslu þannig að námsefnið komi að sem mestu gagni í þeirri fræðslu sem fram fer á vegum annarra aðila.

5. gr.

Stefnt skal að því að koma á fót Farnámsflokkum Íslands þar sem kennsla fer meðal annars fram í Ríkisútvarpinu, bréfaskóla og fræðslustofnunum á hinum ýmsu stöðum með aðstoð og tilkomu farkennara. Fullorðinsfræðsluráð og menntamálaráðuneytið standi fyrir skipulagningu námsins.

III. kafli. Námsaðstaða og námsgögn.

6. gr.

Nýta skal til fullorðinsfræðslu þá námsaðstöðu sem fyrir hendi er í stofnunum í opinberri eign. Þó skal heimilt að nýta annað húsnæði sé það hentugra hvað aðstöðu eða tækjakost snertir.

7. gr.

Stefnt skal að því að almennings- og skólabókasöfn landsins hafi yfir að ráða bókaflokkum, handbókum og öðrum gögnum sem nýtast megi til fullorðinsfræðslu bæði til útlána og afnota á söfnunum.

IV. kafli. Stjórn.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fullorðinsfræðslu sem fellur undir lög þessi og skal sérstök deild, fullorðinsfræðsludeild, fara með ráðgjöf, eftirlit, samræmingu og heildaráætlanagerð í samráði við fullorðinsfræðsluráð, sbr. 9. gr.

9. gr.

Sett skal á fót fullorðinsfræðsluráð, tilnefnt til fjögurra ára í senn sem verði mótandi og ráðgefandi aðili um fullorðinsfræðslu í landinu. Ráðið skal skipað fjórum fulltrúum tilnefndum af heildarsamtökum þeirra aðila sem annast fullorðinsfræðslu, einum fulltrúa úr fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins tilnefndum af menntamálaráðherra, einum fulltrúa frá Ríkisútvarpinu tilnefndum af útvarpsráði og einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðið kýs sér formann.

V. kafli. Framkvæmdaraðilar.

10. gr.

Ríki og sveitarfélög skulu hafa forgöngu um fræðslu fullorðinna. Í einstökum fræðsluumdæmum, sbr. lög um grunnskóla, skulu fræðsluráð, fræðslustjórar og skólanefndir hafa slíka forgöngu. Heildarsamtök launþega og atvinnurekenda, svo og landssamtök sem m.a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi, geta einnig haft forgöngu um fullorðinsfræðslu.

11. gr.

Sá aðili, sem hefur með höndum fræðslu fullorðinna og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum — enda sé haft samráð við menntamálaráðuneytið um skipulagningu og framkvæmd hennar.

12. gr.

Þeir aðilar, sem fara með framkvæmd fræðslu fullorðinna, skulu leggja fram starfs- og kostnaðaráætlun ár hvert.

a. Þeir aðilar, sem aðeins starfa innan eins fræðsluumdæmis, sbr. lög um grunnskóla, skulu leggja umsóknir sínar fyrir fræðslustjóra sem síðan samræmir framboð á fræðslunni og mælir með henni til fullorðinsfræðsludeildar menntamálaráðuneytisins.
b. Þeir sem annast fræðslu fullorðinna í meira en einu fræðsluumdæmi skulu leggja starfsáætlun fyrir fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins.

Ráðuneytið leitar umsagnar fullorðinsfræðsluráðs áður en gengið er frá tillögum til Alþingis ár hvert um fjárveitingu til fullorðinsfræðslu.

VI. kafli. Fjármál.

13. gr.

Kostnaður við fræðslu fullorðinna greiðist sem hér segir:

a. Nám, þar sem stefnt er að prófi á skyldunámsstigi, skal greitt af aðilum í sama hlutfalli og lög og reglugerðir um það skólastig mæla fyrir um.
b. Til annars náms skv. 2. gr. greiði ríkissjóður kennslukostnað, þ.e. laun og launatengd gjöld, ásamt ferðakostnaði kennara. Annar kostnaður greiðist af framkvæmdaraðilum og nemendum en þó skulu þátttökugjöld aldrei vera hærri en sem nemur 50% af þessum kostnaði.
c. Til fullorðinsfræðslu í formi bréfaskólanáms greiðast úr ríkissjóði laun og launatengd gjöld vegna skólastjórnar, kennslu, gerðar námsleiðbeininga og afgreiðslu námsefnis.
d. Vegna kostnaðar við öflun og gerð kennsluefnis til fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, skal ætla fjárveitingu úr ríkissjóði árlega.
e. Vegna kennsluefnis fullorðinna með sérþarfir, sbr. 3. gr., skal ríkissjóður greiða kostnað við sérsamningu og útgáfu þess.

14. gr.

Til sérstakra verkefna vegna fullorðinsfræðslunnar, svo sem þjálfunar leiðbeinenda, sameiginlegra verkefna og þjónustu vegna aðila fullorðinsfræðslunnar, skal ríkissjóður veita fjárhagslegan stuðning að fenginni umsögn fullorðinsfræðsluráðs.

15. gr.

Um launakjör kennara og leiðbeinenda gilda sömu ákvæði og um kennara á framhaldsskóla- og háskólastigi eftir því sem við á.

VII. kafli. Um gildistöku og reglugerðir.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Leitað skal álits fullorðinsfræðsluráðs áður en reglugerðir eru gefnar út.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIII. kafli. Ákvæði til bráðabirgða.

18. gr.

Fjórum árum eftir gildistöku laganna skal menntamálaráðuneytið skipa nefnd til þess

að gera úttekt á framvæmd þeirra og endurskoða þau. Skal menntamálaráðherra kynna niðurstöður nefndarinnar á Alþingi.

Greinargerð.

Formáli.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 1978 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til þess að fjalla um fræðslu fullorðinna og gera í formi lagafrumvarps tillögur um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslu.

Í nefndina voru skipuð Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður Bréfaskólans, Einar Ólafsson kennari, Guðrún Halldórsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður og Haukur Ingibergsson, skólastjóri Samvinnuskólans, sem enn fremur var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin kom öll saman 34 sinnum auk þess sem nefndarmenn unnu að sérstökum verkefnum á milli funda.

Þróun fullorðinsfræðslu.

Ljóst er að þörfin fyrir fullorðinsfræðslu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið fer vaxandi.

Sú grundvallarfræðsla, sem veitt hefur verið á fyrsta æviskeiði hvers manns, er ekki lengur nægileg og samhliða grunnfræðslunni þarf að koma sífellt nám og þjálfun — fullorðinsfræðsla.

Ástæðurnar fyrir þessu eru margar, svo sem hið mikla umrót í samfélaginu, búferlaflutningar úr sveit í þorg, breytingar á hinni hefðbundnu starfsskiptingu kynjanna ásamt hraðfara aukningu almennrar og sérhæfðrar þekkingar, auk tæknibyltinga á flestum sviðum. Í stuttu máli: Sú síbreytilega veröld, sem við lifum í, kallar á sífellda fræðslu og aðlögun að nýjum aðstæðum.

Í nágrannalöndum okkar hefur vöxtur og viðgangur fullorðinsfræðslu verið örari en hér á landi og lætur nærri að 20–25% fullorðinna, t.d. í Svíþjóð og Noregi, stundi slíka fræðslu í einhverri mynd ár hvert.

Upphaf fullorðinsfræðslu á Íslandi má rekja til lýðháskólahreyfingarinnar í Noregi og Danmörku, en þangað sóttu frumkvöðlar hennar hér á landi hugmyndir sínar. Seint á síðustu öld voru einnig stofnaðir nokkrir kvöldskólar hér á landi. En kvöldskólarnir urðu skammlífir eða var breytt í dagskóla eins og kvöldskóla þeim sem stofnaður var fyrir verslunarmenn og nú er Verslunarskóli Íslands og lýðháskólunum var breytt í héraðsskóla.

Ungmennafélögin, kvenfélögin og samvinnuhreyfingin höfðu — og hafa — fræðslumál á stefnuskrá sinni. Svo virðist sem dregið hafi úr fullorðinsfræðslu á árunum milli 1920 og 1940. Sá kvöldskóli, sem starfaði hvað lengst hér á landi, var kvöldskóli KFUM en er nú aflagður fyrir meira en aldarfjórðungi. Einnig mætti telja iðnfræðsluna með í þessari upptalningu, en bóklegt nám hennar fór fram á kvöldnámskeiðum um langan aldur.

Um 1940 varð allmikil breyting á fullorðinsfræðslumálum landsmanna, en þá voru stofnaðar tvær stærstu fullorðinsfræðslustofnanir landsins, Námsflokkar Reykjavíkur í ársbyrjun 1939 og Bréfaskóli Sambands íslenskra samvinnufélaga haustið 1940. Nemendafjöldi þeirra mun á skólaárinu 1978 til 1979 vera samtals milli 5 og 6 þúsund.

Á síðustu tveimur áratugum hefur þátttaka í fullorðinsfræðslu aukist mjög mikið og sífellt fleiri aðilar hafa tekið að starfa á þessum vettvangi. Ríkið hefur á þessum árum sífellt faglega fræðslu fyrir fólk í störfum, svo sem póstmenn, tollþjóna, lögregluþjóna, verkstjóra og fólk í iðnaðarstörfum.

Fjölmargir námsflokkar hafa verið stofnaðir. Stjórnunarfélag Íslands var stofnað 1961 og hefur m.a. á stefnuskrá sinni að halda námskeið fyrir stjórnendur fyrirtækja. Á þessum árum hefur rekstur Bréfaskólans breyst í það horf að eigendum hefur fjölgað, ASÍ gerðist

aðili að skólanum árið 1965, BSRB, Stéttarsamband bænda, Farmanna- og fiskimannasambandið og Kvenfélagasamband Íslands urðu aðilar þar að árið 1975 og Ungmennafélag Íslands 1976.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu hóf starfsemi sína 1969. Lýðháskólinn í Skálholti og Félagsmálaskóli alþýðu voru stofnaðir árið 1972. Um sama leyti hófst rekstur öldungadeilda menntaskólanna (Hamrahlíð) og síðar fjölbrautaskóla. Einnig hefur Samvinnuskólinn hafið námskeiðahald fyrir félagsmenn og starfsfólk samvinnuhreyfingarinnar. Ríkisútvarpið rak lengi í hljóðvarpi framburðarkennslu í samvinnu við Bréfaskólann og nokkur námskeið hafa einnig verið í sjónvarpi. Um árabil hafa nokkrir einkaaðilar einnig staðið fyrir fullorðinsfræðslu.

Margir aðilar hafa sinnt fullorðinsfræðslu hér á landi en óhætt er að fullyrða að skortur á heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu hafi staðið eðlilegri þróun fyrir þrifum. (Einu lögin þar að lútandi, sem til eru hér á landi, eru sérstök lög um Lýðháskólann í Skálholti.)

Af ofangreindri upptalningu má ljóst vera að fullorðinsfræðslan er það fjölbreytt og margþætt að hún tengist ekki alfarið ákveðnu skólastigi. Má í þessu sambandi minna á reynslu Norðmanna af því að tengja ákvæði um fullorðinsfræðslu lögum um framhaldsskóla enda var þar sett heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem gekk í gildi 1. ágúst 1977.

En tilraun til heildarsameiningar var gerð í byrjun þessa áratugar er menntamálaráðuneytið skipaði nefnd til umfjöllunar fræðslustarfsemi fullorðinna og skilaði hún lagafrumvarpi árið 1974 sem síðan var lagt fyrir Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er reynt að skapa þann ramma um fullorðinsfræðslu sem nauðsynlegur er til þess að eðlileg þróun geti átt sér stað án þess að tilkostnaður verði óhóflegur. Við samningu frumvarpsins var tekið mið af íslenskum aðstæðum og þörfum og þeirri reynslu sem þegar er komin af fullorðinsfræðslu á landinu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram tvö meginmarkmið fullorðinsfræðslu. Hið fyrra stuðlar að því að jafna aðstöðu landsmanna til fræðslu og menntunar. Það er staðreynd að búseta manna hefur áhrif á hversu greiðan aðgang þeir hafa að hvers kyns fræðslu, jafnvel vill það brenna við að unglingar fái ekki lokið skólaskyldu á venjulegan hátt. Enn fremur skal á það minnt að ekki hafa allir landsmenn átt þess kost að ljúka skyldunámi og ber því að leggja áherslu á að hvorki aldur né fyrri menntun komi í veg fyrir þátttöku í fullorðinsfræðslu.

Síðara meginmarkmiðið er að fullorðinsfræðslan skuli miða að því að skapa hverjum einstaklingi skilyrði til aukins alhliða þroska, þekkingar og færni í lífi og starfi.

Þarna er verið að undirstrika að fullorðinsfræðslan skuli í senn miða að því að fullnægja persónulegum þörfum einstaklingsins til fræðslu og aukins þroska sem og þörfum samfélagsins fyrir aukna þekkingu og færni sérhvers manns.

Um 2. gr.

Grein þessi fjallar um þá þætti sem fullorðinsfræðslan skiptist í:

a. Almennt skólanám hliðstætt námi á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi, sem getur farið fram á vegum yfirvalda, bréfaskóla og Ríkisútvarpsins. Lögð skal áhersla á að námsefni þarf ekki að vera hið sama og á hliðstæðum stigum hins almenna skólakerfis, heldur sniðið að þroska og áhugamálum eldra fólks þó að það leiði til jafngilds þekkingarstigs. Nám þetta, próf og námsvottorð skulu metin að jöfnu við hliðstætt nám í hinu almenna skólakerfi enda hafi fræðsluyfirvöld yfirumsjón með náminu.
b. Starfsnám, viðbótarmenntun og endurmenntun er annar þáttur fullorðinsfræðslu. Slíkt nám er í beinum tengslum við atvinnulíf landsmanna og þörfin fyrir það eykst samhliða örri framþróun atvinnulífsins. Námið miðar að því að bæta starfshætti fólks og getur veitt

aukin starfsréttindi og/eða rétt til ákveðinnar launaflokkunar. Nú þegar er kveðið á um slíkt nám í ýmsum kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að námið fari fram á vegum heildarsamtaka atvinnurekenda og/eða launþega ellegar ríkis og sveitarfélaga, einnig að áðurgreindir aðilar hafi með sér samráð um námið eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Framkvæmd getur verið með ýmsu móti, t.d. á vegum fagskóla, fullorðinsfræðslustofnana, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarps ellegar á sjálfstæðum námskeiðum sem fyrrgreindir aðilar halda.

c. Félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið telst hér þriðji þáttur fullorðinsfræðslu. Telja má að slík félagsleg menntun sé tvíþætt. Í fyrsta lagi miðar hún að því að veita fólki innsýn í það félagslega umhverfi, sem vinnustaðurinn er, og það samfélagslega hlutverk sem vinnustaðurinn eða starfið hefur. Í öðru lagi miðar hún að því að veita fólki skilning á aðstöðu þess og kynna því sem félagsfólki réttindi þess og skyldur svo og hvernig standa beri að félagslegum störfum. Félagsleg menntun eins og hún hefur verið skilgreind hér að ofan mun því að öðru jöfnu verða á vegum heildarsamtaka launþega og/eða samtaka atvinnurekenda — í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi.

d. Frjálst nám, sem fellur utan við a-, b- og c-liði, er margbreytilegt, bæði verklegt og bóklegt og miðar fyrst og fremst að lífsfyllingu og þroska einstaklingsins, þó að í sumum tilvikum sé einnig stefnt að öflun réttinda. Undir þennan lið fellur einnig ýmiss konar listastarfsemi áhugahópa. Námið getur farið fram á vegum ríkis, sveitarfélaga eða landssamtaka í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi. Nám samkvæmt b-, c- og d-lið miðar yfirleitt ekki að prófum en veitir þekkingu og færni sem rétt er að meta á sama hátt og valgreinar eða kjarnagreinar innan hins almenna skólakerfis eða innan hliðstæðu þess í fullorðinsfræðslunni. Eðlilegt er einnig að slíkt nám komi fólki til góða á hinum almenna vinnumarkaði.

Mat á þessu námi skal ákvarðast í reglugerð.

Um 3. gr.

Brýna nauðsyn ber til þess að taka sérstakt tillit til ýmissa sérþarfa líkamlega og andlega fatlaðra við framkvæmd og skipulagningu fullorðinsfræðslu til þess að þeim nýtist það nám sem fullorðinsfræðslan gerir ráð fyrir.

Sérþarfir geta tekið til margra þátta, svo sem námsefnis, sérkennslu á vissum sviðum, svo og stærðar námshópa.

Við skipulagningu námsins ber þó einatt að leita leiða til að námsefni og námsaðstaða, sem almennt eru notuð við fullorðinsfræðslu, geti hentað jafnt þessum hópum sem öðrum, sem fullorðinsfræðslu stunda, þannig að þessir hópar blandist öðrum í námi eins og kostur er.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um eflingu fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, og tengsl þess við aðra aðila fullorðinsfræðslu í landinu.

Margt af því efni, sem hljóðvarp og sjónvarp flytja, er fræðsluefni og nokkra beina kennsluþætti hefur sjónvarpið flutt. Um 25 ára skeið var framburðarkennsla í hljóðvarpi í samvinnu við Bréfaskólann en lagðist af þegar nauðsynlegt varð að endurnýja námsefnið. Tengsl Ríkisútvarpsins við starfsemi annarra fullorðinsfræðslustofnana eru nánast engin. Ætla má að ef samvinna væri höfð milli þessara aðila um áætlaða dagskrá slíkra fræðslu- og kennsluþátta mætti undirbúa nám í námshópum og umræðuhópum og mundi það auka gildi þessara þátta. Víða erlendis er þáttur útvarps stór liður í fullorðinsfræðslu og má nefna sænska ríkisútvarpið og samvinnu þess við „Brevskolan“ auk starfsemi breska útvarpsins sem rekur mikla sjálfstæða fræðslustarfsemi jafnframt þeim þætti í námi við Opna háskólann sem útvarp, hljóðvarp og sjónvarp, annast bæði við kennslu og leiðbeiningar til nemenda.

Hljóðvarp og sjónvarp, eru áhrifamikil og afar gagnleg kennslutæki og í svo strjálbýlu landi, sem Ísland er, hljóta þau að teljast sjálfsögð til eflingar allri fræðslu og menntun.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um nýtt fyrirbrigði innan fullorðinsfræðslu á Íslandi, „Farnámsflokka Íslands“. Í henni er reifuð sú hugmynd að tengja beri saman þær stofnanir sem nú þegar hafa annast fullorðinsfræðslu að einhverju marki, þ.e. námsflokka, bréfaskóla og Ríkisútvarp, og virkja þannig kennslukrafta og kennsluefni að þar skapist markvisst starf og heildarstefna.

Gert er ráð fyrir að skipulag og framkvæmd verði í höndum sérstakrar samstarfsnefndar fyrrgreindra aðila og menntamálaráðuneytisins í samráði við fullorðinsfræðsluráð.

Sú samstarfsnefnd skal vinna að tilhögun fræðslunnar, gerð og útgáfu kennsluefnis í útvarpi og sjónvarpi ásamt námsgögnum til einstaklings- eða hópnáms í bréfaskóla og námsflokkum.

Skipulag kennslunnar mætti vera með þeim hætti að nemendur hæfu nám á ákveðnum árstíma og fengju ákveðnar upplýsingar um skipulag og framkvæmd. Viss hluti kennslunnar færi fram í Ríkisútvarpi en stærsti hluti þess með bréfanámi og nokkur hluti í formi leiðbeininga og námskeiða. Námið yrði þannig sambland af sjálfsnámi, námsleiðbeiningu og námskeiðsfræðslu.

Bréfaskóli sæi um gerð prentaðs kennsluefnis og leiðbeininga, a.m.k. að hluta til, en Ríkisútvarpið annaðist öflun og vinnslu kennsluefnis til útsendinga í hljóðvarpi og sjónvarpi.

Á námstímanum yrðu nemendur undir umsjá leiðbeinenda.

Í öllum landshlutum eru nú þegar fyrir hendi fræðslustofnanir, þ.e. skólar og bókasöfn, sem gera má að miðstöðvum fræðslunnar, en námsflokkar eða skólar hinna ýmsu staða yrðu framkvæmdaraðilar í héraði. Til fræðslumiðstöðvanna gætu nemendur leitað á vissum tímum til að ráðfæra sig við leiðbeinendur og þar gæti einnig farið fram bein kennsla. Í fræðslumiðstöðvum yrðu kennslugögn og tæki einnig til reiðu. Til stærri námskeiða mætti einnig nýta heimavistarskóla.

Í flestum tilfellum verður hægt að fá leiðbeinendur í námunda við fræðslustöðvarnar, en fullorðinsfræðsludeild mundi einnig efna til námskeiða, lengri eða styttri með aðsendum kennurum, „farkennurum“.

Að loknum ákveðnum hluta náms og/eða í lok náms gæfist nemendum kostur á verklegri þjálfun, kennslu, prófum og/eða umræðum um námið.

Fyrirkomulag þetta mundi stuðla að jöfnun allrar aðstöðu fólks til náms, bæði þess sem í dreifbýli býr og þess sem vegna fötlunar eða félagslegrar aðstöðu á erfitt með að sækja skóla.

Þetta fyrirkomulag mundi ekki taka frumkvæði úr höndum aðila í dreifbýlinu, svo sem námsflokka eða félagssamtaka, enda námið samræmt af fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins, sbr. 8. gr. Eftir sem áður mundi margs konar fullorðinsfræðsla, einkum frístundanám, falla utan við verksvið farnámsflokka.

Um 6. gr.

Ákvæðið er um það að sú námsaðstaða, sem fyrir hendi er í stofnunum í opinberri eign, nýtist fyrir fullorðinsfræðslu, án þess þó að það rekist á við starfsemi viðkomandi stofnunar. Þá er aðilum fullorðinsfræðslunnar einnig heimilt að fá til afnota annað húsnæði þar sem námsaðstaða er fyrir hendi svo og kennslugögn og tæki.

Um 7. gr.

Stofnun bókasafna víðs vegar um landið var mikil lyftistöng fyrir fræðslu almennings á sínum tíma, en þau hafa þó ekki verið nýtt skipulega fyrir fullorðinsfræðslu í nútímamerkingu þess orðs og má segja að fullorðinsfræðslan hafi verið í svelti hvað bókakost snertir.

Bókasöfn geta bæði með bókakosti og sem fræðslumiðstöðvar gegnt veigamiklu hlutverki innan fullorðinsfræðslunnar.

Um 8. gr.

Í kaflanum um stjórn er sú meginstefna mörkuð að yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar sé í höndum sömu aðila og fara með yfirstjórn annars fræðslustarfs í landinu eftir því sem við á. Fullorðinsfræðsla er sjálfsagður og nauðsynlegur þáttur í fræðslukerfi þjóðarinnar og því eðlilegt að hann sé undir sömu stjórn og aðrir þættir þess. Þannig er einnig tryggð eðlileg samræming á milli hinna ýmsu fræðsluþátta, betri nýting á fjármunum, starfskröftum, húsnæði, tækjum og fleiru.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn fullorðinsfræðslu að svo miklu leyti sem tiltekið er í greininni.

Með tilkomu þessara laga má ætla að umfang fullorðinsfræðslunnar vaxi og er nauðsynlegt að sérstök deild — fullorðinsfræðsludeild — hafi þessi mál með höndum frá upphafi.

Það þarf að vera miðstöð allra upplýsinga bæði fyrir einstaklinga sem hug hafa á þátttöku og einnig þá sem annast fullorðinsfræðslu. Nauðsynlegt er að ákveðin samræming sé á framboði fullorðinsfræðslu og að mótuð sé heildaráætlun og eðlilegast er að ráðuneytið sé þar ákvörðunaraðili ásamt fullorðinsfræðsluráði. Einnig hlýtur ráðuneytið að vera tengiliður hinna einstöku framkvæmdaraðila fullorðinsfræðslunnar og fjárveitingavaldsins.

Um 9. gr.

Svo að tryggja megi eðlilega stefnumótun í fullorðinsfræðslu er nauðsynlegt að starfandi sé ráð þeirra aðila sem vinna að þessum málum. Til að slík ráð séu virk er æskilegt að þau séu ekki skipuð of mörgum mönnum en þó fulltrúum allra aðila. Því ber nauðsyn til að stofna heildarsamtök þeirra sem annast fullorðinsfræðslu. Nokkrir aðilar hafa þegar með sér óformlegt samband sem hefur gefið góða raun og sannað gildi samvinnu í þessum málum.

Þar sem hér er um að ræða samtök ýmissa aðila, svo sem námsflokka og félagssamtaka, þá þykir lágmark að í fullorðinsfræðsluráði sitji 4 fulltrúar þessara heildarsamtaka.

Þá er og sjálfsagt að í ráðinu sitji fulltrúi úr fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins og annar frá Samtökum íslenskra sveitarfélaga vegna frumkvæðis þess sem þeim er ætlað í lögunum, svo og einn fulltrúi Ríkisútvarpsins vegna þeirrar fullorðinsfræðslu sem hljóðvarpið og sjónvarpið munu annast.

Um 10. gr.

Í greininni eru ákvæði um þá aðila sem hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sú skylda er lögð á ríki og sveitarfélög að hafa slíka forgöngu og er bent á fræðsluráð, fræðslustjóra og skólanefndir, sbr. lög um grunnskóla í því efni. Þótt þessir aðilar séu nefndir er þó á engan hátt verið að draga úr forgönguskyldu annarra opinberra aðila. Forgönguskylda um fullorðinsfræðslu er hins vegar ekki lögð á heildarsamtök launþega og atvinnurekenda né landssamtök, sem m.a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi, heldur er einungis gert ráð fyrir því að þessir aðilar geti haft slíka forgöngu ef þeim sjálfum sýnist og þá fái þeir ákveðinn stuðning hins opinbera í samræmi við ákvæði þessara laga.

Hér er því um þrískiptingu að ræða á milli hins opinbera, aðila vinnumarkaðarins og ýmissa landssamtaka. Þessir aðilar hafa þegar nokkra fullorðinsfræðslu á sínum vegum. Ríki og sveitarfélög hafa um árabil staðið að rekstri öldungadeilda, námsflokka og margvíslegri starfsmenntun.

Á vegum launþegasamtaka hefur farið fram veruleg fullorðinsfræðsla tengd atvinnulífinu sem og á vegum atvinnurekenda. Ýmis landssamtök hafa annast fræðslu í samræmi við markmið viðkomandi félagsskapar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í greininni eru ákvæði um að hver sá aðili, sem vill hafa framkvæmd fullorðinsfræðslu með höndum, skuli leggja fram starfsáætlun ár hvert. Er gert ráð fyrir því að þeir sem starfa aðeins innan eins fræðsluumdæmis, sbr. lög um grunnskóla, skuli leggja umsóknir sínar fram til fræðslustjóra. Er þarna átt við bæjar- og sveitarfélög (námsflokka) eða einstaka framhaldsskóla. Það er síðan hlutverk fræðslustjórans að samræma framboð fræðslunnar í hverju skólaumdæmi þannig að margir aðilar bjóði ekki samtímis upp á sams konar fræðslu (námskeið) sem gæti orðið til þess að kennsla félli niður í viðkomandi námsgrein vegna fárra þátttakenda hjá hverjum aðila eða haft í för með sér tvöfaldan kostnað. Síðan mælir fræðslustjóri með áætluninni til fullorðinsfræðsludeildar menntamálaráðuneytisins.

Þeir aðilar, sem annast fullorðinsfræðslu í fleiru en einu fræðsluumdæmi, þ.e. heildarsamtök launþega og atvinnurekenda og landssamtök, skulu hins vegar leggja starfsáætlun sína fram við fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins. Leitað skal umsagnar fullorðinsfræðsluráðs áður en gengið er frá tillögum til Alþingis um fjárveitingar.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að þrjár meginreglur gildi um fjármögnun fullorðinsfræðslunnar.

Í fyrsta lagi að nám, þar sem stefnt er að prófum á skyldunámsstigi, skuli greiðast af aðilum, þ.e. ríki og sveitarfélagi, í því hlutfalli sem lög og reglugerðir um viðkomandi skólastig mæla fyrir um. Verður að teljast eðlilegt að það nám, sem þjóðfélagið ætlar hverjum einstaklingi, sé greitt á sama hátt hvort sem námið fer fram í hinu almenna skólakerfi eða í fullorðinsfræðslu.

Í öðru lagi að til annars náms en hliðstæðs náms á skyldustigi eða bréfaskólanáms greiði ríkissjóður kennslukostnað, þ.e. laun og launatengd gjöld, ásamt ferðakostnaði kennara.

Annar kostnaður greiðist af framkvæmdaraðila og nemendum en þó skulu þátttökugjöld nemenda aldrei verða hærri en sem nemur 50% af þessum kostnaði. Það er að sjálfsögðu mikið matsatriði hversu mikinn hluta kostnaðar ríkisvaldið á að greiða af fullorðinsfræðslunni. Greiði ríkisvaldið kennslukostnað og ferðakostnað kennara mun það ekki verða óyfirstíganlegt fyrir aðra aðila að greiða annan kostnað sem af náminu hlýst, auk þess sem greiðsla á ferðakostnaði kennara mun mjög jafna aðstöðu dreifbýlisins til fullorðinsfræðslu.

Í þriðja lagi að til fullorðinsfræðslu í formi bréfanáms greiðist úr ríkissjóði laun og launatengd gjöld vegna skólastjórnar og kennslu. Einnig greiðist úr ríkissjóði gerð námsleiðbeininga og afgreiðsla námsefnis enda er þar um að ræða starfsemi sem samsvarar ýmsum störfum kennara.

Þá eru í lögunum ákvæði um fjárveitingu til fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi auk þess sem ákvæði eru sett til að tryggja að kennsluefni vegna sérþarfa fullorðinna eru útbúin þannig að þeir hafi sem jafnasta aðstöðu til að tileinka sér fræðsluna. Má sem dæmi nefna nauðsyn þess að námsefni verði framleitt í hljóðbókaformi, á blindraletri og stækkuðu letri til afnota fyrir fatlaða og langlegusjúklinga.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að til sérstakra sameiginlegra verkefna fullorðinsfræðslunnar skuli ríkissjóður veita fjárstuðning að fenginni umsögn fullorðinsfræðsluráðs. Gera má ráð fyrir að hér geti verið um margvísleg, oft tímabundin verkefni að ræða en meðal þeirra verkefna, sem átt er við, er námskeiðahald fyrir leiðbeinendur fullorðinsfræðslunnar en nauðsynlegt er að slík fræðsla komist á. Þá er líklegt að hagkvæmt verði að stofna til sameiginlegrar upplýsingastarfsemi aðila fullorðinsfræðslunnar um námsmöguleika og námsleiðir, m.a. með sameiginlegri auglýsingastarfsemi og bæklingaútgáfu. Enn fremur er hér átt við stuðning vegna erlendra samskipta á sviði fullorðinsfræðslu.

Um 15., 16. og 17. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þessi ákvæði eru sett vegna þess að eðlilegt þykir að þegar nokkur reynslutími er kominn á lögin og framkvæmd þeirra sé staldrað við og íhugað hvernig hafi miðað, hvað hafi áunnist og hverju þurfi að breyta til þess að betri skipan komist á fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Um kostnað.

Fram til þessa hafa engar fastar reglur gilt um opinberan fjárstuðning til fullorðinsfræðslu heldur hafa sérstakar reglur og venjur gilt um fjárframlög til hvers einstaks þáttar fullorðinsfræðslustarfsins.

Hefur þetta leitt af sér ýmiss konar fjárhagslega mismunun á milli hinna ýmsu fullorðinsfræðslustofnana og lent á þeim nemendum sem námið stunda auk þess sem aðstöðumunur til fullorðinsfræðslu á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa og í dreifbýli hefur verið áberandi.

Í framangreindum tillögum er gert ráð fyrir að heildarskipan komist á þessi mál.

Ef árið 1978 er tekið til viðmiðunar koma eftirfarandi atriði varðandi kostnað í ljós:

1. Erfitt er að gera nákvæma grein fyrir heildarkostnaði ríkissjóðs vegna fullorðinsfræðslu árið 1978 sumpart vegna þess að endanlegt uppgjör ársins liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað, sumpart vegna þess að kostnaður við fullorðinsfræðslu er samfléttaður við annan rekstrarkostnað stofnana og sumpart vegna þess að enginn einn aðili hefur nákvæmt yfirlit yfir þá fullorðinsfræðslu sem fram fer í landinu.
2. Ætla má að árið 1978 hafi um 12 000 manns tekið þátt í einhvers konar fullorðinsfræðslu. Sá rekstrarkostnaður, sem ríkissjóður greiddi vegna þessa starfs, nam 70–80 milljónum króna.
3. Gera má ráð fyrir að ef fullorðinsfræðslustarfið árið 1978 hefði verið greitt eftir þeim reglum, sem hér eru gerðar tillögur um, hefði ríkissjóður þurft að greiða 150–170 milljónir króna. Hefði kostnaður þátttakenda, sveitarfélaga og annarra framkvæmdaraðila þá minnkað að sama skapi.
4. Samkvæmt þessu hefði kostnaðarauki ríkissjóðs árið 1978 orðið 80–100 milljónir króna miðað við þá starfsemi sem efnt var til og þær kostnaðarreglur sem hér eru gerðar tillögur um og nemur sú upphæð u.þ.b. 0,5% af framlagi ríkisins til menntamála það ár.

Ed. 497. Frumvarp til laga [264. mál]

um fjarvistarrétt foreldra vegna veikinda barna.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Þeir sem rétt eiga til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla samkvæmt ráðningarsamningi eða samkvæmt lögum nr. 19 1. maí 1979 njóta réttar samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Heimilt er foreldri að ráðstafa allt að einni viku af áunnum rétti sínum til fjarvistar vegna veikinda til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í tengslum við kjarasamninga opinberra starfsmanna haustið 1982 var samþykkt að veita félagsmönnum BSRB og BHM heimild til að nota hluta af veikindaleyfi sínu til að vera frá vinnu vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri. Ári áður hafði verið fallist á sams konar ákvæði í samningum ríkisins við starfsmannafélagið Sókn.

Heimild innan vissra marka til að sinna veikum börnum er eðlilegur réttur foreldra og sanngjarnt að slík ákvæði nái til allra launamanna. Því er frumvarp þetta flutt.

Samkvæmt 1. gr. ná þessi réttindi til þeirra sem eru í fastri vinnu, þ.e. hafa ákveðinn uppsagnarfrest eða hafa verið hjá sama atvinnurekanda í a.m.k. eitt ár, sbr. l. nr. 19 1. maí 1979 þar sem eitt vinnuár er skilgreint sem a.m.k. 1550 vinnustundir á seinustu 12 mánuðum.

Ákvæði 2. gr. er nokkurn veginn samhljóða yfirlýsingu fjármálaráðherra 3. september 1982 í tengslum við aðalkjarasamning BSRB sem birtist hér sem fylgiskjal.

Frumvarp þetta var flutt á seinasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing með aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB 3. september 1982, 1. töluliður.

YFIRLÝSING:

Fjármálaráðherra mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu aðalkjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra, dags. í dag, gefa út reglugerð um breyting á reglugerð nr. 87/1954, um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins, þannig að við bætist ný grein er hljóði svo:

Heimilt er öðru foreldra að ráðstafa allt að einni viku árlega af áunnum rétti sínum til fjarvista vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum veikindaforföllum greiðast starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag samkvæmt reglubundinni varðskrá.

Ed. 498. Frumvarp til laga [265. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

Úr niðurlagi 2. mgr. 1. gr. laganna falli brott orðin „svo og vindlingapappír og eldspýtur“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en fékk þá ekki afgreiðslu. Er það nú flutt óbreytt.

Með lögum nr. 63/1969 er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn frá útlöndum áfengi, tóbak, vindlingapappír og eldspýtur.

Lög þessi hljóta að koma öðru hverju til endurskoðunar í ljósi breyttra aðstæðna. M.a. mætti athuga hvort hagræðing væri í því fólgin að taka sérskatta ríkisins á áfengi og tóbaki með tolli í stað þess að reka umfangsmikið verslunarfyrirtæki með þessar vörur. Það mál þarfnast ítarlegrar athugunar.

Hér er gerð tillaga um þá breytingu eina að einkaréttur ríkisins til innflutnings á vindlingapappír og eldspýtum falli niður.

Einkasala á eldspýtum er fyrirbæri sem blómstraði á árunum milli heimsstyrjaldanna, m.a. að tilstuðlan sænska eldspýtnakóngsins Ivars Kreuger sem útvegaði fjárþurfa ríkisstjórnum lán gegn einokunarleyfi á eldspýtnasölu. Það fór illa fyrir Ivari þessum og dó hann í París árið 1933, og með honum dó hugmyndin um einokun á eldspýtnasölu út á næstu áratugum — nema hér. Á sama tíma og innflutningur og sala á hvers kyns eldfærum öðrum er frjáls búum við enn við einokun á eldspýtnasölu sem leitt hefur til þess að hér eru oft og tíðum eingöngu afleitar eldspýtur til sölu. Sama gildir um vindlingapappír. Engin ástæða er til að einoka innflutning og sölu á svo lítilfjörlegri vörutegund. Því er lagt til að þessi einokun verði nú afnumin.

Sþ. 499. Fyrirspurn [266. mál]

til iðnaðarráðherra um stálbræðslu.

Frá Ragnari Arnalds, Geir Gunnarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma til móts við Stálfélagið hf. í viðleitni þess til að koma á fót stálbræðslu hér á landi?

Sþ. **500. Beiðni um skýrslu** [267. mál]

frá landbúnaðarráðherra um undirbúning að svæðabúmarki og um fullvirðisrétt bænda.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. greinar laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að landbúnaðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um undirbúning að stjórn búvöruframleiðslunnar á yfirstandandi verðlagsári (1985–86) og því næsta (1986–87) þar sem m.a. komi fram:

1. hvað valdi því að ákvarðanir um stjórn mjólkurframleiðslunnar eru jafnsíðbúnar og raun ber vitni,
2. hver sé heildarfullvirðisréttur mjólkur á hverju búmarkssvæði og til einstakra framleiðenda innan hvers búmarkssvæðis eins og hann hefur verið reiknaður út og kynntur afurðastöðvum og bændum á lögbýlum á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986,
3. framleiðslubúmark nautgripaafurða (mjólkur og kjöts) og sauðfjárafurða á árinu 1985 á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum,
4. hversu mörg býli hafi búmark reiknað í ærgildisafurðum á bilinu 1–100, 101–200, 201–300 o.s.frv.:
   a. á landinu öllu,
   b. innan búmarkssvæða,
5. framleiðslumagn mjólkur á hverju búmarkssvæði og hjá einstökum framleiðendum á undanförnum 5 verðlagsárum,
6. áætluð tekjuskerðing einstakra mjólkurframleiðenda miðað við mismun á meðalframleiðslu undanfarinna þriggja verðlagsára og þeim fullvirðisrétti sem þeim hefur verið úthlutað á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986, reiknað á verðlagi í janúar 1986,
7. hvað líði undirbúningi að stjórn á framleiðslu sauðfjárafurða, bæði á búmarkssvæðum og hjá einstökum framleiðendum,
8. hvort tillit sé tekið til og þá í hve miklum mæli:
   a. landkosta á einstökum svæðum og jörðum,
   b. markaðsaðstæðna í einstökum byggðum og landshlutum við undirbúning að úthlutun á fullvirðisrétti,
9. hvort ríkisstjórnin hafi beitt sér fyrir áætlun um uppbyggingu nýrra búgreina á einstökum svæðum og lögbýlum með tilliti til þeirra breytinga sem nú ganga yfir í hefðbundnum búgreinum og þá með hvaða hætti.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 11. febrúar 1986.

Hjörleifur Guttormsson.	Garðar Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Guðrún Helgadóttir.	Helgi Seljan.
Ragnar Arnalds.	Skúli Alexandersson.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Svavar Gestsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Ed. 501. Frumvarp til laga [268. mál]

um breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nú stendur yfir endurskoðun laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, þar sem m.a. er lagt til að lögfest verði nýtt almennt ógildingarákvæði sem gildi um alla fjármunaréttarsamninga. Í frumvarpinu er m.a. gerð tillaga um, að numin verði úr gildi ógildingarákvæði einstakra sérlaga, þ.á m. 11. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.

Lög nr. 44/1979 um húsaleigusamninga þykja hér hafa nokkra sérstöðu og er því ekki talið rétt að ógildingarákvæði þeirra laga verði algjörlega fellt niður. Rök fyrir þessu eru þau að lög um húsaleigusamninga fela í sér heildarlög um þessa sérstöku gerð samninga, þar sem kveðið er á um allan feril húsaleigusamnings. Rétt þykir því að í þeim lögum komi fram, að samningi geti lokið eða verið breytt vegna ógildingarástæðna. Hins vegar þykir rétt og eðlilegt að hið almenna ógildingarákvæði skv. 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febrúar 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eigi við um húsaleigusamninga, þannig að gætt sé samræmis í löggjöf í þessu tilliti, verði frumvarpið að lögum. Því er lagt til með frumvarpi þessu, að ógildingarákvæði laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga hljóði eins og hér kemur fram.

Sþ. 502. Tillaga til þingsályktunar [269. mál]

um frelsi í innflutningi á olíuvörum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason, Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela viðskiptaráðherra að gefa frjálsan innflutning á olíuvörum með því að nema úr gildi ákvæði í reglugerð nr. 172 20. mars 1980 sem bindur leyfum innflutning á óhreinsuðum jarðolíum, bensíni, gasolíu og brennsluolíu skv. tollskrárnúmerunum 27.09.00; 27.10.19; 27.10.60 og 27.10.70.

Greinargerð.

Tilgangur þessarar tillögu er að stuðla að verðlækkun á bensíni og olíum með því að gefa innflutning á þessum vörum frjálsan og koma þannig á samkeppni í þessum mikilvægu viðskiptum.

Verð á olíum og bensíni er mun hærra á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir þetta kvarta olíufélögin yfir taprekstri, en standa reyndar jafnframt í sífelldum hallarbyggingum yfir útsölustöðvar sínar. Sem vonlegt er veitist mörgum torvelt að skilja hvaða rök liggi til alls þessa. Skýringanna mun ekki síst að leita í því fyrirkomulagi sem er á olíuversluninni á Íslandi. Samkeppni er engin, innflutningur er háður leyfum, hámarksverð og verðjöfnun er ákveðin af opinberum stjórnvöldum og í stað þess að olíufélögin komi fram sem keppinautar birtast þau sem samvirkur þrýstiaðili sem ver hagsmuni sína og knýr á um meira í sinn hlut vegna kostnaðar sem enginn vegur er að líta eftir og erfitt að hafa áhrif á, sbr. t.d. bensínstöðvahallirnar.

Í umræðum um olíumál er oft til þess vitnað hversu mikilvæg olíukaup okkar í Sovétríkjunum séu vegna sölu á afurðum þangað, en þess jafnframt getið að olíukaup af þeim hafi verið okkur hagstæð. Sé hér um hagstæð kaup að ræða, eins og fram er haldið, er ekki að efa að olíufélögin munu halda áfram að kaupa olíuna af Sovétmönnum þótt viðskiptafrelsi sé innleitt. Á hinn bóginn er ekki ólíklegt að samkeppni yrði þeim viðskiptum til góðs rétt eins og öðrum viðskiptum og gætu því orðið enn hagstæðari þegar viðskiptalegu frjálsræði hefði verið komið á.

Innflutningsfrelsi er langafdrifaríkasti þátturinn í því að auka frjálsræði og samkeppni í þessum viðskiptum. Án slíks frelsis verður nánast ekki um neina samkeppni að ræða, hvað annað sem gert væri. Jafnframt er ljóst að hagkvæmni í innkaupum ræður úrslitum um raunverulegan árangur í verðlækkun á olíuvörum. Allar aðrar aðgerðir eru nánast hégómi og fálm, svo lítilvægar sem þær eru í samanburði við innkaupsverðið.

Núverandi ófrelsi í innflutningi er ákveðið með reglugerð nr. 172 20. mars 1980, með stoð í lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Tillaga sú, sem hér er flutt, felur viðskiptaráðherra að breyta áðurnefndum ákvæðum reglugerðarinnar, enda er það á hans valdi.

Núverandi fyrirkomulag hefur gilt um langa hríð. Það hefur skilað okkur miklu dýrari olíuvörum en gildir í nágrannalöndunum. Þá er rétt að breyta fyrirkomulaginu og leita nýrrar skipunar í samræmi við það sem gildir í grannlöndunum. Því er þessi tillaga flutt. Með innflutningsfrelsi og samkeppni á að stuðla að verðlækkun á olíum og bensíni.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrædd.

Sþ. 503. Svar [99. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Jónsdóttur um staðgreiðslu búvara og afkomu afurðastöðva.

1. Lán ríkissjóðs vegna staðgreiðslu búvara.

Ríkissjóður áætlar að verja nálægt 600 milljónum króna til þess að auðvelda staðgreiðslu búvara og hefur þetta fé verið fengið að láni frá Seðlabanka Íslands.

2. Fyrirkomulag greiðslna.

Sauðfjárframleiðslan.

Staðgreiðslulán ríkissjóðs var útreiknað samkvæmt birgðum kindakjöts 1. nóv. s.l. og útborgað 15. des. s.l. Miðað var við verðlagsgrundvallarverð og það að afurðalánin dygðu fyrir 73,5% af verðinu til bænda. Afgangurinn, eða 26,5%, var síðan staðgreiðslulán ríkissjóðs. Sú upphæð er í kringum 450 milljónir króna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins sá síðan um útreikning á því hve mikið skyldi greiðast hverjum og einum sláturleyfishafa sem síðan sér um beinar greiðslur til bænda. Staðgreiðslulánið endurgreiði sláturleyfishafi þannig:

1. Með niðurgreiðslufé úr ríkissjóði á verði kindakjöts eftir sölu hverju sinni.
2. Með útflutningsbótafé úr ríkissjóði við uppgjör útflutnings.
3. Með niðurgreiðslufé úr ríkissjóði á vaxta- og geymslukostnaði kindakjöts.

Gera skal að lokinni úthlutun fjármagnsins til sláturleyfishafa áætlun um endurgreiðslur hvers og eins leyfishafa og skal nýta þá endurgreiðslumöguleika, sem fyrr voru nefndir, í sömu röð og að ofan greinir. Stefnt skal að því við þá áætlun að endurgreiðslan verði sem jöfnust í krónutölu á kg kjöts sem selst eftir 1. des. 1985.

Mjólkurframleiðslan.

Staðgreitt var í fyrsta sinn til bænda fyrir mjólkurframleiðsluna í september. Fengu þeir fulla greiðslu í byrjun október. Til þessara staðgreiðslulána áætlar ríkissjóður að verja nálægt 150 milljónum króna. Þessar greiðslur nema nálægt 10% af verði til bænda og auk þess er greitt vegna birgða tímabilsins.

Framleiðsluráð landbúnaðarins sér um greiðslur til mjólkurstöðvanna og útreikning á þeim. Mjólkurstöðvarnar sjá síðan um greiðslur til bænda. Endurgreiðslur fara fram með sambærilegum hætti og hjá sláturleyfishöfum.

3. Úttekt á stöðu afurðastöðva.

Starfandi er á vegum viðskiptaráðuneytisins nefnd um staðgreiðslu til bænda. Nefndin hefur ekki lokið störfum.

Sþ. 504. Fyrirspurn [270. mál]

til forsætisráðherra um friðarár Sameinuðu þjóðanna 1986.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hefur ríkisstjórnin skipað undirbúningsnefnd vegna friðarárs Sameinuðu þjóðanna 1986?
2. Hvaða áætlanir hefur ríkisstjórnin gert í tilefni friðarársins 1986?

Ed. 505. Frumvarp til laga [271. mál]

um fjarnám ríkisins.

Flm.: Guðrún J. Halldórsdóttir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til fjarnáms á efri hluta grunnskólastigs, framhaldsskólastigi og starfsnámsvettvangi.

2. gr.

Fjarnám, sem kostað er af almannafé, lýtur samræmdu skipulagi skv. lögum þessum.

II. KAFLI

Markmið.

3. gr.

Markmið laga þessara er að bæta og jafna aðstöðu fólks til náms óháð búsetu, aldri, efnahag og ferligetu, svo og að samhæfa og virkja alla tiltæka miðla til fræðslu, svo sem hljóðvarp, sjónvarp, myndbönd, bréfafræðslu og kennslu í fræðslustöðvum og á námskeiðum.

III. KAFLI
Þátttökuskilyrði.

4. gr.

Allir þeir, sem eru ofar skólaskyldualdri, eiga rétt á þátttöku í fjarnámi, svo og þeir á skólaskyldualdri sem vegna ytri aðstæðna eða persónulegra ástæðna verða að nýta sér fjarnám fremur en samfellda skólasetu eða sem viðauka og uppbót á það skólanám sem í boði er á heimaslóðum nemenda.

IV. KAFLI
Náms- og fræðsluskipan.

5. gr.

Námið fer fram:

a. í heimahúsum,
b. í fræðslustöðvum úti í fræðsluumdæmum,
c. á námskeiðum sem haldin eru í skólastofnunum.

6. gr.

Námsefni er:

a. almennar kjarnagreinar, svo sem íslenska, stærðfræði, danska, enska;
b. námsgreinar sem erfitt er að veita kennslu í á fámennari stöðum, svo sem raungreinar, sænska og norska;
c. námsefni handa ófaglærðu fólki til fræðslu sem samkvæmt kjarasamningum eða ákvörðun stjórnvalda á að vera í boði.

7. gr.

Miðlun fræðslunnar fer fram með bókum, bréfum, útsendingum í hljóðvarpi og sjónvarpi, á mynd- og segulböndum, í fræðslustöðvum og með stuttum námskeiðum þar sem bein kennsla og þjálfun fer fram.

8. gr.

Námsmat, þ.e. próf og vitnisburðir, í fjarnámi, skal jafngilt námsmati samsvarandi náms í hinu almenna skólakerfi.

V. KAFLI
Stjórn og samstarfsaðilar.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn fjarnáms ríkisins sem heyrir skipulagslega undir skólamálaskrifstofu ráðuneytisins. Við framkvæmd þessara laga ber ráðuneytinu að hafa sem víðtækast samráð við þá aðila í landinu sem hagsmuna hafa að gæta í því sambandi. Heimilt er að setja á stofn sérstakar samstarfs- og samráðsnefndir í þessu skyni. Nánar skal kveðið á um slíkt í reglugerð.

VI. KAFLI
Starfslið og dagleg framkvæmd.

10. gr.

Dagleg stjórn og framkvæmd verður í höndum starfsfólks í miðstöð fjarnáms ríkisins. Þar skulu starfa fjarnámsstjóri og fagstjórar sem hafa það hlutverk, í samstarfi við skólamálaskrifstofu menntamálaráðuneytisins, að annast skipulagningu starfsins og samhæfingu þeirrar fræðslu sem í boði er. Auk þess hafa þeir beina fræðslu með höndum. Miðstöð fjarnáms ríkisins starfar í nánu samstarfi við Námsgagnastofnun, Ríkisútvarp, bréfaskóla, svo og fræðslustöðvar og fræðslustjóra í fræðsluumdæmum.

VII. KAFLI
Fjármál.

11. gr.

Þar til sett hefur verið ný löggjöf um framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu fer um fjármál fjarnáms ríkisins eftir ákvæðum laga, reglugerða og samninga um einstakar tegundir náms og fræðslu á grunnskóla- og framhaldsskólastigi og í starfsnámi.

VIII. KAFLI
Reglugerðir, gildistaka og undirbúningur að framkvæmd laganna.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð eða reglugerðum um framkvæmd laganna. Við samningu reglugerða skal kveðja til fulltrúa sem flestra þeirra er hagsmuna eiga að gæta við framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eins fljótt og auðið er að dómi menntamálaráðuneytisins og eigi síðar en að 5 árum liðum.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa verið í framkvæmd í 5 ár skulu þau endurskoðuð og þeim breytt í ljósi þeirrar reynslu sem áunnist hefur.

Greinargerð.

Frumvarpi þessu um fjarnám ríkisins er ekki ætlað að leysa af hólmi stofnanir sem fræðslu stunda í landinu og hafa haldið uppi fjarnámi eða fullorðinsfræðslu í einhverri mynd, heldur er því ætlað að efla og örva samstarf þeirra og fylla upp í þau skörð sem kunna að vera í framboði náms og fræðslu.

Hverri þjóð, sem vill kenna sig við menningu og framfarir, er þörf á því að halda uppi fjölbreyttri fræðslu fyrir þegna sína. Því betri sem grunnfræðslan er þeim mun líklegra er að háu marki verði náð á efri stigum skólakerfisins. Þess vegna fjallar frumvarpið um fjarnám á undirstöðustigum menntunar, bæði almennrar og verklegrar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með heitinu fjarnám er átt við fræðslu og nám þar sem þeir, sem námið iðka, hafa aðsetur fjarri þeim sem skipuleggja og veita fræðsluna.

Víða úti um land eiga skólar í erfiðleikum með að veita þá fræðslu sem óskað er vegna fámennis eða kennaraeklu. Við slíkar aðstæður mun fjarnám og fjarfræðsla koma skólum og nemendum á grunnskóla- og framhaldsskólastigi að góðum notum, einnig sem viðbót við kennslu í einstökum kennslugreinum.

Margir nemendur búa svo afskekkt að þeir verða að dveljast langdvölum að heiman til að fá almenna skólafræðslu. Fjarnám og fjarfræðsla gæti stytt þeim dvölina að heiman og lækkað námskostnað þeirra til muna.

Ekki síst mundi fjarnám koma fullorðnum að gagni þar eð þeir eiga enn erfiðara um vik að sækja nám fjarri heimaslóðum en ungmennin. Vaktavinnufólk og fólk með skerta ferligetu mundi með fjarnámi fá mjög bætta aðstöðu til náms.

Í greininni er einnig rætt um starfsnám. Þar er átt við starfsnám ófaglærðs starfsfólks í mörgum greinum, ekki síst í höfuð- og undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, en þar er um lítt plægðan akur að ræða og brýnt að úr verði bætt hið fyrsta.

Í annan stað er mikill skortur á starfsnámi fyrir ófaglært fólk í umönnunarstörfum sem unnið gæti við hlið hinna faglærðu.

Um 2. gr.

Tekið er fram að ákvæði greinarinnar og þar með lagafrumvarpsins í heild miðist við nám sem kostað er af almannafé. Hvorki er æskilegt né réttlætanlegt að leggja sérstakar skipulagskvaðir á ýmiss konar frjálst nám og fræðslustarfsemi sem ríki og sveitarfélög bera ekki fjárhagslega ábyrgð á þótt þau kynnu að styrkja hana að einhverju marki. Um starfsnám, sem e.t.v. yrði kostað af vinnuveitendum að hluta, mundu settar sérstakar reglur í samræmi við 9. og 12. gr. þessara laga.

Um 3. gr.

Hér eru nefnd meginmarkmið laganna, þ.e. að jafna aðstöðu fólks bæði, ungmenna og fullorðinna, til náms.

Í jafndreifbýlu landi og Íslandi ber nauðsyn til að gera sérstakar ráðstafanir til að létta þeim námsöflun sem strjált búa.

Það er alkunna að fullorðnir vinna langan vinnudag og bera margir þungar fjárhagslegar byrðar hér á landi. Frá ábyrgð og skyldum getur fólk ekki hlaupið og þær verða því oft fjötur um fót þegar náms skal aflað til að bæta afkomu og lífsaðstöðu. Þennan vítahring, sem margir eru í, þarf að rjúfa.

Fjölmargar aðrar ástæður geta legið til þess að fjarnám er eina færa leiðin fyrir þá sem búa við t.d. skerta ferligetu, stunda vaktavinnu eða eru bundnir yfir börnum eða sjúklingum.

Í annan stað er það markmið laganna að efla og samhæfa þá mörgu tiltæku miðla sem lítt eða ekki eru nýttir til skipulagðs náms og fræðslu í landinu.

Í greininni er það nýmæli að rætt er um *fræðslustöðvar*. Þar er átt við það að í hverju fræðsluumdæmi þarf að vera ein stöð sem þeir, er fjarnám stunda, geta leitað til og fengið leiðsögn og nýtt kennslugögn og tæki. Fræðslustöðin væri best komin í nánum tengslum við kennslugagnamiðstöðvar þær sem koma þarf upp í fræðsluumdæmum en á meðan slíkar kennslugagnamiðstöðvar eru ekki til væru fræðslustöðvar fjarnáms í tengslum við fræðslustjóra hvers umdæmis.

Um 4. gr.

Í greininni er kveðið á um það grundvallaratriði að allir þeir, sem eru ofar skólaskyldualdri, eigi rétt á þátttöku í fjarnámi. Einnig það, sem áður hefur verið nefnt, að nemendur á skólaskyldualdri eigi að geta stundað fjarnám í stað eða jafnhliða almennu skólanámi sé það hagkvæmt eða nauðsynlegt.

Um 5.–7. gr.

Í greinum þessum er fjallað um nám, námsefni og miðlun fræðslunnar. Námið á að mestu að fara fram í heimahúsum en gert er ráð fyrir að í hverju fræðsluumdæmi sé a.m.k. ein fræðslustöð sem nemendur geta sótt til með vissu millibili og fengið leiðbeiningar og afnot af kennslugögnum og tækjum. Einnig er gert ráð fyrir að haldin verði stutt námskeið í stöðvunum og heimavistarskólum eða á öðrum stöðum sem hæfa, til að veita beina kennslu og örva og efla sjálfsnámið. Námsefni verður að vera það sem á hverjum tíma reynist nauðsynlegt en reynslan hefur sýnt að mest þörf muni verða á fræðslu í þeim fögum sem nefnd eru í 6. gr. Það er einnig ljóst að í boði þarf að vera námsefni frá byrjunarstigum upp til stúdentsprófs.

Um námsefni ófaglærðs fólks er það að segja að vinda þarf bráðan bug að samantekt þess og mundi það verða í verkahring starfsfólks fjarnáms í samvinnu við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 9. og 12. gr.

Á síðustu árum hafa komið til sögu æ fleiri náms- og fræðslumiðlar og eru þeir helstu nefndir í 7. gr. Öflugusta fræðslan fer þó fram frá leiðbeinanda til nemanda og er því

mikilvægt að í fræðslustöðvum sé starfsmaður með góða almenna kennaramenntun og að til námskeiðanna veljist hinir hæfustu kennarar. En á námskeiðunum mundu m.a. fara fram tilraunir í raungreinum og talæfingar í tungumálum.

Um 8. gr.

Próf og kunnáttukannanir yrðu með sama hætti og fræðslan, með heimaverkefnum og prófum á námskeiðsstöðum eða í skólum eftir því sem handhægast þætti.

Í greininni er kveðið á um það sjálfsagða atriði að námsmat frá fjarnámi ríkisins skuli vera jafngilt námsmati hins almenna skólakerfis, enda ættu nemendur með slíkt námsmat rétt á inngöngu í skóla til jafns við nemendur úr hinu almenna skólakerfi. Telja verður eðlilegt að námsmat úr starfsnámi verði hægt að telja til stiga eða punkta til jafns við valgreinar á framhaldsskólastigi.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um að yfirstjórn fjarnáms ríkisins sé í höndum menntamálaráðuneytisins en að ráðuneytinu beri að hafa sem víðtækast samráð við þá sem hagsmuna hafa að gæta. Þar er m.a. um að ræða sveitarfélög og verkalýðsfélög, svo og ýmsa þá sem miðlun fræðslunnar munu annast og er líklegt að nauðsyn beri til að setja á stofn samstarfs- og samráðsnefndir um stjórn og framkvæmd.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um starfslið fjarnáms ríkisins. Í miðstöð fjarnáms yrðu starfandi fjarnámsstjóri og fagstjórar auk aðstoðarfólks en í fræðslustöðvum yrðu einn eða fleiri leiðbeinendur eftir því sem þörf leiðir í ljós.

Miðstöð fjarnáms yrði komið fyrir í námunda við Námsgagnastofnun ríkisins og ætti náið samstarf við hana, svo og aðra sem miðla mundu fræðsluefni.

Fræðslustöðvar yrðu a.m.k ein í hverju fræðsluumdæmi og væri komið fyrir eins og sagt er í athugasemdum við 3. grein.

Auk þess starfsfólks, sem nefnt hefur verið, er líklegt að lausráða þurfi kennara til að kenna á námskeiðum sem haldin yrðu úti um land.

Um 11. gr.

Í greininni er kveðið á um að kostnaður við fjarnám ríkisins sé greiddur á sama hátt og við almennt skólahald grunn- og framhaldsskóla. Um kostnað hljóðvarps og sjónvarps þurfa að koma til þær reglur sem um útsendingu annarra dagskrárliða gilda. Um kostnað við gerð námsefnis starfsnáms og kennslu á þeim vettvangi þyrfti að setja sérstök reglugerðarákvæði unnin í samvinnu fulltrúa ríkisins, stéttarfélaga og vinnuveitenda.

Um 12. gr.

Líklegt er að setja verði a.m.k. tvær reglugerðir er varða fjarnám ríkisins, aðra um nám sem hliðstætt teldist almennu skólanámi, hina um starfsnám.

Um 13. gr.

Þó að lög þessi hafi að geyma nýmæli er auðvelt að hrinda þeim í framkvæmd og 5 ára undirbúningstími ætti því að vera yfrið nægur.

Um 14. gr.

Greinin kveður á um endurskoðun laganna eftir 5 ára starfsemi fjarnáms ríkisins og hlýtur það að teljast sjálfsagt og nauðsynlegt um nýmæli sem þessi.

Ed. 506. Frumvarp til laga [272. mál]

um ríkisendurskoðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Annast hún endurskoðun hjá ríkisstofnunum og þeim aðilum öðrum sem hafa með höndum rekstur eða fjárvörslu á vegum ríkisins. Enn fremur hefur hún eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Ríkisendurskoðun skal vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, sbr. 43. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Ríkisendurskoðun er óháð ráðuneytum og öðrum handhöfum framkvæmdarvaldsins.

2. gr.

Forsetar Alþingis ráða í sameiningu forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi. Ríkisendurskoðandi skal hafa löggildingu sem endurskoðandi. Launakjör hans skulu ákveðin af Kjaradómi. Ríkisendurskoðandi er starfsmaður Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki sameinaðs Alþingis, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.

3. gr.

Ríkisendurskoðandi nýtur sjálfstæðis í starfi sínu og er ekki bundinn af fyrirmælum um einstaka þætti þess. Forsetar Alþingis geta þó, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál.

Ríkisendurskoðandi stjórnar ríkisendurskoðun. Hann ræður starfsmenn og skal leitast við að þeir hafi staðgóða menntun og þekkingu og séu í einu og öllu óháðir ráðuneytum og stofnunum sem þeir vinna að endurskoðun hjá.

4. gr.

Ríkisendurskoðun er heimilt að fela óháðum löggiltum endurskoðendum að vinna að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin í lögum þessum.

5. gr.

Reikningar ríkisendurskoðunar skulu endurskoðaðir af óháðum löggiltum endurskoðanda sem tilnefndur er af forsetum Alþingis.

Reikningsskil ríkisendurskoðunar skulu birt í ríkisreikningi.

6. gr.

Ríkisendurskoðun skal annast endurskoðun ríkisreiknings og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkvæmt fjárlögum eða af öðrum tekjum samkvæmt sérstökum lögum.

Enn fremur skal ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, þar með talin hlutafélög og ríkisbankar.

7. gr.

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé.

Þá getur ríkisendurskoðun rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

8. gr.

Endurskoðun skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur.
2. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

9. gr.

Ríkisendurskoðun getur framkvæmt stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum en í slíkri endurskoðun felst að könnuð sé meðferð og nýting á ríkisfé. Skal stofnunin vekja athygli hlutaðeigandi stjórnvalda á því sem úrskeiðis fer í rekstri og gera tillögur um úrbætur.

10. gr.

Í störfum sínum samkvæmt 6. gr. á ríkisendurskoðun aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum. Þá getur ríkisendurskoðun krafist þeirra upplýsinga og gagna sem þýðingu geta haft við störf hennar samkvæmt 7. gr.

Ríkisendurskoðun ákveður hvar og hvenær endurskoðað er. Þegar ákveðið er að endurskoðun fari fram í skrifstofu stofnunar eða ríkisfyrirtækis er þeirri stofnun skylt að veita alla aðstöðu sem þarf til að unnt sé að endurskoða þar.

Ríkisendurskoðun getur kveðið á um frest þeim til handa sem standa eiga skil á gögnum til endurskoðunar, svo og frest til þess að svara athugasemdum sem gerðar hafa verið við bókhald eða fjárvörslu.

11. gr.

Nú ákveður ríkisendurskoðandi að beita ákvæðum 7. og 9. gr. og skal hann þá gera fjárveitinganefnd grein fyrir ákvörðunum sínum. Fjárveitinganefnd getur og haft frumkvæði að athugunum samkvæmt þessum lagaákvæðum.

12. gr.

Árlega skal samin heildarskýrsla um störf ríkisendurskoðunar á liðnu almanaksári. Skal hún lögð fyrir Alþingi.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

3. Ákvæði um endurskoðun og endurskoðendur í eftirtöldum lögum:
   Lög nr. 1/1938, 5. gr.
   Lög nr. 35/1948, 6. gr.
   Lög nr. 38/1951, 13. gr.
   Lög nr. 23/1955, 13. gr.
   Lög nr. 61/1966, 13. gr.
   Lög nr. 43/1971, 8. gr.
   Lög nr. 44/1976, 10. gr.
   Lög nr. 51/1983, 7. gr.
   Lög nr. 60/1984, 4. gr.
   Lög nr. 64/1985, 21. gr.
   Lög nr. 70/1985, 10. gr.
   Lög nr. 86/1985, 40. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og eftir samkomulagi stjórnarflokkanna, skipaði forsætisráðherra hinn 18. ágúst 1983 nefnd til þess að semja tillögur um hvernig gera mætti stjórnkerfið virkara og bæta stjórnarhætti. Segir í skipunarbréfi nefndarinnar m. a. að markmið slíkra fyrirhugaðra stjórnkerfisbreytinga sé að efla eftirlit löggjafarvalds með framkvæmdarvaldinu.

Í nefndina voru skipuð þau Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, Bjarni Einarsson aðstoðarforstjóri Byggðastofnunar, Helga Jónsdóttir aðstoðarmaður forsætisráðherra og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður. Starfsmaður nefndarinnar er Þórður Ingvi Guðmundsson stjórnsýslufræðingur.

Nefndin samdi frumvarp til laga um ríkisendurskoðun sem lagt var fyrir síðasta þing. Það frumvarp hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram á ný með ýmsum breytingum sem á voru gerðar eftir meðferð þess á Alþingi.

Núverandi starfsemi ríkisendurskoðunar hvílir á heimildum laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73 frá 28. maí 1969. Er þar svo kveðið á að ríkisendurskoðun sé sérstök stjórnardeild og lúti fjármálaráðherra.

Með þessu frumvarpi er einkum ráðgerð sú skipulagsbreyting á starfsemi ríkisendurskoðunar að hún lúti framvegis forræði Alþingis.

II.

Í þingstjórnarlöndum er þjóðþingum fengið úrslitavald um fjárstjórn. Ekki verður samt talið að þessi fjárstjórnarréttur sé í eðli sínu löggjafarmálefni. Fjárlög eru t. d. í reynd áætlun um tekjur og gjöld ríkisins sem ætlað er að ná yfir tiltekið tímabil og eru háð samþykki Alþingis. Þessi áætlun hefur lagagildi, þótt með nokkuð sérstökum hætti sé.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi er samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar hjá ríkisstjórn, en endanleg gerð fjárlaga er í höndum Alþingis. Má því segja að þessi skipan tengi á þýðingarmikinn hátt starfsemi stjórnvalda og löggjafans.

Stjórnarskráin fær Alþingi fjárveitingavaldið í hendur. Er sú ráðstöfun hyrningarsteinn þingræðisskipulagsins því að telja verður að sá sem valdið hefur í þeim efnum ráði í reynd mestu um stjórn ríkisins almennt.

Stjórnarskráin fær Alþingi í hendur valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Það er því rökrétt að á vegum löggjafans fari fram endurskoðun á því hvernig framkvæmdarvaldið, sem annast framkvæmd fjárlaga, hafi nýtt fjárlagaheimildir Alþingis, svo og hvort farið hafi verið

út fyrir þær. Í samræmi við þessi sjónarmið er nú lagt til að þetta starf færist frá stjórnvöldum til Alþingis.

Segja má að fjárstjórnarvald Alþingis sé fólgið í tvennu: fyrir fram gerðri áætlun um tekjur og gjöld ríkisins um ákveðið tímabil og eftirliti — endurskoðun — með því að þeirri áætlun sé fylgt.

Hér á landi eru fjárveitingar og áætlanir um tekjur ákveðnar með fjárlögum og fjáraukalögum. Hefur sá háttur verið hafður á frá því að Alþingi fékk löggjafarvald með stjórnarskránni 1874.

Í 43. gr. stjórnarskrárinnar er boðið að reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil skuli, að endurskoðun lokinni, safnað saman í einn reikning er leggja á fyrir Alþingi til samþykktar. Ljóst er að með þessu ákvæði er ríkisstjórn skylduð til að standa löggjafanum reikningsskil á framkvæmd fjárlaganna. Þessum reikningsskilum fylgir Alþingi síðan eftir með því að kjósa sérstaka trúnaðarmenn til þess að endurskoða ríkisreikninginn. Hefur því svo verið frá hnútum gengið frá setningu stjórnarskrárinnar að löggjafanum beri að annast endurskoðun ríkisreikninga.

Hins vegar hefur farið svo að ár frá ári hefur reikningum fjölgað með auknum umsvifum ríkisins og komast þrír menn, sem Alþingi kýs til þess að annast endurskoðun, ekki yfir allt það verk samtímis öðrum störfum.

Hin umboðslega endurskoðun, sem nú hefur töluverðum mannafla — þar á meðal sérfræðingum — á að skipa, hefur því stöðugt farið vaxandi. Var reyndar sett löggjöf um reikningsskil og endurskoðun á árinu 1931 þar sem komið var á fót sérstakri endurskoðunardeild í fjármálaráðuneytinu.

Endurskoðun ríkisreikninga er því tvenns konar, annars vegar er hin umboðslega endurskoðun, nú eftir ákvæðum laga nr. 73/1969 og heyrir undir fjármálaráðherra, og hins vegar endurskoðun af hálfu Alþingis samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Með þessu frumvarpi er lagt til að ríkisendurskoðun starfi hér eftir í beinum tengslum við Alþingi undir yfirstjórn þess og á ábyrgð þess.

Telja verður að endurskoðun ríkisfjármála geti því aðeins skilað viðunandi árangri að stofnun sú, sem annast hana, sé óháð þeim sem endurskoðunin beinist að. Ríkisstofnanir geta að vísu ekki orðið fullkomlega óháðar og sjálfstæðar þar sem þær eru hluti af ríkisheildinni. Sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður þó best tryggt með því að færa forræði hennar til löggjafans. Verður að telja eðlilegt að í framtíðinni verði staða ríkisendurskoðunar ákveðin í stjórnarskránni.

III.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er aðaltilgangur þess að flytja ríkisendurskoðun undir vald Alþingis. Eftir því sem opinber umsvif hafa aukist í þjóðfélaginu hefur þörfin á eftirliti Alþingis vaxið.

Jafnframt þessu er nú einnig stefnt að því að styrkja starfsaðstöðu Alþingis við gerð fjárlaga. Víða erlendis hafa fjárlaganefndir þinga sérstaka skrifstofu þar sem sérmenntaðir menn starfa allt árið að margháttuðum rannsóknum og athugunum er varða fjárlög. Er þá lögð áhersla á að þessir trúnaðarmenn löggjafarvaldsins hafi nána samvinnu við þá fulltrúa stjórnvalda sem starfa að undirbúningi og framkvæmd fjárlaga.

Skyldan til þess að leggja fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi hvílir á framkvæmdarvaldinu. Ber ríkisstjórnin, og einkum fjármálaráðherra, ábyrgð á að fjárhagsáætlun fyrir ríkið sé gerð og lögð fyrir Alþingi í frumvarpsformi. Er sú skipan mála eðlileg þar sem handhafar framkvæmdarvalds hafa betri tök en aðrir á að kynna sér fjárþörf ríkisstofnana og tekjur þeirra.

Nauðsyn ber til þess að Alþingi og nefndir þess fjalli um fjárlagafrumvörp og önnur fjárhagsleg málefni óháð stjórnvöldum. Til þess þarf Alþingi eigin sérfræðiaðstoð og er ríkisendurskoðun ætlað það hlutverk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Nafn stofnunarinnar yrði skv. frumvarpi þessu óbreytt, ríkisendurskoðun. Var það nafn fyrst tekið inn í lög nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands.

Meginefni þessa frumvarps er að gera löggjafarvaldinu kleift að sinna með eigin stofnun endurskoðun og eftirliti með fésýslu ríkisins. Stjórnarskrá ríkisins fær Alþingi valdið til þess að ákveða fjárveitingar. Hún gerir jafnframt ráð fyrir endurskoðun á þess vegum. Hér er stefnt að því að löggjafinn láti endurskoða á sínum vegum hvernig framkvæmdarvaldið hefur notað heimildir þær sem Alþingi samþykkti.

Til þess að tryggja sjálfstæði ríkisendurskoðunar verður stofnunin að vera óháð ríkisstjórn og stjórnvöldum, enda þiggur hún vald sitt og umboð frá Alþingi án milligöngu framkvæmdarvaldsins.

Skyldan til að leggja fram fjárlagafrumvarp hvílir á ríkisstjórn en gerð þess er aðallega í höndum Fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Alþingi er hins vegar rétt og skylt að setja fjárlög og ráða fjárveitingum hverju sinni. Fjárveitinganefnd hefur aðeins á að skipa einum starfsmanni hluta ársins og leggur Fjárlaga- og hagsýslustofnun hann til. Auk þess situr hagsýslustjóri fundi nefndarinnar við yfirferð frumvarpsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun leggi þingnefndum til sérhæfða starfskrafta sem geta starfað að margháttuðum umsögnum og upplýsingaöflun varðandi fjárhagsmálefni ríkisins. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir að hún veiti yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings alla nauðsynlega aðstoð. Nefna má að fjárveitinganefnd berst fjöldi erinda og breytingartillagna sem taka þarf afstöðu til, bæði frá opinberum stofnunum og einstaklingum. Vegna margháttaðrar þekkingar, sem ríkisendurskoðun hefur á þessu sviði, er æskilegt að hún veiti þar ráðgjöf og aðstoð.

Um 2. gr.

Samkvæmt þingskaparlögum, nr. 52/1985, eru það forsetar Alþingis sem í sameiningu skipa skrifstofustjóra þess. Hér er gerð tillaga um hliðstæða skipan varðandi starf forstöðumanns ríkisendurskoðunar á vegum Alþingis. Þó er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðandi verði ráðinn til 6 ára í senn og er það í samræmi við tillögur í frumvarpi til laga um Stjórnarráð Íslands um ráðningar í opinber störf. Talið er rétt að horfið sé frá gömlu reglunni um æviráðningu og skipun í störf. Gert er ráð fyrir að launakjör ríkisendurskoðanda séu ákveðin af Kjaradómi svo sem er um ýmsa aðra æðstu embættismenn. Þær kröfur eru gerðar til menntunar ríkisendurskoðanda að hann sé löggiltur endurskoðandi. Það hefur ekki áður verið bundið í lögum en nauðsynlegt þykir að hann búi yfir slíkri þekkingu. Sem starfsmaður Alþingis ber ríkisendurskoðandi ábyrgð gagnvart því og geta forsetar Alþingis vikið honum úr starfi ef meiri hluti þingmanna í sameinuðu þingi samþykkir það. Enn fremur geta forsetar Alþingis sett ríkisendurskoðun starfsreglur á grundvelli þessara laga.

Um 3. gr.

Miklu skiptir að sjálfstæði ríkisendurskoðanda í starfi sé sem best tryggt. Er hér á því byggt að hann njóti svipaðrar réttarstöðu gagnvart forsetum Alþingis og ríkissaksóknari hefur gagnvart dómsmálaráðherra. Er ríkisendurskoðandi því ekki bundinn af fyrirmælum um daglegan rekstur og einstaka þætti starfs síns. Hins vegar geta forsetar Alþingis, hvort sem er að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna, krafið hann skýrslna um einstök mál. Er þinginu þar með opnuð leið til þess að láta stofnun á eigin vegum rannsaka einstök mál sem upp kunna að koma ef spurning er um hvort óeðlilega eða óvarfærnislega hafi verið staðið að fésýslu af hálfu þeirra er stjórna rekstri í almenningseign.

Ríkisendurskoðandi stjórnar ríkisendurskoðun og ræður henni starfsmenn. Ekki eru fyrirmæli um sérstaka menntun þeirra en hjá ríkisendurskoðun þurfa þó að starfa löggiltir endurskoðendur og starfsmenn með sérþekkingu á fjárlagagerð og ríkisfjármálum.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að hafa í lögunum heimild til þess að fela löggiltum endurskoðendum utan stofnunarinnar endurskoðun eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Það er ríkisendurskoðun hagkvæmt að geta leitað til sjálfstæðra endurskoðenda um einstök verkefni. Slíkt veitir aukna yfirsýn í endurskoðunarstarfi og fjölbreytni í vinnubrögðum.

Um 5. gr.

Rétt er að óháður aðili endurskoði reikninga ríkisendurskoðunar. Þykir eðlilegast að forsetar Alþingis kveði á um það hver til þess verður valinn.

Um 6. gr.

Almenna reglan er sú að öll meðferð ríkisfjár sæti endurskoðun. Lagt er til að stofnunin endurskoði ríkisreikning og reikninga stofnana, sjóða og annarra aðila þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði. Eftir sem áður verður ákveðin innri endurskoðun og dagleg endurskoðun að fara fram hjá framkvæmdarvaldinu sjálfu. Gert er ráð fyrir að sambandið þar á milli verði hliðstætt og tíðkast hjá stórum fyrirtækjum og óháðum löggiltum endurskoðendum sem fyrir þau starfa.

Enn fremur er ríkisendurskoðun ætlað að endurskoða reikninga fyrirtækja og stofnana sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira og eru þar með taldir ríkisbankar og hlutafélög. Gert er ráð fyrir því að Alþingi hætti að kjósa endurskoðendur samkvæmt sérstökum lögum og tilnefna endurskoðendur í fyrirtækjum eða stofnunum sem rekin eru á ábyrgð ríkisins. Þegar Alþingi hefur fengið sína eigin stofnun til þess að annast endurskoðun sýnist með öllu óþarft að það kjósi sérstaka endurskoðendur til slíkra starfa. Er því lagt til í niðurlagsákvæði frumvarpsins að lagaákvæði, sem kveða á um slíkt, falli niður.

Um 7. gr.

Rétt er að veita ríkisendurskoðun heimild til þess að kanna hvernig framlög og styrkir úr ríkissjóði hafa verið notaðir. Er það í samræmi við þá meginreglu að öll ríkisútgjöld sæti endurskoðun. Er því litið svo á að þeir sem sækja um styrki og framlög af almannafé sætti sig jafnframt við að gengið sé úr skugga um að féð hafi verið notað til þess sem ráðgert var og komi að þeim notum sem að var stefnt. Misnotkun slíkra framlaga gæti leitt til kröfu um endurgreiðslu.

Ljóst er að ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að margháttaðri starfsemi. Jafnframt tekur ríkið þátt í atvinnurekstri í samstarfi við aðra aðila. Með 2. málsgrein er ríkisendurskoðun veitt heimild til að rannsaka reikningsskil stofnana og fyrirtækja þegar svo stendur á. Þetta er gert í því skyni að ríkisendurskoðun geti gætt hagsmuna ríkisins samkvæmt þeim reglum sem um reksturinn gilda en veitir stofnuninni ekki sérstakan rétt umfram það.

Um 8. gr.

Við gerð endurskoðunarskýrslu skal ríkisendurskoðun greina frá því hvort viðkomandi reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur og enn fremur hvort heimildir fjárlaga og annarra laga og starfsvenjur séu í heiðri hafðar.

Um 9. gr.

Með ríkisendurskoðun undir stjórn Alþingis gefst því kostur á þeirri sjálfstæðu sérfræðiaðstoð sem löggjafann hefur hingað til skort. Þannig gefst þinginu betra tækifæri til þess að sinna fjárhagslegu eftirliti í ríkisrekstri. Tilgangur þessarar frumvarpsgreinar er að efla frumkvæði löggjafans til afskipta af framkvæmd fjárlaga og rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins með framkvæmd svonefndrar stjórnsýsluendurskoðunar. Er þá gert ráð

fyrir að ríkisendurskoðun kanni meðferð og nýtingu á ríkisfé og geri beinar tillögur til hlutaðeigandi stjórnvalda um úrbætur þar sem hún kemst á snoðir um hluti sem betur mega fara.

Um 10. gr.

Í greininni er kveðið á um að ríkisendurskoðun skuli eiga aðgang að gögnum sem máli skipta í starfi hennar. Þegar um er að ræða stofnanir og félög sem ríkissjóður tekur þátt í með öðrum, t.d. hlutafélög, takmarkast heimildir ríkisendurskoðunar til að kalla eftir gögnum að sjálfsögðu af reglum viðkomandi stofnunar eða félags. Þannig hefur t.d. ríkið sem hluthafi í hlutafélagi aðeins sama rétt og aðrir hluthafar til að krefjast gagna eins og sá réttur er ákveðinn í samþykktum félagsins eða hlutafélagalögum. Frumvarpinu er auðvitað ekki ætlað að skapa ríkinu aukinn rétt að þessu leyti.

Um 11. gr.

Eðlilegt þykir að ríkisendurskoðandi geri fjárveitinganefnd sérstaklega grein fyrir ákvörðunum sínum um að kanna reikningsskil stofnana og sjóða, sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, og athugunum um ráðstöfun styrkja og framlaga á fjárlögum. Á sama hátt er rétt að fjárveitinganefnd sé upplýst um ef framkvæma á stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum, enda er það eitt af hlutverkum fjárveitinganefndar að gera athugasemdir við framkvæmd fjárlaga verði nefndin vör við eitthvað sem betur má fara.

Um 12. gr.

Rétt er að ríkisendurskoðun semji árlega heildarskýrslu til Alþingis um endurskoðunarstarfið og gang mála á því sviði. Slík skýrslugerð kemur einnig til greina oftar ef um er að ræða mikilsverð mál eða upplýsingar. Það tryggir þinginu ítarlegar upplýsingar og umræður sem nauðsynlegar eru til eftirlits og aðhalds í ríkisfjármálum. Niðurstöður endurskoðunar ríkisendurskoðunar hjá einstökum stofnunum koma einnig að fyllri notum ef Alþingi hefur tök á að fylgja þeim ábendingum eftir.

Um 13. gr.

Til hægðarauka eru hér tekin saman þau lagaákvæði um endurskoðun og endurskoðendur sem gerð er tillaga um að felld verði niður í 3. tl. greinarinnar:

Síldarverksmiðjur ríkisins Lög nr. 1/1938 (5. gr.)	Endurskoðendur verksmiðjanna eru þrír, skipaðir af atvinnumálaráðherra, eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna, til eins árs í senn.
Sementsverksmiðja ríkisins Lög nr. 35/1948 (6. gr)	Endurskoðendur verksmiðjunnar eru tveir, skipaðir af atvinnumálaráðherra til tveggja ára í senn, ...
Landshöfnin Rifi Lög nr. 38/1951 (2. málsl. 13. gr.)	Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn.
Landshöfnin í Keflavík/Njarðvík Lög nr. 23/1955 (2. málsl. 13. gr.)	Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn.
Landshöfn í Þorlákshöfn Lög nr. 61/1966 (2. málsl. 13. gr.)	Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn.

Áburðarverksmiðja ríkisins Lög nr. 43/1971 (8. gr.)	Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra, og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.
Fiskveiðasjóður Íslands Lög nr. 44/1976 (4. málsl. 10. gr.)	Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn.
Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins Lög nr. 51/1983 (2. mgr. 7. gr.)	Enn fremur skipar ráðherra tvo endurskoðendur.
Húsnæðisstofnun ríkisins Lög nr. 60/1984 (3. málsl. 1. mgr. 4. gr.)	Alþingi kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara.
Byggðastofnun Lög nr. 64/1985 (21. gr.)	Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Byggðastofnunar.
Framkvæmdasjóður Íslands Lög nr. 70/1985 (1. og 2. málsl. 10. gr.)	Sameinað Alþingi kýs tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga Framkvæmdasjóðs. Forsætisráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði endurskoðenda.
Landsbanki Íslands, Útvegsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands Lög nr. 86/1985 (1. mgr. 40. gr.)	Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn og skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofu sem ráðherra skipar til sama tíma.

Sþ. 507. Nefndarálit [11. mál]

um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og athugað þær umsagnir sem henni bárust. Fram hefur komið í umsögnum að víða eru heimilisstörf metin til starfsreynslu í kjarasamningum.

Nefndarmenn leggja til að þingsályktunartillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem tillaga þessi fjallar um efni sem ber að semja um í kjarasamningum en ekki ákvarða með fyrirmælum frá Alþingi telur sameinað þing ekki ástæðu til ályktunar í þessu máli og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Benediktsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi, 13. febr. 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Pétur Sigurðsson. Eggert Haukdal.

Birgir Ísl. Gunnarsson. Eiður Guðnason.

Ed. 508. Frumvarp til laga [273. mál]

um þjóðfund um nýja stjórnarskrá.

Flm.: Stefán Benediktsson, Kolbrún Jónsdóttir.

1. gr.

Kveðja skal saman þjóðfund er álykta skal um nýja stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

2. gr.

Þjóðfundur skal skipaður 60 fulltrúum, kosnum með jöfnum atkvæðisrétti allra landsmanna sem kosningarrétt hafa.

Fulltrúar á þjóðfund skulu kosnir hlutfallskosningu í núverandi kjördæmum og skulu um kosningu þeirra gilda lög um kosningar til Alþingis eftir því sem við getur átt, þ. á m. um kosningu varafulltrúa.

Forsætisráðherra skal setja nánari reglur um kosningar til þjóðfundar, m. a. um fresti til framlagningar kjörskráa, framboð og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

3. gr.

Kosningar til þjóðfundar skulu fara fram síðasta laugardag í ágúst 1987.

4. gr.

Þjóðfundur skal koma saman í fyrsta sinn 17. júní 1988. Hann skal standa þrjá mánuði hvert sumar og skal ljúka störfum innan fimm ára.

5. gr.

Forseti sameinaðs Alþingis skal setja þjóðfund, stýra fundum hans og slíta honum.

Þjóðfundur skal starfa í einni málstofu. Þrjár umræður skulu fara fram um ályktun fundarins. Að öðru leyti skulu þingsköp Alþingis gilda sem fundarsköp þjóðfundar.

Forseti sameinaðs Alþingis skal leggja fram tillögu um nefndaskipun á þjóðfundi og aðra vinnutilhögun.

6. gr.

Forsætisráðherra skal leggja fyrir þjóðfund skýrslu um störf og tillögur nefnda sem unnið hafa að endurskoðun stjórnarskrárinnar frá því að hún var fyrst sett.

7. gr.

Þjóðfundur skal haldinn í húsakynnum Alþingis og skulu starfsmenn Alþingis vera starfsmenn þjóðfundar. Heimilt skal að ráða til starfa, meðan þjóðfundur situr, sérfróða menn um einstaka þætti stjórnarskrárinnar.

Þjóðfundarmenn skulu njóta sömu kjara og alþingismenn frá kjördegi til fundarloka ár hvert.

8. gr.

Er þjóðfundur hefur lokið störfum skal forsætisráðherra leggja ályktun þjóðfundar fyrir Alþingi sem frumvarp til stjórnarskipunarlaga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Inngangur.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt.

Í rúmlega 40 ár hafa nefndir á vegum Alþingis unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar í þeim tilgangi að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Svo virðist sem þingmenn telji sig þar í hlutverki konungs sem á sínum tíma færði þjóðinni frelsisskjal sem rómað er í ljóðum. Í þessari afstöðu þingmanna og flokksforingja felst gróf lítilsvirðing á hugmyndum upplýsts fólks um uppruna valds og hlutverk þjóðkjörinna þinga í nútímanum. Það er augljóslega ekki hlutverk Alþingis að færa þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það er þjóðin sjálf sem á að setja sér stjórnarskrá. Með henni ákveður hún hvers konar stjórnarfar hún vill og hvaða grundvallarreglur eigi að gilda í samfélaginu. Á sama hátt og það er hlutverk Alþingis að setja þegnunum almennar leikreglur er það hlutverk þegnanna að setja Alþingi leikreglur. Þetta gerir þjóðin með því að kjósa til sérstaks stjórnlagaþings sem hefur einungis það hlutverk að setja saman stjórnarskrá, ekki í samræmi við skammtíma hagsmuni stjórnmálaflokka eða vilja flokksforingja heldur í takt við vilja þjóðarinnar sjálfrar.

Sú venja að fjalla um stjórnarskrá hérlendis sem innanhússmál stjórnmálaflokka er slæm og lýðræðinu beinlínis fjandsamleg við okkar aðstæður. Stjórnarskrá er ekki ætlað að tryggja tilveru eða hagsmuni stjórnmálaflokka, heldur réttindi, tilveru og hagsmuni þegnanna. Fólk á heimtingu á því að segja álit sitt á stjórnarskránni og fyrirhuguðum breytingum á henni með beinni og ótvíræðari hætti en í almennum þingkosningum þar sem eins víst er að það henti ekki frambjóðendum að gefa kjósendum nokkurra kosta völ. Alþingismenn hafa ekkert umboð til þess að semja sín á milli um breytingar á stjórnarskránni án þess að þjóðinni gefist kostur á að láta álit sitt í ljós á ótvíræðan hátt. Stjórnmálaflokkar verða alltaf til, margir eða fáir, stórir eða smáir, sem farvegir skoðana og vettvangur stjórnmálastarfs af ýmsu tagi. Það er óréttlátt að miða stjórnarskrá við að halda óbreyttu ástandi og breyta henni til þess eins að framlengja líf stjórnmálaflokka. Alþingi hefur í fjóra áratugi reynt að afgreiða nýja stjórnarskrá og enn sem komið er hefur ekki tekist að ná samkomulagi um aðrar breytingar en þær sem snerta skammtíma hagsmuni stjórnmálaflokka. Slíkt má ekki viðgangast.

Stjórnlagaþing — þjóðfundur.

Bandalag jafnaðarmanna var stofnað um róttækar breytingar á stjórnskipun íslenska lýðveldisins. Það samræmist engan veginn skoðunum Bandalagsins að samið sé um framgang þessara stefnumála í formannaklúbbi á Alþingi, í stjórnarmyndunarviðræðum eða annars staðar. Bandalagið leggur áherslu á að þjóðin fái að gera það sem átti að gera fyrir 40 árum, þ. e. að ákveða stjórnskipun og grundvallarreglur hins nýja lýðveldis. Það er ljóst að meðal alþingismanna er takmarkaður áhugi fyrir róttækum breytingum á stjórnskipuninni, en vilji þjóðarinnar hefur hins vegar aldrei verið kannaður á ótvíræðan hátt. Þess vegna er lagt til að kvatt verði saman stjórnlagaþing sem hafi það hlutverk eitt að setja saman nýja stjórnarskrá til þess að leggja fyrir Alþingi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvörp um sama efni hafa áður komið fram, bæði á Alþingi og eins í stjórnarskrárnefnd, en ekki fengið afgreiðslu.

1. gr. skýrir sig sjálf.

Um 2. gr.

Fjölda þjóðfundarfulltrúa má ákveða á ýmsum forsendum. Hér er tekið mið af aðstæðum í þinghúsinu.

Rétt þykir að forsætisráðherra, í svo víðtæku samráði sem hann kýs, sjái um undirbúning kosninga til þjóðfundar, svo og að jafna niður fjölda þingmanna í kjördæmum þannig að því markmiði greinarinnar að jafna atkvæðisréttinn verði náð.

Um 3. gr.

Skynsamlegt virðist að þjóðfundur eigi sér nokkurn aðdraganda og að skilið sé greinilega milli næstu alþingiskosninga og væntanlegra kosninga til þjóðfundar.

Um 4. gr.

Það er að vonum að beinn ágangur og áreitni hins opinbera í einkagerðir borgaranna og álögurnar, sem nauðsynlegar eru til að fjármagna þennan ágang og áreitni, séu illa þokkuð af öllum almenningi. Mönnum virðist ríkið og hið opinbera almennt vera íþyngjandi í öllu starfi og athöfnum. Það eykur enn á þennan óþokka að opinber þjónusta er stirð, stirfin og óskilvirk. Siða- og lagareglur — einkum í viðskiptum — eru allt aðrar en þær reglur sem ríkið skipar einstaklingum að lúta. Flestir virðast líta á hið opinbera sem andstæðing sinn, ódælan og illan virðureignar, eða sem ríkt flón sem sjálfsagt er að blekkja og reyna að hafa gott af. Ágangurinn hefur leitt til þess að flestir hafa sagt sig úr siðum við ríkisfélagið og margir nánast sagt sig úr lögum, eins og sjá má á skattsvikum og smygli. Og vegna þess að kröfur og kvaðir hins opinbera eru ítarlegar og umfangsmiklar hafa siðferðilegar og óbókfestanlegar skyldur borgaranna við ríkið og samfélagið orðið að engu.

Vöxtur opinberrar forsjár.

Forsjá ríkisins í stóru og smáu er hér án efa meiri en tíðkast með öðrum vestrænum þjóðum. Smæð þjóðfélagsins er eflaust mikilvægasta skýringin á þessu. Við þurfum að ráða til lykta viðlíka mörgum málum og málaflokkum og aðrar sjálfstæðar þjóðir og þess vegna verða aðilar og aðstandendur hvers máls eða málaflokks svo fáir og vanmáttugir að þeir verða að leita á víðari vettvang en þeir geta skapað sér sjálfir. Því er eðlilegt að þeir sem bera mikilsverð mál fyrir brjósti leiti með þau inn á hið víðasta svið, svið stjórnmála og opinberra ákvarðana, þar sem stjórnmálamenn styðjast einkum við hagsmunahópa er starfi þeirra fyrst og fremst metinn á mælikvarða árangurs í framkvæmd eða fyrirgreiðslu, og því hljóta þeir að taka öllum nýmælum til framfara vel og reyndar þakksamlega. Það er lítill vafi á því að umsvif ríkis og annarra opinberra aðila hafa vaxið með vilja þeirra sem áhuga hafa á hverju máli eða málaflokki og vegna áhuga borgara í einstökum efnum.

En ágallarnir á þessari þróun eru ljósir og má skipta þeim í tvennt. Annars vegar hefur vöxturinn orðið fyrir áeggjan sérgreindra hópa og á aðgreindum sviðum þjóðlífsins án tillits til samhengis og heildarsýnar. Leitað er stjórnmálalegrar samstöðu með hagsmunaaðilum einstakra mála, en ekki horft til sjónarmiða eða heildarhagsmuna þess mikla meiri hluta borgaranna sem ekki eru aðilar að þessu tiltekna einstaka máli. Þannig er viljinn til vaxtar hverju sinni aðeins vilji fárra, þótt árangurinn og álögurnar komi niður á öllum. Á hinn bóginn hlýtur stjórnmálaleg umfjöllun og ákvörðun að hneigjast í þá átt að greina á milli gildis tillagðra framkvæmda annars vegar og kostnaðarins sem af henni hlýst hins vegar. Það er aðall stjórnmálamanna að leita óska og vilja almennings um heillavænlegar aðgerðir. Þess vegna kemur viljayfirlýsing um tiltekna aðgerð eða fyrirætlan á undan umræðu um fjármögnunarleiðir eða aðrar afleiðingar aðgerða eða fyrirætlana og jafnvel á undan náinni áætlun um endanlega framkvæmd, enda er slík áætlanagerð ekki í hendi stjórnmálamanna, heldur embættismanna og sérfræðinga sem undir þá eru settir.

Hversu mikil á opinber forsjá að vera?

Það er út af fyrir sig mikið álitamál hversu mikil forsjá hins opinbera á að vera. Það er að minnsta kosti að rökum hugsanlegt að opinber forsjá sé meiri en hér og gefist þó vel.

Vegna þess að opinber forsjá er einlægt álitamál er vert að ræða hana við stjórnarskrárbreytingu og haga stjórnarskránni þannig að vilji þjóðarinnar í þessu efni geti komið fram á hverjum tíma. En óþökkin, sem almenningur hefur á umsvifum hins opinbera og ágallarnir sem á þessum stjórnarháttum eru, benda á að af hafi verið gengið í raun. Það eru allar líkur á að almenningur kysi heldur að minnka umsvif hins opinbera, en stjórnmálum okkar er þannig háttað að þessi vilji almennings nær ekki fram að ganga. Stjórnarhættir okkar eru til þess fallnir að veita framgang einstökum málum og verja tiltekna hagsmuni, en þeir leyfa varla að samræmi í heildaraðgerðum komi til álita. En það er einmitt heildarsvipur og umfang umsvifa hins opinbera sem almenningi hugnast ekki.

Í síðari greinum verður vikið að hugsanlegum úrbótum í þessu efni, en í næstu grein verður lýst ágöllum í starfi hins opinbera og árangri þess.

IX. grein:
ÁGALLAR Í STARFI STJÓRNVALDA
(15. júní 1983.)

Í síðustu grein var fjallað um ágang og álögur sem hljótast af því hversu mikil og víðtæk umsvif hins opinberra eru orðin hér á landi. Í þessari grein verður fjallað um ágalla í sjálfu starfi hins opinberra hér á landi. Þessa ágalla má sjá í því þrennu að stjórnvöld eru afar óskilvirk í öllu sem þau ná til, að þau nái ekki til meiri háttar vandamála sem hrjá samfélagið allt og að þeim hafa orðið á meiri háttar mistök sem stórlega íþyngja þjóðinni allri.

Góð stjórnun er endanlega í því fólgin að taka ákvarðanir sem standast dóm hlutlægrar skynsemi og að þessum ákvörðunum er í reynd hrundið í framkvæmd. Góð stjórn krefst því í fyrsta lagi að upplýsingar séu fyrir hendi til að unnt sé að taka ákvarðanir af skynsemi, í öðru lagi að vilji sé til að vinna úr upplýsingum, taka ákvörðun og ráðast í framkvæmd og í þriðja lagi að tæki séu til að framkvæma það sem ákveðið er. Í pólitískri stjórnun getur allt þetta þrennt brugðist og bregst gjarnan og kemur fram í óskilvirkni, vanmætti og villum stjórnvalda.

Óskilvirkni.

Óskilvirkni sést vel í gangi opinberra framkvæmda, vegagerð, hafnargerð og húsbyggingum. Slíkar framkvæmdir ganga gjarnan seint og fjármagn til þeirra nýtist illa vegna þess að ráðist er í mörg smáverk í senn, en stærri verkum verður ekki lokið. Í slíkum efnum skortir hvorki upplýsingar né heldur tæki til framkvæmda heldur aðeins vilja til að taka ákvörðun og setja eitt verkefni ofar öðru. Svipaða sögu er að segja af sviði menntamála þar sem skólabörnum eru ekki látin í té þau námsgögn sem þau eiga samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirskipunum yfirvalda að styðjast við í námi sínu. Hér eru upplýsingar fyrir ákvörðunina og tækin til framkvæmda aftur fyrir hendi en viljann skortir til að nota hvort tveggja.

Vanmáttur.

Vanmátt stjórnvalda má greinilegast sjá á sviði efnahagsmála og þó sérstaklega í viðureign stjórnvalda við verðbólguna, en það er orðinn nær fastur siður að líta á verðbólguna sem sérstakt og sjálfstætt efnahagslegt vandamál og ábyrgðarefni stjórnvalda. Þótt öllum komi saman um hvert vandamálið er og vitað sé í grófum dráttum hvenig megi leysa það og flestir vilji líkleg leysa það verður stjórnvöldum afar lítið ágengt í þessu efni. Hér skortir þannig hvorki þekkinguna né viljann heldur aðeins tækin til að taka á vandanum. Staðreyndin er sú að verðlag ræðst endanlega af atriðum og atvikum sem ekki eru háð beinum ákvörðunum stjórnvalda þótt það sé háð öllum ákvörðunum stjórnvalda óbeint. Allar ákvarðanir stjórnvalda í stjórnunarmálum, efnahagsmálum og velferðarmálum

eiga þátt í að skapa það umhverfi sem verðmyndun fer fram í, en að auki koma við verðmyndun til skjalanna atriði sem stjórnvöld hafa engin tök á og geta aldrei haft nein tök á.

Þetta samhengi verðlagsmála og annarra málefna kemur greinilega fram í kjarasamningum. Það verður æ tíðara að ekki sé samið um kaup og kjör ein heldur jafnframt um það sem venja er að kalla „félagsmálapakka", félagsleg málefni sem stjórnvöld gangast undir að hrinda í framkvæmd. Í þessu er í senn fólgin viðurkenning á vanmætti íslenskra stjórnvalda til að ráða úrslitum í verðlagsmálum og ein undirrót vanmáttar stjórnvalda á öðrum sviðum. Við samningsgerð binda stjórnvöld hendur sínar um margs konar mál sem ekki koma launakjörum beint við og selja þar með lögmætt og nauðsynlegt vald sitt í hendur aðila sem ekki hafa bolmagn, þekkingu né rétt til að fara með valdið. Eitt afkáralegasta dæmið um þetta er að í kjarasamningum hefur verið samið um byggingu barnaheimila, þótt ljóst sé að kjarasamtökin hafa aldrei sinnt uppeldismálum og geta ekki sinnt þeim af viti. Það ofurvald sem dregist hefur í hendur stjórnvalda og veldur áganginum og álögunum sem um var fjallað í seinustu grein, drepast hér á dreif og verður til einskis góðs. Kjaraaðilar leita á vit stjórnvalda með vandamál sín vegna þess að stjórnvöld virðast hafa tök á hverju sem er. En einmitt vegna þess að stjórnvöld hafa allt undir í senn geta þau aldrei einbeitt sér að neinu einstöku vandamáli né heldur leyst nokkurs manns vandræði.

Villur.

Gleggstu dæmin um villu stjórnvalda er án efa að finna í orku- og stóriðjumálum en framkvæmdir við Kröflu eru ef til vill skýrast allra slíkra dæma. Það sem þar skorti var þekking og skilningur á málefnunum sem um var fjallað. Bæði vilji og tæki til framkvæmda voru fyrir hendi. En þegar ákvarðanir um slík mál eru teknar á vettvangi stjórnmálanna hverfa tæknileg og fræðileg atriði sem lúta að framkvæmdinni sjálfri í skugga viljans og valdsins til að framkvæma. Þekkingaratriði falla ekki að stjórnmálalegri umræðu og þeim er því ýtt til hliðar þegar skerst í odda á sviði stjórnmálanna. Það er greinileg tilhneiging með stjórnmálamönnum að velja sér einn ráðgjafa í fræðilegum og tæknilegum efnum og leggja þannig allar áherslur á eitt þekkingarlegt sjónarmið. Þetta er í fullu samræmi við þá einbeitingu viljans og valdsins sem stjórmálin leita eftir en andstætt þeim siðum sem hafa verið þegar hins sanna er leitað í hverju máli.

Hvorki þau örfáu dæmi sem hér hafa verið rakin né heldur hin grófa greining sem notuð hefur verið til að rekja þau nægja til að gera grein fyrir þeim vanda sem við blasir á sviði íslenskra stjórnmála, en hann er einfaldlega sá að stjórnmálin skila ekki þeim árangri sem vænta má og vænta ætti af þeim. En í þeim má þó sjá vísbendingu um skýringar á þessu ástandi. Stjórnmálin taka greinilega til allt of mikils og til of margra hluta, þar á meðal hluta sem þau geta vegna eðlis stjórnmálalegrar umræðu ekki gert rétt skil. Það er því af þessum örfáu dæmum þegar ljóst að stjórnarhættir okkar og stjórnarskrá skipta málum ekki rétt í flokka og stuðla ekki að málsmeðferð sem tekur tillit til mismunandi eðlis þeirra mála sem um er fjallað. Það er öllum ljóst að menntamál lúta í ýmsum efnum öðrum rökum og lögmálum en efnahagsmál og hin þriðja tegund raka og lögmála á við stjórnunarmál. Það getur ekki borið góðan árangur að farið sé með öll mál á sama hátt og af einum aðila, sem einkum og sér í lagi horfir til almennrar lýðhylli en er ekki fær um að skoða mál til grunns og í samhengi.

X. grein:
STJÓRNMÁLAÁRANGUR
(29. júní 1983.)

Sú gagnrýni sem rakin hefur verið í síðustu greinum kynni að vekja þá hugmynd að íslensk stjórnmál hljóti að hafa verið með öllu ónýt um langan aldur, og að sá sem þetta ritar telji hvers konar umsvif og afskipti stjórnvalda af hinu illa. Hvorug þessara hugmynda er rétt

og verða rök gegn því rakin í þessari grein, áður en vikið verður aftur að nákvæmari og jákvæðari gagnrýni á stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983 í næstu greinum.

Helstu afrek.

Á þessari öld hafa íslensk stjórnmál horft til tveggja meginviðfangsefna; þess að vinna þjóðinni stjórnmálalegt sjálfstæði og hins að gera hana efnahagslega sjálfbjarga. Síðara viðfangsefnið er án efa miklu fjölþættara en hið fyrra, enda er það ekki fyrst og fremst — hvað þá eingöngu — á hendi stjórnvalda. En þó hafa stjórnvöld átt drjúgan þátt í efnahagslegri uppbyggingu. Greinilegust merki um þetta er annars vegar það að við höfum nú náð yfirráðum yfir fiskimiðunum umhverfis landið, en hins vegar að við höfum nú komið upp öllum mikilvægustu burðarvirkjum nútíma efnahagslífs: peningakerfi, samgöngu- og fjarskiptakerfi, orkuvinnslu og orkuveitum og menntakerfi. Hvorugt hefði áunnist nema fyrir stjórnmálalega umfjöllun og aðgerðir stjórnvalda. Um landhelgismálið er þetta augljóst þar sem um var að ræða það að íslenska ríkið sótti gæði í hendur annarra ríkja. Það mál hlaut því, eins og sjálfstæðisbaráttan, að falla undir stjórnmál hvaða augum sem stjórnmál eru litin. Rökin fyrir því að uppbygging burðarvirkja efnahagslífsins falli undir stjórnmál og stjórnvöld eru ekki eins einföld eða einhlít, eins og sjá má af því að víða um lönd hafa einkaaðilar staðið að þessari uppbyggingu, bera enn fulla ábyrgð á henni og hafa af henni hag. Smæð, fámenni og fjármagnsskortur valda því að erfitt er að ímynda sér að einkaaðilar hér hefðu getað eða gætu valdið þessu hlutverki.

Líklegt er að þessi mikli og ágæti árangur stjórnmálanna sé ein undirrót þess að nú þykir sjálfsagt að leita á náðir stjórnvalda með öll vandamál og að stjórnvöldum þykir jafnsjálfsagt að þau taki að sér verkefni og gefi sínum fyrirrætlunum forgang yfir annað sem gerist með þjóðinni.

Framtíðarviðhorf.

En staðreyndin er sú að þessum meginverkefnum stjórnmála okkar — sjálfstæðisbaráttu og almennri efnahagsuppbyggingu — er í megindráttum lokið og það blasa ekki við nein viðlíka stórkostleg og vænleg viðfangsefni á sviði stjórnmála okkar. Þótt margt megi betur fara og mörg tækifæri séu enn ónýtt, einkum á sviði efnahagslífs, er hvergi að eygja heildarverkefni sem krefjast og gefa tilefni til sameinaðs vilja og sameinaðs átaks allrar þjóðarinnar. Þvert á móti er ljóst að þau málefni sem nú eru brýnust í stjórnmálum — eins og t. d. frekari og sundurgreindari uppbygging atvinnulífs á grunni burðarkerfanna sem komið hefur verið upp — gefa tilefni til togstreitu fremur en samstöðu. Sé reynt að leiða slík mál til lykta á sviði stjórnmálanna, hlýtur togstreitan að sitja í fyrirrúmi og standa í vegi þess að einstakar framkvæmdir til hags og heilla nái fram um leið. Þetta kæfir tæknilega og fræðilega umfjöllun, sem ein getur leitt til hagkvæmrar framkvæmdar í einstöku efni. Þannig er lítil von til þess að sterk framkvæmdastjórn geti leitt til vaxandi hagsældar, eins og hún hefur hingað til tvímælalaust gert meðan viðfangsefnin voru fá og viðamikil og náðu í einhverjum skilningi til landsmanna allra. Verkefnunum sem vinna þarf að og tækifærunum sem vinna þarf úr hefur fjölgað og fjölbreytni þeirra hefur aukist svo og kröfurnar til skilvirkni og árangurs í framkvæmd. Sterk miðstjórn í hendi tiltölulega fárra manna er ólíkleg til að ná yfir þessi verkefni öll og geta gert sér ítarlega grein fyrir þeim öllum svo margbreytileg og flókin sem þau eru.

Fornar áherslur.

Í breyttum aðstæðum felst það alls ekki að mikilvægi stjórnvalda og stjórnunar minnki eða rýrni; þvert á móti er ljóst að viðfangsefnin, sem að stjórnvöldum snúa, eru miklu flóknari og erfiðari en áður. Það þarf mikið lag til að nýta vel sjálfvirkt afl og atorku einkaaðila í þágu heildarinnar. En þeirri eindregnu miðstýringu, sem við höfum svo lengi

látið vaxa með okkur, verður ekki við komið við breyttar aðstæður. Það er greinilegt að allur þungi stjórnunarinnar verður að færast á almenna löggjöf af framkvæmdalöggjöf og framkvæmdarvaldi, þannig að frumkvæði um aðgerðir og athafnir og ábyrgðin á þeim færist frá stjórnvöldum til borgaranna, þótt heildarstefna og meginskilyrði séu mótuð í lögum.

Að byggja land þannig með lögum og stýra því með lögum — þar sem lög eru skoðuð sem samskiptareglur borgaranna, eins og gert var í upphafi þegar við gengumst allir undir ein lög — krefst breyttra viðhorfa og víðari sýnar en lengi hafa tíðkast, meðan mest reið á að einbeita og sameina vilja landsmanna. Það krefst meðal annars nokkurs afturhvarfs til forns skilnings á eðli og skipulagi ríkisins. Í framkvæmdagleði seinustu áratuga hafa hið almenna löggjafarvald og dómsvaldið í rauninni gleymst og þó er hvort tveggja þetta undirstaða samfélags sem byggja vill land sitt með lögum.

Í næstu greinum verður aftur vikið að nákvæmari gagnrýni á stjórnarskránni 1944 og uppkastinu 1983.

XI. grein:
HLUTVERK STJÓRNARSKRÁR
(13. júlí 1983.)

Skipting stjórnvalds.

Stjórnarskrá hefur það hlutverk að geyma fyrirmæli um skipulag þess samfélags sem nú er oftast kallað einu nafni ríki. Einn veigamesti þáttur í slíku skipulagi er að skipta stjórnvaldi milli helstu stofnana sem þar er gert ráð fyrir. Ýmis sjónarmið koma þar til greina: Eðli starfsemi ræður skiptingu í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald, en svæðisbinding skiptingu milli miðstjórnar ríkis og sveitarfélaga svo að dæmi séu tekin.

Meginhugsunin bak við það að skipta valdi með framangreindum hætti er sú að tryggja landsfólkinu nokkra vernd gegn óhóflegum ágangi ríkisins. Hafi einn valdhafi eftirlit með öðrum og beri ábyrgð gagnvart honum tempri það umsvif beggja og með því sé fengin nokkur trygging fyrir því að ekki sé gegnið of nærri frelsi manna. Þá viðbótarröksemd má einnig hafa í huga að almennt er það vænlegra til árangurs að kröftum sé beint að einu markmiði en drepið á dreif. Sú samfélagsstofnun sem helguð sé afmörkuðu hlutverki verði því til meiri nytja en hin sem ekki verði fundin nein ákveðin viðfangsefni.

En þessum markmiðum verður þó ekki náð nema verksvið hvers handhafa ríkisvalds sé sem skýrast afmarkað. Mikið vantar þó á að svo sé gert í íslenskum stjórnlögum og stjórnarframkvæmd og má hér sérstaklega minna á raunverulegan samruna löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Eitt brýnasta viðfangsefni á sviði stjórnlagasetningar er að koma hér á gleggri skipan.

Ákvæði um aðrar valdastofnanir.

En umbætur að þessu leyti á ákvæðum núgildandi stjórnarskrár eru ekki einhlítar. Í þjóðfélaginu eru valdamikil samtök sem hafa seilst til áhrifa með sívaxandi þunga og náð þar tökum engu minni en hinar lögskipuðu stjórnarstofnanir ríkisins. Hér eru einkum hafðir í huga stjórnmálaflokkarnir og hagsmunasamtök vinnumarkaðarins. Þessar valdastofnanir hafa í reynd úrslitaáhrif á fjölmargar og ekki síður mikilvægar ákvarðanir í þjóðmálum án þess að lúta þeim leikreglum sem stjórnlög gera ráð fyrir.

Annað brýnt viðfangsefni í nýskipan stjórnarhátta er að fella þjóðmálaumsvif þessara valdastofnana undir stjórnlög, þar á meðal að marka þeim hlutverk. Öðrum kosti verða stjórnlögin að nokkru leyti óvirk.

Hliðstæður vandi hefur raunar blasað við mönnum fyrr. — Þegar kirkjan efldist á miðöldum og lét æ meira málefni þjóðfélagsins til sín taka olli það miklum vanda. Því var það löngum viðfangsefni stjórnspekinga og stjórnlagasmiða að leitast við að móta reglur um samband ríkis og kirkju. Hafa ákvæði þar að lútandi lengst af síðan verið í stjórnlögum flestra ríkja þar sem kristin trú hefur átt ítök.

Óglögg valdskipting veldur óstjórn og hamlar framþróun.

Illa skilgreint og lítt afmarkað valdssvið stjórnarstofnana veldur ekki aðeins óstjórn og óreglu heldur hamlar allri markvísri framþróun. Víst er að hverjum þeim sem ætlar að koma hér á gleggri skipan er mikill vandi á höndum; meðal annars þarf hann að íhuga vandlega hlutverk og eðli hinna mörgu og margs konar stjórnarstofnana. Þegar til framkvæmda kemur þarf að leysa úr ótal álitaefnum. En ávinningurinn er sá að meiri gaumur er gefinn að þróun og viðgangi þjóðfélagsins en ella. Til samlíkingar má hér taka íþróttir eins og skák: Hvert yrði gildi hennar ef hver taflmaður gegndi ekki ákveðnu hlutverki og lyti ekki ströngum reglum — ef hver léki sinn leik nokkuð að geðþótta?

Íslenskar stjórnarstofnanir gegna allt of margar óljósu hlutverki. Stjórnmálamenn og oddvitar þrýstihópa leika leiki sína nokkuð eftir hentugleikum hverju sinni. Og aftur má spyrja: Hvert er gildi þeirrar þjóðmálastarfsemi sem þannig fer fram?

Í stjórnarskráruppkastinu 1983 er það til umbóta að hlutverk forseta Íslands er betur skýrt og skilgreint en verið hefur og svo hlutverk dómstóla en þessar úrbætur verða þó tæplega taldar knýjandi. Á hinn bóginn er ekki sjáanleg nein viðleitni til að skipta glögglegar verkum milli handhafa löggjafarvalds og framkvæmdarvalds en nú er gert, né heldur að reynt sé að fella athafnir stjórnmálaflokka og aðilja vinnumarkaðarins undir stjórnlög.

Ástæður virðast augljósar: Hér eiga þeir í hlut sem vilja ekki hlíta föstum leikreglum. Fyrirgreiðslu- og úthlutunarstjórinn sem mest fer nú fyrir á sviði stjórnmálanna vill hvorki sleppa tökum á löggjafar- né framkvæmdarvaldi og baráttutæki sitt – stjórnmálaflokkinn – vill hann nota að vild og geðþótta.

Þrýstihópsstjórinn sem er önnur aðalpersónan á stjórnmálasviðinu vill einnig hafa óbundnar hendur til umsvifa sem best má marka af því að oddvitar verkalýðshreyfingarinnar hafa ávallt staðið eins og steinrunnin tröll gegn því að ítarlegri lög væru sett um starfsemi hennar en nú gilda — hverju nafni sem nefnast.

Stjórnarskráruppkastið 1983 sýnir svo glögglega sem frekast má vera að starfandi stjórnmálamenn leysa ekki þann stjórnskipunarvanda sem heitastur brennur á þjóðinni. Ástæðan er augljós: Þeir eru sjálfir mesta vandamálið sakir þess hversu rígbundnir þeir eru ríkjandi stjórnarháttum.

Ed. 509. Frumvarp til laga [274. mál]

um verðbreytingar í verk- og kaupsamningum.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Heimilt er að breyta umsömdu verði í þjónustu-, verk- eða kaupsamningi ef breytingar verða á kostnaði vegna efnis eða launa sem til þarf á framkvæmdartíma samnings eða hluta hans.

2. gr.

Til verðbreytinga skal nota reiknireglu er viðskiptaráðuneytið gefur út á grundvelli viðauka við „almenna skilmála um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings, nr. 188 A“, sem saminn var á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu í Genf í mars 1957.

3. gr.

Í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum með breytanlegu verði skal taka greinilega fram hvaða verð eða vísitölu skuli nota við reikningsgerð vegna samningsins eða hluta hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samningar með breytanlegu verði eiga að tryggja að aðilar samnings skaðist hvorki né hagnist óeðlilega á því ef breytingar verða á kostnaði vegna efnis og launa á samningstíma.

Siðferðilegur grunnur samninga um kaup á þjónustu, verki eða vöru er að samningsaðilar inna af hendi gagnkvæmar skyldur. Auðvitað reynir hvor aðili um sig að draga úr sinni áhættu og þannig takast menn á um magn, gæði og verð þess sem um ræðir hverju sinni með hliðsjón af leikreglum. Vextir eða verðbætur eru þættir sem snerta framboð og eftirspurn á almennum fjármagnsmarkaði. Í slíkum samningum nota menn markaðsvexti, þegar um vaxtatöku er að ræða, til að skapa ekki óeðlilegan fjármagnskostnað og reyna enn fremur að stuðla að verðmyndun með þeim verðbreytingum einum í samningum sem eiga sér hliðstæðu í verðmætasköpun. Framreiknaðar greiðslur með verðbótum eiga ekki að vera hærri upphæð en umsamið verð á samningsdegi framreiknað til afhendingardags. Annars er verið að gefa út ávísanir á fölsk verðmæti.

Verktaki leggur ekki út höfuðstól fjárfestingar í upphafi verksins heldur dreifist útlögn höfuðstólsins á framkvæmdartímann. Verkkaupa ber engin siðferðileg skylda til að verðtryggja krónur verktakans fyrr en þær hafa verið lagðar út í vöru eða vinnu. Á meðan krónurnar eru enn í vasa verktakans er það á hans ábyrgð að tryggja verðgildi þeirra.

Samningar með breytanlegu verði hafa verið tíðkaðir hér á landi alllengi. Samið hefur verið um aðferðir og grundvöll verðbreytinga hverju sinni en algengast er að notuð sé svokölluð línuleg verðbreyting skv. vísitölu. Þó má geta þess að Vegagerð ríkisins notar þrep við breytingar á kostnaði efnis og vinnu í samningum með breytanlegu verði. Staðreynd er að verð á vöru eða vinnu breytist ekki línulega heldur í þrepum, þ.e. verð er óbreytt í ákveðinn tíma fyrir og eftir að það breytist. Þessa staðreynd virða menn ekki þegar notuð er línuleg breyting vísitölu. Það stríðir einnig gegn skynsemi að nota fullan mismun, sem orðið hefur frá umsömdu verði eða vísitölu, til verðbreytinga á útlögðum kostnaði á þeim framkvæmdartíma sem reikningur er gerður fyrir. Aðalatriði er þó að samningurinn stuðli ekki að óeðlilegri verðmyndun og að samningsaðilar standi jafnir eftir að gert hefur verið upp. Því ber að miða að því að verkkaupi tryggi verðgildi útlagðs kostnaðar verktaka gegn fallandi gengi krónu aðeins frá þeim tíma sem kostnaðurinn er lagður út en ekki í lengri tíma.

Frumvarp þetta snýst um það að aðilar, sem inna af hendi gagnkvæmar skyldur í þjónustu-, verk- eða kaupsamningum, deili með sér þeim breytingum sem verða á kostnaði vegna efnis og launa á samningstíma til þess að ekki skapist óeðlileg áhrif á framboð og eftirspurn á peningamarkaði. Þetta fyrirkomulag eykur aðhald hjá báðum samningsaðilum við fullnustu samningsins. Með þessu fyrirkomulagi yrði komið í veg fyrir að samningsaðilar notuðu línulega vísitölu — eins og það hefur verið nefnt að reikna „dagvísitölu“ á tímabilum milli formlegra vísitölubreytinga. Einnig yrði komið í veg fyrir að menn notuðu fullan mismun verðbreytinga til verðbóta og gerðu þannig annan aðilann, þ.e. verkkaupann, einan ábyrgan fyrir verðtryggingu peninga verktakans. Í stað þess yrði verðbreyting (Vbr) reiknuð með því að margfalda umsamið verð (Sv) með mismun meðaltals þeirra vísitalna eða verðs sem fyrir hendi var á því samningstímabili, sem gert er upp fyrir (Mv), og vísitölu eða verðs á tilboðsdegi (Gv) deilt með vísitölu eða verði tilboðsdags:

$$Vbr = \frac{Mv - Gv}{Gv} \times Sv$$

Notkun fulls mismunar felst aftur á móti í því að taka samningsverð og margfalda það með vísitölu uppgjörsdags og deila í þá upphæð með vísitölu samningsdags. Algengt er að þeir, sem mæla með framangreindri uppgjörsaðferð, segi að ef umsamið verð jafngilti t.d. ákveðnum lítrum mjólkur á samningsdegi verði að vera hægt að fá jafnmarga lítra fyrir peningana við uppgjör. Í þessari uppgjörsaðferð og í röksemdum fyrir henni er horft fram hjá þeirri spurningu hvort varan eða verðið, sem samið var um í upphafi, skilar sömu mjólkurlítrum ef hún er seld eða metin. Mikilvægara er þó að hér er litið fram hjá því að verktaki leggur ekki allar krónurnar út í einu og gengistapi hans er því dreift á framkvæmdartímann og það er því á hans ábyrgð að verðtryggja sínar krónur þar til hann leggur þær út fyrir verkkaupa. Þess vegna er nauðsynlegt að beita þeim aðferðum við uppgjör sem tryggja aðeins útlagðan kostnað fyrir breytingum á gengi krónunnar frá þeim tíma sem hann er lagður út.

Dæmi: Vísitala var 100 á tilboðsdegi. Verðið var 1000. Á framkvæmdartíma þess verkhluta, sem gert er upp fyrir, voru útgefnar vísitölur 140, 145 og 160. Þá er verðbreytingin skv. framangreindu:

$$Vbr = \frac{\frac{140+145+160}{3} - 100}{100} \times 1000$$

$$Vbr = \frac{148{,}33 - 100}{100} \times 1000$$

$$Vbr = 0{,}4833 \times 1000 = 483{,}3$$

Ef notaður er fullur mismunur og gert upp þegar vísitalan er 160 liti dæmið hins vegar þannig út:

$$Vbr = \left(\frac{160}{100} - 1\right) \times 1000 = 600$$

Í fyrra dæminu fær verktakinn 80% verðbótanna og verkkaupinn 20% en í seinna tilvikinu fær verktakinn 100% verðbótanna en verkkaupinn ekkert. Það þýðir að annar aðilinn fær fulla tryggingu sinna peninga en hinn ekki.

Hvers vegna á að setja lög og reglur um einstök atriði frjálsra samninga? Hér er um að ræða atriði sem snertir hagstjórn. Verðbreytingar verða að eiga sér hliðstæðu í verðmætasköpun, annars verður ekki samsvörun í peningamagni og verðmætum sem peningarnir eru ávísun á.

Þessu má lýsa með því að tvær sams konar verksmiðjur eru settar upp samtímis. Verðbreytingar eru ofreiknaðar við uppgjör verksamnings annarrar. Samkeppnisaðstaða dýrari verksmiðjunnar er rýrð sem nemur mismun á stofnkostnaði þeirra. Ef þessar verksmiðjur eru ekki í sama landi verður samkeppnisaðstaða dýrari verksmiðjunnar ekki jöfnuð aðstöðu hinnar nema með aukinni fjárfestingu í hagræðingu, lægri launum starfsfólks eða gengislækkun gjaldmiðils viðkomandi lands.

Erlendis nota menn í samningum með breytanlegu verði bókun 188 A sem grundvöll að útreikningi verðbreytinga eða skyldar reiknireglur í grundvallaratriðum. Hér á landi hafa menn notað reikniaðferðir sem gefa hærri verðbætur en skv. bókun 188 A að öðru óbreyttu. Þetta þýðir að stofnkostnaður íslenskra framleiðslutækja er meiri en stofnkostnaður sambærilegra framleiðslutækja erlendis.

Það er þarflaust að útmála hvaða áhrif þetta hefur, og hefur haft, á samkeppnisstöðu okkar á alþjóðamarkaði. Er ekki hér að leita einnar alvarlegrar orsakar verðbólgu á Íslandi sem nauðsyn er að stemma stigu við?

Fylgiskjal I.

Hér eru sýnd tvö dæmi um verðbótagreiðslur í uppgjöri. Dæmi A lýsir uppgjöri skv. bókun 188 A. Dæmi B lýsir uppgjöri skv. þeim aðferðum sem Innkaupastofnun ríkisins notar.

Í báðum dæmum er gengið út frá sama grunnverði, sama framkvæmdartíma, sömu innborgunum og sama uppgjörsdegi.

Enn fremur eru þessi dæmi skýrð með súluriti.

Dæmi A.

Byggingar-vísitala	Dags. innborgunar	Grunnverð og innborganir	188 A mv–gv / gv	Greiddar verðbætur (kr.)	Innborganir og verðbætur á verðlagi 15.11.81 (kr.)	(kr.)
626	01.01.81	750 000				
innb.	15.02.81	187 500	0,00	0	242 911	0
682	01.04.81	562 500				
innb.	15.05.81	187 500	4,47	8 381	222 966	9 966
739	01.07.81	375 000				
innb.	15.08.81	187 000	13,49	25 143	205 768	27 592
811	01.10.81	187 500				
innb.	15.11.81	187 500	23,80	44 625	187 500	44 125
	15.11.81	**971 645**			**859 145**	**82 183**
					941 328	
				– 30 317	Jákv. fjárf. mism. 15.11.81	
01.10.1985		4 057 500		**–126 800**	Jákv. fjárf. mism. 01.10.85	

Dæmi B.

Byggingar-vísitala	Dags. innborgunar	Grunnverð og innborganir (kr.)	Hækkun í %	Greiddar verðbætur (kr.)	Innborganir og verðbætur á verðlagi 15.11.81 (kr.)	(kr.)
626	01.01.81	750 000				
innb.	15.02.81	187 500	4,47	8 381	242 911	10 857
682	01.04.81	562 500				
innb.	15.05.81	187 500	13,49	25 143	222 966	30 078
739	01.07.81	375 000				
innb.	15.08.81	187 000	23,80	44 625	205 768	48 973
811	01.10.81	187 500				
innb.	15.11.81	187 500	37,37	70 069	187 500	70 069
	15.11.81	**971 645**			**859 145**	**159 977**
					1 019 122	
				+ 47 477	Ofgreiddur mism. 15.11.81	
01.10.1985		4 057 500		**+198 572**	Ofgreiddur mism. 01.10.85	

Samanburður verðbótagreiðslna:



Fylgiskjal II.

Viðauki við „almenna skilmála, 188 A“.

H.T. 21. nóv. 1985

Þýðing úr ensku

VIÐBÓTARÁKVÆÐI VERÐBREYTINGAR

ALMENNIR SKILMÁLAR 188 A
um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings Nr. 188 A

Samdir á vegum **Efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu,** Genf, mars 1957

Ef einhver breyting verður á kostnaði vegna efnis og/eða launa, sem til þarf, á framkvæmdatíma samningsins, skal hið umsamda verð sæta breytingu á grundvelli eftirfarandi formúlu:

$$P1 = \frac{Po}{100}\left(a + b\,\frac{M1}{M0} + c\,\frac{S1}{S0}\right)$$

þar sem:

P1 = endanlegt verð til reikningsgerðar.

Po = upphaflegt vöruverð, eins og það er sett upp í samningnum og eins og það gildir hinn (tilgreinið dag) _____(1)

M1 = meðaltalið (2) af verðum (eða verðvísitölum) fyrir (efnistegund sem um er að ræða) _____ á tímabilinu _____(3)

M0 = verð (eða verðvísitölur) fyrir sama efni á þeim degi, sem tilgreindur er að ofan fyrir Po.

S1 = meðaltalið (2) af launum (að meðtöldum launatengdum gjöldum) eða viðeigandi vísitölum (4) vegna _____ (tilgreinið flokka starfsliðs og launatengd gjöld) fyrir tímabilið _____(3)

S0 = laun (að meðtöldum launatengdum gjöldum) eða viðeigandi vísitölur (4) vegna sömu flokka á þeim degi, sem tilgreindur er að ofan fyrir Po.

a, b, c tákna tilgreind umsamin hundraðshlutagildi hinna einstöku þátta upphaflega verðsins, er nema 100 samanlagt. (a + b + c = 100)

a = fast hlutfall (óháð verðbreytingum) ..... = _____

b = hundraðstöluhlutfall efnis ..... = _____

c = hundraðstöluhlutfall launa (að meðtöldum launatengdum gjöldum) ..... = _____

Þar sem nauðsynlegt er má sundurliða b (og c, ef við þarf) í jafnmörg hundraðshlutagildi (b1, b2, b3 _____) og fjölda þeirra breytilegu þátta, sem tillit er tekið til (b1 + b2 _____ + bn = b).

Gagnafærsla. Til þess að ákvarða verðgildi efnis og launa eru aðilar sammála um að nota eftirfarandi gögn sem viðmiðunarheimildir:

1. Efni: verð _____ (tegundir efnis)
(eða verðvísitölur)

birt af hálfu _____

undir fyrirsögnunum _____

2. Laun: laun (að meðtöldum tilheyrandi launatengdum gjöldum)
(eða viðeigandi vísitölur)

birt af hálfu _____

undir fyrirsögnunum _____ (5)

Reglur um beitingu ákvæðisins. Ef um er að ræða afhendingar að hluta, sem reikningur er gerður fyrir sérstaklega, skal reikna hið endanlega verð sérstaklega vegna hverrar afhendingar.

Gildistími ákvæðisins. Verðbreytingarákvæðið skal taka yfir það afhendingartímabil, sem ákveðið er í samningnum, ásamt sérhverri framlengingu, sem veitt er samkvæmt málsgrein 20.2, en skal í engu tilviki eiga við eftir þann dag að verkinu er lokið.

Vikamörk. Verðum skal ekki breyta nema útreikningur samkvæmt formúlunni sýni frávik sem nemur plús eða mínus _____ (6)

Úrbótafyrirvari. Ef aðilarnir óska að lagfæra verðbreytingarformúluna eða beita annarri nákvæmari aðferð í hennar stað, þegar frávikið í plús eða mínus fer fram úr tilteknu hundraðshlutagildi, ber þeim að semja gagngert um það.

---

(1) Mælt er með því að aðilarnir ákveði, eftir því sem við verður komið, að nota sem hið upphaflega vöruverð það verð, sem í gildi er á samningsgerðardegi, en ekki einhvern fyrri dag. Er þetta yfirleitt samningsverðið að frádregnum kostnaði við pökkun, flutning og vátryggingu.

(2) Einfalt eða vegið meðaltal.

(3) Tilgreinið viðmiðunartímabilið, er skilgreina má sem hluta af afhendingartímanum eða hann allan.

(4) Ef lögbundin launatengd gjöld eru þáttur í vísitölunni þarf ekki að taka tillit til þeirra aftur.

(5) Nota ætti vísitölur, sem beinlínis eru tengdar véla- og rafiðnaði, eftir því sem við verður komið.

(6) Tilgreinið það hundraðshlutagildi í plús eða mínus, sem fara verður fram úr áður en formúlunni sé beitt.

Nd. 510. Frumvarp til laga [275. mál]

um breyting á lögum nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

5. töluliður bráðabirgðaákvæða laganna orðist svo:

Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fyrir árslok 1990.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. ágúst 1985 skipaði félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, fjögurra manna nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í nefndinni áttu sæti: Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri V.S.Í., Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um 5 ár og 5. tl. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það. Meginástæður þessarar niðurstöðu eru eftirfarandi:

— Samstaða er í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.
— Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.
— Nefndin telur það stjórnarfarslega fyrirkomulag sem nú er á þessum málum heppilegt og leiða til lítillar skörunar við aðra málaflokka. Eðlilegt sé að öll málefni sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins sem fer með málefni vinnumarkaðarins.
— Lögin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.
— Þau vandkvæði og álitamál sem upp hafa komið frá því lögin tóku gildi telur nefndin að unnt eigi að vera að leysa við framkvæmd þeirra að mestu leyti.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu nefndarinnar um mál þetta.

SKÝRSLA

nefndar sem félagsmálaráðherra fól að gera tillögur um endurskoðun laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reykjavík, í desember 1985.

1. INNGANGUR.

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum tóku gildi þann 1. janúar 1981. Fimm ár eru því liðin frá gildistöku þeirra um næstu áramót. 5. tl. bráðabirgðaákvæða laganna hljóðar svo: „Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra".

Þann 1. ágúst 1985 skipaði félagsmálaráðherra, að höfðu samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, nefnd fjögurra manna til þess að gera tillögur um endurskoðun laganna. Í nefndinni áttu sæti eftirtaldir: Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður, Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri VSÍ, Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmiðasambands Íslands, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlits ríkisins. Nefndin var skipuð án tilnefningar.

Nefndin ákvað strax í upphafi starfs síns að taka saman skýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laga nr. 46/1980 fram til þessa og er hana að finna í kafla 3. Jafnframt komst nefndin að þeirri niðurstöðu að í meginatriðum hefði tekist vel til um framkvæmd laganna. Ekki hefði þó gefist nægur tími til þess að láta reyna að fullu á lögin og því væri rétt að gera ekki á þessu stigi tillögur um breytingar. Nefndin leggur hins vegar til að lögin verði tekin til endurskoðunar á ný að fimm árum liðnum. Nefndin fjallaði sérstaklega um nokkur ákvæði laganna og setur fram ábendingar um framkvæmd þeirra. Einnig fjallaði nefndin um verkefni á sviði vinnuverndar sem hún telur brýnt að vinna að á næstu árum. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum nefndarinnar í kafla 4.

2. AÐDRAGANDI AÐ SETNINGU LAGA NR. 46/1980.

Eins og fyrr segir tóku lögin gildi 1. janúar 1981. Þau leystu af hólmi lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952, en á undan þeim voru í gildi lög um eftirlit með vélum og verksmiðjum frá 1928. Með hinum nýju lögum var Vinnueftirlit ríkisins sett á laggirnar og tók það við allri starfsemi og aðstöðu Öryggiseftirlits ríkisins og hluta af verkefnum heilbrigðisnefnda auk nýrra verkefna sem lögin kveða á um. Undanþegin lögunum eru siglingamál, loftferðir og algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

Endurskoðun löggjafarinnar má rekja til samkomulags aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum vorið 1977 sem m.a. fól í sér að óskað var eftir slíkri endurskoðun við ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar sem þá var við völd.

Ríkisstjórnin tók vel í þessar óskir og setti á laggirnar nefnd til þess að semja frumvarp að nýjum lögum og áttu í henni sæti eftirtaldir 9 menn:

Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, formaður
Barði Friðriksson, Vinnuveitendasambandi Íslands

Geir Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Bolli Thoroddsen, Alþýðusambandi Íslands
Friðgeir Grímsson, öryggismálastjóri
Hrafn V. Friðriksson, Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Frumvarp um þessi mál var fyrst lagt fram á Alþingi haustið 1979 af Magnúsi H. Magnússyni, félagsmálaráðherra í stjórn Ólafs Jóhannessonar, en náði ekki fram að ganga á því þingi og var lagt fram á ný í ársbyrjun 1980 af Svavari Gestssyni, félagsmálaráðherra í stjórn Gunnars Thoroddsen, eftir að þing kom saman að afloknum kosningum í desember 1979 og ný ríkisstjórn hafði verið mynduð. Frumvarpið var samþykkt með nokkrum breytingum sem lög frá Alþingi í maí 1980 eins og fyrr greindi. Fljótlega eftir samþykkt laganna var sett á laggirnar nefnd til að undirbúa gildistöku þeirra og fara yfir gagnrýni og ábendingar sem fram höfðu komið við umfjöllun um málið á Alþingi. Í þessari nefnd áttu sæti eftirtaldir 11 menn:

Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri, formaður
Barði Friðriksson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Geir Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Magnús E. Guðjónsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Bolli Thoroddsen, Alþýðusambandi Íslands
Gunnar Gunnarsson, Bandalagi starfsmann ríkis og bæja
Ingimar Sigurðsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu
Eyjólfur Sæmundsson, öryggismálastjóri.

Lauk nefndin störfum í október 1980 og skilaði skýrslu til félagsmálaráðherra.

Sú þróun mála, sem lýst er að framan, er í grófum dráttum í samræmi við það sem gerst hafði í nágrannalöndunum. Þar hafði löggjöf um þessi mál víðast verið endurskoðuð og stofnanir sem annast fræðslu, eftirlit og rannsóknir verið efldar samtímis því að stóraukin áhersla var lögð á samstarf starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja innan vinnustaðanna sjálfra. Vinnuverndarmál höfðu einnig hlotið aukna áherslu í alþjóðasamstarfi sem m.a. kom fram í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og í gerð sérstakrar samstarfsáætlunar Norðurlandanna um vinnuvernd. Einnig höfðu nýjar rannsóknir aukið þekkingu manna á áhættuþáttum í starfsumhverfi. Rannsóknir leiddu m.a. í ljós að hin stóraukna notkun ýmiss konar efnasambanda á vinnustöðum gat haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir starfsmenn ef ekki voru gerðar nægar varúðarráðstafanir, afleiðingar sem í sumum tilvikum koma ekki í ljós fyrr en eftir margra ára eða jafnvel áratuga snertingu við efnin.

Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í vinnuverndarmálum, sem fyrr er getið, var kveðið á um nauðsyn könnunar á ástandi þessarra mála. Þáverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir framkvæmd slíkrar könnunar og náði hún til 158 fyrirtækja með rúmlega 8200 starfsmönnum um land allt. Niðurstöður birtust í skýrslu félagsmálaráðuneytisins, „Vinnuvernd II“ frá október 1980, og bentu þær til þess að ýmsum þáttum þessara mála væri verulega ábótavant og mikið verk framundan við að koma á nauðsynlegum úrbótum.

3. FRAMKVÆMD LAGA NR. 46/1980 OG STARFSEMI VINNUEFTIRLITS RÍKISINS TÍMABILIÐ 1. 1. 1981 — 31. 10. 1985.

3.1. SKIPULAG OG ÞRÓUN STARFSEMINNAR.

Markmið starfseminnar.

Meginmarkmið laga nr. 46/1980 er samkvæmt 1. gr. þeirra að:

a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

Verkefni Vinnueftirlitsins er samkvæmt 78. gr. laganna að:

a) leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
b) aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lögin,
c) gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lögin,
d) afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
e) veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
f) sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóm sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m.a. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum atvinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,
g) fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,
h) hafa eftirlit með og sjá um, að lögunum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

Nánari ákvæði um starfsemina er að finna í ýmsum greinum laganna.

Samkvæmt 79. gr. laganna getur ráðherra falið stofnuninni með reglugerð að fjalla um tiltekin mál og verkefni, skyld þeim verkefnum sem lögin fjalla um. Samkvæmt 3. gr. þeirra getur ráðherra ennfremur ákveðið að áhöld, mannvirki og framkvæmdir sem lögin ná ekki til skuli háð því eftirliti sem þau mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum. Ekki hefur verið sett ný reglugerð að þessu lútandi, en samkvæmt eldri reglugerðum hefur stofnunin eftirlit með fólkslyftum, þar á meðal skíðalyftum, og rafkynntum vatnshitunarkerfum. Stjórn stofnunarinnar hefur nýverið samþykkt að leggja til við ráðherra að í reglugerð verði tekin af tvímæli um að garðsláttuvélar og ýmiskonar vélknúin verkfæri falli undir ákvæði laganna og eftirlit Vinnueftirlitsins, hvort sem þau eru seld eða afhent til notkunar við atvinnurekstur eða til einstaklinga.

Stjórn stofnunarinnar, mannafli og aðstaða.

Stjórn Vinnueftirlitsins var skipuð í desember 1980 eftirtöldum mönnum:
Þorvarður Brynjólfsson, heilsugæslulæknir, formaður
Víglundur Þorsteinsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Guðmundur Karlsson, Vinnuveitendasambandi Íslands
Júlíus Kr. Valdimarsson, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna
Albert K. Sanders, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Guðjón Jónsson, Alþýðusambandi Íslands
Guðmundur J. Guðmundsson, Alþýðusambandi Íslands
Karl Steinar Guðnason, Alþýðusambandi Íslands
Ólafur Jóhannesson, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Breytingar hafa orðið á skipun stjórnarinnar og eiga nú sæti í henni Þórarinn V. Þórarinsson og Óskar Maríusson sem fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands, Hjörtur Eiríksson sem fulltrúi Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Hilmar Jónasson sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands í stað Guðmundar J. Guðmundssonar.

Forstjóri Vinnueftirlitsins var skipaður Eyjólfur Sæmundsson, verkfræðingur, samkvæmt tillögu stjórnarinnar.

Samkvæmt 3. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 skyldi sett sérstök reglugerð um framkvæmd þessara mála í landbúnaði og var hún staðfest 9. júni 1981 (nr. 288/1981). Samkvæmt henni var skipuð sérstök 5 manna stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd þessarra mála í landbúnaði. Í þeirri stjórn eiga sæti:
Þorvaður Brynjólfsson heilsugæslulæknir, formaður
Jónas Jónsson, búnaðarmálastjóri
Hákon Sigurgrímsson, Stéttarsambandi bænda
Hjörtur Eiríksson, stjórn Vinnueftirlitsins
Bolli Thoroddsen, stjórn Vinnueftirlitsins.

Auk stjórnarmanna sitja forstjóri, skrifstofustjóri og starfsmenn sem til eru kvaddir, stjórnarfundi. Síðla árs 1982 varð að samkomulagi milli stjórnar og starfsmanna að þeim síðarnefndu skyldi heimilt að tilnefna 2 fulltrúa til að sitja stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétti. Þeir skyldu þó ekki taka þátt í umræðum um mannaráðningar og önnur málefni einstakra starfsmanna.

Stjórn Vinnueftirlitsins tók strax í upphafi þá ákvörðun að stefnt skyldi að uppbyggingu starfseminnar í áföngum, enda var ljóst að það tæki óhjákvæmilega allmörg ár að koma upp nauðsynlegri aðstöðu og að mennta og þjálfa starfsmenn til að vinna samkvæmt hinum nýju lögum.

Vinnueftirlitið tók við 15 föstum stöðugildum Öryggiseftirlitsins og lausráðnu fólki sem svarar til um 1.5 stöðugilda. Stofnunin fékk 5 nýjar stöður við gildistöku laganna. 1982—1985 fengust 12.33 stöður, þar af 3.33 verkefnabundnar, og eru stöður því nú 32.33.

Mikil áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu starfseminnar úti á landsbyggðinni fremur en að reka starfið frá Reykjavík. Í júní 1985 tóku til starfa 2 nýir umdæmiseftirlitsmenn og hefur stofnunin þar með fast starfslið í öllum 8 umdæmum sínum. Öryggiseftirlit hafði einungis einn fastan starfsmann utan höfuðborgarinnar, þ. e. á Akureyri, en hafði auk þess á sínum snærum allmarga lausráðna aðstoðarmenn í hlutastörfum víða um land.

Til þess að gegna hlutverki sínu er nauðsynlegt fyrir Vinnueftirlitið að hafa yfir umtalsverðum tækjabúnaði að ráða til mælinga á hávaða, mengun í andrúmslofti á vinnustöðum o.fl. þáttum. Árið 1981 tókst að fjármagna kaup á allra nauðsynlegasta búnaði til hávaða- og mengunarmælinga, en lítið hefur orðið um frekari uppbyggingu á þessu sviði vegna fjárskorts.

Frá því í nóvember 1981 hefur starfsemin verið til húsa á tveimur stöðum í Reykjavík, aðalskrifstofan að Síðumúla 13, en eftirlitsdeild að Snorrabraut 54. Þröngt hefur verið um starfsemina og mikið óhagræði fylgt því að starfsemin er ekki öll á sama stað. Nýverið voru fest kaup á nýju húsnæði fyrir stofnunina að Bíldshöfða 16 í Reykjavík. Húsnæðið er samtals 1056 m^2 og mun starfsaðstaðan gjörbreytast til hins betra með tilkomu þess. Stofnunin mun að öllu leyti standa straum af kostnaði við húsnæðiskaupin með sértekjum sínum.

Utan Reykjavíkur rekur stofnunin 7 skrifstofur í leiguhúsnæði, sbr. kafla 3.2.

Á árinu 1983 var ákveðið að koma á laggirnar sérstakri aðstöðu til að prófa og skoða farandvinnuvélar og tekin á leigu lóð við Sundahöfn í því skyni.

Skipulag stofnunarinnar og hlutverk deilda.

Á skipuriti í fylgiskjali með skýrslunni er sýnd deildaskipting stofnunarinnar. Hér að neðan verður stuttlega fjallað um hlutverk og þróun hverrar deildar fyrir sig.

Deild 1. Almenn skrifstofa. Fræðslustarfsemi.

Verkefni: Almenn skrifstofustörf, starfsmannahald, umsjón með fjármálum, reikningaskriftir vegna sérverkefna og innheimta þeirra að hluta, afgreiðsla skírteina fyrir stjórnendur farandvinnuvéla, fjölritun og samskipti við prentsmiðjur, umsjón með útgáfu reglna og leiðbeiningarrita, skipulagning og framkvæmd námskeiðshalds fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði, vinnustaðafundir, fyrirlestrar, samskipti við fjölmiðla, ritstjórn Fréttabréfs um vinnuvernd, rekstur bókasafns o.fl.

Starfslið: Skrifstofustjóri og 3½ starfsmaður á skrifstofu. Fræðslufulltrúi.

Deild 2. Eftirlit.

Verkefni: Eftirlit með því að farið sé að ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerða og reglna, sem í gildi eru, í fyrirtækjum og starfsgreinum. Beita sér fyrir því að stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja vinni að lausn á vandamálum innan vinnustaðanna sjálfra og leiðbeina aðilum við slíkt starf. Eftirlit með farandvinnuvélum, lyftum, skíðalyftum, eimkötlum og rafkynntum vatnshitunarkerfum. Þrýstiraunir, þolraunir, mælingar á sprengifimum loftblöndum. Námskeið fyrir stjórnendur minni farandvinnuvéla og notendur naglabyssa. Vinnustaðafundir.

Starfslið: Deildarstjóri, 9 eftirlitsmenn í Reykjavík fyrir höfuðborgarsvæðið, þar af 6 í almennu fyrirtækjaeftirliti en 3 í farandvinnuvélum og lyftum. 7 umdæmiseftirlitsmenn úti á landi, á Akureyri fyrir Norðurland eystra (fylgdi frá Öryggiseftirlitinu), á Egilsstöðum fyrir Austurland (stofnað 1981 en var fyrsta árið á Reyðarfirði), Akranesi fyrir Vesturland (stofnað 1982), Hverageröi fyrir Suðurland (stofnað 1982), Keflavík fyrir Suðurnes (stofnað 1982), Ísafirði fyrir Vestfirði (stofnað 1985) og Sauðárkróki fyrir Norðurland vestra (stofnað 1985). Umboðsmaður í hlutastarfi í Vestmannaeyjum. Umboðsmenn í hlutastörfum vegna farandvinnuvélaeftirlits og prófdæminga á 10 stöðum á landinu.

Deild 3. Vélbúnaður- og byggingatæknileg málefni.

Verkefni: Sérfræðilegar athuganir á öryggi véla, tækja og mannvirkja. Umsagnir og viðurkenning á einstökum gerðum véla og tækja. Umsagnir vegna breytinga á eldri fyrirtækjum og undirbúningur starfsleyfa vegna nýrra fyrirtækja.

Starfslið: Deildartæknifræðingur, tæknifulltrúi á vélasviði og tæknifulltrúi á byggingasviði.

Deild 4. Hollustuhættir og efnafræðileg málefni.

Verkefni: Sérfræðileg málefni er varða hollustuhætti á vinnustöðum. Umfangsmeiri mælingar á mengun í andrúmslofti, hávaða á vinnustöðum, loftslagsþáttum o.fl. Undirbúningur að kröfum um aðbúnað og hollustuhætti í nýjum fyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar og efnaiðnaðar.

Starfslið: Deildarefnafræðingur, tæknimaður í 75% starfi við mælingar.

Deild 5. Atvinnusjúkdómar og heilsuvernd starfsmanna.

Verkefni: Framkvæmd XI. kafla laga nr. 46/1980 um heilsuvernd starfsmanna. Að halda skrá yfir atvinnusjúkdóma og vinnuslys. Að framkvæma rannsóknir á atvinnutengdum sjúkdómum. Leiðbeina um málefni sem falla undir svið atvinnulækninga.

Starfslið: Yfirlæknir, hjúkrunarfræðingur (90% starf), sjúkraþjálfari (50% starf) og sjúkraþjálfari í fullu starfi við sérstakt tímabundið verkefni (frá 1985).

Deild 6. Efnafræðileg málefni.

Verkefni: Sérfræðileg málefni er varða öryggi við framleiðslu, geymslu, flutning og meðferð eiturefna og hættulegra efna og sprengiefna. Umfjöllun um undanþáguumsóknir til asbestnotkunar. Umfjöllun um öryggisþætti vegna efnanotkunar við undirbúning nýrra iðnfyrirtækja.

Starfslið: Deildarverkfræðingur.

Fjármál, áætlanagerð.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 greiða vinnuveitendur til Vinnueftirlitsins sérstak iðgjald, svonefnt vinnueftirlitsgjald, sem lagt er á af skattstjórum við álagningu opinberra gjalda og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs. Iðgjaldastofninn er launagreiðslur fyrirtækjanna. Iðgjaldahlutfallið er ákveðið af félagsmálaráðherra til eins árs í senn að fenginni tillögu stjórnar Vinnueftirlitsins. Samkomulag hefur náðst í stjórninni öll árin 1981—1985 um iðgjaldahlutfallið. Vorið 1984 samþykkti stjórnin að leggja til við félagsmálaráðherra að iðgjaldið yrði ákveðið fast hlutfall til og með árinu 1987, miðað við ákveðnar forsendur um verðlagsþróun. Hlaut þessi tillaga staðfestingu 1984 og 1985 og hafði það í för með sér allnokkra tekjuhækkun sem gerði nokkra aukningu umsvifa mögulega.

Auk iðgjaldsins hefur stofnunin tekjur af ýmsum sérverkefnum, svo sem eftirliti með farandvinnuvélum, lyftum, vatnshitunarkerfum, ýmsum mælingum og prófunum og námskeiðshaldi. Sá rekstur sem byggir á þessum tekjum er færður sem sérstakt viðfangsefni í bókhaldi stofnunarinnar. Tekjur þessar byggjast á gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum forstjóra, en ávallt hefur verið samkomulag við stjórn stofnunarinnar um ákvörðun hennar.

Tafla 1. Iðgjald atvinnurekenda, tekjur og gjöld Vinnueftirlitsins 1981—1985 (þús. kr.).

GJÖLD	1981	1982	1983	1984	1985*
Almenn starfsemi	5 227	7 667	15 049	19 354	30 691
Sérverkefni	590	1 606	2 443	2 993	4 996
Samtals	5 817	9 273	17 492	22 347	35 687

TEKJUR					
Iðgjöld vinnuv.		7 086	15 605	24 603	31 506
Gjaldskrá og framlög		1 376	1 689	2 079	5 225
Annað		54	71	201	190
Samtals	6 538	8 516	17 365	26 884	36 921
Þar af innheimt	5 368	7 212	14 401	23 550	34 070
IÐGJALDSHLUTFALL (%)	0,0896	0,0664	0,0905	0,0905	0,0905

* Tölur fyrir 1985 eru áætlaðar.

Á árinu 1983 var gerð starfsáætlun fyrir árið 1984 og ákveðið að framvegis skyldi tekin upp áætlanagerð um starfsemina. Jafnframt var ákveðið að stefna að því að taka upp verkefnaskipulag á sem flestum sviðum starfseminnar. Tilgangur þessa er sá að auðvelda forgangsröðun og gera starfið þar með markvissara og að skapa hvetjandi umhverfi fyrir starfsmenn.

Á árinu 1985 hefur verið undirbúið nýtt starfsskipulag fyrir almennt vinnustaðaeftirlit stofnunarinnar, sem taka mun gildi um næstu áramót. Tilgangurinn er sá að skapa betri yfirsýn yfir starfsemina og bæta rekstur þeirra þátta starfseminnar sem ekki verða verkefnabundnir. Enn fremur er þessu skipulagi ætlað að auðvelda samskipti við stjórnendur og starfsmenn á vinnustöðum og samtök launþega og vinnuveitenda alls staðar á landinu.

Árið 1984 var gefin út skýrsla um starfsemina 1981—1983.

3.2. STARFIÐ 1. JAN. 1981—30. SEPT. 1985.

Stjórnarstörf.

Stjórn Vinnueftirlits hélt, frá því hún var skipuð og til 30. september s. l., 67 fundi og tók til umfjöllunar 287 mál.

Stjórnin hefur sér til ráðgjafar 2 fastanefndir:

- Fjárhagsnefnd, fjallar um fjárhagsáætlanir, iðgjöld atvinnurekenda og gjaldskrá fyrir sérþjónustu.
- Fræðslunefnd, fjallar um námskeiðahald, útgáfumál og önnur fræðslumál.

Stjórn Vinnueftirlits í landbúnaði hélt á sama tímabili 11 fundi og tók til umfjöllunar 39 mál.

Ákvörðunum starfsmanna hefur þrívegis verið áfrýjað til stjórnar samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980. Í tveimur tilvikum felldi stjórnin úrskurð sem ekki var áfrýjað áfram til ráðherra, en í einu málinu breyttust forsendur svo að ekki þurfti að koma til úrskurðar.

Samstarf hefur í meginatriðum verið gott í stjórn stofnunarinnar og stjórnarmenn lagt sig fram um að ná samkomulagi í ágreiningsmálum.

Nýjar reglur og reglugerðir.

Lög nr. 46/1980 eru rammalög og veita stjórn Vinnueftirlitsins víðtæka heimild til þess að setja reglur um hina ýmsu þætti vinnuverndarmála. Sú skipan var tekin upp að reglur skyldu hljóta staðfestingu félagsmálaráðuneytisins og birtast í B deild Stjórnartíðinda.

Stjórn Vinnueftirlitsins ákvað strax í upphafi að vandað skyldi til undirbúnings reglna, jafnt nýrra sem þeirra sem byggjast munu á endurskoðun eldri reglugerða. Ekki skyldi stefnt að útgáfu þeirra reglna, sem lögin gera ráð fyrir, strax í upphafi, heldur skyldu reglur settar eftir því sem þörf krefði og afköst við undirbúning leyfðu. Þeir starfshættir voru teknir upp að sérstakar nefndir voru skipaðar til að undirbúa meiriháttar reglur. Stjórnin tilnefnir

formann, en samtök aðila vinnumarkaðarins aðra nefndarmenn í flestum tilvikum. Umfangsminni reglur eru undirbúnar af starfsmönnum Vinnueftirlitsins í samráði við hagsmunaaðila og sérfræðinga eða opinberar stofnanir sem málið varðar.

Við undirbúning reglna sem fyrirsjáanlegt er að hafa myndu í för með sér verulegan tilkostnað hefur stjórnin haft það að leiðarljósi að markmiðum laga nr. 46/1980 verði náð með sem minnstum kostnaði fyrir þjóðfélagið í heild. Sem dæmi um slík vinnubrögð má taka undirbúning nýsettra reglna um hávaðavarnir og heyrnareftirlit.

Eftirtaldar reglur og reglugerðir hafa verið afgreiddar af stjórninni fram til þessa:

- Reglur um gerð, notkun og varðveislu eftirlitsbóka fyrirtækja og þeirra gagna er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Reglur nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.
- Reglur nr. 75/1983 um asbest (sbr. einnig reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 74/1983).
- Reglur nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum.
- Reglur um dráttarvélar og öryggisbúnað við aflflutning frá þeim (hafa ekki hlotið staðfestingu).
- Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.
- Reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum (tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins samkv. lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984).
- Reglur um naglabyssur.
- Reglur um heftibyssur.

Eftirtaldar reglur og reglugerðir eru í undirbúningi:

- Reglugerð um framkvæmd laga nr. 46/1980 ásamt starfsreglum fyrir Vinnueftirlit ríkisins.
- Reglur um öryggisbúnað véla.
- Reglur um húsnæði vinnustaða (endurskoðun).
- Reglur um loftþjöppubúnað og hylki undir samþjappaðar lofttegundir.
- Reglur um heilbrigðis- og öryggisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum (endurskoðun).
- Reglur um persónuhlífar.
- Reglur um skráningu og eftirlit með farandvinnuvélum.
- Reglur um skíðalyftur.
- Reglur um starfsleyfisveitingar.
- Reglur um heilsuvernd starfsmanna (læknisskoðun o. fl.).
- Reglur um öryggisráðastafanir við kvikmyndasýningar (endurskoðun).

Auk þessa hafa Vinnueftirlitinu verið falin verkefni með reglugerðum sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út á grundvelli laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og í undirbúningi er reglugerð um sprengiefni á vegum dómsmálaráðuneytisins sem m.a. kveður á um hlutverk Vinnueftirlitsins í þeim málum.

Upplýsinga- og fræðslustörf.

Samkvæmt lögum nr. 46/1980 eru upplýsinga- og fræðslustörf meðal mikilvægustu verkefna Vinnueftirlitsins. Síðla árs 1982 samþykkti stjórnin sérstaka stefnumótun í upplýsinga- og fræðslumálum sem m.a. gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Almennri fræðslustarfsemi skal beint að öryggistrúnaðarmönnum og -vörðum, öryggisfulltrúum, fulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins, tæknihönnuðum, ráðgjöfum, framleiðendum og innflytjendum véla, efna o.fl. auk vinnuveitenda, verkstjóra og hins almenna starfsmanns á vinnustöðum.

- Gefin verði út vönduð leiðbeiningarit, til þess ætluð að koma að beinum notum við undirbúning og framkvæmd úrbóta á vinnustöðum.
- Haldið verði uppi víðtæku námskeiðshaldi fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði um allt land.
- Hafin verði útgáfa fréttabréfs um vinnuvernd.
- Fræðsla til vinnuveitenda og starfsmanna fari einkum fram með almennum áróðri í fjölmiðlum, veggspjöldum á vinnustöðum og vinnustaðafundum þar sem m.a. verði sýnd myndbönd og kvikmyndir.

Eitt fyrsta verkefnið var að skipuleggja og hrinda af stað námskeiðshaldi fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði. Námskeiðin standa yfir í 2—3 daga og fær hver þátttakandi skrifleg námskeiðsgögn um hin ýmsu málefni. Um er að ræða grunnnámskeið sem eru sameiginleg fyrir fólk úr öllum starfsgreinum eða sérstaklega sniðin fyrir ákveðnar greinar í samráði við vinnuveitendur og stéttarfélög.

Fram til þessa hafa verið gefin út eftirtalin leiðbeiningarrit af Vinueftirlitinu og fleiri eru í undirbúningi:

- Drifsköft og hlífabúnaður þeirra (dreift til bænda).
- Spurningablað um áhættuþætti í landbúnaði.
- Varúð — asbest.
- Loftræsting.
- Vinna við tölvuskjái.
- Jarðgangagerð.
- Hávaðavarnir, lögmál og leiðbeiningar (bók, 140 bls.)
- Á vinnustað, kennslubæklingur fyrir 9. bekk grunnskóla, gefinn út í samvinnu við Námsgagnastofnun.

Haustið 1984 hóf stofnunin útgáfu Fréttabréfs um VINNUVERND og hafa komið út af því 5 tölublöð. Stefnt er að reglubundinni útkomu 4 tölublaða árlega. Fréttabréfinu er dreift ókeypis í 2500 eintökum.

Gefin hafa verið út eftirtalin 3 veggspjöld og dreift á vinnustaði:

- „Öryggi er mál okkar allra".
- „Gott starfsumhverfi ræður miklu um líðan þína og heilsu .
- „Heyrnartjón er ólæknandi".

Brýn þörf er á útgáfu margs konar leiðbeiningar- og fræðsluefnis, en naum fjárráð takmarka útgáfuna.

Við gildistöku reglna nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum komst sú skipan á að til að öðlast réttindi á stærri vélar þarf að ljúka mun umfangsmeira námi en áður. Sér Iðntæknistofnun um framkvæmd námskeiðshaldsins í samráði við hagsmunaaðila og Vinueftirlitið.

Vinueftirlitið annast hins vegar námskeiðshald fyrir stjórnendur lyftara og annarra lítilla vinnuvéla (1 dags námskeið) og fyrir stjórnendur byggingakrana (2 daga námskeið).

Námskeið um meðferð og notkun sprengiefna eru haldin 1 — 2svar á ári með aðstoð sérfræðinga frá norska fyrirtækinu Dyno Industries A/S og umboðsaðila þess hér á landi, Ólafi Gíslasyni & Co. Námskeiðin eru vikulöng og standist þátttakendur próf að þeim loknum og hljóti þeir jákvæða umsögn prófdómara á vegum stofnunarinnar um verklega kunnáttu, fá þeir meðmæli um næga þekkingu á þessu sviði. Slík meðmæli eru forsenda sprengiefnaleyfis sem lögreglustjórar veita.

Auk ofanritaðs leggur Vinueftirlitið til kennara á fjölda námskeiða á vegum annarra aðila, svo sem námskeiða fyrir trúnaðarmenn, verkstjórnarfræðslu, meistaraskóla, lögregluskóla o.fl.

Tafla 2. Tölulegar upplýsingar um námskeiðahald.

Námskeið	1981	1982	1983	1984	1985*
Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði.	2/48	5/121	15/363	2/51	1/26
Frumnámskeið fyrir stjórnendur vinnuv.	24/746	22/573	23/786	27/464	21/512
Námskeið í notkun sprengiefna.	1/36	2/73	0/0	1/35	1/35
Námskeið í notkun naglabyssa.	/157	/198	/141	/38	/49

* Til 30. 09. 1985.

Eftirlitsstörf.

Skipulegu vinnustaðaeftirliti hefur verið haldið uppi hér á landi allt frá árinu 1929. Við gildistöku laga nr. 46/1980 og stofnun Vinnueftirlitsins varð nokkur breyting á eftirlitsstörfum í fyrirtækjum, sem m.a. einkennast af eftirfarandi:

- Leitast er við að koma á laggirnar innra starfi í fyrirtækjunum.
- Ítarlegri skoðanir eru framkvæmdar og fleiri þættir teknir fyrir.
- Gerð er í sérstökum tilvikum ítarleg úttekt á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi í einstökum starfsgreinum og stórum fyrirtækjum.

Í kjölfar þeirrar kynningar, sem átti sér stað á þessum málum við setningu og gildistöku hinna nýju laga, fjölgaði mjög kvörtunum um vanbúnað á vinnustöðum og beiðnum um eftirlit. Þetta orsakaði erfiðleika við að halda uppi reglubundnu eftirliti eins og að var stefnt.

Eftirlit með farandvinnuvélum, fólkslyftum og skíðalyftum hefur verið með svipuðum hætti og var hjá Öryggiseftirlitinu. Ákveðið var á árinu 1983 að taka ýmsa þætti farandvinnuvélaeftirlitsins til endurskoðunar. Stóraukin notkun á skíðalyftum, þ. á m. stólalyftum, kallar á aukið eftirlit stofnunarinnar. Í undirbúningi er að setja reglur og/eða gefa út leiðbeiningar um öryggisráðstafanir og eftirlit með skíðalyftum.

Sérstakt átak var gert í eftirliti með rafhituðum vatnshitunarkerfum á árunum 1982 og 1983 og hafði tæknideild stofnunarinnar umsjón með því.

Eftirlit og annað fyrirbyggjandi starf í landbúnaði hófst á árinu 1983. Hafði tæknideild umsjón með skipulagningu þess. Hér er um mjög vandasamt og tímafrekt eftirlit að ræða, en ákveðið var að ekki skyldu ráðnir til þess sérstakir starfsmenn, heldur skyldi það falið umdæmiseftirlitsmönnum stofnunarinnar. Lögð var áhersla á að kynna bændum þessi mál rækilega og var þeim sent dreifibréf og bæklingar um öryggisráðstafanir og hollustuhætti á vinnustöðum sínum samtímis því að eftirlitið hófst. Reynslan af þessu eftirliti er góð fram til þessa. Bændur hafa tekið starfsmönnum stofnunarinnar mjög vel og ýmislegt bendir til þess að árvekni þeirra í þessum málum hafi aukist. Þannig benti könnun sem gerð var haustið 1984 til þess að sala á drifskaftshlífum hafi rúmlega þrefaldast það sumar frá því sem áður var, en hlífar þessar vilja skemmast og hefur það oft valdið hörmulegum slysum.

Tafla 3. Eftirlitsstarfið, yfirlit.

	1981	1982	1983	1984
Heimsótt fyrirtæki:				
á höfuðborgarsvæðinu	625	683	536	573
utan höfuðborgarsv.	598	692	984	909
samtals	1 223	1 375	1 520	1 482

Skoðuð bændabýli			302	280
Skoðaðar farandvinnuv.	1 444	2 110	2 597	2 367
Skoðaðar fólkslyftur	457	489	491	483
Skoðuð vatnshitunark.	21	1 442	1 209	181
Endursk. fyrirtæki	252	268	259	127
Endursk. farandv.	116	132	201	95
Fyrirm. og ábendingar				
um aðbúnað		929	1 186	1 406
um hollustuhætti		1 136	1 454	1 366
um öryggi		3 021	3 787	4 376
samtals	3 176	5 086	6 427	7 148
Lokanir	21	32	28	112*
Vinnustaðafundir	63	60	75	90
Gasmælingar	103	111	148	109
Þrýstiraunir	47	27	29	25
Þolraunir	168	196	214	259

* Innsiglisaðgerðir og skriflegt bann við notkun.

Tæknimál, starfsleyfi o.fl.

Ekki eru í gildi hér á landi almenn ákvæði í lögum eða reglugerðum um viðurkenningarskyldu á vélum og tækjum, en ákvæði eru um að slíkur búnaður skuli vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og fyrirmæli Vinnueftirlitsins hvað varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 46. gr. laga nr. 46/1980. Allmargar gerðir véla koma engu að síður til umfjöllunar Vinnueftirlitsins sem m.a. byggir umsögn sína á prófunargögnum frá nágrannalöndunum. Viðurkenningar- eða tilkynningarskylda nær þó til naglabyssa, eimkatla, kæli- og frystikerfa, rafkyntra vatnshitunarkerfa og lyftna. Í nokkrum tilvikum hafa endurtekin slys við sömu tegund vélar leitt til kröfu Vinnueftirlitsins á hendur framleiðanda um breytingar á öryggisbúnaði eða jafnvel innköllun eða bann við notkun.

Í 29. og 30. gr. laga nr. 46/1980 eru lagðar skyldur á framleiðendur og innflytjendur véla og tækja um merkingu og leiðbeiningar á íslensku. Nokkuð hefur þokast í rétta átt í þessum málum en mikið skortir enn á að þessi ákvæði séu komin til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að með fyrirhuguðum reglum um öryggisbúnað véla verði tekið mun fastar á þessum málum en áður.

Umsagnir um fyrirhugaðar breytingar á eldri fyrirtækjum og starfsleyfa vegna nýrra fyrirtækja hófst fyrst að ráði á árinu 1982. Í byrjun árs 1983 samþykkti stjórn stofnunarinnar að litið skyldi svo á að öll fyrirtæki og stofnanir, sem starfandi voru við gildistöku laga nr. 46/1980 og ekki höfðu gerst brotleg við tilkynningaskyldu samkvæmt eldri lögum, hefðu starfsleyfi Vinnueftirlitsins.

Tafla 4. Afgreiðsla á sviði tæknimála.	**1981**	**1982**	**1983**	**1984**
Umsagnir um nýja gerðir véla og tækja	17	33	40	23
Umsagnir um nýja eimkatla og þrýstibúnað	29	28	21	17
Sérstakar aðgerðir vegna véla og tækja	8	4	7	13
Starfsl. og umsagnir v. nýrra og br. vinnustaða	13	35	83	88
Umsagnir v. lána til að bæta aðbúnað	0	50	27	26

Hollustuhættir og efnafræðileg málefni.

Á undanförnum 10—15 árum hefur orðið ör þróun í mælitækni á þessu sviði sem gert hefur mögulegt að mæla og meta á hagkvæmari hátt ýmsa hættuþætti og nákvæmar en áður. Eins og áður greinir hefur tekist að afla nokkurs tækjabúnaðar til mengunar- og hávaðamælinga, en mikið skortir á að Vinnueftirlitið sé nægjanlega tækjum búið. Starfsmenn hollustuháttadeildar hafa hlotið þjálfun og tilsögn hjá erlendum stofnunum.

Þegar á árinu 1981 hóf stofnunin úttekt á hávaðamengun í fyrirtækjum og ná þær til mælinga á þeim hávaða sem starfsmenn verða fyrir, staðbundnum hávaða, hávaðaútbreiðslu og endurkasti í byggingum. Markmiðið er að á grundvelli niðurstöðunnar sé hægt að fara nærri um hagkvæmustu leiðir til úrbóta. Mælingar þessar hafa staðfest að heilsuspillandi hávaði er í dag mikið vandamál á íslenskum vinnustöðum og mikið verk óunnið við úrbætur á þessu sviði, sbr. enn fremur kafla 3.3 um tilkynnta atvinnusjúkdóma.

Ítarlegar mengunarmælingar hafa verið gerðar í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og Álverinu í Straumsvík. Eftirlitsmælingar hafa einnig verið gerðar í Kísiliðjunni við Mývatn og nokkrum öðrum fyrirtækjum.

Á árinu 1983 tók stofnunin að sér að gera úttekt á mengun í andrúmslofti starfsmanna í kísilgúrverksmiðju í Kenya og leiðbeina þarlendum yfirvöldum um framkvæmd slíkra mælinga og fleiri þætti vinnuverndar. Verkefnið var unnið fyrir utanríkisráðuneytið.

Síðla árs 1983 tóku gildi reglur sem banna notkun asbests á Íslandi nema í sérstökum undantekningatilvikum með leyfi Vinnueftirlitsins. Í tengslum við gildistöku reglnanna var gerð úttekt á asbestmeðferð við hemlaviðgerðir og sérstök kynning fór fram á reglunum.

Haustið 1984 ákvað stjórn stofnunarinnar að aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna skyldi verða forgangsverkefni hjá stofnuninni. Víða í nágrannalöndunum hefur komið í ljós að starfsmenn sem anda að sér slíkri mengun geta smám saman orðið fyrir alvarlegum heilaskemmdum, en könnun hefur ekki farið fram á slíku hérlendis. Hér er um mjög viðamikið verkefni að ræða sem standa mun yfir í nokkur ár.

Tafla 5. Tölulegar upplýsingar um starfsemi varðandi hollustuhætti og efnafræðileg málefni.

	1981	1982	1983	1984
Fjöldi hávaðaúttekta	32	20	22	22
Fjöldi mengunarúttekta	2	1	6	2
Leyfisveitingar vegna asbestnotkunar			6	7
Sérstakar afgreiðslur vegna hættulegra efna	12	12	28	23

Atvinnusjúkdómar og heilsuvernd.

Frá því Vinnueftirlitið tók til starfa hefur verið unnið að uppbyggingu þessarar starfsemi, en flestir þættir hennar eru nýmæli hér á landi.

Unnið hefur verið að undirbúningi framkvæmdar á XI. kafla laga nr. 46/1980 sem fjallar um heilsuvernd, læknisskoðanir og aðrar rannsóknir. Gert er ráð fyrir að heilsugæslustöðvar sinni þessu hlutverki og hafa ákvæði þar að lútandi verið tekin upp í lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um heilsugæslustöðvar. Í nágrannalöndunum er hins vegar gert ráð fyrir að sérstök heilsugæsla á vegum fyrirtækja og atvinnugreina annist þetta verkefni. Hér er um geysiviðamikið mál að ræða og hefur hægt miðað undirbúningi þess. Fyrirkomulag sem í meginatriðum samræmist lögunum hefur nú einungis komist á í 4 stærri iðnfyrirtækjum.

Hafnar voru rannsóknir á tíðni atvinnusjúkdóma og dánarmeinum meðal einstakra starfstétta og komið upp aðstöðu í þessu skyni (tölvuforrit o.fl). Stefnt er að samvinnu við

aðra aðila um slíkar rannsóknir í samræmi við lög nr. 46/1980, en ljóst er að Vinnueftirlitið verður í flestum tilvikum að hafa frumkvæði og annast rannsóknirnar að verulegu leyti. Eftirtaldar rannsóknir hafa verið framkvæmdar eða eru í gangi:

- Tíðni illkynja mesotelioma á Íslandi (krabbamein í brjóst- eða lífhimnu sem talið er tengjast innöndun asbestryks).
- Dánarmein og nýgengni krabbameins meðal vélstjóra.
- Dánamein múrara.
- Húðofnæmi meðal múrara.
- Rannsókn gagna um vinnuslys sem komu til meðhöndlunar á Borgarspítalanum 1983 (Unnið í samvinnu við Hauk Kristjánsson, fyrrverandi yfirlækni slysadeildar, og Borgarspítalann).
- Einkenni frá stoð- og hreyfikerfi meðal fiskvinnslufólks (í undirbúningi).

Leiðbeiningastarf er hafið á sviði iðjufræði („ergonomi"), sem fjallar um líkamsbeitingu við vinnu, vinnustellingar o.fl.

Innri starfsemi í fyrirtækjum. Öryggisnefndir sérgreina.

Annað meginmarkmið laga nr. 46/1980 er að gera mönnum kleift að leysa vandamál á sviði vinnuverndar innnan fyrirtækjanna sjálfra. Í II. kafla laganna eru sérstök ákvæði um þetta starf og á árinu 1982 voru settar nánari reglur um tilhögun þess. Það er mat nefndarinnar að þegar á heildina er litið hafi gengið fremur treglega að koma þessu starfi á. Dæmi eru þó um einstaka fyrirtæki þar sem slíkt starf er all öflugt.

Það fyrirkomulag öryggistrúnaðarmanna, -varða og -nefnda sem lögin kveða á um hefur verið sett á laggirnar í allmörgum fyrirtækjum og samtals hafa 609 sótt námskeið Vinnueftirlitsins fyrir þessa aðila eins og áður greinir. Algengt er hins vegar að starfið leggist niður vegna þess að menn skipta um vinnu og einnig að menn eru ekki virkir í þessu starfi. Þessi þróun kemur í sjálfu sér ekki á óvart að mati Vinnueftirlitsins þar sem ljóst er að til þess að þetta starf verði öflugt þarf að koma til hugarfarsbreyting úti á vinnustöðunum og gera þarf menn betur í stakk búna til að leysa viðfangsefni á þessu sviði með stóraukinni fræðslu og leiðbeiningum. Á hinum Norðurlöndunum hefur verið byggt upp all öflugt innra starf í fyrirtækjum, en fjölmörg ár tók að koma því á laggirnar og gera það virkt.

Ekki er til nákvæm skrá yfir öryggistrúnaðarmenn og -verði en í lok september s. l. er talið að fjöldi þessarra aðila hafi verið nálægt því sem að neðan greinir:

Öryggistrúnaðarmenn: 635

Öryggisverðir: 395

Í III. kafla laga nr. 46/1980 er fjallað um öryggisnefndir sérgreina. Kunnugt er að nefndir hafi starfað í eftirtöldum greinum:

- Iðnaði.
- Málmiðnaði.
- Prentiðnaði.
- Byggingariðnaði (bráðabirgðanefnd).

Nefndirnar hafa verið lítið virkar nema nefndin í prentiðnaði sem staðið hefur fyrir útgáfustarfsemi og námskeiðshaldi. Til athugunar hefur verið að marka stafi þeirra skýrari ramma með reglum eða á annan hátt.

Ákvæði um hvíldartíma og frídaga og vinnu barna og unglinga.

Í IX. kafla laga nr. 46/1980 er fjallað um hvíldartíma og frídaga. Kveðið er á um að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér samkomulag um framkvæmd nauðsynlegra frávika og var bráðabirgðasamkomulag gert í apríl 1981 og hefur það verið í gildi síðan. Ljóst er að þessi lagaákvæði hafa ekki komist til framkvæmda að öllu leyti. Það er einkum við

vertíðabundna starfsemi, þar sem vaktavinnu verður ekki við komið, sem víkja þarf frá meginákvæðunum.

Til afgreiðslu hafa komið erindi vegna hvíldartíma og frídaga eins og að neðan greinir:

1981: Samþykkt fyrirkomulag: 14, frávik: 6
1982: Samþykkt fyrirkomulag: 3, frávik: 1
1983: Umsagnir: 2
1984: Umsagnir: 4

Um vinnu barna og unglinga er fjallað í X. kafla laganna. Vinnueftirlitið hefur lítil bein afskipti haft af slíkum málum, en beitt sér fyrir framkvæmd þessara ákvæða með tilkynningum til vinnuveitenda í fjölmiðlum og með því að fjalla um þau á námskeiðum fyrir öryggistrúnaðarmenn og -verði og á verkstjórnarnámskeiðum.

3.3. VINNUSLYS OG ATVINNUSJÚKDÓMAR.

Vinnuslys.

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 46/1980 ber vinnuveitanda að tilkynna lögreglu og Vinnueftirlitinu um vinnuslys og eitranir sem fyrir koma. Vinnueftirlitið framkvæmir rannsóknir á orsökum slyssins og tekur afstöðu til þess hvaða öryggisráðstafanir beri að gera til að koma í veg fyrir slík slys.

Ljóst er að mikill fjöldi vinnuslysa er ekki tilkynntur Vinnueftirlitinu eins og fram kemur við samanburð á töflum 6 og 8. Mörg þeirra slysa sem ekki eru tilkynnt eru smávægileg, en þó má telja fullvíst að fjölmörg meiriháttar slys séu ekki tilkynnt stofnuninni.

Upplýsingar um dauðaslys eru áreiðanlegri, en ekki eru talin með bifreiðaslys þó aksturinn hafi verið vinna hins látna. Eins og sjá má í töflu 7 er fjöldi dauðaslysa mjög misjafn milli ára.

Brýnt er að skráning vinnuslysa verði bætt og rannsóknir á tíðni slysa við hin mismunandi störf verði efldar með það fyrir augum að gera fyrirbyggjandi starf markvissara. Rannsókn sú sem áður er greint frá á vinnuslysum sem til meðhöndlunar komu á Slysadeild Borgarspítalans 1983 er liður í þessu.

Tafla 6. Tilkynnt vinnuslys eftir atvinnugreinum.

	1981	1982	1983	1984
Fiskiðnaður	20	30	37	31
Matvæla- og fóðurv. iðnaður	14	20	28	11
Vefnaðar- og fataiðnaður	19	15	17	6
Prentiðnaður	2	2	0	7
Trésmíðaiðnaður	29	21	22	28
Skinnaiðnaður	1	0	3	0
Stein-, leir- og gleriðn.	2	9	3	4
Málmiðnaður	41	37	64	37
Efnaiðnaður	1	4	7	12
Byggingariðnaður	36	33	47	48
Flutninga- og birgðastafs.	47	58	57	49
Rafmagnsiðnaður	5	7	14	2
Þjónustugreinar	9	9	31	92
Landbúnaður	4	5	4	6
Aðrar atvinnugreinar	5	4	6	14
Samtals	**235**	**254**	**340**	**347**

Tafla 7. Tilkynnt dauðaslys við vinnu eftir atvinnugreinum.

	1981	1982	1983	1984
Fiskiðnaður	1	1		1
Byggingariðnaður	3	2		2
Flutninga- og birgðast.	2	1	1	1
Landbúnaður	2	2		1
Samtals	**8**	**6**	**1**	**5**

Tafla 8. Fjöldi slasaðra sem komu til meðferðar á slysadeild Borgarspítalans vegna slysa sem flokkuð voru sem vinnuslys, annarra en slysa á sjó.

	1981	1982	1983	1984
Allar atvinnugreinar	5 654	6 145	5 763	6 060

Vinnueftirlitið veitir ákæruvaldinu, dómstólum og aðilum að skaðabótamálum umsagnir um vinnuslys. Fjöldi slíkra umsagna hefur verið eins og að neðan greinir:

1981: 14
1982: 13
1983: 29
1984: 58
1985: 49 (til 30/9)

Atvinnusjúkdómar.

Samkvæmt reglum um tilkynningu atvinnusjúkdóma frá 1956 skal læknir tilkynna slíka sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins og landlæknis. Margt bendir hins vegar til þess að verulegur misbrestur sé á því að tilkynningar séu sendar um slíka sjúkdóma.

Í töflu 9 er að finna yfirlit yfir tilkynnta meinta atvinnusjúkdóma 1981—1985. Athygli vekur mikill fjöldi tilkynninga um heyrnarskemmdir vegna hávaða við vinnu eða samtals 1686 tilkynningar. Tilkynningar þessar eru allar frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Ljóst er að úrbætur í þessum málum eru eitt brýnasta verkefnið á sviði vinnuverndar hérlendis. Eins og fram hefur komið voru nýlega samþykktar nýjar reglur um hávaðavarnir og heyrnareftirlit og gefin hefur verið út leiðbeiningabók um framkvæmd hávaðavarna.

Tafla 9. Tilkynntir meintir atvinnusjúkdómar eftir sjúkdómsflokkum.

	1981	1982	1983	1984
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	3	1	0	2
Sjúkdómar í öndunarfærum	35	17	14	18
Sjúkdómar í húð/húðnetju	11	11	8	3
Sjúkdómar í beinum, vöðvum og tengivef	14	8	0	2
Annað				1
Áverkar og eitranir	4	2	1	4

Samtals aðrir sjúkdómar en heyrnartap	67	39	23	30
Heyrnartap	354	285	470	577
Samtals	**421**	**324**	**493**	**607**

Tilkynningum um atvinnusjúkdóma, aðra en heyrnarskerðingu, fækkar eftir 1981. Líkleg skýring á þessu er að á árinu 1981 var gert sérstakt átak til að bæta framkvæmd tilkynninga.

3.4. LÁNVEITINGAR TIL FYRIRTÆKJA.

Samkvæmt 4. tölul. bráðabirgaðaákvæða l. nr. 46/1980 skal árlega í 5 ár frá gildistöku laganna lána fyrirtækjum, sem þá voru starfandi, fé til þess að framkvæma úrbætur á starfsumhverfi, 500 milljónir kr. (gamlar krónur) m. v. verðlag 1. janúar 1979. Færð til verðlags í október 1985 m. v. byggingavísitölu svarar þessi upphæð til 66 milljóna kr.

I lögunum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn annist útvegun fjármagns í þessu skyni, en samkomulag varð um að Framkvæmdastofnun ríkisins tæki að sér það hlutverk og hefur Byggðasjóður annast lánveitinguna. Mat á lánshæfni umsækjenda og eftirlit með því að lánin séu notuð eins og til er ætlast er hins vegar á höndum Vinnueftirlitsins, en endanlegar tillögur um lánveitingar til einstakra fyrirtækja eru gerðar af sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk stjórnarformanns og forstjóra Vinueftirlitsins. Við ákvörðun um tillögur nefndarinnar er notuð einkunnagjöf sem gefur til kynna mikilvægi framkvæmdar frá vinnuverndarsjónarmiði.

Lánveitingar hófust á árinu 1982 og voru 10 milljónir kr. til ráðstöfunar hvort ár sem er verulega lægri upphæð en lögin gerðu ráð fyrir. Lánin eru til 5 ára, gengistryggð í þýskum mörkum.

Tafla 10. Lánveitingar til fyrirtækja eftir landshlutum (fjöldi umsókna og lánveitinga og lánsupphæðir í þús. kr.)

		1981	**1982**	**1983**	**1984**	**1985**
Höfuðborgarsv.	umsóknir		11	7	2	4
	veitt lán		7	7	2	4
	lánsupphæð		2 980	3 200	1 200	4 400
Vesturland	umsóknir		1	4	3	3
	veitt lán		1	4	3	3
	lánsupphæð		1 300	1 600	2 050	3 500
Vestfirðir	umsóknir		2	1	1	1
	veitt lán		0	1	1	1
	lánsupphæð		0	700	1 200	500
Norðurland v.	umsóknir		4	0	6	0
	veitt lán		3	0	5	0
	lánsupphæð		480	0	5 400	0
Norðurland e.	umsóknir		10	4	6	2
	veitt lán		4	3	4	1
	lánsupphæð		2 815	1 550	1 320	250

Austurland	umsóknir	6	3	1	3
	veitt lán	2	3	0	3
	lánsupphæð	275	1 200	0	1 850
Suðurland	umsóknir	10	6	4	1
	veitt lán	5	5	4	0
	lánsupphæð	728	940	2 250	0
Suðurnes	umsóknir	6	2	3	1
	veitt lán	3	2	2	1
	lánsupphæð	1 430	1 000	1 075	3 500
Samtals	**umsóknir**	**50**	**27**	**26**	**15**
	veitt lán	**25**	**28**	**21**	**130**
	lánsupphæð	**10 008**	**10 190**	**14 495**	**14 000**

Tafla 11. Lánveitingar til fyrirtækja eftir eðli framkvæmda. (Ath. sama fyrirtæki getur verið með fleiri en eina framkvæmd).

Eðli framkvæmdar	Fjöldi framkvæmda				
	1981	1982	1983	1984	1985
Endurb. á vinnuaðstöðu eða aðbúnaði með nýbyggingu		1	7	5	2
Endurbætur á starfsmannarými í eldra húsnæði		18	19	12	6
Endurbætur á vinnuaðstöðu í eldra húsnæði		5	8	2	3
Endurb. á tækjabúnaði m.t.t. vinnuverndar		4	1	5	0
Endurb. á loftræstingu		15	11	10	7
Aðgerðir til að draga úr hávaða		4	2	1	0

3.5. RÁÐSTEFNUR OG ERLEND SAMSKIPTI.

Ráðstefnur á Íslandi.

12.—15. september 1982 var haldið í Reykjavík 31. norræna þingið um hollustuhætti á vinnustöðum og sóttu það 157 fulltrúar. Þing þessi eru haldin árlega til skiptis á Norðurlöndunum, en hafa þó ekki áður verið haldin hérlendis. Norræna ráðherranefndin styrkir þinghaldið fjárhagslega.

11. og 12. nóvember 1982 var haldin í Reykjavík ráðstefna um vinnuvernd og voru skráðir þátttakendur 218, flestir fulltrúar samtaka á vinnumarkaðnum. Fulltrúar þingflokkanna fluttu ávarp á ráðstefnunni.

Norrænt samstarf.

Öflugt norrænt samstarf um vinnuvernd fer fram, bæði á grundvelli samstarfsáætlunar Norðurlanda („Nordisk samarbeidsprogram på arbeidsmiljöområdet") og beint milli einstakra stofnana.

Formlegt samstarf á grundvelli samstarfsáætlunarinnar, sem félagsmálaráðuneytið og Vinnueftirlitið taka þátt í, er í grófum dráttum sem hér segir:

- Ráðherrafundir um vinnuvernd eru haldnir u.þ.b. annað hvert ár.
- Embættismannanefndin um vinnuvernd gerir tillögur til norrænu ráðherranefndarinnar um samstarfsverkefni og ráðstöfun fjármuna til vinnuverndar á fjárlögum ráðherranefndarinnar. Fulltrúar Íslands í nefndinni eru Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, og Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri.
- Starfsnefndin um rannsóknir fjallar um rannsóknarverkefni og gerir tillögur til embættismannanefndarinnar. Fulltrúi Íslands er Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins.
- Vinnunefndin um eftirlitsmálefni fjallar um samræmingu reglugerða, upplýsingamiðlun o.fl. og gerir tillögur til embættismannanefndarinnar. Fulltrúi Íslands er Sigurður Þórarinsson, deildarstjóri eftirlitsdeildar Vinnueftirlitsins.
- Stjórn norrænu fræðslustofnunarinnar á sviði vinnuverndar. Fulltrúi Íslands er Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir. Stofnunin tók til starfa 1982 og hefur aðsetur í Helsingfors. Hún heldur vönduð námskeið fyrir sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum vinnuverndar.
- Verkefnanefndir annast framkvæmd samstarfsverkefna eða fara með stjórn þeirra. Helstu verkefni sem Vinnueftirlitið tók þátt í á tímabilinu eru (nafn fulltrúa í sviga):
  - Sérfræðinganefndin um mengunarmörk fyrir hættuleg efni í andrúmslofti á vinnustöðum (Dr. Þorkell Jóhannesson, prófessor).
  - Skipulagning rannsókna á efnahagslegum áhrifum vinnuverndarstarfs (Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri/Guðjón Jónsson, deildarverkfræðingur).
  - Skipulagning þinga um hollustuhætti á vinnustöðum (Víðir Kristjánsson, deildarverkfræðingur).
  - Rannsóknir á fósturskemmdum vegna áhættuþátta á vinnustöðum (Dr. Vilhjálmur Rafnsson, yfirlæknir).
  - Upplýsingamiðlun á sviði vinnuverndar (Víðir Kristjánsson, deildarefnafræðingur).
  - Samræming vinnuverndarákvæða um ýmis málefni, svo sem eimkatla og geyma, landbúnaðarstörf, krabbameinsvaldandi efni, hávaðavarnir, viðurkenningu og prófun persónuhlífa (ýmsir starfsmenn Vinnueftirlitsins).

Auk þessa er um ýmiss konar samstarf milli vinnuverndarstofnana á Norðurlöndunum að ræða, svo sem ráðstefnur vinnueftirlitanna annað hvert ár, samráðsfundi forstjóra o.fl. Að hvað mestu gagni hefur þó komið ýmiss konar bein aðstoð systurstofnana við Vinnueftirlitið, svo sem vandasamar greiningar á sýnum (asbest, kísilsýruryk o. fl.) við vægu verði, aðstoð við þjálfun starfsmanna og ýmiss konar leiðbeiningar og upplýsingar um einstök málefni.

4, NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR.

4.1. LÖG NR. 46/1980 UM AÐBÚNAÐ, HOLLUSTUHÆTTI OG ÖRYGGI Á VINNUSTÖÐUM.

Meginniðurstaða nefndarinnar.

Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að ekki sé ástæða til að breyta ákvæðum laganna enn sem komið er og leggur hún til að endurskoðun þeirra verði frestað um 5 ár og 5. tl. bráðabirgðaákvæðis þeirra breytt í samræmi við það. Meginástæður þessarar niðurstöðu eru eftirfarandi:

- Samstaða er í nefndinni um markmið laganna eins og þeim er lýst í 1. gr. þeirra.
- Ábyrgt samstarf hefur verið með aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldinu í stjórn Vinnueftirlits ríkisins um framkvæmd laganna.
- Nefndin telur það stjórnarfarslega fyrirkomulag sem nú er á þessum málum heppilegt og leiða til lítillar skörunar við aðra málaflokka. Eðlilegt sé að öll málefni sem löggjöf fjallar um á sviði aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum myndi sjálfstæðan málaflokk undir sameiginlegri stjórn aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins og undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins sem fer með málefni vinnumarkaðarins.
- Lögin eru mjög viðamikil og óhjákvæmilegt að langan tíma taki að koma þeim til framkvæmda og byggja upp þá starfsemi sem þau gera ráð fyrir. Ekki hefur fengist nægilega löng reynsla af framkvæmd þeirra og sum ákvæði þeirra hafa enn ekki komið til framkvæmda.
- Þau vandkvæði og álitamál sem upp hafa komið frá því lögin tóku gildi telur nefndin að unnt verði að leysa að mestu leyti við framkvæmd þeirra.

Nefndin hefur fjallað um nokkur vandkvæði og álitamál sem henni er kunnugt um að upp hafi komið við framkvæmd laganna og verður hér að neðan gerð grein fyrir helstu niðurstöðum hennar varðandi þessi atriði.

Ákvæði um hvíldartíma og frídaga.

Vandamál hafa komið upp við framkvæmd þessarra ákvæða laganna og ljóst er að þau hafa ekki komist til framkvæmda að öllu leyti. Það er einkum við vertíðabundna starfsemi í sjávarútvegi sem vikið hefur verið frá meginákvæðunum.

Vorið 1981 gerðu Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands með sér bráðabirgðasamkomulag um framkvæmd hvíldartímaákvæða laga nr. 46/1980 með gildistíma til 1. nóvember 1981. Í samkomulaginu er m.a. tekið fram að aðilar séu sammála um að halda áfram viðræðum um vaktavinnu og sveigjanlegan vinnutíma til lausnar vanda sem skapast við sérstakar aðstæður vegna ákvæða um hvíldartíma, svo sem við móttöku á fiski, loðnufrystingu, síldarvinnslu o. fl. Þessir aðilar hafa hinsvegar ekki gert með sér neitt frekara samkomulag um þessi mál enn sem komið er og hefur verið gengið út frá því að gildistími bráðabirgðasamkomulagsins hafi framlengst við hverja aðalkjarasamninga síðan það var gert.

Í 52. til 54. gr. laganna eru ýmis ákvæði sem heimila frávik frá meginákvæðunum um lágmarkshvíld á hverjum sólarhring og vikulegan frídag. Þannig er heimilt að stytta hvíldartímann í 8 stundir við vaktavinnu, störf að landbúnaði og björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla. Einnig má víkja frá ákvæðunum verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna. Enn fremur má veita undanþágur frá ákvæðunum þegar starfið er þess eðlis að ekki er unnt að stöðva starfsemina eða sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg.

Á sama hátt eru í 55. til 57. gr. laganna ýmis ákvæði sem heimila frestun á töku vikulegs frídags eða undanþágu frá slíku fyrirkomulagi þegar ekki er unnt að gera hlé á vinnu vegna eðlis hennar eða sérstakir starfshættir valda því að slík frávik eru nauðsynleg.

Meginregla laganna um framkvæmd frávika og undanþága frá ákvæðum um hvíldartíma og frídaga er sú að um framkvæmdina skuli aðilar vinnumarkaðarins gera með sér samkomulag.

Með hliðsjón af framanrituðu leggur nefndin ekki til að ákvæðum laganna um hvíldartíma og frídaga verði breytt á þessu stigi, í trausti þess að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér nánara samkomulag um framkvæmd frávika frá meginreglunum.

Starfshættir stjórnar Vinnueftirlitsins.

Í lögum nr. 46/1980 er stjórn Vinnueftirlits ríkisins veitt vald til þess að setja reglur um ýmis framkvæmdaatriði innan ramma laganna. Bent hefur verið á að ekki er í lögunum tekið fram um málskotsrétt aðila í stjórninni sem kynnu að verða í minnihluta við afgreiðslu mála af þessu tagi, þó ljóst sé að miklir hagsmunir geti verið í húfi. Fram til þessa hefur hinsvegar náðst einróma samkomulag um afgreiðslu allra slíkra mála í stjórninni.

Nefndin er sammála um að yrði sett ákvæði um málskotsrétt í lögin gæti það dregið úr þeim hvata sem verið hefur til þess að menn gerðu sitt ítrasta til að ná samkomulagi í slíkum málum og gerir því ekki tillögu um breytingu á lögunum að þessu lútandi.

Heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Eins og fram kemur í kafla 3.2. hefur gengið fremur treglega að koma á þeirri starfsemi innan fyrirtækjanna sjálfra sem kveðið er á um í II. kafla laganna. Bent hefur verið á að í löggjöf sumra nágrannalandanna hefur verð gengið lengra í þessum efnum og verkalýðsfélögum heimilað að tilnefna sérstaka öryggistrúnaðarmenn fyrir smærri fyrirtæki á ákveðnum svæðum, svonefnda „svæðisbundna öryggistrúnaðarmenn". Kostnaður við störf þeirra er greiddur af opinberum sjóðum.

Nefndin er sammála um að leggja ekki til að breyting verði gerð á lögunum í þessa átt að sinni, heldur verði séð til með það hvaða árangri aukið fræðslustarf Vinnueftirlitsins og uppbygging starfseminnar að undanförnu, sem að verulegu leyti hefur verið úti á landsbyggðinni, muni skila.

Heilsuvernd starfsmanna, læknisskoðanir o.fl.

Í XI. kafla laganna er kveðið á um heilsuvernd starfsmanna fyrirtækja þar sem starfsumhverfi er talið geta valdið heilsutjóni af einhverju tagi. Gert er ráð fyrir að þessi starfsemi eigi sér stað í hinu almenna heilsugæslukerfi samkvæmt samningi vinnuveitenda og viðkomandi stofnana og í samráði við heilbrigðisyfirvöld. Almenn ákvæði hafa verið tekin inn í lög um heilbrigðisþjónustu og reglugerð um heilsugæslustöðvar í samræmi við þetta.

Á öllum hinum Norðurlöndunum er í uppbyggingu sérstök fyrirtækjaheilsugæsla sem rekin er á kostnað fyrirtækjanna sjálfra að verulegu leyti.

Fyrirkomulag samkvæmt lögunum hefur í dag einungis komist á hjá stórum fyrirtækjum á sviði orkufreks iðnaðar, en starfsemi í þessa veru fer þó fram samkvæmt samningum nokkurra starfsstétta við vinnuveitendur þó þar sé ekki ávallt hugað að samspili vinnuumhverfis og heilsufars á sama hátt og lögin gera ráð fyrir.

Við Vinnueftirlitið hefur verið byggð up ný starfsemi á sviði atvinnusjúkdóma eins og fram kemur í kafla 3.2. Ýmis undirbúningur hefur verið unninn að því að koma ákvæðum laganna um heilsuvernd til framkvæmda á næstu árum.

Nefndin leggur ekki til að ákvæðum laganna um heilsuvernd starfsmanna verði breytt að sinni, heldur verði látið reyna á framkvæmd þeirra á næstu árum.

4.2. MIKILVÆG VERKEFNI Á SVIÐI VINNUVERNDAR.

Nefndin bendir á að starfsemi á sviði vinnuverndar er í eðli sínu fyrirbyggjandi og miðar að því að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma og að stuðla að vellíðan manna við hin ýmsu störf í þjóðfélaginu. Ýmsar þær úrbætur sem gera þarf kosta verulega fjármuni, en náist árangur í þessu starfi sparast fjármunir í heilbrigðiskerfinu og hjá fyrirtækjunum. Í ýmsum tilvikum fara ennfremur saman bættir framleiðsluhættir og aukin framleiðni annars vegar og aukin vinnuvernd hins vegar.

Nefndin bendir á eftirtalin verkefni sem hún telur mikilvægt að unnin verði á næstu árum:

Varnir gegn heyrnarskemmdum.

Á undanförnum árum hefur komið í ljós að mikill fjöldi einstaklinga hefur orðið fyrir heyrnartjóni vegna vinnu á hávaðasömum vinnustöðum. Þannig tilkynnti Heyrnar- og talmeinastöð Íslands um samtals 1686 slík tilvik á árunum 1981—1984 sem flest komu í ljós við heyrnarmælingar á vinnustöðum.

Vinnueftirlitið hefur þegar unnið verulegt starf á þessu sviði með mælingum á hávaða á vinnustöðum og leiðbeiningum um úrbætur, áróðri um notkun heyrnarhlífa o.fl. Nýverið samþykkti stjórn Vinnueftirlitsins nýjar reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og hlutu þær staðfestingu félagsmálaráðuneytisins hinn 5. desember sl. Nýverið kom enn fremur út ítarleg leiðbeiningabók stofnunarinnar um framkvæmd hávaðavarna til notkunar fyrir tækniráðgjafa, stjórnendur fyrirtækja, trúnaðarmenn starfsmanna o.fl. Á lokastigi undirbúnings er enn fremur útgáfa almennra leiðbeininga um hávaða og heyrnarskemmdir og sérstakra merkimiða til að gefa til kynna hvar innan fyrirtækjanna skylt sé að nota heyrnarhlífar.

Lögð hafa verið drög að umfangsmiklu verkefni á vegum Vinnueftirlitsins sem felur m.a. í sér að hávaði á vinnustöðum verður kortlagður um allt land af eftirlitsmönnum stofnunarinnar með það fyrir augum að komast að því hvar framkvæma þurfi úrbætur samkvæmt hinum nýju reglum og hvaða vinnustaðir falla undir ákvæði um heyrnareftirlit starfsmanna. Fyrirtækjunum verða gefnar einfaldar leiðbeiningar um framkvæmd úrbóta þar sem þær eiga við og þeim bent á hvernig afla má frekari ráðgjafar þar sem þess gerist þörf. Þegar hefur verið haldið námskeið fyrir eftirlitsmenn Vinnueftirlitsins til undirbúnings þessa verkefnis.

Sérstakar aðgerðir þarf að framkvæma til þess að tryggja að vélar sem framleiddar eru hérlendis eða fluttar eru inn skapi sem minnstan hávaða og að við hönnun mannvirkja sé leitast við að koma í veg fyrir hávaða.

Það er mat nefndarinnar að aðgerðir til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir heyrnarskemmdir séu brýnt verkefni sem taka mun allmörg ár að framkvæma.

Aðgerðir til að koma í veg fyrir heilsutjón af völdum lífrænna leysiefna.

Rannsóknir í nágrannalöndunum hafa leitt í ljós að umtalsverður fjöldi starfsmanna hefur hlotið varanlegar skemmdir á heila og taugakerfi vegna vinnu við svonefnd lífræn leysiefni. Sem dæmi má nefna að á árabilinu 1980 til 1983 voru viðurkennd bótaskyld tilfelli í Danmörku 1325, en á tímabilinu 1981 til 1984 bárust norska vinnueftirlitinu 407 tilkynningar um slík tilvik, þar af 223 á árinu 1984 (sjá fréttablað norska vinnueftirlitsins, nóv. hefti 1985).

Hér á landi eru lífræn leysiefni notuð við bílasprautun, í húsgagna- og innréttingaframleiðslu, byggingariðnaði, plastiðnaði, prentiðnaði, málmiðnaði og víðar. Takmarkaðar mælingar Vinnueftirlitsins hafa leitt í ljós að við ýmis störf verður mengunin yfir markgildum og því hætta á heilsutjóni fyrir hendi. Ekki hafa borist formlegar tilkynningar um samskonar heilsutjón og áður er getið enn sem komið er, en hafa ber í huga að greining er vandasöm og að framkvæmd tilkynninga um atvinnusjúkdóma er mjög ábótavant.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins hefur þegar samþykkt að aðgerðir til varnar heilsutjóni af völdum lífrænna leysiefna skuli vera forgangsverkefni á næstu árum.

Varúðaraðgerðir vegna notkunar eiturefna og hættulegra efna.

Hér á landi er notað umtalsvert magn eiturefna og hættulegra efna við ýmiss konar atvinnustarfsemi. Algengast er að efni þessi séu flutt til landsins til notkunar á vinnustöðum

án þess að merkingar á íslensku séu á umbúðum og án þess að nauðsynlegar notkunarleiðbeiningar á íslensku séu fyrir hendi.

Hér á landi eru enn fremur notuð efni í nokkrum mæli sem talið er að geti valdið krabbameini og stöðugt fjölgar þeim efnum sem skipað er á þann bekk. Þegar hefur verið gripið til ráðstafana til að draga úr notkun asbests að frumkvæði Vinnueftirlitsins, en ekki hefur verið komið á jafnítarlegu eftirliti með notkun slíkra efna hérlendis eins og t.d. samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1974 gerir ráð fyrir.

Nefndin telur að aðgerðir til að stuðla að öryggi við meðferð eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum eigi að hafa forgang á næstu árum.

Endurbætur á gagnagrunni vinnuverndarstarfsins.

Eins og fram kemur í kafla 3.3. er einungis lítill hluti þeirra vinnuslysa sem til meðferðar koma hjá sjúkrastofnunum tilkynntur Vinnueftirlitinu.

Þegar er hafin uppbygging tölvuskrár fyrir vinnuslys hjá Vinnueftirlitinu og er vonast til þess að með bættri framkvæmd tilkynninga frá vinnuveitendum og með samstarfi við heilbrigðisstofnanir og Tryggingastofnun ríkisins megi stórbæta skráninguna frá því sem nú er. Markmið skráningarinnar er að gera ítarlegri rannsóknir á orsökum vinnuslysa mögulega í þeim tilgangi að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum.

Lítið er vitað um útbreiðslu atvinnutengdra sjúkdóma hér á landi eins og fram kemur í kafla 3.3. Ekki er raunhæft að hér á landi verði stundaðar almennar grunnrannsóknir á þessu sviði, heldur verður fyrst og fremst að styðjast við niðurstöður erlendra rannsókna. Starfsemi á þessu sviði ber fyrst og fremst að beinast að aðstæðum sem eru sérstakar hér á landi með það fyrir augum að afla gagna til að byggja á ákvarðanir um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Nefndin telur nauðsynlegt að markvisst verði unnið að því að bæta gagnagrunn vinnuverndarstarfsins á næstu árum.

Aukin starfsemi á sviði iðjufræði („ergónómí").

Til skamms tíma hefur lítill gaumur verið gefinn að iðjufræðilegum málefnum hérlendis (iðjufræði er hér notað yfir þau fræði sem fjalla um beitingu líkamans við vinnu). Leiða má líkur að því að röng beiting líkamans og óheppilegar vinnuaðstæður valdi sjúkdómum og kvillum hjá fjölda einstaklinga hér á landi og að slíkt leiði jafnframt til verulegs fjárhagstjóns fyrir atvinnulífið.

Nefndin leggur áherslu á að starfsemi á þessu sviði verði aukin.

Aukin fræðslustarfsemi á sviði vinnuverndar.

Eins og fram kemur í kafla 3.2. hefur þegar verið komið á allverulegri fræðslustarfsemi á vegum Vinnueftirlitsins, en auk þess hafa samtök launþega og vinnuveitenda staðið fyrir slíkri fræðslu. Nefndin telur nauðsynlegt að efla fræðslustarfið verulega, t.d. með aukinni útgáfustarfsemi, námskeiðshaldi, gerð myndbanda, fræðslu á vinnustöðum (t.d. við heimsóknir eftirlitsmanna Vinnueftirlitsins) og áróðri í fjölmiðlum.

Nefndin er sammála um að aukið fræðslustarf sé forsenda þess að unnt sé að koma á laggirnar samstarfi vinnuveitenda og starfsmanna innan fyrirtækjanna sjálfra um þessi mál í samræmi við meginmarkmið laga nr. 46/1980.

5. GAGNASKRÁ.

Löggjöf.

- Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Lög nr. 46/1977 um skotvopn, skotelda og sprengiefni.
- Lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni.

Reglur og reglugerðir samkvæmt lögum nr. 46/1980.

- Reglur um eftirlitsbækur, 1981.
- Reglugerð um vinnueftirlit í landbúnaði, nr. 288/1981.
- Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja, nr. 77/1982.
- Reglur um asbest, nr. 75/1983.
- Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum, nr. 198/1983.
- Reglur um hávaðavarnir og heyrnareftirlit (staðfestar í des. 1985).
- Reglur um naglabyssur (staðfestar í des. 1985).
- Reglur um heftibyssur (staðfestar í des. 1985).

Reglur og reglugerðir í gildi, sem settar voru samkvæmt eldri löggjöf.

- Reglugerð nr. 10/1929 um eftirlit með verksmiðjum og vélum sbr. breytingu á reglug. nr. 95/1941 (ákvæði um eimkatla enn í gildi).
- Reglugerð nr. 91/1933 um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á bensíntunnum.
- Reglugerð nr. 49/1947 um öryggisbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar.
- Reglugerð nr. 301/1952 um öryggisráðstafanir gegn slysahættum við vinnu í kötlum, kerjum og geymum.
- Reglugerð nr. 202/1952 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir við sprautumálun.
- Reglugerð nr. 69/1953 um öryggisráðstafanir við fermingu og affermingu skipa.
- Reglugerð nr. 145/1953 um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á bifreiðaverkstæðum.
- Reglugerð nr. 83/1954 um flutning á ammoníumnitratáburði á landi og geymslu hans.
- Reglur nr. 24/1956 um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.
- Reglugerð nr. 12/1965 um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.
- Reglugerð nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftibúnaði.
- Reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingavinnu.
- Reglugerð nr. 225/1975 um húsnæði vinnustaða.
- Reglugerð nr. 302/1978 um vatnshitunarkerfi, önnur en jarðvarmaveitur.

Leiðbeiningar og kennslugögn.

Leiðbeiningaröð Vinnueftirlitsins.

- Nr. 1. Öryggi við notkun drifskafta (1983).
- Nr. 2. Varúð — asbest (1984).
- Nr. 3. Loftræsting (1984).
- Nr. 4. Vinna við tölvuskjái (1984).
- Nr. 5. Jarðgangagerð (1985).

Handbækur.

- Hávaðavarnir, lögmál og leiðbeiningar (140 bls., 1985).

Kennslugögn fyrir skóla.

- Á vinnustað, kennslubæklingur fyrir 9. bekk grunnskóla ásamt kennaraleiðbeiningum, gefið út í samvinnu við Námsgagnastofnun.
- Byggingakranar, námshefti fyrir vinnuvélanámskeið.
- Vírar, stroffur og ásláttarbúnaður, kennsluhefti fyrir vinnuvélanámskeið.

Aðrar leiðbeiningar.

- Vinnueftirlit í landbúnaði (1983).
- Spurningalisti um öryggisatriði í landbúnaði (1984).
- Skrá um markgildi (hættumörk, mengunarmörk) fyrir eiturefni og hættuleg efni í andrúmslofti á vinnustöðum (1978).
- Leiðbeiningar um notkun eiturefna og hættulegra efna á vinnustöðum (1976—1977), nr. 1 brennisteinssýra, nr. 2 saltsýra, nr. 3 cýaníð (blásýrusölt), nr. 4 salpéturssýra.
- Leiðbeiningar um klór og reglur um uppsetningu, gerð og notkun tækja fyrir fljótandi klór (1970).
- Merkjakerfi fyrir kranastjórn.
- Töflur yfir gildleika og burðarþol á keðjulengjum og stroffum.
- Ýmis umburðarbréf og tilkynningar um afmörkuð málefni (nánari upplýsingar fást á aðalskrifstofu stofnunarinnar).

Veggspjöld.

- „Aðvörun vegna hættu af völdum kolsýrlings (CO)".
- „Öryggi er mál okkar allra".
- „Gott starfsumhverfi ræður miklu um líðan þína og heilsu".
- „Heyrnartjón er ólæknandi".

Fréttabréf um VINNUVERND.

- 1. tbl. 1984.
- 1.—4. tbl. 1985.

Skýrslur Vinnueftirlits ríkisins (opin dreifing).

- Könnun á kísilsýruryki í andrúmslofti starfsmanna við framleiðslu og flutning kíslilgúrs, nóvember 1981.
- Könnun á öryggisráðstöfunum við hafnarvinnu (vöruflutninga) í Reykjavík, maí 1982.
- Könnun á áhrifum asbestmengunar á Íslandi. Illkynja mesotelioma á Íslandi 1965-1982, des. 1983.
- Könnun á aðbúnaði starfsmanna við beitingastörf á Suðurnesjum, des. 1983.
- Mengunarúttekt í Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sept. 1983.
- Mengunarúttekt í kerskálum Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík, nóv. 1983.
- Skoðun á auglýsingastofum, 1984.
- Ráðstefna um vinnuvernd, Hótel Loftleiðum 11. og 12 nóv. 1982, 1984.
- Dánarmein og nýgengi krabbameina hjá vélstjórum og mótorvélstjórum, 1984.
- Dánarmein múrara, 1984.
- Tilkynningar um meinta atvinnusjúkdóma á Íslandi 1981 til 1983, 1984.
- Vinnueftirlit ríkisins, skýrsla um starfsemina 1981 til 1983, 1984.
- Skýrsla um úrtaksskoðun 302 bændabýla sumarið 1983, 1984.
- Skýrsla um könnun á framboði varahluta fyriri öryggisbúnað búvéla, 1985.

- Aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á byggingavinnustöðum á höfðuborgarsvæðinu, 1985.
- Hávaðamælingar á vinnustöðum 1981 til 1984, 1985.

Önnur gögn.

- Öryggiseftirlit ríkisins 50 ára, skýrsla um starfsemina 1928—1978, 1978.
- Vinnuvernd I, félagsmálaráðuneytið 1981.
- Vinnuvernd II, félagsmálaráðuneytið 1981.

Skipurit fyrir Vinnueftirlit ríkisins



Sþ. 511. Fyrirspurn [276. mál]

til iðnaðarráðherra um nýtingu lánsfjár úr Iðnlánasjóði.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hversu mikið af húsnæði, sem byggt hefur verið fyrir lán úr Iðnlánasjóði, hefur verið tekið til annarra nota en iðnaðarstarfsemi?
2. Hvernig er eftirliti með nýtingu lánsfjárins háttað?
3. Hve mikið af lánsfénu hefur verið endurkrafið vegna rangrar nýtingar?

Sþ. 512. Svar [239. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Þórðar Skúlasonar um fjárframlög til vegagerðar.

1. Fjárframlög til vegamála 1983–1986.

	1983	1984	1985	1986 Fjárl.
Á verðlagi hvers árs (m.kr.)	1059	1379	1680	2040
Áætlað verðlag 1986 (85+30%) (m.kr.)	2050	2370	2180	2040
Hlutfall af þjóðarframleiðslu	2,00%	2,01%	1,79%	1,64%

2. Samanburður á útgjöldum vegáætlunar og langtímaáætlunar.
(Verðlag 1986, m.kr.)

Vegáætlun	2050	2370	2180	2040
Langtímaáætlun	2410	2530	2700	2750
Mismunur	360	160	520	710

Samanburður á vegáætlun og langtímaáætlun er gerður út frá þeim upphæðum sem voru í langtímaáætlun og sýna þá skerðingu sem orðið hefur á áætluðum framkvæmdum.

3. Skattar á bensín og útgjöld til vegamála.
(Verðlag ársins.)

Heildarskattar á bensíni (m.kr.)	1295	1652	2155	2985
a. Hlutföll til vegamála	82%	83%	78%	68%
b. Framlag skv. 50%-reglu:				
Þungaskattur (m.kr.)	204	316	420	675
50% af bensínskatti (m.kr.)	647	826	1078	1493
Samtals (m.kr.)	851	1142	1498	2168
Vegáætlun (m.kr.)	1059	1379	1680	2040
Framlag umfram 50%-reglu (m.kr.)	208	237	182	−128

4. Framlög til nýrra framkvæmda.

Til nýrra framkvæmda	936	1100	980	902
Skv. vegáætlun 1985–88			980	1400

Aths. Uppfærsla verðlags er miðuð við vísitölur vegagerðar.

Sþ. 513. Tillaga til þingsályktunar [277. mál]

um rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis.

Flm.: Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76 1970, um lax- og silungsveiði, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsókna- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði verði rekin af slíkum félagsskap sem tilraunastöð fyrir erfðafræðirannsóknir og kynbætur á eldisfiskum, til lífeðlisfræðirannsókna, svo og til rannsókna á fisksjúkdómum og verði með aðstöðu til leiðbeiningar og fræðslu um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis.

Greinargerð.

Það ætti að vera óþarft að rekja þær miklu vonir og stóru drauma sem menn hefur dreymt um framtíð fiskeldis á síðustu árum. Reyndar eru þessir draumar ekki nýir. Skúli Pálsson byggði stöð sína að Laxalóni upp úr 1950. Upphaflega mun hann hafa ætlað sér að ala þar regnbogasilung til slátrunar en sneri sér síðar æ meir að seiðaeldi og sölu lax- og silungsseiða. Fiskeldisstöð ríkisins tók til starfa 1963 sem rannsóknastöð í fiskeldi en jafnframt eldisstöð fyrir seiði. Síðan hafa á annan tug seiðaeldisstöðva verið starfræktar til að ala seiði sem sleppt hefur verið í ár og vötn. Dæmi um arðbæra hafbeitarstöð er í Lárósi á Snæfellsnesi en fáir hafa enn orðið feitir á eldi fiska til slátrunar. Fram undir síðasta ár voru aðeins þrjár stöðvar sem nokkuð kvað að í þessum efnum, þ.e. ISNO í Kelduhverfi, Eldi hf. Grindavík og Sjóeldi í Ósabotnum á Reykjanesi. Á árinu 1984 vöknuðu menn rækilega til meðvitundar um möguleika fiskeldis. Þá var áhugi fjármálayfirvalda og almennings vakinn og stórhuga menn hleyptu nokkrum fiskeldisfyrirtækjum af stokkunum. Stjórnmálamenn tóku við sér um leið og hrópandinn í eyðimörkinni, Eyjólfur Konráð Jónsson, var ekki lengur einn um að flytja þingmál varðandi fiskeldi. Í þessum þingmálum, sem voru a.m.k. fimm á þinginu 1984–1985, kom mjög sterkt fram hvar skórinn kreppir, hvar við erum veikastir fyrir til að takast á hendur þessa nýju atvinnugrein.

Menn gera sér grein fyrir þekkingarskorti og nauðsyn fræðslu um fiskeldi almennt og fisksjúkdóma. Skortur á rannsóknum og tilraunum er æpandi. Þar fyrir utan vantar svo auðvitað fé.

Lög voru samþykkt s.l. vor um skipun dýralæknis fisksjúkdóma við yfirdýralæknisembættið. Hóf hann störf s.l. haust og sinnir m.a. heilbrigðiseftirliti og sjúkdómagreiningu en fyrir var starfandi fisksjúkdómafræðingur við tilraunastöð Háskólans að Keldum.

Tillaga fjögurra þingmanna Alþýðuflokksins var einna ítarlegust af þingsályktunartillögunum. Henni var vísað til ríkisstjórnarinnar og í framhaldi af því var skipuð nefnd. Langmest áhersla hefur verið lögð á tillögur um lánsfjárútvegun og fjármagnsfyrirgreiðslu og er kannske ekki óeðlilegt. Þá er í smíðum hjá Rannsóknaráði skýrsla um framtíðarþróun fiskeldis. Í drögum að þeirri skýrslu leggja höfundar mikla áherslu á rannsóknaþörfina.

Tilefni flutnings þessarar tillögu, sem hér liggur fyrir, er að freista þess að ná samstöðu um að bæta úr brýnni þörf fyrir aðstöðu til fiskeldisrannsókna og tilrauna. Deilt hefur verið um stöðu fiskeldis í stjórnkerfinu, en slíkar deilur mega ekki verða til að spilla framgöngu þjóðþrifamáls sem þessa.

Á næstu missirum verður varið milljónum króna til framkvæmda í fiskeldi ef þau áform, sem nú eru uppi, verða að veruleika. Ýmsir halda að við getum stuðst við reynslu Norðmanna í einu og öllu. *Svo er þó alls ekki.* Nægir þar að benda á að flestir hafa í hyggju

keraeldi á landi með volgum sjó eða sjó- og vatnsblöndu en ekki sjókvíum eins og Norðmenn. Okkar laxastofn er að hluta til annar. Við þurfum að nýta innlent fóður sem allra mest og við getum búist við öðrum sjúkdómum en þeir. Allar þessar frábrugðnu aðstæður krefjast rannsókna og tilrauna. Hætt er við því að sú tilraunastarfsemi geti orðið dýrkeypt ef hver fiskeldisstöð á að þreifa sig áfram út af fyrir sig.

Ein miðstöð tilraunastarfseminnar er án nokkurs vafa það sem koma verður. Í gildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, eru ákvæði sem gera ráð fyrir slíkri starfsemi. 62. gr. þeirra laga hljóðar svo:

„Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum."

Þarna er ekki aðeins heimildin fyrir hendi heldur er einnig kveðið á um rekstrarformið. Einmitt slíkt rekstrarform hefur verið nefnt sem heppilegt fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna en það er talið tryggja betri árangur og markvissari starfsemi þar sem eigendur eru úr atvinnugreininni sjálfri.

Pétur Bjarnason fiskeldisfræðingur ritaði grein í Morgunblaðið 5. maí 1984 í tilefni af frv. til laga um ræktun, eldi og veiði vatnafiska sem lagt var fram á Alþingi 1983–84 en hefur ekki sést síðan. Í grein Péturs segir svo:

„Í fyrsta lagi þarf að stunda markvissar rannsóknir svo að eldisvandamál séu leyst á kerfisbundinn hátt í tilraunaeldisstöð en ekki á þann hátt, eins og nú er, að hver eldisstöð sé að eyða dýrmætum tíma og fjármunum til þess að komast að hlutum sem hægt væri að komast að með einu símtali við virka tilraunaeldisstöð.

Í öðru lagi þarf að koma upp leiðbeiningarkerfi til þess að fyrirbyggja óþarfa mistök og koma nýrri þekkingu sem fyrst á framfæri.

Í þriðja lagi þarf að búa svo að fisksjúkdómayfirvöldum að þau geti annast eftirlits- og þjónustuhlutverk sitt af þeim myndugleik, sem þarf, til þess að koma í veg fyrir að sjúkdómar og smit valdi meira tjóni en óhjákvæmilegt er og svo til hins að erlendir kaupendur framleiðslunnar geti treyst því að vel sé á málum haldið og að útflutningur þurfi því ekki að stranda á vottorðaleysi."

Í orðum þessa sérfræðings, fyrrum aðalkennara á „Sporðbraut" Hólaskóla, nú framkvæmdastjóra *Ístess*, fiskfóðursfyrirtækisins á Akureyri, felst í rauninni nægur rökstuðningur fyrir flutningi þessarar tillögu.

Þau atriði önnur, sem talin eru upp í tillögugreininni, en Pétur Bjarnason nefnir ekki en tilraunaaðstaða er nauðsynleg fyrir, eru ekkert síður mikilvæg rannsóknarsvið. Í frétt frá Danmörku nýlega segir frá afbrigði regnbogasilungs, „saltseiðastofni", sem ræktaður hefur verið með aðferð sem var þróuð í Nordsjöcenter í Hirtshals. Regnbogasilungur, sem er ferskvatnsfiskur, hefur verið „vaninn" á saltvatn og vex þá í sjóbúrum í 4–5 kg stærð á fyrsta ári. Þetta hefur verið gert með ræktun „saltþolinna" seiða í margar kynslóðir. Danir tala um milljarðatekjur af þessari uppgötvun. Þetta sýnir mikilvægi kynbótatilrauna.

Framleiðsla á fiskfóðri er nú að hefjast aftur hér á landi. Nauðsyn þess, að fóðrið sé framleitt úr íslenskum hráefnum, er öllum ljós en hitt er ekki síður mikilvægt að markvissar prófanir á fóðrinu geti farið fram til að tryggja góðan árangur og koma í veg fyrir slys.

Um meðferð fisksjúkdóma og lækningatilraunir ætti að vera óþarft að fjölyrða. Slík tilraunastarfsemi verður ekki rekin af neinu viti í eldisstöð innan um tugi eða hundruð tonna af eldisfiski.

Í stöðinni í Kollafirði og næsta nágrenni eru aðstæður að mörgu leyti góðar þó að auðvitað þurfi að bæta ýmsu við og lagfæra. Það er augljóst að rannsókna- og tilraunastöð, eins og hér um ræðir, þyrfti minnstan undirbúning ef hún yrði reist þar. Þess er þó jafnvel að vænta að hagkvæmt geti orðið að reisa og reka fleiri slíkar stöðvar annars staðar á landinu

þar sem aðstæður eru frábrugðnar en fiskeldi þýðingarmikil atvinnugrein, eins og t.d. í Þingeyjarsýslum. Rannsóknir í Kollafirði hafa fyrst og fremst beinst að seiðaeldi, sleppingu og endurheimtum. Þær rannsóknir eru auðvitað allra góðra gjalda verðar og nauðsynlegar en það er öllum ljóst að framtíð fiskeldis á Íslandi getur ekki byggst á framhaldi þeirra rannsókna eingöngu. Þar fyrir utan hefur stöðin svo átt í samkeppni, oft harðri, við aðrar seiðaeldisstöðvar. Það nær auðvitað ekki neinni átt að ríkið niðurgreiði slíka starfsemi.

Við eigum nú þegar nokkra velmenntaða sérfræðinga í fiskeldi og fisksjúkdómum og margir eru í slíku námi eða skyldum greinum. Rannsókna- og tilraunaaðstaða, eins og hér er lögð til, er algjört lykilatriði til þess að þetta fólk nýtist sem skyldi.

Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]

um endurskoðun og samræmingu á lögum um smitsjúkdóma.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á heilbrigðisráðherra að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, endurskoðun og samræmingu á þeim lögum sem taka til smitsjúkdóma. Lagt verði fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á næsta þingi.

Greinargerð.

Í íslenskri löggjöf eru ýmis lög og lagabálkar sem taka til smitsjúkdóma og eru mörg orðin gömul. Má sem dæmi nefna lög um varnir gegn holdsveiki frá 1898 og 1909, berklavarnalög frá 1939, lög til varnar gegn fýlasótt frá 1940, sóttvarnarlög frá 1954, farsóttalög frá 1958, lög um ónæmisaðgerðir og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Skilningi manna og þekkingu á eðli smitsjúkdóma hefur fleygt fram á s.l. áratugum. Jafnframt hafa greining þeirra, meðhöndlun og varnir gegn þeim tekið miklum stakkaskiptum frá því að lög um þá voru sett. Eru því mörg ákvæði laganna orðin úrelt. Það er þess vegna bæði eðlilegt og reyndar löngu tímabært að endurskoða þau til samræmis við nútímaþekkingu og starfshætti. Sömuleiðis er eðlilegt að líta á smitsjúkdóma sem heild við lagasetningu þannig að heildstæð löggjöf nái til allra smitsjúkdóma en frávik og sérstaða verði mörkuð með reglugerðum.

Flutningsmenn leggja til að þessi endurskoðun verði hafin hið fyrsta og henni ljúki með því að lagt verði fram frumvarp að heildstæðri löggjöf um smitsjúkdóma eigi síðar en á næsta þingi.

Sþ. 515. Fyrirspurn [279. mál]

til fjármálaráðherra um kaup ríkissjóðs á húseigninni Dílahæð 3 í Borgarnesi.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hvenær var gengið frá kaupum ríkissjóðs á fasteigninni Dílahæð 3 handa heilsugæslulækni í Borgarnesi?
2. Hver tók ákvörðun um kaup ríkissjóðs á þessari eign?

3. Hvenær var heimild til kaupanna veitt?
4. Var auglýst eftir húsi fyrir heilsugæslulækni í Borgarnesi?
5. Var kannað með einhverjum hætti hvort til sölu væru aðrar fasteignir en Dílahæð 3 í Borgarnesi er betur kynnu að henta í þessu augnamiði?
6. Hvert var kaupverð fasteignarinnar Dílahæð 3 og hverjir greiðsluskilmálar?
7. Er kaupverð eðlilegt, svo og greiðsluskilmálar, að mati fjármálaráðherra miðað við markaðsverð sambærilegra fasteigna í Borgarnesi að undanförnu?

Sþ. 516. Fyrirspurn [280. mál]

til dómsmálaráðherra um úrskurð um störf ríkissaksóknara.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hver eru rök ráðherra fyrir úrskurði hans frá 18. okt. 1985 um að ekki séu efnis- eða lagarök fyrir ósk Tómasar Gunnarssonar lögmanns um að ráðuneytið skipi löghæfan mann til að endurupptaka og gegna starfi saksóknara í máli ákæruvaldsins gegn Þorgeiri Þorgeirssyni, nr. 3445/1985, fyrir Sakadómi Reykjavíkur?

Sþ. 517. Fyrirspurn [281. mál]

til fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um skattlagningu á raforku til húshitunar.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Kjartani Jóhannssyni.

Telja fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra þörf frekari endurskoðunar á lögum um gjöld á raforkusölu umfram þá breytingu sem gerð var á lögunum um verðjöfnunargjald um s.l. áramót í ljósi hæstaréttardóms frá 16. des. s.l. um innheimtu söluskatts og verðjöfnunargjalds af raforku til varmadælna, dóms sem gengur þvert á úrskurð ráðuneyta um sama efni?

Greinargerð.

Samkvæmt hæstaréttardómi 16. des. 1985 í máli nr. 141/1984 var úrskurðað „að Rafveitu Hafnarfjarðar væri heimilt að afmarka í gjaldskrá hvaða raforkunotkun teldist raforka til húshitunar". Þessi afmörkun í gjaldskrá Rafveitunnar felur það m.a. í sér að raforkunotkun vegna varmadælna eða tækja til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitakerfum telst ekki með raforkunotkun til húshitunar. Í bréfi, dags. 21. sept. 1983, til orkusparnaðarnefndar hefur fjármálaráðuneytið hins vegar úrskurðað að rafmagn til rekstrar varmadælna, sem einungis eru nýttar til húshitunar, sé söluskattsfrjálst og jafnframt hefur iðnaðarráðuneytið tilkynnt, sbr. bréf dags. 22. nóv. 1983 til Hitaveitu Akureyrar, að verðjöfnunargjald skuli ekki greiða af rafmagni til varmadælna.

Samkvæmt þessum úrskurði Hæstaréttar er einstökum rafveitum þannig heimilt að innheimta söluskatt og verðjöfnunargjald af raforku til varmadælna þó að viðkomandi ráðuneyti hafi úrskurðað að slík raforkunotkun eigi hvorki að bera söluskatt né verðjöfnunargjald.

Álagning söluskatts og verðjöfnunargjalds er því í valdi rafveitnanna en ekki viðkomandi ráðuneyta. Raforkunotendum í einu veitukerfi getur því verið gert að greiða þessi gjöld en notendum í öðru kerfi ekki.

Nauðsynlegt er að fá fram hvort ráðherrar telji ekki þörf endurskoðunar á lögum um þessi atriði sem augljóslega leiða til þeirrar niðurstöðu æðsta dómsvalds í landinu að úrskurður ráðuneyta um skattlagningu eða skattleysi eins og hér um ræðir þurfi ekki að gilda að jöfnu fyrir alla þegna landsins. Virðist svo vera nú að einstakar rafveitur geti haft slíkan úrskurð ráðuneyta að engu ef þeim sýnist svo og innheimt skatta fyrir ríkið sem ríkið telur að eigi ekki að leggja á.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 518. Fyrirspurn [282. mál]

til landbúnaðarráðherra um verðuppgjör til bænda vegna verðlagsársins 1984—1985.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvað veldur þeim drætti sem orðið hefur á verðuppgjöri til bænda vegna síðasta verðlagsárs (1984–1985)?
2. Hverjar eru heildarniðurstöður í því verðuppgjöri:
   a. með hliðsjón af bráðabirgðauppgjöri,
   b. gagnvart einstökum framleiðslugreinum, nautgripa- og sauðfjárafurðum,
   c. miðað við fyrirhuguð búmarkssvæði?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 519. Fyrirspurn [283. mál]

til landbúnaðarráðherra um starfsleyfi fyrir sláturhús á Fagurhólsmýri.

Frá Hjörleifi Guttormssyni og Helga Seljan.

Er landbúnaðarráðherra reiðubúinn að stuðla að því í samvinnu við heimamenn að gerðar verði viðunandi endurbætur á sláturhúsinu á Fagurhólsmýri í Öræfum og að veita því síðan starfsleyfi til frambúðar, sbr. ályktun Alþingis frá 8. maí 1984 og umsögn sauðfjársjúkdómanefndar um tillögur Búnaðarfélags Hofshrepps frá 2. desember 1981?

Sþ. 520. Tillaga til þingsályktunar [284. mál]

um endurskoðun skattalaga.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að marka nýja stefnu í skattamálum og endurskoða skattalög með það fyrir augum að skattbyrðin á tekjum og útgjöldum fólks með lágar tekjur eða meðaltekjur léttist en atvinnureksturinn í landinu greiði skatt af tekjum sínum og veltu undanbragðalaust og taki þannig hæfilegan þátt í sameiginlegum útgjöldum landsmanna. Í þessu skyni skal að því stefnt

að tekjuskattur lögaðila (hlutafélaga og annarra fyrirtækja í félagsformi) verði hækkaður,
að lögin nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, verði numin úr gildi,
að framlög í varasjóð verði skattlögð eins og aðrar tekjur,
að afskriftatími verði lengri en er í gildandi tekjuskattslögum og í meira samræmi við endingartíma eigna,
að arður af hlutabréfum verði skattlagður eins og aðrar tekjur,
að eftirlit með bókhaldi og framtölum fyrirtækja verði hert verulega, einkum hjá einstaklingum með sjálfstæðan rekstur, sektir við skattsvikum verði hækkaðar og meðferð skattsvikamála hraðað,
að skattar á miklar eignir verði hækkaðir,
að vaxtatekjur umfram verðtryggingu verði almennt skattlagðar ofan við ákveðin mörk,
að matvörur og aðrar brýnustu lífsnauðsynjar heimila verði ekki skattlagðar, hvorki með söluskatti, virðisaukaskatti né með öðrum álögðum gjöldum,
að sala landa og lóða, sem hækka í verði vegna uppbyggingar þéttbýlissvæða eða opinberra framkvæmda í næsta nágrenni, verði sérstaklega skattlögð,
að útsvar verði stigbreytilegt í samræmi við tekjur,
að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta svo fljótt sem verða má.

Því ályktar Alþingi að kjósa fimm manna nefnd til að undirbúa frumvörp um breytingar á skattalögum. Nefndinni ber að hraða störfum sínum og skila áliti fyrir 1. maí næstkomandi.

Greinargerð.

Skattkerfi landsmanna er ósanngjarnt og svo götótt að ekki verður við unað. Þar vegur þyngst að atvinnureksturinn í landinu ber sáralítinn hlut af sameiginlegum útgjöldum landsmanna og byrðin lendir af þeim mun meiri þunga á launafólki. Ástæðan fyrir þessu er sú að núverandi ríkisstjórn hefur sett svo margar glufur og smugur á gildandi skattalög með ýmiss konar frádráttarheimildum að nú orðið greiðir stór hluti fyrirtækja engan tekjuskatt.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur aflað sér upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um fjölda tekjuskattslausra fyrirtækja við álagningu skatta á s.l. ári. Ef aðeins eru talin með fyrirtæki í félagsformi (hlutafélög, sameignarfélög og samvinnufélög) en ekki smáfyrirtæki sem greiða minna en 4700 kr. í aðstöðugjald, þ.e. hafa að jafnaði ekki yfir hálfa milljón kr. í árlega veltu, verða eftir 3890 fyrirtæki. Samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar má ætla að heildarvelta þessara 3890 fyrirtækja á árinu 1984 hafi numið 136 milljörðum kr. Til

samanburðar má nefna að aðstöðugjaldsstofn þeirra virðist vera tæpir 100 milljarðar kr. og álögð aðstöðugjöld 910 millj. kr.

En þegar kemur að álagningu tekjuskatts er skattstofninn aðeins talinn 1,4 milljarðar kr. og heildartekjuskattur 50% af þeirri upphæð eða um 700 millj. kr. (0,7 milljarðar kr.).

Af þessum 3890 fyrirtækjum greiddu 1922 fyrirtæki skatt en 1968 fyrirtæki greiddu engan skatt, þ.e. höfðu neikvæðan tekjuskattsstofn, sbr. fskj. IV, og eru þá smáfyrirtækin ekki meðtalin eins og áður segir.

Eins og fram kemur í þessum tölum greiðir meiri hluti fyrirtækja, eða um 51%, engan tekjuskatt. Að sjálfsögðu er þess alltaf að vænta að einhver fyrirtæki séu rekin með halla og greiði því ekki tekjuskatt. En það er alls ekki ástæðan því að samkvæmt skýrslum Þjóðhagsstofnunar var afkoma fyrirtækja á árinu 1984 almennt nokkuð góð ef útgerð er undanskilin.

Menn fengu prýðilegt sýnishorn af þessu makalausa skattakerfi núverandi ríkisstjórnar þegar fjármálaráðherrann seldi hlutabréf ríkisins í Flugleiðum á s.l. hausti. Bréfin fóru fyrir væna fúlgu, enda mikilvæg eign sem ríkið greiddi fullt verð fyrir á sínum tíma og var m.a. tilkomin í tengslum við ábyrgðir og áhættu ríkissjóðs af miklum rekstrarlánum til félagsins, auk þess sem ríkið veitti Flugleiðum stórfellda styrki. En hvað fær svo ríkissjóður í sinn hlut við sölu bréfanna? Svarið er: Minna en ekki neitt fyrstu árin því að skattfrádrátturinn hjá kaupendum verður hærri en greiðslurnar fyrir bréfin.

Annað sýnishorn fengu menn í haust frá húsnæðismálastjórn við úttekt á framtöldum tekjum húsbyggjenda og kaupenda. Í ljós kom að sjálfstæðir atvinnurekendur reyndust hafa miklu lægri tekjur en einstæðar mæður — sem sjálfsagt eru margar í þjónustu þeirra.

Gildandi skattareglur eru bæði hóflausar og siðlausar gagnvart öðrum skattgreiðendum sem ekki eru í atvinnurekstri. Fyrstu sex liðir þessarar tillögu til þingsályktunar miða að því að þar verði breyting á.

Ekki er þó rétt að útiloka skattafslátt til fyrirtækja í undantekningartilvikum, t.d. vegna fjárfestingar sem sannanlega skila þjóðinni einhverju með aukinni framleiðslu, með rannsóknar- og þróunarstarfi eða með bættri aðbúð starfsfólks.

Meðal annarra atriða, sem hér er lögð sérstök áhersla á, er að hækka skatta á miklum eignum. Skattur á hreina eign er aðeins 0,95%, óháð því hve eignin er mikil, en að sjálfsögðu ætti eignarskattur að vera stighækkandi þegar stóreignir eru annars vegar.

Vaxtatekjur eru nú með öllu skattfrjálsar. Það var skiljanlegt þegar vextir voru að mestu neikvæðir eða mjög lágir en stenst alls ekki nú orðið. Þó virðist eðlilegt að vaxtatekjur af sparifjárinnstæðum upp að vissu marki séu skattfrjálsar og aldrei ætti að skattleggja aðrar vaxtatekjur en þær sem koma til viðbótar verðtryggingu innstæðunnar.

Sem fyrst þarf að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það væri þegar komið á ef Alþingi hefði borið gæfu til að samþykkja frumvarp þess efnis sem seinasta stjórn flutti. Aftur á móti verður að vara mjög við virðisaukaskattinum sem bæði kostar margfalda skriffinnsku á við gildandi kerfi og er auk þess mjög óhagstæður fyrir launafólk. Það má ekki gerast að söluskattur eða nokkur samsvarandi skattur verði lagður á matvörur. Slíkt yrði mikill kostnaðarauki fyrir neytendur — einkum barnmargar fjölskyldur — og auk þess sérstakt áfall fyrir íslenskan landbúnað, og er þar síst á bætandi.

Tillaga þessi fjallar um nauðsyn þess að Alþingi marki nýja stefnu í skattamálum. Efni þessarar tillögu vísar til fjölmargra lagabreytinga sem gera þarf eftir að stefnan hefur verið mörkuð. Það er fyrsta skrefið í rétta átt að Alþingi marki stefnuna en til þess þarf pólitískan vilja af öðru tagi en ríkjandi er hjá núverandi stjórn.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens árin 1980–1983.
2. Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð núverandi ríkisstjórnar 1983–1985.
3. Aðstöðugjald einstaklinga 1985.
4. Aðstöðugjald félaga 1985.
5. Lausleg áætlun um heildarveltu fyrirtækja árið 1984.
6. Skattálagning 1985 (10 töflur).
7. Þróun viðskiptakjara 1972–1986.
8. Kjaraskerðingin 1983–1985. Kaupmáttur launa.
9. Nettóskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann.
10. Ríkisfjármál.

Fylgiskjal I.

Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens árin 1980–1983.

Á þessu tímabili urðu fjórar umtalsverðar breytingar á löggjöf um tekju- og eignarskatt.

1. Í febrúar 1980 átti hin viðamesta þeirra sér stað. Þau lög voru beint framhald af setningu nýrrar heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt á árinu 1978. Voru reglur laganna frá 1978 fullkomnaðar og endurbættar, einkum í því skyni að gera skattstofna óháða verðbólgu, en auk þess settar reglur um fjölmörg önnur atriði, t.d. innheimtu skatta.
2. Í maí 1980 eru síðan sett lög um skattstiga og skatthlutföll varðandi tekjuskatt og eignarskatt. Þessi breyting var nauðsynleg vegna þess að í tekjuskattslögunum frá 1978 hafði verið reiknað með upptöku staðgreiðslukerfis skatta en frumvarp um það efni náði ekki samþykki þingsins 1978.
3. Í febrúar 1981 eru rýmkaðar verulega heimildir einstaklinga til að draga frá tekjum vexti vegna skulda sem til var stofnað vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Með þessum lögum var einnig tekin upp heimild til handa iðnaðarmönnum til að draga frá tekjum kostnað vegna handverkfæra.
4. Í maí 1981 eru síðan gerðar ýmsar breytingar á þessum gjöldum og eru þessar helstar:
   a. Tekjuskattar til ríkisins voru lækkaðir sem svarar 1,5% af brúttótekjum liðins árs hjá almennum launamönnum. Var þetta gert með niðurfellingu sjúkratryggingagjalds á lægstu tekjur.
   b. Lágmarksfrádráttur einstæðra foreldra var hækkaður verulega.
   c. Heimilað var að nota ónýttan persónufrádrátt til greiðslu eignarskatts og þannig bættar tekjur lágtekjufólks er býr í skuldlitlu eigin húsnæði.
   d. Helmingur greiddrar húsaleigu vegna íbúðar til eigin nota var gerður frádráttarbær.
   e. Dráttarvaxtareglum var breytt þannig að vangreiðsla að hluta olli því ekki lengur að dráttarvextir féllu á alla álagða skatta.
   f. Verulega var dregið úr virkni reglunnar um reiknuð laun þeirra er vinna við eigin atvinnurekstur.
5. Frumvörp um staðgreiðslukerfi skatta voru tvívegis lögð fram á árunum 1980–1982 en fengust ekki afgreidd á Alþingi.

Breytingar á söluskattslögum.

1. Söluskattur var hækkaður um 2% í ársbyrjun 1982.
2. Með lögum nr. 33/1982 voru sett mun ítarlegri ákvæði en áður höfðu gilt um skráningar- og upplýsingaskyldu söluskattsskyldra aðila. Jafnframt þessu voru refsiákvæði hert og réttarfarsákvæði endurbætt.
3. Á grundvelli þessara laga var sett reglugerð er kveður á um skyldu söluskattsskyldra smásöluaðila til að skrá viðskipti í lokaðar sjóðvélar („búðarkassar") eða, sé sjóðvél ekki fyrir hendi, að skrá viðskiptin á svokallaða staðgreiðslusölulista er séu fyrir fram tölusettir. Þetta skráningarkerfi auðveldar skattyfirvöldum mjög allt söluskattseftirlit.
4. Felldur var niður söluskattur af aðgangseyri ýmissa staða sem reknir eru í heilsuræktarskyni, svo sem sundstaða, gufubaðstofa, nuddstofa, ljósastofa og heilsuræktarstöðva. Sama var gert við aðgangseyri að ýmsum menningarsamkomum, svo sem leiksýningum og tónleikum. Einnig var felldur niður söluskattur af vogum og rafeindabúnaði í fiskflökunarvélar, lausfrystitækjum, frystiskápum og kælibúnaði í frystiiðnaði.

Fylgiskjal II.

Yfirlit yfir helstu breytingar á skattalögum í tíð núverandi ríkisstjórnar 1983–1985.

1. Samkvæmt bráðabirgðalögum í maílok 1983 voru persónuafsláttur og barnabætur hækkaðar um 250 millj. kr. með hliðsjón af þeirri kjaraskerðingu sem fólst í afnámi verðbóta á laun.
2. Samkvæmt bráðabirgðalögum í júlímánuði 1983 var 10%-skattur á ferðamannagjaldeyri afnuminn og kostaði það tekjutap sem nam um 200 millj. kr. fyrir ríkissjóð árin 1983 og 1984.
3. Með lögum í desember 1983 um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var skatturinn lækkaður úr 1,4% í 1,1%.
4. Með l. nr. 7 30. mars 1984 voru tekjuskattsþrep lækkuð úr 25%–35%–50% í 23%–32%–45% með hliðsjón af minni verðbólgu en skattbyrði miðuð við breytingar á tekjum milli ára var talin óbreytt. Eignarskattsprósenta var lækkuð úr 1,2 í 0,95. Jafnframt var tekjuskattur lögaðila (hlutafélaga og annarra fyrirtækja í félagsformi) lækkaður enn meira eða úr 65% í 51% en álagningarprósentan var áður miðuð við að hún væri jafnhá hæstu jaðarprósentu tekjuskatta einstaklinga (tekjuskattur 50% + útsvar 13% + sjúkratryggingagjald 2%).
5. Með tekjuskattslagabreytingu nr. 8/1984 og lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, voru fyrirtækjum og einstaklingum, sem fjárfesta í atvinnurekstri eða kaupa hlutabréf í fyrirtækjum, veittar stórfelldar og margháttaðar skattaívilnanir.
6. Með lögum nr. 51/1984 var dregið verulega úr skattskyldu innlánsstofnana, sbr. l. nr. 65/1982, svo og með lækkun umboðsþóknunar vegna gjaldeyrisviðskipta. Áætlað er að skattgreiðslur banka til ríkissjóðs hafi lækkað um 360 millj. kr. á árunum 1984–1986, reiknað á verðlagi ársins 1984.
7. Með l. nr. 119 31. des. 1984 voru skattþrep lækkuð úr 23%–32%–45% í 20%–31%–44% og heimild veitt til að færa ónýttan hluta neðsta skattþreps hjá hinu tekjulægra hjóna til hins makans, allt að 100 þús. kr., og lengdist þá neðsta skattþrep tekjuhærri makans sem þessu nam á kostnað miðþrepsins. Samþykkt laganna leiddi til 600 millj. kr. lækkunar á tekjuskatti. Á móti kom hækkun ýmissa aukatekna, hækkun áfengis og tóbaks og ½% hækkun söluskatts sem samanlagt nam svipaðri upphæð 1985 eða um 600 millj. kr.
8. Söluskattur, sem verið hafði 23,5% frá árinu 1980, var hækkaður í 24% í ársbyrjun 1985 og síðan aftur hækkaður í 25% í tengslum við tekjuöflun vegna húsnæðismála vorið 1985.
9. Með l. nr. 119 31. des. 1984 var þeim, sem láta af störfum, veitt heimild til að draga frá tekjum allt að 800 þús. kr. áður en skattur er á lagður, enda hafi þeir náð 55 ára aldri eða öðlast rétt til eftirlauna eða ellilífeyris úr lífeyrissjóði.
10. Haustið 1984 var ákveðið í tengslum við ákvörðun fiskverðs að endurgreiða útgerðarmönnum uppsafnaðan söluskatt og var áætlað tekjutap ríkissjóðs á árinu 1985 vegna þessa um 400 millj. kr.
11. 6. júní 1985 var samþykkt sú breyting á tekjuskattslögum að helmingur greiddra meðlaga væri frádráttarbær frá tekjum þar til börn hafa náð 18 ára aldri en var 17 ár áður.
12. Með lögum um húsnæðissparnaðarreikninga, sbr. breytingu á tekjuskattslögum 14. júní 1985, var veittur sérstakur afsláttur af tekjuskatti vegna bundinna húsnæðissparnaðarreikninga.

Fylgiskjal III.

Aðstöðugjald einstaklinga 1985.

RIKISSKATTSTJORI — SKIPTING AÐSTÖÐUGJALDS VIÐ ÁLAGNINGU 1985
ALLAR FJÁRHÆÐIR Í 1000 KR 23.11.85 — EINSTAKLINGAR - LANDIÐ ALLT F7207E

AÐSTGJALD BIL	AÐSTGJSTOFN	AÐSTGJALD FJÖLDI		REITUR 62 TEKJUR AF ÁTVR FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	REITUR 24 REIKNUÐ LAUN FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	REITUR 62 + 24 FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	TEKJUSKATTSSTOFN FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	TEKJUSKATTUR FJÁRHÆÐ	FJÖLDI
- 10	653.190		286	5.273	57	26.641	181	31.914	193	78.203	279	11.686	156
- 4.700	1.808.131	16.371	10.376	129.450	2.689	1.037.156	8.166	1.166.606	8.597	2.724.365	10.170	356.938	5.639
- 10.000	2.321.575	23.310	3.322	71.419	897	558.728	2.805	630.147	2.845	911.541	3.281	132.962	1.723
- 25.000	4.150.787	44.340	2.856	79.201	763	565.557	2.434	644.758	2.457	860.084	2.818	139.472	1.603
- 50.000	2.990.791	32.092	917	54.210	286	210.393	707	264.604	717	387.541	903	83.483	684
- 75.000	2.028.401	21.438	347	28.979	114	86.666	263	115.645	267	170.169	343	40.438	289
- 100.000	1.401.354	16.512	192	15.810	55	38.311	122	54.122	125	105.075	189	27.297	153
- 150.000	1.854.084	20.761	170	15.755	60	41.494	126	57.250	128	86.537	169	20.554	143
- 200.000	1.321.790	15.334	89	8.949	33	25.659	62	34.608	63	69.912	88	21.616	78
- 300.000	1.424.327	16.801	66	19.817	32	22.420	50	42.237	50	64.653	65	21.232	62
- 400.000	1.097.092	12.833	37	21.600	19	18.000	26	39.600	26	52.639	37	19.275	34
- 500.000	390.958	4.877	11	12.356	6	5.021	11	17.377	11	16.991	11	6.225	10
- 600.000	533.079	5.662	10	582	2	2.018	5	2.600	5	9.309	10	2.997	10
- 700.000	152.651	1.984	3	2.502	2	1.703	3	4.205	3	3.991	3	1.429	3
- 800.000	394.326	4.606	6	6.500	1	1.181	2	7.681	2	11.789	6	4.537	6
- 900.000	258.122	2.543	3	672	1	583	1	1.256	1	2.197	2	746	2
- 1.000.000													
- 2.000.000	289.620	3.765	3	5.263	1	1.013	2	6.276	2	6.316	3	2.506	2
- 3.000.000	167.870	2.179	1			528	1	528	1	462	1	94	1
- 4.000.000													
- 5.000.000													
-10.000.000													
-15.000.000													
-20.000.000													
-30.000.000													
YFIR													
	23.238.157	245.415	18.695	478.346	5.018	2.643.076	14.967	3.121.423	15.493	5.561.783	18.378	893.494	10.598

Fylgiskjal IV.

Aðstöðugjald félaga 1985.

RIKISSKATTSTJORI
ALLAR FJARHÆÐIR I 1000 KR 28.11.85

SKIPTING AÐSTÖÐUGJALDS VIÐ ÁLAGNINGU 1985
FELÖG - ALLT LANDIÐ P7207F

AÐSTGJALD BIL	AÐSTGJSTOFN	AÐSTGJALD	FJÖLDI	TEKJUSKATTSSTOFN FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	TEKJUSKATTUR FJÁRHÆÐ	FJÖLDI	NEIKV. TEKJUSKATTSSTOFN FJÁRHÆÐ	FJÖLDI
- 10	796.319		100	7.907	23	4.032	23	93.177	68
- 4.700	129.111	1.344	751	19.252	222	9.791	222	257.418	488
- 10.000	1.061.713	3.265	459	34.390	210	17.538	210	136.854	223
- 25.000	1.416.046	13.967	828	97.162	374	49.552	372	423.906	410
- 50.000	3.103.137	29.272	790	124.707	383	63.600	383	456.026	363
- 75.000	2.643.631	24.925	405	62.230	182	31.737	182	604.235	193
- 100.000	2.865.840	25.733	295	70.264	150	35.835	150	609.913	128
- 150.000	4.671.959	45.929	369	89.450	176	45.619	176	784.919	165
- 200.000	4.374.512	40.716	235	84.792	119	43.244	119	832.729	97
- 300.000	5.327.846	51.451	212	68.594	92	34.983	92	1.069.172	108
- 400.000	4.891.610	48.215	140	58.885	67	30.031	67	560.375	62
- 500.000	3.554.316	32.664	73	55.447	29	28.278	29	655.840	39
- 600.000	3.601.410	33.733	62	65.943	29	33.631	29	485.879	30
- 700.000	3.441.084	33.000	51	53.914	25	27.496	25	288.711	22
- 800.000	3.235.129	28.107	38	47.331	11	24.138	11	363.414	21
- 900.000	2.261.588	20.642	24	36.965	8	18.852	8	456.527	14
- 1.000.000	1.841.919	16.962	18	20.912	7	10.665	7	100.880	8
- 2.000.000	15.166.213	140.297	103	142.564	43	72.707	43	1.672.528	50
- 3.000.000	6.446.090	65.319	27	37.953	9	19.356	9	743.749	15
- 4.000.000	4.600.188	46.139	13	7.030	3	3.585	3	437.891	7
- 5.000.000	3.155.501	34.037	8	90.459	2	46.134	2	102.839	4
-10.000.000	6.957.703	77.868	11	23.475	3	11.972	3	1.749.044	6
-15.000.000	4.415.452	37.449	3	95.183	2	48.543	2	256.831	1
-20.000.000	6.142.637	36.603	2					1.408.037	1
-30.000.000	2.815.227	22.451	1					198.449	1
YFIR									
	98.916.194	910.100	5.018	1.394.821	2.169	711.331	2.167	14.749.355	2.524

Fylgiskjal V.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 17/01/86

Lausleg áætlun um heildarveltu fyrirtækja árið 1984.

ISIC-staðall	Atvinnuvegir	Heildarvelta Milljarðar kr.	Þar af velta einyrkja og einstaklingsfyrirtækja Milljarðar kr.
11	Landbúnaður	5,6	5,2
13	Fiskveiðar	8,8	2,2
30	Fiskiðnaður	16,5	0,8
31-39	Annar iðnaður	29,4	1,6
4	Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	5,6	0,0
5	Byggingarstarfsemi	16,9	6,5
6	Verslun, veitinga- og hótelrekstur	53,4	10,1
7	Samgöngur	13,2	1,9
8	Peningastofnanir, tryggingar	13,9	2,5
9	Ýmis þjónustustarfsemi	6,2	2,7
	Starfsemi fyrirtækja alls	169,5	33,5

Athugasemdir:

Starfsemi hins opinbera er ekki meðtalin í ofangreindum tölum. Athygli skal vakin á því, að velta peningastofnana er hér skilgreind sem vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum þeirra, en hvers konar þóknanir og þjónustutekjur eru meðtaldar.

Skilgreiningu á ISIC-staðli og hvaða atvinnugreinar tilheyra hverju númeri má finna í ýmsum ritum Þjóðhagsstofnunar, m.a. Atvinnuvegaskýrslum 1982.

Fylgiskjal VI.

Skattálagning 1985.

LANDIÐ ALLT	ÁLAGNING GJALDÁRIÐ 1985	
	UPPHÆÐIR	FJÖLDI
TEKJUSKATTUR	3.919.505.892	78.163
EIGNARSKATTUR	361.133.228	46.200
SLYSATR. V/HEIMILISST.	1.284.800	4.672
KIRKJUGJALD	107.007.924	133.799
KIRKJUGARÐSGJALD	75.200.389	132.802
SLYSATRYGGINGAGJALD	20.407.388	17.756
LIFEYRISTRYGGINGAGJALD	53.273.186	6.058
ATVINNULEYSISTRYGGINGAGJALD	9.053.112	4.492
EIGNARSKATTSAUKI	39.332.335	16.440
SJÚKRATRYGGINGAGJALD	193.678.211	52.801
GR. Í FRAMKV.SJÓÐ ALDRAÐRA	61.733.460	106.437
VINNUEFTIRLITSGJALD	5.198.646	18.047
AÐSTÖÐUGJALD	220.803.100	17.364
ÚTSVAR	3.896.296.421	147.565
IÐNLÁNA- OG IÐNAÐARMÁLAGJ.	13.417.950	3.138
SK. AF SKRST- OG VERSL.HÚSN.	27.466.320	1.038
SAMTALS GJÖLD	9.004.792.362	
FJÖLDI Á SKRÁ		174.335
PERS.AFSL. T. GR. ÚTSVARS	433.746.600	65.353
PERS.AFSL. T. GR. SJTRGJ.	3.073.925	2.318
PERS.AFSL. T. GR. EIGNARSK.	102.701.196	19.696
PERS.AFSL. T. GR. ESKAUKA	4.165.208	3.712
BARNABÆTUR	1.072.596.783	68.884

I A. GJALDÁR 1985 - ÁLAGNINGARYFIRLIT - EINSTAKLINGAR - Ríkisskattstjóri

FJÖLDI FRAMTELJENDA OG GJALDENDA OG SAMANBURÐUR VIÐ GJALDÁRIÐ 1984. 10.07.1985.

			Fjöldi gjaldenda									
			(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(8)	(9)	(10)	(11)
		Fjöldi		Ónýttur persónuafsláttur til greiðslu				Barnabætur		Eignar-	Eignar-	Sérstakur sk.
		fram-	Teknu-					og	Sjtrgj.	skattur	skauki	af versl.- og
Umdæmi:	Ár	teljenda	skattur	eignarsk.	eskauka	sjúkratrgj.	útsvars	barnabauki	(sbr. (4))	(sbr. (2))	(sbr. (3))	skrifsthúsnæði
Reykja-	1985	67.421	30.672	8.922	1.718	875	23.126	22.828	20.468	21.812	8.351	588
vík	1984	66.310	32.242	8.172	0	498	21.251	22.656	19.755	21.337	0	576
	%	1,68	(4,87)	9,18	0	75,70	8,82	0,76	3,61	2,23	0	2,08
Vestur-	1985	10.530	4.361	936	131	141	4.559	4.495	2.977	1.733	444	41
land	1984	10.485	4.654	866	0	107	4.275	4.566	2.924	1.651	0	42
	%	0,43	(6,30)	8,08	0	31,78	6,64	(1,55)	1,81	4,97	0	(2,38)
Vest-	1985	7.270	3.557	318	40	62	2.798	3.200	2.403	874	178	24
firðir	1984	7.288	3.750	293	0	40	2.324	3.129	2.301	797	0	24
	%	(0,25)	(5,15)	8,53	0	55,00	20,40	2,27	4,43	9,66	0	0
Norður-	1985	7.611	2.982	754	155	62	3.500	3.098	1.798	1.305	413	21
land v.	1984	7.555	3.020	749	0	41	3.397	3.063	1.659	1.307	0	21
	%	0,74	(1,26)	0,67	0	51,22	3,03	1,14	8,38	(0,15)	0	0
Norður-	1985	18.530	7.530	1.507	180	232	8.174	7.700	4.733	3.251	653	52
land e.	1984	18.509	8.120	1.459	0	107	7.675	7.844	4.615	3.226	0	52
	%	0,11	(7,27)	3,29	0	116,82	6,50	(1,84)	2,56	0,77	0	0
Austur-	1985	9.320	3.999	615	73	90	4.102	3.878	2.634	1.155	262	16
land	1984	9.265	4.304	533	0	60	3.779	3.864	2.561	1.157	0	16
	%	0,59	(7,09)	15,38	0	50,00	8,55	0,36	2,85	(0,17)	0	0
Suður-	1985	10.815	4.172	1.275	241	115	4.409	4.453	2.596	2.235	736	26
land	1984	10.736	4.359	1.306	0	79	4.774	4.448	2.504	2.301	0	18
	%	0,74	(4,29)	(2,37)	0	45,57	(7,65)	0,11	3,67	(2,87)	0	44,44
Vestm-	1985	3.329	1.733	165	29	48	1.193	1.614	1.291	441	132	26
eyjar	1984	3.279	1.828	138	0	18	1.085	1.570	1.237	402	0	23
	%	1,52	(5,20)	19,57	0	166,67	9,95	2,80	4,37	9,70	0	13,04
Reykja-	1985	39.509	19.157	5.204	1.145	693	13.492	17.618	13.901	13.394	5.271	244
nes	1984	38.613	20.058	4.670	0	438	12.162	17.554	13.194	13.065	0	225
	%	2,32	(4,49)	11,43	0	58,22	10,94	0,36	5,36	2,52	0	8,44
Samtals	1985	174.335	78.163	19.696	3.712	2.318	65.353	68.884	52.801	46.200	16.440	1.038
	1984	172.040	82.335	18.186	0	1.388	60.722	68.694	50.750	45.243	0	997
	%	1,33	(5,07)	8,30	0	67,00	7,63	0,28	4,04	2,12	0	4,11

I. GJALDÁR 1985 - ÁLAGNINGARYFIRLIT - EINSTAKLINGAR

Ríkisskattstjóri
08.07.1985.

Álagning tekjuskatts einstaklinga gjaldárið 1985, að frádregnum ónýttum persónuafslætti til greiðslu eignarskatts, eignarskattsauka, sjúkratryggingagjalds og útsvars, svo og álagning barnabóta, barnabótaauka, sjúkratryggingagjalds, eignarskatts, eignarskattsauka og sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og samanburður við gjaldárið 1984. (Allar fjárhæðir í þús. kr.)

Umdæmi:	Ár	(1) Tekju-skattur	(2) Ónýttur persónuafsláttur til gr. eignarsk.	(3) eskauka	(4) sjúkratrgj.	(5) gr.útsv.	(6) Barnabætur og barnabauki	(7) Mismunur tekjuskatts og ráðstöfun hans	(8) Sjtrgj. (sbr. (4))	(9) Eignar-skattur (sbr. (2))	(10) Eignar-skauki (sbr. (3))	(11) Sérstakur sk. af versl.- og skrifsthúsnæði
Reykja-vík	1985	1.639.135	51.337	2.114	1.147	150.238	358.662	1.075.637	76.153	200.035	23.059	18.153
	1984	1.352.063	38.183	0	515	107.973	286.946	918.446	55.601	152.553	0	14.868
	%	21,23	34,45		122,72	39,14	24,99	17,11	36,96	31,12		22,09
Vestur-land	1985	193.532	3.843	94	210	30.950	74.999	83.436	10.744	9.599	851	502
	1984	168.350	2.853	0	118	22.605	62.436	80.338	7.856	7.131	0	395
	%	14,96	34,70		77,97	36,92	20,12	3,86	36,76	34,61		27,09
Vest-firðir	1985	192.085	1.162	34	74	18.618	49.512	122.685	9.900	4.163	345	305
	1984	151.843	929	0	50	12.024	40.610	98.230	7.100	3.158	0	287
	%	26,50	25,08		48,00	54,84	21,92	24,90	39,44	31,82		6,27
Norður-land v.	1985	121.114	3.440	130	73	23.452	53.725	40.294	5.982	7.294	624	248
	1984	96.276	2.693	0	43	17.808	45.285	30.447	4.118	5.769	0	226
	%	25,80	27,74		69,77	31,69	18,64	32,34	45,26	26,43		9,73
Norður-land e.	1985	295.083	5.311	176	284	54.278	121.825	113.209	15.257	14.527	1.038	686
	1984	257.959	4.162	0	94	39.448	103.751	110.504	10.999	11.303	0	573
	%	14,39	27,61		202,13	37,59	17,42	2,45	38,71	28,52		19,72
Austur-land	1985	168.624	2.188	56	109	28.121	62.953	75.197	8.820	5.287	353	272
	1984	158.762	1.506	0	64	20.017	51.050	86.125	7.023	4.631	0	256
	%	6,21	45,29		70,31	40,49	23,32	(12,69)	25,59	14,17		6,25
Suður-land	1985	165.120	6.331	240	119	30.466	73.014	54.950	7.296	14.322	1.394	428
	1984	145.138	5.189	0	86	24.247	63.298	52.318	6.042	11.582	0	355
	%	13,77	22,01		38,37	25,65	15,35	5,03	20,75	23,66		20,56
Vestm-eyjar	1985	89.733	643	24	68	8.015	22.359	58.624	5.282	2.533	212	254
	1984	77.772	480	0	25	5.423	17.890	53.954	3.797	1.960	0	168
	%	15,38	33,96		172,00	47,80	24,98	8,66	39,11	29,23		51,19
Reykja-nes	1985	1.055.079	28.446	1.297	990	89.609	255.546	679.191	54.245	103.374	11.457	6.617
	1984	867.391	20.449	0	487	62.475	208.599	575.381	39.132	77.662	0	4.685
	%	21,64	39,11		103,29	43,43	22,51	18,04	38,62	33,11		41,24
Samtals	1985	3.919.505	102.701	4.165	3.074	433.747	1.072.595	2.303.223	193.679	361.134	39.333	27.465
	1984	3.275.554	76.444	0	1.482	312.020	879.865	2.005.743	141.668	275.749	0	21.813
	%	19,66	34,35		107,42	39,01	21,90	14,83	36,71	30,96		25,91

Ríkisskattstjóri
09.07.1985.

II. ÁLÖGÐ ÚTSVÖR OG AÐSTÖÐUGJÖLD Á EINSTAKLINGA GJALDÁRIÐ 1985 - EFTIR SKATTUMDÆMUM - OG SAMANBURÐUR VIÐ GJALDÁRIÐ 1984. ENN FREMUR SAMANBURÐUR Á FJÖLDA GJALDENDA MILLI ÁRANNA.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	ÚTSVÖR						AÐSTÖÐUGJÖLD					
	Gjaldárið 1985		Gjaldárið 1984		Hækkun fjárhæða	Fjölgun gjaldenda	Gjaldárið 1985		Gjaldárið 1984		Hækkun fjárhæða	Fjölgun gjaldenda
Umdæmi:	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	í %	í %	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	í %	í %
Reykjavík	1.502.953	55.675	1.182.608	54.988	27,09	1,25	100.942	4.997	67.603	4.664	49,32	7,14
Vesturland	226.923	9.071	176.153	9.046	28,82	0,28	14.571	1.511	11.135	1.457	30,86	3,71
Vestfirðir	183.092	6.434	138.097	6.101	32,58	5,46	9.392	1.027	6.432	957	46,02	7,31
Norðurl. v.	151.557	6.607	113.563	6.523	33,46	1,29	11.572	1.685	9.104	1.602	27,11	5,18
Norðurl. e.	369.089	15.927	288.479	15.961	27,94	(0,21)	15.472	1.837	11.996	1.740	28,98	5,57
Austurland	203.413	8.198	161.292	8.134	26,11	0,79	12.556	1.566	9.063	1.534	38,54	2,09
Suðurland	203.270	8.857	161.629	9.358	25,76	(5,35)	20.377	1.862	16.411	1.820	24,17	2,31
Vestmeyjar	89.651	2.952	70.566	2.929	27,05	0,79	5.410	238	3.828	238	41,33	0
Reykjanes	966.348	33.844	736.204	33.028	31,26	2,47	30.511	2.641	22.102	2.466	38,05	7,10
Samtals	3.896.296	147.565	3.028.591	146.068	28,65	1,02	220.803	17.364	157.674	16.478	40,04	5,38

III. GJALDÁR 1985 - ÁLAGNINGARYFIRLIT - LÖGAÐILAR

Ríkisskattstjóri
15.07.1985.

Álagning tekjuskatts, eignarskatts, eignarskattsauka, sérstaks skatts af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og aðstöðugjalds gjaldárið 1985 og samanburður við gjaldárið 1984.
(Allar fjárhæðir í þús. kr.) (Fjöldi framteljenda og gjaldenda.)

			Fjárhæðir og fjöldi gjaldenda									
			(1)		(2)		(3)		(4)		(5)	
		Fjöldi fram-	Tekjuskattur		Eignarskattur		Eignarskattsauki		Sérstakur skattur af verslunar- og skrifsthúsnæði		Aðstöðugjöld	
Umdæmi:	Ár	teljenda	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Reykjavík	1985	4.927	487.957	1.235	141.808	1.932	37.318	1.912	62.247	472	515.340	2.974
	1984	4.778	407.848	1.483	120.084	2.185	0	0	47.288	456	373.978	2.748
	%	3,12	19,64	(16,72)	18,09	(11,58)	0	0	31,63	3,51	37,80	8,22
Vesturland	1985	630	54.883	163	9.494	269	2.499	267	1.378	46	49.373	359
	1984	615	14.109	81	9.235	220	0	0	1.306	47	28.676	293
	%	2,44	288,99	101,23	2,80	22,27	0	0	5,51	(2,13)	72,18	22,53
Vestfirðir	1985	523	26.548	158	8.430	282	2.218	282	1.399	50	39.182	334
	1984	553	19.810	159	9.308	287	0	0	924	43	27.051	277
	%	(5,42)	34,01	(0,63)	(9,43)	(1,74)	0	0	51,41	16,28	44,84	20,58
Norðurl. v.	1985	434	12.692	86	5.504	187	1.448	185	1.083	16	28.206	284
	1984	404	12.919	93	5.121	194	0	0	787	18	18.981	256
	%	7,43	(1,76)	(7,53)	7,48	(3,61)	0	0	37,61	(11,11)	48,60	10,94
Norðurl. e.	1985	802	50.405	174	18.116	356	4.730	340	5.052	87	87.164	509
	1984	785	22.500	142	13.947	345	0	0	4.087	84	69.427	503
	%	2,17	124,02	22,54	29,89	3,19	0	0	23,61	3,57	25,55	1,19
Austurland	1985	564	11.538	125	7.872	253	2.072	252	1.328	29	44.739	309
	1984	569	17.835	125	5.834	252	0	0	1.016	30	29.801	287
	%	(0,88)	(35,31)	0	34,93	0,40	0	0	30,71	(3,33)	50,13	7,67
Suðurland	1985	599	12.940	89	8.251	246	2.171	243	1.802	26	39.354	294
	1984	568	11.950	91	7.106	201	0	0	1.483	26	28.256	298
	%	5,46	8,28	(2,20)	16,11	22,39	0	0	21,51	0	39,28	(1,34)
Vestmeyjar	1985	125	3.521	38	2.756	72	725	72	483	20	17.992	99
	1984	128	5.639	41	3.303	80	0	0	392	21	13.758	102
	%	(2,34)	(37,56)	(7,32)	(16,56)	(10,00)	0	0	23,21	(4,76)	30,77	(2,94)
Reykjanes	1985	1.887	146.720	516	42.070	757	11.069	750	6.095	92	140.518	1.331
	1984	1.714	149.720	546	34.581	823	0	0	4.876	90	100.507	1.182
	%	10,09	(2,00)	(5,49)	21,66	(8,02)	0	0	25,00	2,22	39,81	12,61
Samtals	1985	10.491	807.204	2.584	244.301	4.354	64.250	4.303	80.867	838	961.868	6.493
	1984	10.114	662.330	2.761	208.519	4.587	0	0	62.159	815	690.435	5.946
	%	3,73	21,87	(6,41)	17,16	(5,08)	0	0	30,10	2,82	39,31	9,20

ÁLAGNING SKATTSTJÓRA skv. álagningarskrá manna gjaldárið 1985. ÚTSVAR. Ríkisskattstjóri 23.07.1985.

	Útsvars-hundraðshluti	Fjöldi svf.	Fjöldi gjaldenda	Fjöldi gjaldlausra	Heildarfj. gjaldenda	Upphæð útsvara	% af fj. svf.	% af fj. gjaldenda	% af fj. gjaldl.	% af heildarfj.	% af heildar-upphæð útsvara
Kaupstaðir	11,0	14	18.273	2.621	20.894	512.011.994	6,28	12,38	9,89	12,00	13,14
	10,8	5	73.329	14.373	87.702	2.010.169.515	2,24	49,68	54,27	50,38	51,59
	10,5	1	7.668	1.477	9.145	209.311.000	0,45	5,20	5,58	5,25	5,37
	10,4	2	11.804	2.110	13.914	307.368.840	0,90	8,00	7,97	7,99	7,89
	10,0	1	2.216	426	2.642	66.401.090	0,45	1,50	1,60	1,52	1,70
Samtals		23	113.290	21.007	134.297	3.105.262.439	10,31	76,76	79,31	77,14	79,69
Hreppar	11,0	129	24.118	3.819	27.937	567.614.872	57,85	16,34	14,42	16,05	14,57
	10,8	3	481	63	544	12.223.430	1,34	0,33	0,24	0,31	0,31
	10,7	3	879	143	1.022	21.281.460	1,34	0,60	0,54	0,59	0,55
	10,6	2	419	60	479	11.428.520	0,90	0,28	0,23	0,27	0,29
	10,5	13	4.566	599	5.165	113.901.210	5,83	3,09	2,26	2,97	2,92
	10,4	1	53	13	66	798.940	0,45	0,04	0,05	0,04	0,02
	10,25	1	205	35	240	4.894.890	0,45	0,14	0,13	0,14	0,13
	10,2	1	85	16	101	1.319.650	0,45	0,06	0,06	0,06	0,03
	10,0	26	2.139	450	2.589	37.550.950	11,66	1,45	1,70	1,49	0,96
	9,5	3	282	62	344	5.247.020	1,34	0,19	0,24	0,20	0,14
	9,0	8	513	87	600	7.709.850	3,59	0,35	0,33	0,34	0,20
	8,0	4	62	28	90	968.330	1,79	0,04	0,11	0,05	0,03
	7,0	2	135	25	160	1.674.610	0,90	0,09	0,09	0,09	0,04
	6,5	1	185	38	223	2.372.870	0,45	0,13	0,14	0,13	0,06
	6,0	1	50	14	64	611.340	0,45	0,03	0,05	0,04	0,02
	5,0	2	125	27	152	1.436.040	0,90	0,08	0,10	0,09	0,04
Samtals		200	34.297	5.479	39.776	791.033.982	89,69	23,24	26,69	22,86	20,31
Kaupstaðir og hreppar samtals		223	147.587	26.486	174.073	3.896.296.421	100,00	100,00	100,00	100,00	100,00
Kaupst. og hr.	11,0	143	42.391	6.440	48.831	1.079.626.866	64,13	28,72	24,32	28,05	27,71
" " "	10,8	8	73.810	14.436	88.246	2.022.392.945	3,59	50,01	54,50	50,69	51,91
Hreppar	10,7	3	879	143	1.022	21.281.460	1,34	0,60	0,54	0,59	0,55
"	10,6	2	419	60	479	11.428.520	0,90	0,28	0,23	0,28	0,29
Kaupst. og hr.	10,5	14	12.234	2.076	14.310	323.212.210	6,28	8,29	7,84	8,22	8,30
" " "	10,4	3	11.857	2.123	13.980	308.167.780	1,34	8,03	8,01	8,03	7,91
Hreppar	10,25	1	205	35	240	4.894.890	0,45	0,14	0,13	0,14	0,12
"	10,2	1	85	16	101	1.319.650	0,45	0,06	0,06	0,06	0,03
Kaupst. og hr.	10,0	27	4.355	876	5.231	103.952.040	12,11	2,95	3,31	3,00	2,67
Hreppar	9,5	3	282	62	344	5.247.020	1,34	0,19	0,23	0,20	0,13
"	9,0	8	513	87	600	7.709.850	3,59	0,35	0,33	0,34	0,20
"	8,0 og lægra	10	557	132	689	7.063.190	4,48	0,38	0,50	0,40	0,18
Samtals		223	147.587	26.486	174.073	3.896.296.421	100,00	100,00	100,00	100,00	100,00

ALLAR FJÁRHÆÐIR Í 100 KR. I VT-BIL V/TSK.

RIKISSKATTSTJÓRI SKIPTING VERGRA TEKNA VIÐ TEKJUSKATTSÁLAGNINGU 1985
12.08.1985 HJÓN - KARLAR LANDIÐ ALLT P72053

VERGRA-TEKNA BIL 100 KR	FRAMTELJENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	FJÖLD FRAMT	BÖRN Á FRAMF	ÍVILN. MEÐT Í FJÁRH	66.GR. STOFNI FJÖLD	PERSAFSL. TIL MAKA FJÁRH	FJÖLD	PERSAFSL. FRÁ MAKA FJÁRH.	FJÖLD	SKULDAJÖFNUN ES/ESA/ST/UT FJÁRH	FJÖLD	GJALDENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	TEKJUSKATTUR FJÁRH 100 KR	FJÖLDI	BÖRN Á FRAMF
- 0			253	183	46	1	11361	44			4208	43					
- 300	28859	19269	172	118	100	1	11649	52			3834	38					
- 450	50673	30869	134	75	1057	5	9436	48			3701	65					
- 600	87444	57461	165	98	1143	6	10205	56			4619	108					
- 1000	735273	590684	867	521	4521	20	36451	265	169	3	36798	576					
- 1200	856174	731844	770	451	4440	16	17708	203	366	19	42356	486					
- 1603	3832360	3270868	2739	1478	36681	132	18858	331	17600	430	159297	2168					
- 1750	1408669	1187588	840	569	12302	47	851	41	18053	301	60151	784					
- 2000	2664143	2240189	1421	1168	12806	51	926	18	60464	692	99385	1214	303207	279714	1678	155	138
- 2125	1533798	1274170	743	621	8572	33	685	12	41340	364	47559	462	547016	496172	6416	265	239
- 2362	3417247	2812578	1522	1303	37954	103	583	10	91224	676	83801	744	1609501	1442887	37416	715	661
- 2700	6989412	5787898	2757	2568	44516	153	1938	25	207057	1215	140616	1115	3996946	3534732	161742	1573	1460
- 3000	7926852	6588236	2777	2644	22232	120	2050	24	223206	1220	107883	899	5270594	4603510	285369	1845	1702
- 3500	17522954	14477516	5376	5825	49030	289	2512	31	431092	2324	141583	1274	13253853	11455894	920573	4059	4211
- 4000	21313484	17655099	5685	6818	38816	309	3120	20	445648	2365	74830	652	18783022	16192026	1587446	5005	5864
- 4250	10853328	8962085	2631	3305	22480	180	963	5	214510	1117	24819	192	10037133	8572140	948969	2433	3003
- 4500	10716444	8889688	2448	3136	21974	164	841	4	197162	1040	19662	145	10048786	8588858	1057419	2295	2907
- 5000	21290443	17668134	4482	6047	27404	248	1375	7	353856	1876	21709	189	20317075	17272653	2458945	4276	5729
- 5400	14299533	11700232	2754	3869	26929	218	706	3	239799	1196	7547	75	13895613	11550377	1816151	2676	3746
- 6000	17942979	14650310	3157	4525	23104	230	791	5	279570	1417	7507	59	17580891	14532460	2587546	3093	4425
- 7500	29447792	24314551	4414	6645	45740	385	400	4	400312	1951	4416	42	29133543	24232719	5244696	4366	6591
- 9000	14524282	11861587	1778	2581	22885	165	654	5	174231	848	1639	16	14385025	11849286	2999603	1761	2576
-10000	5994768	5084695	629	921	6251	62			64330	302			5994768	5084695	1445611	629	921
-12000	6025005	5001849	555	722	11001	90			61201	280	380	3	5992456	4996281	1495104	552	719
-15000	4362824	3783075	329	390	11382	44			29435	143			4362824	3783075	1254345	329	390
-20000	1991352	1731066	117	143	3679	16			8670	44			1991352	1731066	617534	117	143
-YFIR	1617709	1506678	55	48	248	2			1809	11			1617709	1506678	598619	55	48
	207433813	171878231	49570	56772	497309	3090	134274	1213	3561114	19834	1098308	11349	179121323	151705231	25525191	36199	45473
										=		=					
										19834		11349					

ALLAR FJÁRHÆÐIR Í 100 KR.

RIKISSKATTSTJÓRI

12.08.1985

SKIPTING VERGRA TEKNA VIÐ TEKJUSKATTSÁLAGNINGU 1985
HJÓN - KÓNUR LANDIÐ ALLT P72053

VERGRA- TEKNA BIL 100 KR	FRAMTELJENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS- STOFN 100 KR	FJÖLD FRAMT	BÖRN Á FRAMF	IVILN. MEÐT I FJÁRH	66.GR. STOFNI FJÖLD	PERSAFSL. TIL MAKA FJÁRH	FJÖLD	PERSAFSL. FRÁ MAKA FJÁRH.	FJÖLD	SKULDAJÖFNUN ES/ESA/ST/UT FJÁRH	FJÖLD	GJALDENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS- STOFN 100 KR	TEKJUSKATTUR FJÁRH 100 KR	FJÖLDI	BÖRN Á FRAMF
- 0			3885	4615	782	10	1013823	3403			170411	1755					
- 300	446589	359154	3035	4625	9788	98	783911	2695			63482	960					
- 450	874647	732795	2300	2114	10320	75	458919	1946			74173	1641					
- 600	1025358	850304	1946	2475	6529	61	547454	1674			80258	1607					
- 1000	5987769	5222314	7268	7458	33300	270	707433	5427	109	3	437731	5797					
- 1200	4539905	4031429	4118	4756	18125	165	180578	3060	235	7	369156	3712					
- 1600	10281642	9208347	7368	9017	42427	395	47193	1470	5829	176	650710	7194					
- 1750	3946493	3549126	2351	2845	14628	129	3295	46	5916	108	109843	2228					
- 2000	7046146	6322696	3756	4386	40046	251	3780	22	17134	197	72710	2439	2428215	2294230	19100	1256	1773
- 2125	3297837	2942315	1600	1747	15994	103	1623	11	10487	95	15956	229	2792037	2563425	39234	1354	1550
- 2362	6089205	5446373	2719	2945	22705	185	2469	18	18632	151	20192	224	5539741	5064503	164271	2471	2783
- 2700	7904668	7092293	3137	3444	16713	207	2363	18	23039	162	18309	189	7403669	6764557	412949	2938	3315
- 3000	5283979	4691296	1860	1953	15499	138	1383	11	15871	99	11064	96	4985470	4524476	390492	1755	1876
- 3500	6343367	5632920	1968	2028	13219	144	1896	9	16672	104	7285	66	6111039	5518057	608678	1896	1974
- 4000	4129855	3646160	1108	1152	5620	67	2094	9	7959	49	3297	29	3996178	3618270	497658	1072	1130
- 4250	1317842	1113174	320	322	2587	25	1176	8	4640	24	1054	11	1255605	1103696	161704	305	317
- 4500	866690	762486	198	227	1863	13	44	1	1943	10	498	3	853778	759948	122899	195	222
- 5000	1502845	1340351	314	322	2580	19	334	1	2962	15	643	8	1464972	1331041	249932	306	317
- 5400	496678	426564	96	106	647	7			1027	6	17	1	491645	424902	82358	95	106
- 6000	467800	390610	83	89	815	8	695	2	1113	4	193	3	439776	390610	85241	78	87
- 7500	668814	562438	101	111	2213	7	643	3	699	3	215	4	633765	560758	140917	96	107
- 9000	137300	127526	17	12	69	1							137300	127526	37536	17	12
-10000	85062	76636	9	11	280	1							85062	76636	23799	9	11
-12000	66258	60529	6	8									66258	60529	20092	6	8
-15000	54431	47276	4	2									54431	47276	16243	4	2
-20000																	
-YFIR	84934	81399	3	4									84934	81399	32435	3	4
	72946123	64716523	49570	56772	276760	2379	3561114	19834	134274	1213	2107210	28196	38823882	35311847	3105548	13856	15594
							=				=						
							19834				28196						

ALLAR FJÁRHÆÐIR Í 100 KR.

RÍKISSKATTSTJÓRI — SKIPTING VERGRA TEKNA VIÐ TEKJUSKATTSÁLAGNINGU 1985

12.08.1985 — EINSTAKLINGAR — LANDIÐ ALLT — P72053

VERGRA-TEKNA BIL 100 KR	FRAMTELJENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	FJÖLD FRAMT	BÖRN Á FRAMF	1VILN. MEÐT Í FJÁRH	66.GR. STOFNI FJÖLD	PERSAFSL. TIL MAKA FJÁRH	FJÖLD	PERSAFSL. FRÁ MAKA FJÁRH.	FJÖLD	SKULDAJÖFNUN ES/ESA/ST/UT FJÁRH	FJÖLD	GJALDENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	TEKJUSKATTUR FJÁRH 100 KR	FJÖLDI	BÖRN Á FRAMF
- 0			1409	55	19	1					5450	46					
- 300	460209	34847	2467	66	12807	37					4139	138					
- 450	708294	21559	1863	81	11984	49					12890	515					
- 600	1474000	113908	2782	97	10490	34					28133	976					
- 1000	6782323	2128154	8336	246	11377	40					291704	7327					
- 1200	4728719	2597306	4267	160	5854	18					242252	3310					
- 1605	13701900	9195228	9795	446	53900	261					728964	8276					
- 1750	5996688	4476694	3573	187	23315	85					268850	3307					
- 2000	9347803	7134752	4988	354	45139	127					284893	4717	258987	258987	4547	135	22
- 2125	4661977	3654807	2261	171	41509	85					51062	1852	712488	608538	3755	338	43
- 2362	9261009	7207800	4141	328	246157	478					40035	851	6456424	5447254	84346	2876	274
- 2700	12285210	10057028	4866	431	78024	170					20536	396	11077167	9423562	430256	4383	396
- 3000	9692612	8038349	3403	285	23592	81					8201	154	9201622	7831138	588461	3230	281
- 3500	14498393	12222822	4484	396	24924	106					5844	111	14088058	12072770	1261653	4355	385
- 4000	11574104	9823574	3095	284	21536	70					2061	33	11413387	9787999	1294872	3052	283
- 4250	4194696	3494235	1017	96	7185	24					359	6	4161656	3488801	506705	1009	96
- 4500	4142182	3494381	946	112	3483	17					441	4	4106670	3491523	554975	938	112
- 5000	6910388	5830290	1447	187	5942	26					808	9	6863273	5824061	1038744	1437	187
- 5400	3322832	2657635	640	65	1509	8					499	5	3297033	2655948	492658	635	65
- 6000	3788890	3083716	667	66	5063	14					373	5	3755458	3081131	640896	661	66
- 7500	6029655	5162216	905	128	5925	14					68	3	6009208	5160611	1289415	902	128
- 9000	1849470	1542255	225	22	1617	6					764	5	1799764	1540710	439202	219	22
-10000	913124	852585	94	8	543	2							913124	852585	272677	94	8
-12000	421152	358723	39	4	842	3							421152	358723	115328	39	4
-15000	483698	463088	37	15	53	1							483698	463088	163429	37	15
-20000	207907	190100	12	3									207907	190100	70564	12	3
-YFIR	539516	521383	8	2									539516	521383	220688	8	2
	137976761	104357446	67767	4295	642797	1757					1998338	32046	85766599	73058920	9473181	24360	2392

ALLAR FJÁRHÆÐIR Í 100 KR.

RÍKISSKATTSTJÓRI — SKIPTING VERGRA TEKNA VIÐ TEKJUSKATTSÁLAGNINGU 1985
12.08.1985 — EINSTÆÐIR FORELDRAR LANDIÐ ALLT — P72053

VERGRA-TEKNA BIL 100 KR	FRAMTELJENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	FJÖLD FRAMT	BÖRN Á FRAMF	ÍVILN. MEÐT Í FJÁRH	66.GR. STOFNI FJÖLD	PERSAFSL. TIL MAKA FJÁRH	FJÖLD	PERSAFSL. FRÁ MAKA FJÁRH.	FJÖLD	SKULDAJÖFNUN ES/ESA/ST/UT FJÁRH	FJÖLD	GJALDENDUR VERGAR TEKJUR 100 KR	SKATTS-STOFN 100 KR	TEKJUSKATTUR FJÁRH 100 KR	FJÖLDI	BÖRN Á FRAMF
- 0			41	61							232	2					
- 300	18284	125	105	132	176	1					600	6					
- 450	51972		83	104	210	1					727	36					
- 600	60303		113	146	104	1					1899	64					
- 1000	291268	47014	366	490	1068	3					18038	350					
- 1200	239248	86499	218	270	400	1					18401	212					
- 1603	768749	402140	547	683	618	3					63545	537					
- 1750	370293	229941	220	281							28444	214					
- 2000	811647	530035	433	563	945	8					43923	429	8000	8000	200	4	4
- 2125	430879	293898	209	263	1308	7					14222	207	4187	4187	158	2	2
- 2362	961817	678918	428	553	934	4					14516	421	15750	15750	892	7	9
- 2700	1815724	1354829	718	910	2653	19					3887	70	1636469	1250153	25978	646	820
- 3000	1753713	1342283	615	822	4945	27					1963	26	1679996	1306600	69744	589	784
- 3500	2346931	1854047	728	990	7501	39					961	17	2294232	1829105	161974	711	965
- 4000	2006763	1679849	539	739	8339	35					24	1	2003099	1678220	213622	538	738
- 4250	457941	373086	111	148	1716	8							457941	373086	52487	111	148
- 4500	471684	396806	108	143	782	5							471684	396806	61953	108	143
- 5000	717491	606559	151	221	1378	8							717491	606559	105735	151	221
- 5400	270072	229292	52	78	287	4							270072	229292	44466	52	78
- 6000	255454	209902	45	63	3497	3							255454	209902	43825	45	63
- 7500	413324	363211	62	81	1025	6							413324	363211	92249	62	81
- 9000	84101	73946	10	15									84101	73946	21636	10	15
-10000	29375	29375	3	3									29375	29375	9655	3	3
-12000	31998	28283	3	4	514	2							31998	28283	9174	3	4
-15000	96107	91616	7	10									96107	91616	32681	7	10
-20000	19122	16992	1	2	284	1							19122	16992	6386	1	2
-YFIR																	
	14754470	10918656	5916	7775	38695	186					211389	2592	10488408	8511089	952823	3050	4090

Fylgiskjal VII.



Viðskiptakjör þjóðarinnar voru sérstaklega óhagstæð á tímabilinu 1979–1983. Samt sem áður tókst þá að halda uppi miklu hærri kaupmætti launa en var hjá ríkisstjórnum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks á tímabilinu á undan og eftir.

Fylgiskjal VIII.



Kauptaxti launa er reiknaður þannig út að tekið er vegið meðaltal af kauptöxtum Alþýðusambandsins og deilt í það með framfærslukostnaði meðalfjölskyldu samkvæmt útreikningum Hagstofunnar.

Í júníbyrjun 1983, þegar stjórnarskiptin urðu, áttu laun að hækka um 22% en hækkuðu um 8%. Tenging launa við framfærsluvísitölu var bönnuð. Hækkanir vöruverðs héldu hins vegar áfram af fullum krafti. Á línuritinu má sjá hve kaupmáttur launa hrapaði gífurlega á fyrstu mánuðum núverandi stjórnar og hjakkar síðan í svipuðu fari.

Fólki var talin trú um að kaupmáttur launa mundi hækka aftur þegar dregið hefði úr verðbólguhraðanum. En það varð ekki og nú standa menn frammi fyrir 20–30% kjaraskerðingu sem virðist ætla að verða varanleg. Þegar launamenn reyna að rétta hlut sinn eins og í kjarasamningunum í nóv. s.l. svarar ríkisstjórnin með stórfelldum gengisfellingum svo að kaupmáttur launa lekur á fáum mánuðum niður í það sem var fyrir samninga.

Þannig hafa gífurlegir fjármunir verið fluttir til í þjóðfélaginu frá launamönnum, sjómönnum og bændum til fjármagnseigenda og stórfyrirtækja.

Fylgiskjal IX.

Nettóskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann.



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Á meðalverðlagi hvers árs sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.

Línuritið sýnir erfiða stöðu ríkissjóðs í lok seinasta áratugs eftir stórfelldan hallarekstur um miðjan þann áratug. En í þrjú ár, 1980, 1981 og 1982, var ríkissjóður rekinn hallalaus og reyndar með nokkrum afgangi öll árin. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann fóru því ört lækkandi eins og súluritið sýnir. En síðan hefur aftur sigið á ógæfuhlið.

Fylgiskjal X.



Sþ. 521. Svar [212. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um framlög ríkissjóðs til opinberra framkvæmda 1982–1986.

Framlög ríkissjóðs til opinberra framkvæmda (í þús. kr.):

	Verðlag hvers árs	Verðlag miðað við fjárlög 1986	Vísitala (1986=100)
Reikningur 1982	1 156 172	4 038 697	157
Reikningur 1983	2 633 505	5 405 894	210
Reikningur 1984	2 249 671	3 783 706	147
Reikningur 1985	2 323 354	2 973 864	115
Fjárlög 1986	2 578 485	2 578 485	100

Framlög til einstakra liða á verðlagi hvers árs (í þús. kr.):

	Reikningur 1982	Reikningur 1983	Reikningur 1984	Reikningur 1985	Fjárlög 1986
1. Mennta- og fjölbrautaskólar	35 367	61 122	72 033	56 300	57 400
2. Héraðsskólar	6 655	8 527	7 851	14 500	11 000
3. Byggingar grunnskóla	62 602	132 088	123 343	175 068	120 345
4. Dagvistarheimili	14 100	26 994	31 640	34 901	40 000
5. Bygging íþróttamannvirkja	9 569	15 395	20 500	31 360	31 650
6. Bygging sjúkrahúsa og læknisbústaða	115 557	185 308	176 561	254 739	240 610
7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur	77 795	137 558	161 716	123 048	118 322
8. Framkvæmdir á flugvöllum	29 525	73 943	63 737	64 000	61 000

Framlög til einstakra liða á verðlagi fjárlaga 1986 (í þús. kr.):

	Reikningur 1982	Reikningur 1983	Reikningur 1984	Reikningur 1985	Fjárlög 1986
1. Mennta- og fjölbrautaskólar	123 543	125 467	121 152	72 127	54 700
2. Héraðsskólar	23 247	17 054	13 205	18 560	11 000
3. Bygging grunnskóla	218 679	271 142	207 450	224 085	120 345
4. Dagvistarheimili	49 254	55 412	53 215	44 673	40 000
5. Bygging íþróttamannvirkja	33 426	31 602	34 479	40 140	31 650
6. Bygging sjúkrahúsa	403 659	380 389	296 957	326 063	240 610
7. Hafnarmannvirki og lendingarbætur	271 761	282 370	271 989	157 500	118 322
8. Framkvæmdir á flugvöllum	103 136	151 786	107 199	81 919	61 000

[1]) Þar eð ríkisreikningur liggur ekki fyrir er reikningstala fundinn þannig að aukafjárveitingum er bætt við fjárlagatölu 1985.

Sþ. 522. Svar [234. mál]

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um heilsuhæli NLFÍ í Hveragerði.

1.a. **Daggjaldagreiðslur** í þús. kr.:

1981	10 958
1982	19 725
1983	34 104
1984	43 561
1985	59 702

1.b. **Aukadaggjöld sjúklinga** á sömu árum. Innan sviga er rekstrarhalli hælisins (í þús. kr.):

1981	2 409	(2 340)
1982	4 258	(3 856)
1983	6 137	(7 430)
1984	7 708	(8 796)
1985	10 617	(12 123)

Tekið skal fram að daggjaldanefnd hefur aldrei gert tillögur um greiðslu halladaggjalda til heilsuhælis NLFÍ. Hefur rekstrarhalli ekki verið greiddur af opinberu fé.

1.c. **Daggjald** er 1 049 kr. frá 1. janúar 1986.

1.d. **Aukadaggjald** er nú að meðaltali 186,70 kr. á sjúkling. Aukadaggjald var að meðaltali 161 kr. árið 1985.

1.e. Daggjaldanefnd hefur fengið **reikninga hælisins,** einnig bráðabirgðauppgjör þegar óskað hefur verið eftir þeim.

2. Heimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis um **fjölda sjúklinga** hljóðar upp á 176 sjúkrarúm.

3. **Meðalfjöldi sjúklinga** árið 1985 var 181,5. Þetta er 3,1% fram yfir heimild og er ekki óalgengt á sjúkrastofnunum þar sem innlagnir eru að mestu af biðlistum.
Á heilsuhæli NLFÍ verður umframnýting helst að sumrinu til. Þá standa starfsmannaíbúðir um tíma auðar og eru þá nýttar tímabundið fyrir vistmenn.

4. Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu er hið **faglega eftirlit** með sjúkrastofnunum aðallega verkefni landlæknis. Ráðuneytið hefur þó sjálft kannað aðstæður og aðbúnað starfsfólks og sjúklinga á hælinu eins og á öðrum stofnunum sem undir ráðuneytið heyra.

Bókhald hefur ekki verið kannað sérstaklega. Daggjaldanefnd segir endurskoðaða ársreikninga berast reglulega frá hælinu. Nefndin kannar einstaka rekstrarþætti og ber þá saman við hliðstæða kostnaðarliði hjá sambærilegum sjúkrastofnunum. Sú könnun hefur að mati daggjaldanefndar ekki gefið tilefni til athugasemda.

5. Ráðuneytið hefur ekki fylgst með **starfsemi NLFÍ** og telur sig ekki hafa vald til slíks. Heilsuhælið hefur sjálfstæðan fjárhag og er rekið sem sjálfseignarstofnun óháð rekstri og fjárreiðum NLFÍ.
6. Í **rekstrarstjórn heilsuhælisins** eru þrír fulltrúar tilnefndir af NLFÍ 2. sept. 1985:
   Ólafur Þorgrímsson hrl., formaður,
   Vilhjálmur Ragnarsson, starfsmaður NLFÍ, Reykjavík,
   Hörður Friðþjófsson kennari, Hveragerði.
   Af Hveragerðishreppi var tilnefnd eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar:
   Alda Andrésdóttir bankafulltrúi, Hveragerði.
   Starfsmannaráð hælisins kaus á síðasta ári sinn fulltrúa:
   Birgi Bjarnason trésmið, Hveragerði.
   Varamenn frá NLFÍ eru:
   Eggert Kristinsson,
   Jón Gunnar Hannesson,
   Njáll Þórarinsson.
7. **Endurskoðendur hælisins** hafa verið tveir á þessu tímabili:
   Sigurður Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi, til 1984.
   Tryggvi E. Geirsson, löggiltur endurskoðandi, frá 1984.
8. **Yfirlæknar** hafa þessir verið:
   Ísak G. Hallgrímsson orkulæknir, til 1. júlí 1985.
   Jón G. Hannesson, í hálfu starfi til 10. ágúst 1985 en síðan í heilu starfi til 1. febr. 1986.
   Þórhallur B. Ólafsson, settur frá 1. febr. til 1. mars 1986, en þá kemur til starfa Jakob Úlfarsson lyflæknir sem yfirlæknir.
9. Umsóknir um **stöðu hjúkrunarforstjóra** hælisins voru í upphafi ekki lagðar fyrir hjúkrunarráð en í janúar voru umsóknirnar sendar ráðinu og umsögn þess liggur fyrir, dagsett 29. jan. 1986. Hefur stjórn hælisins verið skrifað vegna þessa og lagafyrirmæli áréttuð.
10. Ráðuneytinu hefur ekki borist **þróunar- og rekstraráætlun** frá stjórn heilsuhælisins, enda hefur lítið orðið úr framkvæmd þessa lagaákvæðis, nema í tengslum við nýbyggingar eða stækkun sjúkrahúsa.
11. Ráðuneytið lítur svo á að **reglugerð nr. 452/1978** fyrir heilsuhæli NLFÍ í Hveragerð sé enn í fullu gildi.
12. Ráðuneytið telur þörf á að **athuga einstaka þætti** í starfi hælisins og rekstur þess í heild.
13. Þörf er á að **efla aðhald í rekstri** og faglegt eftirlit með öllum sjúkrastofnunum. Í því skyni má e. t. v. finna leiðir til að nýta á virkari hátt ákvæði 28. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Nd. 523. Frumvarp til laga [285. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—86.)

I. KAFLI

Starfsheiti.

1. gr.

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhaldsskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla eða framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

2. gr.

Leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

a) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
b) námi við Kennaraháskóla Íslands ásamt fullgildum prófum, sem miðast við kennslu í grunnskóla;
c) BA-prófi, BS-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands ásamt fullgildu námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda;
d) námi við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík ásamt fullgildum prófum;
e) námi við teiknikennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
f) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
g) námi við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
h) öðru jafngildu námi.

Leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. má aðeins veita þeim sem lokið hefur

a) námi á háskólastigi er jafngildir a. m. k. 120 námseiningum ásamt fullgildum prófum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 60 einingar í sérgrein;
b) námi í faggrein eða sérgrein ásamt fullgildum prófum frá skóla er menntamálaráðuneytið viðurkennir, auk náms í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda er jafngildir 30 einingum;
c) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
d) öðru jafngildu námi.

Leyfi skv. 1. gr. má enn fremur veita þeim sem ekki uppfyllir skilyrði þessarar greinar en hefur verið skipaður í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir gildistöku laga þessara.

3. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 1. mgr. 2. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. fullnægi skilyrðum 2. mgr. 2. gr. skal leita úrskurðar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Matsnefndir úrskurða einnig leiki vafi á hvort umsækjandi um kennslu- eða stjórnunarstarf fullnægi skilyrðum 4., 6., 7., 9. eða 10. gr.

Nám kennara skal metið í námseiningum og skal hver eining jafngilda námsvinnu einnar viku. Mat samkvæmt þessu kerfi skal staðfest af matsnefnd sbr. 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Matsnefndir leita upplýsinga og umsagna kennarasamtaka og sérfræðinga eftir því sem við á en starfssvið hennar og starfshætti skal skilgreina nánar í erindisbréfi.

II. KAFLI

Starfsréttindi.

4. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við grunnskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skv. 1. gr. og skal hann hafa lokið

a) námi við Kennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
b) B.Ed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum, sem miðast við kennslu í grunnskóla og jafngilda a. m. k. 90 einingum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 30 einingar í sérgrein, valgrein eða á sérsviði;
c) BA-prófi, BS-prófi eða cand. mag.-prófi frá Háskóla Íslands eða öðrum jafngildum prófum ásamt námi í uppeldis- og kennslufræði sem jafngildir a. m. k. 30 einingum. Skal við það miðað að þessir kennarar kenni sérgreinar sínar við grunnskóla;
d) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við grunnskóla í handmennt, myndmennt, tónmennt eða í heimilisfræðum skal umsækjandi hafa tekið viðkomandi grein sem valgrein í almennu kennaranámi eða lokið sérnámi í viðkomandi grein ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla. Námið skal jafngilda a. m. k. 90 einingum. Þar af skulu eigi færri en 30 einingar vera nám í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda og eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari í íþróttum við grunnskóla skal umsækjandi hafa lokið

a) námi við Íþróttakennaraskóla Íslands ásamt fullgildum prófum;
b) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn sérkennari nemenda með sérþarfir í almennum skólum á grunnskólastigi skal grunnskólakennari hafa lokið
a) framhaldsnámi í sérkennslufræðum, 30 til 60 einingum, eftir nánari ákvörðun Kennaraháskóla Íslands, ásamt fullgildum prófum;
b) öðru jafngildu námi.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn sérkennari við sérdeildir eða skóla fyrir börn með sérþarfir skal grunnskólakennari hafa lokið
a) 60 eininga framhaldsnámi í sérkennslufræðum ásamt fullgildum prófum;
b) öðru jafngildu námi.

Heimilt er að setja kennara með fullgilt kennarapróf við sérdeildir eða skóla fyrir börn með sérþarfir um eins árs skeið til reynslu enda sérhæfi hann sig til starfsins ef hann óskar að starfa áfram við stofnunina.

5. gr.

Engan skal skipa kennara við grunnskóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan í a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

6. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn til kennslustarfa við forskóla skal umsækjandi uppfylla skilyrði 4. gr. og jafnframt skilyrði 5. gr. ef um skipun er að ræða.

7. gr.

Til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn kennari við framhaldsskóla skal umsækjandi hafa öðlast leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr.

Til skipunar, setningar eða ráðningar í eftirtalin kennslustörf við framhaldsskóla gilda auk þess eftirtalin skilyrði:
a) Kennari í íþróttum skal hafa lokið námi við Íþróttakennaraskóla Íslands eða öðru jafngildu námi.
b) Kennari í list- og verkmenntagreinum skal hafa lokið námi við listaháskóla eða aðra sérskóla sem jafngildir a. m. k. 90 einingum ásamt fullgildum prófum þar af skulu eigi færri en 60 einingar vera nám í sérgrein.
c) Kennari í sérgreinum eða faggreinum iðnfræðsluskóla skal hafa lokið prófi í tæknifræði eða öðru hliðstæðu námi með kennslugrein sína sem aðalgrein eða hafa meistararéttindi í þeirri iðngrein sem um er að ræða og hafa starfað í 2 ár sem tæknifræðingur eða meistari á sérsviði sínu.
d) Kennari í sérgreinum stýrimannanáms skal hafa lokið 4. stigs prófi frá stýrimannaskóla og siglt eigi skemur en eitt ár sem fullgildur stýrimaður á farskipi eða varðskipi eða sem skipstjóri á fiskiskipi yfir 120 rúmlestir.
e) Kennari í sérgreinum vélstjóranáms skal hafa lokið tæknifræði- eða verkfræðinámi, sem tekur til þeirrar kennslugreinar sem viðkomandi á að annast kennslu í eða hafa lokapróf 4. stigs frá Vélskóla Íslands og hafa hlotið þá menntun sem krafist er til að öðlast ótakmörkuð vélstjórnarréttindi auk starfsreynslu og meistararéttinda.
f) Kennari í sérgreinum heilbrigðisnáms skal hafa lokið námi hjúkrunarkennara ásamt fullgildum prófum frá skóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir eða öðru jafngildu námi.
g) Kennari við hússtjórnarskóla eða í heimilisfræðum skal hafa lokið hússtjórnarkennaraprófi, handavinnukennaraprófi eða vefnaðarkennaraprófi í viðkomandi kennslugrein eða öðru jafngildu námi.

h) Kennari við Íþróttakennaraskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá viðurkenndum íþróttakennaraskóla að viðbættu framhaldsnámi í sérgrein sem menntamálaráðuneytið metur gilt.
i) Kennari í myndlistar- og listiðnaðargreinum við Myndlista- og handíðaskóla Íslands eða aðra hliðstæða skóla skal hafa lokið námi sem menntamálaráðuneytið viðurkennir við listaskóla eða æðri sérskóla eða hafa með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu sýnt að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
j) Kennari í tónlistargreinum við tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík skal hafa
   1) tekið lokapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík eða öðrum hliðstæðum skóla og stundað a. m. k. 2—3 ára framhaldsnám í sérgrein, t. d. hljóðfæraleik, söng eða tónfræðum eða sérhæft sig á einhverju sviði tónlistarkennslu;
   2) lokið fullgildu prófi frá viðurkenndum erlendum tónlistarskóla (Conservatoire) eða tónlistarháskóla;
   3) sannað með listferli sínum, starfsárangri og viðurkenningu að hann hafi hlotið jafngilda listræna menntun.
k) Kennari í sérgreinum við Hótel- og veitingaskóla Íslands skal hafa lokið framhaldsnámi við hótelskóla sem menntamálaráðuneytið viðurkennir og hafa tveggja ára starfsreynslu við hótelstörf eða skyldan rekstur.
l) Kennari í sérgreinum við Fósturskóla Íslands skal hafa lokið prófi frá Fósturskóla Íslands eða sambærilegum skóla og a. m. k. eins árs viðurkenndu framhaldsnámi fyrir fóstrur. Einnig skal hann hafa unnið fósturstörf eigi skemur en 3 ár.
m) Sérkennari nemenda með sérþarfir skal hafa lokið framhaldsnámi í sérkennslufræðum, 30 til 60 einingum, ásamt fullgildum prófum.

8. gr.

Engan skal skipa kennara við framhaldsskóla nema hann hafi gegnt kennslustarfi sem settur kennari við sama skóla eða hliðstæðan í a. m. k. eitt ár samtals með góðum árangri að mati hlutaðeigandi skólastjóra og skólanefndar.

9. gr.

Til þess að vera settur skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi.

Til þess að vera skipaður skólastjóri við grunnskóla eða framhaldsskóla skal umsækjandi hafa kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi og hafa kennt þar í a. m. k. tvö ár, þar af a. m. k. eitt ár sem settur skólastjóri. Séu sérstök ákvæði í lögum um skólastjóra sérskóla skal umsækjandi einnig fullnægja þeim ákvæðum.

10. gr.

Sé um að ræða setningu eða skipun kennara eða skólastjóra við skóla, sem ekki er sérstaklega tilgreindur í lögum þessum, skal matsnefnd skv. 3. gr., að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, ákvarða með hliðsjón af lögum þessum hvaða menntunarkröfur sé eðlilegt að gera til fastra kennara og skólastjóra skólans. Hæfni umsækjenda til þess að gegna stöðu við skólann skal síðan metin með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar.

III. KAFLI
Ráðningarreglur.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar og setur kennara, yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla. Skólastjórar ráða stundakennara sbr. 12. gr. með samþykki skólanefnda þar sem þær eru starfandi.

Um meðferð umsókna um kennslu- og stjórnunarstörf við grunnskóla vísast til IV. kafla laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Þegar fjallað er um umsóknir um kennslu- og stjórnunarstörf við framhaldsskóla skal leita umsagna skólastjóra og skólanefndar, þar sem þær eru starfandi. Leita skal umsagnar skólanefndar ef um stöðu skólastjóra er að ræða.

Auglýsa skal öll laus kennslu- og stjórnunarstörf. Í auglýsingum skal m. a. tilgreina sérsvið, þ. e. aðalkennslugreinar og/eða aldursstig nemenda. Nú er heimilt að ráða stundakennara skv. 12. gr. og getur skólastjóri þá ráðið grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara án undangenginnar auglýsingar.

Sæki fleiri en einn kennari um sama starf og uppfylli allir umsækjendur þær kröfur sem gerðar eru skal við veitingu starfsins m. a. taka tillit til menntunar, kennsluferils, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna um starfshæfni umsækjenda.

12. gr.

Kennsla skal falin föstum kennurum eftir því sem við verður komið.

Stundakennara má þó ráða:

a) ef um er að ræða tímabundna heimild um stöðu frá menntamálaráðuneytinu eða viðkomandi fræðslustjóra;
b) ef um er að ræða minna en hálfa stöðu;
c) til tímabundinnar forfallakennslu eða afleysinga;
d) þann sem gegnir launuðu aðalstarfi öðru en kennslustarfi.

Stundakennara skv. a), b), og d) liðum skal ráða með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti.

13. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við grunnskóla, sérdeildir eða við skóla fyrir börn með sérþarfir á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn grunnskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara getur skólastjóri þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. leitað til undanþágunefndar grunnskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið grunnskólakennari og má ekki endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

14. gr.

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn framhaldsskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæla með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 2. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar um að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. eða 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Þegar fjallað er um málefni sérskóla skal kveðja til sérmenntaðan mann á því sviði sem um er að ræða.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

15. gr.

Kennari sem hefur lokið fullgildu kennaraprófi fyrir gildistöku laga þessara eða hefur verið skipaður í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir sama tíma heldur óskertum þeim réttindum sem hann hefur nú lögum samkvæmt.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Grein til bráðabirgða.

Þeir sem fyrir gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar 6 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til starfsheitis og starfsréttinda skulu eiga kost á því að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands eða Háskóla Ísladns til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins skal setja ákvæði í reglugerð.

Heimilt er að ráða eða setja þá sem slíka starfsreynslu hafa að baki í kennslustarf til eins árs í senn, en þó ekki til lengri tíma en fjögurra skólaára samtals frá gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. má setja eða ráða sem framhaldsskólakennara þann sem hefur verið settur í sama starf í 4 ár eða lengur og hefur lokið fullgildum prófum í kennslugrein, þótt ekki hafi hann réttindi samkvæmt lögum þessum. Þessi undanþága gildir næstu 4 ár eftir gildistöku laganna, en til loka starfsævinnar ef um er að ræða kennara sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laganna.

Lög þessi skal endurskoða innan fjögurra ára frá setningu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur:

Samtök kennara hafa lengi haft á stefnuskrá sinni lögverndun starfsheitis kennara ásamt endurskoðun á lögum nr. 51/1978 um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Haustið 1984 skýrði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, frá því að hún væri reiðubúin til þess að skipa nefnd fulltrúa tilnefndra af kennarasamtökunum til þess að starfa með fulltrúum menntamálaráðuneytisins að því að gera tillögur að frumvarpi um lögverndun starfsheitis kennara, sem væri sambærilegt við lögverndun á starfsheiti bókasafnsfræðinga, sbr. lög nr. 97/1984.

Nefndin var skipuð í október sama ár og segir í skipunarbréfi, að hún skuli vinna að gerð lagafrumvarps um lögverndun starfsheitis kennara. Í nefndina voru skipuð þau Hörður Lárusson deildarstjóri, Kristín H. Tryggvadóttir deildarstjóri fræðsluskrifstofu Reykjaneslumdæmis, Hanna Kristín Stefánsdóttir kennari, Kristján Bersi Ólafsson skólameistari, Sigurður Helgason deildarstjóri og Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Þórunn J. Hafstein deildarstjóri starfaði með nefndinni.

Þegar nefndin hóf störf kom fram að kennarar töldu lögverndun starfsheitis sambærilega við það sem bókasafnsfræðingar hefðu hlotið með lögum nr. 97/1984 ekki nægjanlega, þar sem þau lög fela ekki í sér lögverndun starfsréttinda. Lögðu kennarar þunga áherslu á endurskoðun á lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra nr. 51/1978 samhliða lögverndun á starfsheiti.

Niðurstaðan varð sú að ráðherra heimilaði fulltrúum ráðuneytisins í nefndinni að kanna hvort unnt væri með viðunandi hætti að ná samkomulagi um ein lög, þar sem bæði væri kveðið á um starfsheiti og starfsréttindi án þess að skólastarfi í landinu væri stefnt í hættu sökum kennaraskorts. Á þessum forsendum hélt nefndin áfram störfum og varð sammála um það frumvarp sem hér liggur fyrir.

Helstu atriði í frumvarpi þessu og þau sem skilja það frá gildandi lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra eru:

1. Lögverndun starfsheitis er nýmæli.
2. Þau skilyrði sem uppfylla skal til að öðlast starfsréttindi eru nær óbreytt.
3. Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfyllir sett skilyrði, leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum. Í stað þess að í henni sitji fulltrúar tilnefndir af Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands auk formanns skipaðir án tilnefningar er gert ráð fyrir að nefndirnar verði tvær: a) fyrir grunnskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar, b) fyrir framhaldsskólastigið skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Bandalagi kennarafélaga og formanni án tilnefningar.
   Aðild kennarafélaga að þessu mati er nýmæli.
4. Skv. gildandi embættisgengislögum eru ákveðin skilyrði einungis sett ef um er að ræða skipun í starf, en í fyrirliggjandi frv. er gert ráð fyrir að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til þess að fá setningu og ráðningu, þ. e. að óheimilt sé að skipa, setja

eða ráða til kennslustarfa annan en þann, sem uppfyllir þau menntunarskilyrði, sem nú er krafist til skipunar.

Þetta er meginbreyting frá gildandi lögum. Samkvæmt þeim er heimilt að setja og ráða menn til kennslustarfa þótt þeir hafi ekki full réttindi. Skv. frumvarpi þessu verður þetta óheimilt. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt sé að sækja um undanþágu til að ráða réttindalausan aðila til kennslustarfa ef ókleift reynist að fá réttindamann í kennslustarf. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki tvær undanþágunefndir, eina fyrir hvort skólastig, og geti þær heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa.

5. Gert er ráð fyrir í bráðabirgaákvæði að þeir sem hafa unnið við kennslu undanfarin ár án réttinda fái tækifæri til þess að afla þeirra á næstu árum.

Lagafrumvarp þetta er byggt þannig upp að fyrst er fjallað um lögverndun starfsheitis, þá starfsréttindi og síðast um ráðningarreglur.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er nýmæli. Greinin felur í sér lögverndun starfsheitis grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, en hefur ekki í för með sér lögverndun starfsréttinda. Tilgangur með lögverndun starfsheitis grunnskólakennara og framhaldsskólakennara er að stuðla að aukinni viðurkenningu á menntun og starfi kennara. Jafnframt er verið að girða fyrir að aðrir en þeir sem hafa hlotið viðhlítandi menntun geti notað þessi starfsheiti.

Við umfjöllun nefndarinnar kom til álita að lögvernda starfsheitið kennari. Ekki var þó horfið að því ráði, þar sem þetta starfsheiti hefur öðlast hefðbundna merkingu í íslensku máli sem starfsheiti þeirra sem sinna hvers konar kennslu. Þá má einnig benda á að starfsheiti þetta hefur verið notað í ýmsum orðasamböndum s. s. danskennari, ökukennari o. s. frv. og mun slíkum kennurum eftir sem áður heimilt að nota starfsheiti sín án leyfis menntamálaráðherra.

Um 2. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir því að fá leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhalsskólakennari. Hér er ekki um tæmandi talningu á skilyrðum að ræða sbr. það sem segir í h-lið 1. mgr. og d-lið 2. mgr. greinarinnar. Þessir tveir liðir vísa til allra töluliða.

Ekki þótti rétt að setja jafnítarleg skilyrði fyrir veitingu leyfis til að nota þessi starfsheiti og gerð eru varðandi skipun, setningu eða ráðningu í starf sbr. 4., 5., 6., 7. og 8. gr.

I 3. mgr. greinarinnar er tekið fram að heimilt sé að veita þeim sem skipaðir hafa verið í starf fyrir gildistöku laganna leyfi skv. 1. grein. Hér er um frávik að ræða frá þeirri meginreglu að ákveðnum menntunarskilyrðum þurfi að fullnægja til að öðlast leyfi skv. 1. grein. Rétt þykir að sama gildi að þessu leyti um þá sem þegar hafa verið skipaðir í starf. Til skýringar skal geta þess að Kennaraskóli Íslands var lagður niður árið 1971 og Kennaraháskóli Íslands stofnaður.

Um 3. gr.

Matsnefnd, sem fjallar um hvort umsækjandi um starf uppfylli sett skilyrði leiki á því vafi, er starfandi skv. núgildandi lögum.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að matsnefndirnar verði tvær, sín fyrir hvort skólastig. Hlutverk nefndanna er að nokkru aukið miðað við núgildandi lög þannig að nefndirnar meta í vafatilvikum hvort skilyrðum til leyfisveitingar skv. 1. grein sé fullnægt og einnig hvort skilyrðum til þess að vera skipaður, settur eða ráðinn í starf skv. II. kafla sé fullnægt. Aðild kennarafélaga að matsnefndum þessum er nýmæli.

Hlutverk matsnefndanna miðast við að tryggja fullt samræmi í mati náms sem fram fer á mismunandi tímum og á mismunandi stöðum. Á þetta við um allt nám kennara, hvort sem það fer fram á námskeiðum eða í reglulegum skóla. Á matið m. a. að veita upplýsingar um hvað einstaka umsækjendur skortir til að hljóta lögverndun starfsheitis skv. 1. grein. Tilgangurinn með þeirri nefndaskipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir er sá, að um mál þessi sé fjallað af sem mestri sérfræðiþekkingu og jafnframt að þeir aðilar sem mestra hagsmuna eiga að gæta sitji í nefndunum.

Enn fremur eiga matsnefndir að staðfesta mat á námi kennara eftir námseiningum svo sem verið hefur skv. gildandi lögum.

Ekki er lagt til að breytt sé ákvæðum gildandi laga um einingamat náms en nefndin telur þó að ýmislegt í þeim þurfi endurskoðunar við, svo sem innbyrðis mat á námi sem veitir sömu réttindi.

II. KAFLI

Starfsréttindi.

Markmiðið með þessum kafla er að stemma stigu við að aðrir en þeir sem hlotið hafa viðhlítandi menntun verði ráðnir til kennslustarfa. Tilgangurinn er því sá að bæta skólastarf í landinu og auka gæði menntunar með því að snúa við þeirri þróun sem orðið hefur að undanförnu þar sem réttindalausu fólki við kennslustörf hefur fjölgað.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um skilyrði fyrir starfsréttindum grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Skv. gildandi lögum eru einungis sett ákveðin skilyrði ef um er að ræða skipun í kennslustarf. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því að sömu skilyrði um menntun þurfi að uppfylla til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í kennslustarf. Meginreglan er því sú að óheimilt sé að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa neinn þann sem ekki uppfyllir þau menntunarskilyrði, sem nú er krafist til skipunar. Þetta er meginbreyting frá núgildandi lögum sem heimila setningu eða ráðningu til kennslustarfa þó að umsækjendur hafi ekki full réttindi. Skv. þessu frumvarpi er þetta óheimilt.

Hins vegar skal það áréttað að gert er ráð fyrir að unnt verði að sækja um undanþágur ef ókleift reynist að fá réttindamann til kennslustarfa. Í þessum tilgangi er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið starfræki undanþágunefndir sem geti heimilað lausráðningu starfsmanna til kennslustarfa, sbr. ákvæði III. kafla.

Um 4. gr.

Í grein þessari er fjallað um starfsréttindi í grunnskóla og hvaða skilyrðum umsækjandi þurfi að fullnægja svo að unnt sé að skipa, setja eða ráða hann í stöðu. Hér er tilgreint hvaða námseiningafjölda viðkomandi þarf að hafa lokið og einnig hvaða starfsreynslu hann þarf að hafa að baki. Grundvallarskilyrði er að viðkomandi hafi öðlast leyfi menntamálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari. Í þessari grein eru jafnframt sett nokkuð ítarlegri skilyrði um skipun, setningu eða ráðningu ef um sérgreinar er að ræða sem sett eru í 2. grein frumvarpsins.

Í grein þessari er það nýmæli að miða skuli við að þeir sem lokið hafa BA-, BS-, eða cand. mag.-prófi kenni einungis sérgreinar sínar við grunnskóla. Þetta er þó ekki fortakslaust ákvæði sbr. orðalagið „skal miða við".

Í 2. mgr. er fjallað um sérhæfðari kennslugreinar eins og handmennt, myndmennt, tónmennt o. s. frv. Þessi málsgrein er samhljóða ákvæði núgildandi laga með þeirri viðbót að umsækjanda eru einnig heimil kennsluréttindi í slíkri grein hafi hann tekið hana sem valgrein í almennu kennaranámi.

Til upplýsinga skal þess getið að tónmenntakennarar kenna tónmennt í grunnskólum en tónlistarskólakennarar við almennu tónlistarskólana og taka lög þessi ekki til þeirra síðarnefndu.

3. mgr. er samhljóða núgildandi lögum.

Í 4. mgr. er orðalagsbreyting á 1. tl. c-liðar 11. gr. núgildandi embættisgengislaga. Hér er ekki talað um afbrigðilega nemendur eins og í núgildandi lögum heldur nemendur með sérþarfir. Er gert ráð fyrir að umsækjendur hafi lokið námi í sérkennslufræðum allt að 60 námseiningum eftir ákvörðun Kennaraháskóla Íslands.

5. mgr. kemur í stað 2. tl. c-liðar 11. greinar núgildandi laga. Hér eru ekki taldar upp sérstaklega sérkennslugreinar heldur er gert ráð fyrir því að þær kunni að teljast fleiri en skv. núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Í þessari grein er það áréttað að óheimilt sé að skipa kennara við grunnskóla nema ákveðin starfsreynsla sé að baki. Er greinin samhljóða 1. mgr. 7. gr. núgildandi laga um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Um 6. gr.

Hér kemur fram að sömu skilyrði eiga við um þá sem kenna við forskóla og þá sem kenna við grunnskóla. Eftir sem áður mun þó heimilt að ráða fóstrur til fósturstarfa við forskóla. Er gert ráð fyrir að heimild 74. greinar grunnskólalag nr. 63/1974 um að ráða fóstrur eða aðra starfsmenn haldist. Er óþarft að hafa ákvæði um fóstrur í þessum lögum, þar sem þau gilda einungis um grunnskólakennara og framhaldsskólakennara.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um skilyrði fyrir starfsréttindum í framhaldsskólum. Grundvallarskilyrði er að viðkomandi hafi öðlast leyfi menntamálaráðherra til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Er gert ráð fyrir að matsnefnd skv. 3. grein þessa frumvarps fjalli um vafatilvik varðandi þau skilyrði sem sett eru í 2. grein þessa frumvarps sem og í þessa grein.

Efnislega er þessi grein sbr. 2. gr. frumvarpsins samhljóða 13., 14., 15., 16. og 17. grein núgildandi embættisgengislaga.

Um 8. gr.

Grein þessi er efnislega óbreytt frá núgildandi embættisgengislögum og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Grein þessi er óbreytt frá núgildandi embættisgengislögum að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir að sama regla gildi um skólastjóra við heimavistarskóla og aðra skólastjóra.

Um 10. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 10. grein núgildandi embættisgengislaga.

III. KAFLI

Ráðningarreglur.

Í þessum kafla frumvarpsins er fjallað um hvernig skuli standa að skipun, setningu eða ráðningu kennara.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða núgildandi embættisgengislögum að því leyti að það er menntamálaráðherra sem skipar og setur kennara, yfirkennara og skólastjóra. Eru 1.—3. mgr. greinarinnar því efnislega samhljóða 5. gr. núgildandi embættisgengislaga.

Frávik frá framangreindri meginreglu varðar stundakennara (sbr. 12. grein.), en gert er ráð fyrir því að skólastjórar ráði þá með samþykki skólanefnda þar sem þær eru starfandi. Er þessi regla í samræmi við ákvæði grunnskólalaga.

Ákvæði um meðferð umsagna er samhljóða núgildandi lögum en ástæða þótti að taka sérstaklega fram varðandi umsagnir skólanefnda við framhaldsskóla að slíkar nefndir eru ekki alls staðar starfandi.

Auglýsa á öll laus kennslu- og stjórnunarstörf.

Í 5. mgr. greinarinnar er tekið fram hvað skuli hafa til hliðsjónar við veitingu starfs og skal það sérstaklega áréttað að vægi allra hinna tilgreindu þátta er jafnt.

Um 12. gr.

Upphafsmálsgrein þessarar greinar er stefnumarkandi að því leyti að fela skal kennslu einvörðungu fastráðnum kennurum eftir því sem við verður komið. Heimilt mun þá að ráða stundakennara við tilteknar aðstæður. Skal þá ráða stundakennara með ráðningarsamningi eigi lengur en til eins árs í senn með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Stundakennarar skulu uppfylla sömu skilyrði og aðrir kennarar hvað viðvíkur menntun og hafa því full réttindi. Ef einungis fást réttindalausir starfsmenn til stundakennslustarfa þá ber að leita eftir heimild undanþágunefndar um ráðningu þeirra sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Grein þessi felur enn fremur í sér nánari skilgreiningu en áður á hugtakinu stundakennari.

Um 13. gr.

Að meginstefnu til er óheimilt að skipa, setja eða ráða til kennslustarfa aðra en þá sem uppfylla skilyrði 2., 4., 5., 6., 7. og 8. greinar þessa frumvarps. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari meginreglu. Slíka undanþágu veitir undanþágunefnd hlutaðeigandi skólastigs að fenginni umsókn frá skólastjóra. Slíka undanþágu má einvörðungu veita ef enginn umsækjenda sem fær meðmæli hefur full kennsluréttindi eða ef hvorki skólastjóri neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mæla með umsókn þess sem hefur slík réttindi og má þá einungis lausráða starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða. Þó mun aldrei heimilt að ráða slíkan starfsmann til lengri tíma en til eins árs í senn. Verði niðurstaða undanþágunefndarinnar samhljóða um hvort heimila skuli að lausráða slíkan réttindalausan umsækjanda er sá úrskurður bindandi. Verði hins vegar ágreiningur í undanþágunefnd til slíkrar lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra. Í 3. mgr. er áréttað að enda þótt slíkur starfsmaður sé ráðinn til kennslustarfa þá hafi hann þar með ekki rétt til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari eða framhalsskólakennari. Skipan undanþágunefndar er mismundandi eftir því um hvort skólastigið er að ræða.

Um 14. gr.

Grein þessi á við um skipun, setningu eða ráðningu framhaldsskólakennara, sjá athugasemdir við 13. grein.

Um 15. gr.

Grein þessi mælir fyrir um óskert réttindi þeirra kennara sem lokið hafa kennaraprófi fyrir gildistöku laganna eða hafa verið skipaðir í kennarastöðu eða skólastjórastöðu fyrir þann tíma.

Um grein til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að þeir sem starfað hafa við kennslu án kennsluréttinda um ákveðinn tíma skuli fá tækifæri til að afla þeirra án þess að staða þeirra breytist á meðan á námi stendur.

Ákvæði frumvarpsins um kennsluréttindi framhaldsskólakennara eru flóknari en hjá grunnskólakennurum. Þess vegna eru sérstök ákvæði um þá framhaldsskólakennara sem nú eru í starfi og hafa fullnægjandi menntun í kennslugrein en skortir kennsluréttindi.

Sjálfsagt er að gera ráð fyrir að sama geti eftir atvikum átt við um sérgreinakennara í grunnskólum sem starfað hafa lengi án kennsluréttinda.

Sþ. 524. Svar [192. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Pálma Jónssonar um breytingar á verði kindakjöts og mjólkur.

Haustgrundvallarverð kindakjöts árin 1982–1985.

Verðlag í september 1985:

Kindakjöt kr/kg	Grund-vallar-verð til bænda, 1. fl. dilkakjöts	Slátur- og heildsölu-kostnaður 1. fl. dilkakjöts	Stofn-sjóðs-gjöld, 1. fl. dilkakjöts	Gjald til Fram-leiðslu-ráðs	Niðurgr. 1. fl. dilka-kjöts	Niðurgr. heild-sölu-verðs 1. fl. dk.	Óniðurgr. heild-sölu-verðs 1. fl. dk.	Niðurgr. smásölu-verðs 1/1, 1/2 skrokkar
Sept. 1982	182,67	49,22	4,62		78,17	157,71	235,88	175,77
Sept. 1983	155,59	49,39	4,11		40,52	168,57	209,09	185,85
Sept. 1984	154,84	49,16	4,07		26,23	181,85	208,08	199,07
Sept. 1985	156,21	56,00	4,24	0,53	19,25	197,70	216,98	217,50
Hlutfallslegar breytingar	÷14%	14%	÷8%		÷75%	25%	÷8%	24%

Verðlag hvers septembermánaðar 1982–85:

Kindakjöt kr/kg	Grund-vallar-verð til bænda, 1. fl. dilkakjöts	Slátur- og heildsölu-kostnaður 1. fl. dilkakjöts	Stofn-sjóðs-gjöld, 1. fl. dilkakjöts	Gjald til Fram-leiðslu-ráðs	Niðurgr. 1. fl. dilka-kjöts	Niðurgr. heild-sölu-verðs 1. fl. dk.	Óniðurgr. heild-sölu-verðs 1. fl. dk.	Niðurgr. smásölu-verðs 1/1, 1/2 skrokkar
Sept. 1982	58,56	15,78	1,48		25,06	50,56	75,62	56,35
Sept. 1983	96,23	30,55	2,54		25,06	104,26	129,32	114,95
Sept. 1984	113,64	36,08	2,99		19,25	133,46	152,71	146,10
Sept. 1985	156,21	56,00	4,24	0,53	19,25	197,70	216,98	217,50
Hlutfallslegar breytingar:	167%	255%	186%		÷23%	291%	187%	286%

Haustverðlagning mjólkur árin 1982–1985.

Verðlag í september/október 1985:

Mjólk kr/l	Gundvallarverð til bænda	Vinnslu- og dreifingarkostnaður	Verðjöfnun	Sjóðagjöld
Sept. 1982	25,36	7,46	0,59	0,66
Okt. 1983	22,27	6,46	0,55	0,58
Sept. 1984	22,17	6,17	0,74	0,59
Sept. 1985	22,37	6,35	1,05	0,60
Hlutfallslegar breytingar:	÷12%	÷15%	77%	÷8

Mjólk kr/l	Niðurgreiðslur	Niðurgreiðslur heildsöluverðs	Óniðurgreitt heildsöluverð	Niðurgreitt smásöluverð	Smásölu-álagning
Sept. 1982	13,60	21,06	34,66	26,36	2,65
Okt. 1983	7,29	23,08	30,37	27,88	2,54
Sept. 1984	3,54	26,63	30,52	31,73	2,89
Sept. 1985	2,60	28,26	30,86	33,30	3,23
Hlutfallslegar breytingar:	÷81%	34%	÷11%	26%	22%

Verðlag hvers septembermánaðar 1982–85:

Mjólk kr/l	Gundvallarverð til bænda	Vinnslu- og dreifingarkostnaður	Verðjöfnun	Sjóðagjöld
Sept. 1982	8,13	2,39	0,19	0,21
Okt. 1983	13,78	4,00	0,34	0,36
Sept. 1984	16,28	4,53	0,54	0,43
Sept. 1985	22,37	6,35	1,05	0,60
Hlutfallslegar breytingar:	175%	166%	453%	186%

Mjólk kr/l	Niðurgreiðslur	Niðurgreiðslur heildsöluverðs	Óniðurgreitt heildsöluverð	Niðurgreitt smásöluverð	Smásölu-álagning
Sept. 1982	4,36	6,75	11,11	8,45	0,85
Okt. 1983	4,51	14,28	18,79	17,25	1,57
Sept. 1984	2,60	19,55	22,41	23,30	2,12
Sept. 1985	2,60	28,26	30,86	33,30	3,23
Hlutfallslegar breytingar:	÷40%	319%	178%	294%	280%

Verðlagning kindakjöts árin 1982–1985.

Verðlag í september 1985:

	SMÁSÖLUVERÐ			SMÁSÖLUÁLAGNING			
Kindakjöt kr/kg	Súpukjöt frampartar	Hryggur	Læri	¼ og ½ skrokkar	Súpukjöt, frampartar og síður	Hryggur	Læri
Sept. 1982	160,83	227,40	227,40	18,12	3,43	69,75	69,75
Sept. 1983	171,87	235,25	235,25	17,30	3,28	66,66	66,66
Sept. 1984	191,34	257,41	287,51	17,22	9,50	75,57	105,67
Sept. 1985	221,35	310,43	344,12	19,80	23,65	112,73	146,42
Hlutfallslegar breytingar:	38%	37%	51%	9%	589%	62%	110%

Verðlag hvers septembermánaðar 1982–85:

	SMÁSÖLUVERÐ			SMÁSÖLUÁLAGNING			
Kindakjöt kr/kg	Súpukjöt frampartar	Hryggur	Læri	¼ og ½ skrokkar	Súpukjöt, frampartar og síður	Hryggur	Læri
Sept. 1982	51,56	72,90	72,90	5,81	1,10	22,36	22,36
Sept. 1983	106,30	145,50	145,70	10,70	2,03	41,23	41,23
Sept. 1984	140,43	188,92	211,01	12,64	6,97	55,46	77,55
Sept. 1985	221,35	310,43	344,12	19,80	23,65	112,73	146,42
Hlutfallslegar breytingar:	329%	326%	372%	241%	2,050%	404%	555%

Athugasemdir:

Við útreikning smásöluálagningar dilkakjöts er miðað við heildsöluverð á heilum skrokkum en ekki heildsöluverð einstakra skrokkhluta. Af því leiðir að hlutfallsleg breyting álagningar í smásölu á kindakjöti verður hærri fyrir súpukjöt, framparta og síður en lægri í hryggjum og lærum. Horfið var frá hámarkssmásöluálagningu á öðrum hlutum kindakjöts en í heilum og hálfum skrokkum í mars 1984. Hins vegar er hámarksálagning á mjólk allt tímabilið.

Nd. 525. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Meiri hl. hennar flytur brtt. á sérstöku þskj. Minni hl. mun skila séráliti og flytja brtt.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á síðasta þingi, fór þá til nefndar og var sent Sambandi ísl. sveitarfélaga, landshlutasamtökum og sýslunefndum til umsagnar. Félagsmálaráðuneytið hafði áður fengið umsagnir fjölda sveitarstjórna og voru þær nefndarmönnum tiltækar. Auk þess bárust aðrar umsagnir. Ekki vannst tími til þess á síðasta þingi að afgreiða málið úr nefnd.

Frumvarpið var endurflutt snemma á þessu þingi og hefur verið til ítarlegrar umfjöllunar í nefndinni á tíu fundum. Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra og fyrrum bæjarstjóri, hefur unnið með nefndinni og enn fremur hefur Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari gefið lögfræðilegar ráðleggingar.

Á fundi nefndarinnar komu Björn Friðfinnsson, formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Jón Ísberg sýslumaður, Halldór Þ. Jónsson sýslumaður, Hjörtur Þórarinsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi, Bjarni Einarsson aðstoðarforstjóri, Sigurður Guðmundsson landfræðingur, Júlíus Sólnes, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og Húnbogi Þorsteinsson, fyrrum sveitarstjóri. Þá ber og að geta þess að þrír löggiltir endurskoðendur lásu kaflann um fjármál sveitarfélaga og starfsmenn Hagstofunnar kaflann um kosningar til sveitarstjórna. Er öllum þessum mönnum þökkuð aðstoðin.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerð verði sú meginbreyting að IX. kafli frv. um lögbundið samstarf sveitarfélaga verði felldur niður.

Með þeirri breytingu, sem tillaga er gerð um á 6. gr. frumvarpsins, koma héraðsnefndir í stað sýslunefnda og jafnframt er kaupstöðum heimiluð aðild að þeim. Einnig er opnuð leið til sameiningar héraðsnefnda og jafnvel hluta þeirra ef hagkvæmt þykir og sveitarfélög semja um það.

Í X. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir samvinnu sveitarfélaga, hvort sem hún er byggð á frjálsu samkomulagi sveitarfélaga eða skv. nýrri grein sem meiri hl. gerir tillögu um (39. brtt. meiri hl.). Ef þetta samstarf er lögbundið skal um stofnun byggðasamlaganna fara eftir ákvæðum X. kafla með þeim frávikum sem kunna að felast í viðkomandi lögum. Í reynd hefur skapast ákveðin hefð í samstarfi sveitarfélaganna en rétt þykir að vekja athygli á nauðsyn greiðra upplýsinga frá samtökum þeirrra til einstakra sveitarstjórna, t.d. með því að senda þeim fundargerðir stjórna samtakanna o.fl.

Í 43. lið brtt. meiri hl. er umboðsmanni ríkisins gert skylt að annast framkvæmdastjórn héraðsnefnda, sé þess óskað, enda verði kostnaður greiddur af héraðsnefnd. Þetta gæti reynst hagkvæmt, enda hafa sýslumenn annast þessi störf fyrir sýslunefndirnar og því gjörkunnugir verkefninu. Einnig er að sjálfsögðu hægt að fela slík verkefni einhverri sveitarstjórnarskrifstofunni.

Skv. bráðabirgðaákvæði I í brtt. meiri hl. verða sýslunefndir kjörnar eftir núgildandi lögum jafnhliða sveitarstjórnarkosningum í vor og hafa þær umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, þó ekki lengur en til ársloka 1987. Má því segja að sýslunefndir séu í reynd einungis kjörnar til þess að vera skilanefndir.

Ekki er tekin afstaða til þriðja stjórnsýslustigsins í frumvarpinu né er loku fyrir það skotið að það verði tekið upp.

Aðrar brtt., sem meiri hl. flytur, eru flestar smávægilegar eða leiðréttingar. Auk þeirra, sem þegar hefur verið getið, er ástæða til að minnast á eftirfarandi brtt.

1. Í 5. lið, við 13. gr., er lagt til að sveitarstjórnarkosningar fari fram síðasta laugardag í maí. Í þeim sveitarfélögum, þar sem kosið hefur verið síðasta sunnudag í júní, er heimilt að láta kosningar fara fram annan laugardag í júní ef þess er óskað fyrir 1. apríl á kosningaári. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við völdum 15 dögum eftir kjördag og skv. 14. lið brtt., við 46. gr., er aldursforseta skylt að kalla saman fyrsta fund eigi síðar en 15 dögum eftir að ný sveitarstjórn tekur við.
2. Skv. 7. lið brtt., við 19. gr. frv., er lagt til að kosningarréttur í sveitarstjórnarkosningum miðist við lögheimili á sama degi, hvort sem kosningar fara fram í maí eða júní. Er þetta gert til að draga úr líkum á því að sami kjósandi geti kosið í tveimur sveitarfélögum.

Eins og fyrr er getið fóru starfsmenn Hagstofunnar yfir III. kafla frv.

3. Skv. 12. lið brtt., við 42. gr., er lagt til að aukinn meiri hl. þurfi til að ákveða að sveitarstjórnarmenn gæti þagnarskyldu skv. sérstakri ákvörðun. Þetta breytir engu um þagnarskyldu samkvæmt lögum eða eðli máls.
4. Skv. 51. gr. frv. geta fundir sveitarstjórna gert ályktun ef meiri hl. sveitarstjórnarmanna er viðstaddur, enda ráði afl atkvæða úrslitum. Hins vegar er í 16. lið brtt. meiri hl. fellt niður ákvæði þess efnis að nauðsynlegt sé að meiri hl. viðstaddra sveitarstjórnarmanna þurfi að samþykkja tillögu til að hún verði ályktun sveitarstjórnar.
5. Í 18. lið brtt., við 54. gr., er tekið af skarið um að ályktanir sveitar- og borgarafunda séu ekki bindandi fyrir sveitarstjórn. Hins vegar getur almenn atkvæðagreiðsla verið bindandi hafi það verið ákveðið fyrir fram.
6. Skv. 22. lið brtt., við 65. gr., er fellt niður það skilyrði að ályktun nefnda um fjárútlát þurfi að berast sveitarstjórn í sérstöku erindi til afgreiðslu. Látið er nægja að skylda sveitarstjórnir til að setja og fylgja eigin samþykktum í þessu efni.
7. Í 26. lið brtt., við 76. gr., er fjallað um áætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga. Það er skoðun meiri hl. nefndarinnar að slíkar áætlanir verði aðeins til lauslegrar viðmiðunar enda er útilokað að gera raunhæfar áætlanir vegna óvissu um verðbreytingar, tekjubreytingar og ríkisframlög sem aðeins eru ákveðin frá ári til árs.

   Þess skal getið að Ólafur Nilsson og Halldór Hróarr Sigurðsson, löggiltir endurskoðendur, Bergur Tómasson borgarendurskoðandi og Húnbogi Þorsteinsson, fyrrum sveitarstjóri, gáfu ráð um breytingar á kaflanum um fjármál sveitarfélaga.
8. Ekki er gerð tillaga um efnisbreytingar á 107. gr. um byggðasamlög. Meginstefnan er að samvinna samkvæmt þessari grein grundvallist á samningi sveitarfélaga um framkvæmd verkefna. Meiri hl. nefndarinnar telur hins vegar ástæðu til þess að í hverjum samningi séu ákvæði um upplýsingaskyldur samlagsstjórnar til sveitarstjórnarmanna í viðkomandi sveitarfélögum, t.d. með því að senda fundargerðir o.fl. Slík skylda tryggir aðhalds- og eftirlitshlutverk sveitarstjórnarmanna og er sjálfsögð gagnvart minni hl. sem ekki eiga aðild að stjórnum byggðasamlaga.
9. Þrátt fyrir þá brtt., sem lýst er í 41. lið, tekur meiri hl. undir þau sjónarmið sem felast í 1. mgr. 114. gr. frv. Orðalag 1. mgr. er það almennt að hæpið er að binda það óbreytt í lög. Meiri hl. telur afar mikilvægt að dregið verði úr samrekstri ríkis og sveitarfélaga og einstök verkefni verði í auknum mæli falin sveitarfélögunum einum til úrlausnar. Ný verkefna- og tekjuskipting er eðlilegt framhald af setningu þessara laga.
10. Í 45. lið brtt. eru bráðabirgðaákvæði, m.a. um sveitarstjórnarkosningar á þessu ári. Tillagan þarfnast ekki skýringar.

Með þessu nál. fylgir á sérstöku fylgiskjali upptalning á lögum þar sem sýslunefndna er getið.

Halldór Blöndal var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. febr. 1986.

Friðrik Sophusson, form., frsm.	Stefán Valgeirsson.	Eggert Haukdal.

Stefán Guðmundsson.

Fylgiskjal.

Lagaákvæði um sýslunefndir.

Orðið sýslunefnd *er að finna í eftirtöldum lögum og fyrirmælum birtum í A-deild Stjórnartíðinda.*

Auglýsing nr. 96 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á rg. um Stjórnarráð Íslands. 4. gr., félagsmálaráðuneyti fer með mál er varða stjórn sýslna.

Lög nr. 62 15. maí 1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. 31. gr., starfsmenn sýslufélaga hafa samningsrétt, sbr. l. nr. 23/1977, rg. 195/1973, 102/1976.

Lög nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga BSRB.

Lög nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar. 37. gr., í hverri sýslu skal vera sjúkrasamlag.

Lög nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum. 1. gr., sýslunefndum er heimilt að setja á fót heimilishjálp.

(Lög nr. 28 1. febrúar 1936, um lýðskóla með skylduvinnu, heimild fyrir sýslunefndir að starfrækja slíka skóla).

Lög nr. 68 11. maí 1966, um iðnfræðslu. 16. gr., ráðherra skipar skólanefndarmenn, m.a. samkvæmt tillögum sýslunefnda.

Lög nr. 66 27. júní 1985, um héraðsskjalasöfn. 1. gr., sýslunefnd er heimilt að koma á fót héraðsskjalasöfnum; 12. gr., Þjóðskjalasafn getur heimilað sýslunefndum að koma á fót héraðsskjalasöfnum; 14. gr., skjöl sýslunefnda renna til héraðsskjalasafna.

Lög nr. 10 19. mars 1958, farsóttalög. 13. gr., ráðherra getur heimilað afkvíun að ósk sýslunefndar á kostnað sýslusjóðs.

Lög nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og sullaveiki. 3. gr., hundaskattur í sýslusjóð; 5. gr., sýslunefnd hefur umsjón með hundahreinsun, kostnaður greiðist úr sýslusjóði.

Lög nr. 6 25. mars 1977, vegalög. IV. kafli, um sýsluvegi. Sýslunefnd gerir samþykkt fyrir sýsluvegasjóði, jafnar niður sýsluvegasjóðsgjaldi, gerir sýsluvegasjóðsáætlun fyrir eitt ár í senn og samþykkir sýsluvegasjóðsreikninga.

Lög nr. 9 23. mars 1955, um Brunabótafélag Íslands. 5. gr., sýslunefndir tilnefna í fulltrúaráð.

Lög nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð. 13. gr., sýslufélög eiga séreignir í Bjargráðasjóði sem þau eiga tilkall til í hallæri.

Lög nr. 32 4. júní 1924, um lögreglusamþykktir fyrir löggilta verslunarstaði. Hreppsnefnd semur lögreglusamþykkt og sendir sýslunefnd, sem sendir stjórnarráði hana til staðfestingar, fallist hún á hana.

Lög nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaða. Sýslunefnd getur gert lögreglusamþykkt.

Lög nr. 56 29. maí 1972, um lögreglumenn. 7. gr., ráðherra getur skipað héraðslögreglumenn að tillögu sýslunefnda; 13. gr., lögreglumenn í þjónustu sýslunefnda geta gerst ríkisstarfsmenn.

Lög nr. 32 26. apríl 1965, um hreppstjóra. 2. gr., sýslunefnd kýs þrjú hreppstjóraefni og sýslumaður skipar einn úr þeirra hópi.

Lög nr. 58 29. mars 1961, sveitarstjórnarlög. 3. gr., sýslum má eigi fækka eða fjölga eða breyta mörkum þeirra nema með lögum; 5. gr., sýslunefnd gerir tillögur til ráðuneytisins um sameiningu hreppa þar sem íbúatala er lægri en 100; 6. gr., sýslunefnd gerir tillögur til ráðuneytisins um skiptingu sveitarfélaga; 46. gr., sýslunefnd getur veitt hreppsnefndum tímabundna undanþágu frá gerð fjárhagsáætlunar; 48. gr., sýslunefnd getur ákveðið að tiltekin sveitarfélög skuli hafa tvöfalt bókhald; 61. gr., sýslunefnd getur áminnt hreppsnefnd

vegna vanrækslu á ákvæðum um bókhald og reikningsskil; 63. gr., álitsgerð sýslunefndar skal fylgja beiðni hreppsnefndar um fjárhagsaðstoð. IV. kafli, um sýslufélög. 92. gr. greinir hlutverk sýslufélaga í aðalatriðum, þar á meðal er eftirlit með öllum fjárreiðum hreppa, endurskoðun og úrskurðir um ársreikninga þeirra og fyrirtækja þeirra, umsjón með því að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt skv. lögum og reglugerðum, álitsgerðir um mál er varða einstaka hreppa eða sýsluna enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað, stjórn allra sveitarstjórnarmála er varða sýsluna í heild svo og tillögur um hvað eina sem verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri; 93. gr., í hverju sýslufélagi skal vera sýslunefnd; 101. gr., sýslunefnd jafnar niður sýslusjóðsgjaldi; 106. gr., sýslunefnd kýs endurskoðendur hreppareikninga.

Lög nr. 70 12. maí 1970, um sameiningu sveitarfélaga. 6. gr., ráðherra leitar álits sýslunefndar um sameiningu og um skiptingu skv. 7. gr.; 13. gr., álitsgerð um sameiningu smáhreppa.

Lög nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar. 1. gr., lög um kosningar til Alþingis gilda um sýslunefndarkosningar; 7. gr., um kjörseðla; 15. gr., um framboð; 16. gr., kæra; 17. gr., missir kjörgengis; 18. gr., kostnaður.

Lög nr. 108 31. desember 1945, um byggingarsamþykktir. 5. gr., sýslunefnd getur ráðið byggingarfulltrúa og greiðir helming kostnaðar.

(Lög nr. 17 18. maí 1920).

Lög nr. 65 31. maí 1976, jarðalög. 4. gr., sýslunefnd tilnefnir einn mann í jarðanefnd; 11. gr., tillögur jarðanefndar um land til útilífs skulu lagðar fyrir sýslunefnd; 19. gr., jarðanefnd ákveður aðsetur sitt í samráði við sýslunefnd; 20. gr., sýslunefnd greiðir helming kostnaðar.

Lög nr. 42 12. maí 1969, um afréttamálefni, fjallskil o.fl. I. kafli, um stjórn fjallskilamála. 1. gr., hver sýsla er fjallskilaumdæmi er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum nema sýslunefnd hafi fallist á aðra skiptingu; kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis sýslu; 2. gr., sýslunefnd hefur á hendi stjórn allra afrétta- og fjallskilamála; 3. gr., sýslunefnd setur fjallskilasamþykkt. II. kafli, um afrétti og notkun þeirra. 5. gr., sýslunefnd getur ákveðið nýja afrétti; hreppsnefndir geta breytt takmörkum afrétta með samþykki sýslunefndar; afréttarland verður ekki gert að heimalandi nema samþykki sýslunefndar komi til; 6. gr., sýslunefnd semur skrá yfir afrétti og varðveitir afréttaskrá; 9. gr., sýslunefnd úrskurðar um ágreining um upprekstrarrétt og notkun afrétta, úrskurði sýslunefndar má skjóta til dómstóla; 14. gr., ef hreppur gengur úr fjallskiladeild skal það tilkynnt sýslunefnd og getur hún þá breytt fjallskilasamþykkt og ákveðið hreppnum nýja skilarétt ef þörf krefur; sýslunefnd kýs skiptanefnd; þegar afréttarlöndum er skipt skráir sýslunefnd landamerki í afréttaskrá. III. kafli, um verndun beitilands og um ítölu. 15. gr., stjórnir fjallskiladeilda og sveitarstjórnir skulu hafa samráð við gróðurverndarnefnd viðkomandi sýslu um eftirlit með ástandi afrétta og heimalanda; 18. gr., sýslunefndir gera athugun á þörf fyrir ítölu að frumkvæði bænda, sveitarstjórna, sýslunefnda aðliggjandi sýslna, gróðurverndarnefnda og Landgræðslu ríkisins; 19. gr., sýslunefnd leitar álits sveitarstjórna, gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins um ítölu; 20. gr., sýslunefnd boðar til bændafunda um ítölu, fundarsamþykkt skal send sýslunefnd. V. kafli, um göngur og réttir. 45. gr., úrskurði hreppsnefndar um fjallskil má skjóta til sýslunefndar; 48. gr., sýslunefnd ákveður í fjallskilasamþykkt hvar aðalréttir og aukaréttir skuli vera, hvaða leitarsvæði skuli gengin og hvaða daga göngur skuli farnar, gangnadögum má þó breyta fyrir eitt haust í senn með samþykki sýslunefndar. VII. kafli, um eftirleitir, öræfaleitir o.fl. 55. gr., sýslunefnd hlutast til um öræfagöngur; 57. gr., kostnaður við misheppnaða tilraun til björgunar fjár úr ógöngum greiðist úr sýslusjóði.

Lög nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins. 7. gr., lán má veita með sýsluábyrgð.

(Lög nr. 58 3. nóvember 1915, um mælingu á túnum og matjurtagörðum).

Lög nr. 10 25. mars 1965, girðingalög. 8. gr., sýslunefnd úrskurðar um afréttagöngu; 19. gr., sýslunefnd getur gert samþykkt um samgirðingar eða boðað til fundar; samningar samþykktir, sbr. 20.–22. gr.

Lög nr. 31 24. apríl 1973, búfjárræktarlög. 38. gr., sýslunefnd getur ákveðið að hross skuli vera í vörslu nefndarinnar.

Lög nr. 80 23. júní 1936, um fóðurtryggingarsjóði. Sýslunefnd getur gert samþykkt um fóðurtryggingarsjóð; 8. gr., sýslunefnd ákveður innheimtumann; 11. gr., sýslunefnd getur leyft að láta fóður endurgjaldslaust.

Lög nr. 44 11. júní 1911, um samþykktir um heyforðabúr.

Lög nr. 73 14. nóv. 1917, um samþykktir um kornforðabúr.

Lög nr. 21 19. júní 1933, um samþykktir um mat á heyi til sölu.

Lög nr. 22 10. maí 1977, um sauðfjárbaðanir. 3. gr., sýslunefnd getur sótt um undanþágu ráðherra; 6. gr., sýslunefnd gerir tillögur um eftirlitsmenn og greiðir þeim kaup.

Lög nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðisamþykktir og lendingarsjóði. 1. gr. (sbr. 2. gr.), sýslunefnd getur gert samþykkt sem síðan skal lögð fyrir almennan fund og er loks staðfest af ráðherra.

Lög nr. 54 10. nóvember 1913, um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskveiðum í landhelgi. Sýslunefnd getur gert samþykkt sem síðan skal lögð fyrir almennan fund.

Lög nr. 61 10. nóvember 1905, um ákvörðun verslunarlóða. Sýslunefnd gerir tillögur til stjórnarráðsins um takmörkun verslunarlóða.

Lög nr. 52 23. júní 1932, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til að koma upp frystihúsum og kjötútflutningshöfnum. Sýslunefnd tekur lán eða ábyrgist.

Lög nr. 69 28. maí 1984, hafnalög. 8. gr., eigendur hafna eru sveitar- eða sýslufélög, ein sér eða sem sameigendur, sbr. 25. gr.

Lög nr. 15 20. júní 1923, vatnalög. 14. gr., ráðherra getur falið „héraðsstjórn“ að setja samþykktir um gildistöku. Sýslunefnd veitir umsögn um vatnsveituáætlun; 46. gr., sýslunefnd getur ábyrgst stofnlán til smáveitu og (28. gr.) til landþurrkunar; 57. gr., 58. gr., 59. gr., 63. gr., sýslunefnd getur komið upp og átt orkuver og orkuveitur með samþykki ráðherra, getur tekið fallvatn eignarnámi og sett reglur um orkuveitu; 75. gr., sýslunefnd getur látið gera varnarvirki í vatni eða við vatn og (116. gr.) til að gera vatn skipgengt; 49. gr., 65. gr., 144. gr., leita skal álits sýslunefndar um orkuverð.

Lög nr. 20 27. júní 1921, um eignarnám á vatnsréttindum í Andakílsá. Sýslunefnd Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er heimilt eignarnám.

Lög nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Sýslunefnd Rangárvallasýslu kostar framkvæmdir og viðhald að hluta, annast umsjón og viðhald, gerir samþykktir um það og getur jafnað kostnaði niður á jarðir.

Lög nr. 113 31. desember 1945, um fyrirhleðslu Héraðsvatna. Samsvarandi heimildir til handa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og sýslunefnd Rangárvallasýslu er veitt í lögum nr. 27/1932.

Lög nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka. 13. gr., sýslunefnd úrskurðar reikninga um kostnað.

Lög nr. 33 26. apríl 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. 15. gr., sýslunefnd getur gert fuglaveiðisamþykkt.

Lög nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði. 14. gr., sýslunefnd getur mælt með banni við silungsveiði í sjó; 90. gr., kaup eftirlitsmanna greiðist að hluta úr sýslusjóði; 95. gr., bætur vegna veiðiskerðingar greiðast að hluta úr sýslusjóði.

Lög nr. 23 22. október 1912, um mótak. Sýslunefnd getur gert samþykkt um mótak.

Lög nr. 82 2. júlí 1969, áfengislög. 12. gr., sýslunefnd veitir umsögn um vínveitingaleyfi.

Lagaákvæði um sýslunefndir hafa verið felld úr gildi eftir 1. júní 1983 eins og hér greinir.

Lög nr. 17/1923, ljósmæðralög, með lögum nr. 67/1984.
Lög nr. 94/1962, um almannavarnir, 7. gr., með lögum nr. 85/1985.
Lög nr. 102/1962, um ættaróðul og erfðaábúð, með lögum nr. 90/1984.

Skýrslu þessa samdi Steingrímur Gautur Kristjánsson á grundvelli tölvuútskriftar notendaráðgjafarsviðs SKÝRR.

Nd. 526. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (FrS, SV, StG, EH).

1. Við 4. gr. Orðin „heldur sérstaka skrá um merki sveitarfélaga og“ í 2. mgr. falli niður.
2. Við 6. gr. Í stað 4. og 5. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
   Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði X. kafla eftir því sem við getur átt.
3. Við 7. gr. Í stað orðsins „ráðherra“ í síðari málsl. 3. mgr. komi: ráðuneyti.
4. Við 11. gr. Framan við síðari mgr. komi nýr málsl. svohljóðandi: Þrátt fyrir þessi ákvæði er ekki skylt að fækka eða fjölga sveitarstjórnarfulltrúum fyrr en íbúatala sveitarfélags hefur verið hærri eða lægri en viðmiðunarmörkin í 8 ár samfellt.
5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Kjörtímabil sveitarstjórnar er fjögur ár. Almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu. Heimilt er, að ósk sveitarstjórna, að fresta kosningum í sveitarfélögum, þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum, til annars laugardags í júní. Ósk um frestun kosninga skal hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. apríl kosningaársins.
   Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag.
6. Við 15. gr. bætast tvær nýjar mgr. svohljóðandi:
   Nú kemur enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu og skal þá kosning verða óbundin.
   Nú kemur aðeins fram einn framboðslisti og skal þá yfirkjörstjórn framlengja framboðsfrest um tvo sólarhringa. Komi ekki fram nýr framboðslisti áður en þeim fresti lýkur verður fram kominn framboðslisti sjálfkjörinn.
7. Við 19. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí.
8. Við 20. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögræði.
   b. Í stað „33. gr.“ í lok 2. mgr. komi: 35. gr.
9. Við 21. gr.
   a. Í stað „17. gr.“ í 1. mgr. komi: 19. gr.
   b. Í stað orðsins „aðsetursskipti“ í 3. mgr. komi orðið: lögheimilisskipti.

10. Við 27. gr. Í stað talnanna „100–500“ í 2. mgr. komi: færri en 500.
11. Við 40. gr. Fyrri málsl. 3. mgr. orðist svo: Við nafnakall er sveitarstjórnarmanni skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu.
12. Við 42. gr. Í stað orðanna „sveitarstjórnar eða nefndar“ í lok fyrri mgr. komi: sem samþykkt er með a.m.k. ⅔ hlutum atkvæða í sveitarstjórn eða nefnd.
13. Síðari mgr. 42. gr. verði 1. mgr. 43. gr.
14. Við 46. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Aldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar kveður hana til fyrsta fundar eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar og stýrir fundi þar til oddviti hefur verið kjörinn.
15. Við 50. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Oddviti sveitarstjórnar, borgarstjóri, bæjarstjóri eða sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundi á þann hátt sem sveitarstjórn ákveður. Hann ákveður og fundarstað og fundartíma hafi sveitarstjórn eigi gert það.
16. Við 51. gr. Síðari málsl. 3. mgr. falli brott.
17. Við 53. gr. 1. mgr. orðist svo:
    Oddviti stjórnar umræðum á fundum sveitarstjórnar. Hann sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.
18. Við 54. gr.
    a. Í stað orðsins „kosningarrétt“ í 3. mgr. komi: atkvæðisrétt.
    b. Orðin „nema hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera“ í 4. mgr. falli brott.
19. Við 57. gr. Síðari málsl. 3. mgr. falli brott.
20. Við 58. gr.
    a. Í stað „400“ í síðari mgr. komi: 500.
    b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. verði sérstök mgr., 3. mgr.
21. Við 60. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
    Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur sér, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans sbr. fyrri málsl., nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.
22. Við 65. gr. 3. mgr. orðist svo:
    Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
23. Við 69. gr. I stað „400“ í 1. mgr. komi: 500.
24. Við 71. gr. 6. mgr. falli brott.
25. Við 75. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
    Fyrir lok janúarmánaðar skal sveitarstjórn gera fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.
26. Við 76. gr. Greinin orðist svo:
    Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins.
    Áætlunin skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins og skal endurskoða hana hverju sinni í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
27. Við 77. gr. Í stað orðanna „5 ára“ komi: þriggja ára.
28. Við 78. gr. Greinin orðist svo:
    Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af veltufjárstöðu sveitarfélagsins í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á henni.

29. Við 82. gr. Greinin orðist svo:

Semja skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal semja samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald.

Ársreikningur skal sýna yfirlit um rekstur og framkvæmdir á reikningsárinu og efnahagsreikning í lok reikningsárs ásamt skýringum. Yfirlit yfir allar fjárhagsábyrgðir sveitarfélagsins skal vera hluti ársreikningsins og í honum skal sýna fjárhagsáætlun reikningsársins til samanburðar.

Ársreikningurinn skal gerður samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju.

30. Við 84. gr. Greinin orðist svo:

Endurskoðun hjá sveitarfélagi, stofnunum þess og fyrirtækjum skal unnin af tveimur skoðunarmönnum. Í sveitarfélögum, þar sem íbúar eru 500 eða fleiri, skal sveitarstjórn jafnframt fela löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu að annast endurskoðun.

Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa tvo skoðunarmenn til eins árs í senn og jafnmarga til vara. Fulltrúar í sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins eru eigi kjörgengir sem skoðunarmenn hjá sveitarfélaginu, stofnunum þess eða fyrirtækjum.

Sveitarstjórn er heimilt að starfrækja endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi sveitarfélags og þáttur í eftirlitskerfi þess.

31. Við 85. gr. Greinin orðist svo:

Skoðunarmenn skulu haga endurskoðun í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur eins og þær eru hjá sveitarfélögum á hverjum tíma. Með endurskoðun sinni skulu þeir komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika ársreikningsins og skulu ganga úr skugga um að hann sé gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga, reglna og samþykkta um meðferð fjármuna og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

32. Við 86. gr. Greinin orðist svo:

Skylt er að veita skoðunarmönnum aðstöðu til að gera þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar. Þeir skulu fá aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum sveitarfélagsins og skulu sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins veita þeim allar þær upplýsingar sem þeir æskja og unnt er að láta í té.

Endurskoðun skal lokið eigi síðar en 30. júní ár hvert.

33. Við 87. gr. Greinin orðist svo:

Skoðunarmenn skulu árita ársreikninginn og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Þeir skulu gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkta. Þeir skulu láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar að öðru leyti.

Telji skoðunarmenn að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skulu þeir geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti geta skoðunarmenn greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem þeir telja eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem skoðunarmenn vilja koma á framfæri við sveitarstjórn, framkvæmdastjóra eða forstöðumenn, skal bera fram skriflega og skal aðilum veittur hæfilegur frestur til svara.

Ef skoðunarmönnum þykir ástæða til skulu þeir gera tillögur til sveitarstjórnar um endurbætur varðandi meðferð fjármuna hjá sveitarsjóði, stofnunum hans eða fyrirtækj-

um, um breytingar á innra eftirliti, stjórnsýslu og öðru því sem þeir telja að geti verið til bóta í rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn skal varðveita á öruggan hátt öll gögn um endurskoðunina og samskiptin við skoðunarmenn.

Skoðunarmanni er ekki heimilt að gefa óviðkomandi upplýsingar um hag sveitarfélags eða annað það er hann kemst að í starfi sínu.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um endurskoðun hjá sveitarfélögum og verksvið skoðunarmanna.

34. Við 89. gr. Orðin „enda samþykki ⅔ hlutar fulltrúa í sveitarstjórn að veita ábyrgðina“ í lok greinarinnar falli brott.
35. Við 90. gr. Í stað orðsins „heilbrigðum“ í 4. mgr. komi: eðlilegum.
36. Við IX. kafla. Kaflinn (97.–105. gr.) falli brott.
37. Við 106. gr. Í stað orðsins „héraðsnefnda“ komi: landshlutasamtaka.
38. Við 107. gr. Í stað orðsins „byggðasamlag“ í 1. mgr. komi: byggðasamlög.
39. Á eftir 107. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Sé sveitarfélögum ætluð í lögum verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu mynduð byggðasamlög um framkvæmd þeirra. Skulu í slíkum lögum vera ákvæði um hverfa- eða svæðaskiptingu landsins og sveitarfélög stofna byggðasamlög í samræmi við hana.

Ákvæði þessa kafla gilda um byggðasamlög skv. fyrri mgr. þessarar greinar með þeim frávikum sem kunna að felast í öðrum lögum.

40. Við 112. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Sveitarfélög geta stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka o.s.frv.

41. Við 114. gr. Greinin orðist svo:

Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna fámennra sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.

42. Við 115. gr. Í stað orðsins „héraðsnefndar“ í 1. mgr. komi: landshlutasamtaka.
43. Við 125. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Óski héraðsnefnd eftir er umboðsmaður ríkisins skyldur að annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina enda sé kostnaður greiddur af héraðsnefnd.

44. Við 129. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

I. kafli og III. kafli laga þessara öðlast þegar gildi. VIII. kafli laganna tekur gildi 1. janúar 1987. Aðrir kaflar laganna taka gildi þegar að loknum almennum sveitarstjórnarkosningum árið 1986.

45. Við bætast bráðabirgðaákvæði svohljóðandi:

I.

Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1987.

Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur um þessi efni.

II.

Kosningar sveitarstjórna vorið 1986 skulu fara fram laugardaginn 31. maí nema í þeim sveitarfélögum þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum. Þar skulu kosningarnar fara fram laugardaginn 14. júní. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um þær kosningar.

Nd. 527. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Eitt meginmarkmið með endurskoðun sveitarstjórnarlaga, sem hófst á árinu 1981, var að vinna að eflingu og stækkun sveitarfélaga en það er forsenda þess að þeim sé fært að takast á við fleiri og stærri verkefni og unnt sé að auka sjálfsstjórn þeirra og fela þeim sem víðtækast ákvörðunar- og fjármálavald.

Það er skoðun 1. minni hl. að þótt í frumvarpinu sé að finna ýmsar endurbætur á núverandi löggjöf gangi það allt of skammt og muni ekki ná þeim markmiðum sem að var stefnt með endurskoðun laganna.

Alþýðuflokkurinn telur brýnt að gerð verði róttæk uppstokkun á stjórnkerfi sveitarstjórnarmála með nýskipan byggðamála. 1. minni hl. mun því nú við afgreiðslu frumvarpsins leggja fram breytingartillögur en með samþykkt þeirra yrði veigamikið skref stigið til að ná þeim markmiðum.

Þessar tillögur fela í sér eftirfarandi:

1. Að lögboðin verði stækkun sveitarfélaganna með nýjum ákvæðum um lágmarksíbúafjölda þeirra. Lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi verði 400 nema í algjörum undantekningartilvikum þegar landfræðileg sérstaða kallar á aðra skipan.
2. Að félagsmálaráðherra skipi nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli og frumvarp þar að lútandi verði lagt fyrir Alþingi veturinn 1988–89. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra og að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting liggi fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggt að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Ljóst er að fámennustu sveitarfélögin hafa ekki það bolmagn sem þarf til að ráða við þau mörgu verkefni sem íbúarnir gera kröfu til að sveitarfélagið annist. Þegar þessi verkefni eru ekki leyst af hendi leita margir íbúanna burt og vangeta sveitarfélagsins eykst. 400 manna sveitarfélag, sem hér er lagt til að lögboðið verði sem lágmark, hefur talsverða getu til átaka í framfaramálum byggðarinnar og skapar forsendu fyrir því að færa aukin völd, verkefni og áhrif til sveitarfélaganna.

Jafnframt því að stækka sveitarfélögin þarf að lögbjóða samstarf þeirra á héraðsgrundvelli. Má minna á tillögur endurskoðunarnefndarinnar um ný sveitarstjórnarlög og sérálit fulltrúa Alþýðuflokks og Alþýðubandalags í þeirri nefnd um beina kosningu til héraðsnefnda. Slíkar stjórnsýslueiningar hafa verið nefndar þing, ömt eða fylki og hugmyndin hefur verið að fá þeim í hendur ýmis verkefni sem leysa verður í héraði, svo sem heilbrigðismál, mál framhaldsskóla, svæðaskipulag, almannavarnir, atvinnumál og menningarmál. Að undanförnu hefur hugmyndinni um slíkt millistig í stjórnsýslunni — þriðja stjórnsýslustigið — vaxið fylgi og vart hefur orðið áhuga á henni víðs vegar um landið og fer það saman við vaxandi óánægju með aukna miðstýringu í Reykjavík. Má m.a. benda á að tillögur hafa verið gerðar um endurskipulagningu á stjórnsýslu ríkisins á þann hátt að hluti af því úrskurðarvaldi og afgreiðslustörfum, sem nú eru falin ráðuneytum, verði færður til umboðsmanna framkvæmdarvaldsins í héruðum.

Þó að þriðja stjórnsýslustigið kosti eitthvað í rekstri getur það líka sparað mikla fjármuni með bættri nýtingu á stofnunum og ýmiss konar rekstri í héraði.

Meiri hl. félagsmálanefndar leggur til að kaflinn um lögbundið samstarf sveitarfélaga í frumvarpinu falli niður. Alþýðuflokkurinn taldi kaflann að vísu gallaðan en hefði viljað gera

við hann breytingartillögur um fækkun héraða, beinar kosningar til héraðsstjórnar og aukin verkefni þeirra frá því sem er í frumvarpinu.

Meirihlutavilji virðist þó ekki vera á Alþingi fyrir svo mikilvægri breytingu og einsýnt að samkomulag getur ekki tekist um aðra viðunandi skipan á stjórn héraðanna að þessu sinni. 1. minni hl. vill þó freista þess að flytja breytingartillögu við frumvarpið þess efnis að með ákvæði til bráðabirgða verði sérstakri nefnd falið að semja tillögur um þetta efni og skila áliti nægilega tímanlega til þess að Alþingi geti sett lög um héraðsstjórn sem taki gildi við upphaf þess kjörtímabils sveitarstjórna sem hefst árið 1990.

Á það verður einnig að leggja megináherslu að fyrir liggi skýr verka- og tekjuskipting milli stjórnsýslustiga. Áherslu ber enn fremur að leggja á að fækkað verði sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaga og verkefni færð í auknum mæli til hinna nýju stjórnsýslueininga — samfara því að tryggt verði að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Það er skoðun 1. minni hl. að náist samstaða um slíkt ákvæði til bráðabirgða sé veigamikið skref stigið til að efla og styrkja sjálfsstjórn landsbyggðarinnar.

Alþingi, 19. febr. 1986.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 528. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 5. gr.
   a. 1. mgr. hljóði svo:
      Lágmarksíbúatala sveitarfélags er 400 íbúar á kjörtímabili sveitarstjórna sem hefst á árinu 1986.
   b. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
      Nú hefur íbúafjöldi sveitarfélaga verið lægri en tilskilið lágmark í þrjú ár samfellt o.s.frv.
2. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Þegar eftir setningu laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nefnd til að gera tillögur um skipan nýrra stjórnsýslueininga á héraðsgrundvelli. Skal nefndin m.a. skipuð fulltrúum tilnefndum af samtökum sveitarfélaga og skal við það miðað að tillögur hennar komi það tímanlega fram að hægt sé að leggja fram frumvarp um sjálfsstjórn héraða fyrir Alþingi veturinn 1988–89.

   Nefndin skal gera tillögur um mörk héraða og nöfn þeirra. Við það skal miðað að stjórn héraðanna verði kjörin beint af atkvæðisbærum íbúum þeirra, að þau hafi sjálfstæða tekjustofna og að verkefni, sem nú eru í höndum ríkisins eða sveitarfélaga, verði færð til héraðsstjórnanna. Skýr verka- og tekjuskipting skal liggja fyrir milli stjórnsýslustiga og tryggja skal að saman fari ákvörðunarvald, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð.

Nd. 529. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur haft frumvarp til sveitarstjórnarlaga til umfjöllunar um hríð. Mikill fjöldi umsagna og athugasemda við frumvarpið hefur borist og hefur nokkurt tillit verið tekið til þeirra. Ýmsar ábendingar hafa einnig komið fram á fundum nefndarinnar með fulltrúum hagsmunaaðila. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni hafa boðað allmargar breytingartillögur við frumvarpið. Eru þær helstar að fella með öllu niður IX. kafla frv. um héraðsnefndir. Virðist þá liggja ljós fyrir sú niðurstaða að engar umtalsverðar breytingar verði á uppbyggingu stjórnsýslunnar aðrar en þær að sýslunefndir skipta um nafn. Þau markmið verkefna- og valddreifingar, sem ýmsir höfðu vonað að næðu fram að ganga í tengslum við ný sveitarstjórnarlög, eru að engu orðin.

Að svo miklu leyti sem tekið er á þeim hluta stjórnsýslunnar er liggur milli ríkisvalds og einstakra sveitarfélaga er sá höfuðókostur áfram við lýði að lýðræðislegt umboð byggðasamlaga, héraðsnefnda eða landshlutasamtaka frá íbúum viðkomandi svæða er ekki á neinn hátt tryggt. Ákvæði um byggðasamlög eru óljós og fjöldi þeirra og stærð gætu orðið mjög breytileg frá einu svæði til annars og hlýtur það að valda erfiðleikum.

Sem vænta mátti er þó ýmislegt til bóta í frumvarpinu frá gildandi lögum um sveitarstjórnir. Brýnt er orðið að koma í lög ákvæðum um 18 ára kosningaaldur og kjörgengi í samræmi við löngu markaða stefnu þar um — og er reyndar ekki vansalaust hversu seint þær breytingar eru á ferðinni með hliðsjón af komandi sveitarstjórnarkosningum.

Engu síður er það skoðun undirritaðs að það sé ýmsum vandkvæðum bundið að afgreiða frumvarpið nú og má í því sambandi nefna:

1. Ekkert bólar á niðurstöðum úr því starfi sem staðið hefur yfir við endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Og þar sem tekjumöguleikar sveitarfélaga skipta mestu um alla möguleika þeirra til að ráða við verkefni sín er þetta mjög bagalegt. Einnig þyrfti að marka stefnu um samskipti ríkis og sveitarfélaga, og þar með talda verkefnaskiptingu, til að heildarmynd fengist af samskiptum ríkis og sveitarfélaga og verkefnum sem ný sveitarstjórnarlög gætu tekið mið af.
2. Þar sem stjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið að fella með öllu niður IX. kafla frumvarpsins um lögbundið samstarf sveitarfélaga, án þess að nokkuð komi í staðinn, er ljóst að gefist er með öllu upp við að skipa með lögbundnum hætti meðferð þeirra verkefna sem liggja milli ríkis og sveitarfélaga eða færa mætti frá ríkisvaldinu til svæða eða landshluta — og í flestum tilfellum eru ofvaxin einstökum sveitarfélögum. Það er skoðun 2. minni hl. að leggja hefði átt meiri vinnu í að fara yfir tillögur endurskoðunarnefndarinnar og leita samstöðu meðal stjórnmálaflokka um mögulega útfærslu á millistjórnsýslustigi, bundnu svæðum eða landshlutum. En ljóst er að samþykkt þessa frv. breytir engu í þá átt að færa verkefni og vald frá höfuðstöðvum miðstjórnarvaldsins út um landið.
3. Þegar IX. kafla frumvarpsins hefur verið kippt burt er auðséð að það heildarskipulag, sem endurskoðunarnefndin og væntanlega einnig höfundar þessa frumvarps höfðu í huga, er hrunið. Ákvæðin um byggðasamlög eru að ýmsu leyti gölluð og of takmörkuð og yfirtaka sveitarfélaga eða héraðsnefnda á verkefnum sýslunefnda er lítt útfærð — á sama tíma og fella á niður öll ákvæði gildandi laga um sýslufélög.

Annar minni hl. er andvígur nokkrum þeirra breytingartillagna sem fulltrúar meiri hl. hafa boðað, sérstaklega þeim sem veikja í einhverju tilliti stöðu minnihlutahópa til að hafa aðgang að stjórnsýslu sveitarfélaganna og hafa áhrif í samræmi við styrk sinn.

Undirritaður flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Þær helstu eru að marka með greinilegum hætti vilja löggjafans í þá átt að sveitarfélögin stækki og eflist á næstu árum. Talið er eðlilegt að gefa nokkurn aðlögunartíma en að honum liðnum skuli öll sveitarfélög í landinu orðin með 100 íbúa eða fleiri. Einnig er talið rétt undir vissum kringumstæðum að ríkisvaldið geti komið til aðstoðar og hjálpað til við sameiningu sveitarfélaga með fjárframlögum.

Nokkrar breytingar eru lagðar til á fjölda aðalmanna í sveitarstjórnum miðað við íbúatölu. Óeðlilegt er að fjöldi fulltrúa í kaupstað með yfir 50 000 íbúa geti sveiflast á bilinu allt frá 15 til 27, eða um 12 fulltrúa eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá eru einnig sett inn ákvæði sem eiga að stuðla að lýðræðislegri aðild minnihlutahópa að stjórn byggðasamlaga, héraðsnefnda og landshlutasamtaka.

Niðurstaða 2. minni hl. er sú, að fengnum nauðsynlegum lagfæringum á frumvarpi þessu sem fluttar eru sérstakar breytingartillögur um, að það sé til bóta frá gildandi lögum svo langt sem það nær. Ljóst er engu síður að lög um sveitarstjórnarmál hljóta að koma til endurskoðunar innan tíðar samfara breyttri verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélga og endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga.

Annar minni hl. leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. febr. 1986.

Steingrímur J. Sigfússon,
fundaskr.

Nd. 530. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 5. gr. Í stað „50“ í 1. og 2. mgr. komi: 100.
2. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í sveitarstjórn skal fjöldi sveitarstjórnarmanna standa á oddatölu og vera innan þeirra marka sem hér greinir:
   þar sem íbúar eru innan við 200 3–5 aðalmenn,
   þar sem íbúar eru 200–999 5–7 aðalmenn,
   þar sem íbúar eru 1000–9999 7–11 aðalmenn,
   þar sem íbúar eru 10 000–19 999 11–15 aðalmenn,
   þar sem íbúar eru 20 000–49 999 15–21 aðalmenn,
   þar sem íbúar eru 50 000 eða fleiri 21–27 aðalmenn.
   Um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn skal kveðið á í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.
3. Á eftir 106. gr. komi ný grein er verði 107. gr. og orðist svo:
   Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlags eða héraðsnefndar sem sveitarfélag er aðili að skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi.
4. Við 114. gr. Í stað orðsins „héraðsnefnd“ í 3. mgr. komi: einstök sveitarfélög.

5. Við 122. gr. Á eftir orðunum „sameiningu sveitarfélaga“ komi: Jafnframt skal ráðuneytið hlutast til um aðstoð við sveitarfélög úr ríkissjóði í sama tilgangi þar sem sérstakar ástæður mæla með slíku.
6. Við bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:
   Ákvæði 5. gr. um lágmarksíbúatölu í sveitarfélagi skulu ekki koma til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 1991. Frá og með gildistöku laga þessara og til ársloka 1990 skal lágmarksíbúatala í sveitarfélagi vera 50.

Sþ. 531. Tillaga til þingsályktunar [286. mál]

um úrbætur í ferðaþjónustu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Helgi Seljan, Karvel Pálmason, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna hvaða aðstöðu vantar í tengslum við ferðaþjónustu víðs vegar um landið, svo sem gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgöngur, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlit, aðgang að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Gera skal úttekt í hverjum landshluta fyrir sig og áætlun um úrbætur í samræmi við niðurstöður hennar.

Kostnaður við framkvæmd þessarar ályktunar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á einum aldarfjórðungi hefur tala erlendra ferðamanna hér á landi meira en sjöfaldast. Um 13 þúsund erlendir ferðamenn sóttu okkur heim árið 1960, en 97 443 árið 1985. Auk þess hafa Íslendingar sjálfir stóraukið ferðalög um eigið land á þessu árabili.

Til er faglega unnin skýrsla sem gerð var að frumkvæði samgönguráðuneytis árin 1982–83 um stöðu ferðamála og líklega þróun á þeim vettvangi allt til ársins 1992. Ljóst er að árlega fjölgar erlendum ferðamönnum mun meira en gert er ráð fyrir í skýrslunni og brýnt að endurmeta stefnuna í ferðamálum með hliðsjón af þeirri staðreynd. Í fyrrgreindri skýrslu er gert ráð fyrir að erlendum ferðamönnum fjölgi að meðaltali um 3,5% hér á landi frá 1984–1992. Fjölgun þeirra varð hins vegar um 10% árið 1984 og árið 1985 fjölgaði þeim um 14,4%.

Til þess að mæta þessari miklu fjölgun erlendra ferðamanna þarf að leita allra hugsanlegra leiða til að lengja ferðamannatímann og auka nýtingu hótela og annarrar þjónustu sem þegar er fyrir hendi. Má þar nefna skipulegt átak til að laða hingað fjölþjóðlegar ráðstefnur sem mest utan aðalferðamannatímans en slíkar ráðstefnur eru einn arðbærasti þáttur ferðamála þar eð ráðstefnugestir eyða hlutfallslega meiri gjaldeyri að meðaltali en almennir ferðamenn. Til þess er nú lag því að sýnilega eykst hótelrými mikið á næstunni, einkum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Þá þarf að gera ráðstafanir til að hægt verði að gera ferðamönnum kleift að fara víðar um landið en til þess skortir tilfinnanlega aðstöðu víða utan höfuðborgarinnar og brýnt að bæta úr því sem fyrst. Fyrsta skrefið væri könnun og áætlun um úrbætur sem gert er ráð fyrir í þessari þingsályktunartillögu. Framhaldið væri svo komið undir áhuga og framtakssemi þeirra sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta á hverjum stað. Það er ætlan flutningsmanna að áhugann skorti ekki því að víða úti um land er fólk að vakna til vitundar

um þá möguleika sem felast í ferðaþjónustu. Það sem fyrst og fremst skortir eru upplýsingar og ráðgjöf um það hvernig best er að standa að þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er, hvað vantar helst og hvernig á að standa að framkvæmdum.

Gistirými hefur aukist töluvert úti um land á síðustu árum en víða eru eyður sem fylla þarf í. Vaxandi skilningur er á þörf fyrir vel búin tjaldsvæði og rétt er að hafa í huga í því sambandi að víða er hægt að nýta hreinlætisaðstöðu í félagsheimilum og skólum. Á þessu sviði er þörf verulegs átaks og sama má segja um hin atriðin sem talin eru upp í þessari tillögu.

Enginn vafi er á því að helsta aðdráttarafl á ferðamenn á Íslandi er hin óspillta náttúra landsins, hreint loftið og tært vatnið, fámennið og öræfakyrrðin. Þessi verðmæti ber umfram allt að varðveita. Því miður er ástand víða bágborið á ferðamannastöðum í óbyggðum, jafnvel svo að náttúran er í hættu sökum ógætilegrar umferðar og ónógra varúðarráðstafana. Má þar nefna fjölsótta staði eins og Landmannalaugar, Þórsmörk, Hveravelli og Herðubreiðarlindir. Líklegt er að þar og víðar þurfi að stórauka gæslu og jafnvel beita ítölu til þess að koma í veg fyrir of mikinn átroðning. Þá mætti létta af þessum stöðum með því að koma upp góðri gistiaðstöðu í grennd við þá. Enn má nefna að með nýjum vegarslóðum, fræðslu og leiðamerkingum mætti beina umferð að einhverju leyti á fleiri áhugaverða staði og minnka þar með álagið á þá fjölsóttustu. Rétt er að minna á að Ísland er í raun opin og lifandi kennslubók í náttúrufræði og jarðfræði, og um þau atriði ætti að veita fræðslu ekki síður en um vegi og kennileiti.

Líklegt er að könnun mundi leiða í ljós þörf fyrir aukna gæslu í óbyggðum og er þá átt við hvort tveggja, gæslu náttúrunnar og aðstoð við ferðafólk. Í þessu sambandi má einnig minna á samþykkt Alþingis frá s.l. ári um bætta merkingu akvega. Áreiðanlega er einnig víða þörf á betri aðgangi að ýmsum náttúruundrum lands okkar, fossum, hverum, gljúfrum og hellum, t.d. með göngustígum, klifrum og handriðum eða handfestu á stöku stað. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja öryggi og þarf síður en svo að spilla umhverfinu ef vandað er til frá upphafi.

Loks má nefna hreinlætisaðstöðu sem óvíða er þannig að hægt sé að nefna hana því nafni og ber þetta ástand þjóðinni ófagurt vitni. Þessi nauðsynlega þjónusta verður e.t.v. víða út undan vegna þess að hér er ekki um arðbæran rekstur að ræða. Er tími til kominn að taka á þeim vanda og leysa hann til frambúðar því að víst er að erlendir ferðamenn dæma þjóðina ekki síst af atriðum sem þessum.

Vöxtur og viðgangur ferðaþjónustu hefur farið langt fram úr björtustu spám og fært okkur Íslendingum aukna atvinnu og dýrmætar gjaldeyristekjur. Tekjur af erlendum ferðamönnum á síðasta ári námu rúmlega þremur milljörðum króna samanborið við rúmlega tvo milljarða árið 1984.

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein sem mun færa okkur ómælda björg í bú, ekki síst ef við berum gæfu til að taka á móti gestum okkar eins og sæmir góðu íslensku heimili. Að því miðar þessi tillaga.

Sþ. 532. Tillaga til þingsályktunar [287. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu og viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Gerð viðbótarbókananna.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu (EBE) og Kola- og stálbandalagi Evrópu á grundvelli aðildarsamnings sem undirritaður var 12. júní 1985. Aðildarlönd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) höfðu samráð sín á milli um nauðsynlegar breytingar á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-landa við bandalögin og átti fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf aðild þar að. Af Íslands hálfu var undirbúningur samingsgerðar í höndum viðskiptaráðuneytisins sem hafði samráð við viðkomandi aðila. Fulltrúar ráðuneytisins og sendiráðs Íslands í Brussel tóku þátt í viðræðum við bandalögin og fóru þær fram í höfuðstöðvum EBE í Brussel. Könnunarviðræður fóru fram í júní 1985. Í desember 1985 hófust síðan formlegar samningaviðræður. Ýmsir erfiðleikar komu upp í viðræðunum, fyrst og fremst vegna tilrauna EBE til að tengja viðræðurnar um breytingar á fríverslunarsamningi Íslands veitingu fiskveiðiréttinda í íslenskri lögsögu. Reyndi aðallega á þetta í lok viðræðnanna. Af Íslands hálfu var ekki ljáð máls á því að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Samkomulag náðist að lokum um orðalag ofangreindra viðbótarbókana og voru þær undirritaðar 22. febrúar 1986 í Brussel með fyrirvara um fullgildingu. Viðbótarbókanirnar teljast óaðskilanlegur hluti samninganna við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu. Ganga þær í gildi 1. mars 1986 ef fullgilding fer fram fyrir þann tíma.

Þar eð Portúgal gekk úr EFTA í árslok 1985 og samningur EFTA-landanna og Spánar gekk úr gildi á sama tíma var með bráðabirgðasamkomulagi á grundvelli laga um tollskrá o. fl. ákveðið að óbreytt ástand gilti í viðskiptum við Spán og Portúgal frá 1. janúar 1986 til gildistöku breytinga á fríverslunarsamningunum við Evrópubandalögin (EB).

Leitað er heimildar Alþingis til fullgildingar viðbótarbókananna með þingsályktunartillögu þessari.

Texta viðbótarbókananna er að finna sem fylgiskjal I og II með þingsályktunartillögu þessari.

Efni viðbótarbókananna.

Ákvæði samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu um fríverslun með ýmsar vörur taka við gildistöku viðbótarbókananna einnig til viðskipta Íslands við Spán og Portúgal. Í megindráttum leiðir ekki aðeins af þessu að tollar og gjöld, sem hafa sömu áhrif og tollar, falla þá niður af iðnaðarvörum heldur og ýmsum sjávarafurðum og vörum sem unnar eru úr landbúnaðarafurðum. Þetta gerist þó í áföngum á tæplega sjö ára aðlögunartíma sem endar 1. janúar 1993. Gert er ráð fyrir gagnkvæmum áfangalækkunum. Lækkanir miðast við grunntolla 1. janúar 1985. Samkvæmt þessu munu Spánn og Portúgal (síðarnefnda landið eftir því sem við á vegna aðildarinnar að EFTA) lækka tolla á aðlögunartímabilinu á þeim iðnaðarvörum sem fríverslunarsamningur Íslands við EBE nær til og afnema þá í lok tímabilsins. Til að auðvelda aðlögun Spánar og Portúgals að fríverslun var samið um það, aðallega við Spán, að heimilt væri að halda innflutningstakmörkunum á iðnaðarvörum í 3–4 ár. Ekki er talið að slíkar takmarkanir hafi neikvæð áhrif á útflutning þeirra iðnaðarvara sem Íslendingar hafa flutt til þessara landa að undanförnu, t. d. áls til Spánar.

Um sjávarafurðir gildir sú regla að á aðlögunartímabilinu fær enginn aðili betri kjör við innflutning til Spánar og Portúgals en ákvæði aðildarsamnings þessara ríkja við EBE kveða á um varðandi innflutning frá öðrum aðildarríkjum EBE (EBE–10). Af þessu leiðir að Ísland verður að búa við sömu kjör varðandi útflutning sjávarafurða samkvæmt bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands og EBE–10 njóta á aðlögunartímabilinu. Í þessu felst að tollar lækka í áföngum miðað við sömu grunntolla gagnvart EBE-10 auk þess sem innflutningsleyfi og innflutningskvótar verða við lýði á tímabilinu. Tollar hækka mikið í sumum tollskrárnúmerum. T. d. fara fryst karfaflök til Portúgals upp í 10,5% en eru 0% samkvæmt stofnskrá EFTA. Þá geta tollar verið mjög háir, jafnvel 27,5% á vissum tegundum lagmetis til Portúgals. Ef hins vegar er litið á útflutning okkar til Spánar og Portúgals á árunum 1983–1985 skiptir þetta þó ekki neinu sérstöku máli. Stafar þetta af því að saltfiskur, sem er aðalútflutningsvara Íslands til þessara landa, fellur ekki undir fríverslunarákvæði bókunar nr. 6 og ekki er unnt að segja að um nokkurn útflutning hafi verið að ræða á sjávarafurðum er njóta fríðinda samkvæmt bókuninni nema á loðnumjöli til Spánar á árinu 1984. Þá voru flutt út til þess lands 4 200 tonn að verðmæti 47 millj.kr. Spænskur tollur á þessari vörutegund verður 0,6% og fer niður í 0,0% á aðlögunartímabilinu 1986–1993. Þetta verða litlar upphæðir. Aðlögunartíminn m. a. fyrir fiskfeiti og lýsi er hins vegar til 1. janúar 1996 eða tæp 10 ár. Engar sérstakar hættur felast heldur í innflutningstakmörkunum gagnvart þeim sjávarafurðum er fríðinda njóta samkvæmt bókun nr. 6 ef tekið er mið af hinum litla útflutningi þessara vara til Spánar og Portúgals á síðustu árum.

Að því er snertir magntakmarkanir á útflutningi íslenskra sjávarafurða er rétt að gera grein fyrir sérstöku viðskiptakerfi varðandi innflutning til Spánar og Portúgals til ársloka 1992.

Í 174. gr. aðildarsamnings Spánar og Portúgals er gerð grein fyrir kerfinu varðandi innflutning til Spánar. Samkvæmt þeirri grein er gerð áætlun um innflutning tiltekinna sjávarafurða á hverju ári á grundvelli innflutnings síðustu þriggja ára. Gert er ráð fyrir 15% aukningu á innflutningi frá öðrum EBE-löndum árlega en ekki frá öðrum löndum. Að því er varðar þann hluta innflutningsins, sem kemur frá öðrum löndum en EBE-löndum, er unnt að takmarka eða banna innflutning til bráðabirgða. Fari innflutningur síðan fram úr áætlun er unnt að gera verndarráðstafanir. Vörurnar, sem um ræðir, eru taldar upp í XIII. viðauka og kemur þar undir m. a. heilfrystur þorskur, svo og saltfiskur en ekki saltfiskflök.

Samsvarandi kerfi er ákveðið varðandi innflutning til Portúgals í 361.–363. gr. aðildarsamningsins, sbr. tilvísanir í XXVIII. og XXIX. viðauka. Samkvæmt fyrri viðaukanum er um að ræða m. a. heilfrystan þorsk, saltfisk (ekki saltfiskflök), fryst þorskflök,

ýsuflök, kolaflök og lúðuflök og frystar rækjur og humar. Undir síðari viðaukann, þar sem aðeins er talað um magntakmarkanir gagnvart þriðja landi, koma t. d. heilfrystur þorskur, ufsi og ýsa, fryst þorskflök, ýsuflök, kolaflök og lúðuflök og loks saltfiskur (ekki saltfiskflök).

Miðað við útflutning okkar til Spánar og Portúgals á árunum 1983–1985 virðist þetta viðskiptakerfi eingöngu skipta máli varðandi saltfiskinn en hann fellur reyndar ekki undir fríverslunarsamning Íslands við EBE. Ekki er þó líklegt að sérstök hætta sé á ferðinni varðandi samkeppni við hin EBE-löndin um sölu á saltfiski til Spánar og Portúgals þar eð eftirspurnin eftir saltfiski í EBE hefur verið meiri en framboðið og ólíklegt að hin EBE-löndin geti flutt mikið út af honum til þessara tveggja landa. Hins vegar mætti nota þetta innflutningskerfi til að torvelda útflutning okkar til Spánar og Portúgals þar eð miðað er við útflutning þriggja síðustu ára, þá fyrst fyrir árin 1983–1985, en í því sambandi má nefna að útflutningur á saltfiskinum var mun meiri á árunum 1981–1982 en á árunum 1983–1985. Þá er hugsanlegt að reynt verði að veita þeim löndum viðskiptafríðindi umfram Ísland sem veita EBE-löndum fiskveiðiréttindi. Hér koma til greina Noregur, Kanada, Færeyjar og Grænland. Þá má einnig minna á ákvæði bókunar nr. 4 við aðildarsamning Spánar og Portúgals þar sem heimiluð er undanþága frá tolli á fiski sem EBE-fiskiskip kaupa utan EBE.

Af hálfu Íslands hefur það verið gagnrýnt að EBE veiti þeim löndum viðskiptafríðindi er láta bandalaginu í té fiskveiðiréttindi, svo og að veitt sé undanþága frá tolli sem fiskiskip EBE-ríkja kaupa utan EBE. Slík viðskiptafríðindi megi ekki leiða til mismununar gagnvart Íslandi og hefur í því sambandi verið höfðað til GATT-reglna um bestu kjör.

Yfirlýstur tilgangur þessa viðskiptakerfis er að koma í veg fyrir markaðstruflanir vegna verulegrar aukningar innflutnings á sjávarafurðum til Spánar og Portúgals frá öðrum aðildarríkjum EBE og öðrum ríkjum. Núverandi kerfi innflutningsleyfa á Spáni og í Portúgal, svo og einokun í Portúgal, yrði afnumið. Heimildin til að beita takmörkunum gagnvart innflutningi nánar tilgreindra sjávarafurða á aðlögunartímabilinu nær til mun færri sjávarafurða en gildandi kerfi fyrir inngöngu þessara ríkja í EBE. Notkun heimildarinnar er háð samþykki EBE-ráðsins.

Að aðlögunartímanum loknum mundu ákvæði fríverslunarsamnings Íslands við EBE gilda að fullu. Þar eð Portúgal hefur verið í nánum fríverslunartengslum við Ísland innan EFTA verður ekki um neinar meiri háttar breytingar að ræða á fríverslun Íslands við það land að loknum aðlögunartímanum. Hins vegar verða fríverslunartengslin við Spán mun nánari en þau voru á grundvelli samnings EFTA-landanna og Spánar. Svo sem áður segir skal í þessu sambandi undirstrikað að aðalútflutningsvara Íslands til þessara landa, óverkaður saltfiskur, hefur ekki fallið undir fríverslunarákvæði og mun heldur ekki gera það samkvæmt fríverslunarsamningi Íslands við EBE.

Svo sem kunnugt er gekk bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands við EBE, er gerður var 1972 og gekk í gildi 1973, ekki í gildi fyrr en 1976 vegna landhelgisdeilna, fyrst vegna 50 mílna útfærslunnar og síðan vegna 200 mílna útfærslunnar. Í 2. gr. bókunarinnar var tekið fram að EBE áskildi sér rétt til að láta ákvæði hennar ekki koma til framkvæmda ef ekki næðist viðunandi lausn fyrir aðildrríki EBE á efnahagserfiðleikum sem leiddi af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi. EBE lítur nú svo á að bréf, sem forseti ráðs bandalagsins skrifaði vegna gildistöku bókunarinnar árið 1976, feli í sér skilyrði sem tengi gildi bókunarinnar við viðunandi fiskveiðiréttindi EBE á Íslandsmiðum. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur hins vegar verið sú að vilja ekki fallast á tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda. Telja þau að í bréfi forseta ráðs EBE á sínum tíma hafi ekki falist neinn fyrirvari heldur hafi bandalagið einungis lýst þeirri von sinni að samningaviðræður þess og Íslands um vandamál almennara eðlis viðvíkjandi fiskveiðimörkum gætu hafist í náinni framtíð og jafnframt að varanlegir samningar tækjust sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Í

þessu sambandi hafa íslensk stjórnvöld bent á að aðalsamningamaður bandalagsins í viðræðunum um fiskveiðimál við Íslendinga síðar á árinu 1976, Finn Gundelach í framkvæmdanefnd EBE, hafi lýst því skýrt og skorinort yfir á fundi að bandalagið hygðist ekki tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Virðist svo sem hugmyndin um að tengja varanlegt gildi bókunar nr. 6 við fiskveiðiréttindi í íslenskri lögsögu hafi skotið upp kollinum á allra síðustu árum í tengslum við inngöngu Spánar og Portúgals að EBE og vilji bandalagið skapa sér möguleika á að leysa hluta vandamálsins vegna mikilla fiskveiðiflota Spánverja og Portúgala með öflun fiskveiðiréttinda í lögsögu ríkja utan EBE. Vill EBE í tengslum við gerð viðbótarbókananna koma þessu sjónarmiði sínu á framfæri og hlýtur Ísland þá jafnframt að koma með gagnyfirlýsingu. Í sambandi við þetta hafa íslensk stjórnvöld þráfaldlega tekið fram að tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda byggðust ekki á texta hafréttarsamningsins og væru vafasöm með tilliti til GATT-samkomulagsins.

Viðskipti Íslands við Portúgal og Spán 1983–1985.

a) **Viðskipti Íslands og Portúgals.**

Viðskipti Íslands og Portúgals hafa á undanförnum árum að langmestu leyti falist í útflutningi okkar á saltfiski til Portúgals og innflutningi á olíuvörum þaðan.

Að öðru leyti sýna eftirfarandi töflur grófa skiptinga á þessum viðskiptum síðustu þrjú árin:

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

Útflutningur (fob)	1983	1984	1985
Saltfiskur, óverkaður	1 141,7	997,9	1 886,6
Loðnumjöl	—	0,6	12,5
Annað	0,9	1,6	10,2
Samtals:	1 142,6	1 000,1	1 909,3
Innflutningur (cif)			
Olíuvörur	353,7	570,0	637,8
Fatnaður, annar en skófatnaður	20,0	31,8	49,1
Spunagarn, vefnaður o. fl	28,1	23,1	26,1
Skófatnaður	9,8	14,0	29,6
Unnar vörur úr trjáviði o. fl	18,7	10,8	25,5
Pappír, pappi, vörur úr slíku	10,6	9,6	13,6
Unnar vörur úr jarðefnum	4,4	8,5	20,7
Rafmagnsvélar og -tæki	14,6	5,6	18,2
Flutningatæki á vegum	1,3	3,2	10,5
Drykkjarvörur	8,9	10,0	9,8
Annað	17,5	29,4	25,7
Samtals:	490,6	716,0	866,6
Vöruskiptajöfnuður	652,0	284,1	1 042,7

Eins og ofangreindar töflur sýna stóð verðmæti útflutnings okkar nokkuð í stað á árunum 1983 og 1984 en jókst verulega árið 1985. Það ár tvöfaldaðist útflutningsverðmætið miðað við tvö næstu ár á undan enda þótt raunveruleg aukning hafi verið minni þar eð allar tölur eru á verðlagi hvers árs og mikil verðbólga hérlendis hefur sín áhrif hér á.

Innflutningurinn jókst einnig á þessum árum en mun minna en útflutningurinn með þeim afleiðingum að vöruskiptajöfnuðurinn hefur alltaf verið okkur hagstæður, sérstaklega á árinu 1985.

Portúgal er eitt af mikilvægustu viðskiptalöndum okkar. Af heildarútflutningi landsmanna nam útflutningur til Portúgals um 4–6% á þessum árum. Ber þar að sjálfsögðu hæst útflutningur á óverkuðum saltfiski en þar eru Portúgalar okkur stærstu kaupendur. Þeir keyptu um 50% af þeirri vöru árið 1984 en árin 1983 og 1985 var þetta hlutfall 57%.

Eins og áður segir kaupa Íslendingar aðallega olíuvörur af Portúgölum. Þó er verðmæti þess innflutnings langtum minna en verðmæti útflutnings okkar til þeirra.

Viðskiptaráðuneytið hefur allt frá 1978 beitt sér fyrir því að keyptar væru olíuvörur frá Portúgal til að draga úr viðskiptahallanum, svo og ýmsar aðrar vörur í sama tilgangi.

Í hlutfalli við heildarinnflutning landsins árið 1984 nam innflutningur frá Portúgal um 2,7% og var þetta hlutfall ívið lægra árin 1983 og 1985.

Ekki verður minnst hér á tekjur Portúgala af íslenskum ferðamönnum.

b) **Viðskipti Íslands og Spánar.**

Viðskipti Íslands og Spánar felast aðallega í útflutningi á óverkuðum saltfiski og áli en innflutningurinn dreifist á fleiri vörutegundir. Þeirra stærstar eru salt, vélar og tæki, ávextir og grænmeti.

Viðskipti landanna hafa aukist nokkuð síðustu þrjú árin. Bæði inn- og útflutningur hafa tvöfaldast í krónum talið á þessum tíma enda þótt raunveruleg aukning sé nokkru minni vegna verðbólgu og gengisbreytinga hérlendis.

Í eftirfarandi töflu má sjá í grófum dráttum helstu vörutegundir í viðskiptum landanna og verðmæti þeirra á s. l. þrem árum.

Verðmæti í millj. kr.
Gengi hvers árs

Útflutningur (fob)

	1983	1984	1985
Saltfiskur, óverkaður	413,2	530,9	796,7
Ál	143,6	421,8	366,0
Saltfiskflök	33,6	36,2	79,2
Loðnulýsi	—	20,3	35,1
Gamlir málmar	3,9	4,5	7,9
Hvalmjöl	11,0	—	6,9
Landbúnaðarafurðir	1,8	9,2	5,7
Loðnumjöl	—	47,2	—
Annað	3,2	10,9	11,4
Samtals:	610,3	1 081,0	1 308,9

Innflutningur (cif)

	1983	1984	1985
Jarðefni, óunnin (aðallega salt)	78,1	67,9	121,9
Vélar og tæki	15,8	75,2	48,4
Ávextir og grænmeti	28,0	55,8	68,3
Járn og stál	23,5	26,3	25,0
Drykkjarvörur	9,8	13,2	23,2
Flutningatæki á vegum	0,1	12,3	15,7
Spunagarn, vefnaður o. fl.	2,5	4,2	9,6
Ýmsar iðnaðarvörur	5,7	5,1	10,0
Annað	29,8	40,7	49,0
Samtals:	193,3	300,7	371,1
Vöruskiptajöfnuður	417,0	780,3	937,8

Eins og sést á þessu yfirliti hafa viðskipti Íslands og Spánar aukist mjög og vöruskiptajöfnuðurinn verið okkur æ hagstæðari hin síðustu ár.

Útflutningur á óverkuðum saltfiski og áli sker sig nokkuð úr öðrum útflutningi. Samtals nam hlutdeild þessara tveggja vörutegunda yfir 90% af heildarútflutningi til Spánar á þessum árum. Á eftir Portúgal er Spánn mikilvægasti markaður okkar fyrir óverkaðan saltfisk. Um 20% útflutnings á óverkuðum saltfiski fóru til Spánar árið 1983 en á árunum 1984 og 1985 nam þessi hlutdeild um 25%.

Af heildarútflutningi landsmanna fóru rúmlega 3% til Spánar árið 1983 en síðan hækkaði þessi hlutdeild í u. þ. b. 4,5% árið 1984 og tæplega 4% árið 1985.

Vægi innflutnings á spænskum vörum nam hins vegar aðeins um 1% og hefur það hlutfall haldist nokkurn veginn óbreytt í þrjú ár.

Ekki verður vikið hér að hinum miklu tekjum sem Spánverjar hafa af íslenskum ferðamönnum.

Saltfisktollur o. fl.

Svo sem greint hefur verið frá er saltfiskurinn mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga til Spánar og Portúgals. Nánari upplýsingar um útflutt magn og mikilvægi þessara viðskipta er að finna í töflunni á næstu síðu.

Óverkaður og þurrkaður saltfiskur, saltfiskflök og skreið falla ekki undir fríverslunarákvæði viðskiptasamningsins milli Íslands og EBE og leiðir viðbótarbókunin við samninginn af þessum sökum sem slík ekki til lækkunar tolla á þessum vörum eða annarra fríðinda. Reyndar veitti EBE undanþágu frá tolli á þessum vörum frá öðrum ríkjum á tímabilinu 1971–1985 og kom fram í viðræðum vegna gerðar fríverslunarsamningsins við Ísland að mjög ólíklegt væri að tollur yrði lagður á að nýju. Lagalegan rétt hafði bandalagið þó til þess. Í desember 1984 ákvað ráð EBE, skipað sjávarútvegsráðherrum, síðan að leggja innflutningstoll að nýju á saltfiskinn, saltfiskflökin og skreiðina, 13% á óverkaðan og þurrkaðan saltfisk auk skreiðarinnar en 20% á saltfiskflökin. Ef litið er á EBE-löndin að meðtöldum Spáni og Portúgal sem eina heild sést að tollurinn hefur á árunum 1981–1982 tekið til tæplega 40% af útflutningnum til þessara landa en á árunum 1983–1985 hefur tollurinn tekið til tæplega 25% af útflutningi Íslands til sömu landa. Svo mikilvægur er þessi útflutningur að á árunum 1981–1982 nam útflutningurinn til þessara landa 17–19% af heildarútflutningi Íslendinga en á árunum 1983—1985 10—12% af heildarútflutningunum.

Á seinni hluta síðasta áratugar var fyrirsjáanlegt að EBE mundi stækka vegna áhuga Grikkja, Portúgala og Spánverja á inngöngu í bandalagið. Af Íslands hálfu var fljótlega og ítrekað vakin athygli á því, m. a. í sameiginlegri nefnd Íslands og EBE sem heldur fund tvisvar á ári á grundvelli fríverslunarsamningsins, að innganga þessara ríkja gæti skapað vandamál í viðskiptum Íslands við bandalagið og var lögð á það áhersla að EBE beitti áfram

Íslenskar útflutningsvörur sem ákvörðun EBE í desember 1984 um endurupptöku tolls hefur áhrif á.

	1981		1982		1983		1984		1985	
	Þús. tonna	Verðmæti í millj.	Þús. tonna	Verðmæti í millj.	Þús. tonna	Verðmæti í millj.	Þús. tonna	Verðmæti í millj.	Þús. tonna	Verðmæti í millj.
Saltfiskur, óverkaður	55,9	kr. 1 013,6 ($ 140,0)	55,0	kr. 1 498,4 ($ 119,6)	43,4	kr. 2 001,2 ($ 80,1)	36,5	kr. 2 009,8 ($ 63,5)	43,6	kr. 3 317,6 ($ 80,0)
þar af til Spánar og Portúgals	48,4	kr. 882,1 ($ 121,8)	45,6	kr. 1 248,2 ($ 99,7)	32,7	kr. 1 554,9 ($ 62,2)	27,2	kr. 1 528,8 ($ 48,3)	35,1	kr. 2 683,3 ($ 64,7)
Saltfiskur, þurrkaður	0,2	kr. 4,8 ($ 0,7)	0,7	kr. 21,1 ($ 1,7)	0,9	kr. 45,2 ($ 1,8)	1,3	kr. 57,7 ($ 1,8)	0,5	kr. 26,4 ($ 0,6)
Skreið	0,9	kr. 50,9 ($ 7,0)	0,6	kr. 55,4 ($ 4,4)	0,3	kr. 42,6 ($ 1,7)	0,3	kr. 48,9 ($ 1,5)	0,5	kr. 112,5 ($ 2,7)
Saltfiskflök	2,1	kr. 37,6 ($ 5,2)	1,3	kr. 37,8 ($ 3,0)	2,0	kr. 95,8 ($ 3,6)	2,8	kr. 167,6 ($ 5,3)	3,5	kr. 289,7 ($ 7,0)
Samtals	59,1	kr. 1 106,9 ($ 152,9)	57,6	kr. 1 612,7 ($ 128,7)	46,6	kr. 2 184,8 ($ 87,4)	40,9	kr. 2 284,0 ($ 72,1)	48,1	kr. 3 746,2 ($ 90,3)
Sem % af útflutningi til EBE-landa		37,0		39,2		26,6		20,6		22,7
Sem % af heildarútflutningi Íslands		16,9		19,0		11,8		9,7		11,1

tollundanþágu sinni á ofangreindum vörum. Þetta var m. a. gert vegna inngöngu Grikklands í bandalagið 1981 og hélst tollundanþágan þá. Var með ýmsum hætti reynt að koma í veg fyrir endurupptöku tollsins. Eftir að ráð EBE samþykkti að leggja tollinn að nýju á hefur á ýmsan hátt verið reynt að fá bandalagið til þess að endurskoða ákvörðun sína. M. a. ræddi Matthías Á. Mathiesen, þáverandi viðskiptaráðherra, mál þetta við ráðamenn í framkvæmdanefnd EBE í Brussel í maí 1985. Tilgangur þeirra viðræðna var að fá EBE til að falla frá ákvörðun sinni en til vara að tollur bandalagsins yrði ekki tekinn upp að fullu heldur miklu lægri tollprósenta og jafnframt að tollfrjáls GATT-kvóti fyrir saltfisk og skreið, sem er 25 000 tonn (auk 5 000 tonna almenns kvóta fyrir árið 1986 vegna fiskveiðisamnings Kanada og EBE), yrði stækkaður til muna með tilliti til verulegrar aukningar á innflutningsþörf bandalagsins við inngöngu Spánar og Portúgals. Var bent á að þörf Íslendinga einna fyrir tollfrjálsan kvóta væri 50–60 000 tonn á ári. Útflutningur okkar á kvótavörunum 1981–1985 var að meðaltali 48 000 tonn á ári (sveiflaðist til frá 38 000 til 57 000 tonna).

Þessu til stuðnings var m. a. bent á að nánast hefði verið gengið út frá tollfrelsi í viðræðunum um fríverslunarsamninginn við EBE á sínum tíma. Ísland væri mjög háð útflutningi á þessum vörum til EBE-landanna að meðtöldum Portúgal og Spáni, ekki síst þeim löndum. Ákvörðunin hefði hamlandi áhrif á viðskipti og væri ekki í samræmi við ýmsar yfirlýsingar EBE, m. a. um að standa gegn nýjum viðskiptahindrunum á meðan unnið væri að því að hefja viðskiptaviðræður á vettvangi GATT. Auk þess var bent á að fremur væri þörf á að halda tollfrelsinu og jafnvel auka kvótann en að fella það niður þegar þörf væri á auknum innflutningi saltfisks við inngöngu Spánar og Portúgals í bandalagið. Ekki var tekið tillit til raka Íslendinga og gekk tollurinn í gildi 1. júlí 1985. Hins vegar var á seinni hluta ársins 1985 miðað við fulla árskvóta þannig að ekki sköpuðust sérstök vandamál í saltfiskviðskiptunum. Á hinn bóginn má búast við slíku snemma á árinu 1986. EBE hyggst reyndar segja GATT-kvótanum upp þannig að samið verði að nýju um gagnkvæm fríðindi.

Sé litið á aðalflokk innfluttra vara frá Portúgal, olíuvörur, þá hljóta þær sömu tollmeðferð og olíuvörur sem fluttar eru inn frá öðrum löndum. Helsta útflutningsvara Spánverja til Íslands, salt, er tollfrjáls hvaðan sem hún kemur. Helstu tegundir ávaxta og vínin falla ekki undir fríverslunarsamninginn og eru reyndar tollfrjáls. Nokkur mismunur hefur verið á tollum á vefnaðarvöru, fatnaði og skófatnaði eftir því hvort vara kemur frá fríverslunarsvæði eða ekki. Geta Spánverjar notið þess ef þeir taka að flytja slíkar vörur til Íslands í einhverjum mæli. Portúgalar hafa hins vegar notið EFTA-aðildarinnar hingað til varðandi þessar vörur.

Niðurstaða.

Ofangreindar viðbótarbókanir við fríverslunarsamninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar Spánar og Grikklands að þessum Evrópubandalögum eru sem slíkar skref í átt til aukinnar fríverslunar átján Evrópulanda. Er hér um að ræða tólf EBE-ríki (Belgíu, Bretland, Danmörku, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg, Portúgal, Spán og sambandslýðveldið Þýskaland) og sex EFTA-ríki (Finnland, Ísland, Noreg og Sviþjóð auk Austurríkis og Sviss). Þar eð Portúgal hefur verið aðili að EFTA verða ekki umtalsverðar breytingar á tengslum Íslands við það land. Hins vegar hafa fríverslunartengsl Spánar við önnur lönd, m. a. Ísland, verið mun minni þannig að breytingar verða aðallega varðandi tengsl Spánar við hin Evrópulöndin sautján.

Sótt er um heimild Alþingis til þess að ríkisstjórnin geti fullgilt viðbótarbókanirnar en þær taka ekki einungis til iðnaðarvara heldur og ýmissa sjávarafurða og vara sem unnar eru úr landbúnaðarafurðum. Aðalbreyting vegna aðildar Íslands að bókununum sem slíkum verður sú að Íslendingar munu eiga greiðari aðgang að aðlögunartímabili loknu að spænska markaðinum fyrir iðnaðarvörur sínar og ýmsar sjávarafurðir.

Fylgiskjal I.

VIÐBÓTARBÓKUN
við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu.

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU

annars vegar

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

hins vegar,

SEM HAFA HLIÐSJÓN AF samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem undirritaður var í Bruxelles 22. júlí 1972 og hér á eftir verður nefndur „samningurinn“,

HAFA HLIÐSJÓN AF aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum 1. janúar 1986 og

HAFA Í HUGA að 19. desember 1985 gerðu bandalagið og lýðveldið Ísland með sér samkomulag um reglur varðandi viðskipti milli Íslands annars vegar og Spánar og Portúgals hins vegar á tímabilinu 1. janúar – 28. febrúar 1986,

HAFA ÁKVEÐIÐ með samkomulagi sín á milli að gera breytingar á og setja aðlögunarákvæði í samninginn vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu,

og AÐ GERA BÓKUN ÞESSA:

I. HLUTI
BREYTINGAR

1. gr.

Texta samningsins, viðaukanna og bókananna sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokabókunarinnar og hjálagðra yfirlýsinga skal þýða á spænsku og portúgölsku og skulu þeir textar vera jafngildir frumtextunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja spænska og portúgalska textann.

2. gr.

1. Vörur, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Íslandi, skulu við innflutning til Kanaríeyja, Ceuta eða Melilla að öllu leyti njóta sömu tollfríðinda og veitt eru vörum sem upprunnar eru á tollsvæði bandalagsins, m. a. að því er tekur til „arbitrio insular“-gjaldsins sem á er lagt á Kanaríeyjum.

2. Lýðveldið Ísland skal við innflutning vara, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Kanaríeyjum, í Ceuta eða í Melilla, veita þeim sömu tollfríðindi og veitt eru vörum sem fluttar eru inn frá Spáni og upprunnar þar.

II. HLUTI
AÐLÖGUNARÁKVÆÐI VARÐANDI SPÁN ANNARS VEGAR OG ÍSLAND HINS VEGAR

3. gr.

1. Að því er varðar þær vörur sem samningurinn nær til og í samræmi við ákvæði 4. gr. b og 5. gr. skal við innflutning til Íslands og Spánar afnema í áföngum tolla á vörum, sem upprunnar eru í þessum löndum, í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:
— 1. mars 1986 verður hver tollur lækkaður í 90,0% af grunntolli,
— 1. janúar 1987 verður hver tollur lækkaður í 77,5% af grunntolli,
— 1. janúar 1988 verður hver tollur lækkaður í 62,5% af grunntolli,
— 1. janúar 1989 verður hver tollur lækkaður í 47,5% af grunntolli,
— 1. janúar 1990 verður hver tollur lækkaður í 35,0% af grunntolli,
— 1. janúar 1991 verður hver tollur lækkaður í 22,5% af grunntolli,
— 1. janúar 1992 verður hver tollur lækkaður í 10,0% af grunntolli,
— 1. janúar 1993 verða þau 10%, sem eftir standa, afnumin.

2. Tolltaxtann, sem reiknaður er samkvæmt 1. tl., skal nota þannig að stytt er í fyrsta aukastaf með því að fella niður annan aukastaf.

4. gr.

1. Að því er varðar hverja vöru skal grunntollurinn, sem áfangalækkanirnar samkvæmt 3. gr. miðast við, vera sá tollur sem gilti í reynd í viðskiptum Íslands og Spánar 1. janúar 1985, sbr. þó ákvæði 2.–4. tl.

2. Hafi tollur verið lækkaður eftir þann dag en áður en aðild tekur gildi skal lægri tollurinn þó teljast grunntollur.

3. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í I. viðauka skal grunntollurinn, sem Spánn leggur á, vera sá tollur sem tilgreindur er fyrir hverja vöru.

4. Að því er varðar óhreinsaðar jarðolíur eða olíur, fengnar úr tjörukenndum steinefnum, sem falla undir nr. 27.09 í tollskrá EBE, skal grunntollurinn, sem Spánn leggur á, vera 0.

4. gr. b.

Á vörum, sem bókun nr. 6 við samninginn nær til, skal konungsríkið Spánn afnema mismuninn milli
a. grunntollsins sem gilti í reynd á Spáni 1. janúar 1985 við innflutning á þeim vörum sem upprunnar voru á Íslandi og
b. tollsins sem um ræðir í bókun nr. 6 við samninginn og gildir í bandalaginu fyrir sömu vörur og fluttar eru inn frá Íslandi og upprunnar þar

í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í I. viðauka b.

5. gr.

1. Breytilega gjaldið (breytilegi þátturinn), er konungsríkið Spánn getur í samræmi við 1. gr. bókunar nr. 2 við samninginn lagt á vissar vörur sem skráðar eru í töflu I við þá bókun og upprunnar eru á Íslandi, skal jafnað með uppbótum sem gilda í viðskiptum milli bandalagsins, eins og það var 31. desember 1985, og Spánar.

2. Á vörunum, sem skráðar eru í töflu I við bókun nr. 2 við samninginn, skal konungsríkið Spánn í samræmi við tímaáætlunina, sem um ræðir í 3. gr., afnema mismuninn milli:
— grunntollsins sem Spánn leggur á samkvæmt 4. gr. og
— tollsins (þó ekki breytilega þáttarins) sem tilgreindur er í aftasta dálki töflu I við bókun nr. 2.

3. Á vörunum, sem skráðar eru í töflu II við bókun nr. 2 við samninginn, skal lýðveldið Ísland í samræmi við tímaáætlunina, sem um ræðir í 3. gr., afnema mismuninn milli:
— grunntollsins sem Ísland leggur á samkvæmt 4. gr. og
— tollsins (þó ekki breytilega þáttarins) sem tilgreindur er í aftasta dálki töflu II við bókun nr. 2.

6. gr.

Felli konungsríkið Spánn niður eða lækki tolla á vörum sem fluttar eru inn frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985 skal það einnig fella niður eða lækka um sama hundraðshluta innflutningstolla á vörum sem upprunnar eru á Íslandi.

7. gr.

1. Ef konungsríkið Spánn veitir þriðja landi tollkvóta, sem giltu í reynd 1. janúar 1985, skulu vörur, sem fluttar eru inn frá Íslandi, hljóta sömu meðferð og vörur sem fluttar eru inn frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985 svo lengi sem slíkir kvótar eru í gildi.

2. Ef tollkvótar eru ekki ákveðnir skal konungsríkið Spánn leggja á vörur, sem fluttar eru inn frá Íslandi, þá tolla sem lagðir eru á í þeim tilvikum er slíkir kvótar eru ákveðnir. Það magn eða verðmæti, sem þessir tollar eru lagðir á, skal takmarkast við hámark þess sem flutt var í reynd inn frá Íslandi samkvæmt sömu kvótum og ákveðnir voru 1. janúar 1985.

8. gr.

1. Ef konungsríkið Spánn beitir magntakmörkunum á innflutningi frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985:
— til 31. desember 1988 á vörum sem um ræðir í II. viðauka,
— til 31. desember 1989 á vörum sem um ræðir í III. viðauka,
skal það einnig beita magntakmörkunum á sömu vörum sem upprunnar eru á Íslandi.

2. Magntakmarkanirnar, sem um ræðir hér að ofan, skulu vera í formi allsherjarkvóta sem gilda einnig gagnvart innflutningi vara sem upprunnar eru í hinum EFTA-löndunum.

Allsherjarkvótar fyrir 1986 eru skráðir í II. og III. viðauka.

3. Hlutfall áfangahækkana fyrir kvóta, sem um ræðir í II. viðauka, og fyrir kvóta nr. 1—5 og 10—14, sem um ræðir í III. viðauka, skal vera 25% í byrjun hvers árs að því er varðar kvóta, sem tilgreindir eru í evrópskum gjaldeyriseiningum (ECU), og 20% í byrjun hvers árs að því er varðar kvóta sem tilgreindir eru í magntölum. Hækkuninni skal bætt við hvern kvóta og næsta hækkun reiknuð af samtölunni sem þannig fæst.

Að því er varðar kvóta nr. 6—9 sem skráðir eru í III. viðauka skal árleg áfangahækkun vera sem hér segir:
fyrsta árið: 13%
annað árið: 18%
þriðja árið: 20%
fjórða árið: 20%.

4. Komi í ljós að innflutningur til Spánar á vöru, sem skráð er í II. og III. viðauka, hefur tvö ár í röð numið minna en 90% af kvótanum skal konungsríkið Spánn, frá byrjun næsta árs að liðnum þessum tveim árum, setja þá vöru á frílista sé hún upprunnin á Íslandi eða í löndum þeim sem um ræðir í 2. tl. enda sé varan þá á frílista gagnvart bandalaginu eins og það var 31. desember 1985.

5. Setji konungsríkið Spánn á frílista vöru, sem skráð er í II. eða III. viðauka og flutt er inn frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985, eða hækki kvóta umfram lágmarkið sem í gildi er gagnvart bandalaginu eins og það var á ofangreindum degi skal það einnig setja á frílista slíka vöru, sem upprunnin er á Íslandi, eða hækka allsherjarkvótann hlutfallslega.

6. Við stjórnun ofangreindra kvóta skal konungsríkið Spánn beita sömu reglum og venjum og beitt er um slíkar innfluttar vörur sem upprunnar eru í bandalaginu eins og það var 31. desember 1985.

8. gr. b

Sem frávik frá 13. gr. samningsins og til 31. 12. 1992 skal innflutningur á tilteknum sjávarafurðum, tilgreindum í 1. gr. bókunar nr. 6, sem upprunnar eru á Íslandi, fluttar inn til konungsríkisins Spánar og skráðar í III. viðauka b, vera háður magntakmörkunum.

Þessar takmarkanir skulu gilda innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem greint er frá hér að neðan. Grunnmagnstölur fyrir 1986 skulu vera þær sem skráðar eru í III. viðauka b.

Stjórnunartímabil þessara kvóta skulu vera þrír mánuðir í senn.

Fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 31. desember 1992 skulu grunnárskvótar ákveðnir a. m. k. jafnháir og magntölurnar sem um ræðir hér að ofan.

Innflutningur á þessum vörum til bandalagsins getur því aðeins notið forréttindatolls að verð „frítt að landamærum“ á viðkomandi vörum, staðfest af aðildarríkjunum samkvæmt 21. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3796/81, sé a. m. k. jafnhátt og viðmiðunarverðið sem bandalagið ákveður fyrir viðkomandi vörur eða vöruflokka.

Innflutningur til Spánar á vörum, sem falla undir nr. 15.04 í tollskrá EBE, skal háður magntakmörkunum í fimm ár.

III. HLUTI

AÐLÖGUNARÁKVÆÐI VARÐANDI PORTÚGAL ANNARS VEGAR OG ÍSLAND HINS VEGAR

9. gr.

1. Að því er varðar þær vörur sem samningurinn nær til og í samræmi við ákvæði 10. gr. b. og 12. gr. skal við innflutning til Portúgals afnema í áföngum tolla á vörum, sem upprunnar eru á Íslandi, í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

— 1. mars 1986 verður hver tollur lækkaður í 90% af grunntolli,
— 1. janúar 1987 verður hver tollur lækkaður í 80% af grunntolli,
— 1. janúar 1988 verður hver tollur lækkaður í 65% af grunntolli,
— 1. janúar 1989 verður hver tollur lækkaður í 50% af grunntolli,
— 1. janúar 1990 verður hver tollur lækkaður í 40% af grunntolli,
— 1. janúar 1991 verður hver tollur lækkaður í 30% af grunntolli,
— tvær síðustu lækkanirnar, 15% hvor, skulu verða 1. janúar 1992 og 1. janúar 1993.

2. Tolltaxtann, sem reiknaður er samkvæmt 1. tl., skal nota þannig að stytt er í fyrsta aukastaf með því að fella niður annan aukastaf.

10. gr.

1. Að því er varðar hverja vöru skal grunntollurinn, sem áfangalækkanirnar samkvæmt 9. gr. miðast við, vera sá tollur sem gilti í reynd í Portúgal 1. janúar 1985 í viðskiptum við Ísland, sbr. þó ákvæði 2.–4. tl.

2. Hafi tollur verið lækkaður eftir þann dag en áður en aðild tekur gildi skal lægri tollurinn þó teljast grunntollur.

3. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í IV. viðauka skal grunntollurinn, sem Portúgal leggur á, vera sá tollur sem tilgreindur er fyrir hverja vöru.

4. Að því er varðar vörurnar sem skráðar eru í V. viðauka, svo og eldspýtur og tundur, skulu grunntollarnir vera þeir tollar sem tilgreindir eru í greindum viðauka.

10. gr. b.

Á vörum, sem bókun nr. 6 við samninginn nær til, skal lýðveldið Portúgal afnema mismuninn milli

a. grunntollsins sem gilti í reynd í Portúgal 1. janúar 1985 við innflutning á þeim vörum sem upprunnar voru á Íslandi eða, í þeim tilvikum er hann var hærri, tollsins sem lagður var á innflutning á sömu vörum frá bandalaginu og
b. tollsins sem um ræðir í bókun nr. 6 við samninginn og gildir í bandalaginu fyrir sömu vörur og fluttar eru inn frá Íslandi og upprunnar þar

í samræmi við tímaáætlunina sem tilgreind er í VII. viðauka.

11. gr.

1. Eftirtalin gjöld, sem Portúgal leggur á í viðskiptum við Ísland, skal afnema í áföngum í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a. 0,4% verðgjald, lagt á vörur sem fluttar eru inn tímabundið, endurinnfluttar vörur (þó ekki gáma) og vörur sem fluttar eru inn samkvæmt reglum um innanlandsaðvinnslu og einkennast af því að tollar, sem á þær voru lagðir við innflutning, eru endurgreiddir eftir útflutning þeirrar vöru sem til varð við aðvinnsluna (endurgreiðsluvörur), skal lækkað í 0,2% 1. janúar 1987 og afnumið 1. janúar 1988;
b. 0,9% verðgjald, lagt á vörur sem fluttar eru inn til innanlandsnotkunar, skal lækkað í 0,6% 1. janúar 1989, í 0,3% 1. janúar 1990 og afnumið 1. janúar 1991.

2. Að því er varðar lakkrísextrakt, sem inniheldur ekki meira en 10% af sakkarósa miðað við þyngd en ekki önnur aukaefni og fellur undir nr. 17. 04 A í tollskrá EBE, skal lýðveldið Portúgal afnema í áföngum 5 eskúdóa fjáröflunargjald á kíló í samræmi við tímaáætlunina sem um ræðir í 9. gr.

12. gr.

1. Breytilega gjaldið (breytilegi þátturinn), er lýðveldið Portúgal getur í samræmi við 1. gr. bókunar nr. 2 við samninginn lagt á vissar vörur sem skráðar eru í töflu I við þá bókun og upprunnar eru á Íslandi, skal jafnað með uppbótum sem gilda í viðskiptum milli bandalagsins, eins og það var 31. desember 1985, og Portúgals.

2. Á vörunum, sem skráðar eru í töflu I við bókun nr. 2 við samninginn, skal lýðveldið Portúgal í samræmi við tímaáætlunina, sem um ræðir í 1. tl. 9. gr., afnema mismuninn milli:
— grunntollsins sem Portúgal leggur á samkvæmt 10. gr. og
— tollsins (þó ekki breytilega þáttarins) sem tilgreindur er í aftasta dálki töflu I við bókun nr. 2.

3. Öllum tilvikum þegar lágmarkstollur (fast gjald) er lagt á gagnvart bandalaginu, svo sem tilgreint er í VI. bókun, skal sami lágmarkstollur lagður á gagnvart Íslandi ef útreikningurinn vegna skiptingarinnar leiðir gagnvart Íslandi til lægri tolls en lágmarkstollsins sem lagður er á gagnvart bandalaginu.

4. Á vörunum, sem skráðar eru í töflu II við bókun nr. 2 við samninginn, skal lýðveldið Ísland í samræmi við tímaáætlunina, sem um ræðir í 9. gr., afnema mismuninn milli:
— tollanna sem giltu í reynd á Íslandi 1. janúar 1985 og
— tollsins (þó ekki breytilega þáttarins) sem tilgreindur er í aftasta dálki töflu II við bókun nr. 2.

13. gr.

Felli lýðveldið Portúgal niður eða lækki tolla eða gjöld, sem um ræðir í 11. gr., af vörum sem fluttar eru inn frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985 skal það einnig fella niður eða lækka um sama hundraðshluta þá tolla eða gjöld af vörum sem upprunnar eru á Íslandi.

14. gr.

1. Lýðveldið Portúgal mun til 31. desember 1987 halda magntakmörkunum á innfluttum ökutækjum innan marka innflutningskvótakerfis.

2. Setji lýðveldið Portúgal á frílista viðkomandi ökutæki, sem flutt eru inn frá bandalaginu eins og það var 31. desember 1985, eða hækki kvóta umfram það mark sem í gildi er gagnvart bandalaginu eins og það var á ofangreindum degi skal það einnig setja á frílista vöruna, sem um ræðir, sé hún upprunnin á Íslandi, eða hækka kvótann fyrir það land hlutfallslega.

14. gr. b.

Sem frávik frá 13. gr. samningsins og til 31. 12. 1992 skal innflutningur á tilteknum sjávarafurðum, tilgreindum í 1. gr. bókunar nr. 6, sem upprunnar eru á Íslandi, fluttar inn til lýðveldisins Portúgals og skráðar í III. viðauka b, vera háður magntakmörkunum.

Þessar takmarkanir skulu gilda innan þeirra marka og samkvæmt þeim skilyrðum sem greint er frá hér að neðan. Grunnmagnstölur fyrir 1986 skulu vera þær sem skráðar eru í III. viðauka b.

Stjórnunartímabil þessara kvóta skulu vera þrír mánuðir í senn.

Fyrir tímabilið 1. janúar 1987 til 31. desember 1992 skulu grunnárskvótar ákveðnir a. m. k. jafnháir og magntölurnar sem um ræðir hér að ofan.

Innflutningurinn á þessum vörum til bandalagsins getur því aðeins notið forréttindatolls að verð „frítt að landamærum“ á viðkomandi vörum, staðfest af aðildarríkjunum samkvæmt 21. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3796/81, sé a. m. k. jafnhátt og viðmiðunarverðið sem bandalagið ákveður fyrir viðkomandi vörur eða vöruflokka.

Innflutningur til Portúgals á vörum, sem falla undir nr. 15.04 í tollskrá EBE, skal háður magntakmörkunum í fimm ár.

15. gr.

Lýðveldið Portúgal skal afnema mismuninn milli endurgreiðsluhlutfalls tryggingastofnana á lyfjavörum, sem framleiddar eru í Portúgal, og endurgreiðsluhlutfalls á lyfjavörum, sem fluttar eru inn frá Íslandi. Skal það gerast í þremur árlegum þrepum, jafnstórum, á eftirfarandi dögum:

— 1. janúar 1987
— 1. janúar 1988
— 1. janúar 1989.

IV. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Sameiginlega nefndin skal gera þær breytingar á upprunareglunum sem nauðsynlegar kunna að vera vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

17. gr.

Viðaukarnir við bókun þessa eru óaðskiljanlegur hluti hennar. Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

18. gr.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. mars 1986 að því tilskildu að samningsaðilarnir

hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

19. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

Fylgiskjal II.

VIÐBÓTARBÓKUN

við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að bandalaginu.

KONUNGSRÍKIÐ BELGÍA,

KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGSRÍKIÐ HOLLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBORG,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

KONUNGSRÍKIÐ SPÁNN,

HIÐ SAMEINAÐA KONUNGSRÍKI STÓRA-BRETLAND OG NORÐUR-ÍRLAND

OG SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

sem eru aðilar að Kola- og stálbandalagi Evrópu,

annars vegar og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND

hins vegar,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af samningnum milli aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands sem undirritaður var í Bruxelles 22. júlí 1972 og hér á eftir verður nefndur „samningurinn“,

HAFA HLIÐSJÓN AF aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum 1. janúar 1986 og

HAFA Í HUGA að 19. desember 1985 gerðu aðildarríki bandalagsins og bandalagið annars vegar og lýðveldið Ísland hins vegar með sér samkomulag um reglur varðandi viðskipti milli Íslands annars vegar og Spánar og Portúgals hins vegar á tímabilinu 1. janúar – 28. febrúar 1986,

HAFA ÁKVEÐIÐ með samkomulagi sín á milli að gera breytingar á og setja aðlögunarákvæði í samninginn vegna aðildar konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Kola- og stálbandalagi Evrópu

og AÐ GERA BÓKUN ÞESSA:

1. gr.

Konungsríkið Spánn og lýðveldið Portúgal gerast hér með aðilar að samningnum.

I. HLUTI
BREYTINGAR

2. gr.

1. Texta samningsins, viðaukanna og bókananna sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, lokabókunarinnar og hjálagðra yfirlýsinga skal þýða á spænsku og portúgölsku og skulu þeir textar vera jafngildir frumtextunum. Samningsaðilarnir skulu samþykkja spænska og portúgalska textann með erindaskiptum.

2. Vörur, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Íslandi, skulu við innflutning til Kanaríeyja, Ceuta eða Melilla að öllu leyti njóta sömu tollfríðinda og veitt eru vörum sem upprunnar eru á tollsvæði bandalagsins, m. a. að því er tekur til „arbitrio insular"-gjaldsins sem á er lagt á Kanaríeyjum.

3. Lýðveldið Ísland skal við innflutning vara, sem samningurinn nær til og upprunnar eru á Kanaríeyjum, í Ceuta eða í Melilla, veita þeim sömu tollfríðindi og veitt eru vörum sem fluttar eru inn frá Spáni og upprunnar þar.

II. HLUTI
ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

3. gr.

Samningsaðilarnir skulu með erindaskiptum gera þær breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera eftir aðild konungsríkisins Spánar og lýðveldisins Portúgals að Evrópubandalögunum.

4. gr.

Bókun þessi er óaðskiljanlegur hluti samningsins.

5. gr.

Samningsaðilarnir skulu samþykkja bókun þessa samkvæmt þeim reglum sem gilda hjá hvorum aðila um sig. Skal hún ganga í gildi 1. mars 1986 að því tilskildu að samningsaðilarnir hafi fyrir þann tíma tilkynnt hvor öðrum að hún hafi hlotið þá meðferð sem nauðsynleg er til að svo megi verða. Eftir þetta tímamark skal bókunin ganga í gildi á fyrsta degi annars mánaðar, talið frá þessari tilkynningu.

6. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti, á dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku, og eru allir þessir textar jafngildir.

Ed. 533. Frumvarp til laga [288. mál]

um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Þó skulu 6½% af þeim 29% sem um getur í 1. mgr. koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru yfir 240 brúttórúmlestir, en 22½% ekki, og 10½% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum sem eru 240 brúttórúmlestir og minni, en 18½% ekki.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 6% sem sérstakan kostnaðarhlut útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda ákvæði þeirra frá 1. febrúar 1986 og taka til afla sem landað er frá þeim tíma. Frá og með 1. febrúar 1986 að telja eru felld úr gildi ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 71 30 maí 1984, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum með síðari breytingum, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 9 26. apríl 1985.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við ákvörðun fiskverðs fyrir tímabilið 1. febrúar 1986 til 31. maí 1986 var við það miðað, að kostnaðarhlutur útgerðar utan skipta lækkaði um 2½% við landanir innanlands, en 1% þegar fiskiskip selur afla sinn í erlendri höfn, og aflahlutir sjómanna hækkuðu sem því svarar. Frumvarp þetta er flutt til þess að framkvæma þessar breytingar á kostnaðarhlut, en um þær var ekki ágreiningur í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins og stóðu fulltrúar bæði sjómanna og útvegsmanna að þessari ákvörðun. Lagaákvæðin um kostnaðarhlut voru

upphaflega sett vegna hækkandi olíukostnaðar og rekstrarerfiðleika hjá útgerðinni. Nú hefur ræst úr með vaxandi afla og lækkandi olíuverði. Vonir standa til að gasolíuverð hér á landi muni lækka um 5 til 10% á næstu vikum. Hver 5% lækkun olíuverðs lækkar útgerðarkostnaðinn í heild um 120 m.kr. á ári (þar af um 100 m.kr. á botnfiskveiðum togara og báta 20–200 lestir). Með þeirri breytingu á kostnaðarhlut, sem hér er lögð til, skerðist hlutur útgerðarinnar í aflaverðmæti um nálægt 85 m.kr. á ári. (Þar af um 70 m.kr. á botnfiskveiðum togara og báta 20–200 lestir).

Eins og fram kemur í frétt Verðlagsráðs sjávarútvegsins, dags. 13. febrúar 1986 (fylgiskjal I), var við það miðað í fiskverðssamningunum, að verðbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs skuli framvegis miðast við innanlandsverð á þeim fiski, sem fluttur er óunninn í gámum á erlendan markað, en ekki söluverð erlendis. Sjávarútvegsráðuneytið hefur hrundið þessu í framkvæmd eins og sést í fylgiskjali III. Í þessu felst að bætur til útgerðar vegna þessa afla lækka verulega, eða um nálægt 30 m.kr. á ári miðað við ísfisksölur í gámum 1985.

Um 1. gr.

Skv. 1. gr. laga nr. 9/1985 komu 4% af kostnaðarhlut til skipta á skipum yfir 240 brl., en 8% á skipum undir því stærðarmarki. Hér er lagt til, að báðar tölurnar hækki um 2½, þ. e. hlutur útgerðar utan skipta lækki sem þessu svarar.

Um 2. gr.

Skv. 2. gr. laga nr. 9/1985 var dreginn frá brúttósöluverði 7% sérstakur kostnaðarhlutur útgerðar auk frádráttartölu skv. kjarasamningum áður en hlutur áhafnar var reiknaður. Hér er lagt til að þessi frádráttur lækki um 1% og verði 6%.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að ákvæði laganna gildi frá sama tíma og nýtt fiskverð, þ. e. frá 1. febrúar s. l. Jafnframt er lagt til, að eldri lagaákvæði um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar verði felld úr gildi og þessi lög standi sjálfstætt. Eldri ákvæði um kostnaðarhlut útgerðar voru upphaflega hluti bráðabirgðalaga sem að miklu leyti eru úr gildi fallin eða eiga ekki lengur við.

Fylgiskjal I.

Frétt frá Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins ákvað í dag nýtt fiskverð, er gilda skal frá 1. febrúar til 31. maí 1986.

Ákvörðunin felur í sér 3½% meðalhækkun frá því verði, sem gilti til 31. janúar s. l.

Ákveðið var með samkomulagi í yfirnefndinni og með samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að greiða á verðtímabilinu verðuppbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs, sem hér segir: 20% á ufsaverð, þó ekki í mars og apríl, 16% á karfaverð, en 6% á annað botnfiskverð, þar með talið ýsuverð. Verðuppbót þessi greiðist aðeins á afla, sem landað er til vinnslu hér á landi. Enn fremur lá fyrir ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins að verðbætur úr Aflatryggingasjóði vegna ísfisks, sem fluttur er með gámum á erlendan markað, skuli frá 1. febrúar 1986 miðast við innanlandsverð skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins en ekki söluverð erlendis.

Þá var ákveðið með samkomulagi beggja aðila, að greiða skyldi 5% álag á verð óslægðs fisks sem ísaður er í kör og er í 1. gæðaflokki.

Þegar fiskverðsákvörðunin var tekin, var á því byggt, að sá hluti kostnaðarhlutar útgerðar, sem kemur til skipta samkvæmt lögum, verði aukinn um 2½%, þegar landað er innanlands en 1% þegar veiðiskip selur afla sinn erlendis. Forsenda þessarar breytingar er m. a. sú, að gasolíuverð hér á landi lækki sem næst 7% frá 1. mars og um 3% frá 15. mars næstkomandi.

Fari almenn launahækkun á verðtímabilinu skv. kjarasamningum fram úr 5%, er heimilt að segja fiskverðinu upp frá þeim tíma, er slík launahækkun tekur gildi. Verðinu verður þó ekki sagt lausu fyrr en frá 15. mars 1986.

Verðið var ákveðið með atkvæðum fulltrúa fiskseljenda og oddamanns gegn atkvæðum fulltrúa fiskkaupenda.

Í yfirnefndinni áttu sæti: Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem var oddamaður, Friðrik Pálsson og Gunnar Tómasson, fulltrúar kaupenda, og Kristján Ragnarsson og Guðjón A. Kristjánsson, fulltrúar seljenda.

Reykjavík, 13. febrúar 1986.
Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Fylgiskjal II.

Rekstraráætlanir botnfiskveiða og -vinnslu við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986.

Tafla 1.

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986. (Áætlunin er byggð á ársreikningum útgerðarfyrirtækja, togara og báta 20–200 brl. frá árinu 1983, framreiknað með verð- og magnbreytingum til janúarloka 1986.)

(Millj. kr., kaupgengi USD = 42.30)

	Fyrir fiskverðs-ákvörðun	Eftir fiskverðs-ákvörðun[1])
Tekjur alls:	**11 266,2**	**11 534,7**
Seldur afli að viðbættum bótum úr Aflatryggingasjóði	10 932,8	11 201,3
Aðrar tekjur	333,4	333,4
Gjöld:	**9 188,7**	**9 346,6**
Aflahlutir	3 052,2	3 210,1
Laun og tengd gjöld	879,3	879,3
Olíur	1 800,1	1 800,1
Veiðarfæri	772,5	772,5
Viðhald	1 108,5	1 108,5
Annar kostnaður	1 576,1	1 576,1
Verg hlutdeild fjármagns	**2 077,5**	**2 188,1**
Verg hlutdeild, % af tekjum	18,4	19,0
Reiknuð árgreiðsla, afskriftir og vextir af fastafjármunum[2])		
Miðað við 3% vexti	1 731,5	1 731,5
Miðað við 6% vexti	2 143,2	2 143,2
Hreinn hagnaður:		
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	346,0	456,6
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	−65,7	44,6
Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum:		
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	3,1	4,0
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	−0,6	0,4

1) Hér er reiknað með áhrifum fiskverðsbreytinga skv. ákvörðun yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 13. febrúar s. l., sem tekur gildi 1. febrúar 1986, og 6% lækkun olíuverðs, 2½% lækkun á kostnaðarhlut útgerðar utan skipta við landanir innanlands en 1% lækkun á kostnaðarhlut við landanir erlendis.

2) Vátryggingaverðmæti skipa er notað sem stofnfjárhæð í árgreiðslu og er reiknað með 12 ára endingartíma og 10% hrakvirði.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2.

Áætlað rekstraryfirlit frystingar og söltunar við fiskverðsákvörðun í febrúar 1986.
(Áætlunin er byggð á ársreikningum fyrirtækja
frá árinu 1984,
framreiknað með verð- og magnbreytingum
til janúarloka 1986.)

(Millj. kr., kaupgengi USD = 42.30)

	Fyrir fiskverðsákvörðun			Eftir fiskverðsákvörðun*)		
	Frysting	Söltun	Samtals	Frysting	Söltun	Samtals
1. Tekjur alls:	**11 908,6**	**4 765,1**	**16 673,7**	**11 908,6**	**4 765,1**	**16 673,7**
1.1 Útflutningstekjur	11 545,6	4 557,8	16 103,4	11 545,6	4 557,8	16 103,4
1.2 Greitt í Verðj.sj. [1])	—	−110,0	−110,0	—	−110,0	−110,0
1.3 Selt af hráefni	167,5	130,3	297,8	167,5	130,3	297,8
1.4 Aðrar tekjur	195,5	187,0	382,5	195,5	187,0	382,5
2. Gjöld alls:	**10 403,9**	**4 023,9**	**14 427,8**	**10 551,7**	**4 147,2**	**14 698,9**
2.1 Laun og tengd gjöld	2 800,8	684,7	3 485,5	2 800,8	684,7	3 485,5
2.2 Hráefni	5 402,6	2 602,8	8 005,4	5 551,8	2 726,5	8 278,3
2.3 Umbúðir	506,0	42,8	548,8	506,0	42,8	548,8
2.4 Flutningskostnaður	256,5	161,3	427,8	256,5	161,3	417,8
2.5 Orka	291,5	69,9	361,4	290,1	69,5	359,6
2.6 Viðhald	366,8	111,2	478,0	366,8	111,2	478,0
2.7 Annar kostnaður	779,7	351,2	1 130,9	779,7	351,2	1 130,9
3. Verg hlutdeild fjármagns (3.=1.–2.)	**1 504,7**	**741,2**	**2 245,9**	**1 356,9**	**617,9**	**1 974,8**
4. Reiknaðir vextir vegna afurðalána 2)	**404,1**	**119,6**	**523,7**	**404,1**	**119,6**	**523,7**
5. Reiknuð árgreiðsla, afskriftir og vextir af fastafjármunum						
5.1 Miðað við 3% vexti	792,1	188,6	980,7	792,1	188,6	980,7
5.2 Miðað við 6% vexti	957,3	227,6	1 184,9	957,3	227,6	1 184,9
6. Hreinn hagnaður:						
6.1 Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	308,5	433,0	741,5	160,7	309,7	470,4
6.2 Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	143,3	394,0	537,3	−4,5	270,7	266,2
Hlutföll af tekjum alls, %						
Verg hlutdeild fjármagns	12,6	15,5	13,5	11,4	13,0	11,8
Hreinn hagnaður:						
Miðað við 3% vexti í árgreiðslu	2,6	9,1	4,4	1,3	6,5	2,8
Miðað við 6% vexti í árgreiðslu	1,2	8,3	3,2	0,0	5,7	1,6

*) Hér er reiknað með áhrifum fiskverðsbreytinga skv. ákvörðun yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 13. febrúar s. l., sem tekur gildi 1. febrúar 1986, og 6% lækkun olíuverðs, 2½% lækkun á kostnaðarhlut útgerðar utan skipta við landanir innanlands en 1% lækkun á kostnaðarhlut við landanir erlendis.

1) Bráðabirgðatala.

2) Reiknað er með 10,5% vaxta- og lántökukostnaði og 4 mánaða meðalafurðalánatíma fyrir frystar afurðir og 3 mánaða meðalafurðalánatíma fyrir saltaðar afurðir.

3) Í árgreiðslu er reiknað með eftirfarandi endingartíma fastafjármuna:

Fasteignir	25,0 ár
Vélar og tæki	6,7 ár
Flutningstæki	5,0 ár

Stofnfjárhæð í ársgreiðslu og samsetning fastafjármuna er metin út frá afskriftum og fyrningarskýrslum í ársreikningum fiskvinnslufyrirtækja.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Fylgiskjal III.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins,
Fiskifélagi Íslands,
Höfn/Ingólfsstræti,
101 REYKJAVÍK

18. febrúar 1986.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur ákveðið, að verðbætur þær, sem greiddar eru úr almennu deild Aflatryggingasjóðs á ísfisk, sem fluttur er í gámum á erlendan markað, skuli frá 1. febrúar 1986 miðast við lágmarksverð það, sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins hverju sinni, en ekki söluverð erlendis.

Við útreikning lágmarksverðs skal leggja til grundvallar verð fisks, sem metinn er í 1. gæðaflokk og er af meðalstærð viðkomandi tegundar samkvæmt aflaskýrslum til Fiskifélags Íslands.

Halldór Ásgrímsson.

Jón B. Jónasson.

Sþ. 534. Breytingartillögur [277. mál]

við till. til þál. um rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Tillgr. orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að beita nú þegar heimild í 62. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, og standa fyrir myndun félagsskapar ríkisins og þeirra, er fiskeldi stunda, um rekstur rannsókna- og tilraunastöðvar. Fiskeldisstöðin í Kollafirði skal nýtt í þessu skyni, einkum til kynbóta- og erfðafræðirannsókna, rannsókna á fisksjúkdómum og annarrar skyldrar starfsemi sem henta þykir að stunda þar.

   Einnig skal komið á fót tilraunastöð í seiðaeldi og fiskirækt við Öxarfjörð. Þar skal rannsaka sérstaklega þá möguleika sem miklar ferskvatnsuppsprettur í Kelduhverfi, með kjörhitastigi til seiðaeldis, bjóða upp á til seiðaframleiðslu í stórum stíl. Einnig skulu rannsakaðir í stöðinni möguleikar á eldi í ferskvatni í stórseiðastærð eða allt í sláturstærð. Þá skal enn fremur við uppbyggingu stöðvarinnar taka mið af mögulegri hagnýtingu jarðvarma frá háhitasvæði í Öxarfirði til fiskeldis og æskilegrar tilraunastarfsemi í því sambandi.

   Stöðin í Kollafirði og tilraunastöðin við Öxarfjörð skulu í sameiningu hafa með höndum leiðbeiningar- og fræðslustarfsemi um varnir gegn fisksjúkdómum, fóðrun fiska og aðra þýðingarmikla þætti ferskvatns- og sjávareldis.
2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um rannsókna- og tilraunastarfsemi í seiðaeldi og fiskirækt.

Sþ. 535. Fyrirspurn [289. mál]

til landbúnaðarráðherra um nýframkvæmdir í landbúnaði s.l. sex ár.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hve miklar hafa framkvæmdir í landbúnaði verið hvert einstakt ár á tímabilinu 1980–1985 í hverju kjördæmi skipt í eftirgreinda þætti:
   a. fjósbyggingar, í m^3,
   b. fjárhúsbyggingar, í m^3,
   c. nýrækt túna, í ha.,
   d. vinnslu lands vegna grænfóðurræktar, í ha.,
   e. skurðgröft, í km^3,
   f. nýbýli?
2. Hve stóran hluta ofangreindra framkvæmda hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stofnlánadeild landbúnaðarins samþykkt áður en þær voru hafnar?
3. Hve miklum fjárhæðum hafa annars vegar styrkveitingar úr ríkissjóði og hins vegar lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins numið til einstakra framkvæmdaþátta skv. 1. lið, a–f, á verðlagi í jan. 1986?
4. Hve margir nýir ábúendur hafa byrjað búskap á ríkisjörðum á hverju ári á tímabilinu 1980–1985?
5. Hversu margar mjólkandi kýr voru í landinu að meðaltali á hverju ári á tímabilinu 1980–1985?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 536. Fyrirspurn [290. mál]

til viðskiptaráðherra um verðbætur á innlán og útlán banka.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Hvernig brúa bankar þann mismun sem er milli greiddra verðbóta af lánum með afborgunarkjörum og greiddra verðbóta af innstæðum á verðtryggðum reikningum?

Sþ. 537. Fyrirspurn [291. mál]

til sjávarútvegsráðherra um áætlun um hvalarannsóknir.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Hvað líður endurskoðun áætlunar um hvalarannsóknir sem boðuð var þegar gildistöku samnings við Hval hf. um hvalveiðar í vísindaskyni var frestað og hún ákveðin 1. janúar 1986?

2. Hvernig hefur sú endurskoðun verið unnin?
3. Hvenær verður hin endurskoðaða áætlun kynnt?
4. Hvað líður samningum um skiptingu hrefnuveiða milli aðila?
5. Verður notkun nýrra norskra sprengiskutla skyld samkvæmt samningnum?

Sþ. 538. Fyrirspurn [292. mál]

til sjávarútvegsráðherra um fjármögnun áætlunar um rannsóknir á hvalastofninum.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Er sala á hval til Japans tryggð þann tíma sem áætlaðar rannsóknir á hvalastofninum eiga að fara fram?
2. Hvaða leiða hyggst ráðherra leita ef fjármögnun rannsóknaráætlana með sölu á hval til Japans bregst, t.d. fyrir þrýsting frá Bandaríkjamönnum?
3. Hver voru viðbrögð Bandaríkjastjórnar við erindi ríkisstjórnarinnar um hvalveiðimálið í viðræðum við Shultz utanríkisráðherra 6. nóv. s. l. í Reykjavík?

Sþ. 539. Fyrirspurn [293. mál]

til dómsmálaráðherra um störf ríkissaksóknara.

Frá Stefáni Benediktssyni.

Er ríkissaksóknara eða fulltrúa hans skylt að mæta í réttarhöld þar sem hann fer með ákæruvaldið?

Sþ. 540. Fyrirspurn [294. mál]

til landbúnaðarráðherra um ákvörðun um fullvirðisrétt í landbúnaðarframleiðslu næstu verðlagsár.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvenær er þess að vænta að fyrir liggi tillögur og ákvarðanir um fullvirðisrétt bænda fyrir næsta verðlagsár:
   a. vegna nautgripaafurða,
   b. vegna sauðfjárafurða?
2. Hvert er það framleiðslumagn sem landbúnaðarráðherra gerir ráð fyrir að fullt verð komi fyrir árlega í hefðbundnum búgreinum næstu 5 árin?
3. Hvenær geta bændur vænst þess að vita um fullvirðisrétt sinn á umræddu tímabili, þ.e. fyrir verðlagsárin 1987–1991?

Nd. 541. Frumvarp til laga [295. mál]

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60 1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

2. gr.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

4. gr.

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sem getur haldið dómþing hvar sem er á landinu. Utan Reykjavíkur er lögreglustjóra þó heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

6. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta fjallar að stofni til um sama efni og núgildandi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973. Sú meginbreyting er lögð til með frumvarpi þessu að færa frumrannsókn frá dómstólnum til lögreglu, svo sem gert var í öðrum málaflokkum með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins skv. lögum nr. 108/1976 og breytingu á lögunum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 107/1976.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum var stofnaður með lögum nr. 52/1973. Tilgangurinn með stofnun sérdómstóls til að fara með mál varðandi fíkniefnabrot var samkvæmt því sem segir í athugasemdum við lagafrumvarpið sem flutt var 1972, fyrst og fremst að efla löggæslu á sviði ávana- og fíkniefnamála og koma á því skipulagi að rannsókn þessara mála sé undir stjórn eins rannsóknardómara, sem fylgist þá með öllu starfi löggæslu og tollgæslu á þessu sviði.

Talið var hagræði að því að hafa meðferð máls sem nær til aðila í mörgum lögsagnarumdæmum undir yfirstjórn eins rannsóknardómara.

Er lög þessi voru sett ríkti alfarið rannsóknarréttarfar hér á landi og það var hlutverk dómara að stýra rannsókn brotamála. Með lagabreytingunni 1976 voru gerðar gagngerar breytingar á réttarfari í landinu. Var þá í meginatriðum skilið á milli lögregluvalds og dómsvalds.

Lögin um sérstakan dómara í ávana- og fíkniefnamálum byggja hins vegar enn á rannsóknarréttarfarinu þótt það sé nú í grundvallaratriðum lagt niður að öðru leyti.

Samkvæmt núgildandi lögum tekur sakadómurinn við málunum á rannsóknarstigi og gengur frá þeim til ríkissaksóknara ef þeim verður ekki lokið með dómssátt fyrir sakadóminum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum breytist meðferð þessara mála þannig að lögreglustjórar senda málin að frumrannsókn lokinni ríkissaksóknara til ákæru eða til sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum ef ljúka má málinu sem sátt.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að fá sakadóminum í ávana- og fíkniefnamálum sama hlutverk í þeim málum og sakadómur Reykjavíkur hefur í almennum sakamálum.

Ef frumvarp þetta verður að lögum er gert ráð fyrir því að breytt verði reglugerð um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 253/1977 þannig að rannsóknardeild lögreglustjóra í umdæmum þar sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns óknir brotamála skuli fengin rannsókn brota á lögum um ávana- og fíkniefni og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þetta ákvæði kæmi sem viðbót við 2. gr. reglugerðarinnar.

Er þetta fyrirkomulag á lögregluranns óknum í samræmi við tillögur starfshóps um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna sem skipaður var samkvæmt þingsályktun frá 20. desember 1983 og skilaði tillögum 5. mars 1984. Einnig telja norskir sérfræðingar sem unnið hafa tillögur um skipulag lögreglumála á höfuðborgarsvæðinu að rannsóknir í ávana- og fíkniefnamálum eigi áfram að vera í höndum rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík.

Þá yrði rannsóknardeildinni við lögreglustjóraembættið í Reykjavík væntanlega falið að veita öðrum lögregluembættum aðstoð við rannsókn fíkniefnamála svo og að halda upplýsingaskrár á þessu sviði. Er það einnig í samræmi við þær tillögur sem starfshópur um aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna gerði í skýrslu sinni frá 5. mars 1984.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Efnislega er þessi grein samhljóða 1. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því að fellt er niður að brotin skulu rannsökuð fyrir dóminum, einungis er sagt að opinber mál vegna brota á lögum varðandi ávana- og fíkniefni skuli rekin og dæmd fyrir þessum sakadómi.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. gr. í núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Þessi grein er einnig samhljóða 3. gr. núgildandi laga.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um hvernig skuli standa að því af hálfu lögreglu þegar leita þarf atbeina dómara á frumrannsóknarstigi fíkniefnamáls. Lagt er til að þegar um er að ræða mál sem rannsökuð eru af lögreglunni í Reykjavík sé eingöngu leitað til sérdómstólsins með málið. Lagt er til að sakadóminum verði veitt landslögsaga til uppkvaðningar úrskurða við rannsókn á sama hátt og hann hefur slíka lögsögu við meðferð máls á dómsstigi. Utan Reykjavíkur eigi lögregla þó val um það hvort hún leitar til sérdómstólsins eða til viðkomandi sakadóms í héraðinu og sömuleiðis þegar mál varðar bæði fíkniefnabrot og önnur lagabrot.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að ríkissaksóknari hafi úrskurðarvald um fyrir hvaða dómstóli mál skuli rekið sem varðar bæði brot á ávana- og fíkniefnalögum og önnur lagabrot.

Um 6. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. núgildandi laga. Ákveður ráðherra samkvæmt þessari grein hver umboðsstörf sakadómaranum verða falin.

Um 7. gr.

Rétt þykir að hafa tiltekinn gildistökudag á lögum þessum.

Tekið skal fram að þessi breyting sem hér er lögð til á starfsemi sakadómsins í ávana- og fíkniefnamálum hefur ekki áhrif á ráðningu starfsmanna dómstólsins.

Sþ. 542. Svar [242. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um þróun á markaðshlutdeild innlends iðnvarnings.

Ráðuneytið leitaði til Félags íslenskra iðnrekenda um efni fyrirspurnarinnar og fékk eftirfarandi upplýsingar um markaðshlutdeild helstu vöruflokka innlends iðnvarnings 1980–1985.

Þar sem tölur fyrir fjórða ársfjórðung 1985 lágu ekki fyrir eru birtar tölur fyrir þriðja ársfjórðung 1985 og þriðja ársfjórðung 1984 til samanburðar.

Markaðshlutdeild innlendrar kaffibrennslu árin 1980–1985.

1980	86,6%
1981	79,8%
1982	78,7%
1983	76,6%
1984	79,9%
3. ársfj. 1984	75,5%
3. ársfj. 1985	71,2%

Markaðshlutdeild innlendrar hreinlætisvöruframleiðslu 1980–1985.

1980	67,3%
1981	63,2%
1982	59,6%
1983	63,3%
1984	60,6%
3. ársfj. 1984	56,6%
3. ársfj. 1985	54,0%

Markaðshlutdeild innlendrar málningarvöruframleiðslu 1980–1985.

1980	66,2%
1981	63,8%
1982	61,5%
1983	57,5%
1984	55,8%
3. ársfj. 1984	55,7%
3. ársfj. 1985	52,8%

Markaðshlutdeild innlendrar sælgætisvöruframleiðslu 1980–1985.

1980	43,3%
1981	49,4%
1982	47,8%
1983	49,5%
1984	43,3%
3. ársfj. 1984	35,5%
3. ársfj. 1985	38,6%

Framangreindar upplýsingar komu fram í fréttabréfi Félags íslenskra iðnrekenda, „Á Döfinni“, 9. tölublaði, 8. árg., des. 1985.

Sþ. 543. Fyrirspurn [296. mál]

til menntamálaráðherra um dagvistarrými og skóladagheimili.

Frá Helga Seljan.

1. Hversu mörg börn á aldrinum þriggja mánaða til fimm ára eiga kost á dagvistarrými:
   a. á dagheimilum,
   b. á leikskólum?
   Sundurliðist eftir kjördæmum.
   Hversu hátt hlutfall er þetta af áætlaðri þörf?
2. Hversu mörg börn á landinu fá rúm á skóladagheimilum:
   a. á grunnskólaaldri,
   b. á aldrinum 6–9 ára sérstaklega?
   Sundurliðist eftir kjördæmum.
   Hversu hátt hlutfall er það af áætlaðri þörf?

Sþ. 544. Fyrirspurn [297. mál]

til félagsmálaráðherra um tillögur Samtaka áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum.

Frá Gunnari G. Schram.

Hver er afstaða félagsmálaráðherra til eftirfarandi atriða sem Samtök áhugamanna um úrbætur í húsnæðismálum hafa nýlega ályktað um:

1. Verður veittur sérstakur skattafsláttur vegna misgengis lána og launa á undanförnum árum?
2. Verður lánum húsnæðiskaupenda í bönkum og öðrum lánastofnunum skuldbreytt til a.m.k. 15 ára til að tryggja að greiðslubyrði af þessum lánum verði ekki óviðráðanleg?
3. Hvaða áform eru uppi um hækkun íbúðalána frá því sem nú er og aðrar breytingar á þeim? Verður tryggt að þeir, sem festu kaup á húsnæði á undanförnum árum, geti gengið inn í þetta kerfi?
4. Verða vextir af húsnæðislánum lækkaðir í a.m.k. 2%?
5. Verður hærri upphæð en 200 millj. króna veitt til aðstoðar vegna greiðsluerfiðleika húsbyggjenda á næstunni?

Nd. 545. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Við 6. gr. Í stað 5. mgr. komi tvær nýjar mgr. er orðist svo:
   Sett skal á fót nýtt stjórnsýslustig, héruð, milli ríkis og sveitarfélaga til að treysta byggð í landinu, koma á virku lýðræði og dreifa valdi frá ríki til landshluta.
   Verkefni, sem sýslunefndum hafa verið falin með lögum, skulu falla til héraða nema sveitarfélög komi sér saman um annað.
2. Við IX. kafla (97.–105. gr.). Kaflinn orðist svo:

IX. KAFLI

Um héruð.

97. gr.

Landinu skal skipt í héruð svo sem hér segir:

1. **Suðurnes.**
   Nær yfir Gullbringusýslu, Grindavíkur-, Keflavíkur- og Njarðvíkurkaupstað.
2. **Kjalarnes.**
   Nær yfir Kjósarsýslu, Reykjavík, Hafnarfjarðar-, Seltjarnarnes-, Kópavogs- og Garðakaupstað.
3. **Vesturland.**
   Nær yfir Vesturlandskjördæmi.
4. **Vestfirðir.**
   Nær yfir Vestfjarðakjördæmi.
5. **Norðurland vestra.**
   Nær yfir Norðurlandskjördæmi vestra.
6. **Norðurland eystra.**
   Nær yfir Norðurlandskjördæmi eystra.
7. **Austurland.**
   Nær yfir Austurlandskjördæmi.
8. **Suðurland.**
   Nær yfir Suðurlandskjördæmi.

98. gr.

Héruð taka við svæðisbundnum verkefnum frá ríkinu eftir því sem fjármagn og tekjustofnar leyfa og Alþingi og viðkomandi héraðsþing samþykkja. Einnig geta sveitarfélög innan héraða falið þeim stjórn eða umsjá sameiginlegra mála að fengnu samþykki héraðsþinga.

Færa skal frá ríki til héraða hið fyrsta m.a. eftirtalda málaflokka að því er varðar svæðisbundin verkefni:

húsnæðismál,
almannatryggingar,
skipulagsmál,
byggðamál,
menntamál,
þjóðminjavernd,
heilbrigðismál,
vegamál,
orkumál,
opinbert eftirlit (með rafmagni, heilbrigði, öryggi og annarri hliðstæðri starfsemi),
ráðgjöf í atvinnumálum.

Samhliða slíkri tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða skal dregið úr umsvifum stjórnarráðsins og ríkisstofnana á höfuðborgarsvæðinu.

99. gr.

Tekjustofnar héraða skulu vera:

a. Framlög frá ríki samkvæmt fjárlögum, skipt svæðisbundið á málaflokka sem héruð yfirtaka frá ríkinu.
b. Hluti af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti skv. ákvörðun Alþingis, skipt á héruð í samræmi við íbúatölu.

c. Aðstöðugjald frá fyrirtækjum og stofnunum sem eru að fullu eða að hluta til í eigu ríkisins, svo og frá aðilum sem fá stóran hluta tekna sinna af viðskiptum víða um land (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar og hliðstæð fyrirtæki). Hlutfallsleg álagning slíks gjalds og skipting þess á héruð skal ákveðin í sérlögum.
d. Frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni er héruð taka að sér að sinna.

100. gr.

Héraðsþing fara með málefni héraða, þar á meðal skiptingu fjármagns til framkvæmda og rekstrar í málaflokkum sem héruð taka að sér, sbr. 98. gr.

Til héraðsþinga skal kosið í almennum hlutfallskosningum fjórða hvert ár, um leið og kosið er til sveitarstjórna, skv. nánari reglum í kosningalögum.

Fjöldi fulltrúa á þingi hvers héraðs skal vera fimmföld tala alþingismanna sem kjörnir eru í viðkomandi kjördæmi þar sem saman fara mörk héraðs og kjördæmis. Í Suðurnesja-héraði skal kjósa 30 fulltrúa á héraðsþing og í Kjalarnes-héraði 60 fulltrúa.

Kjósa skal jafnmarga varamenn á héraðsþing af hverjum lista og aðalmenn eru.

Alþingismenn viðkomandi kjördæma eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti, svo og varamenn þeirra.

Einnig eiga rétt til setu á héraðsþingi með málfrelsi og tillögurétti fulltrúar frá sveitarstjórnum í héraðinu, einn frá hverjum lista sem fengið hefur kjörinn fulltrúa í sveitarstjórn, svo og sveitarstjórar. Sveitarstjórn, sem kosin hefur verið óhlutbundinni kosningu, hefur á sama hátt heimild til að senda einn fulltrúa á héraðsþing.

Kostnað af setu alþingismanna á héraðsþingum greiðir Alþingi samkvæmt nánari reglum. Kostnað af þátttöku fulltrúa sveitarstjórna á héraðsþingum greiða viðkomandi sveitarfélög.

101. gr.

Héraðsþing skulu koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í janúar- og septembermánuði, og er hinn síðari fundur aðalfundur. Í janúar skal skipt fjármagni til einstakra verkefna, m.a. á grundvelli fjárlagaafgreiðslu.

Héraðsþing kýs árlega héraðsstjórn með hlutfallskosningu og skulu stjórnarmenn eigi vera færri en sjö.

Héraðsstjórn fer með málefni héraðsins milli héraðsþinga og í umboði þeirra. Hún ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðið, undirbýr mál fyrir héraðsþing og hefur umsjón með viðfangsefnum í samvinnu við hlutaðeigandi.

102. gr.

Um réttindi og skyldur héraðsþingmanna gilda ákvæði IV. kafla laga þessara eftir því sem við á.

Héraðsþing skal setja sér samþykkt um fundarsköp, stjórn og starfshætti er senda skal félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Á fyrsta fundi eftir kosningu héraðsþings skal kjörinn þingforseti og varaþingforseti.

Aldursforseti héraðsþings kveður það saman til fyrsta fundar og stjórnar kjöri þingforseta.

103. gr.

Kostnaður af störfum héraðsþings greiðist af tekjustofnum héraðsins, þar á meðal þóknun til héraðsþingmanna.

Reikningsár héraðsþings er almanaksárið.

Héraðsþing kýs tvo endurskoðendur reikninga sinna og tvo til vara.

Aðalfundur héraðsþings úrskurðar um ársreikninga næstliðins árs og skulu þeir sendir ráðuneyti eftir staðfestingu þeirra.

104. gr.

Héraðsþing skal í janúarmánuði ár hvert afgreiða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana ráðuneyti og fjárveitinganefnd Alþingis. Fjárhagsáætlunin skal einnig send öllum sveitarstjórnum í héraðinu til kynningar.

Ekkert gjald má greiða úr héraðssjóði nema heimild sé fyrir því í fjárhagsáætlun, ákvæði um það í lögum eða fyrir liggi samkomulag ef sveitarstjórnir eiga í hlut.

105. gr.

Héruð taka við eignum og skuldum sýslufélaga í héraðinu við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær.

3. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vegna ákvæða laga þessara um héruð sem þriðja stjórnsýslustig skal strax sett á fót nefnd á vegum félagsmálaráðuneytis með aðild eins fulltrúa frá hverjum þingflokki og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefnd þessi skal gera nánari tillögur um tekjustofna héraða, sbr. 99. gr., og um tilfærslu verkefna frá ríki til héraða, sbr. 98. gr. Nefndin skal einnig fjalla um önnur álitaefni vegna tilkomu héraða sem nýs stjórnsýslustigs og skila tillögum sínum fyrir 1. október 1986.

4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um sveitarstjórnir og héruð.

Sþ. 546. Fyrirspurn [298. mál]

til viðskiptaráðherra um erlend leiguskip.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hve mörg erlend leiguskip hafa verið í förum að og frá Íslandi á vegum íslenskra aðila undanfarna tvo mánuði?

Nd. 547. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um talnagetraunir.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 26. febr. 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.

Sþ. 548. Fyrirspurn [299. mál]

til forsætisráðherra um störf byggðanefndar þingflokkanna.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvað líður störfum byggðanefndar þingflokkanna sem sett var á laggirnar vorið 1984 og gera á tillögur um sérstakar aðgerðir til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst?

Sþ. 549. Nefndarálit [287. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda fyrir Íslands hönd tvær viðbótarbókanir vegna aðildar Spánar og Portúgals að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 26. febr. 1986.

Haraldur Ólafsson, varaform., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.	Steingrímur J. Sigfússon.

Ed. 550. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

Frá allsherjarnefnd.

Við fylgiskjal.

1. Við 2. reglu. Í stað orðanna „sem veldur“ í b-lið komi: sem kann að valda.
2. Við 6. reglu.
   a. Í stað orðanna „Skip með gangfæra ratsjá“ í b-lið komi: Skip, sem nota ratsjá.
   b. Í stað orðanna „fjarlægðarstillingar, myndgæða og takmarkana ratsjár“ í 1. tölul. b-liðar komi: sérstakra eiginleika, myndgæða og takmarkana ratsjárinnar.
3. Við 8. reglu. Í stað orðanna „stefnu og hraða“ í b-lið komi: stefnu og/eða hraða.
4. Við 9. reglu. Í stað orðanna „siglir þröngt sund eða ál“ í a-lið komi: siglir um þröngt sund eða ál.
5. Við 10. reglu. Í stað orðanna „sem afmarka umferðarleiðir“ í 2. tölul. b-liðar komi: sem aðskilja umferðarleiðir.
6. Við 12. reglu.
   a. Í stað orðanna „skulu þau víkja hvort fyrir öðru“ í a-lið komi: skal annað þeirra víkja fyrir hinu.
   b. Í stað orðanna „sem áveðurs siglir“ í 2. tölul. a-liðar komi: sem til kulborða siglir.
   c. Í stað orðsins „áveðurs“ í b-lið komi: kulborði.

7. Við 19. reglu.
   a. Í stað orðanna „komast hjá“ í d-lið komi: forðast.
   b. 1. málsl. e-liðar orðist svo: Þegar þokumerki heyrist frá skipi sem virðist vera framan við þvert, eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip sem er framan við þvert, skal draga úr ferð og sett á minnstu stjórnferð.
8. Í stað orðsins „siglingaljós“ í b- og e-liðum 20. reglu, og í fyrirsögnum 22. reglu og 2. og 7. tölul. I. viðauka komi: ljós.

Nd. 551. Frumvarp til laga [300. mál]

um Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála.

Flm.: Svavar Gestsson, Hjörleifur Guttormsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Stofna skal Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála er skal vera sjálfstæð stofnun og heyra undir viðskiptaráðuneytið.

2. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála sitja þrír menn skipaðir af viðskiptaráðherra til fjögurra ára í senn. Ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, sbr. 5. gr., tilnefnir tvo menn en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

3. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og samþykkir fjárhagsáætlun hennar til eins árs í senn, svo og starfsáætlun. Áætlanir þessar skulu sendar ráðherra til staðfestingar.

4. gr.

Viðskiptaráðherra skipar forstjóra til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar og stjórnar.

Forstjóri ræður annað starfslið.

5. gr.

Við Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála skal starfa ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefndin skal skipuð þannig að hagsmunasamtök og stofnanir, sem hlut eiga að máli að mati ráðherra, geti átt þar fulltrúa. Skal leggja áherslu á að samtök launafólks eigi fulltrúa í nefndinni til jafns við atvinnurekendur. Ráðgjafarnefndina skipi mest 15 menn, en minnst 11.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í ráðgjafarnefndinni.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri og er tengiliður milli stofnunarinnar og útflutnings- og markaðsstarfsemi. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun. Nefndin er ólaunuð.

6. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar útflutnings- og markaðsmála skulu vera sem hér segir:

1. Að fylgjast með þróun útflutningsmála og að stunda markaðsrannsóknir erlendis, ýmist ein sér eða í samvinnu við einstök fyrirtæki og sölusamtök.
2. Að fylgjast með markaðsstöðu innlends iðnaðar og gera tillögur um að auka hlutdeild hans á innanlandsmarkaði.

3. Að fylgjast með verðlagi og gæðum innflutnings og setja reglur um gæði vöru á almennum innlendum markaði í samráði við viðkomandi rannsóknastofnanir.
4. Að stuðla að samstarfi annarra rannsóknastofnana um markaðsmál, tilraunaframleiðslu og vöruþróun.
5. Að taka þátt í og undirbúa ásamt fyrirtækjum og sölusamtökum reglulegt markaðsátak fyrir íslenskar vörur og þjónustu á alþjóðamörkuðum.
6. Að vera fyrirtækjum til ráðuneytis um markaðssetningu og vöruþróun. Heimilt er stofnuninni að greiða kostnað við markaðsmál og vöruþróun nýrra fyrirtækja, allt að tveimur árum eftir að fyrirtæki er sett á stofn skv. nánari ákvörðunum stjórnar stofnunarinnar og skv. fjárhagsáætlunum hverju sinni. Þá er stofnuninni heimilt að styðja eldri fyrirtæki á sama hátt skv. nánari ákvörðun stjórnarinnar.
7. Að vera viðskiptaráðherra og ríkisstjórninni til ráðuneytis um hvaðeina er lýtur að markaðsmálum.
8. Að gera áætlanir um markaðsþróun til nokkurra ára í senn.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal á kerfisbundinn hátt stuðla að því að öll fyrirtæki stundi markaðsrannsóknir og vöruþróun þar sem það á við.

8. gr.

Heimilt er Rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála að stuðla að tilraunaframleiðslu á tilteknum vörum. Skal þá miða við að aðild stofnunarinnar standi aðeins skamman tíma, mest fimm ár, meðan viðkomandi fyrirtæki er á reynsluskeiði.

9. gr.

Árlega skal stjórn stofnunarinnar efna til hugmyndasamkeppni um verkefni er ætla má að geti aukið útflutningsverðmæti íslenskrar vöru og þjónustu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög þessi skulu felld inn í lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum, sem VIII. kafli, 55.–63. gr., og röð kafla og greina breytist skv. því. Þau lög skulu gefin út á ný svo breytt.

Greinargerð.

Eins og nú standa sakir er engum einum aðila falið að hafa heildaryfirsýn yfir markaðsmál íslenskra framleiðsluafurða eða þjónustu erlendis. Þetta er bagalegt og óeðlilegt hjá þjóð sem byggir stóran hluta lífsafkomu sinnar á útflutningi. Hér á landi eru starfandi ríkisstuddar rannsóknastofnanir landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar eins og eðlilegt er, en markaðssetning og vöruþróun á markaði erlendis hefur orðið út undan að þessu leyti. Þó ber auðvitað að minna á og nefna myndarlegt framtak á vegum sölusamtaka og einstakra stofnana eins og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en samræmingu skortir. Vafalaust er skipting rannsóknastofnana á hefðbundnar atvinnugreinar samstarfi fjötur um fót og við svo búið má ekki lengur standa. Þetta frumvarp er flutt til að skapa umræðugrundvöll á Alþingi og annars staðar í þjóðfélaginu um þessi mál. Kann sitthvað í frumvarpinu að þarfnast sérstakrar athugunar en aðalatriði þess eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót rannsóknastofnun útflutnings- og markaðsmála sem hafi sömu stöðu og aðrar rannsóknastofnanir hafa í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Vel getur komið til álita að þessi nýja starfsemi hafi sjálfstæða stöðu, verði sjálfseignarstofn-

un, en þeirri hugmynd hefur áður verið hreyft á þessu þingi varðandi rannsóknastofnanir atvinnuveganna. Stjórnkerfi það, sem hér er gerð tillaga um, er að *öllu leyti* sniðið eftir lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þó er gert ráð fyrir því að ráðherra hafi með reglugerð heimild til þess að ákveða til fjögurra ára í senn hverjir skipi ráðgjafarnefndina samkvæmt 5. gr., enda byggist reglugerðin á þeim grundvallaratriðum sem rakin eru í greininni.

2. Í 6. gr. eru talin upp verkefni stofnunarinnar og er ástæðulaust að endurtaka þá upptalningu í greinargerð. Þó skal sérstaklega tekið fram að eðlilegt þótti að taka markaðsmál *innanlands* til sérstakrar athugunar því að hér er um nátengd mál að ræða. Er einnig eðlilegt að stofnunin athugi sérstaklega, eftir því sem ástæða er til, innfluttar samkeppnisvörur. Er henni ætlað að setja gæðareglur um innflutning í samráði við þær stofnanir sem um þau mál geta dæmt. Er hér átt við hollustuverndina, matvælaeftirlitið, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og aðrar slíkar eftir eðli og tegund þeirrar vöru sem flutt er inn hverju sinni. Þá skal bent á að stofnuninni er fyrst og fremst ætlað að vera samræmingaraðili, jafnframt því að laða fram frumkvæði, fremur en að hún eigi sjálf og ein að skipuleggja verkefnin.

3. Í 10. gr. er gert ráð fyrir því að stofnunin geti ein eða í samvinnu við aðra, t.d. aðrar rannsóknastofnanir, stutt stofnun tilraunaframleiðslu með tilteknar vörutegundir. Í greininni er tekið fram að slíkur stuðningur hljóti að vera tímabundinn.

Frá því að frumvarp þetta var samið hafa tvö þingmál verið flutt þar sem tekið er á skyldum málum. Annars vegar er um að ræða frumvarp um útflutningsráð og hins vegar þingsályktunartillögu um menntun og starfsþjálfun fólks sem sinnir útflutningsmálum sérstaklega. Augljóst er því að meðal þingmanna er vaxandi skilningur og áhugi á þeim viðfangsefnum sem frumvarp þetta fjallar um. Er æskilegt að sem flestar hugmyndir um fyrirkomulag þessara mála komi til meðferðar á Alþingi. Þetta frumvarp getur vafalaust orðið góður umræðugrundvöllur ásamt þeim frumvörpum og þingmálum sem þegar liggja fyrir um skyld mál. Má því ætla að þessu þingi ljúki ekki án þess að Alþingi taki af skarið um þennan hornstein okkar efnahagslífs sem er útflutningsverslunin og árangur á því sviði.

Nd. 552. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Gunnari G. Schram.

Annar málsliður 1. mgr. 57. gr. orðist svo: Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar en þær skulu þó starfa áfram að loknum sveitarstjórnarkosningum þar til nýjar nefndir hafa verið kjörnar nema sveitarstjórn ákveði annað.

Nd. **553. Frumvarp til laga** [301. mál]

um breytingu á lögum um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Ólafur Þ. Þórðarson, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. l. nr. 40/1981) orðist svo:

Starfsemi dagvistarheimila skal miða að því að veita börnum markvisst uppeldi í samræmi við þroska þeirra og þarfir. Þau skulu vera fjölskyldum eða foreldrum til stuðnings sem sjálfsögð viðbót við uppeldi barna. Dagvistarheimili skulu stuðla að og örva alhliða þroska barna. Ákveðin og skýr markmið skulu tryggja að uppeldisstarfið sé fjölbreytt og traust.

Uppeldisstarf dagvistarheimila skal taka mið af markmiðum og leiðum í „Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili“ sem unnin hefur verið og gefin út á vegum menntamálaráðuneytis, sbr. l. nr. 40/1981.

2. gr.

5. mgr. 14. gr. laganna falli brott.

3. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir sem hafa umsjón með dagvistarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki menntamálaráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði sé þess enginn kostur að fá fólk með fósturmenntun til starfa. Má þá ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma. Skylt er þessum aðilum að sjá til þess að starfsemi dagvistarheimila sé miðuð við 1., 17. og 18. gr. þessara laga.

Heimilt er að mennta og þjálfa fósturliða til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum og skal nám þeirra, starfsréttindi og skyldur ákveðið með reglugerð.

4. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný mgr. er orðist svo:

Forstöðumaður dagvistarheimilis skal í samvinnu við skólastjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf dagvistarheimila og skóla til þess að samfella skapist í uppeldi og menntun barna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 1. gr. gildandi laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn, sbr. lög nr. 40/1981, segir að gerð skuli starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins er kveði nánar á

um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna.

Með bréfi, dags. 2. júlí 1982, skipaði menntamálaráðherra nefnd til að semja starfsáætlun um uppeldisstörf á dagvistarheimilum. Jafnframt réð menntamálaráðherra Valborgu Sigurðardóttur, skólastjóra Fósturskóla Íslands, til að vinna á vegum ráðuneytisins að þessu verkefni í samráði við nefndina. Í erindisbréfi Valborgar segir: „Starfsáætlunin skal byggjast á fræðilegum grunni í samræmi við þá þekkingu sem menn hafa í barnasálfræði og uppeldisfræði og með hliðsjón af álitsgerðum sem hafa verið lagðar fram af ýmsum aðilum sem ráðuneytið hefur leitað álits hjá."

Nefndin kom sér saman um að nota orðið *uppeldisáætlun* um verkefni sitt í stað orðsins „starfsáætlun".

Nefndin hefur lagt til að í kjölfar þessarar uppeldisáætlunar komi ritröð um skyld efni, t.d. um:

1. einstaka þætti í uppeldisstarfi dagvistarheimila,
2. tengsl dagvistarheimila og skóla,
3. fötluð börn og börn með sérþarfir,
4. skóladagheimili.

Nú, þegar þessi merka uppeldisáætlun liggur fyrir, þykir flutningsmönnum þessa frumvarps rétt að færa lögin til samræmis við þau markmið sem fram koma í þessu riti sem ætlað er að vera leiðarvísir þannig að unnt reynist að nýta þær starfsaðferðir sem vænlegastar eru til árangurs í samræmi við þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru hverju sinni. Með því að svo verði hefur uppeldisáætlunin fengið það vægi sem nauðsynlegt er til þess að tryggt sé að gengið verði út frá meginmarkmiðum hennar við gerð áætlana og við uppbyggingu starfsins almennt á dagvistarheimilum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að felld verði niður 5. mgr. 14. gr. laganna sem gerir ráð fyrir að framkvæmdaraðili megi útvega lánsfé til byggingar dagvistarheimila og að ríkissjóður ábyrgist slík lán. Þetta ákvæði er óþarft að hafa lengur í lögum þessum vegna þess að í öðrum lögum, l. nr. 60/1984, sem tekið hafa gildi síðar, er kveðið á um að aðilar, sem standa vilja fyrir byggingu dagvistarheimila, geti fengið lán til framkvæmda úr Byggingarsjóði ríkisins.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði 16. gr. núgildandi laga verði skerpt með hliðsjón af breytingum á 1. gr. laganna. Þar eru markmiðin með rekstri dagvistarheimila gerð skýrari og þess vegna ekki óeðlilegt að auknar kröfur séu gerðar til þeirra sem starfa á dagvistarheimilum og að þeir miði starfsemina við þau markmið.

Þó er í þessari grein gert ráð fyrir mun meiri breytingu og byltingarkenndari en áður hefur verið gerð á lögum þessum. Hún felst í því að heimilt verði að mennta og þjálfa **fósturliða** til aðstoðar fóstrum við uppeldisstörf á dagvistarheimilum.

Gert er ráð fyrir að unnt sé að víkja frá þeim ákvæðum laganna að starfslið, er annast fósturstörf á dagvistarheimilum, hafi fósturmenntun, með því að ráðuneytinu er veitt heimild til að ráða fósturliða til uppeldisstarfa um skamman tíma sé þess enginn kostur að fá fólk með fullgilda fósturmenntun til starfa. Leitað var álits á þessum breytingum á svokölluðum vinnudegi fóstra sem haldinn var 22. febrúar 1986. Var hugur fóstra jákvæður til þessara breytinga. Sú skoðun kom skýrt fram að ekki væri ráðlegt að standa í vegi fyrir þeirri þróun sem hefur verið að eiga sér stað í mennta- og atvinnumálum á undanförnum árum. Fóstrur voru mjög á einu máli um að styðja bæri tillögu í því formi sem frv. gerir ráð fyrir. Flutningsmenn láta fylgja með frumvarpi þessu tillögu að reglugerð fyrir „Fósturliðaskóla Íslands" sem unnin var af 1. flm. Við gerð hennar var höfð hliðsjón af gildandi reglugerð fyrir Sjúkraliðaskóla Íslands. Þetta er gert til þess að auðvelda þingheimi að mynda sér skoðun á því hvað það er sem frumvarpið gerir ráð fyrir að verði að veruleika.

Það er ótvíræður kostur fyrir alla þá, sem að þessum málum vinna, að þannig sé gengið frá þessum mikilvæga þætti að ekkert fari á milli mála hvað við er átt.

Það er því mat flutningsmanna að breyting sú, sem hér er lögð til, mundi verða til þess að stórbæta það starf sem nú er unnið á dagvistarheimilum og til þess að taka af öll tvímæli um að þar fer fram mikilvægur þáttur í uppeldi barna og undirbúningur að áframhaldandi menntun þeirra eins og glögglega kemur fram í 4. gr. þessa frumvarps. Skv. henni skal forstöðumaður dagvistarheimilis í samvinnu við skólastjóra grunnskóla hverfisins styrkja samstarf þeirra á milli þannig að tengja megi saman á eðlilegan hátt þessa tvo grundvallarþætti í lífi barna, uppeldi og menntun.

Fylgiskjal.

Tillaga um reglugerð fyrir Fósturliðaskóla Íslands og um réttindi og skyldur fósturliða.

I. kafli.

Markmið og stjórn skólans.

1. gr.

Fósturliðaskóli Íslands er ríkisskóli og starfar undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk skólans er að annast nám fósturliða og búa þá undir að aðstoða við uppeldi, sbr. 16. gr. laga um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn skólans þannig: Einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður, tvo fulltrúa skv. tilnefningu Fóstrufélags Íslands þar til Fósturliðafélag Íslands hefur verið stofnað, en þá tilnefni hvort félag sinn fulltrúa, einn fulltrúa skv. tilnefningu Fósturskóla Íslands og einn skv. tillögu nemenda.

Stjórnin skal skipuð til þriggja ára, nema fulltrúi nemenda sem skipaður skal árlega.

Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum skólastjórnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin mun beina því til banka og sparisjóða, að þeir lengi lánstíma lána til húsbyggjenda í samræmi við samkomulagið.

Í bréfi samningsaðila til ríkisstjórnarinnar dags. 31. janúar 1986 segir meðal annars, að það sé ein helsta forsenda stöðugleika í efnahagsmálum að ýtrasta aðhalds sé gætt á sviði peningamála og opinberra fjármála. Undir þetta vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti taka og mun hafa að leiðarljósi við framkvæmd þeirra aðgerða til viðnáms gegn verðbólgu, sem aðilar vinnumarkaðarins hafa óskað eftir.

Ríkisstjórnin telur, að með þeim kjarasamningum, sem nú er verið að gera, og aðgerðum, sem hún hyggst beita sér fyrir, hafi náðst mikilsverð samstaða um átak til að snúa þróun verðlagsmála til betri vegar. Þeim efnahagsbata, sem bætt ytri skilyrði gera nú kleift að ná, er með þessum ákvörðunum fyrst og fremst varið til að bæta og tryggja lífskjörin í landinu og gera alvarlega tilraun til að koma verðbólgunni niður á það stig, sem algengast hefur verið í viðskipta- og samkeppnislöndum Íslendinga.

Ljóst er, að með þessum aðgerðum tekur ríkissjóður nokkra áhættu og axlar fjárhagsbyrðar, sem ekki er til lengdar unnt að bera nema dregið verði úr útgjöldum eða tekjur auknar. Þess er vænst, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu leggi einnig sitt af mörkum og fyrirtæki reyni markvisst að halda aftur af hækkun verðs á framleiðslu og söluvörum sínum innanlands og endurskoði til lækkunar verðákvarðanir, sem byggst hafa á áætlunum um meiri verðbólgu en nú eru horfur á að verði á næstu mánuðum.

Fylgiskjal 3.

11. febrúar 1986.

Til aðila vinnumarkaðarins.
Frá ríkisstjórninni.

Undanfarna daga hefur ríkisstjórnin átt viðræður við fulltrúa samtaka launafólks, vinnuveitenda og sveitarfélaga um horfur í efnahags- og kjaramálum. Í ljósi þessara viðræðna og athugana, sem af þeim hafa sprottið, telur ríkisstjórnin unnt að draga svo úr verðbólgu á næstu mánuðum, að almenn verðhækkun frá janúar 1986 til janúar 1987 verði innan við 9 af hundraði, enda verði ekki verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum eða öðrum ytri aðstæðum þjóðarbúskaparins frá því sem nú horfir.

Til þess að stuðla að þessum árangri í viðureigninni við verðbólguna verður meðalgengi krónunnar haldið sem stöðugustu og þeirri stefnu fylgt eftir með ýtrasta aðhaldi í fjármálum, peningamálum og erlendum lántökum. En síðast en ekki síst er það forsenda þess, að hraði verðbólgunnar komist niður í eins stafs tölu á næstu tólf mánuðum, að almennt verði samið um hóflegar launabreytingar í áföngum, sem samrýmst geta þessu markmiði. Þegar einsýnt er, að slíkir samningar muni nást, mun ríkisstjórnin beita sér fyrir eftirgreindum aðgerðum:

1. **Lækkun á verði opinberrar þjónustu.**

Ríkisstjórnin hefur rætt við forsvarsmenn opinberra fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga um lækkun á gjaldskrám þeirra til samræmis við breyttar horfur í verðlagsmálum. Niðurstaða þessara viðræðna er:

1. Heildsöluverð Landsvirkjunar til almenningsveitna lækki um 10% og jafnframt lækki taxtar Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins um 10%.
2. Taxtar Hitaveitu Reykjavíkur lækki um 7%.
3. Afnotagjöld Ríkisútvarpsins lækki um 5%.
4. Dagvistargjöld á barnaheimilum lækki um 5%.

Þess er vænst, að önnur fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga fylgi sömu stefnu. Auk þessarar beinu lækkunar munu opinber fyrirtæki falla frá fyrri áformum um hækkun gjaldskrár síðar á árinu. Bein áhrif lækkunar á verði opinberrar þjónustu á framfærslukostnað eru metin 0,5%, en með óbeinum áhrifum gætu þau í heild orðið 0,7%.

2. **Lækkun beinna skatta.**

Ríkisstjórnin mun lækka álagðan tekjuskatt á einstaklinga um sem næst 150 m.kr. árið 1986 til samræmis við breyttar verðlagshorfur, og hefur beint því til sveitarfélaganna, að þau lækki á sama hátt álögð útsvör um sem næst 300 m.kr. Borgarstjórinn í Reykjavík mun leggja til, að útsvarsprósenta í Reykjavík verði lækkuð úr 10,8% í 10,2%, sem er það sem þarf til að framkvæma þessa breytingu á álagningu að því er Reykjavík varðar. Jafnframt mun tilmælum um samsvarandi útsvarslækkun komið á framfæri við aðrar sveitarstjórnir með milligöngu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lækkun tekjuskatts verður framkvæmd með lækkun skattstigans. Í samræmi við þetta verður fyrir fram innheimta opinberra gjalda lækkuð um 8 af hundraði á mánuði þegar 1. mars n. k., þannig að í stað þess að innheimta 13% á mánuði af álagningu fyrra árs, yrðu innheimt 12%. Í krónum talið lækkar þannig 13 þúsund króna fyrirframgreiðsla á mánuði í 12 þúsund krónur. Þessi lækkun álagningar beinna skatta um 450 m.kr. jafngildir 0,7% af atvinnutekjum heimilanna.

3. **Lækkun nafnvaxta.**

Ríkisstjórnin og Seðlabankinn munu í sameiningu stuðla að því, að nafnvextir innlánsstofnana lækki þegar í kjölfar kjarasamninga. Til þess að gefa hugmynd um það, hversu mikilvægar slíkar breytingar gætu orðið, má taka nafnvexti skuldabréfa, sem nú eru 32%, til dæmis. Í kjölfar kjarasamninga af því tagi, sem nú er að stefnt, gætu þessir vextir líklega lækkað í 20% strax 1. mars n. k., í 18% 1. júní og í 12—14% 1. september. Ferill vaxtalækkunar færi mjög eftir áfangahækkun launa. Ekki þarf að fara um það mörgum orðum, hversu mikil greiðslubyrði heimila og fyrirtækja léttist við slíka lækkun nafnvaxta. Raunvextir yrðu þó að sjálfsögðu jákvæðir framvegis, en horfur á, að þeir gætu farið lækkandi með auknum stöðugleika í efnahagsmálum.

Eitt af því, sem stuðlað gæti að betra jafnvægi á lánamarkaði og þar með að lækkun vaxta, væri að lífeyrissjóðir keyptu í enn ríkara mæli en hingað til skuldabréf ríkissjóðs.

4. **Lækkun verðs á olíu og bensíni.**

Olíuverð á heimsmarkaði hefur farið lækkandi að undanförnu, en þess hefur enn ekki gætt að ráði hér á landi vegna birgða í landinu á hærra verði. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að lækkun olíuverðs verði flýtt sem kostur er, og er að því stefnt, að gasolíuverð lækki hinn 1. mars n. k. og síðan áfram eftir því sem fært er. Gert er ráð fyrir að bensínverð lækki um allt að 10% á næstu tveimur mánuðum, ef núverandi heimsmarkaðsverð helst. Þessi lækkun á olíuvörum leiðir beinlínis til 0,5% lækkunar á framfærslukostnaði, en með óbeinum áhrifum verður þessi lækkun líklega nálægt 0,7% af framfærslukostnaði á næstu mánuðum.

5. **Ákvörðun búvöruverðs.**

Ríkisstjórnin mun fyrir sitt leyti stuðla að því að hækkun búvöruverðs á næstunni verði stillt í hóf og áhrif lækkandi olíuverðs, vaxta o. fl. verði tekin til greina í búvöruverðsákvörðun sem allra fyrst.

6. **Húsnæðismál.**

Ríkisstjórnin er reiðubúin að ræða þær hugmyndir sem fram koma í hugmyndum samningsaðila á vinnumarkaðnum um húsnæðismál.

Að lokum skal lögð áhersla á það, að til þess að unnt sé að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd þarf niðurstaða í kjarasamningum að nást á næstu dögum, einfaldlega af því að breytingar á álagningu og innheimtu skatta og gjaldskrám fyrirtækja þurfa að ráðast alveg á næstunni, ef þær eiga að hafa tilætluð áhrif. Mikið er því í húfi, að kjarasamningar takist fljótt og með farsælum hætti. Á því er ekki vafi, að hjöðnun verðbólgu og auknum stöðugleika í efnahagsmálum munu fylgja jákvæð áhrif á atvinnu og lífskjör í landinu, sem ekki eru metin í framangreindum tölum.

Ed. 557. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Á þeim skamma tíma, sem til umráða hefur verið, hafa fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda haldið sameiginlegan fund þar sem fjallað var um frumvarpið. Kallaðir voru á fund nefndanna til að útskýra efni og forsendur frumvarpsins: Aðilar vinnumarkaðarins, starfsmenn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar, fjármálaráðuneytis, Háskóla Íslands, Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar.

1. minni hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Samkomulag aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál felur í sér 925 m.kr. meiri skuldabréfakaup lífeyrissjóða en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun að veitt yrði í húsnæðiskerfið. Í frumvarpinu eru ákvæði um að 300 m.kr. renni til aðstoðar þeim húsbyggjendum sem eiga í greiðsluerfiðleikum og komi til aukningar á útlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Jafnframt var við það miðað að á móti auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af húsnæðiskerfinu kæmi lækkun á framlagi ríkissjóð um 625 m.kr.

Þær breytingar, sem 1. minni hl. nefndarinnar leggur fram, miða að því að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins haldist óbreytt frá fjárlögum 1986. Þess í stað skiptast 925 m.kr. viðbótarkaup lífeyrissjóða á skuldabréfum þannig að 625 m.kr. verða keyptar af ríkissjóði og 300 m.kr. af Byggingarsjóði ríkisins. Þessar tillögur fela það jafnframt í sér að framlag ríkissjóðs til byggingarsjóðsins skerðist ekki miðað við ákvæði laga.

Þá er gerð leiðrétting á einu tollskrárnúmeri í frumvarpinu og nokkrum númerum bætt við.

Í eftirfarandi yfirliti eru dregin saman áhrif frumvarpsins, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem 1. minni hl. leggur til, á afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 og sýndur samanburður við fjárlög (í m.kr.):

	Fjárlög 1986	Endurskoðun 1986
1. Tekjur	37 854	35 344
2. Gjöld	37 691	36 831
3. Tekjur umfram gjöld (1-2)	**+163**	**−1 487**
Lánahreyfingar:		
4. Afborganir lána, veitt lán o.fl.	3 619	3 469
5. Viðskiptareikn., nettó útstreymi	1 150	1 150
6. Lánsfjárþörf (4+5−3)	**4 606**	**6 106**
7. Lántökur:		
Innlendar	2 100	3 575
Erlendar	2 550	2 550

Í hnotskurn fela breytingartillögur 1. minni hl. í sér að rekstrarhalli ríkissjóðs eykst um 625 m.kr. frá frumvarpinu. Í tengslum við þá breytingu flyst lánsfjáröflun frá Byggingarsjóði ríkisins til ríkissjóðs. Þessi ráðstöfun breytir því ekki heildarlántökum opinberra aðila, húsbyggingasjóða, lánastofnana og atvinnufyrirtækja frá því sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Heildarlántökur þessara aðila eru áætlaðar 13 427 m.kr. á árinu 1986, þar af er ráðgert

að afla 5 985 m.kr innanlands og 7 442 m.kr. með erlendum lántökum. Frekari sundurliðun kemur fram í fylgiskjali.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm. Valdimar Indriðason. Egill Jónsson.

Fylgiskjal.

Innlendar og erlendar lántökur samkvæmt lánsfjárlögum og endurskoðun ríkisfjármála 1986.
Í milljónum króna.

	Lánsfjárlög 1986			Endurskoðun ríkisfjármála		
	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar-lántökur	Innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Opinberir aðilar	**2 100**	**3 360**	**5 460**	**3 575**	**3 240**	**6 815**
Ríkissjóður	2 100	2 550[1])	4 650	3 575	2 550[1])	6 125
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	680	680	—	560	560
Sveitarfélög	—	130	130	—	130	130
2. Húsbyggingasjóðir	**1 530**	**—**	**1 530**	**1 830**	**—**	**1 830**
Byggingarsjóður ríkisins	1 150	—	1 150	1 450	—	1 450
Byggingarsjóður verkamanna	380	—	380	380	—	380
3. Lánastofnanir	**580**	**1 967**	**2 547**	**580**	**1 352**	**1 932**
Framkvæmdasjóður	540	1 482	2 022	540	882	1 422
Iðnþróunarsjóður	—	95	95	—	95	95
Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	40	—	40
Byggðastofnun	—	350	350	—	335	335
Útflutningslánasjóður	—	40	40	—	40	40
4. Atvinnufyrirtæki	**—**	**2 950**	**2 950**	**—**	**2 850**	**2 850**
Ósundurliðað	—	2 950	2 950	—	2 850	2 850
5. Heildarfjárþörf (1+...+4)	**4 210**	**8 277**	**12 487**	**5 985**	**7 442**	**13 427**

1) Þar af endurlánaðar 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ed. 558. Breytingartillögur [303. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JK, VI, EgJ).

1. Við 1. gr. Í stað „1 485 000“ komi: 860 000.
2. Við c-lið 10. gr. bætast eftirfarandi tollskrárnúmer: 84.40.21, 84.40.61, 85.06.19, 85.06.39 og 85.06.40.
3. Við e-lið 10. gr. Í stað „90.09.19“ komi: 90.08.19.
4. Við 16. gr. Í stað „850 000“ komi: 1 475 000.
5. Við 22. gr. Í stað „925 000“ komi: 300 000.
6. 23. gr. falli niður og breytist röð annarra greina í samræmi við það.

Ed. 559. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efni þessa frumvarps er að uppfylla þau skilyrði sem aðilar vinnumarkaðarins settu ríkisstjórninni um niðurfærslu verðlags við undirritun kjarasamninga.

Undirritaður mælir með samþykkt frumvarpsins en þó með þessum fyrirvara:

1. Ljóst er að kaupmáttur launa verður áfram mjög lágur og ófullnægjandi fyrir allan þorra launafólks á þeim tíma þegar þjóðartekjur fara ört vaxandi og ber að harma það.
2. Æskilegt hefði verið að meiri áhersla hefði verið lögð á það í þessum ráðstöfunum að greiða niður verðlag á brýnustu lífsnauðsynjum fólks eins og matvörum og lyfjum.
3. Niðurgreiðslur raforkuverðs, sem nú koma í stað verðjöfnunar á raforku, mega ekki falla niður á næsta ári heldur verður ríkisvaldið áfram að tryggja jöfnun raforkuverðs í ekki minna mæli en nú er.
4. Ákvæði um skerðingu framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eiga engan rétt á sér og því er 24. gr. frumvarpsins sérstaklega mótmælt.
5. Ein mikilvægasta forsenda þessara samninga er áformaðar úrbætur í húsnæðismálum. Standi ríkisstjórnin ekki við loforð sín í þeim efnum eru forsendur þessarar samningsgerðar brostnar.
6. Því miður hefur ríkisstjórnin valið þeim kostinn að taka allan hlut ríkissjóðs í þessari samningsgerð, um einn og hálfan milljarð króna, að láni. Með því er einfaldlega verið að ávísa á skattgreiðendur í framtíðinni með óhjákvæmilegum skattahækkunum á komandi ári.

Ríkisstjórnin vísaði á bug hugmyndum aðila vinnumarkaðarins um tekjuöflun til að mæta útgjöldum frumvarpsins, t.d. sérstökum eignarskatti og bankaskatti. Ríkisstjórnin sýnir því áfram mikið ábyrgðarleysi í fjármálum ríkisins svo að nú stefnir í hrikalegan halla ríkissjóðs á þessu ári.

En í ljósi þess að tryggja verður framgang gerðra kjarasamninga og færa niður verðlag til að nýta til fulls það tækifæri sem nú gefst til að ná niður verðbólgu í kjölfar lækkunar á olíuverði og hækkunar á afurðaverði vestan hafs mælir undirritaður með samþykkt frumvarpsins með ofangreindum fyrirvara.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Ragnar Arnalds.

Ed. 560. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill allt til vinna að sá árangur náist sem að er stefnt með nýgerðum kjarasamningum. Ef vel er á haldið geta þessir kjarasamningar skipt sköpum um efnahagslega þróun á næstu árum. Með þessum kjarasamningum er að því stefnt

- að verðbólga lækki úr 30–40% í u.þ.b. 8%,
- að kaupmáttur launa fari vaxandi eftir því sem líður á samningstímabilið,
- að kaupmáttur þeirra, sem ekki hafa notið launaskriðs, hækki meira en annarra.

Þetta er umtalsverður og óvenjulegur árangur kjarasamninga, sem tekist hafa án verkfalla, ef þetta stenst í framkvæmd.

Snöggur bati í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, þ.e. snarlækkandi olíuverð á heimsmörkuðum og hækkandi fiskverð á erlendum mörkuðum, skapar sérstakt svigrúm fyrir slíka samninga. Þessum viðskiptakjarabata er að verulegu leyti varið til kaupmáttaraukningar. Kaupmáttaraukningin er ekki tryggð með ofurháum prósentuhækkunum heldur með fyrirheiti stjórnvalda um breytta stjórnarstefnu sem lýsir sér m.a. í eftirfarandi: Niðurfærslu tekjuskatts og útsvars að breyttum verðlagsforsendum, áformaðri lækkun nafnvaxta og lækkun á gjaldskrám opinberrar þjónustu, lækkun á bensíni og rafmagni, tollalækkunum og niðurfellingu launaskatts í fiskiðnaði og iðnaði til stuðnings meginforsendu samninganna um fast gengi. Loks eru gerðar ráðstafanir til að hindra hækkun búvöruverðs.

Fyrir utan almenna kaupmáttaraukningu koma til sérstakar launabætur sem eiga að skila 3,4% kaupmáttarbata hjá þeim sem lægstar hafa tekjur. Auk þess koma til sérstakar aðgerðir til að auka starfsöryggi og starfsvirðingu fiskvinnslufólks. Loks er að geta fyrirheits stjórnvalda um „nýtt og stórbætt húsnæðislánakerfi“ sem skiptir sköpum, ekki síst fyrir ungu kynslóðina í landinu.

Þessir kjarasamningar eru í heild sinni gerðir með einu skilyrði. Þetta skilyrði er að ríkisstjórnin taki upp stefnu í efnahagsmálum sem geti samrýmst afgerandi hjöðnun verðbólgu. Vonir manna um að fyrirhugaður árangur náist í reynd eru bundnar því skilyrði að hallarekstur ríkissjóðs magni ekki verðbólguna upp á ný og að hóflitlar lántökur, þótt á innlendum markaði séu, þrýsti ekki upp vaxtastigi eða setji stjórn peningamála úr skorðum.

Eins og fram kemur í athugasemdum felur frumvarpið í sér að rekstrarjöfnuður fjárlaga versnar um 1650 m. kr. Þetta er að mati okkar Alþýðuflokksmanna óviðunandi niðurstaða. Ekki síst þegar þess er gætt að ætla má að ýmsir duldir gallir leynist í frumgerð fjárlaganna. Um það þýðir ekki að fást úr þessu. Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1986 flutti þingflokkur Alþýðuflokksins samræmdar tillögur um nýja og aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum. Því miður bar meiri hl. Alþingis ekki gæfu til að samþykkja þær tillögur þá. Hefðu þessar tillögur verið samþykktar væri ríkisstjórnin betur í stakk búin að mæta nokkrum útgjaldaauka vegna kjarasamninganna. Þeim mun brýnna er nú að gætt verði aðhalds í ríkisfjármálum þegar gera á tilraun til að slá niður verðbólguna. Þessu sjónarmiði samsinnir ríkisstjórnin í orði en ekki á borði. Þingflokkur Alþýðuflokksins vill því vara við því að stjórnarmeirihlutinn tefli árangri kjarasamninganna í tvísýnu með of miklum hallarekstri í ríkisfjármálum og of miklum lántökum sem haft geta neikvæð áhrif á vaxtaþróun. Við hefðum kosið að útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninganna hefði í auknum mæli verið mætt með nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs og lækkun útgjalda. Við minnum á að í bréfi aðila vinnumarkaðarins til ríkisstjórnarinnar frá 26. febr. s.l. segir: „Miklu máli skiptir að þessi kostnaður valdi ekki halla á ríkissjóði og að hann verði fjármagnaður með innlendu fé. Að öðrum kosti væri hætta á aukinni þenslu sem gæti sett verðlagsmarkmið kjarasamninga úr skorðum.“

Með vísan til þessara grundvallarsjónarmiða lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisstjórnina um tillögugerð er feli í sér að minnka fjárlagahallann og treysta þannig vonir manna um raunhæfan árangur kjarasamninganna. Við erum reiðubúin til að fallast á sameiginlegar tillögur aðila vinnumarkaðarins um aukna tekjuöflun ríkissjóðs, t.d. með sérstökum skatti á banka og fjármálastofnanir og sérstökum eignarskattsauka á félög; lækkun ríkisútgjalda, t.d. til vegagerðar með hliðsjón af fyrirsjáanlegum sparnaði í kjölfar lækkandi olíuverðs; og að fallið verði frá því að auka fjárveitingu til niðurgreiðslna á búvörum um 220 m. kr. en ónýttur afgangur útflutningsbótafjár og framlög til jarðræktarstyrkja verði notuð í þessu skyni í staðinn. Þá erum við reiðubúin til samstarfs

um að lækka erlendar lántökuheimildir sérstaklega til þess að hamla gegn þenslu í peningamálum. T.d. væri það mjög jákvæð ráðstöfun í þessu samhengi að lækka heimildir á lánsfjárlögum til erlendrar lántöku (t.d. Landsvirkjunar, Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar) um u.þ.b. 500 m. kr.

Með þessum tillögum væri reynt að tryggja að það viðnám gegn verðbólgu, sem að er stefnt með kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda, verði ekki eyðilagt með ónýtri fjármálastjórn. Þar með væri aðhald í ríkisfjármálum og lánsfjármálum hert verulega án þess að það bitnaði að nokkru leyti á launafólki eða drægi úr sérstökum ráðstöfunum til þess að hamla gegn verðhækkunum.

Kjarni málsins er sá að verðbólgan næst ekki niður þótt launafólk sé reiðubúið til að axla ábyrgð ef lausatök eru á fjármálum og lánamálum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill fyrir sitt leyti veita frumvarpinu stuðning. En við skorum á ríkisstjórn og þingmeirihluta að leita víðtækara samkomulags um að styrkja stöðu ríkisfjármálanna og tryggja þar með betur tilætlaðan árangur. Ella hlýtur ríkisstjórnin ein að bera ábyrgðina ef ónýt fjármálastjórn spillir árangri skynsamlegra kjarasamninga.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Ed. 561. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 4. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa nú gert með sér nýjan kjarasamning sem er byggður á margvíslegum aðgerðum í stjórn efnahagsmála.

Ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessar efnahagsaðgerðir og er þær m.a. að finna í þessu frv.

Álit 4. minni hl. á þessum aðgerðum er:

1. Ljóst er að frumkvæðið í stjórn efnahagsmála er ekki lengur í höndum Alþingis og ríkisstjórnar. Í stað þess að leggja sjálf þann efnahagsgrunn, sem frjálsir kjarasamningar geta byggst á, lætur ríkisstjórnin aðila vinnumarkaðarins leggja þennan grunn fyrir sig og gerir þeirra tillögur að sínum. Verkefni Alþingis er skv. þessu að stimpla þessar tillögur og gera að lögum og breyta með því þeim lögum um skipan ríkisfjármála sem það er sjálft nýbúið að samþykkja.
2. Ráðrúm Alþingis til að skoða gaumgæfilega þessar aðgerðir, áður en þær eru lögfestar, er nánast ekkert og hljóta það að teljast forkastanleg vinnubrögð.
3. Jafnframt er ekki veitt ráðrúm til að kynna kjarasamningana og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir þeim sem málið er skyldast, þ.e. launafólki í landinu. Undarlegt má telja að grundvöllur samninganna sé lögfestur með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir áður en félagsmenn verkalýðsfélaganna hafa haft færi á að kynna sér hann.

4. Samningarnir, sem þetta frv. er hluti af, sækja kjarabæturnar að stórum hluta í ríkissjóð, í vasa launþega sjálfra. Eðlilegra er vitaskuld að þeir, sem vinnu launþega njóta, þ.e. atvinnurekendur, greiði þessar kjarabætur en ekki ríkið. Smánarlegast er þó hve lítil kjarabót kemur í hlut þeirra sem lægst launin hafa en í þeim hópi eru konur fjölmennastar. Lægstu laun hækka úr 17 060 kr. á mánuði í 19 272 á samningstímanum og má ljóst vera að af þeim launum er ekki hægt að lifa. „Sárabæturnar", sem áformað er að greiða út tvisvar á árinu til þeirra sem við þessi kjör búa, munu litlu þar um breyta. Það er því ljóst að þessar efnahagsaðgerðir staðfesta einungis þá láglaunastefnu sem þessi ríkisstjórn hefur rekið.
5. Þær ráðstafanir, sem gerðar eru til að lækka tolla, eru ekki til þess fallnar að bæta kjör almenns launafólks, heldur eru þær fyrst og fremst leikur með framfærsluvísitöluna. Þær kunna þó að leiða til einhverra kjarabóta ef þar með tekst að ná niður lánskjaravísitölunni. Hins vegar munu þessar ráðstafanir að öllum líkindum leiða til aukins innflutnings og aukins viðskiptahalla sem ekki er á bætandi.
6. Í þessu frv. eru engar tillögur um tekjuöflun heldur er einungis gert ráð fyrir tilflutningi fjármuna innan kerfisins. Sömuleiðis eru mjög óljósar hugmyndir um það hvernig fjármagna á stóran hluta þess kostnaðar sem þessar ráðstafanir hafa í för með sér. Í 1. gr. frv. er talað um að lækka ríkisútgjöld um 860 000 þús. kr. Engar frekari útskýringar liggja fyrir um það hvernig þetta verður gert. Hætt er við að aukinn niðurskurður á ríkisútgjöldum ásamt lækkun á tekjuskatti og útsvari leiði til þess að dregið verði úr félagslegri þjónustu. Slíkur samdráttur getur einnig haft í för með sér atvinnuleysi. Hvort tveggja mun bitna fyrst og fremst á þeim sem lægstar tekjur hafa.
7. Styrkur þessara kjarasamninga hvílir á forsendum sem margar eru óvissar. Þau fjögur meginatriði, sem ekki mega bresta, eru: 1) Trú fólksins á að þessi leið sé fær, 2) stöðugleiki gengisskráningar, 3) að ríkisstjórnin standi við þau framlög sem hún hefur samþykkt, 4) að takast megi að halda verðlagi í skefjum.

Sú reynsla, sem fólk hefur af þessari ríkisstjórn, hefur ekki gefið tilefni til þess að henni sé sýnt traust nú. Áætlaðar breytingar á raungengi um 2–3% á árinu eru háðar mörgum breytum sem stjórnvöld ráða ekki yfir. Ekki verður enn séð hvernig ríkisstjórnin ætlar að afla fjár til þeirra framlaga sem hún hefur skuldbundið sig til og samþykkt. Engin trygging er fyrir því að verðlag haldist í skefjum þrátt fyrir lækkanir á tollum — og fyrirætlanir um verðlagseftirlit eru óljóst orðaðar.

Forsendur þessara samninga eru því ekki einungis viðkvæmar, þær eru mjög ótraustar.

Þessir samningar og meðfylgjandi efnahagsaðgerðir eru tilraun til að taka á þessum málum á nýjan hátt og það er löngu tímabært. Hins vegar breyta þeir ekki þeirri óréttlátu tekjuskiptingu sem nú viðgengst í íslensku þjóðfélagi. Þess vegna, og þar sem ríkisfjármálunum er þar að auki stefnt í mikla óvissu með þessu frv., getur 4. minni hl. nefndarinnar ekki staðið að samþykkt þess. 4. minni hl. mun því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 562. Frumvarp til laga [303. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. febr.)

I. KAFLI

Um lækkun gjalda og tekna í fjárlögum fyrir árið 1986.

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 að lækka ríkisútgjöld um 860 000 þús. kr.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1986 að lækka ríkistekjur um 2 510 000 þús. kr.

II. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

1. mgr. 67. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 121/1984 og 2. gr. laga nr. 47/1985, orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 000 kr., skal reikna 19,5%. Sé tekjuskattsstofn annars hjóna, sem skattlagt er skv. ákvæðum 63. gr., lægri en 200 000 kr. skal þó hækka þetta tekjumark hjá hinum makanum um þá upphæð sem á skortir að tekjuskattsstofn þess fyrrgreinda nái 200 000 kr. en þó ekki um hærri upphæð en 100 000 kr.
2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 30,5%.
3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 000 kr., skal reikna 43,5%.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn skattafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

4. gr.

Í stað „35 000 kr.“ í 1. mgr. 68. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1985, komi: 34 705 kr.

III. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1982, falli niður.

6. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Undanþegin skattskyldu eru vinnulaun og þóknanir:

1. fyrir störf hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað skv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands,

2. fyrir störf við fiskirækt,
3. fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra sem hann greiðir laun, svo og vegna jarðræktarframkvæmda og annarra byggingarframkvæmda á bújörðum en þeirra sem tengjast fiskiræktarstöðvum,
4. fyrir störf sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með talin störf hlutaráðinna landmanna, sem innt eru af hendi í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða.

7. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Gjalddagar launaskatts eru sex, sbr. þó 6. gr. Gjalddagi vegna launa, sem greidd eru fyrir mánuðina janúar og febrúar, er 15. mars, fyrir mánuðina mars og apríl 15. maí, fyrir mánuðina maí og júní 15. júlí, fyrir mánuðina júlí og ágúst 15. september, fyrir mánuðina september og október 15. nóvember og fyrir mánuðina nóvember og desember 15. janúar. Eindagi er mánuði eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Skattinn ber launagreiðanda, ótilkvöddum, að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

8. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Komi í ljós að aðili, sem greiða átti launaskatt skv. 3. gr., hafi vanrækt greiðslu hans að hluta eða öllu leyti eða ekki skilað greinargerð, sbr. 8. gr., skal skattstjóri ákvarða launaskattinn, sbr. 2. mgr. 3. gr., og senda tilkynningu þar um til gjaldanda og innheimtumanns.

9. gr.

1. og 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 5/1982, orðist svo:

Reki aðili fjölþættan atvinnurekstur eða starfsemi sem ýmist er launaskattsskyld eða er undanþegin launaskatti, sbr. 1. gr. og 3. mgr. 2. gr., skal hann aðgreina launagreiðslur í bókhaldi sínu þannig að séð verði hvað af þeim tilheyri hverjum þætti.

Af launaskattsskyldum greiðslum fyrir yfirstjórn og af öðrum slíkum greiðslum, sem ekki eru beint tengdar ákveðnum þáttum starfseminnar, skal ávallt greiða 3½%, sbr. 1. mgr. 1. gr. Þó skal ekki greiða launaskatt, sbr. 3. mgr. 2. gr., af því hlutfalli umræddra greiðslna sem er á milli heildargreiðslna og greiðslna skv. 3. mgr. 2. gr. áður en umræddar greiðslur eru meðtaldar.

IV. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

a. Tollar á vörum í 1.–21. kafla tollskrár, sem hærri eru en 40%, lækki í 40%.
b. Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 10%: 40.11.10, 40.11.20, 40.11.40, 40.11.50, 40.11.61 og 40.11.69.
c. Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 15%: 84.15.10, 84.15.20, 84.19.10, 84.40.10, 84.40.21, 84.40.50, 84.40.61, 85.06.11, 85.06.19, 85.06.31, 85.06.39, 85.06.40, 85.12.49, 85.12.54, 85.12.55 og 85.12.56.
d. Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 30%: 87.02.13, 87.02.14, 87.02.15, 87.02.16, 87.02.19, 87.02.21, 87.02.41, 87.02.42, 87.02.49, 87.04.09 og 87.05.09.
e. Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 40%: 85.07.02, 85.07.09, 85.12.30, 85.12.57, 85.12.59, 85.15.20, 85.15.25, 85.15.30, 85.15.35, 85.15.40, 90.08.11, 90.08.19, 90.09.09, 92.11.10, 92.11.20, 92.11.39 og 92.11.40.
f. Við upptalningu í sviga í 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna bætist: Portúgal og Spáni.

11. gr.

6. tölul. 3. gr. tollskrárlaga orðist svo:

Að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum og viðaukum og bókunum sem teljast óaðskiljanlegur hluti þeirra eða fella ákvarðanir um framkvæmd þeirra úr gildi sé ákvæðum þeirra breytt, forsendur breytist eða þeir falli úr gildi.

12. gr.

Ný grein bætist við tollskrárlög er verði 40. gr., jafnframt því sem núverandi 40. og 41. gr. verði 41. og 42. gr. þeirra. Greinin orðist svo:

Ráðherra er heimilt að fella niður eða taka upp í tollskrá ný tollskrárnúmer þegar beitt er heimild í 6. og 13. tölul. 3. gr. til samræmingar, lækkunar eða niðurfellingar tolls á vöru.

Ráðherra er einnig heimilt að gera slíkar breytingar á tollskrá til þess að aflað verði nauðsynlegra tölfræðilegra upplýsinga um innflutning á einstökum vöruflokkum til landsins eða þeirra er eigi talin lengur þörf.

Samþykki Tollasamvinnuráðið breytingar á tollnafnaskrá ráðsins eða skýringum við tollnafnaskrána eða nýja tollnafnaskrá sem hefur í för með sér breytta flokkun á vörum í tollskrá skal ráðherra heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á tollskránni, m.a. með því að fella niður eða taka upp ný tollskrárnúmer. Slíkar breytingar skulu eigi hafa áhrif á tolla eins og þeir hafa verið ákveðnir skv. lögum þessum, sbr. þó 1. mgr.

Breytingar skv. ákvæðum þessarar greinar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

V. KAFLI

Um breyting á öðrum aðflutningsgjöldum.

13. gr.

2. málsl. 1. mgr. og 3.–5. mgr. 1. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982, um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, og orðin „svo og að gjald skv. 5. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka“ í 2. mgr. 2. gr. sömu laga falli brott.

14. gr.

2. gr. laga nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, falli brott, jafnframt því sem í stað orðanna „Gjöld skv. ákvæðum 1. og 2. gr.“ í upphafi 3. gr. laganna komi: Gjald skv. ákvæðum 1. gr.

VI. KAFLI

Um afnám verðjöfnunargjalds af raforkusölu.

15. gr.

Lög nr. 114/1985, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1984, um verðjöfnunargjald af raforkusölu, falla úr gildi 1. mars 1986.

VII. KAFLI

Um breyting á lögum nr. 120/1985, lánsfjárlögum fyrir árið 1986.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að taka innlend lán á árinu 1986 að fjárhæð allt að 1 475 000 þús. kr. til viðbótar heimild skv. 1. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Landsvirkjunar til að taka lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 540 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 fellur niður heimild Þróunarfélagsins til að taka lán á árinu 1986.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Framkvæmdasjóðs til að taka erlend lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 882 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skal heimild Byggðastofnunar til að taka lán á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 335 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 17., 19. og 20. gr. með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra setur hverju sinni.

22. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að taka lán hjá lífeyrissjóðum að fjárhæð allt að 300 000 þús. kr. umfram það sem miðað er við í lánsfjáráætlun fyrir árið 1986.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1986 skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskattstekjum á árinu 1986 eigi nema hærri fjárhæð en 770 000 þús. kr.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði II. kafla skulu koma til framkvæmda vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 á tekjur ársins 1985.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu laun fyrir störf við fiskverkun og í iðnaði, sbr. 6. gr. laga þessara, vera undanþegin launaskatti frá og með 1. mars 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. þessara laga skal greiða launaskatt vegna launaskattsskyldra launa fyrir mánuðina janúar og febrúar 1986 í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 5/1982.

II

Hafi tollyfirvöld veitt leyfi til afhendingar á vöru fyrir gildistöku laga þessara skal tollmeðferð hennar þrátt fyrir ákvæði 10.–14. gr. þessara laga miðuð við þá tolla og gjöld sem í gildi voru við leyfisveitinguna.

Nd. 563. Breytingartillaga [303. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá Kristínu S. Kvaran, Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 10. gr. bætist nýr liður sem orðist svo:

g. Tollar á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum verði 20%: 76.15.01, 70.13.00, 73.38.29, 74.18.01, 69.10.00, 75.60.02, 39.07.25, 79.60.02, 87.06.02, 87.13.01, 87.13.09, 94.01.12 og 94.01.16.

Nd. 564. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á sameiginlegum fundi fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda. Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það var afgreitt frá efri deild.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Friðrik Sophusson, varaform., frsm. Halldór Blöndal. Ólafur G. Einarsson.

Sverrir Sveinsson.

Nd. 565. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaður leggur til að frv. verði samþykkt með sömu fyrirvörum og fram koma í nál. 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar á þskj. 559.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Svavar Gestsson.

Nd. 566. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill allt til vinna að sá árangur náist sem að er stefnt með nýgerðum kjarasamningum. Ef vel er á haldið geta þessir kjarasamningar skipt sköpum um efnahagslega þróun á næstu árum. Með þessum kjarasamningum er að því stefnt

- að verðbólga lækki úr 30–40% í u.þ.b. 8%,
- að kaupmáttur launa fari vaxandi eftir því sem líður á samningstímabilið,
- að kaupmáttur þeirra, sem ekki hafa notið launaskriðs, hækki meira en annarra.

Þetta er umtalsverður og óvenjulegur árangur kjarasamninga, sem tekist hafa án verkfalla, ef þetta stenst í framkvæmd.

Snöggur bati í ytri skilyrðum þjóðarbúsins, þ.e. snarlækkandi olíuverð á heimsmörkuðum og hækkandi fiskverð á erlendum mörkuðum, skapar sérstakt svigrúm fyrir slíka samninga. Þessum viðskiptakjarabata er að verulegu leyti varið til kaupmáttaraukningar. Kaupmáttaraukningin er ekki tryggð með ofurháum prósentuhækkunum heldur með fyrirheiti stjórnvalda um breytta stjórnarstefnu sem lýsir sér m.a. í eftirfarandi: Niðurfærslu tekjuskatts og útsvars að breyttum verðlagsforsendum, áformaðri lækkun nafnvaxta og lækkun á gjaldskrám opinberrar þjónustu, lækkun á bensíni og rafmagni, tollalækkunum og niðurfellingu launaskatts í fiskiðnaði og iðnaði til stuðnings meginforsendu samninganna um fast gengi. Loks eru gerðar ráðstafanir til að hindra hækkun búvöruverðs.

Fyrir utan almenna kaupmáttaraukningu koma til sérstakar launabætur sem eiga að skila 3,4% kaupmáttarbata hjá þeim sem lægstar hafa tekjur. Auk þess koma til sérstakar aðgerðir til að auka starfsöryggi og starfsvirðingu fiskvinnslufólks. Loks er að geta fyrirheits stjórnvalda um „nýtt og stórbætt húsnæðislánakerfi“ sem skiptir sköpum, ekki síst fyrir ungu kynslóðina í landinu.

Þessir kjarasamningar eru í heild sinni gerðir með einu skilyrði. Þetta skilyrði er að ríkisstjórnin taki upp stefnu í efnahagsmálum sem geti samrýmst afgerandi hjöðnun verðbólgu. Vonir manna um að fyrirhugaður árangur náist í reynd eru bundnar því skilyrði að hallarekstur ríkissjóðs magni ekki verðbólguna upp á ný og að hóflitlar lántökur, þótt á innlendum markaði séu, þrýsti ekki upp vaxtastigi eða setji stjórn peningamála úr skorðum.

Eins og fram kemur í athugasemdum felur frumvarpið í sér að rekstrarjöfnuður fjárlaga versnar um 1650 m. kr. Þetta er að mati okkar Alþýðuflokksmanna óviðunandi niðurstaða. Ekki síst þegar þess er gætt að ætla má að ýmsir duldir gallir leynist í frumgerð fjárlaganna. Um það þýðir ekki að fást úr þessu. Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1986 flutti þingflokkur Alþýðuflokksins samræmdar tillögur um nýja og aðhaldssamari stefnu í ríkisfjármálum. Því miður bar meiri hl. Alþingis ekki gæfu til að samþykkja þær tillögur þá. Hefðu þessar tillögur verið samþykktar væri ríkisstjórnin betur í stakk búin að mæta nokkrum útgjaldaauka vegna kjarasamninganna. Þeim mun brýnna er nú að gætt verði aðhalds í ríkisfjármálum þegar gera á tilraun til að slá niður verðbólguna. Þessu sjónarmiði samsinnir ríkisstjórnin í orði en ekki á borði. Þingflokkur Alþýðuflokksins vill því vara við því að stjórnarmeirihlutinn tefli árangri kjarasamninganna í tvísýnu með of miklum hallarekstri í ríkisfjármálum og of miklum lántökum sem haft geta neikvæð áhrif á vaxtaþróun. Við hefðum kosið að útgjaldaauka ríkissjóðs vegna kjarasamninganna hefði í auknum mæli verið mætt með nokkurri hækkun tekna ríkissjóðs og lækkun útgjalda. Við minnum á að í bréfi aðila vinnumarkaðarins til ríkisstjórnarinnar frá 26. febr. s.l. segir: „Miklu máli skiptir að þessi kostnaður valdi ekki halla á ríkissjóði og að hann verði fjármagnaður með innlendu fé. Að öðrum kosti væri hætta á aukinni þenslu sem gæti sett verðlagsmarkmið kjarasamninga úr skorðum.“

Með vísan til þessara grundvallarsjónarmiða lýsir þingflokkur Alþýðuflokksins sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisstjórnina um tillögugerð er feli í sér að minnka fjárlagahallann og treysta þannig vonir manna um raunhæfan árangur kjarasamninganna. Við erum reiðubúin til að fallast á sameiginlegar tillögur aðila vinnumarkaðarins um aukna tekjuöflun ríkissjóðs, t.d. með sérstökum skatti á banka og fjármálastofnanir og sérstökum eignarskattsauka á félög; lækkun ríkisútgjalda, t.d. til vegagerðar með hliðsjón af fyrirsjáanlegum sparnaði í kjölfar lækkandi olíuverðs; og að fallið verði frá því að auka fjárveitingu til

niðurgreiðslna á búvörum um 220 m. kr. en ónýttur afgangur útflutningsbótafjár og framlög til jarðræktarstyrkja verði notuð í þessu skyni í staðinn. Þá erum við reiðubúin til samstarfs um að lækka erlendar lántökuheimildir sérstaklega til þess að hamla gegn þenslu í peningamálum. T.d. væri það mjög jákvæð ráðstöfun í þessu samhengi að lækka heimildir á lánsfjárlögum til erlendrar lántöku (t.d. Landsvirkjunar, Framkvæmdasjóðs og Byggðastofnunar) um u.þ.b. 500 m. kr.

Með þessum tillögum væri reynt að tryggja að það viðnám gegn verðbólgu, sem að er stefnt með kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda, verði ekki eyðilagt með ónýtri fjármálastjórn. Þar með væri aðhald í ríkisfjármálum og lánsfjármálum hert verulega án þess að það bitnaði að nokkru leyti á launafólki eða drægi úr sérstökum ráðstöfunum til þess að hamla gegn verðhækkunum.

Kjarni málsins er sá að verðbólgan næst ekki niður þótt launafólk sé reiðubúið til að axla ábyrgð ef lausatök eru á fjármálum og lánamálum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins vill fyrir sitt leyti veita frumvarpinu stuðning. En við skorum á ríkisstjórn og þingmeirihluta að leita víðtækara samkomulags um að styrkja stöðu ríkisfjármálanna og tryggja þar með betur tilætlaðan árangur. Ella hlýtur ríkisstjórnin ein að bera ábyrgðina ef ónýt fjármálastjórn spillir árangri skynsamlegra kjarasamninga.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 567. Nefndarálit [303. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þjóðartekjur á mann á Íslandi eru ofan við meðallag OECD-ríkjanna. Íslendingar eru meðal 10–15 ríkustu þjóða heims. Dagvinnulaun eru hins vegar hvergi jafnlág í álíka ríkum þjóðfélögum.

Á Íslandi ríkir láglaunastefna sem á sér engan líka á Vesturlöndum. Afleiðingar hennar eru m.a. vinnuþrældómur, átök á vinnumarkaði og vinnutap, svart hagkerfi, lítil afköst vegna langs vinnutíma, lítil framleiðni fyrirtækja og upplausn fjölskyldunnar. Þetta kemur fram í grein eftir Stefán Ólafsson lektor í Mbl. í dag, 28. febrúar 1986. Þennan sama dag hefur frumvarp til laga um að viðhalda þessari láglaunastefnu sameinað gömlu flokkana á Alþingi í lofsöng um *þjóðarsátt um lífskjarasáttmála.*

Þau lífskjör, sem flokkarnir fylkja sér um, eru þau sömu og stjórnarflokkarnir komu á við valdatöku sína. Þessi lífskjör valda því að hluti þjóðarinnar hefur ekki efni á því að taka þátt í samfélaginu. Hin pólitísku og lagalegu réttindi þess fólks verða merkingarlaus. Þannig er láglaunastefna í raun mannréttindabrot.

Helgustu mannréttindin eru þau að fá að halda *sjálfsvirðingu* sinni. Það varðar sjálfsvirðingu manns að geta séð fjölskyldu sinni farborða. Láglaunastefnan brýtur því gegn sjálfsvirðingu fólks.

Stjórnvöld hafa ekki kjark til að hefja þær aðgerðir einar sem geta til lengdar bætt lífskjör í landinu. Þar má telja breytt skattalög til að stuðla að nýtingu fjármagns, breytt samskipti ríkisvalds og sveitarfélaga til að auka sjálfsstjórn og minnka sóun, vinnustaðasamninga, frjálst fiskverð og gjaldeyrismarkað. Einnig er óumflýjanlegt að hætta að dekra við illa rekin fyrirtæki með ívilnunum af ýmsu tagi.

Láglaunastefna er daður við atvinnurekendur sem ekki hafa vilja, getu og siðferði til að greiða mannsæmandi laun. Samningakerfið er úrelt. Þar notast menn við meðaltalsreikninga sem eiga ekkert skylt við raunverulega afkomu fólksins í landinu. Þessi aðferð hefur aldrei skilað og mun aldrei skila þeim lífskjörum sem eru sambærileg við það sem gerist með öðrum vestrænum þjóðum.

Þingið er nú beitt þvingunum. Á rúmum 24 klukkustundum er því ætlað að afgreiða þetta frumvarp. Með framkvæmdarvaldið fara nú menn sem þjóðin hefur ekki kosið til þeirra starfa.

BJ hefur haldið því fram að stjórnkerfið sé ónýtt. Núverandi ástand er óræk sönnun þess. Þessi samningur samrýmist ekki sjónarmiðum jafnaðarmanna. Til hans er stofnað á ólýðræðislegan hátt og hann innsiglar áframhaldandi kúgun þeirra sem búa við lágu launin. BJ getur því ekki stutt hann. BJ getur ekki tekið undir lofsöng gömlu flokkanna um þjóðarsátt um fátækt hluta þjóðarinnar. Svo miklir ójafnaðarmenn viljum við ekki vera.

Undirritaður tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu um frv.

Alþingi, 28. febr. 1986.

Guðmundur Einarsson,
fundaskr.

Sþ. 568. Tillaga til þingsályktunar [304. mál]

um jafnan rétt til fræðslu og skipulag fræðslu í landinu óháð námsleiðum og námsstigum.

Flm.: Kristín S. Kvaran, Ellert B. Schram, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að lýsa yfir vilja sínum til að tryggja öllu fólki, sem hug hefur á að afla sér menntunar, jafnan og óskoraðan rétt til fræðslu. Til þess að svo geti orðið ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar og láta semja frumvarp til laga um skipulag fræðslu í landinu óháð námsleiðum og námsstigum.

Greinargerð.

Það ætti að vera óþarft að minna á þær gífurlega öru breytingar sem eiga sér stað í skólamálum, m.a. vegna framfara í tækni og vísindum. Þó er sýnt að það menntakerfi, sem við búum við, hefur enga möguleika á að halda í við þá þróun.

Um námsleiðir eru í gildi ótal lög þar sem ætla mætti að reglugerðir kæmu að sama gagni. Einnig hafa frumvörp að námsstigum verið í smíðum um margra ára skeið án árangurs.

Markmið þessarar þingsályktunar er að tryggja nú þegar óskoraðan rétt þess fólks sem hug hefur á að afla sér fræðslu. Það er óþarft að tryggja þennan rétt með langsóttum lagabálkum um hvert stig. Jafnframt og eigi að síður er fólki mikilvægt að vita að rétturinn er þess.

Að mati flutningsmanna er ástæðulaust að hafa lög um sérhvert stig eða sérhverja leið í námi. Þær tilraunir sem fram að þessu hafa verið gerðar með fullorðinsfræðslu, sú umræða sem orðið hefur um kennslu í fjölmiðlum, tilraunir og umræða um opinn háskóla og opinn skóla benda til þess að þróun eigi sér stað í mennta- og fræðslumálum þótt skólastefnan hafi ekki verið njörvuð niður með lögum í smáatriðum fyrir hvert námsstig fyrir sig.

Það er hægt að segja sem svo, og leiða að því rök, að slíkur lagabálkur gæti fremur orðið til hindrunar en til framþróunar á tímum eins og þeim sem við lifum nú þegar svo mikið rót er á umræðunni og svo örar framfarir eiga sér stað.

Enn þá hefur ekki farið fram nein úttekt á því hvernig grunnskólalögin hafa reynst eða hvort mögulegt hafi verið að framfylgja þeim þó að 12 ár séu liðin frá gildistöku þeirra. Undangengin 14 ár hefur áfangakerfi framhaldsskólanna verið við lýði án þess að nokkur lagabókstafur fyrirfinnist um þá fræðslu annar en lög um menntaskóla. Það hefur farið fram umræða um það hvaða fornám sé eðlilegur undirbúningur sérnáms á einstökum stigum og hvar tölvur eigi að koma inn í skólanámið.

Nú undanfarið hafa orðið verulega miklar hræringar í kennarastéttinni sem leitt hafa til sameiningar kennarafélaganna. Í framhaldi af því er eðlilegt að gera þá athugasemd hvers vegna meiri þörf sé þá fyrir sérlög fyrir hvert námsstig og hverja námsleið.

Með samræmingu laga um fræðslu, hvort heldur er hefðbundin skólaganga í grunnskóla eða framhaldsskóla, sem og starfsnám, endurmenntun og eftirmenntun og frjálst nám og námskeið, t.d. í tengslum við atvinnulífið, þarf að því er virðist fyrst og fremst að kveða nánar á um námsleiðir og jafnframt að tryggja og opna leiðir fyrir þá sem vilja sinna fræðslu í landinu, hvort sem þeir vilja fara hefðbundnar leiðir eða ekki.

Lög, sem þessi þingsályktun gerir ráð fyrir að verði að veruleika, mundu þannig tryggja rétt fólks til mismunandi leiða í námi og gera ráð fyrir ákveðnum námsstigum. Óþarft virðist að njörva hvert það skref, sem stigið er í skóla- og fræðslumálum, niður í lagabálka. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á einstökum sviðum skólamála undangengin ár, hafa átt sér stað án þess að um þau hafi gilt sérstök lög.

Undanfarna áratugi hafa menn ekki getað komið sér saman um lög um framhaldsskóla. Menn hafa orðið heimaskítsmát og eru fastir í umræðunni um atriði eins og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Það er mat flutningsmanna að með þessari tillögu sé sneitt hjá slíkum póstum sem eðlilegra sé að ákveðnir séu annars vegar í sveitarstjórnarlögum og hins vegar í fjárlögum.

Sþ. 569. Fyrirspurn [305. mál]

til utanríkisráðherra um sendifulltrúa Íslands á Grænlandi.

Frá Gunnari G. Schram.

Telur utanríkisráðherra tímabært að skipaður sé sérstakur sendifulltrúi eða ræðismaður Íslands á Grænlandi til þess að annast samskipti þjóðanna á sviði viðskipta-, menningar- og stjórnmála og gæta hagsmuna okkar þar í landi?

Sþ. 570. Fyrirspurn [306. mál]

til utanríkisráðherra um stofnun sendiráðs í Japan.

Frá Gunnari G. Schram.

Hvaða áform eru uppi um stofnun sendiráðs í Japan sem hefði það meginhlutverk að annast markaðsleit fyrir íslenskar afurðir í Austur-Asíulöndum?

Nd. 571. Lög [303. mál]

um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 562.

Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [307. mál]

um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Flm.: Gunnar G. Schram.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagur af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi.

Greinargerð.

Í Bandaríkjunum er að finna mikilvægasta markaðinn fyrir íslenskar útflutningsafurðir. Ekkert eitt ríki kaupir jafnmikið af framleiðslu okkar og Bandaríkin en þangað fóru 29% útflutningsins árið 1984.

Nú er hér fyrst og fremst um að ræða útflutning á ýmiss konar sjávarafurðum. En það er álit þeirra sem gerst þekkja til að á komandi árum verði unnt að stórauka útflutning íslenskra iðnaðarvara til Bandaríkjanna en þar fæst einna hæst verð fyrir slíkar vörur. Mikilvæg forsenda þess er þó að tollar á slíkum vörum fáist þar lækkaðir. Ef slíkt tækist gæti það orðið mikil lyftistöng fyrir íslensk iðnfyrirtæki í framtíðinni sem ættu þá auðveldara með að vinna þar nýja markaði fyrir framleiðsluvörur sínar. Er hér því um að ræða mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskan iðnað og vöxt hans og viðgang í framtíðinni.

Í stórum dráttum má segja að ávinningurinn af gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin yrði eftirfarandi:

1. Tollar á íslenskum framleiðsluvörum yrðu lækkaðir og felldir niður. Sú upphæð nam 129 millj. kr. árið 1984, en meðalgengi dollarans var þá 31 kr.
2. Samkeppnisaðstaða íslenskra útflytjenda á bandaríska markaðnum mundi mjög batna gagnvart öðrum þjóðum.
3. Bandarískar vörur mundu lækka í verði hér á landi.
4. Möguleikar mundu skapast á samvinnu erlendra og íslenskra fyrirtækja til framleiðslu hér á landi til útflutnings, bæði til Bandaríkjanna og Evrópu (EFTA- og EBE-landanna).
5. Viðskiptatengsl og efnahagssamvinna Íslands og Bandaríkjanna mundi vaxa í verulegum mæli.

Árið 1984 var útflutningsverðmæti vöru, sem flutt var frá Íslandi til Bandaríkjanna, 6686 millj. kr. eða um 211 millj. dollara. Hér var um 107 vörutegundir að ræða og var tollur sá, sem af þeim var greiddur, 129 millj. ísl. kr. Innflutningur frá Bandaríkjunum nam á sama ári 1806 millj. ísl. kr. Tollar af honum voru 323 millj. kr.

Sjávarafurðir eru stærsti hluti útflutningsins til Bandaríkjanna en af þeim eru einnig greiddir lægstu tollarnir. Rúmlega þriðjungur af útflutningi sjávarafurða er tollfrjáls í Bandaríkjunum. Annars eru lágir tollar af þeim, t.d. um 2 sent á pund af frystum flökum. Miklu hærri tollar eru á unnum fiskafurðum og hefur það hindrað útflutning þeirra. Alls

voru árið 1984 greiddar 57 millj. kr. í tolla af íslenskum sjávarafurðum sem til Bandaríkjanna voru fluttar en verðmæti þeirra var 5657 millj. kr. Má ætla að á þessu ári verði tollarnir 70–80 millj. kr.

Hér er þó á það að líta að í Bandaríkjunum er nú vaxandi þrýstingur á að lagður verði innflutningstollur á frystan fisk frá austurströnd Kanada. Þegar hefur verið lagður tollur á ferskan fisk sem kemur frá Kanada og er hann 6,85%. Munu bandarísk stjórnvöld taka ákvörðun um það síðast í marsmánuði hvort tollur verður einnig lagður á frystan fisk frá Kanada. Augljós hætta er á því að kröfur komi fram um að slíkir tollar verði lagðir á sjávarafurðir í Bandaríkjunum frá fleiri samkeppnisaðilum en Kanada og gæti það haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan sjávarútveg. Fríverslunarsamningur Íslands og Bandaríkjanna mundi hins vegar bæta stöðu okkar í þessum efnum.

Landbúnaðarafurðir voru fluttar út til Bandaríkjanna árið 1984 fyrir 41 millj. kr. á þáverandi gengi. Af þessum útflutningi voru greiddar 3 millj. kr. í tolla eða 7%. Hæstur er innflutningstollurinn á ostum eða 9,1% af verðmæti, en lægri á öðrum vörutegundum. Það er ljóst að ef draumar manna í landbúnaði eiga að rætast um stóraukinn útflutning íslenskra landbúnaðarafurða til Bandaríkjanna yrði fríverslunarsamningur mikilvægur í því efni.

Hæstu tollarnir eru greiddir af íslenskum iðnaðarvörum sem fluttar eru út til Bandaríkjanna. Er þar um að ræða næststærsta útflutningsflokkinn, en hann nam 525 millj. kr. árið 1984. Jafnframt er þetta sú framleiðsla sem mestar vonir eru bundnar við að unnt verði að auka útflutning á til Bandaríkjanna í framtíðinni. Af iðnaðarvörum voru árið 1984 greiddar 68 millj. kr. í tolla við innflutning til Bandaríkjanna eða 11,4%.

Þar sem tollar af iðnaðarvörum eru mun hærri en af öðrum vörutegundum sem við flytjum út til Bandaríkjanna er full ástæða til þess að leggja sérstaka áherslu á lækkun tolla á þessum vörum ef upp verða teknar viðræður um fríverslunarsamning milli landanna. Að mati Verslunarráðs Íslands og samtaka iðnrekenda draga þessir háu tollar til muna úr samkeppnismöguleikum íslenskrar iðnaðarvöru á Bandaríkjamarkaði en einmitt þar er að vænta aukinnar fjölbreytni í útflutningi í framtíðinni. Má í þessu sambandi nefna að um þessar mundir á íslenski ullariðnaðurinn í verulegum erfiðleikum en Bandaríkin hafa verið besti markaðurinn í þeim efnum. Tollalækkanir á ullarvörum mundu verða mikil hagsbót fyrir þá iðngrein sem tvímælalaust á enn mikla möguleika fyrir sér.

Þá skal á annað atriði minnst sem hér getur skipt miklu máli. Ef fríverslunarsamningur yrði gerður við Bandaríkin gætu skapast möguleikar á því að erlend fyrirtæki verði reiðubúin til þess að setja upp fyrirtæki hér á landi í samvinnu við íslenska aðila. Slík fyrirtæki mundu framleiða vöru sem ætti þá greiðan aðgang að markaði bæði í Evrópu (vegna EFTA- og EBE-samninga okkar) og í Bandaríkjunum. Hér er um mjög áhugaverða iðnaðarkosti að ræða en slík fyrirtækjasamvinna („joint ventures“) mundi bæði skapa aukna atvinnu hér á landi og stuðla að innflutningi á fjármagni og tækniþekkingu.

Loks skal þess getið að fríverslunarsamningur við Bandaríkin mundi mjög treysta og efla viðskiptatengsl og efnahagssamvinnu landanna tveggja. Um langan aldur hafa Íslendingar átt náið og gott samstarf við Bandaríkin í stjórnmálum og varnarmálum. Slíkt skref, sem hér er um að ræða, mundi enn treysta sambandið við þessa forustuþjóð þar sem mikilvægustu markaðir okkar eru. Væri það tvímælalaust íslensku þjóðinni í hag og í samræmi við þau sjónarmið sem efst eru á baugi í samstarfi vestrænna vinaþjóða.

Fríverslunarsamningar Bandaríkjanna og annarra þjóða.

Árið 1983 voru gerðir einhliða fríverslunarsamningar af hálfu Bandaríkjanna við nokkur eyríki í Karíbahafinu og ríki í Mið-Ameríku. Er markmiðið með þessum samningum að örva útflutning til Bandaríkjanna frá þessum löndum og bæta með því efnahag þeirra, fjölga atvinnutækifærum og bæta greiðslujöfnuð. Er hér um að ræða einhliða samninga við þessi lönd til 12 ára.

Þá hafa Bandaríkin gert fríverslunarsamning við Ísrael sem undirritaður var 22. apríl 1985. Hann kveður á um lækkun og síðar niðurfellingu tolla á mörgum völuflokkum sem Ísraelsmenn flytja út til Bandaríkjanna.

Kanadamenn hafa að undanförnu sýnt mikinn áhuga á því að fríverslunarsamningur verði gerður milli þeirra og Bandaríkjamanna. Hefur Mulroney, forsætisráðherra Kanada, beitt sér mjög fyrir formlegum viðræðum við Bandaríkjastjórn um málið. Samkvæmt upplýsingum frá sendiráði Íslands í Washington er búist við því að gengið verði til formlegra viðræðna af hálfu Bandaríkjamanna við Kanadamenn í apríl á þessu ári að fengnu samþykki Bandaríkjaþings um slíkar viðræður. Könnunarviðræður um fríverslunarsamning hófust í febrúarmánuði s.l.

Við aðrar þjóðir hafa Bandaríkin ekki enn gert fríverslunarsamninga en full ástæða er til þess að Íslendingar kanni slíka samningagerð, eins og fram var tekið í upphafi þessarar greinargerðar, vegna þeirra augljósu viðskiptahagsmuna Íslendinga sem þar eru í húfi.

Sþ. 573. Fyrirspurn [308. mál]

til félagsmálaráðherra um ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margir hafa leitað til ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins eftir að hún var opnuð öðru sinni og óskað eftir viðbótarlánum og annarri fyrirgreiðslu?
2. Er það fólk, sem nú leitar til þjónustunnar, sama fólkið og fékk viðbótarlán á síðasta ári?
3. Hvaða skilyrði setur ráðgjafarþjónustan fyrir viðbótarlánum?
4. Hvað er gert fyrir það fólk sem ekki fullnægir skilyrðum og getur ekki staðið undir fjárhagslegum skuldbindingum sínum?
5. Er vitað hve margir hafa misst húsnæði sitt á síðustu missirum?

Sþ. 574. Fyrirspurn [309. mál]

til félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra um vanda fólks vegna misgengis launa og lánskjara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að koma til móts við fólk, sem á í vanda vegna misgengis launa og lánskjara, með öðrum hætti en viðbótarlánum og skuldbreytingu? Er í ráði að greiða fyrir þessu fólki, t.d. með skattaívilnunum sem drægju úr þeim áföllum sem fólkið hefur orðið fyrir?

Sþ. 575. Fyrirspurn [310. mál]

til félagsmálaráðherra um störf milliþinganefndar um húsnæðismál.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hvernig miðar störfum milliþinganefndar um húsnæðismál sem skipuð var 11. júlí 1985? Hvenær er áætlað að hún ljúki störfum?

Sþ. 576. Fyrirspurn [311. mál]

til landbúnaðarráðherra um ríkisbú.

Frá Ólafi Þ. Þórðarsyni.

1. Hver er hinn vetrarfóðraði bústofn á ríkisbúum í vetur?
2. Hvert var afurðamagnið á síðasta verðlagsári?
3. Hvaða áform eru uppi um bústofn á þessum búum næsta vetur?
4. Hvert er markmiðið með búskapnum?

Óskað er eftir sundurliðun eftir hverju búi fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 577. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig:

Á milli orðanna „húsameistara“ og „tæknifræðinga“ komi orðin: húsgagna- og innanhússhönnuði.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 10. og 11. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svohljóðandi:

10. gr.

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði (möbel- og interiörarkitekt) hafa þeir einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

11. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um getur í 10. gr., nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem stéttarfélag húsgagna- og innanhússhönnuða viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt til að lögfest verði og fjallar um breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, er flutt að tilmælum Félags húsgagna- og innanhússarkitekta.

Frumvarp sama efnis var áður flutt á 94. löggjafarþingi 1973, mál nr. 16, en það frumvarp náði einnig til auglýsingateiknara. Frumvarpið náði þá ekki fram að ganga vegna ákveðinnar andstöðu við lögverndun starfsheitisins auglýsingateiknari (sjá fylgiskjal 8). Frumvarpið er nú flutt einvörðungu að því er varðar húsgagna- og innanhússhönnuði. Í greinargerð með frumvarpinu frá 1973 var gerð svofelld grein fyrir málefni þessu:

„Rétt þykir að rifja í stuttu máli upp feril þessarar löggjafar, sem hér er lagt til að taki til fleiri aðila en áður var.

Sérstök lög um rétt verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga til starfsheitis voru sett 13. júní 1937, nr. 24. Þeim lögum var svo breytt með lögum nr. 44 3. apríl 1963, og var aðalbreytingin á þann veg, að starfsheitið „iðnfræðingur" var fellt niður og heitið „tæknifræðingur" tekið upp í staðinn. Á næstu árum kom í ljós, að vissir agnúar voru á að láta það starfsheiti gilda fyrir þá, sem lokið höfðu prófi frá t. d. Byggeteknisk Højskole og hliðstæðum skólum. Var því horfið að því ráði að breyta lögunum á ný og tekið inn starfsheitið byggingafræðingur á ný og núgildandi lög þess efnis gefin út, nr. 73 9. október 1968."

Í niðurlagi greinargerðarinnar sagði: „Menntunarkröfur þær, sem samkvæmt frumvarpi þessu eru gerðar til manna til að fá leyfi til að kallast húsgagna- og innanhússhönnuðir, má telja hliðstæðar þeim, sem t. d. tæknifræðingar og byggingafræðingar verða að uppfylla."

Með frumvarpi þessu fylgir bréf frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, dags. 27. apríl 1984, um málefni þetta, en viðræður hafa farið fram frá því í febrúar 1984 milli fulltrúa ráðuneytisins og félagsins um réttindamál þessa starfshóps.

Telja verður eðlilegt að þeir sem að húsgagna- og innanhússhönnun starfa fái lögverndað starfsheiti, svo sem er um sambærilegar stéttir.

Með frumvarpi þessu er prentuð sem fylgiskjal greinargerð frá félaginu um lögverndun starfsheitisins. Þá eru prentaðar sem fylgiskjöl umsagnir um málið, sem aflað var vegna meðferðar máls þessa á Alþingi 1972—1973 (sjá fylgiskjöl 3—8).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til, að í fyrirsögn sé tekið í upptalningu starfsheita, sem njóta lögverndar skv. lögunum, húsgagna- og innanhússhönnuður.

Um 2. gr.

Um 10. og 11. grein: Með starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, sem á erlendum málum nefnast: interior designer (enska), möbel- og interiörarkitekt (danska), Innenarchitekt (þýska).

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, skammstafað — FHI —, hefur starfað hérlendis frá 1955 og er aðili að IFI — International Federation of Interior Designers. Námi félaga í FHI er þannig háttað:

Umsækjandi um skólavist uppfylli að jafnaði einhver eftirtalinna skilyrða:
a) Grunnskólanám og 1 árs undirbúningsnám við sérskóla.
b) Stúdentspróf.
c) Sveinspróf frá iðnskóla.

Allflestir skólar krefjast inntökuprófs en að því afstöðnu tekur námið að jafnaði 4 ár við listiðnaðar- eða sérskóla.

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, — FHI —, hafði upprunalega hug á að starfsheiti félagsmanna skyldi samkvæmt lögum þessum vera húsgagna- og innanhússarkitekt, en vegna ákveðinnar andstöðu gegn því starfsheiti hefur verið fallið frá því. Félagið er nú meðmælt starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður, en telur sér hins vegar nauðsynlegt, að nafnsins möbel- og interiörarkitekt sé getið á erlendu máli innan sviga, þar eð sú skýring gefur til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa, t. d. í Danmörku. Er þetta í samræmi við önnur ákvæði laganna.

Um 3. og 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:
1. Bréf frá Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta, dags. 27. apríl 1984, ásamt umboði félagsfundar.
2. Greinargerð til iðnaðarráðuneytisins vegna umsóknar um lögverndað starfsheiti, 1984 SMJ.
3. Bréf Tæknifræðingafélags Íslands, dags. 21. júní 1972.
4. Bréf Verkfræðingafélags Íslands, dags. 23. júní 1972.
5. Bréf Byggingafræðingafélags Íslands, dags. 26. september 1972.
6. Bréf Tækniskóla Íslands, dags. 21. nóvember 1972.
7. Bréf Háskóla Íslands, dags. 8. desember 1972, ásamt þar með fylgjandi bréfum lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar til rektors, dags. 23. og 30. nóvember 1972.
8. Bréf iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis til iðnaðarráðuneytisins, dags. 11. febrúar 1974.
9. Bréf iðnaðarráðuneytisins til iðnaðarnefndar efri deildar, dags. 6. mars 1974.

Fylgiskjal I.

FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA
Reykjavík Iceland P.O. BOX 5051

Iðnaðarráðuneytið
c/o Hr. Halldór J. Kristjánsson
Hverfisgötu 26
Reykjavík

27.4.1984

VARÐAR: umsókn Félags húsgagna- og innanhússarkitekta um lögverndað starfsheiti.

Á fundi í Félagi húsgagna- og innanhússarkitekta þ. 24.4.1984 var fjallað um starfsheiti félagsmanna. Fallist var á að hið lögverndaða starfsheiti samkvæmt væntanlegri breytingu á lögum nr. 73, 9. okt. 1968 yrði „HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSHÖNNUÐUR“, eins og

gert var ráð fyrir 1973. Forsendur og fyrirvarar er þetta varða koma fram í meðfylgjandi greinargerð og umboði til stjórnar félagsins, sem teljast málefnalegur hluti af bréfi þessu. Sérstaklega er bent á þær athugasemdir er stjórninni var falið að koma á framfæri við ráðuneytið og fram koma í umboðinu.

Óskað er eftir að orðalag 11. gr. breytist þannig:

— og lokið hafa fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla **og aðra sérskóla** sem stéttarfélag — o. s. frv.

Félagið þakkar skjót og raunhæf viðbrögð ráðuneytisins við málaleitan þessari og óskar eindregið eftir að unnið verði að framvindu málsins svo skjótt sem unnt er.

Virðingarfyllst
f. h. stjórnar FHI

Sturla Már Jónsson. Jón Ólafsson.

UMBOÐ TIL STJÓRNAR FÉLAGS HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA

Félagsfundur í FÉLAGI HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA, haldinn þ. 24.04.1984, samþykkir að fela stjórn félagsins að vinna áfram að undirbúningi laga um starfsheiti, er fela í sér að húsgagna- og innanhússarkitektar fái lögverndað starfsheitið HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSHÖNNUÐUR (möbel- og interiörarkitekt).

Hér er um að ræða endurflutning á frumvarpi því, er lá fyrir Alþingi árið 1973, frumvarpið til laga um breytingu á lögumnr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga í það sinn vegna andstöðu við starfssvið auglýsingateiknara, en í frumvarpi því sem lagt er fyrir nú eru auglýsingateiknarar ekki með og því eðlilegar breytingar á núverandi frumvarpi vegna þess.

Fundurinn fellst á túlkun ráðuneytisins á núgildandi lögum um starfsheiti, að starfsheitið ARKITEKT, hvort sem það stendur eitt sér eða í viðskeyti, sé ekki lögverndað og fáist ekki lögverndað nema að undangenginni breytingu á lögunum. Samkvæmt því er ráðuneytinu ekki heimilt að veita mönnum lögverndað starfsheiti sem arkitekt, eitt sér eða í viðskeyti.

Stjórn FHI er falið að koma því á framfæri við iðnaðarráðuneytið að ef fram færi endurskoðun á lögunum, er leiðir af sér breytingu, hvort sem um er að ræða setningu nýrra laga eða breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, verði það gert í fullu samráði við FHI. Jafnframt áskilji félagið sér allan rétt til að fara þess á leit við ráðuneytið að óska eftir breytingu á starfsheiti ef slík endurskoðun þætti gefa tilefni til.

Fundurinn er samþykkur greinargerð þeirri er stjórn FHI hefur lagt fram í iðnaðarráðuneytinu um störf húsgagna- og innanhússarkitekta og óskar jafnframt eftir því að skýringum við frumvarpið frá 1973 verði breytt og nýjar skýringar samhljóða greinargerðinni látnar fylgja.

Samþ. á félagsfundi 24.4.1984.

Fylgiskjal II.

FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNANHÚSSARKITEKTA,
Hverfisgötu 76,
Reykjavík.

Greinargerð til iðnaðarráðuneytisins vegna rannsóknar um lögverndað starfsheiti.

Fyrstu húsgagnaarkitektar á Íslandi luku prófi árin 1923 og 1938. Árið 1955 stofnuðu húsgagnaarkitektar með sér félag undir nafninu Félag húsgagnaarkitekta (FHA), nafni félagsins var síðar breytt í Félag húsgagna- og innanhússarkitekta (FHI) og hefur það starfað undir því nafni síðan. Í félaginu eru nú um 60 félagar.

Ástæður fyrir því að nú er óskað eftir að breyta nafni stéttarinnar í húsgagna- og innanhússhönnuði eru eftirfarandi:

1) Ýmislegt bendir til að starfsheitið „arkitekt" fáist ekki lögverndað undir íslenskum lögum, hvort sem það stendur eitt sér eða í samtengingu. Þannig hafa t. d. félagar í Arkitektafélagi Íslands hið lögverndaða starfsheiti „húsameistari" en ekki „arkitekt" eins og starfsbræður þeirra erlendis. Óátalið fordæmi Arkitektafélags Íslands hvað varðar misræmi á milli starfsheitis húsameistara og nafns félagsins gefur hins vegar tilefni til að ætla að FHI geti haldið því nafni, er það hefur haft í næstum því 30 ár, þó svo að hið lögverndaða starfsheiti sé húsgagna- og innanhússhönnuður, a. m. k. á meðan hið nýja starfsheiti vinnur sér sess í íslensku máli.
2) Þegar félagið var stofnað var ekki í almennri notkun á Íslandi hugtak, er nægjanlega vel þótti taka yfir hið erlenda hugtak „design". Auk þess voru félagsmenn, og eru enn, útskrifaðir úr námi sínu, sem flestir sóttu til Norðurlanda, sem „møbelarkitekt" eða „indretningsarkitekt". Á síðari árum hefur námið verið sótt í nokkrum mæli til landa þar sem „designer" er starfsheiti stéttanna, auk þess er „design" nú töluvert notað hugtak í Skandinavíu. Íslenska hugtakið „hönnun" er nú almennt notað í sömu merkingu og „design", búast má við enn aukinni notkun þess í íslensku máli á komandi árum. Í ljósi þessa þykir húsgagna- og innanhússarkitektum rétt að taka upp hið íslenska heiti „hönnuður" og tengja starfsheiti sínu. FHI telur hins vegar nauðsynlegt að nafnsins „möbel- og interiörarkitekt" sé getið innan sviga þar eð sú skýring gefi til kynna starfssvið hliðstæðra starfshópa erlendis.

FHI er aðili að IFI — International Federation of Interior Designer/Architects — og hefur hliðsjón af ályktunum þess hvað varðar inntöku félaga.

Með starfsheitinu húsgagna- og innanhússhönnuður er átt við þá, sem að menntun og starfsþjálfun eru hliðstæðir þeim, er á erlendum tungumálum nefnast: Interior eða furniture designer (enska), møbel- og indretningsarkitekt (danska), Innenarchitekt (þýska).

Nám í húsgagna- og innanhússhönnun er nú almennt að færast á háskólastig. Í Evrópu er lokapróf almennt samsvarandi BA prófi með möguleikum á framhaldsnámi að MA prófi. Algengur námstími er 4—5 ár. Námið fer fram við sérskóla, listiðnaðarskóla eða í arkitekta- og hönnunardeildum tækniskóla.

1984, SMJ.

Fylgiskjal III.

TÆKNIFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Skúlagata 63
Reykjavík
Sími 21730 P.O. BOX 1304

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhváli.

Reykjavík, 21. júní 1972.

Tæknifræðingafélag Íslands mælir með, að Félag Húsgagnaarkitekta fái lögverndað starfsheiti sitt „húsgagna- og innanhúsarkitekt" á sama hátt og aðrar starfsgreinar.

Virðingarfyllst,
f. h. Tæknifræðingafélags Íslands
Ásmundar J. Jóhannsson, framkvstj.

Fylgiskjal IV.

VERKFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS
Reykjavík
Pósthólf 645 Sími 19717

Iðnaðarráðuneytið
Arnarhvoli
Reykjavík.

Reykjavík, 23.6.1972.

Á fundi stjórnar Verkfræðingafélags Íslands í gær var tekið til meðferðar bréf ráðuneytisins, dags. 16. þ. m., þar sem fjallað er um ósk Félags húsgagnaarkitekta um að starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt verði lögverndað, sbr. ákvæði laga nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands hefur ekki á móti því að orðið verði við ósk Félags húsgagnaarkitekta, enda sýni könnun á námsefni þeirra, að það sé að magni og gæðum hliðstætt námsefni einhverrar annarrar þeirra stétta, sem umrædd lög taka til.

Virðingarfyllst,
Verkfræðingafélag Íslands
Hinrik Guðmundsson.

Fylgiskjal V.

BYGGINGAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 26. sept. 1972.

Iðnaðarmálaráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Sem svar við bréfi ráðuneytisins, dags. 16.8 og 24.8, vegna umsókna Félags íslenskra teiknara og Félags húsgagnaarkitekta um lögverndun á starfsheiti, vill stjórn Byggingafræðingafélagsins taka fram eftirfarandi:

1. Stjórn BFÍ er samþykk því, að Félag íslenskra teiknara fái lögverndun á starfsheiti fyrir félagsmenn sína.
2. Stjórn BFÍ er samþykk því fyrir sitt leyti að Félag húsgagnaarkitekta fái lögverndun á starfsheiti fyrir félagsmenn sína, en vekur jafnframt athygli á því, að eigi liggur ljóst fyrir hvort nafnið innanhússarkitekt nær yfir nám FHA og vitnar jafnframt til þess að þeir hafa ekki viðurkenningu byggingarnefndar til breytinga á skipulagi innanhúss í byggingum.
3. Stjórn Byggingafræðingafélagsins vildi gjarnan, sé þess kostur, fá afrit af samanburði námstímalengdar tækni- og byggingafræðinga er FHA hefur gert.

F. h. stjórnar Byggingafræðingafélags Íslands,
Sigurður Guðmundsson formaður.

Fylgiskjal VI.

TÆKNISKÓLI ÍSLANDS

21. nóv. 1972

Menntamálaráðuneytið,
Hverfisgötu 6,
Reykjavík.

Málefni: Um starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt.

Ljósrit af bréfi iðnaðarráðuneytisins til menntamálaráðuneytisins um þetta efni, dags. 16.6.72, barst skólanum um mánaðamótin júlí/ágúst. Misskilningur olli því þó, að ekki varð ljóst fyrr en s. l. föstudag, að óskað er eftir umsögn um málið.

1. Almennt séð er talið jafneðlilegt eða óeðlilegt að veita þessum hóp sérmenntaðra manna einkarétt á starfsheiti eins og hverjum öðrum sérmenntuðum hópi.
2. Efnislega virðist svo sem námið, bæði að magni og gæðum, réttlæti sérstakt starfsheiti.
3. Starfsheitið „húsgagna- og innanhússarkitekt“ er þó talið meingallað, fyrir sakir lengdar og óþjálleika.

Tækniskóli Íslands
Bjarni Kristjánsson,
rektor.

Fylgiskjal VII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 8. desember 1972.

Ég leyfi mér að tilkynna hinu háa ráðuneyti, að á fundi háskólaráðs hinn 7. þ. m. var gerð svofelld samþykkt varðandi starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt:

„Háskólaráð hafði óskað umsagnar lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar um erindi þetta. Fram var lagt bréf verkfræði- og raunvísindadeildar, dags. 23. nóv. 1972, og bréf lagadeildar, dags. 30. nóv. 1972. Er niðurstaða deildanna mjög á sama veg, telja ekki óeðlilegt, að lögfest verði starfsheiti þeirra manna, er um ræðir, en telja vafamál, að rétt sé að nota orðið arkitekt í starfsheiti stéttar þessarar."

Hjálögð eru ljósrit af umsögnum lagadeildar og verkfræði- og raunvísindadeildar ásamt fylgigögnum.

Allra virðingarfyllst,

Jónatan Þórmundsson,
varaforseti háskólaráðs.

Menntamálaráðuneytið,
Rvík.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

Reykjavík, 30. nóv. 1972.

Með bréfi, dags. 23. ágúst s. l., var óskað umsagnar lagadeildar um bréf iðnaðarmálaráðuneytisins frá 16. júní 1972 varðandi starfsheitið húsgagna- og innanhússarkitekt. Er umsögn deildarinnar svohljóðandi:

„Það virðist eðlilegt, að lögfest verði starfsheiti þeirra manna, sem aflað hafa sér menntunar í viðurkenndum listiðnaðarskólum í húsgagnagerð og innanhússbúnaði og fyrirkomulagi.

Þeirri lögfestingu mætti koma fram með breytingu á lögum nr. 73/1968 um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Yrði þá aftan við 8. gr. nefndra laga aukið tveimur nýjum lagagreinum, sem fælu í sér lögfestingu starfsheitisins og væru hliðstæðar undanfarandi greinum laganna.

Þegar litið er til 3. og 4. greinar áðurnefndra laga getur virst efamál, hvort rétt er að nota orðið arkitekt í starfsheiti þessarar stéttar."

Virðingarfyllst,

Gaukur Jörundsson.

Til rektors
Háskóla Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Verkfræði- og raunvísindadeild

Reykjavík, 23.11.1972.

Með bréfi dagsettu 23.8.1972 leitaði háskólaráð álits verkfræði- og raunvísindadeildar á erindi Félags húsgagnaarkitekta varðandi starfsheitin húsgagna- og innanhússarkitekt, sbr. bréf iðnaðarráðuneytisins til menntamálaráðuneytisins, dags. 16.6.1972, er fylgdi með í ljósriti ásamt fleiri gögnum, sem endursendast hér með.

Deildin fól verkfræðiskor að semja af sinni hálfu umsögn um málið og fer hún hér á eftir:

Deildin hefur ekki á móti því, að starfsheiti viðkomandi aðila fái lögvernd, en telur, að slíkt eigi ekki að fela í sér nein sérréttindi önnur en notkun heitisins.

Deildin bendir þó á, að óheppilegt sé, að orðið arkitekt felist í starfsheitinu, þar eð starfsheitið arkitekt er þegar lögverndað heiti annarrar stéttar.

Virðingarfyllst,

Magnús Magnússon,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Fylgiskjal VIII.

ALÞINGI

Efri deild, 11. febrúar 1974

Iðnaðarnefnd efri deildar hefur haft til meðferðar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Nefndinni hafa borist margar umsagnir um frumvarpið. Í ljós kemur að mikil andstaða virðist ríkja um þann þátt frumvarpsins, sem fjallar um rétt til að kalla sig auglýsingateiknara. Má heita, að allir aðilar, sem umsagnir veita, tjái sig mótfallna frumvarpinu að þessu leyti.

Í þessu sambandi veldur það sérstaklega andstöðu, að í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram, að umræddur réttur til starfsheitis eigi jafnframt að tryggja rétt til viðkomandi starfs. Slíkt verður hins vegar ekki séð af lögunum sjálfum.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið rakið, vill iðnaðarnefnd efri deildar fara fram á nánari skýringar ráðuneytisins bæði á almennum skilningi þess á einkarétti manna til starfs í samræmi við starfsheiti og um venjur í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,
f. h. iðnaðarnefndar efri deildar,

Steingr. Hermannsson.

Iðnaðarráðuneytið,
Arnarhvoli,
Reykjavík.

Fylgiskjal IX.

IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Arnarhvoli Reykjavík

06.03.74

Hr. alþingismaður
Steingrímur Hermannsson
formaður iðnaðarnefndar
efri deild
ALÞINGI

Af tilefni bréfs iðnaðarnefndar efri deildar, dags. 11. febrúar s. l., með fyrirspurn um skilning á einstökum atriðum varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

Í athugasemdum við frumvarpið segir m. a., að það sé síst að ófyrirsynju að þeim, sem hafa aflað sér sérþekkingar, sé mikið í mun, að þeir hafi erindi sem erfiði og þ. á m. að þjóðfélagið virði framlag þeirra og framtak, m. a. með því að veita þeim opinbera viðurkenningu í mynd starfs- og stéttarheita, til að tryggja rétt þeirra gegn hugsanlegum ágangi annarra, sem ekki hafa til brunns að bera svo ítarlega þekkingu og sérhæfni, sem hér er krafist.

Svo sem fram kemur í þessari tilvitnun og í orðalagi einstakra greina frumvarpsins er tilgangur laganna sá, að tryggja þeim mönnum, sem hafa aflað sér tiltekinnar menntunar á sérsviði, einkarétt til starfsheitis. Með þessu er það tryggt, að þeir einir, sem aflað hafa sér tiltekinnar menntunar, fái leyfi ráðherra til að nota lögverndað starfsheiti. Með lögunum er jafnframt öðrum bannað að nota hið lögverndaða starfsheiti. Þeir, sem skipti eiga við þær starfsstéttir, sem hafa lögverndað starfsheiti, geta þar með treyst því, að þær hafi aflað sér þeirrar lágmarksmenntunar, sem tilskilin er í lögunum.

Í lögunum er viðkomandi starfsstéttum, sem rétt eiga til starfsheitis, ekki jafnframt veittur einkaréttur til starfa á viðkomandi sviði. Rétturinn til starfsheitis tryggir þá, sem aflað hafa sér tilskilinnar lágmarksmenntunar, gegn ágangi á starfsheitið, án þess að þeim sé jafnframt tryggður réttur hvað þá einkaréttur til viðkomandi starfs.

Það er því rétt, sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi yðar, að í lögunum er ekki verið að tryggja auglýsingateiknurum eða húsgagna- og innanhússhönnuðum rétt til tiltekins starfs, heldur til tiltekins starfsheitis. Tilvísun yðar í athugasemdir með frumvarpinu, þess efnis að þar komi fram að umræddur réttur til starfsheitis eigi jafnframt að tryggja rétt til viðkomandi starfs, er því á misskilningi byggð. Orðalag þess efnis er eigi að finna í umræddum athugasemdum.

Væntir ráðuneytið þess, að með ofanrituðu sé fullnægjandi svar fengið af ráðuneytisins hálfu við fyrirspurn yðar.

F. h. r.
e. u.
Árni Þ. Árnason.

Nd. 578. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. mars.)

Samhljóða þskj. 299 með þessum breytingum á fylgiskjali:

2. regla hljóðar svo:

Ábyrgð.

a) Í þessum reglum getur ekkert leyst skip, eiganda þess, skipstjóra eða áhöfn undan ábyrgð, ef reglunum er ekki fylgt eða vanrækt er að gæta þeirrar varúðar sem almenn sjómennska krefst eða sérstakar aðstæður kunna að útheimta.

b) Þegar fara skal eftir þessum reglum og túlka þær ber að taka fullt tillit til hvers konar hættu við siglingar, árekstrarhættu og allra sérstakra kringumstæðna, þar á meðal takmarkaðrar hæfni hlutaðeigandi skipa til að víkja, sem kann að valda því að ekki verður komist hjá að sniðganga þessar reglur til að forðast yfirvofandi hættu.

6. regla hljóðar svo:

Örugg ferð.

Hverju skipi skal ávallt sigla með öruggri ferð svo að beita megi réttum og fullnægjandi stjórntökum til að komast hjá árekstri og unnt sé að stöðva skipið á hæfilegri vegalengd sem aðstæður og ástand marka hverju sinni.

Þegar ákveða skal hvað sé örugg ferð skal m. a. taka tillit til eftirtalinna atriða:

a) Öll skip skulu taka tillit til:

1. skyggnis;
2. fjölda skipa á siglingaleið, þar með þéttra flota fiskiskipa eða annarra skipa;
3. stjórnhæfni skipa, sérstaklega með tilliti til stöðvunarvegalengdar og hæfni til að snúa við aðstæður hverju sinni;
4. villuljósa að nóttu til frá ljósum í landi eða vegna endurspeglunar ljósa á eigin skipi;
5. vindhraða, sjólags og strauma og nálægðar á hættum fyrir siglingar skipa;
6. djúpristu skipsins miðað við dýpi siglingaleiðar.

b) Skip, sem nota ratsjá, skulu auk þess taka tillit til:

1. sérstakra eiginleika, myndgæða og takmarkana ratsjárinnar;
2. allra annmarka sem stafa af fjarlægðarstillingu sem notuð er;
3. áhrifa sjólags, veðurs og annarra truflanavalda á ratsjármynd;
4. líkinda þess, að lítil skip, ís og reköld komi ekki fram á ratsjánni í nægilegri fjarlægð;
5. fjölda, legu og hreyfinga skipa sem birtast á ratsjánni;
6. nákvæmara mats á skyggni, sem má fá þegar ratsjá er notuð til að ákveða fjarlægð til skipa eða annarra hluta í nánd.

8. regla hljóðar svo:

Hvernig komast skal hjá árekstri.

a) Sérhver stjórntök, sem beitt er til að komast hjá árekstri, skulu, þegar aðstæður leyfa, framkvæmd hiklaust og í tæka tíð og um leið skal taka fullt tillit til þess sem góð sjómennska krefst.

b) Stefnubreyting og/eða hraðabreyting til að komast hjá árekstri skal, ef aðstæður leyfa, vera svo mikil, að á skipi, þar sem fylgst er með siglingu með berum augum eða í ratsjá, verði breytingarinnar vart þegar í stað. Forðast skal tíðar og litlar breytingar á stefnu og/eða hraða.

c) Ef nægilegt svigrúm er getur stefnubreyting ein saman verið árangursríkast stjórntak til að komast hjá því að nálgast annað skip um of, svo framarlega sem það er gert í tæka tíð, breytt er um stefnu svo að um munar og stefnubreyting leiðir ekki til þess að siglt verði of nærri enn öðru skipi.

d) Þegar afstýra skal árekstri við annað skip skal það gert þannig að skipin fari hvort framhjá öðru í öruggri fjarlægð. Fylgst skal vandlega með að stjórntak til að víkja beri tilætlaðan árangur uns komið er alveg framhjá skipinu og á frían sjó.

e) Draga skal úr ferð skips eða stöðva það ef nauðsynlegt er til að forðast árekstur eða ef þörf er frekari tíma til mats á aðstæðum. Þetta skal gert með því að stöðva skrúfu eða annað það sem knýr skipið áfram eða með því að láta vél eða skrúfu ganga aftur á bak.

9. regla hljóðar svo:

Þröngar leiðir.

a) Skip, sem siglir um þröngt sund eða ál, skal halda eins nærri ytri mörkum sundsins eða leiðarinnar, sem veit að stjórnborða, og unnt er án áhættu.

b) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra siglingu skips, er aðeins getur siglt af fullu öryggi með því að þræða þröngt sund eða ál.

c) Skip, sem er að fiskveiðum, má ekki trufla siglingu skips er fer eftir þröngu sundi eða ál.

d) Skip má ekki sigla þvert yfir þröngt sund eða ál ef það truflar með því siglingu skips sem öryggis vegna verður að þræða sundið eða álinn. Á síðarnefnda skipinu má nota hljóðmerki sem kveðið er á um í d-lið 34. reglu ef vafi leikur á um fyrirætlaða siglingu þess skips sem ætlar þvert yfir.

e) 1. Sé því aðeins unnt að sigla fram úr skipi í þröngu sundi eða ál, að skipið hliðri til og beiti sérstökum stjórntökum svo að sigla megi framhjá því með fullu öryggi þá skal á skipinu, sem ætlar að sigla uppi og framhjá, láta þá fyrirætlun í ljós með viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir um í 1. grein c-liðar 34. reglu. Sé fallist á framúrsiglingu skal á skipinu, sem sigla á fram úr, gefa rétt hljóðmerki eins og ákveðið er í 2. grein c-liðar 34. reglu og gera viðhlítandi ráðstafanir til að sigla megi framhjá skipinu með fullu öryggi. Ef nokkur vafi er á því getur sama skip gefið frá sér hljóðmerki eins og kveðið er á um í d-lið 34. reglu.

2. Regla þessi leysir ekki þann, sem siglir fram úr, undan ákvæðum 13. reglu.

f) Skip, sem nálgast bugðu eða svæði í þröngu sundi eða ál þar sem önnur skip geta verið í hvarfi, skal sigla með sérstakri árvekni og varúð og gefa viðeigandi hljóðmerki eins og mælt er fyrir í e-lið 34. reglu.

g) Sérhvert skip skal, svo fremi aðstæður hverju sinni leyfa, forðast að varpa akkeri í þröngu sundi.

10. regla hljóðar svo:

Aðskildar siglingaleiðir.

a) Regla þessi gildir um aðskildar siglingaleiðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur sett ákvæði um.

b) Skip, sem siglir innan aðskilinna siglingaleiða, skal:

1. sigla innan afmarkaðrar siglingaleiðar, sem við á, og í þá höfuðátt sem umferð skipa er stefnt innan leiðarmarka;

2. halda sig eftir því sem framast er unnt frá sjálfum leiðarmörkunum og svæðum sem aðskilja umferðarleiðir;

3. sigla að jafnaði inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni við enda leiðarinnar. Þegar siglt er frá annarri hvorri hlið inn á afmarkaða siglingaleið eða út úr henni skal það gert undir eins litlu horni, miðað við höfuðstefnu leiðarinnar, og framkvæmanlegt er.

c) Eftir því sem framast er unnt skal forðast að sigla skipi yfir afmarkaða siglingaleið en ef nauðsyn ber til þá skal fara yfir leiðina í stefnu, er myndar sem næst rétt horn við höfuðstefnu hinnar afmörkuðu siglingaleiðar.

d) Strandleiðir (inshore traffic zones) skulu að jafnaði ekki notaðar af skipum sem sigla framhjá og hættulaust geta fylgt réttri afmarkaðri siglingaleið þeirrar aðskildu siglingaleiðar sem næst liggur. Þó mega skip, sem styttri eru en 20 metrar, og seglskip alltaf nota strandleiðir.

e) Að jafnaði má ekki sigla skipi yfir svæði, sem skilur að umferðarleiðir, né heldur má sigla yfir markalínu, nema því aðeins að skipið ætli að sigla þvert yfir leiðina, út úr henni eða inn á hana.

Undantekning er þó gerð:

1. þegar um bráða hættu er að ræða sem komast verður hjá;

2. við fiskveiðar á svæði sem skilur að umferðarleiðir.

f) Á siglingu við endamörk aðskilinna siglingaleiða skal gæta sérstakrar varúðar.

g) Eftir því sem framast er unnt skal komist hjá að varpa akkeri á aðskilinni siglingaleið eða í nánd við endamörk leiðarinnar.

h) Skip, sem siglir ekki eftir aðskilinni siglingaleið, skal halda sig eins fjarri leiðinni og unnt er.

i) Skip að fiskveiðum má ekki trufla ferðir skipa sem sigla eftir afmarkaðri siglingaleið.

j) Skip, sem er styttra en 20 metrar, eða seglskip má ekki hindra örugga siglingu vélskips á afmarkaðri siglingaleið.

k) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna aðgerða sem varða siglingaöryggi, á aðskildum

siglingaleiðum, er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki sem nauðsynlegt er svo að það megi ljúka aðgerðum sínum.

l) Skip með takmarkaða stjórnhæfni vegna starfa við lagningu, viðhald eða upptöku neðansjávarstrengja innan aðskilinna siglingaleiða er undanþegið ákvæðum reglu þessarar að því marki sem nauðsynlegt er svo að það megi sinna störfum sínum.

12. regla hljóðar svo:

Seglskip.

a) Þegar tvö seglskip nálgast hvort annað þannig að hætta er á árekstri skal annað þeirra víkja fyrir hinu eftir þeim reglum sem nú skal greina:

1. þegar þau hafa vind á gagnstæð borð skal skipið, sem hefur vindinn á bakborða, víkja fyrir hinu;

2. þegar bæði hafa vind á sama borð skal skipið, sem til kulborða siglir, víkja fyrir hinu, sem til hlés siglir;

3. ef skip sést til kulborða frá seglskipi, sem hefur vind á bakborða, og ekki er hægt að ákvarða með fullri vissu hvort skipið til kuls hefur vindinn á bakborða eða stjórnborða þá skal víkja fyrir því.

b) Með orðinu „kulborði" í þessari reglu er átt við borðið sem er gagnstætt því sem stórseglið er haft í eða — sé um rásiglt skip að ræða — gagnstætt því borði sem stærsta stagseglið eða gaffalseglið er haft í.

19. regla hljóðar svo:

Stjórn og sigling skipa í takmörkuðu skyggni.

a) Regla þessi á við um skip sem eru ekki í sjónmáli hvert frá öðru þegar siglt er á eða nærri svæði þar sem skyggni er takmarkað.

b) Sérhvert skip skal sigla með öruggri ferð sem miðast við aðstæður og ástand hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis. Vélskip skal hafa vélar sínar viðbúnar tafarlausri gangskiptingu.

c) Þegar fara skal eftir reglum I. hluta þessa kafla skal á hverju skipi taka fullt tillit til aðstæðna og ástands hverju sinni vegna takmarkaðs skyggnis.

d) Þegar aðeins verður vart nærveru annars skips í ratsjá skal ganga úr skugga um hvort skipin muni nálgast hvort annað um of og/eða hvort hætta sé á árekstri. Ef svo er skal í tæka tíð gera ráðstafanir til að auka fjarlægð milli skipanna og afstýra árekstri. Ef breytt er um stefnu við þau stjórntök skal eftir því sem framast er unnt forðast:

1. að breyta stefnu til bakborð fyrir skipi sem er framan við þverskipsstefnu, nema breytt sé stefnu fyrir skipi sem siglt er fram úr;

2. að breyta stefnu í átt að skipi sem er þvert eða aftan við þverskipsstefnu.

e) Þegar þokumerki heyrist frá skipi sem virðist vera framan við þvert eða óumflýjanlegt er að nálgast um of annað skip sem er framan við þvert skal draga úr ferð og sett á minnstu stjórnferð. Þetta á við nema því aðeins að ekki sé talin hætta á árekstri. Ef nauðsyn krefur skal stöðva skipið alveg og í öllum tilvikum skal sigla með ítrustu varkárni þar til hætta á árekstri er liðin hjá.

20. regla hljóðar svo:

Notkun.

a) Fylgja skal reglum þessa kafla hvernig sem viðrar.

b) Reglunum um ljós skal fylgja frá sólsetri til sólaruppkomu og má á þessum tíma engin önnur ljós hafa sem unnt er að rugla saman við hin lögboðnu ljós og gera erfiðara að greina þau eða draga úr sérstökum einkennum þeirra eða torvelda góða útsýn frá skipinu.

c) Á skipum, sem eru búin þeim ljósum sem fyrirskipuð eru í þessum reglum, skal einnig hafa ljósin frá sólaruppkomu til sólseturs í takmörkuðu skyggni, og þau má alltaf sýna þegar það er álitið nauðsynlegt.

d) Reglum um dagmerki skal fylgja að deginum.

e) Ljós og dagmerki þau, sem mælt er fyrir að nota og lýst er í reglunum, skulu vera í samræmi við þau fyrirmæli sem eru gefin í I. viðauka við þessar reglur.

22. regla hljóðar svo:

Langdrægni ljósa.

Ljós, sem kveðið er á um að hafa uppi í reglum þessum, skulu hafa þann ljósstyrk sem tilgreindur er í 8. hluta I. viðauka við reglurnar. Ljósin skulu að minnsta kosti vera sýnileg þá vegalengd er hér greinir:

a) Á skipum sem eru 50 metrar á lengd eða lengri:

— sigluljós sjáist 6 sjómílur;
— hliðarljós sjáist 3 sjómílur;
— skutljós sjáist 3 sjómílur;
— dráttarljós sjáist 3 sjómílur;
— hvítt, rautt, grænt eða gult hringljós sjáist 3 sjómílur.

b) Á skipum sem eru 12 metrar á lengd eða lengri en styttri en 50 metrar:

— sigluljós sjáist 5 sjómílur, nema á skipum, sem eru styttri en 20 metrar, lýsi ljósið 3 sjómílur;

2. tölul. I. viðauka hljóðar svo:

Lóðrétt staðsetning ljósa og fjarlægð á milli þeirra.

a) Á vélskipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skal koma sigluljósum fyrir sem hér segir:

1. Fremra sigluljósið eða ef einungis er haft uppi eitt sigluljós þá það ljós, skal að minnsta kosti vera í 6 metra hæð upp frá bol skipsins. Ef skipið er breiðara en 6 metrar þá skal ljósið vera að minnsta kosti jafnmarga metra upp frá bol skipsins og breidd skipsins nemur. Sigluljósið þarf þó ekki að setja hærra en 12 metra upp frá bol skipsins.

2. Þegar 2 sigluljós eru höfð uppi skal aftara ljósið vera að minnsta kosti 4,5 metrum hærra en fremra ljósið, mælt í lóðlínu.

b) Lóðrétt fjarlægð milli sigluljósa vélskipa skal vera svo mikil að aftara sigluljósið sjáist frá sjávarfleti í 1000 metra fjarlægð frá stafni skipsins og við eðlilegan stafnhalla ofan við fremra sigluljósið og aðgreint frá því.

c) Sigluljósi vélskips, sem er 12 metrar á lengd eða lengra en styttra en 20 metrar, skal komið fyrir a. m. k. í 2,5 metra hæð ofan við borðstokk skipsins.

d) Efsta ljósið á vélskipi, sem er styttra en 12 metrar, má vera lægra en 2,5 metra ofan við borðstokkinn. Þegar sigluljós er haft uppi auk hliðarljósa og skutljóss skal sigluljósið samt vera að minnsta kosti einum metra hærra en hliðarljósin.

e) Öðru tveggja eða einu þriggja sigluljósa, sem vélskip skulu hafa uppi er þau draga annað skip eða ýta því, skal komið fyrir annaðhvort á sama stað og fremra eða aftara sigluljósi vélskipa; séu ljósin höfð uppi á aftursiglu skal það lægsta þeirra að minnsta kosti vera 4,5 metrum hærra en fremra sigluljósið.

f) 1. Sigluljósinu eða ljósunum, sem kveðið er á um í a-lið 23. reglu, skal ætíð komið fyrir ofan við og laust við önnur ljós og hindranir, nema svo standi á eins og lýst er í 2. grein þessa liðar.

2. Sé óframkvæmanlegt að hafa hringljósin, sem fyrirskipuð eru í 1. grein b-liðar 27. reglu eða 28. reglu, undir sigluljósunum, má koma þeim fyrir ofan við aftara sigluljósið eða milli fremra og aftara sigluljóssins svo fremi að framfylgt verði ákvæðum c-liðar 3. hluta þessa viðauka.

g) Á vélskipi má ekki setja hliðarljós hærra yfir bol skipsins en sem nemur ¾ af hæð fremra sigluljóssins. Hliðarljósin mega ekki vera svo lág að þeim verði ruglað saman við þilfarsljós.

h) Ef hliðarljósin eru í samsettu ljóskeri á skipi sem er styttra en 20 metrar, þá skulu hliðarljósin vera að minnsta kosti einn metra neðan við sigluljósið.

i) Þegar mælt er fyrir í reglunum að hafa uppi tvö eða þrjú ljós lóðrétt hvert upp af öðru skal fjarlægð milli ljósanna vera sem hér segir:

1. Á skipi, sem er 20 metrar á lengd eða lengra, skulu að minnsta kosti vera 2 metrar á milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í 4 metra hæð upp frá bol skipsins.

2. Á skipi, sem er styttra en 20 metrar, skal að minnsta kosti vera einn metri milli ljósanna. Neðra eða neðsta ljósinu skal, nema hafa skuli uppi dráttarljós, komið fyrir að minnsta kosti í tveggja metra hæð upp frá bol skipsins.

3. Þegar þrjú ljós eru höfð uppi skal vera jafnt bil á milli þeirra.

j) Á skipi að fiskveiðum skal lægra hringljósið, er þau skip skulu hafa uppi, vera svo hátt ofan við hliðarljósin að nemi að minnsta kosti tvöfaldri fjarlægð milli hringljósanna.

k) Þegar höfð eru uppi tvö akkerisljós, skal fremra ljósið, sem krafist er samkvæmt ákvæðum 1. greinar a-liðar 30. reglu, vera að minnsta kosti 4,5 metrum ofar en aftara ljósið. Á skipi, sem er 50 metrar á lengd eða lengra, skal fremra akkerisljósinu komið fyrir að minnsta kosti í 6 metra hæð upp frá bol skipsins.

7. tölul. I. viðauka hljóðar svo:

Skilgreining lita á ljósum.

Litur allra siglingaljósa skal vera í samræmi við eftirfarandi staðla, sem eru innan marka, er tilgreind eru um hvern lit í litatöflu, sem Alþjóðaljósanefndin (CIE) hefur gert.

Mörkin fyrir hvern lit eru gefin með hornhnitum, sem eru þessi:

1. Hvítt

x	0.525	0.525	0.452	0.310	0.310	0.443
y	0.382	0.440	0.440	0.348	0.283	0.382

2. Grænt

x	0.028	0.009	0.300	0.203
y	0.385	0.723	0.511	0.356

3. Rautt

x	0.680	0.660	0.735	0.721
y	0.320	0.320	0.265	0.259

4. Gult

x	0.612	0.618	0.575	0.575
y	0.382	0.382	0.425	0.406

Ed. 579. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 4. mars. Á fund nefndarinnar komu Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ, og Harald Holsvík, framkvæmdastjóri Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Einnig var boðaður á fundinn fulltrúi Sjómannasambands Íslands, en hann gat ekki komið því við að mæta.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. mars 1986.

Valdimar Indriðason, form., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Kolbrún Jónsdóttir.
Jón Kristjánsson.	Karl Steinar Guðnason.	Árni Johnsen.
	Skúli Alexandersson.	

Sþ. 580. Fyrirspurn [313. mál]

til samgönguráðherra um framkvæmd þingsályktunar um öryggisbúnað fiski- og farskipahafna.

Frá Jóni Sveinssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 27. apríl 1982 um störf nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna og tillögugerð í því efni?

Sþ. 581. Fyrirspurn [314. mál]

til iðnaðarráðherra um úrræði vegna fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Frá Jóni Sveinssyni.

Til hvaða úrræða hyggst iðnaðarráðherra grípa:

1. til að létta fjárhagsvanda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til frambúðar,
2. til að íbúar á starfssvæði fyrirtækisins fái notið sambærilegrar lækkunar á orkuverði og aðrir landsmenn eftir nýgerða kjarasamninga?

Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar [315. mál]

um fjárstuðning við Handknattleikssamband Íslands.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Baldvin Hannibalsson, Stefán Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Friðrik Sophusson, Guðmundur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á fjármálaráðherra að veita Handknattleikssambandi Íslands fimm milljóna króna fjárstuðning í verðlauna- og viðurkenningarskyni í tilefni af frábærri frammistöðu íslenska landsliðsins í heimsmeistarakeppninni í Sviss.

Greinargerð.

Frammistaða íslenska handknattleiksliðsins í heimsmeistarakeppninni í Sviss hefur vakið þjóðarhrifningu. Með glæsilegum leik gegn bestu liðum heims hafa íslensku landsliðsmennirnir unnið hug og hjörtu ungra sem gamalla Íslendinga. Hver svo sem endanleg úrslit verða í heimsmeistarakeppninni hafa handknattleiksmenn okkar sýnt og sannað með fræknum sigrum og frábærum leik að íþróttirnar verðskulda stuðning og styrk þings og þjóðar. Afrek íslenska landsliðsins hafa ekki aðeins þýðingu inni á leikvellinum. Þau vekja athygli á landi og þjóð. En umfram allt efla afrek landsliðsins þjóðarmetnað, samstöðu og trú þjóðarinnar allrar á eigin getu og hlutverk í samfélagi þjóðanna. Íslendingar eru stoltir af liði sínu og þjóðerni þegar glæsimörkin birtast á sjónvarpsskjánum.

Árangur íslenska landsliðsins hefur ekki náðst fyrirhafnarlaust. Ómældum tíma hefur verið varið í undirbúning, undirbúning sem hefur kostað gífurleg útgjöld. Meiri hluti landsliðsmanna eru áhugamenn í íþrótt sinni. Forustumenn Handknattleikssambandsins eru áhugamenn í stjórnarstörfum sínum. Þrátt fyrir mikinn fjárstuðning og velvilja fyrirtækja, einstaklinga og opinberra aðila er óvíst með öllu hvort endar nást saman í fjármálum HSÍ vegna þátttöku í heimsmeistarakeppninni. Fram undan eru mörg önnur verkefni og nauðsynlegt er að fylgja frammistöðu liðsins eftir og gera HSÍ kleift að efla landsliðið og handknattleiksíþróttina í kjölfar þessa góða árangurs.

Með flutningi tillögu þessarar er lagt til að Alþingi Íslendinga sýni í verki vilja sinn og aðdáun á frammistöðu íslenska landsliðsins með því að verðlauna HSÍ með nokkrum fjárstuðningi.

Flutningsmenn eru þess fullvissir að það er eindreginn vilji þjóðarinnar að þessu litla broti af skattpeningum hennar sé vel varið með samþykkt þessarar tillögu.

Þjóðin vill fá að þakka fyrir sig. Það getur hún gert með myndarlegri fjárveitingu eins og hér er lagt til.

Ed. 583. Nefndarálit [302. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1887, um veð, sbr. lög nr. 87/1960.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. mars 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Valdimar Indriðason.
Ragnar Arnalds.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 584. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á nokkrum fundum og kynnt sér rækilega ýmis gögn sem varða málið.

Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins og flytur breytingartillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. mars 1986.

Pétur Sigurðsson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Guðmundur Bjarnason.	Friðrik Sophusson.	Kjartan Jóhannsson.
	Guðrún Helgadóttir.	

Nd. 585. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn, er varða auðkenni einstaklings, skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis, sem sýnið sendir, og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma.

Sþ. 586. Fyrirspurn [316. mál]

til samgönguráðherra um tekjur Ferðamálaráðs.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða upphæð nema 10% af árlegu söluverðmæti Fríhafnarinnar í Keflavík á hverju ári frá 1976 til 1985, og hver er sú upphæð áætluð á yfirstandandi ári? Upphæðir óskast tilgreindar á verðlagi gildandi fjárlaga.
2. Hver hafa verið heildarframlög ríkisins til Ferðamálaráðs á hverju ári á sama tíma (1976–1986) og á sama verðlagi, og hvaða hlutfalli nema þau af 10% af söluverðmæti Fríhafnarinnar?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 587. Fyrirspurn [317. mál]

til samgönguráðherra um fjárveitingar úr Ferðamálasjóði.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvaða upphæð nemur framlag ríkisins til Ferðamálasjóðs á ári hverju frá 1976 til yfirstandandi árs og hvaða hlutfall er það hvert ár miðað við 40 millj. gkr. á árinu 1976, sbr. lög nr. 60/1976?
2. Hversu miklu fé hefur Ferðamálasjóður varið á ári hverju undanfarin 10 ár til eftirtalinna verkefna:
   a. lána til framkvæmda við gisti- og veitingastaði,
   b. lána til annarra þátta ferðamála,
   c. framlaga til byggingar gistirýmis,
   d. framlaga í formi eignaraðildar?
3. Hvernig skiptast fjárhæðir í 2. lið, hvers stafliðar fyrir sig og samanlagt, á einstök kjördæmi landsins á ári hverju?
4. Hver eru áætluð heildarútlán og styrkveitingar Ferðamálasjóðs á yfirstandandi ári?

Allar fjárhæðir óskast tilgreindar á verðlagi gildandi fjárlaga.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 588. Fyrirspurn [318. mál]

til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um fasteignasölu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað líður endurskoðun laga nr. 47/1938, um fasteignasölu?
2. Hyggst ráðherra flytja að nýju frumvarp til laga um fasteigna- og skipasölu, sem lagt var fyrir 106. löggjafarþing, eða nýtt frumvarp um sama efni?

Sþ. 589. Breytingartillaga [11. mál]

við till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá Guðmundi H. Garðarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta kanna með hvaða hætti unnt væri að meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf í kjarasamningum þannig að þau störf veittu sambærileg kjör og aðrir hafa á almennum vinnumarkaði.

Sþ. 590. Tillaga til þingsályktunar [319. mál]

um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Flm.: Jón Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík að dómhúsi fyrir Hæstarétt Íslands er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu.

Alþingi felur ríkisstjórninni jafnframt að hefja sem fyrst undirbúning að nauðsynlegum breytingum á húsinu svo að það fái þjónað sem best hlutverki sínu sem dómhús Hæstaréttar Íslands.

Greinargerð.

Fyrir liggur að Þjóðskjalasafn og Landsbókasafn flytjast innan skamms úr Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík í annað húsnæði. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíðarnotkun þessa virðulega og merka húss. Þykir flutningsmanni húsið henta Hæstarétti Íslands vel og því er þessi tillaga flutt.

Hæstiréttur Íslands hefur lengi búið við alls ófullnægjandi húsakost og aðbúnað. Er vinnuaðstaða dómara og starfsfólks vægast sagt slæm og langt frá því að teljast boðleg æðsta dómstóli réttarríkis. Hefur oft verið bent á laka aðstöðu dómsins hvað snertir húsnæði, vinnuaðstöðu og nútíma tækjakost. Á sumar ábendingar hefur verið hlýtt en aðrar ekki. Þannig hafa störf Hæstaréttar Íslands gengið betur á seinni árum eftir fjölgun dómara og starfsliðs. Þrengsli og slæmur aðbúnaður hafa hins vegar stöðugt aukist.

Ein af grundvallarforsendum þess að dómstóll vinni á skjótan, skilvirkan og skipulegan hátt er að hann búi við góð starfsskilyrði og gott húsnæði. Er tillagan skref í þá átt að koma húsnæðismálum og annarri starfsaðstöðu Hæstaréttar Íslands í það horf er honum sæmir. Er næsta víst að Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík þjónar kröfum réttarins að þessu leyti. Ljóst er hins vegar að gera þarf á húsinu nokkrar minni háttar breytingar vegna starfsemi dómsins. Breytingar þær, sem hér um ræðir, eru af þeim, sem skoðað hafa húsakynnin, taldar óverulegar enda verður að gæta þess vel að húsið haldi sem best upphaflegri gerð jafnt innan dyra sem utan.

Ýmsir, sem kunnugir eru dómstólum og réttarfari, hafa bent á að Safnahúsið við Hverfisgötu geti þjónað Hæstarétti Íslands vel og jafnframt lýst stuðningi sínum við að húsið verði tekið til slíkra nota. Á þetta benti t.d. aðalfundur Dómarafélags Íslands 22. nóvember 1985. Stjórn Lögmannafélags Íslands tók undir ábendingu Dómarafélagsins 8. janúar s.l. með svofelldri samþykkt:

„Stjórn LMFÍ tekur undir ábendingar Dómarafélags Íslands um að Safnahúsið við Hverfisgötu verði gert að dómhúsi Hæstaréttar þegar núverandi starfsemi flyst úr húsinu en húsnæði Hæstaréttar nú er með öllu óviðunandi. Telur stjórnin að hér gefist tækifæri til að

bæta úr brýnni húsnæðisþörf Hæstaréttar. Sómir húsið sér vel sem aðsetur æðsta dómstóls þjóðarinnar jafnframt því sem líklegt er að ekki þurfi að gera á því miklar breytingar vegna starfsemi réttarins."

Af framangreindu er ljóst að verulegur áhugi er á því meðal dómara, lögmanna og lögfræðinga að Safnahúsið við Hverfisgötu verði dómhús Hæstaréttar Íslands til frambúðar.

Safnahúsið við Hverfisgötu er glæsilegt og virðulegt hús og fer vel á því að þar verði aðsetur æðsta dómstóls þjóðarinnar.

Ed. 591. Frumvarp til laga [320. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Lagt fyrir Alþingi 108. löggjafarþing 1985–86.)

I. KAFLI

Um heimild til fasteigna- og skipasölu.

1. gr.

Engum er heimilt að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra, nema hann hafi fengið til þess löggildingu dómsmálaráðuneytisins samkvæmt lögum þessum, eða leyfi samkvæmt lögum nr. 47/1938, sbr. einnig 14. gr. þeirra.

Hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn þurfa eigi leyfi til að annast kaup, sölu eða skipti á einstökum fasteignum eða skipum, ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

Þar sem rætt er um fasteignasölu eða fasteignasala í lögum þessum er einnig átt við sölu skráningarskyldra skipa og þá, sem við slík störf fást.

2. gr.

Hver maður getur fengið löggildingu samkvæmt 1. gr., ef hann:

1. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
2. Er heimilisfastur hér á landi.
3. Er fjárráða og hefur forræði á búi sínu.
4. Hefur staðist próf samkvæmt ákvæðum, er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð.
5. Leggur fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns, sem viðskiptamenn viðkomandi kunna að verða fyrir af hans völdum, sem dómsmálaráðuneytið ákveður.

Undanþegnir prófi skv. 4. tl. 1. mgr. eru hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

3. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu samkvæmt 1. gr., skal standast próf eftir því sem segir í 2. gr. 1. mgr. 4. tölulið. Prófnefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til 4 ára í senn og í eiga sæti þrír menn, skal standa fyrir prófi þessu, ákveði dómsmálaráðherra ekki aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti. Skal próf við það miðað, að prófmaður sýni, að hann hafi öðlast þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfinu vaxinn.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófs, skipun prófnefndar og störf prófnefndarmanna, en prófsefni ákveður prófnefnd.

4. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að stofna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja próf samkvæmt lögum þessum. Getur hann falið öðrum aðilum, svo sem Háskóla

Íslands, að annast námskeið og próf. Ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld skulu sett í reglugerð, að tillögu prófnefndar samkvæmt 3. gr. Prófnefnd eða menn, sem hún tilnefnir, hafa á hendi forstöðu námskeiðs og sjá um prófraun, feli dómsmálaráðherra það ekki öðrum aðilum.

Kostnaður vegna námskeiða og prófa, þ. m. t. þóknun til prófnefndarmanna, greiðist með kennslu- og prófgjöldum, er dómsmálaráðuneytið ákveður.

5. gr.

Fasteignasali, sbr. 2. gr., skal fá í hendur löggildingarskírteini, er ráðherra gefur út.

Fyrir löggildingu skal aðili greiða gjald í ríkissjóð samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Áður en löggilding er veitt, skal aðili vinna drengskaparheit um að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi starf það, er löggilding veitir rétt til og hlíta lögum og öðrum réttarreglum, er það varðar.

6. gr.

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara, en ráða skal hann þá forstöðumann, sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti, hvar starfsstöð hans er, en hann getur aðeins haft eina starfsstöð.

II. KAFLI

Um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf þeirra og starfsháttu.

7. gr.

Fasteignasalar hafa réttindi og bera skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, er þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Þeir mega ekki gegna stöðu hjá hinu opinbera, ef ætla má, að staðan gefi þeim færi á að kynnast málefnum, sem hafa þýðingu í viðskiptum með einstakar eignir.

8. gr.

Fasteignasali skal í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra. Hann skal gæta þess, að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir kostir í samningum.

9. gr.

Fasteignasali skal tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila til að leita eftir tilboðum í eign eða gera tilboð í eign og eftir atvikum að ganga frá samningum og annarri skjalagerð að fengnu samþykki umbjóðanda. Sama er, ef óskað er annars liðsinnis fasteignasala við samningsgerð um þessar eignir. Greina skal glögglega, hvort um einkaumboð er að ræða, ef því er að skipta.

10. gr.

Nú hefur fasteignasali fengið eign til sölumeðferðar eða leitað er liðsinnis hans til að gera tilboð í eign. Skal hann þá semja rækilegt yfirlit yfir öll grundvallaratriði, sem máli skipta fyrir aðila, til þess að gera sér glögga hugmynd um verð eignarinnar. Yfirlit þetta skal geyma eftirfarandi upplýsingar og atriði svo sem kostur er:

1. Upplýsingar um söluverð eignar, ef það er ákveðið og hverjir eru söluskilmálar, þ. á m. um þann hluta söluverðs, sem staðgreiða á og hversu haga eigi öðrum greiðslum og hversu þær eigi að vera tryggðar.

2. Glöggar upplýsingar og gögn um stærð húss og lóðar, fyrirkomulag innan húss, byggingarlag og byggingarefni húss, aldur þess og endurbyggingar eða viðbyggingar, ef því er að skipta, ástand húss, þ. á m. um galla, sem kunnir eru á því, hversu upphitun sé háttað og hversu hús sé glerjað, staðsetningu og atriði, sem máli skipta vegna byggingar- og skipulagslaga. Einnig skal greina ástand lóðar. Teikning af húsi skal vera fyrir hendi, ef kostur er, og að jafnaði ljósmyndir af því, ef eigi er unnt að skoða það eða vitað er, að skoðun muni ekki fara fram. Ef um sameign er að ræða, skal greina glögglega eignarhlutdeild í húsi og lóð svo og um óskipta sameign.
3. Upplýsingar um matsverð eignar samkvæmt fasteignamati og brunabótamati, svo og önnur matsgögn, ef til eru.
4. Nú er seld fasteign eða skip í smíðum, og skal þá gera nákvæma grein fyrir því, á hvaða stigi smíðin er, þegar kaupandi á að taka við eigninni, og hversu staða aðilanna verði tryggð.
5. Grein skal gerð fyrir veðskuldum og öðrum eignarhöftum, sem kunna að hvíla á eigninni, stutt vottorði úr þinglýsingarbókum. Greina ber hvers eðlis eignarhöftin eru, þ. á m. kvaðir sem á eign kunna að hvíla. Greina skal glögglega um eftirstöðvar veðskulda, sem hvíla eiga á eign og kaupandi tekur að sér að greiða, afborganir af þeim og vexti, hvort skuld sé verðtryggð, hvenær henni eigi að vera lokið og hverjar eftirstöðvar hennar eru, að viðbættri verðtryggingu. Þá skal greina kostnað við samningsgerð, þinglýsingu og stimplun skjala og í hvors hlut komi.
6. Upplýsingar eftir föngum um tekjumöguleika af eigninni, einkum þegar um atvinnuhúsnæði (jörð) er að ræða eða skip, er gera skal út, svo og um heildarútgjöld sem ætla má, að stafi af eign.

Hliðstæðar upplýsingar skulu greindar um skip eftir því sem við á.

11. gr.

Yfirlit það, sem greinir í 10. gr., skal vera svo rækilegt og traust, að það ásamt skoðun á eign, sem fram skal fara, ef kostur er, og vanda skal til, sé sem tryggastur grundvöllur undir mati á verðmæti eignarinnar og á arðsemi hennar.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir í reglugerð, að upplýsingar um eignir séu greindar á stöðluðum eyðublöðum og kveðið nánar á í reglugerð um þær upplýsingar, sem greina skal, þ. á m. sérstaklega varðandi skip.

12. gr.

Fasteignasala, sbr. 1. gr., er skylt að annast alla skjalagerð varðandi sölu fasteigna, og skal geta þess í skjölunum, þ. á m. í kauptilboðum, kaupsamningum, afsölum og veðbréfum og skuldabréfum, hver samið hafi og greina nafn, svo að eigi verði um villst. Enn fremur skulu þeir, sem annast fasteignaviðskipti samkvæmt framansögðu, geta nafns síns í auglýsingum um eignir þessar. Nafngreining skal vera persónuleg samkvæmt þessari málsgrein.

Öll skjalagerð og samningsgerð, er fasteignasali annast um, skal vera vönduð og rækileg og svo úr garði gerð, að hagsmunir aðila séu sem best tryggðir og glöggt sé, hver réttarstaða hvors um sig er.

13. gr.

Fasteignasala er sjálfum óheimilt að ganga inn í samning um kaup á eign, sem honum hefur verið falin til umboðssölu, nema hann hafi lýst því yfir áður en hann tók eignina til sölu, að hann sé persónulegur kaupandi hennar.

Enn fremur skal fasteignasali tilkynna aðilum, hafi hann nokkurra annarra hagsmuna að gæta en að því er snertir sjálf sölulaunin.

14. gr.

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu, sem í té er látin. Honum er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip.

Fyrir aðstoð við kaup og sölu má þóknun frá kaupanda og seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar, en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað, enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri, ef makaskiptum er til að dreifa.

15. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala, þ. á m. um, að tiltekin störf og stöður séu eigi samrýmanleg fasteigna- og skipasölu. Þá má setja sérstök ákvæði í reglugerð um bókfærslu vegna þessara starfa.

III. KAFLI

Aðili fullnægir ekki framar skilyrðum til fasteignasölu.

16. gr.

Nú fullnægir löggiltur fasteignasali eigi framar lögmæltum skilyrðum til löggildingar og fellur þá löggilding hans úr gildi, enda ber honum að skila ráðuneytinu aftur löggildingarskírteini sínu. Ráðherra má veita aðila að nýju löggildingu, ef hann fullnægir síðar þessum lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

17. gr.

Nú sætir maður, sem heimild hefur til fasteignasölu, ákæru í opinberu máli, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu að kröfu ákæruvaldsins undir dómara þess máls eftir því sem ákæra lýtur að.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar eða heimildar til fasteignasölu vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill aðili ekki una úrlausn ráðherra, og getur hann þá borið sakarefnið undir dómstóla, og fer meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra skal halda gildi, uns dómur gengur í málinu.

Eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala er í höndum dómsmálaráðuneytis.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði, refsiákvæði og brottfallin lög.

18. gr.

Þeim mönnum, sem fengið hafa löggildingu til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47 1938, svo og þeim sem löggildingu fá samkvæmt 2. gr. er heimilað að hafa með sér félag.

Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

19. gr.

Kostnaður af framkvæmd laga þessara, annar en um getur í 4. gr., greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Þeim einum er rétt að nefna sig fasteignasala eða skipasala, sem heimilt er að stunda slík störf samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr., og varðar brot gegn þessu viðurlögum samkvæmt 2. mgr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

21. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal fyrsta próf eftir gildistöku þeirra hlíta ákvæðum þeirra og reglugerða, settum samkvæmt þeim.

Þeir, sem hlotið hafa leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938, sbr. og 14. gr. þeirra, skulu halda þeim, enda teljast þeir einnig hafa rétt til að selja skráningarskyld skip til jafns við þá, sem löggildingu fá eftir ákvæðum laga þessara.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu, og lög nr. 20 22. mars 1948, lög nr. 40 29. mars 1961 og lög nr. 49 25. maí 1976, öll um breyting á lögum nr. 47/1938, svo og 48. gr. laga nr. 75 13. maí 1982 um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 34/1980, um breyting á sektarmörkum nokkurra laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á Alþingi, 106. löggjafarþingi 1983–1984, var lagt fram frumvarp til laga um fasteigna- og skipasölu. Frumvarpið samdi prófnefnd löggiltra fasteignasala að ósk dómsmálráðherra á grundvelli draga til frumvarps, er formaður nefndarinnar, dr. Ármann Snævarr, þáverandi hæstaréttardómari, tók saman. Nefndina skipuðu auk hans Einar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og dr. Gaukur Jörundsson prófessor. Var frumvarpið sent Félagi fasteignasala og Lögmannafélagi Íslands til umsagnar. Fór prófnefndin yfir umsagnir og tók til greina margar þær ábendingar sem þar komu fram.

Til grundvallar samningu frumvarpsins lágu ýmsar athuganir á framkvæmd laganna síðustu árin og ábendingar, sem fram hafa verið settar um endurskoðun. Þá kynntu semjendur sér hliðstæða löggjöf í nágrannalöndum.

Frumvarpið var ekki útrætt á 106. löggjafarþingi. Tóku núverandi stjórnarflokkar frumvarpið til endurskoðunar og hefur því verið breytt að nokkru frá fyrri gerð. Var m. a. í því efni stuðst við tillögur og athugasemdir nefndar er félagsmálaráðherra, Alexander Stefánsson, skipaði til að kanna fasteignamarkaðinn. Er umsögn nefndarinnar sérstakt fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Á Alþingi hafa einnig orðið umræður um það, að tímabært sé að endurskoða lög um fasteignasölu, og hafa komið fram ábendingar um atriði sem gefa þyrfti gaum að, sbr. m. a. þingsályktun frá 29. maí 1980.

Í eftirfarandi athugasemdum er í verulegum atriðum stuðst við greinargerð er fylgdi fyrra frumvarpi.

I.

Lög nr. 47/1938 um fasteignasölu hafa nú verið í gildi í röska fjóra áratugi. Allnokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim í tímans rás. Lög nr. 20/1948, 1. gr., þágu kandídata í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands undan prófi vegna löggildingar til fasteignasölu. Lög nr. 40/1961, 1. gr. felldu m. a. niður það skilyrði til löggildingar, að maður hefði óflekkað mannorð og orðuðu það atriði með öðrum hætti. Stóð sú lagabreyting í tengslum við heildstæða endurskoðun á reglum um réttindasviptingu. Þá felldu lög nr. 49/1976 sölu á skráningarskyldum skipum undir lögin og skylduðu fasteigna- og skipasala til að nafngreina sig bæði í auglýsingum um fasteignir og skip svo og við samningu skjala vegna þeirra viðskipta. Enn er þess að geta, að með lögum nr. 79/1975, 25. gr., var afnumið ákvæði 9. gr. 1. mgr. laga nr. 47/1938 um gjald fyrir löggildingu og því skipað með öðrum hætti, sbr. 20. gr. 2. tl. breytingarlaganna. Loks var refsiákvæði 11. gr. afnumið og refsiákvæði 12. gr. laga nr. 47/1938 breytt með lögum nr. 75/1982, 48. gr., og var það þáttur í heildarendurskoðun á sektarmörkum í sérrefsilögum.

Frá gildistöku laga nr. 47/1938 og fram í júlí 1983 hafa alls 23 menn lokið prófi, og hlotið

löggildingu á grundvelli þeirra. Prófnefnd löggiltra fasteignasala hefur staðið fyrir prófinu og tiltekið prófsefni á grundvelli reglugerðar nr. 3/1939, sem eigi hefur sætt neinni breytingu.

Eigi hefur verið komið við neins konar námskeiðum í sambandi við próf þessi, en einstakir menn munu þó hafa á stundum notið nokkurrar tilsagnar kennara. Ljóst er, að margir menn starfa að fasteigna- og skipasölu sem svonefndir „sölumenn“ án þess að hafa fengið leyfi til starfa sem fasteigna- og skipasalar, en jafnan mun þó vera forstöðumaður skrifstofu með réttindum að lögum. Sjálfsagt er hér pottur brotinn, en illt að koma í veg fyrir það, enda fasteigna- og skipasölum að sjálfsögðu heimilt og oft nauðsynlegt að hafa starfsliði á að skipa í umsýslu sinni. Er því ekki að leyna, að oft heyrist, að hér sé farið í kringum lögin og forstaða skrifstofu lítið annað en orðin tóm. Er það mál, sem ástæða er til að gefa gaum.

Lög nr. 47/1938 voru fyrstu lögin hér á landi, sem settu hömlur við að menn gætu stundað fasteignasölu. Var frv. til laga samið mjög að fyrirmynd danskra laga um það efni og stjórnvaldsreglna samkvæmt þeim, sbr. dönsk lög um atvinnuréttindi frá 1931. Var frv. vel tekið á Alþingi. Dönsku lögin hafa nú sætt endurskoðun, sbr. lög 218/1966 og auglýsingu nr. 237/1982. Á hinum Noðurlöndunum hafa einnig verið í gildi um alllangan tíma lög, sem áskilja löggildingu eða leyfi allsherjarvalds til fasteignasölu og oft til eignamiðlunar almennt, þ. á m. verðbréfasölu, sbr. t. d. finnsk lög frá 1968, sænsk ákvæði frá 1947 og norsk lög frá 1938.

Góð og gild rök eru fyrir því að leyfisbinda þessa umsýslu. Hér er um vandasamt miðlunarstarf að ræða, þar sem mikil verðmæti eru í húfi. Almenningshagsmunir bjóða, að reynt sé að tryggja að þeir einir fáist við þessi störf, sem hafi til þess menntun og starfsþjálfun, þ. á m. að þeir hafi kynnt sér rækilega þau lög og aðrar réttarreglur, sem starfið varða.

Í sambandi við löggjöf um fasteigna- og skipasölu má að sjálfsögðu spyrja, hvort ekki væri rétt að áskilja lögfræðingum og viðskiptafræðingum einum rétt til að stunda þessi viðskipti, en svo sem kunnugt er hefur fjöldi þeirra tveggja háskólamenntuðu starfsstétta farið mjög vaxandi síðustu árin. Ekki þykir það ráðlegt að svo komnu máli, enda er sanngjarnt að heimila öðrum að afla sér réttinda á þessu sviði, ef þeir hafa nægilega þekkingu og þjálfun til að bera. Er sú leið farin annars staðar á Norðurlöndum, og víða annars staðar.

Full þörf er að endurskoða lög nr. 47/1938 ásamt breytingarlögum í ljósi fenginnar reynslu hér á landi og miðað við auknar kröfur, sem hið svonefnda menntunarþjóðfélag gerir til menntunar og starfsþjálfunar einstakra starfsstétta. Enn fremur er ástæða til að endurskoða lögin með hliðsjón af yngri löggjöf hér á landi um leyfisbundinn atvinnurekstur og ekki síst varðandi löggilta endurskoðendur, en þar hefur þróunin raunar orðið sú, að kennsla hefur verið felld undir Háskóla Íslands (viðskiptadeild).

Við endurskoðun laganna hefur verið höfð hliðsjón af löggjöf í grannlöndum.

II.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, felast m. a. eftirfarandi breytingar:

1. Leyfi til sölu fasteigna og skráningarskyldra skipa skal veitt af dómsmálaráðuneyti í formi löggildingar, samkvæmt ákvæðum frv. (sbr. 1. og 5. gr.), en eigi af lögreglustjóra, svo sem nú er. Er heppilegra, að ráðuneytið fjalli um mál þetta en lögreglustjóri, og stuðlar það m. a. að samræmdri framkvæmd og að heildaryfirlit sé til á einum stað um alla þá, sem löggildingu hafa fengið og starfsstöð þeirra, sbr. 6. gr.

2. Í 1. gr. er hert á kröfum um löggildingu. Gert er ráð fyrir að allir verði að fá löggildingu til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum. Undantekning er þó gerð varðandi hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn ef starfið tengist **einstökum** fasteignum eða skipum í lögmannsstörfum þeirra.

3. Gert er að almennu skilyrði skv. 4. tl. 2. gr. að allir standist próf skv. ákvæðum er dómsmálaráðuneytið setur með reglugerð. Hafa allir jafnan aðgang að því að þreyta próf. Nýmæli er að enginn er lengur undanþeginn prófskyldu nema hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn.

4. Sett er að skilyrði fyrir löggildingu að viðkomandi leggi fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns viðskiptamanna.

5. Ákvæðin um próf og prófnefnd í 3. gr. eru orðuð á sveigjanlegri hátt en nú er. Dómsmálaráðherra getur falið öðrum aðilum en prófnefnd að sjá um prófin.

6. Reynslan hefur leitt í ljós, að mikil þörf er á að koma á fót námskeiði fyrir þá, sem þreyta vilja próf til löggildingar fyrir fasteigna- og skipasala. Er lagt til í 4. gr., að dómsmálaráðherra sé heimilað að stofna til slíkra námskeiða á hæfilegum fresti. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að sjá um námskeiðin svo sem Háskóla Íslands. Sé öðrum ekki falið að sjá um námskeiðin er gert ráð fyrir að prófnefnd eða menn sem hún tilnefnir sjái um námskeiðin og próf.

Ekki er gert ráð fyrir að skylda sé að sækja námskeið áður en farið er í próf. Ætlast er til að kostnaður vegna námskeiða og prófa, greiðist af þeim er þau sækja.

7. Í 5. gr. er lagt til, að löggildingargjald sé háð ákvæðum laga um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 79/1975, er komu þeirri breytingu á að því er varðar lög nr. 47/1938. Þá er boðið, að þeir, er löggildingar leita, skuli vinna drengskaparheit að því að rækja starfið af kostgæfni og samviskusemi og hlíta lögum um það.

8. 7. gr. lætur svo um mælt, að fasteignasalar hafi réttindi og beri skyldur sem opinberir sýslunarmenn, þ. á m. varðandi brot í starfi, starfsvernd, æruvernd og þagnarskyldu. Er mikilvægt að marka þeim stöðu á þennan hátt.

9. Í 8. gr. segir almennt, að fasteigna- og skipasalar skuli í hvívetna haga störfum í samræmi við góðar viðskiptavenjur og að þeir skuli gæta þess að aðila séu ekki settir ólögmætir, óeðlilegir eða ósanngjarnir kostir í samningum.

10. Í 9. gr. segir að fasteigna- og skipasali skuli tryggja sér ótvírætt umboð hjá réttum aðila, er felur honum umsýslu varðandi fasteign eða skip. Ætti það að draga úr ágreiningi sem stundum rís um það, hvort eign hafi verið falin tilteknum manni til sölumeðferðar.

11. Í 10. og 11. gr. eru miklu rækilegri ákvæði en nú eru um þær upplýsingar, sem fasteigna- og skipasali á að afla, svo og greinargerð, sem honum ber að semja, svo að sem gleggstur grundvöllur fáist til að viðkomendur geti gert sér grein fyrir verði eignar. Gert er ráð fyrir því í 11. gr. 2. mgr., að ráðuneytið geti mælt svo fyrir, að stöðluð eyðublöð verði notuð að nokkru eða öllu undir þessar upplýsingar. Samkvæmt 15. gr. getur dómsmálaráðherra sett nánari reglur um upplýsingaöflun og samningu greinargerða.

12. Í 12. gr. er lagt til, að fasteignasali annist sjálfur samningu skjala í ríkari mæli en nú er. Að baki býr m. a. það viðhorf, að fasteignasali beri persónulega ábyrgð á störfum við fasteignasölu og verði henni ekki skipað með þeim hætti, að félag með takmarkaðri ábyrgð reki fasteignasölu.

13. Ákvæði 13. og 14. gr. eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

14. Í 15. gr. segir, að dómsmálaráðherra geti sett nánari ákvæði í reglugerð um stöðu, störf og starfshætti fasteignasala. Sbr. einnig ákvæði í 4. tl. 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 11. gr.

15. Ákvæði 16. og 17. gr. eru nýmæli, sem varða missi skilyrða til að stunda fasteignasölu, og er við samningu þess m. a. höfð í huga tilhögun sú sem lögmælt var í þessu efni með 68. gr. og 68. gr. a almennra hegningarlaga, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 31/1961.

16. Í niðurlagsákvæði 17. gr. er eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala lagt í hendur dómsmálaráðuneytis.

17. Í 18. gr. er gert ráð fyrir því, að fasteigna- og skipasölum sé heimilt að hafa með sér

félag. Það er þó ekki nauðsynlegt að lögbjóða slíka heimild sbr. ákvæði stjórnarskrár um félagafresti. En með þessu ákvæði er gefið til kynna að æskilegt sé að þeir hafi með sér félag enda hefur slíkt félag þegar verið stofnað. Stjórn félagsins kemur fram út á við fyrir hönd félagsins.

18. Í 20. gr. er lagt til, að fasteignasalar fái einkarétt á að nefna sig fasteignasala eða skipasala að því viðlögðu, að það varði refsingu fyrir aðra að nefna sig þessum nöfnum. Þetta er í samræmi við það, sem tíðkanlegt er hjá öðrum sambærilegum starfsstéttum.

19. Gert er ráð fyrir því, ef frv. verður samþykkt, að stofnað verði til námskeiðs, sbr. 4. gr., eftir gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um I. KAFLA

Um 1. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 59/1976 um að lögin um fasteignasölu taki einnig til þeirra sem fást við sölu skráningarskyldra skipa, er tekið hér með í 1. gr. Greinin gerir ráð fyrir að allir þurfi leyfi dómsmálaráðuneytis til að annast kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra. Undanþága er þó veitt varðandi hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn sem ekki stunda þessi viðskipti að staðaldri. Á undanþágan við kaup, sölu eða skipti á einstökum fasteignum eða skipum ef slík störf tengjast lögmannsstörfum þeirra. Reki lögmaður hins vegar sérstaka fasteigna- eða skipasölu er til þess ætlast að lögmaðurinn afli sér sérstaks leyfis.

Um 2. gr.

Hér er það nýmæli mikilvægast að sett er að almennu skilyrði fyrir löggildingu að allir gangi undir sérstakt próf aðrir en hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn. Þykir ekki rétt að binda réttindi, við próf úr ákveðnum háskólagreinum eins og lögfræði og viðskiptafræði, þar sem afla má sér menntunar með ýmsum hætti nú til dags. Rétt þykir hins vegar að undanþiggja hæstaréttar- og héraðsdómslögmenn prófskyldu enda má ætla að þeir hafi aflað sér þeirrar starfsreynslu sem nauðsynleg er til að stunda þau störf sem hér sem ræðir.

Einnig er það nýmæli skv. 5. tl. að skilyrði löggildingar verði að viðkomandi leggi fram tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar og tjóns sem viðskiptamenn kunna að verða fyrir af völdum fasteigna og skipasala. Eðlilegast er að lögð sé fram sérstök vátrygging tryggingafélags. Mat á því hvað teljist viðhlítandi trygging í þessu efni er lagt í mat dómsmálaráðuneytis.

Ákvæði 2. gr. er að öðru leyti í samræmi við 2. gr. laga nr. 47/1938.

Um 3. gr.

Ákvæðið er mun sveigjanlegra en hliðstæð ákvæði í lögum nr. 47/1938 og leggur á vald dómsmálaráðherra að marka starfsgrundvöll prófnefndar, prófgreinar o. fl.

Um 4. gr.

Því er fyrr lýst að prófnefnd löggiltra fasteignasala telur höfuð þörf vera á því, að stofnað verði til námskeiðs fyrir þá, sem búast vilja undir próf vegna löggildingar samkvæmt 1. gr. frv. Slík heimild var veitt að því er varðar endurskoðendur með lögum nr. 89/1953, 3. gr. Veitir greinin ráðherra heimild til þess að efna til slíkra námskeiða. Er á hans valdi hversu oft námskeið eru haldin en slíkt hlýtur að ráðast af áhuga og eftirspurn eftir námskeiðum. Ekki er lögð skylda á þá sem í próf vilja fara að sækja námskeið.

Ráðherra er heimilað að fela öðrum aðilum svo sem Háskóla Íslands að annast

námskeiðin og próf. Sé svo ekki gert, annast prófnefnd eða menn, er hún tilnefnir, forstöðu námskeiðs og sjá um prófraun.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. 4. gr. að kennslu- og prófgjöld standi undir kostnaði við námskeið og próf. Kennslu- og prófgjöld ákvarðar dómsmálaráðuneytið.

Um 5. gr.

Lagt er til, að gjald fyrir löggildingu fari eftir lögum um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr. 79/1975, 20. gr., 2. tl., en það sé eigi fest í lögum um fasteigna- og skipasölu.

Enn fremur er lagt til, að aðili vinni drengskaparheit að því að rækja í hvívetna með kostgæfni og samviskusemi það starf, sem löggilding lýtur að, og halda lög og aðrar reglur, er það varðar.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. er að meginefni til í samræmi við 9. gr. 2. mgr. laga nr. 47/1938. Um 2. mgr. vísast til 3. gr. sömu laga.

Um II. KAFLA

Þar er mælt fyrir um réttarstöðu fasteigna- og skipasala, störf og starfsháttu.

Um 7. gr.

Hér er kveðið almennt á um það, að löggiltir fasteignasalar og skipasalar hafi stöðu opinberra sýslunarmanna og hafi réttindi og beri skyldur samkvæmt því, svo sem að sínu leyti var fyrir mælt um löggilta endurskoðendur með lögum nr. 89/1953, 6. gr. Um þetta eru nú ákvæði í 7. gr. laga nr. 47/1938 er fjallar um þagnarskyldu manna þessara. Nýmæli er um það, að fasteigna- og skipasalar megi eigi gegna starfi í þágu hins opinbera, eftir því sem nánar segir í ákvæðinu. Hér eru m. a. höfð í huga störf við hið opinbera fasteignamat og brunabótamat og störf við skipulagsmál á vegum hins opinbera. Aðgæta ber og ákvæði 34. gr. laga nr. 38/1954. Í 15. gr. frv. er gert ráð fyrir, að nánari ákvæði um þetta efni séu sett í reglugerð.

Um 8. gr.

Sú grein mælir svo fyrir, að fasteigna- og skipasalar skuli í hvívetna haga störfum sínum í samræmi við góðar viðskiptavenjur, þ. e. með almenn siðgæðisviðhorf að leiðarljósi. Þá leggur ákvæðið varnað við ósanngjörnum, ólögmætum og óeðlilegum skilmálum og býður fasteigna- og skipasölum að gæta réttmætra hagsmuna beggja aðila.

Um 9. gr.

Hér segir, að ótvírætt umboð frá réttum aðila skuli liggja hverju sinni til grundvallar starfi fasteigna- og skipasala, þ. á m. að einkaumboð sé, ef því er að skipta. Ætti það að stuðla að því að draga úr ágreiningi, sem stundum vaknar um það, hvort réttur aðili hafi falið fasteigna- og skipasala eign sína til sölu o. s. frv.

Um 10. og 11. gr.

Í þessum ákvæðum eru til muna ræki legri ákvæði um störf og starfshætti löggiltra fasteignasala og skipasala en er í gildandi lögum. Stefna ákvæði þessi að því, að fasteigna- og skipasali afli víðtækra og haldgóðra upplýsinga og gagna um fasteignir og skip, sem þeir fá til sölumeðferðar eða umsýslu á annan veg. Upplýsingar þessar ber síðan að setja fram í aðgengilegu formi greinargerðar og er ætlunin að með þessu lagi fáist traustur grundvöllur að mati á verðmæti eignar, en á þessu er viðskiptamönnum fasteigna- og skipasala mikil þörf. Hér er um undirstöðuatriði í störfum þessara manna að ræða, og á allur almenningur mikið undir því, að vel sé til þessara starfsþátta vandað.

Atriði þau, sem hér skipta máli, verða seint fulltalin, enda horfa þau mismunandi við eftir því hver eignin er og hversu til hagar, sbr. t d. fasteignir í þéttbýli og jarðir, ný eign eða gömul, eign sem illa hefur verið við haldið eða er með byggingargalla o. s. frv. Um skip eru hér eigi gefnar reglur nema almennt, en gert er ráð fyrir, að reglur verði settar um þau í reglugerð sem einnig geymi nánari reglur um fasteignir. Vakin er athygli á, að í 2. mgr. 11. gr. segir, að ráðuneytið geti mælt svo fyrir, að notuð verði stöðluð eyðublöð undir upplýsingar þessar bæði um fasteignir og skip.

Um 12. gr.

Hún er að meginefni til í samræmi við lög nr. 49/1976 um breytingu á lögum nr. 47/1938 og gegnir hún góðu hlutverki.

Um 13. gr.

Hún er að meginefni til í samræmi við 5. gr. laga nr. 47/1938.

Um 14. gr.

Hún er svipaðs efnis og 6. gr. laga nr. 47/1938.

Um 15. gr.

Hún mælir fyrir um reglugerð, er dómsmálaráðherra getur sett um stöðu, starf og starfshætti fasteigna- og skipasala. Einnig má minna á heimild til setningar reglugerðar í öðrum greinum frumvarpsins, sbr. 4. tl. 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 11. gr.

Um III. KAFLA

Hér er lagt til, að nokkru fyllri ákvæði verði sett um missi og þar á meðal sviptingu löggildingar til fasteigna- og skipasölu en þau, sem felast í lögum nr. 47/1938. Ákvæði þessi eru svipuð ákvæðum laga nr. 67/1976, 14. og 15. gr., um löggilta endurskoðendur. Ef ráðherra veitir manni löggildingu að nýju, mun ekki eiga að greiða fyrir hana að því sinni.

Í niðurlagsákvæði 17. gr. er lagt til að eftirlit með starfsemi fasteigna- og skipasala verði í höndum dómsmálaráðuneytis.

Um IV. KAFLA

Í þessum kafla eru ákvæði um félag fasteignasala, kostnað við framkvæmd laganna annan en um getur í 4. gr. og vernd á starfsheitinu fasteigna- og skipasali. Þá geymir hann refsiákvæði og ákvæði um gildistöku og brottfallin lög.

18. gr.

Um þessa grein vísast til 17. tl. í II. kafla almennra athugasemda.

Um 19. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um, að kostnaður við framkvæmd laganna annar en um getur í 4. gr. greiðist úr ríkissjóði.

Um 20. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um vernd á starfsheitinu fasteigna- og skipasali.

Sektarákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 47/1938 er breytt með lögum nr. 75/1982, 48. gr. og er ákvæðið hér í samræmi við það.

Um 21. gr.

Hér er mælt fyrir um gildistöku laganna og brottfallin lög.

Kveðið er svo á, að fyrsta próf, sem haldið verður eftir gildistöku laganna hlíti ákvæðum laganna. Þeir, sem öðlast hafa leyfi til að stunda störf fasteigna- og skipasala fyrir gildistöku laganna, halda leyfum sínum eftirleiðis, og taka þau jafnt til skipasölu sem fasteignasölu.

Fylgiskjal.

Umsögn nefndar, sem falin var könnun fasteignamarkaðarins, um frumvarp til laga um fasteigna- og skipasölu.

Nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði til að kanna fasteignamarkaðinn og gera tillögur til úrbóta hefur haft frumvarp til laga um fasteigna- og skipasölu til athugunar og umsagnar. Meðfylgjandi eru athugasemdir nefndarinnar og tillögur um breytingar.

Nefndin telur að eftirfarandi atriði þurfi að leiðrétta í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir (mál 362/1984) til laga um fasteigna- og skipasölu. Hún leggur því til að frumvarpið verði endurskoðað með tilliti til þeirra og mælir með samþykkt þess eftir breytingu. Hér á eftir eru athugasemdir nefndarinnar í stuttu máli og einnig eru tillögur um breytingar á einstökum greinum frumvarpsins.

Athugasemdum nefndarinnar má skipta í fimm atriði:

1. Heimild til fasteignasölu verði þrengd frá því, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Gerðar verði kröfur um að allir verði að standast próf til að hljóta heimild. Einnig að heimildin takmarkist við kandídata í viðskiptafræði og lögfræði frá Háskóla Íslands og menn með hliðstæða menntun.

2. Ákvæði um tryggingu verði bætt inn í frumvarpið. Fasteignasölum verði gert skylt að setja tryggingu fyrir greiðslu kostnaðar, sem viðskiptamenn kunna að verða fyrir af þeirra völdum. Bankaábyrgðir, fasteignaveð, bundnar fjárhæðir og tryggingar hjá vátryggingarfélögum koma til greina.

3. Ákvæði um eftirlit með starfsemi fasteignasala verði gerð afdráttarlausari. Þessum þætti má gera skil í reglugerð, sem síðar kann að verða gefin út.

4. Félagsskylda fasteignasala taki til allra, sem stunda fasteigna- og skipasölu. Þá er átt við að hún taki einnig til héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna.

5. Menntunar og fræðslustarf fyrir fasteigna- og skipasala verði að reglulegri starfsemi á vegum dómsmálaráðuneytis. Þessi menntun er ætluð starfsfólki á fasteignasölum t. d. sölumönnum og skrifstofufólki auk þeirra, sem óska löggildingar til að stunda fasteignamiðlun.

Þessir þættir eru skýrðir frekar á næstu blaðsíðum. Í fylgiskjali er lýst helstu niðurstöðum úr könnun á fasteignamiðlun meðal kaupenda fasteigna.

Reykjavík, 21. maí 1985.

Stefán Ingólfsson, verkfr., form.
Friðrik Stefánsson, viðskfr.
Gunnar H. Hálfdánarson, hagfr.
Jón Sveinsson, lögfr.

Athugasemdir.

Heimild þrengd.

Full ástæða þykir að þrengja til muna möguleika einstaklinga á að stunda fasteigna- og skipasölu. Jafnframt er nauðsynlegt að gera strangar kröfur um menntun þeirra, sem bera ábyrgð á slíkri starfsemi. Er þetta einkum brýnt þegar haft er í huga að fasteignasalar eru iðulega með aleigu viðskiptamanna sinna í höndum. Mikilvægt er því að unnt sé að bera til þeirra traust a. m. k. hvað menntun snertir.

Eitt af þeim meginvandamálum, sem við er að fást í fasteignaviðskiptum hér á landi er sá háttur, sem réttindalausir aðilar hafa á að reka fasteignaviðskipti. Þessir aðilar fá menn, sem stunda önnur störf, til að „leppa upp fasteignasöluna“ eins og sagt er. „Leppurinn“ er oft lögfræðingur eða viðskiptafræðingur, sem hefur enga reynslu af fasteignaviðskiptum og kemur oft alls ekki nærri þeirri fasteignamiðlun, sem hann þó leggur til nafn sitt gegn greiðslu. Lauslega áætlað er allt að því önnur hver starfandi fasteignasala í Reykjavík af þessum toga.

Ætla má að strangari kröfur til fasteignasala lagi þessi mál eitthvað, auk þess að stétt fasteignasala mun fá betra faglegt orð en nú er.

Rétt þykir að ALLIR verði að sækja um löggildingu til dómsmálaráðuneytis til starfseminnar. Því er ekki sjálfgefið að sérhver lögfræðingur eða viðskiptafræðingur geti hafið rekstur fasteigna- og skipasölu þótt viðkomandi hafi húsnæði, skrifborð og síma, án þess að þurfa að bera slíkt undir nokkurn mann, án þess að sérstök könnun fari fram á almennum skilyrðum og án þess að gengið sé eftir neins konar tryggingu.

Jafnframt er nauðsynlegt að til löggildingar komi og skráningar í dómsmálaráðuneyti eigi eftirlit með starfseminni síðar að vera virkt og ekki orðin tóm.

Þá er lagt til að allir, sem löggildingar æskja þurfi að gangast undir sérstakt próf, vilji viðkomandi stunda viðskipti af því tagi, sem hér um ræðir.

Að mati nefndarinnar er kandidatspróf í lögfræði og viðskiptafræði ekki nægjanleg trygging fyrir því að einstaklingur hafi nægilega reynslu og þekkingu til að annast fasteigna- og skipamiðlun.

Trygging.

Vitað er að of margir viðskiptamenn fasteignasala verða fyrir kostnaði og óþægindum af þeirra sökum. Einkum er um að ræða erfiðleika, sem skapast þegar fasteignasala hættir starfsemi. Viðskiptamenn, sem hafa greitt fasteignasölunni fyrir sölu, frágang skjala og aðra þá þjónustu, sem hún á að veita þurfa að leita til annarra aðila um þessa þjónustu ef hún hættir starfsemi. Þeir fá ekki endurgreidda söluþóknun eða hluta hennar og verða sjálfir að bera aukakostnaðinn.

Þetta er stærri þáttur en ætla mætti, því að flestar fasteignasölur verða skammlífar. Til dæmis um það má nefna að hátt í 15 fasteignasölur hófu störf á höfuðborgarsvæðinu árið 1984 án þess að um umtalsverða aukningu á seldum eignum væri að ræða.

Einnig verður vart við mistök eða jafnvel vanrækslu fasteignasala, sem hafa kostnað í för með sér fyrir viðskiptamenn.

Þá má að síðustu ætla að trygging muni halda ýmsum aðilum frá því að stofna fasteignasölur því eini kostnaðurinn, sem leggja þarf út nú þegar fasteignasala er opnuð er leiga á húsnæði, símakostnaður og auglýsingar.

Eftirlit.

Nauðsynlegt er að frá því verði gengið að reglulegt eftirlit sé haft með starfi fasteignasala. Samkvæmt reynslu Fasteignamats ríkisins, sem árlega fær mikið magn

kaupsamninga til úrvinnslu, er of mikið um illa frágengin skjöl og stundum hreina handvömm. Þetta ástand hefur þó batnað mikið á síðari árum samfara aukinni stöðlun skjala.

Þá má einnig nefna að fasteignasölum er skylt, samkvæmt ákvæðum í reglugerð 406/1978, að senda sömu stofnun afrit af kaupsamningum, sem þeir ganga frá í starfi sínu. Nálægt tíunda hver fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu vanrækir þó þetta ákvæði.

Þá er talið að allt að helmingi starfandi fasteignasala á þessu svæði uppfylli jafnvel ekki ákvæði núgildandi laga um fasteignamiðlun. Það eru „leppuðu" fasteignasölurnar, sem fyrr voru nefndar.

Til þess að þessi atriði og ýmis önnur séu í því horfi, sem æskilegt er, þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að hafa reglubundið eftirlit með fasteignasölunum. Auðvelt er að sinna því með samvinnu dómsmálaráðuneytis og annarra aðila í opinbera kerfinu.

Félagsskylda.

Eðlilegt er að allir, sem löggildingu fá til fasteignasölu, einnig héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn, sem þessa starfsemi stunda eða bera ábyrgð á henni, hafi skyldu til að taka þátt í félagi fasteignasala. Er óeðlilegt að ákveðnir aðilar geti staðið fyrir utan stundi þeir starfsemina á annað borð.

Kröfur til starfsfólks.

Lagt er til að allir verði að ganga undir próf til þess að geta hlotið löggildingu til fasteigna- og skipasölu. Einnig verður að telja mikla þörf á því að menntun og þekking annars starfsfólks, sem vinnur að fasteignasölu, verði efld.

Með því að halda reglulega námskeið fyrir sölumenn fasteigna, matsmenn og almennt skrifstofufólk má auka þekkingu og yfirsýn þeirra í starfi.

Dómsmálaráðuneyti verði gert skylt að halda á hæfilegum fresti námskeið fyrir þá, sem óska að þreyta próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu. Einnig að ráðuneytinu sé heimilt að efna til námskeiða fyrir aðra en þá, sem löggildingu hljóta og vinna við fasteigna- og skipasölu, til dæmis fyrir skrifstofufólk er þar vinnur og sölumenn.

Fasteignasölur – könnun.

Hér á eftir fara helstu niðurstöður úr könnun á fasteignamiðlun. Könnunin var framkvæmd í byrjun febrúar 1985 á meðal kaupenda fasteigna sem gengu frá kaupsamningi á tímabilinu apríl til júní 1984.

Þessar niðurstöður eru ekki endanlegar en eru dregnar saman til að gefa hugmynd um skoðanir fasteignakaupenda á fasteignamiðluninni og reynslu þeirra af henni.

Í könnuninni voru fimm spurningar, sem sneru beint að fasteignasölum. Fyrstu tvær spurningarnar sneru að því hvernig upplýsingar kaupendurnir hefðu fengið um eignina sjálfa og áhvílandi lán. Þriðja spurningin varðaði hvort kaupendur hefðu fengið réttar upplýsingar um réttindi og kvaðir, sem húsnæðinu tengdust.

Þá var spurt um hvernig kaupendur meta þjónustu fasteignasala. Þátttakendum í könnuninni gafst einnig kostur á að koma að almennum athugasemdum um þjónustu fasteignasala.

Réttmæti upplýsinga um eignina.

Þrír fjórðu kaupenda (72%) telja sig hafa fengið réttar upplýsingar um stærð, aldur, efni, ástand og umhverfi þeirrar eignar, sem þeir keyptu.

Stærð	68,2%
Aldur	82,7%
Efnisgæði	64,5%
Ástand	63,6%
Umhverfi	81,8%
Meðaltal	72,2%

Réttar upplýsingar um áhvílandi lán.

Þrír fjórðu kaupenda telja sig einnig hafa fengið réttar upplýsingar um áhvílandi lán, afborganir, verðtryggingu, upphæð og vexti:

Upphæð	80,0%
Afborganir	75,5%
Verðtrygging	73,6%
Vextir	74,5%
Meðaltal	75,6%

Réttar upplýsingar um skyldur og kvaðir.

Liðlega 80% kaupenda (80,9%) telja sig hafa fengið réttar upplýsingar um kvaðir, sem hvíla á eigninni. 13% kaupenda nefna dæmi um atriði, sem þeir hafa uppgötvað, en þeir ekki verið upplýstir um. Hafa verður í huga að viðkomandi höfðu búið í íbúðinni í um það bil hálft ár og sumir hafa ekki enn flutt inn þegar könnunin var gerð. Ekki hafði þá verið gengið frá afsali. Upplýsingar, sem vantaði, varða einkum sameign og bílskúra.

Þegar þessar upplýsingar eru athugaðar verður að hafa í huga að þegar könnunin var gerð hafði kaupandinn haft nokkra mánuði til að kynnast eigninni. Í því ljósi er athyglisvert að þriðji hver kaupandi hefur annað hvort uppi efasemdir um að hann hafi fengið réttar upplýsingar um stærð, efnisgæði og ástand eignarinnar eða hefur vitneskju um að hann hafi það ekki.

Kaupandi greiðir almennt ekki af yfirteknum lánum fyrr en eftir að hann hefur fengið hina keyptu eign afhenta. Því má telja víst að kaupendur hafi ekki greitt af mikið fleiri en helmingi þeirra lána er þeir yfirtóku. Einnig verður að gæta þess að um fjórðungur eigna er seldur skuldlaus og upplýsingar um yfirtekin lán því án efa alltaf réttar þegar þær eiga í hlut.

Þess vegna verður að telja það nokkuð hátt hlutfall, að fjórði hver kaupandi telji sig hafa vitneskju um að hann hafi fengið rangar upplýsingar um áhvílandi lán eða hafi um það grundsemdir. Samkvæmt þessu má ætla að 33% þeirra sem yfirtaka lán hafi fengið rangar eða misvísandi upplýsingar eða séu í óvissu um lánin. Þetta hlutfall gæti orðið enn hærra þegar greitt hefur verið af öllum lánum.

Þær ályktanir, sem draga verður af þessum svörum, eru að mjög verulegur hluti kaupenda fái ófullnægjandi upplýsingar um þá eign, sem þeir eru að kaupa.

Í svörum við næstu spurningu kom í ljós að mjög mikill munur er á einstökum fasteignasölum að mati kaupenda.

Þjónusta fasteignasala.

Þátttakendur voru beðnir að gefa fasteignasölum einkunn fyrir þá þjónustu, sem þeir veittu við ákveðna þætti, er telja verður mikilvæga við fasteignakaup:

Atriði	Einkunn 1	2	3	4	5	Meðal
Gerð tilboðs	13,8%	51,6%	19,8%	11,9%	2,9%	2,4
Greiðsluáætl.	9,5%	43,2%	23,2%	15,7%	8,4%	2,7
Uppl. um stærð	18,1%	48,6%	25,7%	7,6%	0%	2,2
Uppl. um ástand	14,4%	46,3%	24,0%	11,5%	3,8%	2,4
Áhvílandi lán	18,8%	62,3%	11,9%	3,0%	4,0%	2,1
Skattamál	3,3%	14,4%	11,1%	46,8%	24,4%	3,8
Almennar ráðl.	7,1%	27,6%	18,4%	32,6%	14,3%	3,2

Einkunnir:
1 Frábær þjónusta.
2 Góð þjónusta.
3 Léleg þjónusta.
4 Afar léleg þjónusta.
5 Engin þjónusta.

Ef tekið er meðaltal þessara þátta til að meta þjónustu fasteignasala innbyrðis út frá þeim einkunnum, sem kaupendur gefa þeim fæst eftirfarandi skipting. Þá er gengið út frá að fjöldi kaupenda endurspegli fjölda fasteignasala.

Frábærar	12,1%	7 sölur	
Góðar	42,0%	22 sölur	Góðar eða frábærar 29
Lélegar	19,2%	11 sölur	
Mjög lélegar	18,4%	10 sölur	Lélegar eða verri 26
Oddviti sýslunefndar boðar hana til fundar eins oft og þurfa þykir. Oddviti ákveður fundarstað hafi sýslunefnd ekki gert það.

102. gr.

Tekjur sýslusjóða skulu vera álögð aðstöðugjöld og tekjuskattur af félögum í hverri sýslu. Það sem á vantar að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum skal jafnað niður á sveitarfélögin, að þriðjungi eftir íbúatölu, að þriðjungi eftir álögðum fasteignarskatti og að þriðjungi eftir álögðum útsvörum í sveitarfélögunum. Miða skal við álagningu þess árs þegar greiðsluáætlun er samin.

103. gr.

Sýslunefnd skal hafa samið greiðsluáætlun fyrir nóvemberlok ár hvert svo að sveitarstjórnir geti haft hliðsjón af henni við samningu áætlana sinna. Reikningshaldari sýslunefndar sér um fjárreiður hennar. Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði nema heimild sýslunefndar komi til.

Um bókhald sýslufélaga gilda lög um bókhald eftir því sem við á. Reikningar sýslusjóðs skulu lagðir fyrir sýslunefnd í síðasta lagi í apríl.

104. gr.

Sýslunefnd kýs endurskoðanda úr sínum hópi til þess að endurskoða reikninga nefndarinnar og stofnana á vegum hennar. Einnig getur hún falið löggiltum endurskoðendum að annast endurskoðunina.

105. gr.

Sýslumenn eru skyldir að annast bókhald sýslusjóðanna og greiðslur og innheimtur þeirra vegna ef sýslunefndin samþykkir að svo skuli verða.

106. gr.

Sýslunefnd getur kosið sýsluráð. Fer það þá eftir sömu reglum og segir um framkvæmdastjórn í 55. gr. eftir því sem við á.

107. gr.

Sýslunefnd skal stuðla að sem nánastri samvinnu sveitarfélaga. Komi upp ágreiningur sem ekki næst samkomulag um skal sýslunefnd úrskurða um málið. Þeim úrskurði má áfrýja til ráðherra og dómstóla.

6. Við 97. gr. sem verður 108. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna.
   Ef sveitarfélögum er í lögum ætluð verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu þau hafa samstarf um framkvæmd þeirra.
7. Við 98. gr. sem verður 109. gr.
   a. 1. og 2. mgr. orðist svo:
      Sé um að ræða varanlegt samvinnuverkefni sveitarfélaga, svo sem rekstur skóla og heilbrigðisstofnana eða brunavarnir, geta sveitarfélög myndað um þau formleg félög er nefnast hverfi, svo sem skólahverfi, heilbrigðishverfi eða brunavarnahverfi.
      Í samningi, sem gera skal um slík hverfi, skulu m.a. vera ákvæði um stjórn og kjör fulltrúa, fjölda þeirra, kjörtímabil, um varafulltrúa og annað sem máli skiptir í því sambandi.
   b. Í stað orðsins „byggðasamlags“ í 3., 4. og 5. mgr. greinarinnar, svo og öðrum gr. frv., komi: hverfis.

Nd. 606. Lög [321. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 10. mars.)

Samhljóða þskj. 593.

Nd. 607. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Karvel Pálmasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu S. Kvaran, Guðmundi Einarssyni og Hjörleifi Guttormssyni.

1. 1.–12. gr. falli brott.
2. 14.–18. gr. falli brott.
3. 20.–120. gr. og ákvæði til bráðabirgða falli brott.
4. Við bætist ný gr. er orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við almennar sveitarstjórnarkosningar árið 1986.
5. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um viðauka við sveitarstjórnarlög.

Sþ. 608. Beiðni um skýrslu [330. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins.

Frá Skúla Alexanderssyni, Steingrími J. Sigfússyni, Svavari Gestssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Ragnari Arnalds, Helga Seljan, Hjörleifi Guttormssyni, Geir Gunnarssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Garðari Sigurðssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um aldur og stærð íslenska fiskiskipastólsins, uppbyggingu hans og endurnýjun. Óskað er eftir að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar um eftirtalin atriði:

I. Aldur íslenska fiskiskipastólsins, eftir stærð og gerð, einnig sundurliðað eftir kjördæmum. Byggt verði sem næst á eftirfarandi skiptingu:

1. Bátar:
   a. undir 10 lestum,
   b. 10–20 lestir,
   c. 20–70 lestir,
   d. 70–105 lestir,
   e. yfir 105 lestum.
   Einnig komi fram hve stór hluti bátaflotans er tréskip.
2. Togarar:
   a. yfir 500 lestum,
   b. undir 500 lestum,
   c. frystitogarar.
3. Loðnuskip.
4. Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað.

II. Breytingar á fiskiskipum (ef um grundvallarbreytingu á rekstri þess er að ræða, svo sem breyting í frystiskip), flutningur á skipum milli útgerðarstaða og úrelding eða niðurfelling af skipaskrá frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986, og þar með hver flutningur á aflamarki var milli útgerðarstaða sem tengdist framannefndum þáttum.

III. Áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar skipastólsins á næstu árum og hvaða hlutdeild íslenskum skipasmíðastöðvum er þar ætluð.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 10. mars 1986.

Skúli Alexandersson.	Steingrímur J. Sigfússon.	Svavar Gestsson.
Guðmundur J. Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.	Helgi Seljan.
Hjörleifur Guttormsson.	Geir Gunnarsson.	Guðrún Helgadóttir.
	Garðar Sigurðsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 609. Breytingartillaga [11. mál]

við till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

Tillgr. orðast svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust sem aðalstarf á heimilum landsins.

Því felur Alþingi fjármálaráðherra að athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf, hafi þau verið aðalstarf starfsmanna, á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum og á frjálsum markaði við ákvörðun um aldurshækkanir starfsmanna. Jafnframt ályktar Alþingi að fela fjármálaráðherra að fylgja þessum sjónarmiðum fram í kjarasamningum við viðsemjendur sína.

Sþ. 610. Tillaga til þingsályktunar [331. mál]

um könnun á valdi í íslensku þjóðfélagi.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Ingvar Gíslason, Þórarinn Sigurjónsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Davíð Aðalsteinsson, Guðrún Tryggvadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram könnun á *valdi* í íslensku þjóðfélagi. Könnunin skal fólgin í því að rannsaka og greina hvernig háttað er völdum og valdahlutföllum stofnana og samtaka, bæði opinberra og óopinberra.

Könnun þessari skal lokið innan þriggja ára og niðurstöður hennar kynntar á Alþingi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa orðið allmiklar umræður um hvernig háttað er beitingu valds hér á landi. Þær umræður hafa einkum snúist um hvernig *valddreifingu* er varið, þ.e. hvernig tengsl hins opinbera, ríkisins, og einstakra sveitarfélaga, byggðarlaga og landshluta eru. Einnig hefur talsvert verið rætt um innbyrðis afstöðu valdastofnana ríkisins og hvort æskilegt sé að breyta stjórnkerfi að einhverju leyti til þess að breyta valdahlutföllum í landinu. Enda þótt þessar umræður hafi oft á tíðum verið hinar fróðlegustu hefur nokkuð á skort að þær hafi verið markvissar og stundum hafa hugtök verið lítt skýrð eða ekki. Sjálft hugtakið *vald* er margþætt og engin ein skilgreining fullnægjandi til að lýsa eðli þess og áhrifum eða birtingarformum þess.

Vald er svo margslungið hugtak að sumir fræðimenn hafa lagt til að hætt verði að rannsaka það eitt sér. Aðrir telja að vissulega sé það nothæft sem rannsóknarviðfang. Rökin eru þau að það, sem sameiginlegt er valdi í hvaða formi sem það birtist, er að einhver eða einhverjir hafa *vald yfir einhverjum öðrum*. Það byggist reyndar á hinni þekktu skilgreiningu Max Webers: „Vald eru líkurnar á því að einhver, í gefinni samfélagslegri stöðu, fái komið fram vilja sínum þrátt fyrir andspyrnu, óháð því á hverju þessar líkur byggjast.“ Þetta þýðir að vald er að koma fram vilja sínum, jafnvel þótt reynt sé að koma í veg fyrir það. En valdi er unnt að beita þótt mótspyrna sé ekki veitt. Þó er um að ræða viðurkenningu á því að einhver hafi vald sem rétt og skylt, og jafnvel ljúft, sé að beygja sig undir. Vald getur einnig verið dulið, tengt erfðavenjum og siðum, eða þá innbyggt í samfélagsgerðina.

Hér er ekki ætlunin að telja upp birtingarform valdsins en á það bent að margs konar dulin og hálfdulin valdaöfl eru að verki í sérhverju þjóðfélagi og áhrif þeirra eru oft á tíðum langtum meiri en birtist í hinu beina og opinbera valdi. Þetta gerir nauðsynlegt að rýna djúpt inn í íslenskt þjóðfélag til þess að greina megi valdaþræðina sem þar greinast í allar áttir.

Tilgangur þeirrar könnunar, sem hér er lagt til að gerð verði, er sá að safna aukinni þekkingu á þjóðfélagi okkar. Allmikið skortir á að ýmsir þættir þess séu nægilega vel greindir. Könnun á margslungnu valdakerfi er einmitt til þess fallin að auka skilning á þjóðfélaginu og gerð þess. Á slíkum skilningi byggist öll umræða um hvernig gera megi umbætur og endurbætur á því. Þá er ekki fyrst og fremst átt við að unnt verði að búa til eitthvert vísindalegt þjóðfélag heldur miklu fremur hitt að góð þekking á þjóðfélagsgerð sé forsenda þess að geta sniðið vankanta af henni.

Lagt er til að ríkisstjórnin hafi forgöngu um þessa könnun. Eðlilegt er að Háskóla Íslands verði falið að gera hana. Þar er fyrir hendi sú sérfræðiþekking sem er forsenda þess að hægt sé að kanna þessi efni á fullnægjandi hátt. Hugsanlegt er að fleiri en ein deild Háskólans vinni saman að könnuninni, t.d. félagsvísindadeild, viðskiptadeild og e.t.v. lagadeild. Heppilegt er að einum manni verði falin umsjón könnunarinnar en honum við hlið verði nokkrir ráðgjafar. Gera verður kostnaðaráætlun og ráða starfslið sem þó verði ekki fjölmennt. Innan þriggja ára ætti að geta legið fyrir allrækileg skýrsla. Á grundvelli hennar væri hægt að taka ákvarðanir um framhald eða nánari útfærslu á einstökum þáttum könnunarinnar.

Það er skoðun flm. að könnun sem þessi sé ákaflega hagnýt. Í fyrsta lagi er farið inn á rannsóknarsvið sem ekki hefur verið gefinn mikill gaumur hér á landi til þessa en þekking á því er forsenda umræðna um valddreifingu og valdskipan í landinu.

Í öðru lagi er þetta rannsókn á lýðræðinu hér á landi, hvernig það virkar eða virkar ekki, athugað er hvernig stöðu einstaklingsins er háttað og hvort og hvernig einstakir hópar ná fram áhugamálum sínum.

Í þriðja lagi geta niðurstöður slíkrar könnunar auðveldað landsmönnum að taka mikilvægar ákvarðanir um framtíð sína.

Árið 1972 ákvað ríkisstjórn Trygve Bratteli að láta fram fara ítarlega könnun á valdi í Noregi. Endanleg skýrsla um hana var birt tíu árum síðar. Alllöngu áður höfðu þó meginniðurstöðurnar legið fyrir. Íslenskir rannsóknarmenn geta sótt mikinn fróðleik í þá könnun. Er hún talin sérlega vönduð og fjölmörg atriði hennar þess eðlis að þekking á þeim getur flýtt mjög fyrir sams konar könnun hér á landi. Sænski Þjóðarflokkurinn hefur ofarlega á blaði að stuðla að því að slík könnun verði gerð í Svíþjóð.

Ed. 611. Frumvarp til laga [332. mál]

um breytingu á áfengislögum, nr. 82/1969.

Flm.: Björn Dagbjartsson, Stefán Benediktsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þó skal einungis heimilt að flytja til landsins áfengt öl sem hefur inni að halda vínanda sem er á styrkleikabilinu 4% til 5% að rúmmáli. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutninginn.

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einni skal heimil framleiðsla áfengra drykkja og bannað er öðrum að gera drykkjarhæft það áfengi sem er, eða gert hefur verið, óhæft til drykkjar. Þó skal dómsmálaráðherra heimilt að leyfa framleiðslu áfengs öls hérlendis af þeim styrkleika sem leyfilegt er að flytja til landsins skv. 3. gr. Áfengt öl, sem framleitt er til útflutnings, er þó ekki háð slíkum takmörkunum.

3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota, eða hafa verið notuð, við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkjarhæft með ólögmætum hætti, skal og gert upptækt ásamt ílátum.

4. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast dreifingu og sölu áfengis, hvort sem það er innflutt eða framleitt innanlands, sbr. lög um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, nr. 63/1969.

Allt áfengt öl, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skal selt í margnota umbúðum. Allar áletranir og upplýsingar á umbúðum áfengs öls, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, aðrar en vörumerki, skulu vera á íslensku.

5. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar áfengs öls og vína samkvæmt þessum kafla.

6. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Árlega skal verja sem svarar 1% af skatttekjum ríkissjóðs vegna framleiðslu og sölu áfengs öls til fræðslu um skaðsemi áfengis. Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu og ráðstöfun fjárframlaga samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1987. Lögin skuli þó ekki koma til framkvæmda nema þau hafi áður hlotið samþykki með meiri hluta atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fari eigi síðar en 31. desember 1986.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu af þeim fyrir árslok 1989.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt í neðri deild á síðasta þingi (1. flm. Jón Baldvin Hannibalsson). Fá mál fengu lengri né ítarlegri umfjöllun, bæði á Alþingi og þó ekki síður í fjölmiðlum og meðal þjóðarinnar. Í meðferð neðri deildar tók frv. allmiklum breytingum en var að lokum samþykkt í deildinni 23. maí 1985. Í efri deild var málinu aftur á móti vísað til neðri deildar aftur með ákvæðum um þjóðaratkvæðagreiðslu um efni þess. Þar var málið svo endanlega fellt í þeim búningi.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er orðrétt samhljóða frv. um sama efni eins og það var eftir afgreiðslu neðri deildar við 3. umr. á síðasta þingi, að viðbættu því ákvæði í 7. gr. að lögin komi ekki til framkvæmda fyrr en að aflokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er alveg ljóst að þessi mynd frv. naut ekki fylgis meiri hl. í neðri deild áður en málið var sent til afgreiðslu efri deildar s.l. vor. Eftir að ljóst var um afstöðu efri deildar reyndi ekki beinlínis í neðri deild á fylgi við skilyrta gildistöku með þjóðaratkvæðagreiðslu eins og hér er gert ráð fyrir.

Markmiðið með flutningi þessa frumvarps nú er að freista þess að Alþingi afgreiði þetta mál fyrir sitt leyti en þjóðin öll fái þó jafnframt tækifæri til að láta í ljósi álit sitt. Alþingi þarf þá ekki að láta málið til sína taka á nýjan leik.

Frekari athugasemdir eru raunar óþarfar. Sú málamiðlunarlausn, sem ofan á varð í neðri deild, var auðvitað ekki öllum að skapi. Þó verður að ætla að þeir, sem gátu fellt sig við þetta orðalag frv. þá, geti það enn. Ekki ætti að vera ástæða til langrar umfjöllunar heldur, svo rækileg sem hún var fyrir ári.

Nd. 612. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar (FrS, SV, StG, EH).

1. Við 6. gr. Í stað 4. og 5. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
   Verkefni þau, sem sýslunefndum eru nú falin með lögum, skulu falla til sveitarfélaga. Héraðsnefndir skulu myndaðar um lausn þeirra verkefna og annarra verkefna sem sveitarfélögin fela þeim eða þeim eru falin með lögum. Héraðsnefndir taka við eignum og skuldum sýslufélaga við gildistöku laga þessara nema sveitarfélög, sem aðild áttu að sýslufélagi, óski að yfirtaka þær. Kaupstaðir geta átt aðild að héraðsnefndum og heimilt er að sameina þær með samkomulagi viðkomandi sveitarstjórna. Um héraðsnefndir gilda ákvæði IX. kafla eftir því sem við getur átt.
2. Við 97. gr. Greinin orðist svo:
   Sveitarfélög geta haft samvinnu sín á milli um framkvæmd einstakra verkefna, á vettvangi héraðsnefnda, byggðasamlaga eða í landshlutasamtökum.
3. Á eftir 98. gr. komi ný grein er orðist svo:
   Sé sveitarfélögum ætluð í lögum verkefni sem þeim er um megn að leysa hverju fyrir sig skulu mynduð byggðasamlög um framkvæmd þeirra, skv. þó 4. mgr. 6. gr.
   Ákvæði þessa kafla gilda um byggðasamlög skv. fyrri mgr. þessarar greinar með þeim frávikum sem kunna að felast í öðrum lögum.
4. Við 106. gr. Í stað orðsins „landshlutasamtaka“ í 1 mgr. komi: héraðsnefndar.
5. Við 116. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. svohljóðandi:
   Óski héraðsnefnd eftir er umboðsmaður ríkisins skyldur að annast framkvæmdastjórn fyrir nefndina enda sé kostnaður greiddur af héraðsnefnd.
6. Á undan ákvæði til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði, I, er orðist svo:
   Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1987.
   Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur um þessi efni.

Sþ. 613. Fyrirspurn [333. mál]

til fjármálaráðherra um kaup ríkissjóðs á húseigninni Dílahæð 3 í Borgarnesi.

Frá Eiði Guðnasyni.

Var kaupverð húseignarinnar að Dílahæð 3 í Borgarnesi eðlilegt að áliti Fasteignamats ríkisins miðað við markaðsverð sambærilegra fasteigna þar að undanförnu?

Skriflegt svar óskast.

Nd. 614. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Á eftir 97. gr. komi ný grein er verði 98. gr. og orðist svo:

Kosningu fulltrúa í stjórnir byggðasamlaga og héraðsnefnda og ákvörðun um fjölda stjórnarmanna, svo og kosningu fulltrúa á ársfundi landshlutasamtaka, skal haga þannig að tryggð sé lýðræðisleg dreifing fulltrúa og eðlileg aðild meiri hluta og minni hluta í sveitarstjórnum. Eigi sveitarstjórn eða minni hluti í sveitarstjórn ekki kjörna fulltrúa í stjórn byggðasamlags eða héraðsnefndar sem sveitarfélag er aðili að skal þeim heimilt að skipa a.m.k. einn sameiginlegan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétti til að sitja stjórnarfundi.

Nd. 615. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Svavari Gestssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Bjarna Guðnasyni, Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu S. Kvaran og Guðrúnu Helgadóttur.

Við 11. gr. Á undan síðari málsl. fyrri mgr. komi nýr málsl. er orðist svo:

Þó skulu borgarfulltrúar í Reykjavík aldrei vera færri en þingmenn Reykjavíkur, sbr. 31. gr. stjórnarskrárinnar.

Sþ. 616. Svar [233. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Þórðar Skúlasonar um skiptingu útflutningsverðmætis eftir kjördæmum.

Inngangur.

Upplýsingar um útflutningsverslunina er að finna í tveim ritum Hagstofu Íslands, Hagtíðindum og Verslunarskýrslum. Upplýsingar í þessum ritum eru byggðar á skýrslum þeirrar tollstöðvar sem afgreiðir útflutningsskjölin. Flestir stærstu útflytjendurnir eru í Reykjavík og fá þeir útflutningsskjöl afgreidd hjá Tollstjóraskrifstofunni í Reykjavík. Ef dæmi er tekið af útflutningi á fiskimjöli, sem lestað er í mörgum höfnum víðs vegar um landið og útflytjandinn er í Reykjavík, þá tollafgreiðir útflytjandinn vöruna hjá tollstjóranum í Reykjavík. Samkvæmt framansögðu eru ekki til upplýsingar um útflutning eftir kjördæmum eða landshlutum. Hins vegar er hægt að nefna nokkur atriði sem gefa vísbendingu um útflutning eftir landssvæðum.

Nokkrar vísbendingar um skiptingu útflutnings eftir landssvæðum.

Allur útflutningur á áli er tollafgreiddur hjá fógeta í Hafnarfirði (Reykjaneskjördæmi). Ál var um 15% af heildarútflutningsverðmæti árið 1983, um 17% árið 1984 og um 10% árið 1985. Járnblendi er tollafgreitt á Akranesi (Vesturlandskjördæmi). Járnblendi var 3,3% af heildarútflutningsverðmæti árið 1983, 4,3% árið 1984 og 3,6% árið 1985. Kísilgúr er tollafgreiddur hjá fógeta á Húsavík (Norðurlandskjördæmi eystra). Kísilgúr var 0,7% af heildarútflutningi 1983, 0,8% árið 1984 og 0,8% árið 1985.

Um aðrar útflutningsvörur má geta þess að öll stærstu útflutningsfyrirtæki sjávarafurða eru í Reykjavík og eru því sjávarafurðir nær eingöngu tollafgreiddar í Reykjavík. Iðnaðarvörur eru að mestu tollafgreiddar í Reykjavík, en einnig á Akureyri.

Til að gefa vísbendingu um uppruna útflutningsverðmætis sjávarafurða sýnir eftirfarandi tafla hlutfallslega skiptingu aflaverðmætis eftir kjördæmum. Byggt er á upplýsingum úr „Útvegi“, riti Fiskifélags Íslands.

	1982	1983	1984
Suðurland	12,1	11,9	11,6
Reykjavík og Reykjanes	25,2	22,0	20,3
Vesturland	10,1	10,1	9,6
Vestfirðir	12,3	12,9	12,9
Norðurland vestra	4,8	6,1	7,5
Norðurland eystra	12,5	13,0	12,6
Austfirðir	12,1	13,7	14,9
Erlendis	11,0	10,4	10,6

Skipting á íbúa eftir kjördæmum.

Eins og fram kemur í inngangi að svörum við fyrirspurninni eru ekki tiltækar upplýsingar um útflutningsverðmæti eftir kjördæmum og því er ekki hægt að svara því hvernig útflutningsverðmæti skiptist á íbúa eftir kjördæmum.

Sþ. 617. Fyrirspurn [334. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um fæðingarorlof.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

Hvað líður endurskoðun á lögum um fæðingarorlof skv. stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?

Sþ. 618. Fyrirspurn [335. mál]

til menntamálaráðherra um byggingarkostnað nýs útvarpshúss.

Frá Þórarni Sigurjónssyni.

1. Hver er heildarkostnaður orðinn nú við nýja útvarpshúsið?
2. Hvað er áætlað að heildarkostnaðurinn verði við húsið fullbúið?
3. Hvernig hefur byggingin verið fjármögnuð og hver er áætlun um lokafjármögnun?

Nd. 619. Frumvarp til laga [336. mál]

um breytingu á lögum um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (SV, PJ, SJS, EH, HBl, ÞS).

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein sem verður 3. gr. og orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða skv. tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar skv. lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 0,20% gjald af afurðum sauðfjár og nautgripa og allt að 1% gjald af afurðum annarra búgreina til viðbótar gjaldi skv. 2. gr. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á, að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frumvarpið um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum kom til umfjöllunar í landbúnaðarnefnd neðri deildar á s.l. þingi komu fram eindregin tilmæli frá búgreinasamböndunum að sett yrði inn í frumvarpið heimild fyrir ráðherra að ákveða innheimtu gjalds þess sem hér er lagt til að innheimta. Þessari málaleitan var vel tekið af nefndarmönnum en að athuguðu máli þótti eðlilegra að slík heimild yrði sett inn í lögin um búnaðarmálasjóð.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með þessu frumvarpi hafa flest búgreinasamböndin, og einnig stjórn Stéttarsambands bænda, óskað eftir því að lögunum um búnaðarmálasjóð verði nú þegar breytt á þann hátt sem hér er lagt til með þessu frumvarpi.

Fylgiskjal I.

Stéttarsamband bænda.
Reykjavík, 2. mars 1986.

Hr. landbúnaðarráðherra
Jón Helgason
Arnarhvoli
101 Reykjavík.

Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda 21. f.m. var rætt um leiðir til þess að tryggja búgreinafélögunum tekjustofn.

Ljóst er að lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og sú breyting, sem ákveðin var á uppbyggingu samtakanna á s.l. ári, leggur Stéttarsambandi bænda mjög auknar skyldur á herðar og kallar á aukin umsvif þess á næstu árum. Því er ekki svigrúm til þess að leysa fjárþörf búgreinafélaganna innan þess fjárhagsramma sem Stéttarsambandinu er settur með lögunum um búnaðarmálasjóð.

Stjórn Stéttarsambandsins leggur hins vegar áherslu á að hlutverk búgreinafélaganna er mjög mikilvægt í hinu nýja skipulagi sem búvörulögin og nýjar samþykktir Stéttarsambandsins móta og því brýnt að þeim sé tryggður fastur tekjustofn.

Eftir ítarlegar umræður á stjórnarfundinum 21. febrúar s.l. var eftirfarandi ályktun samþykkt um þetta efni:

„Stjórn Stéttarsambands bænda mælir með því við landbúnaðarráðherra að eftirfarandi breyting verði gerð á lögum nr. 40/1982:

Á eftir 2. gr. komi ný gr., 3. gr., er orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða samkvæmt tillögu búgreinasambands, sem nýtur viðurkenningar skv. lögum nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eða er aðili að Stéttarsambandi bænda, að innheimta allt að 1% gjald af afurðum viðkomandi búgreinar til viðbótar gjaldi samkvæmt 2. grein. Gjald þetta skal renna til þess búgreinasambands sem í hlut á, að frádregnum kostnaði við innheimtu gjaldsins."

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Stéttarsambands bænda.
Hákon Sigurgrímsson.

Fylgiskjal II.

Landssamband sauðfjárbænda,
Jóhannes Kristjánsson,
Höfðabrekku, 16. jan. 1986.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar,
Stefáns Valgeirssonar og
landbúnaðarnefndar efri deildar,
Egils Jónssonar.

Eins og kunnugt er voru á s.l. sumri stofnuð Landssamtök sauðfjárbænda. Um tilgang og markmið samtakanna segir svo í 3. gr. laga þeirra:

„Tilgangur LS er að móta sölumarkað fyrir sauðfjárafurðir, skapa tengsl og samstöðu framleiðenda til eflingar sauðfjárræktinni og koma til móts við óskir neytenda um vöruval og vörugæði."

Ljóst er að til þess að þessum markmiðum verði náð þarf að tryggja samtökunum öruggan tekjustofn.

Stjórnin telur að þrátt fyrir nokkuð almenna þátttöku sauðfjárbænda í samtökunum sé ekki eðlilegt að fjárþörf þeirra verði mætt með félagsgjöldum.

Samtökin vinna að hagsmunum allra þeirra er sauðfjárbúskap stunda — og því eðlilegt að fjárþörf þeirra verði í framtíðinni mætt með gjaldtöku af allri framleiðslu sauðfjárafurða.

Samtökin hafa þegar unnið verulegt starf í öflun markaða erlendis og einnig að eflingu innanlandsmarkaðar. Því er augljóst að samtökin hafa sannað tilverurétt sinn.

Stjórn LS fer þess því eindregið á leit við landbúnaðarnefndir Alþingis að lögum nr. 40/1982, um búnaðarmálasjóð, verði breytt þannig að Landssamtökum sauðfjárbænda verði tryggður tekjustofn sem svarar til 0,20% af heildarverðmæti sauðfjárafurða sem reiknast í hlutfalli af því verði sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma.

Virðingarfyllst,
í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda,

Jóhannes Kristjánsson
formaður.

Rúnar Hálfdánarson
gjaldkeri.

Nd. 620. Frumvarp til laga [337. mál]

um breyting á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nr. 67/1969, um breyting á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1969, orðast svo:

Útflutningshross skulu vera heilbrigð að mati dýralæknis.

Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hagsmunafélag hrossabænda hefur farið þess á leit við landbúnaðarnefndir Alþingis að þær beiti sér fyrir breytingu á upphafi 2. gr. laganna um útflutning á hrossum. Upphaf lagagreinarinnar er þannig:

„Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis."

Talsmenn Hagsmunafélags hrossabænda segja að ákvæði þetta hafi leitt það af sér að ekki hafi verið hægt að selja t.d. stóðhesta eldri en 10 vetra úr landi þó að mjög hátt boð hafi verið gert í þá, jafnvel 250—300 þús. kr. Afsláttarverð á þessum hrossum telja þeir vera um 10 þús. kr.

Í 5. og 6. gr. laganna eru ströng fyrirmæli um eftirlit og reglur um útflutning hrossa sem eiga að tryggja að hross, sem eru gölluð eða útliti og ástandi ábótavant, verði kyrrsett án tillits til aldurs. Því leggur nefndin til að aldursmörkin verði felld niður úr lögunum.

5. gr. laganna hljóðar svo:

„Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum sem eru mögur og illa útlítandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýtta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum."

6. gr. laganna er þannig:

„Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur að láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina."

Nd. 621. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [338. mál]

um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

1. gr.

Ísland er frjálst og fullvalda lýðveldi.
Lýðræði, þingræði og jafnrétti eru grundvallarreglur stjórnskipunar Íslands.
Stjórnvöld ríkisins fara með vald sitt í umboði þjóðarinnar.

2. gr.

Alþingi og forseti fara með löggjafarvaldið.
Forseti felur ríkisstjórn og öðrum stjórnvöldum að fara með framkvæmdarvaldið.
Dómendur fara með dómsvaldið.

3. gr.

Forseti skal vera þjóðkjörinn.

4. gr.

Kjörgengur til forseta er hver 35 ára gamall maður sem fullnægir skilyrðum kosningarréttar til Alþingis. Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 3000 kosningarbærra manna og mest 6000. Að öðru leyti skal ákveða með lögum um framboð og kjör forseta og má þar ákveða að tiltekin tala meðmælenda skuli vera úr hverjum landsfjórðungi.

5. gr.

Forseti skal kjörinn beinum leynilegum kosningum af þeim er kosningarrétt hafa til Alþingis. Sá frambjóðandi, sem hefur hlotið yfir 50% greiddra atkvæða, er rétt kjörinn forseti. Ef fleiri en tveir eru í kjöri skal kjósa milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu.
Ef einn maður er í kjöri skal hann teljast rétt kjörinn án atkvæðagreiðslu.

6. gr.

Kjörtímabil forseta hefst 1. ágúst og endar 31. júlí að fjórum árum liðnum. Forsetakjör fer fram í júní- eða júlímánuði það ár er kjörtímabil endar. Forseti sitji aldrei lengur en tvö kjörtímabil.

7. gr.

Nú deyr forseti eða lætur af störfum áður en kjörtímabili hans er lokið og skal þá innan þriggja mánaða kjósa nýjan forseta til 31. júlí á fjórða ári frá kosningu.

8. gr.

Nú verður sæti forseta laust eða hann getur ekki gegnt störfum um sinn vegna dvalar erlendis, sjúkleika eða af öðrum ástæðum og skulu þá forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar fara með forsetavald. Forseti sameinaðs Alþingis stýrir fundum þeirra. Ef ágreiningur er þeirra í milli ræður meiri hluti.

9. gr.

Forseti má ekki vera alþingismaður né hafa með höndum önnur launuð störf.

Ákveða skal með lögum greiðslur af ríkisfé til forseta og þeirra sem fara með forsetavald. Óheimilt skal að lækka greiðslur til forseta kjörtímabil hans.

10. gr.

Forseti vinnur eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni er hann tekur við störfum. Að eiðstaf þessum eða heiti skal gera tvö samhljóða frumrit. Geymir Alþingi annað en Þjóðskjalasafnið hitt.

11. gr.

Forseti ber ekki beina ábyrgð á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá er störfum hans gegna.

Ábyrgð forseta skal ákveðin með lögum.

Forseti verður ekki sóttur til saka nema með samþykki Alþingis.

Forseti verður leystur frá embætti áður en kjörtíma hans er lokið ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu sem til er stofnað að kröfu Alþingis enda hafi hún hlotið fylgi ¾ hluta þingmanna.

Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi og gegnir forseti eigi störfum frá því að Alþingi gerir samþykkt sína þar til úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.

Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

Forseta er heimilt að segja af sér embætti sökum veikinda eða af öðrum persónulegum ástæðum. Skal þá kjósa nýjan forseta innan þriggja mánaða. Geti forseti ekki gegnt embætti þar til annar hefur verið kjörinn fer um forsetavald skv. 8. gr.

12. gr.

Forseti skal hafa aðsetur á Bessastöðum.

13. gr.

Forseti ákveður hverjum hann felur að mynda ríkisstjórn. Hann skipar ráðherra og veitir þeim lausn. Jafnframt skiptir hann störfum með þeim að tillögu forsætisráðherra.

Ríkisstjórn skal njóta stuðnings meiri hluta Alþingis eða hlutleysis. Hún skal því aðeins mynduð að forseti hafi gengið úr skugga um að meiri hluti Alþingis sé henni ekki andvígur.

Hafi viðræður um stjórnarmyndun skv. 2. mgr. ekki leitt til myndunar ríkisstjórnar innan átta vikna er forseta heimilt að skipa ríkisstjórn.

Hafi forseti skipað utanþingsstjórn skal sú stjórn leyst frá störfum þegar er meiri hluti hefur myndast á Alþingi og nýr ráðherralisti liggur fyrir.

Ríkisstjórn skal láta af störfum ef meiri hluti Alþingis lýsir yfir vantrausti á henni, sbr. 23. gr.

Ráðherrar mega ekki vera alþingismenn. Nú er alþingismaður skipaður ráðherra og skal þá varamaður hans á Alþingi taka sæti hans þann tíma sem hann gegnir ráðherraembætti. Ráðherrar mega ekki hafa önnur launuð störf eða sitja í launuðum stjórnum fyrirtækja nema með samþykki Alþingis.

14. gr.

Forseti og ráðherrar skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti.

Lög og þær stjórnarráðstafanir, sem krefjast undirritunar forseta, skulu bornar upp við forseta í ríkisráði.

Ákveða skal með lögum hvaða önnur málefni eru þar borin upp.

15. gr.

Forseti lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Ráðherrar bera ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum.

Ráðherraábyrgð er ákveðin með lögum.

Alþingi getur kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra. Mál þeirra skulu dæmd fyrir Hæstarétti.

16. gr.

Ríkisstjórnarfundi skal halda um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni. Ríkisstjórnarfund skal halda ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Forsætisráðherra stýrir ríkisstjórnarfundum.

17. gr.

Ríkisstjórnin hefur aðsetur í Reykjavík.

18. gr.

Undirskrift forseta undir löggjafarmál eða stjórnarerindi veitir þeim gildi ef ráðherra ritar undir þau með honum.

19. gr.

Fyrir skal mælt í lögum um skipun og ráðningu ríkisstarfsmanna. Engan má skipa starfsmann ríkisins nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Þeir starfsmenn, sem forseti skipar, skulu vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni.

Engan starfsmann skal ráða ævilangt. Heimilt er nýrri ríkisstjórn að endurráða eða ráða nýja embættismenn.

20. gr.

Forseti og ríkisstjórn verða að samþykkja samninga sem gerðir eru við önnur ríki og fjölþjóðafyrirtæki.

Enga samninga má gera er hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi, landhelgi eða lofthelgi eða þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins nema samþykki Alþingis komi til. Gera skal Alþingi grein fyrir gerð allra mikilvægra samninga við önnur ríki eða fjölþjóðafyrirtæki áður en þeir hafa verið samþykktir.

21. gr.

Forseti stefnir saman Alþingi ár hvert og ákveður hvenær því skuli slitið að tillögu forsætisráðherra. Þingi má eigi slíta fyrr en fjárlög eru samþykkt. Forseti kveður Alþingi á sama hátt til aukafunda þegar nauðsyn ber til.

22. gr.

Forseti getur að tillögu forsætisráðherra frestað fundum Alþingis tiltekinn tíma, þó ekki lengur en tvær vikur og ekki nema einu sinni á ári. Alþingi getur þó veitt forseta samþykki til afbrigða frá þessu ákvæði.

23. gr.

Forseti getur rofið Alþingi með samþykki þess. Þarf minnst helmingur þingmanna hvorrar deildar að vera viðstaddur atkvæðagreiðsluna og ⅔ hlutar að greiða atkvæði með þingrofi. Nú er Alþingi rofið og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en 45 dagar eru liðnir frá því það var rofið enda komi Alþingi saman eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að það var rofið.

Alþingismenn skulu halda umboði sínu til kjördags.

Alþingi getur því aðeins samþykkt vantraust á forsætisráðherra, og þar með ríkisstjórn, að fyrir liggi samstaða meiri hluta alþingismanna um val á eftirmanni hans. Jafnframt skal

send beiðni til forseta lýðveldisins um að leysa forsætisráðherra frá störfum. Forseti skal verða við þessari beiðni og tilnefna nýjan forsætisráðherra að ósk Alþingis.

24. gr.

Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp skal það lagt fyrir forseta eigi síðar en þremur vikum eftir að það var samþykkt. Áður en forseti tekur ákvörðun um staðfestingu frumvarpsins getur hann óskað eftir því að um það fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla. Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða frá því að ósk um hana var borin fram. Sé frumvarpið fellt er forseta heimilt að neita að staðfesta það. Sé það samþykkt skal forseti staðfesta það.

25. gr.

Birta skal lög. Lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið birt. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.

Einnig skal birta mikilvægar stjórnvaldsákvarðanir sem varða hagsmuni almennings.

26. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til getur forseti, að tillögu ráðherra, gefið út bráðabirgðalög milli þinga en efni þeirra skal áður kynnt fyrir viðkomandi þingnefnd. Ekki mega þau brjóta í bága við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi í upphafi þings. Nú hefur Alþingi ekki samþykkt bráðabirgðalög þremur mánuðum eftir að þing er sett og falla þau þá úr gildi.

27. gr.

Forseti getur, að tillögu ráðherra, náðað menn og veitt almenna uppgjöf saka. Ráðherra getur hann þó ekki leyst undan refsingu sem Hæstiréttur hefur dæmt vegna málshöfðunar Alþingis nema með samþykki þess.

28. gr.

Allir eiga rétt á að stofna stjórnmálaflokka. Skulu þeir starfa á lýðræðislegum grundvelli og vera skylt að gera opinber skil á fjárreiðum sínum. Stjórnmálaflokkum ber að láta í ljósi stjórnmálalegan vilja fólksins.

Stjórnmálaflokkar, sem samkvæmt stefnuskrá eða hegðan félaga sinna vinna að því að leggja niður eða skaða grundvallarreglur frjáls lýðræðis og stofna lýðveldinu í hættu, eru ósamkvæmir stjórnarskránni.

Hæstiréttur dæmir hvort stjórnmálaflokkur brýtur í bága við stjórnarskrána.

Nánar skal fjallað um stjórnmálaflokka í lögum.

29. gr.

Á Alþingi eiga sæti 46 þjóðkjörnir þingmenn kosnir leynilegum hlutbundnum kosningum til fjögurra ára:

A. 31 þingmaður neðri deildar Alþingis og skulu þeir kosnir í fimm fylkjum með sem jöfnustu vægi atkvæða:
   1. Höfuðborgarfylki,
      Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og Kjósarsýsla.
   2. Vesturlandsfylki,
      núverandi Vesturlands- og Vestfjarðakjördæmi.
   3. Norðurlandsfylki,
      núverandi Norðurlandskjördæmi vestra og eystra.
   4. Austurlandsfylki,
      núverandi Austurlandskjördæmi.

5. Suðurlandsfylki,
   núverandi Suðurlandskjördæmi að viðbættum Grindavík, Keflavík, Njarðvík og Gullbringusýslu.

B. 15 þingmenn efri deildar Alþingis og skulu þeir kosnir í fimm fylkjum sem hvert hafi þrjá þingmenn.

30. gr.

Alþingi starfar í tveimur málstofum og sameinuðu þingi. Hvorri þingdeild og sameinuðu þingi er heimilt að óska eftir að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um lög enda sé það samþykkt með tveimur þriðjungum atkvæða þeirrar deildar er þess óskar. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eru bindandi fyrir Alþingi.

31. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir sem hafa náð eða ná 18 ára aldri á því ári sem kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eru eigi sviptir lögræði. Menn, sem hafa flutt lögheimili sitt úr landi á síðustu fjórum árum fyrir kjördag, hafa kosningarrétt. Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

32. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari sem kosningarrétt hefur til Alþingis.

Hæstaréttardómarar og ríkissaksóknari eru þó ekki kjörgengir.

33. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag ef helgidagur er hafi forseti að tillögu forsætisráðherra ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Breyta má þessu með lögum.

Nýkjörið þing skal koma saman eigi síðar en 10. október. Hafi kosning til Alþingis ekki farið fram að vori skal það koma saman eigi síðar en þremur vikum eftir að kosning hefur farið fram.

34. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess né frelsi.

35. gr.

Samkomustaður Alþingis er í Reykjavík. Þegar sérstaklega er ástatt getur forseti að tillögu forsætisráðherra ákveðið að Alþingi skuli koma saman á öðrum stað á landinu.

36. gr.

Sameinað Alþingi sker úr hvort þingmenn þess séu löglega kosnir og einnig hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.

37. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni þegar er kosning hans hefur verið tekin gild.

38. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína.

39. gr.

Hvor þingdeild og sameinað Alþingi kýs sjálft forseta sinn. Stýra þeir störfum deilda og sameinaðs þings.

40. gr.

Alþingi kýs fastanefndir við upphaf þings til þess að athuga þingmál. Um starfsháttu þeirra skal nánar fjallað í lögum. Alþingi getur falið slíkum þingnefndum að kanna mikilvæg mál er almenning varða og veitt þeim rétt til þess að óska eftir skýrslum, munnlegum og skriflegum, frá opinberum stofnunum, starfsmönnum og einstökum samtökum eða fyrirtækjum og er öllum skylt að verða við óskum nefndarinnar.

Þá getur Alþingi kjörið sérstakar nefndir þingmanna til að rannsaka mál þegar brýn ástæða þykir til og skal í lögum kveðið á um réttindi, skyldur og starfsháttu slíkra nefnda.

41. gr.

Hvor deild hefur rétt til að bera fram og samþykkja fyrir sitt leyti frumvörp til laga og annarra samþykkta. Einnig má hvor þingdeild eða sameinað Alþingi senda forseta lýðveldisins ávörp.

42. gr.

Ríkisstjórn og ráðuneytum er ekki heimilt að inna af hendi neina greiðslu eða gjöld nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum nema samþykki Alþingis komi til.

43. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár sem í hönd fer. Í frumvarpinu skal fólgin greinargerð um ráðgerðar tekjur og gjöld ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja næsta fjárhagsár. Frumvarpið skal leggja fram áður en þingi er slitið að vori.

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal lagt fyrir sameinað þing og afgreitt þar með þremur umræðum.

44. gr.

Rétt til að flytja frumvarp til laga og tillögur til þingsályktunar hafa þingmenn, ráðherrar og ríkisstjórn.

Ekkert lagafrumvarp að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

45. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarri hvorri þingdeild skal það lagt fyrir hina deildina svo sem það var samþykkt. Ef þar verða breytingar á gerðar fer frumvarpið aftur til fyrri þingdeildar. Ef aftur verða gerðar breytingar fer það að nýju til hinnar deildarinnar, sbr. þó 30. gr. Nú gengur enn eigi saman og ganga þá báðar deildirnar saman í eina málstofu og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi.

Þegar Alþingi skipar eina málstofu þarf meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeild að vera á fundi og eiga þátt í atkvæðagreiðslu til þess að fullnaðarsamþykkt verði lögð á mál. Ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um einstök málsatriði. En eigi má þó lagafrumvörp, önnur en frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga, fullnaðarsamþykki nema tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með þeim.

46. gr.

Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

47. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert mál í þeirri þingdeild sem hann á sæti í ef hún leyfir og beiðast skýrslu ráðherra um málið.

48. gr.

Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild.

49. gr.

Endurskoðun á fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja skal fara fram á vegum Alþingis og í umboði þess.

Sameinað Alþingi kýs yfirskoðunarmenn. Starfssvið þeirra og skyldur séu nánar ákveðin í lögum. Þeir, sem endurskoðun annast, skulu eiga aðgang að öllum skýrslum, skjölum og öðrum gögnum sem þeim þykir þurfa til þess að geta leyst starfann af hendi.

50. gr.

Meðan Alþingi stendur yfir má ekki setja neinn alþingismann í varðhald eða höfða mál á hendur honum án samþykkis Alþingis nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það sem hann hefur sagt á þingi nema Alþingi leyfi.

51. gr.

Nú glatar alþingismaður kjörgengi og missir hann þá rétt þann er þingkosningin hafði veitt honum.

52. gr.

Ráðherrar eiga samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á Alþingi. Eiga þeir rétt á að taka þátt í umræðum en gæta verða þeir þingskapa. Atkvæðisrétt eiga þeir þó ekki, sbr. 13. gr.

53. gr.

Fundir beggja deild Alþingis og sameinaðs Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpum, krafist þess að mál skuli rætt fyrir luktum dyrum og sker þá þingfundur úr.

54. gr.

Þingsköp sameinaðs Alþingis og beggja deilda þess skulu sett með lögum.

55. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

56. gr.

Dómskerfið skiptist í þrjú dómstig, þ.e. Hæstarétt, lögréttu og héraðsdóm.

Dómstólum skal halda aðskildum frá framkvæmdarvaldinu.

57. gr.

Hæstiréttur er æðsti dómstóll landsins. Skipun hans og valdsvið, svo og hvaða málum verði leyft að áfrýja til hans, skal ákveðið með lögum. Hið sama gildir um lögréttu sem áfrýjunardómstól og aðra dómstóla landsins.

58. gr.

Ríkissaksóknari fer með ákæruvaldið. Skipun hans, valdsvið og starfsemi skal ákveðin í lögum. Ríkissaksóknari er einungis bundinn af lögum í embættisstörfum sínum.

59. gr.

Dómendur skuli í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögum. Ekki má fela dómara föst umboðsstörf nema með lögum.

60. gr.

Dómstólar eiga úrskurðarvald um réttarágreining með þeim undantekningum sem ákveðnar eru í lögum. Þeir skera úr öllum ágreiningi um valdmörk stjórnvalda og hvort lög brjóta í bága við stjórnarskrá.

Enginn getur frestað framkvæmd stjórnvaldsboðs með því að skjóta málinu til dóms.

61. gr.

Dómendum Hæstaréttar og öðrum umboðsstarfalausum dómendum og ríkissaksóknara verður ekki vikið úr embætti nema með dómi. Ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti gegn vilja þeirra nema þegar svo stendur á að verið er að koma nýrri skipan á dómstólana, sbr. þó 2. mgr. 19. gr.

Þessi fyrirmæli standa ekki í vegi fyrir að lög heimili að leikmenn taki þátt í dómstörfum.

62. gr.

Landið skiptist í fimm fylki sem sveitarfélögin mynda. Sveitarfélög eru grunneiningar stjórnskipunar landsins.

63. gr.

Fylkin ráða sjálf málefnum sínum. Þau fara með fjármál fylkisins, svo og samgöngumál, heilbrigðis- og tryggingamál, menntamál, atvinnumál og orkumál.

Nánar skal kveðið á um verkefnaskiptingu í lögum.

64. gr.

Kosið skal til fylkisþinga í almennum leynilegum kosningum.

Fulltrúar á fylkisþingum skulu vera frá 19 til 31 eftir fjölda sveitarfélaga eða fjölda íbúa fylkisins.

Fylkisþing skulu koma saman eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Fulltrúar fylkisþinga kjósa sjö manna fylkisstjórn. Formaður fylkisstjórnar skal kosinn sérstaklega en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Fylkisstjórn ræður fylkisstjóra og aðra embættismenn fylkisins.

65. gr.

Í hverju fylki skal vera einn aðalbanki, fylkisbanki, sem er sameign banka og sparisjóða fylkisins. Fylkisbankinn sér um öll erlend viðskipti og bindiskyldu fylkisins.

Fylkisbankarnir ákveða sameiginlega söluverð gjaldeyris.

Sameiginlegur seðlabanki landsins skal vera í Reykjavík.

Nánar skal kveðið á um fylkis- og seðlabanka í lögum.

66. gr.

Sveitarfélög ráða sjálf málefnum sínum.

Stjórnir sveitarfélaga skulu kjörnar í almennum leynilegum kosningum.

67. gr.

Rétti sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum, sem og skipting á verkefnum milli sveitarfélaga, fylkja og ríkisins, skal skipað með lögum.

68. gr.

Ef 25% íbúa sveitarfélaga óska eftir atkvæðagreiðslu um málefni sveitarfélagsins er sveitarstjórn skylt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um málið.

69. gr.

Lýðveldið viðurkennir og styður sjálfstæði héraðanna. Það skal byggja gerðir sínar á almennri valddreifingu allrar stjórnsýslu og þjónustu sem ríkið veitir. Stefnumótun og setning löggjafar skal hafa að markmiði valddreifingu og sjálfsstjórn byggðanna.

70. gr.

Hin evangelíska lútherska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

71. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers og eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

72. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarafstöðu sinnar né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar og geldur hann þá til Háskóla Íslands eða einhvers viðurkennds styrktarsjóðs, er hann sjálfur tilnefnir, gjöld þau er honum ella hefði borið að greiða til þjóðkirkjunnar enda heyri hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki er viðurkenndur er í landinu.

73. gr.

Allir skulu njóta frelsis, mannhelgi og jafnréttis að lögum.

74. gr.

Mannréttinda skulu menn njóta án manngreinarálits vegna kynferðis, trúarafstöðu, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags eða stöðu sinnar í öðru tilliti.

Löggjöf og stjórnarathöfnum skal haga í samræmi við ákvæði mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu.

75. gr.

Frelsissviptingu verður því aðeins beitt að til hennar sé sérstök lagaheimild. Sá, sem orðið hefur að þola frelsissviptingu af hálfu stjórnvalda, skal eiga rétt til þess að bera málið undir dómara og hljóta úrlausn hans án ástæðulauss dráttar.

Hver sá, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju um ástæður fyrir handtökunni. Skal án undandráttar leiða hann fyrir dómara. Sé hann ekki jafnskjótt látinn laus skal dómari áður en sólarhringur er liðinn leggja rökstuddan úrskurð á hvort hann skuli settur í gæsluvarðhald. Engum manni skal haldið í gæsluvarðhaldi lengur en nauðsyn krefur og megi láta hann lausan gegn tryggingu skal ákveða í dómsúrskurði hver trygging skuli vera. Engan má setja í gæsluvarðhald fyrir sök sem aðeins varðar fésekt eða varðhaldi.

76. gr.

Sjávarútvegssjóður tekur, við gildistöku laga þessara, við öllum eignum Fiskveiðasjóðs Íslands samkvæmt lögum nr. 44/1976, Fiskimálasjóðs samkvæmt lögum nr. 89/1947 og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa samkvæmt lögum nr. 9/1944, svo og skuldbindingum þessara sjóða.

45. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs eru:

1. Eignir Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.
2. Sá hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Önnur framlög.
4. Fjármagnstekjur.

Eignir Fiskimálasjóðs skulu renna í sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs, sbr. 42. gr. laga þessara. Í deild þessa skulu og renna 5% af tekjum sjóðsins samkvæmt 2. tl. þessarar greinar. Fé þessu og fjármagnstekjum af því skal haldið aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

46. gr.

Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs í lögum nr. 4/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa, og skal Stofnfjársjóður starfa sem sérstök deild við Sjávarútvegssjóð.

47. gr.

Stjórn Sjávarútvegssjóðs getur ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána er hafi sama hlutverk og samnefnd deild við Iðnaðarsjóð, sbr. 27. gr. Skulu þá um starfsemi deildarinnar gilda, að breyttu breytanda, ákvæði 28. og 29. gr., þ. á m. ákvæði um greiðsluábyrgð Ríkisábyrgðasjóðs um hámark heildarskuldbindinga deildarinnar og um að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra. Sjávarútvegsráðherra getur, samkvæmt tillögum stjórnar Sjávarútvegssjóðs, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð, þ. á m. sérstök ákvæði um tryggingar fyrir lánum, lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 39. og 40. gr.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

48. gr.

Stjórn hvers sjóðs er heimilt að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur sjóðsins.

49. gr.

Hverjum sjóði er heimilt, innan ramma lánsfjárlaga, að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

50. gr.

Umsóknir um lán, ábyrgðir eða styrki úr sjóðnum skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ítarleg lýsing á því hvernig verja eigi fénu.
2. Upplýsingar um tryggingar sem umsækjandi getur sett fyrir láni eða ábyrgð.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar sem máli skipta.

Stjórn hvers sjóðs getur látið gera sérstök umsóknareyðublöð sem umsækjendur skulu útfylla.

51. gr.

Sjóðirnir eru undanþegnir öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða annarra stofnana.

52. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni ef eign er veðsett einhverjum sjóðanna og skal sjóðnum gert aðvart svo tímanlega að hann geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

53. gr.

Stjórnarmenn, forstöðumaður og aðrir starfsmenn sjóðanna eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

54. gr.

Ársfundur hvers sjóðs kýs árlega tvo endurskoðendur til að endurskoða reikninga sjóðsins.

VI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

56. gr.

Með lögum þessum er felldur úr gildi I. og XII. kafli og 74. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggingastofnun landbúnaðarins, ásamt síðari breytingum, lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, ásamt síðari breytingum, 2. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, og 2. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Búnaðarsjóður kemur í stað Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 16. gr. ábúðarlaga, nr. 64/1976, c-lið 47. gr. og 57. gr. jarðalaga, nr. 65 1976, sbr. lög nr. 90/1984, um breyting á þeim lögum, og í 1. mgr. 10. gr. jarðræktarlaga, nr. 79/1972, og í stað Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í 34. gr., 35. gr. og 37. gr. laga nr. 46 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Stjórn Búnaðarsjóðs kemur í stað fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins í 2. gr. og 6. gr. laga nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

57. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Iðnlánasjóð nr. 68/1967, ásamt síðari breytingum, og lög um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, nr. 60/1970. Ríkisábyrgðasjóður tekur við gildistöku laga þessara við eignum tryggingardeildar útflutningslána, svo og skuldbindingum deildarinnar.

Iðnaðarsjóður skal koma í stað Iðnlánasjóðs í lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð, og einnig að því er varðar tilnefningar í framkvæmdastjórn Iðnþróunarsjóðs, sbr. 4. gr. laga nr. 9/1970.

58. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög um Fiskveiðasjóð Íslands, nr. 44/1974, ásamt síðari breytingum, lög um Fiskimálasjóð, nr. 89/1947, ásamt síðari breytingum, og lög um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa, nr. 9/1944.

59. gr.

3. tl. 4. gr. laga nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

3. Til Sjávarútvegssjóðs 18,8%

60. gr.

3. tl. 3. gr. laga nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, orðist svo:

3. Til Sjávarútvegssjóðs 24%

Ákvæði til bráðabirgða I.

Er lög þessi hafa verið samþykkt skal skipa fyrstu stjórn hvers sjóðs með þeim hætti er um ræðir í 3., 17. og 34. gr. Skulu stjórnir þessar sitja þar til nýjar stjórnir verða skipaðar að loknum fyrstu ársfundum sjóðanna er haldnir skulu fyrir lok maímánaðar 1987.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Þeir sem eru í starfi hjá sjóðum atvinnuveganna, er lög þessi taka til, við gildistöku laganna skulu halda öllum starfsréttindum sínum verði þeir ráðnir til starfa hjá hinum nýju atvinnuvegasjóðum.

Ákvæði til bráðabirgða III.

Búnaðarsjóður greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1989 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 19. gr., sbr. 17. og 18. gr., laga nr. 50/1984, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1985, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða IV.

Ríkissjóður skal til ársloka 1988 inna af hendi árlegt framlag til hinnar sérstöku deildar innan Iðnaðarsjóðs, sbr. 25. gr., er skal að lágmarki nema sömu fjárhæð og rennur til deildarinnar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu, sbr. 2. mgr. 28. gr. Ákvæði 31. gr. skulu tekin til endurskoðunar fyrir árslok 1988.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun september 1984 gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Í samkomulaginu sagði m.a. í kafla um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis:

„Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutverki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi."

Frumvarp þetta er að stofni til samið af nefnd sem skipuð var 24. október 1984 til þess að hafa yfirumsjón með undirbúningi tillagna og gerð nauðsynlegra lagafrumvarpa um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis. Í nefndinni áttu sæti: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, formaður, Friðrik Sophusson alþingismaður, Stefán Guðmundsson alþingismaður og Valur Valsson bankastjóri. Með nefndinni hafa starfað þeir Baldur Guðlaugsson hrl., Eiríkur Tómasson hrl. og Gunnlaugur Sigmundsson deildarstjóri og síðar forstjóri, en hann var ritari nefndarinnar.

Frumvarp um sjóði atvinnuveganna var lagt fram í efri deild á s.l. vori en varð þá ekki útrætt. Nefndin hefur síðan endurskoðað frumvarpið með hliðsjón af athugasemdum og tillögum til breytinga sem fyrir lágu í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

Samkvæmt frumvarpinu leysir Búnaðarsjóður af hólmi Stofnlánadeild landbúnaðarins og Framleiðnisjóð landbúnaðarins, auk þess sem Byggingastofnun landbúnaðarins er lögð niður. Iðnaðarsjóður yfirtekur Iðnlánasjóð og Sjávarútvegssjóður kemur í stað Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa.

Við frumvarpsgerðina var leitast við að samræma löggjöf um sjóðina þrjá eftir því sem unnt reyndist. Skal nú gerð stuttlega grein fyrir helstu atriðum sem eru sameiginleg fyrir sjóðina þrjá samkvæmt frumvarpinu:

1. Sjóðirnir verða sjálfstæðar stofnanir. Lögbundin framlög úr ríkissjóði eru afnumin, en ákvæði núgildandi laga um tekjuöflun sjóðanna í formi gjalda á viðkomandi atvinnugreinar haldast svo til óbreytt.
   Við gerð frumvarps þessa var valinn sá kostur að samræma ákvæði um réttarstöðu sjóðanna. Með orðalaginu „sjálfstæðar stofnanir" í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er lögð áhersla á sjálfstæði hvers sjóðs um sig. Ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sjálfskuldarábyrgð hvíli framvegis á ríkissjóði vegna skuldbindinga atvinnuvegasjóðanna þriggja, heldur yrði að leita eftir slíkri ábyrgð í hverju einstöku tilviki. Svo sem fram kemur í athugasemdum með 49. gr. frumvarpsins helst þó ríkisábyrgð á eldri skuldbindingum sjóðanna í samræmi við núgildandi lög. Tekið skal fram að með frumvarpinu er ekki gerð breyting á núverandi eignaraðild að sjóðunum.
2. Sjóðirnir öðlast fullt sjálfstæði til að ákveða til hvaða atvinnugreina og viðfangsefna þeir lána, hverra trygginga skuli krafist og hver vera skuli lánshlutföll, vaxtakjör og önnur lánakjör. Lög munu þannig ekki vera lengur því til fyrirstöðu að sjóðirnir láni til „heimilislausra" atvinnugreina eða atvinnufyrirtækja hvers annars, en ákvarðanir um slíkt verða í höndum viðkomandi sjóðsstjórnar og þar með í reynd í höndum viðkomandi atvinnugreinar.
3. Stjórn hvers sjóðs ákveður hvort sjóðurinn skuli lána beint eða fyrir milligöngu viðskiptabanka eða annarra lánastofnana. Í þessu felst að sjóðirnir geta valið á milli mismunandi leiða:
   a) Þeir geta lánað beint og annast afgreiðslu lánanna sjálfir.
   b) Þeir geta ákveðið að lánsumsóknir þurfi að fara í gegnum viðskiptabanka umsækjenda sem láti þá í té umsögn, auk þess sem sjóðirnir gætu ákveðið að setja það sem skilyrði fyrir lánveitingu að viðskiptabanki eða önnur lánastofnun ábyrgist lánið.

c) Þeir geta endurkeypt skuldabréf af viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum.
d) Þeir geta lánað viðskiptabönkum og öðrum lánastofnunum beint, enda hyggist viðkomandi stofnanir endurlána féð til viðfangsefna sem samrýmast hlutverki viðkomandi sjóðs.

Hver sjóður gæti hvort heldur er valið eina af ofangreindum leiðum eða blöndu af þeim, og gæti því hugsast að sjóðirnir störfuðu að þessu leyti hver með sínum hætti.

4. Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að lánakjör og lánshlutföll verði mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Með þessu móti er sjóðunum gert kleift að aðlaga lánshlutföll, vaxta- og önnur lánakjör þeim tryggingum sem settar eru og þar með þeirri áhættu sem tekin er í hverju tilfelli. Jafnframt er tekið sérstaklega fram í frumvörpunum að þegar viðskiptabankar eða aðrar lánastofnanir ábyrgjast lán megi hafa lánakjör hagstæðari lántakendum og lánshlutföll hærri en ella væri. Slíkt fyrirkomulag gæti stuðlað að því að lánveitingar sjóðanna færu fram í gegnum bankakerfið.
5. Felld eru úr lögum ákvæði um að tiltekinn viðskiptabanki skuli hafa á hendi daglegan rekstur eða stjórn hvers sjóðs. Hins vegar er stjórnum sjóðanna veitt heimild til þess að semja um það að önnur stofnun annist daglegan rekstur.
6. Starfsemi sjóðanna verður fyrst og fremst í því fólgin að sjóðirnir veiti lán eða ábyrgðir. En jafnframt er lagt til að innan hvers sjóðs starfi sérstök deild er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í viðkomandi eða öðrum atvinnugreinum og er sjóðsstjórn bæði heimilt að veita lán og styrki úr þessari deild. Heimilt er að afskrifa slík lán ef verkefni, sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er og heimilt að ráðstafa fjármunum hinna sérstöku deilda til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum.
   Hin sérstaka deild innan Sjávarútvegssjóðs tekur við eignum og tekjum Fiskimálasjóðs, hin sérstaka deild innan Búnaðarsjóðs við eignum og tekjum Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og hin sérstaka deild innan Iðnaðarsjóðs við eignum og tekjum vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Ber að halda fé og fjármagnstekjum hinna sérstöku deilda aðgreindum í bókhaldi og reikningum sjóðanna.
7. Stjórnum sjóðanna er heimilt að ákveða að þeir taki þátt í fjárfestingar- og þróunarfélögum að því marki sem slík þátttaka samrýmist hlutverki sjóðanna.
8. Teknar eru upp heimildir fyrir sjóðina til að taka lán erlendis í eigin nafni innan ramma lánsfjárlaga.
9. Felld eru brott ákvæði um það hvenær heimilt sé að telja lán eða eftirstöðvar lána úr sjóðnum fallin í gjalddaga án uppsagnar og um heimild sjóðanna til að láta selja veð við opinber uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, enda slík lagaákvæði óþörf þar sem sjóðirnir geta áskilið sér þann rétt í skuldabréfum þeim sem lántakendur gefa út til viðurkenningar skuld sinni. Sama máli gegnir um lagaákvæði varðandi heimildir sjóðanna til að gengistryggja endurlán erlends lánsfjár. Slík ákvæði í einstökum lögum eru nú óþörf vegna almennra heimilda í lögum nr. 13/1979.
10. Æðsta vald í málefnum hvers sjóðs verður í höndum fimm manna stjórnar sem skipuð verður af ráðherra til eins árs í senn. Skulu fjórir þeirra skipaðir samkvæmt tilnefningum, en einn skipar ráðherra án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.
    Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal haldinn sérstakur ársfundur viðkomandi sjóðs. Rétt til setu þar með tillögurétti og atkvæðisrétti eiga samtals 20 fulltrúar, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna stjórnarmenn. Stjórn hvers sjóðs getur auk þess boðið að sitja ársfund sjóðsins öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Hlutverk ársfundar er að ræða og afgreiða ársskýrslu og reikninga viðkomandi sjóðs, en stjórnin skal leggja hvort tveggja fyrir fundinn. Einnig kýs ársfundur endurskoðendur sjóðsins og ákveður þóknun stjórnarmanna. Loks er tekið fram í frumvarpinu að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Ákvörðunarvaldið er þó eftir sem áður hjá stjórninni.

11. Við Iðnaðarsjóð skal starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána. Stjórnir Búnaðarsjóðs og Sjávarútvegssjóðs geta ákveðið að við þá sjóði skuli einnig starfræktar slíkar deildir og skulu þá gilda um þær sömu lagaákvæði.

Um Búnaðarsjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Búnaðarsjóður við öllum eignum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingastofnunar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðnum nú lýst stuttlega.

Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Um Stofnlánadeild landbúnaðarins gilda lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 ásamt síðari breytingum. Hún er deild í Búnaðarbanka Íslands og heyrir undir landbúnaðarráðherra. Bankaráð Búnaðarbankans er jafnframt stjórn deildarinnar, en þegar bankaráðið fjallar um málefni deildarinnar taka þar sæti til viðbótar bankaráðsmönnum tveir fulltrúar. Er annar tilnefndur af Stéttarsambandi bænda en hinn af Búnaðarfélagi Íslands, báðir til fjögurra ára. Hlutverk Stofnlánadeildar er að auka framleiðslu og framleiðni í íslenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins með lánveitingum:

1. Til jarðakaupa.
2. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja er varða landbúnað, þar með talin ylrækt, loðdýrarækt, lax- og silungseldi.
3. Til vinnslustöðva landbúnaðarins.
4. Til heykögglaverksmiðja, heyþurrkunarstöðva, til viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir, til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnsluvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

Tekjur Stofnlánadeildar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs.
2. Gjald á söluvöru og þjónustu landbúnaðarins, þ.e. ½% á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskirækt, land- og veiðileigu, en 1% á annað sem gjaldskylt er.
3. Gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara er nemur 1%.
4. Jöfnunargjald, 1%, er reiknað skal á sama hátt og segir í 3.
5. Árlegt framlag ríkissjóðs er nemi jafnhárri fjárhæð og nemur samanlögðum tekjum skv. 2 og 3.
6. Vaxtatekjur.

Búnaðarbanka Íslands er heimilt að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar að taka lán vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

Á Stofnlánadeildina er lögð ákveðin framlags- og greiðsluskylda til Lífeyrissjóðs bænda.

Starfsmenn Stofnlánadeildar eru 10.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu deildarinnar 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	412,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984	1 694,8 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	269,1 milljón króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	1 319,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	248,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	23,0 milljónir króna

Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Um hann gilda lög nr. 89 frá 17. desember 1966, með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir landbúnaðarráðherra sem skipar honum fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, stjórn Búnaðarbanka Íslands og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilnefna hver einn mann í stjórn sjóðsins, en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði og sér um bókhald hans og rekstur eftir nánara samkomulagi við stjórn sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má m.a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana.

Í lögum um sjóðinn eru ákvæði um stofnfé hans og greiðslu framlaga til hans úr ríkissjóði á árunum 1972–1976 en engin ákvæði um tekjur.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Skuldabréfaeign 31.12.1984	3,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	33,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	0,3 milljónir króna

Um Iðnaðarsjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Iðnaðarsjóður við öllum eignum Iðnlánasjóðs, svo og skuldbindingum sjóðsins.

Um Iðnlánasjóð gilda lög nr. 68 frá 1967, með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun er lýtur yfirumsjón ráðherra þess sem fer með iðnaðarmál. Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar, en stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags íslenskra iðnrekenda tilnefna hvor sinn manninn. Daglegan rekstur Iðnlánasjóðs hefur Iðnaðarbanki Íslands á hendi samkvæmt sérstökum samningi. Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum. Sjóðurinn veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.
4. Til hagræðingar í iðnrekstri.
5. Til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum.
6. Til tölvukaupa.
7. Þegar sérstakar ástæður mæla með má lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. Gjald 0,25% er innheimtist af iðnaðinum í landinu.
2. Framlag ríkissjóðs, 0,5 m.kr. ár hvert.
3. Vextir.

Sjóðnum er heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að taka lán í innlendri eða erlendri mynt. Í lögunum segir að stofna skuli í Iðnlánasjóði lánadeild iðngarða er veiti stofnlán til sveitarfélaga, félagssamtaka og einstaklinga sem reisa iðnaðarmannvirki í því skyni að efla íslenskan iðnað eða skapa með öðrum hætti starfsaðstöðu til handa iðnfyrirtækjum. Tekjur lánadeildarinnar eru:

1. Framlög er veitt kunna að vera úr ríkissjóði eða á annan hátt.
2. Árin 1980–83 skyldu renna allt að 2,5 milljónir króna á ári af umráðafé Iðnlánasjóðs til deildarinnar.
3. Andvirði sérstakra lána sem stjórn Iðnlánasjóðs, að fengnu samþykki iðnaðarráðherra, aflar til deildarinnar.
4. Vextir og vísitöluálög.

Með lögum nr. 55/1984 var Iðnrekstrarsjóður lagður niður en jafnframt stofnuð við Iðnlánasjóð vöruþróunar- og markaðsdeild. Hlutverk hennar er að stuðla að vöruþróun og aukinni samkeppnishæfni iðnaðarins, að örva nýsköpun og auka útflutning iðnaðarvara með:

1. Lánum til vöruþróunar, hönnunar og annarrar nýsköpunar.
2. Lánum til útflutnings- og markaðsstarfsemi.
3. Framlagi til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
4. Framlögum til nýrra útflutningsverkefna og þróunarverkefna.
5. Kaupum og sölu hlutabréfa í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja.

Ráðstöfunarfé deildarinnar er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við gildistöku laga nr. 55/1984.
2. 4/7 hlutar af því gjaldi sem innheimt er af iðnaðinum í landinu.
3. Framlag ríkissjóðs er skal að lágmarki vera jafnhátt gjald skv. 2.
4. 2/7 af gjaldi því sem innheimt er af iðnaðinum í landinu og skal þeim hlut ráðstafað beint til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.
5. Afborganir, verðbætur og vextir af lánum deildarinnar.
6. Aðrar tekjur.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Starfsmenn sjóðsins eru 2,5 menn fastir.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu Iðnlánasjóðs 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	423,9 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreiknings 31.12.1984 ..	1 759,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	409,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.84	1 615,0 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	305,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	9,7 milljónir króna

Um tryggingardeild útflutningslána.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök deild innan Iðnaðarsjóðs er nefnist tryggingardeild útflutningslána. Hlutverk þessarar nýju deildar yrði einkum tvíþætt: Annars vegar að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum á vöru eða þjónustu til þess að þessir aðilar gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfur útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Samkvæmt lögum nr. 60/1970 er tryggingardeild útflutningslána nú starfrækt við Ríkisábyrgðasjóð. Deild þessi var sett á stofn árið 1970 í sambandi við inngöngu Íslands í EFTA og var henni, ásamt Útflutningslánasjóði, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera

iðnaðinum til stuðnings í væntanlegum útflutningi og samkeppni við innflutning. Skemmst er frá að segja að tryggingardeild útflutningslána hefur ekki reynst sem skyldi í núverandi mynd. Eru eflaust ýmsar ástæður þess valdandi þótt þörfin fyrir útflutningslánatryggingar sé ekki síður brýn nú en fyrir fimmtán árum. Þörfin er eflaust hvað brýnust á sviði iðnaðar þótt mikilvægt sé fyrir aðrar útflutningsgreinar að hafa aðgang að slíkum tryggingum. Af þessum sökum er lagt til að sérstök tryggingardeild útflutningslána skuli starfrækt við Iðnaðarsjóð, þó þannig að þjónusta deildarinnar standi öðrum atvinnugreinum til boða. Jafnframt er tekið fram í þeim köflum frumvarpsins er fjalla um Búnaðarsjóð og Sjávarútvegssjóð að stjórnir þeirra sjóða geti ákveðið að við þá skuli einnig starfræktar tryggingardeildir útflutningslána. Nánar verður gerð grein fyrir tillögum um skipulag og starfsemi tryggingardeildarinnar í athugasemdum með einstökum greinum þessa frumvarps.

Um Sjávarútvegssjóð.

Samkvæmt frumvarpi þessu tekur Sjávarútvegssjóður við öllum eignum Fiskveiðasjóðs Íslands, Fiskimálasjóðs og Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa, svo og skuldbindingum þessara sjóða. Skal sjóðum þessum nú lýst stuttlega.

Fiskveiðasjóður Íslands.

Um sjóðinn gilda lög nr. 44/1976 með síðari breytingum. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun í eign ríkisins. Útvegsbankanum er ætlað að veita sjóðnum nauðsynlega fyrirgreiðslu og starfsaðstöðu. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsráðherra en lýtur sérstakri stjórn sjö manna sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn. Einn stjórnarmanna er skipaður án tilnefningar en sex eru skipaðir samkvæmt tilnefningu. Seðlabanki, Landsbanki, Útvegsbanki og LÍÚ tilnefna hver einn mann. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda tilnefna einn mann sameiginlega og Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefna sameiginlega einn mann í stjórn sjóðsins. Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán með veði í fiskiskipum, nýsmíðuðum og eldri, vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegsins, þ. á m. skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

Auk stofnfjár er fjáröflun til Fiskveiðasjóðs sem hér segir:

1. Vextir af lánum og öðrum kröfum.
2. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt.
3. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. 2 greiðir ríkissjóður honum árlega fjárhæð er nemur ¾ af tekjum skv. 2.
4. Til viðbótar tekjum sjóðsins skv. 2 og 3 greiðir ríkissjóður honum árlega 0,35 m. kr.
5. Lántökur innanlands og erlendis.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum.

Starfsmenn sjóðsins eru 20.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984 ...	605,3 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984	8 386,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	1 604,5 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	7 893,9 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	1 239,0 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	21,0 milljón króna

Fiskimálasjóður.

Um Fiskimálasjóð gilda lög nr. 89 frá 5. júní 1947 með síðari breytingum. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsráðherra. Sameinað þing kýs honum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Fé Fiskimálasjóðs skal verja til sjávarútvegs á eftirfarandi hátt:

1. Sjóðurinn veitir styrki til:
   a. Hafrannsókna.
   b. Rannsókna á fiskigöngum og fiskistofnum.
   c. Tilrauna til veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
   d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
   e. Markaðsleitar fyrir sjávarafurðir.
   f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.

   Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.
2. Sjóðurinn má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja er horfa til eflingar fiskveiða og hagnýtingar sjávarafla. Þessi lán skulu einkum veitt til staða þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja en lítið fjármagn fyrir hendi.

Tekjur Fiskimálasjóðs eru auk eigna Fiskimálasjóðs sem starfaði samkvæmt lögum nr. 75 31. desember 1937:

1. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.
2. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.

Stjórn Fiskimálasjóðs er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

Starfsmenn sjóðsins eru tveir.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	9,2 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984	24,9 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	14,9 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12.1984	5,1 milljón króna
Lán og styrkir 1984	6,6 milljónir króna
Rekstrarkostnaður 1984	1,5 milljónir króna

Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa.

Á fjárlögum fyrir árið 1944, 22. gr. XX. lið, var ríkisstjórninni heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins 5 milljónum króna til byggingar fiskiskipa samkvæmt reglum sem Alþingi samþykkir. Milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum hafði mál þetta til athugunar. Hún gat ekki komið sér saman um hvernig fénu skyldi varið, en að lokum flutti meiri hluti nefndarinnar frumvarp til laga um að stofnaður yrði sérstakur styrktar- og lánasjóður fiskiskipa og varð frumvarpið að lögum nr. 9/1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Lög nr. 9/1944 eru enn í gildi og gengur sjóðurinn undir nafninu „Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa“ og er í vörslu sjávarútvegsráðherra. Sjóðnum var í upphafi ætlað mikið hlutverk og skyldi verja fé úr sjóðnum til umsækjenda er smíða vildu fiskiskip og var annaðhvort um að ræða beina styrki eða vaxtalaus lán, sbr. 1. gr. laganna. Við ákvörðun um styrk- eða lánveitingu átti skv. 4. gr. að taka tillit til efnahags umsækjanda og skv. 2. gr. laganna gat enginn fengið úthlutun úr sjóðnum nema skipin væru smíðuð samkvæmt teikningu er atvinnumálaráðuneytið hafði samþykkt. Sama gilti um vél skipsins. Smíði skipanna skyldi fara fram undir eftirliti skipaskoðunarmanna er atvinnumálaráðuneytið tilnefndi hverju sinni.

Samkvæmt lögunum skyldi atvinnumálaráðherra skipa fimm manna nefnd er veitti lán eða styrki úr sjóðnum, að fengnum tillögum stjórnar Fiskifélags Íslands. Skyldu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn af hverjum flokki, en formaður skipaður án tilnefningar (3. gr.).

Sjóður þessi hefur ekki staðið undir sér, enda fyrirkomulag hans gallað því gengið hefur á höfuðstól hans með tímanum þó í upphafi hafi honum verið fengið umtalsvert fé. Atvinnumálaráðherra, síðar sjávarútvegsráðherra, hefur haft umráð sjóðsins og veitt úr honum frekar lág lán með lágum vöxtum til að hjálpa mönnum í sjávarútvegi til að komast yfir óvænta og tímabundna erfiðleika í rekstri.

Fiskveiðasjóður Íslands sér um útgáfu skuldabréfa fyrir lánum, tekur við greiðslu afborgana og annast reikningshald fyrir sjóðinn, sbr. 9. gr.

Eftirfarandi upplýsingar gefa nokkra hugmynd um stærð og veltu sjóðsins 1984:

Niðurstöðutölur rekstrarreiknings 1984	0,7 milljónir króna
Niðurstöðutölur efnahagsreikn. 31.12.1984 ...	5,6 milljónir króna
Eigið fé 31.12.1984	5,6 milljónir króna
Skuldabréfaeign 31.12. 1984	4,5 milljónir króna
Lán og styrkir 1984	3,2 milljónir króna

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir að sömu lög taki til þriggja stærstu atvinnuvegasjóða landsins. Með því móti er lögð áhersla á að skipulag og starfsemi sjóðanna sé samræmd þótt einstök atriði séu frábrugðin frá einum sjóði til annars, sbr. nánar II.–IV. kafla frumvarpsins.

Í 2. mgr. segir að sjóðirnir séu sjálfstæðar stofnanir. Æðsta vald í málefnum sjóðanna verður hjá stjórnum þeirra þótt þær séu að sjálfsögðu bundnar af þeim ramma sem skipulagi og starfsemi sjóðanna er sett með lögum þessum.

Um 2. gr.

Hér er hlutverk Búnaðarsjóðs skilgreint. Þessi kafli geymir síðan nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli gegna hlutverki sínu.

Hlutverk Búnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Með niðurlagsorðunum eru tekin af öll tvímæli um það að þótt sjóðurinn hafi skyldum að gegna við landbúnaðinn er honum heimilt að leggja öðrum atvinnugreinum lið.

Um 3. gr.

Lagt er til að yfir Búnaðarsjóði verði fimm manna stjórn sem skipuð verði til eins árs í senn. Stjórnir þeirra sjóða, sem hinir nýju atvinnuvegasjóðir leysa af hólmi, eru misjafnlega fjölmennar og skipaðar eða kjörnar til misjafnlega langs tíma. Lagt er til að samræmdri skipan verði komið á að þessu leyti hjá öllum sjóðunum þremur.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að árlega verði haldinn sérstakur ársfundur Búnaðarsjóðs þar sem stjórn sjóðsins leggi ársskýrslu sjóðsins og reikninga fram til umræðu og afgreiðslu. Auk þess er ársfundi fengið það hlutverk að kjósa endurskoðendur sjóðsins og ákveða þóknun stjórnarmanna. Ársfundur gegnir því ákveðnu lögbundnu eftirlitshlutverki.

Innan Búnaðarsjóðs skal starfa sérstök nýsköpunar- og umbótadeild, sbr. 11. gr. Lagt er til að ársfundur geti ákveðið að hluti ráðstöfunarfjár sjóðsins skuli renna í þessa deild.

Loks segir að ársfundur geti gert tillögur til stjórnar sjóðsins um stefnumarkandi atriði er varða skipulag og starfsemi sjóðsins. Stjórnin er þó ekki bundin af slíkum samþykktum ársfundar þar sem hún fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins.

Lagt er til að atkvæðisbærir ársfundarfulltrúar verði samtals 20 talsins, tilnefndir af sömu aðilum og tilnefna menn í stjórn sjóðsins. Jafnframt er tekið fram að stjórn sjóðsins geti boðið að sitja ársfund öðrum þeim sem hún telur ástæðu til að sitji fundinn.

Um 5. gr.

Hér eru tilgreind helstu verkefni stjórnar Búnaðarsjóðs. Þótt ákvarðanataka um veitingu lána og ábyrgða og úthlutun styrkja úr sjóðnum sé falin stjórn sjóðsins getur stjórnin engu að síður veitt forstöðumanni sjóðsins heimild til að annast slíkt innan þeirra marka sem stjórnin sjálf ákveður.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Búnaðarsjóður sinnir hlutverki sínu m.a. með lánveitingum. Ekki þykir ástæða til að reyna að telja upp í lögunum eða afmarka þau viðfangsefni sem sjóðurinn eigi eða megi lána til. Sjóðsstjórn metur sjálf hvaða lánveitingar séu til þess fallnar að efla framleiðslu og framleiðni og styðja umbætur. Stjórn sjóðsins ákveður með sama hætti hvort móttaka lánsumsókna og mat og afgreiðsla á þeim fari alfarið fram hjá sjóðnum sjálfum eða hvort áskilja skuli milligöngu og jafnvel ábyrgð viðskiptabanka eða annarra lánastofnana.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein verður það á valdi sjóðsstjórnar að ákveða og meta hvaða tryggingar teljist fullnægjandi fyrir lánum úr sjóðnum. Þykir ekki rétt að binda í lögum hvers konar tryggingar skuli vera skilyrði lána. Stjórnin getur hins vegar sjálf sett hér vinnu- og viðmiðunarreglur um þessi efni ef hún telur ástæðu til. Samkvæmt tillögum stjórnarinnar getur ráðherra enn fremur sett sérstök ákvæði hér að lútandi í reglugerð, sbr. 15. gr.

Um 9. gr.

Samkvæmt þessari grein er sjóðsstjórn veitt heimild til að láta lánshlutföll og lánakjör, svo sem lánstíma og vexti, vera mismunandi eftir því hvaða tryggingar eru settar fyrir lánum. Mat stjórnarinnar á þeirri áhættu fyrir sjóðinn, sem lánveitingu sé samfara, kann m.ö.o. að hafa áhrif á lánsfjárhæðir, lánstíma og útlánsvexti, bæði til hækkunar og lækkunar. Ráðherra getur þó, samkvæmt tillögum sjóðsstjórnar, sett sérstök ákvæði um lánstíma og önnur lánakjör sjóðsins, sbr. 15. gr.

Um 10. gr.

Hér segir að Búnaðarsjóði sé heimilt að veita ábyrgðir á lánum í samræmi við hlutverk sitt. Þá er átt við að sjóðurinn ábyrgist gagnvart tilteknum aðila lán sem sá aðili veitir þriðja aðila. Sjóðsstjórn metur hverra baktrygginga hún krefst hjá þeim sem hún gengst í ábyrgðir fyrir.

Um 11. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við sjóðinn er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í landbúnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Framleiðnisjóðs landbúnaðarins og tekjur renni í þessa deild, sbr. 3. mgr. 14. gr. Ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins getur veitt lán og styrki úr deild þessari til tilgreindra verkefna. Þá segir að heimilt sé að afskrifa lán sem veitt eru samkvæmt þessari grein ef verkefni, sem lánað hefur verið út á, ber ekki tilætlaðan árangur. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa fjármunum deildarinnar til þátttöku í stofnun nýrra fyrirtækja eða til kaupa á eignarhlutum í starfandi fyrirtækjum. Notkun þessarar heimildar verður að vera í samræmi við hlutverk deildarinnar sem er að styðja nýsköpun og umbætur. Þegar eignarhlutar í fyrirtækjum, sem sjóðurinn hefur eignast á grundvelli þessarar lagagreinar, eru seldir rennur söluandvirðið til deildarinnar.

Um 12. gr.

Með fjárfestingar- og þróunarfélögum er hér átt við félög sem sjálf fjárfesta síðan eða taka þátt í öðrum fyrirtækjum sem mynduð eru um einstök viðfangsefni eða tiltekinn atvinnurekstur.

Um 13. gr.

Búnaðarsjóður tekur m.a. við skuldbindingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Byggingastofnunar landbúnaðarins og Framleiðnisjóðs landbúnaðarins gagnvart starfsfólki. Í því felst ekki að starfsfólk þessara sjóða og stofnana verði samkvæmt lögum þessum sjálfkrafa starfsfólk Búnaðarsjóðs. Stjórn sjóðsins fær það hlutverk að ráða honum forstöðumann og hann ræður sjóðnum síðan annað starfsfólk í samráði við sjóðsstjórn.

Um 14. gr.

Tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins flytjast til Búnaðarsjóðs, þó með þeirri veigamiklu undantekningu að lögbundin ríkisframlög falla brott. Einnig er lagt til að afnumið verði ½% gjald á söluvöru í fiskeldi og fiskirækt sem runnið hefur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, enda er ekki sérstaklega mælt fyrir um skyldur Búnaðarsjóðs við fiskeldi og fiskirækt.

Í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins segir að Framleiðsluráð landbúnaðarins annist innheimtu á gjöldum þeim sem lögð eru á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins og heildsöluverð landbúnaðarvara. Ekki þykir rétt að binda slíkt í lög. En tekið er fram í þessari grein frumvarpsins að Búnaðarsjóður geti samið við annan aðila um að hann annist innheimtu á gjöldum samkvæmt þessari grein. Þá segir að innheimta og álagning gjaldanna skuli fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Sami háttur hefur verið hafður á varðandi álagningu og innheimtu gjalda til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Um 15. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag sjóðsins þar sem aðstæður og þarfir geta verið breytingum undirorpnar. Samkvæmt þessari grein getur landbúnaðarráðherra samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins, sem fer, eins og fyrr getur, með æðsta vald í málefnum hans, sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara í reglugerð. Þó er sérstaklega tekið fram að stjórn sjóðsins geti ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána, sbr. 27.–29. gr.

Tekið er fram að landbúnaðarráðherra skuli setja sérstaka reglugerð um úthlutun fjármagns þess sem rennur í hina sérstöku deild innan Búnaðarsjóðs á gundvelli 34. gr. og 37. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Um 16. gr.

Hér er hlutverk Iðnaðarsjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um það hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Iðnaðarsjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 17.–24. gr.

Ákvæði þessi eru nánast samhljóða 3.–10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 25. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Iðnaðarsjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í iðnaði eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 31. gr., sem og 4/7 hlutar þess gjalds sem innheimt verður hjá iðnaðinum í landinu. Skv. 2. tl. 1. mgr. 16. gr. ber að halda fé þessu og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Svo sem áður segir er gert ráð fyrir að auk hinnar sérstöku deildar, samkvæmt 25. gr. frumvarpsins, starfi svonefnd tryggingardeild útflutningslána innan Iðnaðarsjóðs. Lagt er til að hlutverk tryggingardeildar verði fjórþætt. Er um að ræða sams konar hlutverk og mælt er fyrir í 2. gr. laga nr. 60/1970 um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, þó þannig að útflutningur á þjónustu er gerður jafnrétthár og útflutningur á vöru, sbr. 4. tölulið sem er algjört nýmæli. Það skal ítrekað að tryggingardeild er ekki einungis ætlað að sinna iðnaði, heldur og öðrum útflutningsgreinum.

Um 28. gr.

Í þessari grein er mælt svo fyrir að iðgjöld tryggingardeildar skuli ákvörðuð með það fyrir augum að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Með þessu er lögð áhersla á að deildin verið rekin á viðskiptagrundvelli. Yrði væntanlega tekið mið af reynslu annarra Norðurlandaþjóða við ákvörðun iðgjalda, a.m.k. í upphafi. Óhjákvæmilegt þykir að Ríkisábyrgðasjóður beri ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar hrökkvi eigið fé hennar ekki til, en í því tilviki skal stefnt að því að iðgjöld verið hækkuð svo að Ríkisábyrgðasjóður fái það endurgreitt sem hann hefur innt af hendi. Vegna ábyrgðar Ríkisábyrgðasjóðs á greiðslu tjónabóta er kveðið svo á að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra, sbr. 27. og 29. gr., en Ríkisábyrgðasjóður lýtur stjórn hans. Einnig segir í 29. gr. að sérstaklega tilnefndur fulltrúi fjármálaráðherra skuli sitja þá stjórnarfundi Iðnaðarsjóðs sem haldnir eru um málefni deildarinnar.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja stjórnendum tryggingardeildarinnar nokkurt aðhald í lögum. Annars staðar á Norðurlöndum hafa hliðstæðar stofnanir sett því ákveðin skilyrði hvernig þau lán skuli vera sem tryggð eru, t.d. með skilyrðum um hámarkshlutfall lána af kaupverði, lánstíma o.s.frv. Er gert ráð fyrir að skilmálar tryggingardeildar taki mið af þessum skilyrðum, svo og sérstökum aðstæðum hér á landi. Þá þykir rétt að setja skuldbindingum

tryggingardeildar ákveðin takmörk. Gerð er tillaga um hámark er jafngildi eitt hundrað milljónum sérstakra dráttarréttinda (SDR) og er þá höfð hliðsjón af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Á meðan reynsla er ekki fengin af starfsemi hinnar nýju deildar þykir eðlilegt að hafa hámark þetta nokkru lægra hér á landi í hlutfalli við heildarvöruútflutning en gengur og gerist í nágrannalöndunum. Á árinu 1984 nam vöruútflutningur okkar Íslendinga jafnvirði 727,5 milljóna SDR og er hlutfallið því 13,7% s.l. ár.

Um 30. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 31. gr.

Tekjur Iðnaðarsjóðs verða þær sömu og tekjur Iðnlánasjóðs, með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skulu 4/7 hlutar af því gjaldi, sem innheimt er af iðnaðinum í landinu skv. þessari grein, renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbótadeildar innan sjóðsins, en sama hlutfall rann áður til vöruþróunar- og markaðsdeildar Iðnlánasjóðs. Skulu 3/7 hlutar áfram renna óskiptir til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Hins vegar er fellt niður það ákvæði Iðnlánasjóðslaga að verja skuli 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Ekkert stendur þó í veginum fyrir að Iðnaðarsjóður eða hin sérstaka deild innan hans verji áfram fé til slíkra verkefna.

Um 32. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins að öðru leyti en því að iðnaðarráðherra kemur eðli málsins samkvæmt í stað landbúnaðarráðherra.

Um 33. gr.

Hér er hlutverk Sjávarútvegssjóðs skilgreint. Kaflinn geymir síðan, með hliðstæðum hætti og kaflarnir um hina atvinnuvegasjóðina, nánari ákvæði um hvernig sjóðurinn skuli vinna að hlutverki sínu.

Hlutverk Sjávarútvegssjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Að öðru leyti vísast til athugasemda með 2. gr. frumvarpsins.

Um 34.–41. gr.

Ákvæði þessi eru því sem næst samhljóða 3.–10. gr. frumvarpsins og vísast til athugasemda með þeim greinum.

Um 42. gr.

Samkvæmt þessari grein skal starfa sérstök deild við Sjávarútvegssjóð er hafi það hlutverk að styðja nýsköpun og umbætur í sjávarútvegi eða öðrum atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að eignir Fiskimálasjóðs renni í þessa deild, sbr. 2. mgr. 45. gr., sem og 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem rennur til sjóðsins lögum samkvæmt. Ber að halda þessu fé og fjármagnstekjum af því aðgreindu í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Sjá enn fremur athugasemdir með 11. gr. frumvarpsins.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Sjá athugasemdir með 13. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Tekjur Sjávarútvegssjóðs verða þær sömu og tekjur Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs með þeirri veigamiklu undantekningu þó að lögbundin ríkisframlög falla brott. Sem fyrr greinir skulu 5% af þeim hluta útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem til Sjávarútvegssjóðs rennur lögum samkvæmt renna til sérstakrar nýsköpunar- og umbótadeildar innan sjóðsins. Er það svipað hlutfall og rennur nú til Fiskimálasjóðs.

Um 46. gr.

Samkvæmt lögum nr. 4/1976 um Stofnfjársjóð fiskiskipa skal starfa sérstök deild við Fiskveiðasjóð Íslands er nefnist Stofnfjársjóður fiskiskipa. Lagt er til að Stofnfjársjóður fiskiskipa verði eftir gildistöku laga þessara deild við Sjávarútvegssjóð.

Um 47. gr.

Ekki þykir rétt að lögfesta ákveðna deildaskiptingu eða starfsskipulag Sjávarútvegssjóðs umfram það sem gert er ráð fyrir í 46. gr. Þó er sérstaklega tekið fram að stjórn sjóðsins geti ákveðið að við sjóðinn skuli starfrækt sérstök tryggingardeild útflutningslána, sbr. og 27.–29. gr.

Um 48. gr.

Ekki þykir eðlilegt að ákveða með lögum að tilteknar bankastofnanir eða aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Hins vegar er tekið fram að sjóðsstjórnunum sé heimilt að semja um það að aðrar stofnanir annist daglegan rekstur sjóðanna. Stjórnirnar meta það því sjálfar hvort og hvar eftir slíku er leitað.

Um 49. gr.

Hér er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis, í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að hver sjóður geti tekið slík lán beint og milliliðalaust telji stjórn hans slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t.d. Framkvæmdasjóðs eða Seðlabanka.

Ekki verður til að dreifa lögbundinni ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðanna og verður því að afla ríkisábyrgðar sérstaklega á einstökum lántökum eða skuldbindingum til þess að slík ábyrgð verði fyrir hendi. Ríkisábyrgð, sem fyrir hendi var á skuldbindingum sem sjóðirnir yfirtaka við gildistöku laga þessara, helst þó.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 26. gr. laga nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, og 19. gr, laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands. Þau ákvæði Framleiðni- og Fiskveiðasjóðslaga að tiltekin skjöl séu undanþegin stimpilgjöldum og/eða þinglýsingargjöldum eru ekki tekin upp í greinina.

Um 52. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 15. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnðarins, og 3. mgr. 5. gr. laga nr. 89/1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, 25. gr. laga nr. 68/1967, um Iðnlánasjóð, og 2. málsl. 22. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Um 53. gr.

Ákvæði þetta um þagnarskyldu er í samræmi við slík ákvæði í lögum um banka og aðrar lánastofnanir og þarfnast ekki skýringa.

Um 54. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 56. gr.

Lagaákvæði um Byggingastofnun landbúnaðarins eru hér úr gildi numin, en Byggingastofnun starfar nú undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins sem greiðir kostnað af rekstri hennar. Verkefni Byggingastofnunar landbúnaðarins eru að samþykkja uppdrætti af þeim mannvirkjum sem lán eru veitt til úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eða öðrum opinberum sjóðum sem stofnaðir kunna að verða að tilhlutan ríkisins og veita lán til mannvirkja í sveitum; að gefa út upplýsingarit með almennum leiðbeiningum um byggingar og fyrirkomulag þeirra; að sjá bændum fyrir hentugum teikningum af mannvirkjum og húsum til sveita; að fylgjast með innlendum og erlendum nýjungum í húsagerð, rannsaka þær og gera tilraunir með það er til framfara mætti verða í gerð og notkun húsa; og að gera áætlanir og skipulagsuppdrætti fyrir byggingar í sveitum og gefa ráleggingar um fjárfestingu. Samkvæmt fumvarpi þessu yfirtekur Búnaðarsjóður eignir og skuldir Byggingastofnunar landbúnaðarins. Þar með verður það lagt í vald sjóðsins að ákveða hvort og þá að hvaða leyti starfsemi Byggingastofnunar samræmist hlutverki sjóðsins og skuli því haldið áfram á vegum hans.

Lögbundin skylda Stofnlánadeildar landbúnaðarins til að greiða hugsanlegan mismun á tekjum og útgjöldum Lífeyrissjóðs bænda færist ekki yfir á Búnaðarsjóð né heldur lögákveðinn réttur Stofnlánadeildar til lána úr lífeyrissjóðnum.

Um 57.–58. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Samkvæmt 3. tl. 4. gr. laga nr. 52/1983 renna 18% útflutningsgjalds af sjávarafurðum, öðrum en grásleppuafurðum, til Fiskveiðasjóðs og 0,8% til Fiskimálasjóðs. Lagt er til að hér eftir renni 18,8% útflutningsgjaldsins til Sjávarútvegssjóðs.

Um 61. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum, sem nú renna til Fiskveiðasjóðs Íslands, renna framvegis til Sjávarútvegssjóðs.

Sþ. 623. Tillaga til þingsályktunar [340. mál]

um nýtingu mjólkur í matvælaiðnaði.

Flm.: Jóhanna Leópoldsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna hvernig nýta megi mjólk og mjólkurvörur í auknum mæli í innlendum matvælaiðnaði í stað innfluttra mjólkurafurða.

Greinargerð.

Nýlega hefur komið fram í fréttum að mikið er flutt til landsins af mjólk í formi mjólkurafurða, svo sem brauðbætiefna. Samkvæmt upplýsingum frá bökurum er þessi innflutningur, sem nemur jafngildi milljóna lítra af mjólk, eingöngu til brauðgerðar. Einnig er flutt inn mjólk í ýmsu öðru formi, t.d. í búðingum og barnaþurrmjólk.

Samkvæmt upplýsingum mjólkurfræðinga og matvælafræðinga er sú þekking, sem þarf til framleiðslu þessara efna, til í landinu. Ljóst er að fyrsta skref til aðgerða á þessu sviði er *könnun* á notkun og innflutningi mjólkur og mjólkurafurða til matvælaiðnaðar. Einnig þarf að athuga hvernig best verður staðið að því að koma á fót sem fjölbreyttastri framleiðslu slíkra vara hér innanlands og hvernig stuðla megi að því að íslenskur matvælaiðnaður noti innlend efni eftir því sem frekast er kostur.

Aukin notkun innlendrar mjólkur í matvælaiðnaði er aðeins eitt af mörgu sem gera má til að nýta betur landbúnaðarframleiðslu þjóðarinnar. Virðast því stjórnvöld byrja á öfugum enda við að leysa vanda landbúnaðar á Íslandi með því að grípa til skerðingar á framleiðslunni áður en fullreynt er hvort nýta megi landbúnaðarvörur betur á innanlandsmarkaði.

Sþ. 624. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Guðmundur J. Guðmundsson og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi, 13. mars 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. — Stefán Benediktsson, fundaskr. — Eiður Guðnason.

Pétur Sigurðsson. — Eggert Haukdal.

Ed. 625. Frumvarp til laga [341. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Jón Kristjánsson, Egill Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Magnúsi Þorleifssyni, nnr. 6293-5626, eyðijörðina Streiti í Breiðdalshreppi.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984.

Þá skal við söluna undanskilið nauðsynlegt land vegna vegagerðar í landi jarðarinnar, svo og land undir vita í Streitishorni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ, að fengnum meðmælum hreppsnefndar Breiðdalshrepps. Jörðin Streiti er nú í eyði og hyggst Magnús nýta hana fyrir æðarrækt, angórakanínur, garðrækt o.fl. en enginn fullnægjandi húsakostur fyrir hefðbundinn búrekstur er þar nú fyrir hendi.

3.–5. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, hafa að geyma ákvæði sem almennt gilda um sölu ríkisjarða. Við sölu jarðarinnar verður að undanskilja nauðsynlegt land undir vita sem reistur hefur verið af Vitastofnun Íslands á svokölluðu Streitishorni, svo og nauðsynlegt land undir nýjan veg sem Vegagerð ríkisins ráðgerir að leggja skv. „langtíma-áætlun“ eftir endilöngu landi jarðarinnar.

Umsagnir hreppsnefndar Breiðdalshrepps og jarðanefndar Suður-Múlasýslu um sölu jarðarinnar eru fylgiskjöl með frumvarpinu ásamt bréfi Magnúsar varðandi málið til landbúnaðarráðuneytisins. Einnig fylgir endurrit úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu varðandi landamerki jarðarinnar.

Fylgiskjal I.

Hr. Jón Helgason ráðherra
landbúnaðarráðuneyti, jarðadeild
Arnarhvoli.

Garðabæ, 9. okt. 1984.

Ég undirritaður leyfi mér hér með að óska þess að ríkissjóður selji mér jörðina Streiti í því ástandi sem jörðin er enda náist samkomulag um verð og greiðsluskilmála.

Móðir mín er fædd á Streiti og dvaldist þar til fullorðinsára. Þessi jörð hefur verið byggð ábúendum í gegnum tíðina og á ýmsu gengið en nú situr þar enginn og nauðsynlegur húsakostur með búrekstraraðstöðu ekki fyrir hendi.

Jörðina hyggst ég nytja m.a. fyrir æðarfugl, angórakanínur, garðrækt o.fl. meðan á uppbyggingu stendur sem verður bæði kostnaðarsöm og tímafrek, en þess virði ef samningar takast.

Virðingarfyllst,

Magnús Þorleifsson,
Mávanesi 21,
210 Garðabæ.

Fylgiskjal II.

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps.
Breiðdalsvík, 20. nóv. 1984.

Landbúnaðarráðuneytið,
hr. Skafti Benediktsson
Arnarhvoli
Reykjavík.

Útskrift úr fundargerðarbók hreppsnefndar Breiðdalshrepps:

„Fundur í hreppsnefnd Breiðdalshrepps, haldinn 16. nóv. 1984 á skrifstofu hreppsins.

1. mál. Bréf frá landbúnaðarráðuneyti, dags. 7. nóv. 1984, þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar um umsókn Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ, að fá keypta jörðina Streiti í Breiðdal.

Hreppsnefndin samþykkir samhljóða þetta erindi.

Guðjón Sveinsson (sign.), Stefán N. Stefánsson (sign.), Bragi Björgvinsson (sign.), Baldur Pálsson (sign.), Lárus Sigurðsson (sign.).“

Útskrift staðfestir,

Björn Björgvinsson,
sveitarstjóri.

Fylgiskjal III.

Jarðanefnd Suður-Múlasýslu.
Lindarbrekku, 10. desember 1984.

Úr fundargerð jarðanefndar, 8. des. 1984:

„Viðvíkjandi jörðinni Streiti í Breiðdalshreppi.

Bréf landbúnaðarráðuneytisins, dags. 7. nóv. 1984. Þar er beðið um umsögn jarðanefndar um væntanlega sölu á jörðinni Streiti í Breiðdalshreppi til Magnúsar Þorleifssonar, Mávanesi 21, Garðabæ.

Einnig ljósrit af bréfi frá umsækjanda.

Magnús Þorleifsson sótti um að fá byggða jörðina Streiti vorið 1983 og fékk samþykki viðkomandi aðila en dró umsókn sína til baka eftir að hafa skoðað jörðina. Síðan var jörðin leigð til nytja Einari Árnasyni, Felli, Breiðdalshreppi.

Umsókn hreppsnefndar Breiðdalshrepps liggur fyrir; þar er lýst hlutleysi í málinu.

Jarðanefnd samþykkir að athuguðu máli að Magnús Þorleifsson fái keypta jörðina Streiti, en með skilyrðum:

Kaupandi, Magnús Þorleifsson, skuldbindi sig til að lána eða leigja Einari Árnasyni í Felli eða öðrum, eftir tillögum hreppsnefndar Breiðdalshrepps, þær landsnytjar sem hann þarf ekki að nota til eigin búrekstrar og gefi skriflegt loforð eða yfirlýsingu um það mál.“

Virðingarfyllst,
f.h. jarðanefndar,

Gunnar Guðmundsson.

Fylgiskjal IV.

Endurrit úr landamerkjabók Suður-Múlasýslu (bls. 21).

Landamerki Eydalakirkjujarðarinnar Streitis í Breiðdalshrepp innan Suður-Múlasýslu eru þessi:

Að austanverðu millum Streitis og Óss eru landamerki „Krossá" er ræður frá sjó allt að upptökum í svokölluðum Naphornsbrekkum efst í fjalli uppi. Að sunnanverðu milli Streitis og Núps eru landamerki úr stóru bjargi sem er nokkuð nær Núpi en miðja vegu og heitir „Grásteinn", lítið eitt fyrir ofan veginn, beinustu sjónhending til sjávar í varða sem þar er hlaðinn frá honum aptur sama sjónhending yfir í fjallsegg upp og þaðan stefnuna hið efra sem fjöllum hallar til Krossárupptaka.

Eydölum, 27. apríl 1884.

M. Bergsson,
umráðamaður kirkjujarðarinnar Streitis.

Þessum landamerkjum kirkjujarðarinnar Streitis erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir:

Guðrún Bjarnadóttir, ábúandi á þremur hundruðum úr jörðinni Núpi.
Lísibet Jónsdóttir, ábúandi á fjórum úr Núpi.
Bjarni Þórðarson, ábúandi á Núpi.
Þorvarður Jónsson, ábúandi á hálfu Streiti.
Madam. Helga Guðmundsdóttir, ábúandi á hálfu Streiti.
Gunnar Jósepsson, ábúandi Ósi.

Þinglýst í Eydalamanntalsþingi, 27. júní 1884.

Jón Johnsen.

Rétt endurrit staðfestir
skrifstofa sýslumanns í Suður-Múlasýslu,
19. nóv. 1982, Eskifirði.

Ed. 626. Frumvarp til laga [342. mál]

um breytingar á lögum um opinberar framkvæmdir, nr. 63 12. maí 1970.

Flm.: Stefán Benediktsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný mgr. er hljóðar svo:

Útboð opinberra framkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir breytanlegu verði, skulu gerð á grundvelli viðauka við „almenna skilmála um sölu og uppsetningu á tækja- og vélbúnaði til innflutnings og útflutnings, nr. 188A" sem samdir voru á vegum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna í Genf í mars 1957.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ástæður þeirrar breytingar, sem lögð er til með þessu frumvarpi, eru ekki flóknar. Með því að nota þá viðmiðun við ákvörðun verðbreytinga, sem hér um ræðir, yrðu verðbótagreiðslur opinberra aðila minni en nú er. Það eitt ætti að vera næg ástæða þessarar breytingar að draga úr útgjöldum opinberra aðila. Þessi ráðstöfun eykur enn fremur ábyrgð verktaka í viðskiptum að því er snertir yfirsýn yfir verð og afdrif eigin fjár.

Nd. 627. Frumvarp til laga [343. mál]

um skógvernd og skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

I. KAFLI

Um markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

1. gr.

Markmið laga þessara er að stuðla að því:

1. að skóglendi verði verndað, aukið og bætt,
2. að nýir skógar verði ræktaðir, þar sem það er talið hagkvæmt,
3. að frætt verði og leiðbeint um meðferð og ræktun skóga, skjólbelta og annars trjágróðurs.

2. gr.

Skóglendi telst samkvæmt lögum þessum land, sem að mestu eða öllu leyti er vaxið trjágróðri, náttúrulegum eða ræktuðum, skógi eða kjarri.

Skógarjörð telst samkvæmt lögum þessum jörð eða jarðarhluti, þar sem skógur er ræktaður á 25 ha. lands eða meira.

Nytjaskógur telst samkvæmt lögum þessum skógur að nánar tilteknu lágmarksflatarmáli, sem ræktaður er til búdrýginda og framleiðslu skógarafurða.

Skjólbelti teljast samkvæmt lögum þessum röð eða raðir af trjám og runnum, sem ræktaðar eru til þess að draga úr vindhraða á nálægum svæðum.

Skógarlundur telst samkvæmt lögum þessum land, þar sem skógur er ræktaður á 3—25 ha. lands.

Löggirðing: Girðing, sem gerð er samkvæmt ákvæðum girðingarlaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

4. gr.

Skógrækt ríkisins annast framkvæmd þessara laga og hefur eftirlit með því, fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins, að þeim sé fylgt.

Skógrækt ríkisins annast rekstur skóglenda, gróðrarstöðva, skógarjarða í eigu ríkisins og leigulanda samkvæmt sérstökum samningum.

Skógrækt ríkisins annast rannsóknir á sviði skógræktar og hefur samvinnu um þær við aðrar rannsóknarstofnanir, eftir því sem um er samið eða lög ákveða.

Skógrækt ríkisins annast leiðbeiningar og fræðslu um skógvernd og skógrækt.

5. gr.

Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins. Skipun skógræktarstjóra gildir til sex ára í senn.

Skógræktarstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í skógrækt. Hann fer með daglega stjórn Skógræktar ríkisins.

6. gr.

Ráðherra skipar sérmenntaða starfsmenn Skógræktar ríkisins að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi eða prófi frá skógtækniskóla.

Verkefni starfsmanna skal tilgreina með erindisbréfi.

Skógræktarstjóri ræður annað starfslið Skógræktar ríkisins.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

7. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

8. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru svo að öruggt sé að þau opnist ekki af sjálfu sér. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist búfé inn í skógargirðingu utan heimalands jarða, er ráðherra heimilt, samkvæmt tilmælum skógræktarstjóra, að fyrirskipa að þau sveitarfélög, sem líklegast er að eigi búfé innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað.

9. gr.

Um girðingar um skóglendi og hlið á þeim fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965.

10. gr.

Komist búfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður svæðisins taka það í gæslu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir séu eigendur búfjárins og hvernig það sé merkt. Hreppstjóri skal gera eigendum eða umsjónarmönnum boð, ef búfé þeirra er tekið í gæslu, og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé búfjárins ekki vitjað, ákveður hreppstjóri, hvar því skuli sleppt.

Komist sama búfé aftur inn á skógræktarsvæðið, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður svæðisins tekið það í sína vörslu og gert kröfu um að eigendur greiði kostnað af smölun, svo og uslagjald, samkvæmt mati tveggja manna, er hreppstjóri tilnefnir. Hafi eigendur búpeningsins ekki sinnt þessu innan tveggja sólarhringa, getur umsjónarmaður krafist þess, að fénaðurinn verði seldur á opinberu uppboði. Uppboðsandvirði, að frádregnu uslagjaldi, smölun og öðrum kostnaði, greiðir hreppstjóri búfjáreiganda.

Nú verða óvenjuleg snjóalög svo að hætta er á að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt búfjáreigendum í nágrenni hennar, á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn, og ber þá búfjáreigendum að hafa gætur á gripum sínum og halda þeim frá þessum svæðum, uns girðing telst gripheld á ný. Á sama hátt ber búfjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart, ef þeir verða þess varir, að skógargirðing sé ótrygg vörn.

11. gr.

Skógræktarstjóra er heimilt að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert.

Hagi svo til, að gripahús standi í skóglendi eða við jaðra þess, þá er eiganda þeirra eða notanda skylt að girða í hæfilegri fjarlægð frá húsunum, svo að búpeningur komist ekki í skóglendið á tímabilinu 1. nóvember til 1. júní.

12. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á að skóglendi eyðist og alger friðun þess er nauðsynleg að mati skógræktarstjóra, en eigendur eða notendur landsins treystast ekki til að standa straum af friðun þess. Skógræktarstjóra er þá heimilt, með samþykki ráðherra, að kosta girðingu um landið gegn því að eigendur eða notendur ábyrgist um ákveðið árabil umsjón og viðhald girðingar, svo og friðun fyrir ágangi búfjár. Gera skal sérstakan samning um slíka friðun lands.

Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu, getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur, ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann, sem orðið hefur, og ber landeiganda að greiða matsverð til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því, er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um friðun ásamt kostnaðaráætlun.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

13. gr.

Skylt er eiganda eða notanda skóglendis að takmarka svo notkun þess, að það rýrni hvorki að stærð né gæðum. Bannað er að leggja eld í skóglendi og aldrei má brenna sinu svo nærri skóglendi, að hætta sé á að eldur geti borist þangað.

Hlífa skal nýgræðingi trjágróðurs.

14. gr.

Skóg má ekki höggva nema fyrir liggi samþykki Skógræktar ríkisins. Rækta skal nýjan skóg í stað hins höggna.

15. gr.

Gróðurverndarnefndir, skv. l. nr. 17/1965, skulu senda Skógrækt ríkisins skýrslu um ástand og meðferð skóglendis í viðkomandi sýslu, þyki þeim ástæða til eða sé um hana beðið af skógræktarstjóra.

16. gr.

Hreppstjórar og starfsmenn Skógræktar ríkisins skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um verndun og friðun skóglendis, og hvort brotið sé gegn ákvæðum laga þessara og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða um meðferð skóglendis, samkvæmt lögum þessum. Þeir skulu, jafnskjótt og þeir verða slíks varir, gera skógræktarstjóra grein fyrir málinu.

17. gr.

Þar sem landeyðing og skógeyðing fara saman á stórum svæðum, skulu Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins hafa samvinnu um friðunaraðgerðir.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

18. gr.

Í þeim héruðum landsins, þar sem skógræktarskilyrði eru vænleg, styrkir ríkissjóður ræktun nytjaskóga á bújörðum, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hverju sinni og nánar greinir í ákvæðum þessa kafla, enda verði skógræktin þáttur í búskap bænda eða jarðeiganda.

19. gr.

Styrkur samkvæmt 18. gr. má nema allt að 80 af hundraði stofnkostnaðar við undirbúning skógræktarlandsins, þ. m. t. girðingar og vegagerð, plöntur og gróðursetning.

Styrk má því aðeins veita að fullnægt sé eftirtöldum atriðum:

a) Skógrækt ríkisins hafi gert sérfræðilega athugun á skógræktarskilyrðum í viðkomandi sýslu, hluta hennar eða fleiri sýslum saman og skógræktarstjóri staðfest skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma. Áður en skógræktarstjóri staðfestir áætlun skal afla umsagnar viðkomandi búnaðarsambands og samþykkis jarðanefndar, sveitarstjórnar og Skipulags ríkisins vegna ráðstöfunar lands til ræktunar nytjaskóga samkvæmt skógræktaráætlun.
b) Að fyrir liggi samningur milli Skógræktar ríkisins og viðkomandi bónda og landeiganda, ef hann er annar en ábúandi, staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu. Í þeim samningi skal m. a. kveðið á um stærð og mörk skógræktarlandsins, framkvæmdir, skiptingu stofnkostnaðar og meðferð landsins.

Samningi samkvæmt b-lið þessarar greinar skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi jörð áður en styrkur er greiddur.

20. gr.

Um girðingar um nytjaskóga fer eftir ákvæðum girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965. Um meðferð nytjaskóga skal fara eftir ákvæðum III. kafla laga þessara.

Vanefni landeigandi eða umráðamaður landsins skyldur sínar samkvæmt samningi, sbr. b-lið 19. gr., er Skógrækt ríkisins heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað landeiganda. Greiði landeigandi ekki slíkan kostnað má taka hann lögtaki.

Komi til vanefnda á samningi skv. b-lið 19. gr. af hálfu Skógræktar ríkisins, er landeiganda eða umráðamanni lands heimilt að framkvæma nauðsynlegar aðgerðir á kostnað Skógræktar ríkisins.

21. gr.

Óheimilt er landeiganda eða ábúanda, án samþykkis Skógræktar ríkisins, að leigja eða heimila öðrum afnot af landi sem ráðstafað hefur verið til skógræktar með samningi samkvæmt 19. gr., nema viðkomandi jörð sé leigð til ábúðar samkvæmt ábúðarlögum nr. 64 31. maí 1967.

Um mat á framkvæmdum sem ábúandi á leigujörð gerir vegna ræktunar nytjaskóga skal fara eftir 16. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976, en styrkur skv. þessum kafla skal þó jafnan koma til frádráttar ásamt verðbótum.

Telji landeigandi að ræktun nytjaskógar hafi mistekist getur hann óskað eftir að samningur skv. b-lið 19. gr. verði felldur úr gildi. Fallist Skógrækt ríkisins á að ræktunin hafi mistekist er henni heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fella samninginn úr gildi, enda endurgreiði landeigandi ⅘ af matsverði girðinga. Aðrar umbætur, sem orðið hafa á landinu, falli jörðinni til. Heimilt er að skjóta synjun Skógræktar ríkisins til landbúnaðarráðherra. Náist ekki samkomulag um endurkröfuna er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

22. gr.

Ef um ítrekaðar vanefndir landeiganda eða ábúanda á samningi skv. b-lið 19. gr. er að ræða eða brotið er gegn ákvæðum þessara laga um meðferð skógræktarlandsins, er Skógrækt ríkisins heimilt annað tveggja:

a) að endurkrefja landeiganda um hinn upphaflega styrk ásamt verðbótum skv. vísitölu byggingarkostnaðar. Skal hinn endurkrafni styrkur greiddur eins og bætur skv. b-lið;
b) að taka skógræktarlandið í sína vörslu tímabundið, þó ekki lengur en 8 ár, og halda framkvæmdum áfram eftir samningi skv. b-lið 19. gr. Á meðan landið er þannig í vörslu Skógræktar ríkisins fellur allur arður af skóginum til hennar án þess að leiga komi fyrir landið. Endurgreiði landeigandi eða ábúandi áfallinn kostnað vegna vanefndanna og geri full skil á sínum hlut eftir samningi, skv. b-lið 19. gr., tekur hann við landinu með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samningi, skv. b-lið 19. gr. Líði 8 ár frá því að landið var tekið í vörslu Skógræktar ríkisins, án þess að landeigandi eða ábúandi hafi bætt úr vanefndum, er Skógrækt ríkisins heimilt að leysa til sín skógræktarlandið að fengnum meðmælum viðkomandi sveitarstjórnar, jarðanefndar, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og samþykki landbúnaðarráðherra, enda teljist það nauðsynlegt til að tryggja þann árangur, sem náðst hefur í ræktun nytjaskóga á landinu. Náist ekki samkomulag um verð á hinu innleysta landi skal um mat fara eftir 2. mgr. 23. gr., en bæturnar skulu greiddar með jöfnum, árlegum greiðslum á næstu 4 árum og skal fyrsta greiðsla innt af hendi innan þriggja mánaða frá því að innlausn er leyfð. Greiða skal sömu vexti og verðbætur á bætur frá innlausnardegi til greiðsludags og Stofnlánadeild landbúnaðarins reiknar af lánum til jarðakaupa hverju sinni.

23. gr.

Við aðilaskipti að réttindum yfir landi, sem hefur verið ráðstafað til skógræktar með samningi skv. 19. gr., fyrir kaup, gjöf, skipti, nauðungarsölu á uppboði, þar með talin útlagning til veðhafa, búskipti, félags- og sameignarslit og fyrirframgreiðsla arfs, skal Skógrækt ríkisins eiga forkaupsrétt að landinu eða hluta þess næst á eftir lögboðnum forkaupsréttarhöfum skv. 21. gr. jarðalaga nr. 65 31. maí 1976. Skógrækt ríkisins öðlast þó ekki forkaupsrétt þegar jarðareigandi ráðstafar jörðinni í heild, enda taki viðkomandi jörðina til ábúðar og fullra nytja.

Neyti Skógrækt ríkisins forkaupsréttar síns, skal kaupverðið miðað við verð á sambærilegu landi án skógræktar, að viðbættum verðmætisauka vegna skógræktarinnar, en að frádregnum styrk skv. þessum kafla, ásamt verðbótum miðað við byggingarvísitölu. Náist ekki samkomulag um kaupverð er hvorum aðila um sig heimilt að óska eftir mati tveggja dómkvaddra manna og gildir það þá sem söluverð.

Skógrækt ríkisins er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að selja skógræktarland, sem hún hefur eignast skv. b-lið 22. gr. og 1. mgr. 23. gr., eiganda viðkomandi jarðar til ræktunar nytjaskóga.

24. gr.

Skógrækt ríkisins hefur yfirumsjón með ræktun nytjaskóga sem stofnað er til samkvæmt lögum þessum.

Nefnd þriggja manna skal vera Skógrækt ríkisins til aðstoðar við undirbúning og framkvæmd skógræktaráætlunar skv. a-lið 19. gr. Skal nefndin skipuð fulltrúum Skógræktar ríkisins, viðkomandi búnaðarsambands og skógræktarfélags, enda sé félagið aðili að Skógræktarfélagi Íslands. Fulltrúi Skógræktar ríkisins skal vera formaður nefndarinnar.

Starfi fleiri en eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands á því svæði sem skógræktaráætlunin tekur til, skulu félögin sameiginlega tilnefna fulltrúa í nefndina. Sama gildir um búnaðarsamböndin.

25. gr.

Skógrækt ríkisins skal, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið, gera tillögu til fjárveitingarvaldsins um framlög til skógræktaráætlana (skógarbúskapar) og lætur fylgja þeim tillögum rökstudda greinargerð ásamt framkvæmdaáætlun. Alþingi skiptir því fé, sem veitt er hverju sinni, til verkefna samkvæmt staðfestum áætlunum.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

26. gr.

Skógrækt ríkisins er heimilt, umfram það sem 18. gr. ákveður, að styrkja einstaklinga og félagasamtök til skógræktar, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum, enda njóti viðkomandi ekki styrks til slíks samkvæmt öðrum lögum.

27. gr.

Styrkur greiðist aðeins á framkvæmdir á landi, sem telst vel fallið til skógræktar að mati skógræktarstjóra og viðkomandi starfsmanna Skógræktar ríkisins og er minnst 3 ha. innan girðingar.

28. gr.

Styrk er heimilt að greiða til ræktunar skógarlunda, skjólbelta, og til friðunar og ræktunar lands undir skóg.

29. gr.

Styrkur má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við girðingar vegna ræktunarinnar.

30. gr.

Skógrækt ríkisins setur reglur um vörslu og hirðingu svæða, sem styrks njóta samkvæmt framanskráðu og ber öllum sem hluta eiga að máli að hlíta þeim.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

31. gr.

Skógarjarðir má ekki selja án vitundar Skógræktar ríkisins. Skal hún hafa forkaupsrétt að skógarjörðum, að frágengnum þeim sem forkaupsrétt hafa skv. jarðalögum, nr. 65/1976.

32. gr.

Skóglendi má ekki hluta í sundur, skipta upp í lóðir eða á annan hátt. Þau má ekki taka undir mannvirki, svo sem sumarhús, veitulagnir, vegi o. þ. h., nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn skógræktarstjóra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

33. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

34. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

35. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

36. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o. fl.

37. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 3/1955, 22/1966 og 76/1984.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru frá 6. mars 1955. Með lögum nr. 22 16. apríl 1966 var settur viðauki við þau lög, sem kvað á um skjólbeltaræktun og styrki til hennar. Með lögum nr. 76 30. maí 1984 var lögunum frá 1955 síðan breytt, þannig að bætt var við nýjum kafla með ákvæðum um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Markmið þessa frumvarps er einkum að fella saman framangreinda þrjá lagabálka um skógrækt og skógvernd í ein lög, auk breytinga á gildandi löggjöf. Langt er um liðið síðan lög um skógrækt voru samþykkt og hafa breyttar aðstæður leitt af sér nokkur nýmæli og breytingar, eins og rakið er í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins. Árið 1979 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lög nr. 3/1955 um skógrækt. Sú nefnd vann um tíma að endurskoðun laganna en lauk ekki störfum. Síðan var endurskoðunin tekin upp að nýju og unnið að verkinu í samráði við starfsmenn Skógræktar ríkisins og er þetta frumvarp, sem nú sér dagsins ljós, árangur af þeirri samvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um markmið, skýrgreiningar og yfirstjórn.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um markmið laganna og er sama efnis og 1. gr. gildandi laga að öðru leyti en því að Skógrækt ríkisins er ekki nefnd í texta, enda eru ákvæði um Skógrækt ríkisins í sérstökum kafla frumvarpsins, sbr. II. kafla.

Um 2. gr.

Greinin er nýmæli í lögum um skógrækt og þarfnast ekki skýringar.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

II. KAFLI

Um Skógrækt ríkisins.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er upptalning á verkefnum Skógræktar ríkisins sem eru skilgreind betur en í gildandi lögum. Gert er ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum rannsóknir á sviði skógræktarmála í samvinnu við aðra aðila er stunda rannsóknir í þágu atvinnuveganna og er það nýmæli frá því sem gildandi lög kveða á um.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli að því leyti, að gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri sé skipaður tímabundið til sex ára í senn úr hópi fastra starfsmanna Skógræktar ríkisins.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir því nýmæli að við Skógrækt ríkisins starfi sérmenntaðir starfsmenn, er hafi tilskilda lágmarksmenntun, háskólapróf eða próf frá skógtækniskóla. Gert er ráð fyrir að sérmenntaðir starfsmenn Skógræktar ríkisins hafi með höndum eftirlit um meðferð skóga á ákveðnum afmörkuðum svæðum landsins og skulu verkefni þeirra tilgreind í erindisbréfi.

III. KAFLI

Um skógvernd og friðun.

Kafli þessi svarar efnislega mest til III. kafla núgildandi laga, en efnið er þó sett fram með talsvert öðrum hætti en í gildandi lögum.

Um 7. gr.

Greinin svarar til 14. gr. gildandi laga. Gert er ráð fyrir að skógræktarstjóri hafi einn heimild til að veita undanþágu frá banni fyrsta málsliðar og er það breyting frá því sem nú gildir.

Um 8. gr.

Greinin er sama efnis og 15. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin vísar til ákvæða girðingarlaga nr. 10 25. mars 1965, en samkv. 1. gr. þeirra laga eru girðingar sex strengja gaddavírsgirðingar, 1,10 m að hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en fjórir metrar, eða girðing er jafngildi henni að vörslunotkun, þ.m.t. skurðir með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum.

Um 10. gr.

Efni greinarinnar svarar til 17. gr. gildandi laga en hér er þó um að ræða mun einfaldari ákvæði í framkvæmd en eru í núgildandi lögum. Hér er lagt til að heimilt verði að selja það búfé á uppboði, sem fer inn á girt skógræktarsvæði a. m. k. í tvígang, vitji eigandi þess ekki og greiði smölunarkostnað og uslagjald. Samkvæmt eldra ákvæði þurfti búfé að gera enn frekari usla í skógræktarsvæði áður en umsjónarmaður gat krafist uppboðssölu.

Um 11. gr.

Í fyrri málsgrein greinarinnar felst heimild til handa skógræktarstjóra til að banna alla beit í skóglendum utan heimalanda á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní ár hvert og er ákvæðið hliðstætt 8. gr., fyrsta málslið, gildandi laga. Önnur mgr. hefur hins vegar að geyma

nýmæli, sem tekur til þeirrar sérstöðu, þegar gripahús eru í eða við skóglendi og er þá eiganda eða notanda gripahússins skylt að hindra með girðingu, að búfé komist í skóglendið á nefndu tímabili.

Um 12. gr.

Greinin svarar efnislega til 21. gr. gildandi laga. Þó er nú gert ráð fyrir, að heimild til friðunaraðgerða vegna yfirvofandi hættu á að skóglendi eyðist, verði hjá skógræktarstjóra, að fengnu samþykki ráðherra, í stað ráðherra áður, sbr. 1. mgr.

IV. KAFLI

Um meðferð skóglendis.

Efni IV. kafla svarar til efnis II. kafla núgildandi laga.

Um 13. gr.

Greinin er nýmæli og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er mun fortakslausara en svipuð ákvæði eldri laga. Skýlaust bann er við skógarhöggi án samþykkis Skógræktar ríkisins. Þá er ótvírætt skilyrði sett um að rækta skal skóg í stað þess sem höggvinn er og er það nýmæli.

Um 15. gr.

Greinin er nýmæli, sem gerir ráð fyrir að gróðurverndarnefndir geti haft frumkvæði um sérfræðilegt mat á ástandi og meðferð skóglendis, jafnframt því sem skógræktarstjóri getur leitað til nefndanna og óskað eftir skýrslu til Skógræktar ríkisins um ástand skóglendis og meðferð þess.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Er sama efnis og 24. gr. gildandi laga.

Um 17. gr.

Greinin er nýmæli og gerir ráð fyrir samvinnu Landgræðslu ríkisins, sbr. lög nr. 17/1965, og Skógræktar ríkisins um friðunarðagerðir, þegar svo háttar að saman fara landeyðing og skógeyðing á stórum svæðum.

V. KAFLI

Um ræktun nytjaskóga á bújörðum.

Efni kaflans svarar til 3. gr. laga nr. 76 30. maí 1984 um breytingu á lögum nr. 3 1955 um skógrækt, en með þeirri grein var nýjum kalfa „Um ræktun nytjaskóga á bújörðum“ bætt við lög nr. 3/1955.

VI. KAFLI

Um ræktun skjólbelta og skógarlunda.

Um efni þessa kafla eru ákvæði í lögum nr. 22 16. apríl 1966 um viðauka við lög nr. 3/1955 um skógrækt. Í þessum kafla er þó gert ráð fyrir talsverðum breytingum á stuðningi við skógrækt.

Auk stuðnings samkvæmt þessum kafla er að finna ákvæði um framlög til skjólbeltaræktunar í 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972, sbr. lög nr. 71/1985 um breyting á þeim lögum og reglugerð um jarðrækt nr. 344/1985.

Um 26. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að Skógrækt ríkisins hafi með höndum styrkveitingar til einstaklinga og félagasamtaka til skógræktar og hafi til þess fé á fjárlögum. Það skilyrði er sett í greininni, að viðkomandi styrkþegi njóti ekki styrks skv. öðrum lögum.

Um 27. gr.

Hér er gert ráð fyrir því skilyrði fyrir styrkveitingu, að land það, sem ætlað er til skógræktar, sé a.m.k. 3 ha. að stærð og sé auk þess vel fallið til skógræktar að mati viðkomandi starfsmanns Skógræktar ríkisins og skógræktarstjóra.

Um 28. gr.

Grein þessi hefur að geyma fyrirmæli um hvaða framkvæmdir er heimilt að styrkja.

Um 29. gr.

Efni greinarinnar er hliðstætt 6. gr. l. nr. 22/1966. Þó er gert ráð fyrir verulega hærri styrk til trjáplöntukaupa en skv. núgildandi ákvæði.

Um 30. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

VII. KAFLI

Um sölu og skiptingu skógarjarða og skóglendis.

Um 31. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli að bannað er að selja skógarjarðir án vitundar Skógræktar ríkisins. Eigandi skógarjarðar sem hyggst selja jörð sína, verður því að bjóða Skógrækt ríkisins hana til kaups með þeim hætti er greinir í 32. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sbr. l. nr. 90/1984, næst á eftir sveitarstjórn þess sveitarfélags þar sem eignin er, sbr. 30. gr. jarðalaga.

Um 32. gr.

Greinin er nýmæli og leggur bann við skiptingu skóglendis eða að það sé tekið undir mannvirki án leyfis ráðherra.

VIII. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

Efni kaflans svarar til V. kafla laga nr. 3/1955, sbr. 4. gr. laga nr. 76 30. maí 1984, að öðru leyti en því að nýmæli felst í 37. gr. frumvarpsins, en þar er gert ráð fyrir að ráðherra kveði nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

IX. KAFLI

Um sektir, málsmeðferð o. fl.

Kaflinn skýrir sig sjálfur.

Sþ. 628. Skýrsla [344. mál]

félagsmálaráðherra til Alþingis um 71. alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. INNGANGUR.

Um þessar mundir eru 40 ár síðan Ísland gerðist aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (International Labour Organisation — ILO). Aðdragandi þess var þingsályktunartillaga sem Alþingi samþykkti 15. október 1943 þar sem ríkisstjórninni var falið að athuga um þátttöku í stofnuninni. Ári síðar, 7. desember 1944, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að sækja fyrir Íslands hönd um upptöku í Alþjóðavinnumálastofnunina. Á 27. þingi ILO sem haldið var í París 1945 var lögð fram tillaga um aðild Íslands. Tillagan var tekin til afgreiðslu 19. október og samþykkt einróma.

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að rifja upp í örstuttu máli ýmislegt í sambandi við stofnun og starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þau ákvæði sem lágu til grundvallar stofnun hennar árið 1919 er að finna í friðarsamningunum sem voru undirritaðir í Versölum 28. júní 1918. Í XIII. kafla Versalasáttmálans er kveðið á um það að komið skuli á fót sérstakri stofnun er hafi það hlutverk að reyna að ráða bót á þeim félagslegu vandamálum sem öll ríki eigi við að stríða og aðeins verði sigruð með sameiginlegu átaki þjóðanna. Sérstaklega er tekið fram að varanlegur friður verði ekki tryggður nema félagslegu réttlæti sé fyrst komið á innan þjóðfélaganna sjálfra vegna þess að vísirinn að árekstrum sem leiða til styrjalda þjóða í milli leynist í því félagslega ranglæti sem milljónir manna búi við í hinum ýmsu löndum. Um markmið ILO segir í þingsályktunartillögu Alþingis frá 1944 að það sé að efla félagslegt réttlæti í öllum löndum heims. Í því skyni viði stofnunin að sér upplýsingum um atvinnumál og ástand í félagsmálum, ákveði lágmarkskröfur og samræmi þær í hverju landi eftir aðstæðum þess og þörfum. Frá árinu 1946 hefur hún verið ein af sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Í samræmi við framangreind markmið hefur Alþjóðavinnumálastofnunin lagt mesta áherslu á samningu alþjóðasamþykkta um staðla á sviði vinnumarkaðsmála. Þessir staðlar hafa verið fyrirmynd löggjafar víðsvegar um heim um málefni vinnumarkaðarins. Á þann hátt hefur stofnunin bætt samskipti á vinnumarkaðinum, stuðlað að aukinni hollustu á vinnustöðum og bætt nýtingu atvinnutækja og mannafla. Hún hefur einnig lagt mikið af mörkum til rannsókna á vinnumarkaðsmálum ekki síst málefnum sem varða vinnuumhverfi.

Alþjóðavinnumálaþingið fer með æðsta vald í málefnum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það kemur saman árlega í Genf þar sem stofnunin hefur aðsetur. Fastir dagskrárliðir þingsins eru þrír: Skýrsla forstjóra, fjármál og skýrslur um framkvæmd á fyrri samþykktum þingsins. Auk þess eru yfirleitt á dagskrá drög að samþykktum um nýja staðla og ályktunartillögur sem snerta málefni vinnumarkaðarins. Alls hefur þingið afgreitt 161 alþjóðasamþykkt og hefur Ísland staðfest 14 þeirra.

Eitt af því sem skapar Alþjóðavinnumálastofnuninni sérstöðu meðal sérstofnana Sameinuðu þjóðanna er þátttaka fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launafólks í starfsemi og stefnumótun hennar. Samkvæmt stofnskrá stofnunarinnar eiga fjórir fulltrúar frá hverju aðildarríki ILO sæti á Alþjóðavinnumálaþinginu. Tveir eru fulltrúar ríkisstjórnar hlutað-

eigandi ríkis, einn skal vera fulltrúi atvinnurekenda og einn fulltrúi launafólks. Samtök aðila vinnumarkaðarins eiga einnig fulltrúa í stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samtök atvinnurekenda eiga 14 fulltrúa í stjórnarnefndinni, samtök launafólks jafnmarga en fulltrúar ríkisstjórna eru 28.

Það liggur í hlutarins eðli að þátttaka smáríkis í starfsemi samtaka eins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar hlýtur að vera takmörkuð. Á þeim fjórum áratugum sem Ísland hefur átt aðild að stofnuninni hefur þátttakan einskorðast við það að senda fulltrúa á Alþjóðavinnumálaþingið, samningu greinargerða um framkvæmd alþjóðasamþykkta og samningu skýrslu eins og þeirrar sem hér birtist um vinnumálaþingin. Ísland hefur ekki átt fulltrúa í stjórnarnefndinni né tekið þátt í starfi þeirra nefnda ILO sem fjalla um ákveðin sérsvið vinnumarkaðsmála. Skýrslur félagsmálaráðuneytisins um ILO hafa borið þessari takmörkuðu þátttöku vitni. Þótt samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hafi ekki aukist hefur verið ákveðið að framvegis verði þess freistað að gera nokkuð nánari grein fyrir annarri starfsemi en þeirri sem lýtur að Alþjóðavinnumálaþinginu. Í því sambandi verður einkum stuðst við skýrslu forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar sem lögð er fram til umræðu á þinginu. Rétt er að hafa í huga að viðfangsefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar eru það fjölbreytileg og umfangsmikil að þeim verða ekki gerð tæmandi skil í yfirlitsskýrslu sem þessari.

2. 71. ALÞJÓÐAVINNUMÁLAÞINGIÐ 1985.

2.1 SKIPULAG OG ÞÁTTTAKA.

Sjötugasta og fyrsta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) var háð í Genf dagana 7.—27. júní 1985. Þingið var haldið í Þjóðabandalagshöllinni þar sem nokkrar deildir Sameinuðu þjóðanna hafa nú aðsetur.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

1. Skýrsla forstjóra.
2. Reikningar liðins starfstímabils og starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árin 1986 og 1987.
3. Upplýsingar og skýrslur um framkvæmd samþykkta og tillagna.
4. Heilsugæsla á vinnustöðum (síðari umræða).
5. Endurskoðun samþykktar nr. 63 um hagskýrslur um laun og vinnutíma frá árinu 1938 (síðari umræða).
6. Varúðarráðstafanir við vinnu við asbest (fyrri umræða).
7. Sömu tækifæri og sama meðhöndlun karla og kvenna á vinnumarkaði (almenn umræða).
8. Skipulagsmál ILO: Skýrsla þingnefndar um skipulagsmál.

Sendinefnd Íslands á þinginu skipuðu eftirtaldir: Hannes Hafstein sendiherra, formaður sendinefndarinnar og Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu. Þeir voru fulltrúar ríkisstjórnar Íslands. Varamaður þeirra var Þorsteinn Ingólfsson sendiráðunautur. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var fulltrúi íslenskra atvinnurekenda og Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur var fulltrúi íslensks launafólks.

Samtals sóttu þingið rúmlega 2000 manns frá 141 aðildarríki, þar af 181 ráðherra. Eins og áður er getið skal hvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar senda 4 fulltrúa til þingsins, en auk þeirra eiga aðildarríkin rétt á að senda til þingsins ráðgjafa um hin einstöku þingmál. Kveðið er á um fjölda þeirra í stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Venjulega býður forstjóri ILO til þingsins sérstökum heiðurgestum sem hafa getið sér gott orð á alþjóðavettvangi eða í heimalöndunum. Að þessu sinni var forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi, heiðursgestur þingsins. Hann flutti ræðu á hátíðarfundi sem haldinn var 17. júní. Gerð verður stuttlega grein fyrir ræðu hans síðar í þessari skýrslu.

Forseti þingsins var kosinn félagsmálaráðherra Túnis, Mohamed Ennaceur. Varaforsetar voru kjörnir Vladimir Grekof, ríkisstjórnarfulltrúi frá Hvíta-Rússlandi, Charles H. Smith yngri, fulltrúi atvinnurekenda í Bandaríkjunum og Shirley Carr, fulltrúi launafólks í Kanada.

Á þinginu störfuðu margar þingnefndir og voru þessar helstar: Kjörbréfanefnd, nefnd sem fjallar um framkvæmd alþjóðasamþykkta, fjárhagsnefnd, nefnd sem fjallar um tillögur til þingsályktana, nefnd um skipulagsmál, nefnd um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku og nefnd um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Fulltrúar Íslands tóku þátt í fjárhagsnefnd, nefnd um tillögur til þingsályktana, nefnd um skipulagsmál og nefnd um jafnrétti kynjanna.

2.2 SKÝRSLA FORSTJÓRA.

Skýrsla forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar er til umræðu á allsherjarþingi Alþjóðavinnumálaþingsins mestan hluta þingtímans. Samhliða umræðum um hana er fjallað um önnur afmörkuð málefni í þingnefndum. Skýrslan er send væntanlegum þingfulltrúum með góðum fyrirvara fyrir þingsetningu. Hún skiptist í tvo meginhluta.

Í fyrri hlutanum fjallar forstjórinn um eitthvert ákveðið efni sem er ofarlega á baugi og snertir málefni vinnumarkaðarins. Að þessu sinni gerði hann að umtalsefni þær skipulagsbreytingar sem verða á vinnumarkaði samfara nýrri tækni.

Í síðari hlutanum gerir forstjórinn grein fyrir helstu þáttum í starfsemi ILO á liðnu starfsári.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir veigamestu atriðunum í skýrslu forstjórans þeirri umfjöllun sem hún fékk í ræðum þingfulltrúa. Loks verður gerð grein fyrir ræðu forstjóra ILO, Francis Blanchard, þar sem hann svarar fyrirspurnum, gerir að umtalsefni athugasemdir og gagnrýni sem fram komu í ræðum þingfulltrúa.

Skipulagsbreytingar á vinnumarkaðinum samfara nýrri tækni.

Fyrri hluti skýrslu forstjórans fjallaði um samskipti á vinnumarkaði í ljósi þeirra skipulagsbreytinga sem eiga sér stað í kjölfar þeirrar nýju tækni sem er að ryðja sér til rúms. Í skýrslunni leggur forstjórinn áherslu á að víðtækt samstarf og samráð aðila vinnumarkaðarins sé forsenda þess að hægt sé að hafa áhrif á þær breytingar sem ný tækni hefur í för með sér. Þetta feli í sér að leggja verði aukna áherslu á þríhliða samstarf á milli ríkisvalds, atvinnurekenda og launafólks.

Í skýrslunni gerir forstjórinn að umtalsefni nokkra þætti í þeim skipulagsbreytingum sem eiga sér stað á vinnumarkaðinum og hann telur sérstaka ástæðu til að huga að. Í því sambandi er bent á þróun efnahagsmála. Dregið hefur úr hagvexti í mörgum iðnríkjum og skuldabyrði þróunarríkja hefur stórlega aukist. Aukin verðbólga hefur kallað á aðhaldssamari stefnu í efnahagsmálum. Þetta hefur leitt til þess að hægt hefur á félagslegum umbótum í mörgum löndum. Á sama tíma á sér stað tæknibylting sem getur, ef rétt er á málum haldið, bætt lífskjör og vinnuumhverfi. En í henni felast einnig breytingar á atvinnuháttum sem þýða að mörg störf leggjast niður en jafnframt munu ný skapast.

Forstjórinn bendir í skýrslu sinni á þær félagslegu breytingar sem hafa orðið og eru að verða. Til dæmis hefur samsetning vinnuaflsins breyst. Þannig hefur hlutfall kvenna á vinnumarkaðinum hækkað til muna á allra síðustu árum.

Hann tekur fram að það sé ekki tilgangur skýrslunnar að koma með tillögur um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum. Tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að gera að umtalsefni með hvaða hætti skuli staðið að aðlögun og endurskipulagningu þannig að tryggt sé að allir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að hafa eðlileg áhrif á ákvarðanir og með þeim hætti sé tillit tekið til mannlegra þarfa ekki síður en efnahagslegra markmiða. Í þessu sambandi verði stöðugir hagsmunaárekstrar. Annars vegar á milli þeirrar stefnu að ná betri árangri í efnahagsmálum með aukinni framleiðni, hagstæðari vöruskiptajöfnuði og minni

verðbólgu, hins vegar þeirra félagslegu sjónarmiða sem byggjast á auknu jafnrétti og betri lífsafkomu.

Forstjórinn bendir í skýrslunni á að markmið núverandi samskipta aðila vinnumarkaðarins er að ákvarða kaup og kjör og aðlaga þau að breyttum aðstæðum á vinnumarkaðinum og túlka sjónarmið umbjóðenda sinna. Þessi samskipti eru því lykilatriði í því að leita leiða til að leysa hagsmunaárekstra. Samskipti aðila vinnumarkaðarins geta átt sér stað án afskipta annarra aðila. En í skýrslu forstjórans er lögð áhersla á þau samskipti atvinnurekenda og fulltrúa launafólks sem fram fara innan þess formlega ramma sem þeim hefur verið settur af hinu opinbera. Í þessu sambandi er um að ræða afskipti ríkisvaldsins til dæmis með löggjöf um þríhliða samstarf við lausn ýmiss konar ágreiningsefna sem upp koma.

Helstu þættir í starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í seinni hluta skýrslu sinnar gerir forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar grein fyrir helstu þáttunum í starfi stofnunarinnar.

a) **Framkvæmd alþjóðasamþykkta.** Gerð er ítarleg grein fyrir staðfestingum aðildarríkjanna á þeim alþjóðasamþykktum sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt. Fram kemur að sérfræðinganefndin sem fylgist með framkvæmd aðildarríkjanna á staðfestum og óstaðfestum alþjóðasamþykktum fór yfir á starfsárinu um 2 500 skýrslur og gerði 1 500 athugasemdir. Á árinu 1984 lagði nefndin sérstaka áherslu á framkvæmd alþjóðasamþykktar um stefnu í atvinnumálum nr. 122 frá 1964. Þrátt fyrir efnahagsörðugleika í heiminum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að frá því samþykktin tók gildi hefur aðildarríkjunum heldur miðað í átt að þeim markmiðum sem þar eru sett. Vegur þyngst fjölgun kvenna á vinnumarkaðinum síðustu áratugina. Í yfirlitsskýrslu nefndarinnar fyrir árið 1984 er fjallað um löggjöf og venjur í aðildarríkjum ILO sem snerta eftirtaldar samþykktir og tillögur: Tillögu nr. 116 um styttingu vinnutíma, 1962, Samþykkt nr. 14 um vikulegan hvíldartíma iðnverkafólks, 1922, Samþykkt nr. 106 um vikulegan hvíldartíma í verslunum og skrifstofum frá 1957 og tillögu nr. 103 um sama efni og Samþykkt nr. 132 um árlegt orlof með launum.

b) **Stjórn nefndar um félagafrelsi** hélt þrjá fundi á árinu 1984. Hún lét frá sér fara fimm skýrslur til stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þar sem fjallað var um samtals 133 mál. Málum sem varða brot á félagafrelsi verkalýðsfélaga fjölgaði um þriðjung frá síðasta starfsári, þ. e. árinu 1983. Nefndin tók til sérstakrar umfjöllunar skýrslu forstjóra um ferð hans til Tyrklands til að rannsaka ástandið þar í landi.

c) **Nefnd til að rannsaka kærur á ríkisstjórn Póllands.** Sérstök rannsóknarnefnd, sem sett var á laggirnar með tilvísun til 26. greinar í stofnskrá ILO, skilaði skýrslu á starfsárinu. Hlutverk nefndarinnar var að rannsaka kærur á hendur ríkisstjórnar Póllands fyrir meint brot á Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess og Samþykkt nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um rétt til að stofna félög og semja sameiginlega. Skýrsla nefndarinnar var send ríkisstjórn Póllands í júní 1984 og kynnt stjórnarnefnd ILO á 228. fundi hennar í nóvember sama ár. Þann 17. nóvember barst forstjóranum bréf þar sem ríkisstjórn Póllands skýrði frá úrsögn úr Alþjóðavinnumálastofnuninni.

d) **Úttekt á stöðu verkalýðsfélaga í Evrópu.** Á þriðju og fjórðu ráðstefnu Evrópuríkja innan ILO var samþykkt tillaga um að gerð yrði úttekt á stöðu verkalýðsfélaga og samskiptum aðila vinnumarkaðarins í löndum Evrópu. Á starfsárinu heimilaði stjórnarnefndin útgáfu skýrslu um ástand framangreindra mála í Júgóslavíu, Noregi, Spáni og Ungverjalandi.

e) **Upplýsingamiðlun um löggjöf á sviði vinnumarkaðsmála.** Upplýsingadeild um löggjöf á sviði vinnumarkaðsmála var endurskipulögð á árinu 1984. Í framhaldi af endurskipulagningunni kom tímaritið „Legislative Series", sem fjallar um lagasetningu aðildarríkjanna á sviði vinnumála, út í nýjum búningi. Alls komu út á árinu 1984 þrjú tölublöð af tímaritinu.

f) **Mannréttinda- og jafnréttismál.** Fram kemur að út hafi komið skýrsla forstjóra um framkvæmd yfirlýsingar Alþjóðavinnumálaþingsins um kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Skýrslan var sú 20. í röðinni frá því yfirlýsing vinnumálaþingsins var afgreidd árið 1964. Í skýrslunni er gerð grein fyrir aðgerðum aðildarríkja ILO á liðnu ári til að vinna gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Í framhaldi af samþykkt tillögu þingnefndar um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna á 69. Alþjóðavinnumálaþinginu efndi ILO til sérstakrar þríhliða ráðstefnu í Lusaka í Zambíu í maí 1984. Ráðstefnan samþykkti nokkrar tillögur um tækni- og fjárhagsaðstoð við fórnarlömb aðskilnaðarstefnunnar á svæðum í syðri hluta Afríku. Einnig voru samþykktar tillögur um hert eftirlit með framkvæmd yfirlýsingarinnar frá 1964.

Á fundi stjórnarnefndarinnar í nóvember 1984 var fjallað um frekari tækni- og fjárhagsaðstoð við svæði í syðri hluta Afríku.

Liður í framkvæmd alþjóðasamþykkta og yfirlýsinga um jafnan rétt og jafna stöðu á vinnumarkaðinum var þríhliða ráðstefna sem haldin var á eyjunni St. Vincent í Karíbahafinu.

Einnig voru rannsakaðar yfir 100 skýrslur frá löndum sem hafa staðfest samþykktir um jafnrétti og jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Af hálfu Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar var haldið áfram að stuðla að rannsóknum, veitt ráðgjöf, teknar saman skýrslur og birtar upplýsingar og greinar um þessi málefni og önnur sem snerta vinnumarkaðinn. Tímaritin **International Labour Review** og **Social and Labour Bulletin** voru einkum notuð til að koma upplýsingunum og greinunum á framfæri.

g) **Samskipti aðila vinnumarkaðarins.** Á árinu 1984 var hafin rannsókn á breytingum sem hafa átt sér stað á kjarasamningum í þeim iðnríkjum sem stunda markaðsbúskap. Tilgangur rannsóknarinnar er að endurskoða úttekt sem gerð var 1974 og birt undir heitinu „Collective Bargaining in Industrialised Market Economies". Í þessari rannsókn er einkum lögð áhersla á þau áhrif sem kreppa, atvinnuleysi og verðbólga hafa á almenna kjarasamninga. Á árinu 1984 birtust þrjár ítarlegar úttektir á kjaradeilum opinberra starfsmanna til viðbótar við þær sjö sem lokið var við á árinu 1983.

h) **Hollustuhættir á vinnustöðum.** Á dagskrá 70. Alþjóðavinnumálaþingsins sem haldið var árið 1984 voru almennar umræður um reynsluna af alþjóðlegri áætlun um bætt vinnuskilyrði og vinnuumhverfi (International Programme for the Improvement of Working Conditions and Environment — PIACT). Þingið samþykkti ályktunartillögu þess efnis að áætlunin nyti fyllsta stuðnings ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks. Í ályktunartillögunni er sett fram starfsáætlun sem bæði tekur til aðstæðna á landsvísu og alþjóðlegra aðstæðna. Í anda áætlunarinnar var efnt til margvíslegra aðgerða. Upplýsingum var safnað og þeim dreift, námsefni um hollustuhætti á vinnustöðum og vinnuumhverfi var samið og það aðlagað aðstæðum í ólíkum löndum. Einnig var veitt tæknileg aðstoð og stuðlað að tæknisamvinnu á þessu sviði.

Á árinu 1984 var lögð mikil áhersla á samningu staðla um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum að hluta til í tengslum við undirbúning alþjóðasamþykktar og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum. Lokið var samningu tveggja skýrslna um varúðarráðstafanir við vinnu við asbest en það málefni var á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins 1985. Gefin voru út þrjú bindi í ritröðinni **Occupational Safety and Health:** Nr. 51: „Stress in Industry: Causes, Effects and Prevention", Nr. 52: „Success with Occupational Safety Programmes" og Nr. 53: „Occupational Hazards from Non-Ionising Electromagnetic Radiation."

Auk þessa gerði forstjórinn í skýrslu sinni grein fyrir „World Employment Programme", málefnum sem snerta tækni og atvinnu, starfsþjálfun, verkstjórn, starfsmenntun, starfsendurhæfingu og fjölmörgum öðrum þáttum sem Alþjóðavinnumálastofnunin vinnur að á sviði vinnumarkaðsmála.

Umræður um skýrslu forstjóra.

Í umræðum um skýrslu forstjóra fjölluðu margir ræðumenn um samninga sem samtök launafólks og atvinnurekendur höfðu gert vegna hagnýtingar nýrrar tækni. Töldu þeir þetta mjög jákvætt og til þess fallið að leysa þann vanda sem ný tækni gæti valdið á vinnustöðum. Fulltrúar bæði iðnríkja og þróunarlanda gerðu að umtalsefni þríhliða samninga milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um framboð vinnu, laun, félagslegt öryggi og skatta sem hefðu það að markmiði að stuðla að auknum hagvexti án aukinnar verðbólgu. Fulltrúar frá löndum Austur-Evrópu sem tóku þátt í umræðum um skýrslu forstjóra voru mjög gagnrýnir í ræðum sínum. Raunar hafði gagnrýni Austur-Evrópulandanna komið fram fyrr í bréfi dags. 9. maí 1985 sem þau sendu sameiginlega til forstjórans. Kjarni þessarar gagnrýni kom fram í ræðu sem ríkisstjórnarfulltrúi Tékkóslóvakíu, frú Molková, hélt á fjórða fundi allsherjarþingsins. Í ræðu sinni lýsti hún þeirri skoðun sósíalísku ríkjanna að þau teldu árangur af starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar neikvæðan. Starfshættir ILO frá stofnun 1919 væru nær þeir sömu. Takmarkað tillit hefði verið tekið til aðildar þróunarlanda og sósíalískra landa. Á þennan hátt hefði ILO eingöngu stutt eina þjóðfélagsgerð, það er þá sem byggði á kapítalisma, og reyndi að þröngva henni upp á önnur lönd. Fulltrúi Tékkóslovakíu taldi þrennt einkenna starfsemi ILO. Í fyrsta lagi væru grundvallarhagsmunir launafólks sniðgengnir, einkum réttur þess til lífvænlegrar afkomu og rétturinn til starfs. Í öðru lagi væri um að ræða tilraunir til „að nota stofnunina í þágu pólitískra markmiða sem sérstaklega beindust gegn löndum sósíalismans og öðrum framsæknum öflum í heiminum.“ Í þriðja lagi væri sósíalísku löndunum mismunað, sem leiddi til þess að full þátttaka þeirra í starfi ILO væri ekki möguleg. Ekki tóku önnur lönd undir þessa gagnrýni. Þingfulltrúar frá ríkjum Vestur-Evrópu voru sammála um að með gagnrýni sinni væru Sovétríkin og fylgiríki þeirra að skapa sér mótvægi við þá gagnrýni sem vestræn ríki hafa beint gegn Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Alls tóku 262 ræðumenn þátt í umræðum um skýrslu forstjórans, þar af 108 vinnumálaráðherrar.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Francis Blanchard, hélt svarræðu sína síðasta þingdaginn, 27. júní. Í inngangi hennar minnti hann á að þann 26. júní 1945, nákvæmlega fyrir 40 árum, hefði stofnskrá Sameinuðu þjóðanna verið undirrituð í San Francisco. Hann fjallaði um hlutverk Sameinuðu þjóðanna í alþjóðamálum og þann þátt sem Alþjóðavinnumálastofnunin rækir á sviði alþjóðamála, þ. e. alþjóðlegt vinnumálasamstarf. Forstjórinn gerði að umtalsefni nokkur atriði sem fram höfðu komið í umræðum og lauk ræðu sinni með því að gera grein fyrir því helsta sem gerst hafði á þinginu.

2.3. STARF ÞINGNEFNDA OG SAMVINNA VIÐ FULLTRÚA ANNARRA RÍKJA.

Eins og áður er getið störfuðu nefndir á þinginu að afmörkuðum málefnum. Sökum fámennis gátu fulltrúar Íslands ekki tekið þátt í störfum þeirra allra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim nefndum sem fulltrúar Íslands tóku þátt í og niðurstöðum mála þar.

a) **Fjárhagsnefnd (Finance Committee of Government Representatives)** þingsins fjallar um tillögu forstjóra og stjórnarnefndar um tekjur og gjöld Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Stofnunin fær rekstrarfjármagn fyrst og fremst með fjárframlögum aðildarríkjanna. Framlag hvers aðildarríkis er ákveðið með tilliti til nokkurra þátta, m. a. fólksfjölda og þjóðartekna á hvern einstakling. Útgjöldin eru rekstrargjöld vegna Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í Genf og kostnaður vegna ýmiss konar verkefna, fyrst og fremst í þróunarlöndunum.

Fjárhagsáætlun er jafnan gerð fyrir tvö ár í senn. Síðasta áætlun var fyrir árin 1984–85. Að þessu sinni lá fyrir nefndinni áætlun fyrir árin 1986–1987. Þingið samþykkti tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun fyrir þetta tímabil að upphæð 253 milljónir bandaríkjadala.

Framlag Íslands til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar þessi tvö ár verður samkvæmt þessu samtals 75 900 bandaríkjadalir, en Ísland greiðir 0,03% af heildarútgjöldum stofnunarinnar.

Fjárhagsnefndin er skipuð einum ríkisstjórnarfulltrúa frá hverju aðildarríki og er hún eina nefnd þingsins sem fulltrúar aðila vinnumarkaðarins eiga ekki sæti í. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein sendiherra.

b) Á þinginu starfaði þingnefnd sem fjallaði um **skipulagsmál (Committee on Structures).** Viðfangsefni nefndarinnar voru breytingar á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Kröfur um breytingar á valdahlutföllum og áhrifum innan stofnana Sameinuðu þjóðanna voru fyrst settar fram af þróunarlöndunum árið 1960. Þau urðu það ár fjölmennasti ríkjahópurinn innan Sameinuðu þjóðanna. Frá árinu 1961 hefur verið unnið að samningu breytingartillagna á stofnskrá ILO og öðrum endurbótum á skipulagi stofnunarinnar. Eftir árlegar umræður s. l. 24 ár á vinnumálaþingum, í stjórnarnefndinni og í þingnefndum hillir undir lausn þessa máls en allsherjarþingið samþykkti að taka skipulagsmálin til sérstakrar umfjöllunar á Alþjóðavinnumálaþinginu 1986 með það að markmiði að leysa þetta gamla deilumál. Grunnurinn að þessari samþykkt var lagður á Alþjóðavinnumálaþinginu 1983 en þá náðist samkomulag um þau fjögur atriði sem höfðu valdið mestum ágreiningi.

Í fyrsta lagi náðist málamiðlunarsamkomulag um að ráðningu stjórnarnefndar á forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skuli leggja fyrir vinnumálaþing til staðfestingar. Fram til þessa hefur stjórnarnefndin verið einráð í því efni.

Reglur um atkvæðagreiðslur hafa valdið miklum ágreiningi og verið gagnrýndar meðal annars af Norðurlöndunum. Sú regla gildir nú að til þess að tillaga nái fram að ganga verður rúmlega helmingur viðstaddra fulltrúa að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Í þessu felst að oft og tíðum er auðveldara að fella tillögu með því að sitja hjá í atkvæðagreiðslu en greiða atkvæði gegn henni. Þess má geta að sú staða hefur komið upp að greitt mótatkvæði hefur stuðlað að framgangi tillögu. Samkomulag er um að breyta reglunum þannig að hjáseta telst greitt atkvæði en jafnframt er lagt til að sett verði sem skilyrði fyrir því að tillaga nái fram að ganga að ákveðinn lágmarksfjöldi fulltrúa taki afstöðu til hennar, t. d. 20%.

Í núgildandi stofnskrá ILO er þess krafist að meiri hluti aðildarríkjanna samþykki breytingar á stofnskránni. Og til þess að hún öðlist gildi er nauðsynlegt að ⅔ aðildarríkjanna staðfesti breytinguna, þar af 5 af þeim 10 aðaliðnríkjum sem eiga fastasæti í stjórnarnefnd. Ef fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga verða fastasætin í stjórnarnefndinni afnumin og þar með ákvæðið um samþykki ríkjanna 5. Samhliða þessu verða kröfur um stuðning við breytingar á stofnskrá hertar. Lagt er til að krafist verði að ¾ aðildarríkja í stað ⅔ áður þurfi að samþykkja og staðfesta breytingu á stofnskránni þannig að hún öðlist gildi.

Eitt af vandasamari ágreiningsefnunum hefur verið kjör stjórnarnefndar. Í inngangi þessarar skýrslu kemur fram að í stjórnarnefnd eiga sæti samtals 56 fulltrúar. Einnig sitja fundi stjórnarnefndar varamenn annarra ríkja en þeirra sem eiga fastafulltrúa en þeir eru samtals 46. Á síðustu árum hefur þróunin orðið sú að sífellt er gerður minni munur á aðal- og varafulltrúum í stjórnarnefndinni. Samkvæmt breytingartillögunum er gert ráð fyrir að afnema þennan mun og að fulltrúum fjölgi úr 102 í 112, þ. e. a. s. að 56 verði **kjörnir** úr hópi fulltrúa ríkisstjórna, 28 úr hópi atvinnurekenda og 28 verði fulltrúar samtaka launafólks. Tekið er fram í tillögunum að stjórnarnefndin skuli endurspegla eins vel og hægt er landfræðilega legu og ólíka efnahags- og félagslega hagsmuni þeirra þriggja hagsmunahópa sem á þinginu starfa án þess að skerða sjálfstæði þeirra. Þessi breyting felur í sér m. a. að atvinnurekendur frá löndum sem búa við sósíaliskt hagkerfi eiga í fyrsta skipti raunhæfan möguleika að ná kosningu í stjórnarnefndina. Í öðru lagi er kveðið á um það að sæti ríkisstjórnarfulltrúa í stjórnarnefndinni skuli skiptast á milli 4 heimshluta að teknu tilliti til fjölda ríkja, fólksfjölda, efnahags (þjóðarframleiðslu eða árgjalds til ILO) en þó þannig að enginn heimshluti hljóti fleiri sæti er 15 og enginn færri en 12. Ríkisstjórnarfulltrúar frá heimshlutunum 4 skiptast í kjördeildir og kýs hver kjördeild fulltrúa til setu í stjórnarnefnd-

inni. Evrópa skiptist í tvær kjördeildir, þ. e. ein fyrir ríki Vestur-Evrópu og ein fyrir ríki Austur-Evrópu. Hver kjördeild skal gera samkomulag um bókun þar sem kveðið er á um skiptingu sætanna á milli þeirra landa sem deildin tekur til.

Eins og áður er getið náðist samkomulag á Alþjóðavinnumálaþinginu 1983 um ofangreint en eftir stóð að leysa eftirtalin þrjú atriði:

1) Reglur um val fulltrúa atvinnurekenda í stjórnarnefnd.
2) Skipting þeirra sæta í stjórnarnefnd sem falla í hlut ríkja Ameríku.
3) Aðild Ísraels að kjördeild.

Eftir marga fundi skipulagsnefndarinnar og töluvert málþóf var niðurstaða Alþjóðavinnumálaþingsins 1985 að fela forstjóra ILO, formanni skipulagsnefndarinnar, fulltrúum ríkjahópanna þriggja[1] og fulltrúum atvinnurekenda og launafólks að leysa ofangreind þrjú atriði. Á þinginu var gert ráð fyrir að þessir aðilar hittist á samningafundum í nóvember 1985 og febrúar eða mars 1986. Skýrsla um fundina verður lögð fyrir vinnumálaþingið 1986. Á því þingi verða skipulagsmálin tekin til sérstakrar umræðu á allsherjarþinginu og leitast við að leiða þetta 25 ára gamla deilumál til lykta.

Gylfi Kristinsson deildarstjóri var fulltrúi Íslands í skipulagsnefndinni.

c) Um **ályktunarnefnd (Resolutions Committee)** er fjallað í 17. gr. þingskapa ILO. Þar m. a. kveðið á um það að ekki megi hreyfa neinu máli sem ekki er á dagskrá þingsins nema þingfulltrúi hafi afhent forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar þingsályktunartillögu um það 15 dögum fyrir setningu Alþjóðavinnumálaþingsins. Að uppfylltum ákveðnum formskilyrðum skal ályktunarnefnd taka þær tillögur til umræðu sem borist hafa innan áskilins frests. Samkvæmt verklagsreglum sem gilda um starf nefndarinnar er tillögunum raðað í forgangsröð. Að hluta til er þetta gert með sérstöku forvali sem fer fram við upphaf nefndarstarfsins. Á þann hátt eru valdar 5 tillögur sem fyrst skulu teknar til afgreiðslu. Þeim tillögum sem þá eru eftir er raðað á dagskrá nefndarinnar af sérstakri undirnefnd sem ályktunarnefndin kýs í þessu skyni.

Nokkrir flokkadrættir voru meðal þingfulltrúa í nefndinni. Á fyrsta fundi hennar kom upp ágreiningur um kosningu formanns nefndarinnar. Fulltrúar ríkjanna 77 gerðu tillögu um ríkisstjórnarfulltrúa Senegal, hr. Sene, en lönd Vestur-Evrópu lögðu mikla áherslu á að fá kosinn ríkisstjórnarfulltrúa Belgíu, hr. Califice, vegna þess að þau höfðu ekki fengið kosinn neinn fulltrúa úr sínum hópi til virðingarstöðu á þinginu. Eftir fjölmarga óformlega viðræðufundi ákváðu fulltrúar Vestur-Evrópu að draga framboð hr. Califice til baka. Fulltrúi Senegal var þannig einróma kosinn formaður nefndarinnar og var þá hægt að velja tillögur í forgangsröð. Í leynilegri kosningu hlutu eftirtaldar 5 tillögur flest atkvæði:

1. Ályktun um brýnustu vandamál Afríku, sérstaklega matvælaskortinn.
2. Ályktun um ábendingar um aðgerðir til að sporna gegn hættu og slysum vegna notkunar hættulegra efna í iðnaði.
3. Ályktun um aukið framboð vinnu.
4. Ályktun varðandi vinnuskilyrði, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í dreifbýli.
5. Ályktun um starfsnefnd til að fjalla um alþjóðastaðla á sviði vinnumarkaðsmála.

Nefndinni tókst einungis að afgreiða tvær fyrstu ályktunartillögurnar til allsherjarþingsins en tugir breytingatillagna bárust við tillögurnar og var afgreiðsla nefndarinnar á þeim mjög tímafrek. Allsherjarþingið samþykkti báðar tillögurnar og verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir. Aðalfulltrúi Íslands í nefndinni var Hannes Hafstein. Gylfi Kristinsson og Þorsteinn Ingólfsson voru varafulltrúar.

d) **Nefnd um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla á vinnumarkaði (Committee on Equality in Employment)** tók til starfa á þinginu þann 8. júní. Hlutverk hennar var að fjalla um VII. dagskrárlið þingsins. Með hliðsjón af lokum kvennaáratugarins og ráðstefnu

1) Nánari grein er gerð fyrir þessum þremur ríkjahópum hér á eftir í f-lið.

Sameinuðu þjóðanna í Nairobi hafði aðstoðarforstjóra ILO verið falin umsjón með þessum dagskrárlið þingsins. Í nefndinni áttu sæti 180 fulltrúar. Formaður nefndarinnar var kosinn ríkisstjórnarfulltrúi Lesotho, ungfrú M. Pitso. Fyrir nefndinni lágu drög að ályktunartillögu og höfðu borist 218 breytingartillögur við hana. Sérstök undirnefnd var kosin til að fara yfir breytingartillögurnar með það fyrir augum að sameina tillögur sama efnis og reyna á þann hátt að flýta starfi nefndarinnar. Ekki tókst þó betur til um nefndarstarfið en svo að um tíma voru áhöld um að nefndinni tækist að afgreiða frá sér ályktunartillögu til allsherjarþingsins. Það tókst að lokum og er gerð efnisleg grein fyrir tillögunni hér á eftir. Lára V. Júlíusdóttir sat sem aðalfulltrúi í nefndinni en Kristján Þorbergsson sem varafulltrúi.

e) Fulltrúar Íslands komust ekki yfir að taka þátt í störfum fleiri nefnda á þinginu þótt það hefði verið æskilegt. Til dæmis er æskilegt að fylgjast með störfum **nefndar um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumarkaðsmála (Committee on the Application of Standards)** sem rannsakar hvernig aðildarríkin rækja þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í alþjóðasamþykktum sem þau hafa staðfest. Til skýringar er rétt að geta þess að samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu aðildarríki gefa stofnuninni skýrslu, að jafnaði annað hvert ár, um framkvæmd alþjóðasamþykkta sem þau hafa staðfest. Sérstök nefnd sérfræðinga rannsakar þessar skýrslur og er niðurstaða hennar grundvöllur starfs þingnefndarinnar. Þingnefndin velur nokkur kærumál sem hún tekur til nánari umfjöllunar. Að ýmsu leyti líkjast vinnubrögð nefndarinnar starfsháttum dómstóls. Málsaðilum er gefinn kostur á að gera grein fyrir máli sínu og að því loknu samþykkir nefndin ályktunarorð um kærumálið. Alls tók nefndin fyrir mál sem snertu 50 aðildarríki.

Í áðurnefndum niðurstöðum sérfræðinganefndarinnar um skýrslur aðildarríkja ILO um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála hefur nefndin gert athugasemdir við framkvæmd Íslands á Samþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu. Hún hefur talið að 180. gr. alm. hegningarlaga samrýmist ekki ákvæðum samþykktarinnar. Einnig hefur verið gerð athugasemd við ákvæði 80. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963 og talið að það samrýmdist ekki Samþykkt nr. 105 um afnám nauðungarvinnu. Ákvæðið er svo til óbreytt í núgildandi sjómannalögum. Þá hefur nefndin óskað eftir ítarlegum skýrslum um framkvæmd ákvæða í Samþykktum nr. 100 og 111 sem varða stöðu kynjanna á vinnumarkaðinum. Þess má geta að félagsmálaráðuneytið hefur komið athugasemdum ILO á framfæri við hlutaðeigandi ráðuneyti. Í sumum tilvikum hefur það leitt til aðgerða en öðrum ekki. Til dæmis hefur 180. gr. alm. hgl. verið afnumin með 10. gr. laga nr. 42/1985.

Einnig starfaði á þinginu sérstök nefnd sem fjallaði um aðskilnaðarstefnu ríkisstjórnar Suður-Afríku, kjörbréfanefnd, allsherjarnefnd, nefnd sem fjallaði um varúðarráðstafanir við vinnu við asbest o. fl. nefndir.

f) Á þinginu á sér stað víðtækt **samráð og samvinna milli fulltrúa einstakra ríkja** sem fer fram í sérstökum hópum. Landfræðileg lega og þjóðfélagsgerð ræður mestu um það hvernig lönd skiptast í hópa. Þrír slíkir eru mest áberandi á þinginu. Í einum hópi eru fulltrúar Vestur-Evrópu, Bandaríkjanna, Japans og Kanada. Þessi hópur er kenndur við skammstöfunina IMEC (Industrialized Market Economy Countries). Í öðrum hópi eru fulltrúar landanna 77. Fulltrúar sósíalísku landanna skipa þriðja hópinn. IMEC-hópurinn hittist daglega á fundum allan þingtímann. Á þessum fundum var farið yfir stöðu mála í einstökum þingnefndum og skipst á skoðunum um þau. Gylfi Kristinsson tók þátt í fundum IMEC-hópsins fyrir hönd Íslands.

Fulltrúar ríkisstjórna Norðurlandanna hittust tvívegis á sérstökum fundum. Hannes Hafstein, Gylfi Kristinsson og Þorsteinn Ingólfsson tóku þátt í fundunum.

Þess skal getið að fulltrúar aðila vinnumarkaðarins taka þátt í fundum hliðstæðra hópa.

2.4. HAGSKÝRSLUR UM ATVINNUMÁL.

Á þinginu voru til annarrar umræðu drög að samþykkt og tillögu um hagskýrslur um atvinnumál. Hér var um að ræða endurskoðun á samþykkt nr. 63 frá árinu 1938 um

hagskýrslur um laun og vinnutíma í veigamestu greinum námavinnslu og verksmiðjuiðnaðar, þar á meðal byggingavinnu og í landbúnaði. Bæði samþykktin og tillagan hlutu lokaafgreiðslu á þinginu.

Þess má geta að samþykktin frá 1938 þótti ekki vera lengur í takt við tímann og því nauðsynlegt að gera nýja samþykkt. Á þann hátt verði stuðlað að því að tölfræðilegar upplýsingar um málefni vinnumarkaðarins frá þeim aðildarríkjum ILO sem staðfesta samþykktina verði sambærilegri og betri grundvöllur fyrir áætlanagerð á þessu sviði.

Samkvæmt 1. gr. samþykktarinnar, sem nefnist Samþykkt nr. 160 um hagskýrslugerð um atvinnumál, eru þau lönd sem staðfesta hana skuldbundin til að taka að sér að safna, skrá og gefa út reglulega tölfræðilegar upplýsingar um undirstöðuatriði vinnumála. Meðal þeirra atriða sem talin eru upp í greininni eru upplýsingar um fjölda á vinnumarkaði, atvinnuástand, atvinnuleysi og ef því verður við komið upplýsingar um dulið atvinnuleysi. Einnig skal veita upplýsingar um skiptingu fólks í starfsgreinar, meðaltekjur, vinnutíma, tekjudreifingu, laun og launatengd gjöld, framfærsluvísitölu, útgjöld heimilanna, vinnuslys og vinnudeilur. Í samþykktinni er lögð áhersla á samræmingu á notkun hugtaka og skilgreininga í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Tillagan sem fylgir samþykktinni hefur að geyma leiðbeiningar um það hvernig auka megi samanburðarhæfni ofangreindra upplýsinga.

Samþykktin er birt í heild sinni sem fylgiskjal nr. 1 og tillagan sem fylgiskjal nr. 3.

2.5. HEILSUGÆSLA Á VINNUSTÖÐUM.

Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi einnig samþykkt og tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum. Samþykktin gerir ráð fyrir samstarfi atvinnurekenda og launafólks um fyrirbyggjandi heilsugæslu innan fyrirtækja og bætt vinnuumhverfi.

Í fyrsta kafla hennar er fjallað um stefnu stjórnvalda. Meðal annars er kveðið á um það í 2. gr. að þau ríki sem staðfesta samþykktina skuli móta, framkvæma og endurskoða reglulega í samráði við samtök aðila vinnumarkaðarins samræmda stefnu varðandi heilsugæslu á vinnustöðum. Þriðja greinin er um skuldbindingu aðildarríkis til að efla smám saman heilsugæslu fyrir allt launafólk.

Í öðrum kaflanum er hlutverk heilsugæslunnar skilgreint. Í 5. gr. er til dæmis kveðið á um það að eitt af hlutverkum heilsugæslu sé að finna og meta þá þætti á vinnustað sem stofna heilsu starfsfólks í hættu. Einnig að hafa eftirlit með þeim þáttum á vinnustað og vinnuaðferðum sem kunna að hafa áhrif á heilsu starfsmanna, t. d. hreinlætisaðstöðu, matstofum og húsnæði.

Þriðji kaflinn er um skipulagningu heilsugæslu. Í 7. gr. segir að heilsugæslu á vinnustöðum megi skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki eftir því sem henta þykir.

Fjallað er um rekstur heilsugæslu í fjórða kaflanum og þær kröfur sem hlutaðeigandi stjórnvöld skuli gera um hæfni starfsmanna heilsugæslunnar.

Lokakaflinn, sjötti kaflinn, er um almenn ákvæði.

Samþykktin og tillagan eru birtar hér á eftir sem fylgiskjöl nr. 2 og 4.

2.6. ÞINGSÁLYKTANIR.

Fjórar þingsályktunartillögur komu frá þingnefndum til afgreiðslu allsherjarþingsins og voru þær allar samþykktar. Hér verður gerð efnisleg grein fyrir þessum tillögum.

a) Önnur tveggja tillagna sem álykturnarnefndin afgreiddi til allsherjarþingsins fjallaði um **brýnustu vandamál Afríku — sérstaklega matvælaskortinn.** Í tillögunni er skorað á öll ríki heimsins, sérstaklega iðnríkin, sem og alþjóðastofnanir að auka stuðning sinn við þau lönd Afríku sem hafa orðið fyrir barðinu á þurrkum. Sérstök áhersla er lögð á aukinn stuðning til að bæta úr skorti á lyfjum og matvælum. Ennfremur að aðstoðin taki mið af því

að tryggja sjálfstæða efnahags- og félagslega þróun í Afríku. Einnig er skorað á Alþjóðavinnumálastofnunina að halda áfram að auka umsvif sín í Afríku og aðstoða ríki álfunnar við að leysa brýnustu vandamál sín sem eru atvinnuleysi, matvælaskortur og fátækt. Í tillögunni er því beint til stofnunarinnar að hún noti öll tæki til að veita löndum Afríku sérstaka aðstoð sem beinist að efnahagslegri og félagslegri þróun ríkjanna. Í niðurlagi tillögunnar eru taldar upp nokkrar ráðstafanir sem stjórnarnefnd og forstjóri ILO eiga að veita sérstakan forgang vegna aðstoðar við lönd Afríku. Með tillögunni fylgir viðauki sem ber yfirskriftina: Áætlun um aðgerðir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í þágu Afríku.

b) Seinni tillagan sem ályktunarnefndin afgreiddi fjallar **um aðgerðir til að sporna gegn hættu og slysum vegna notkunar hættulegra efna í iðnaði.** Í þessari ályktunartillögu lýsa aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar yfir áhyggjum sínum vegna fjölgunar alvarlegra iðnaðarslysa sem hafa valdið dauða eða örkumlum þúsunda manna. Áhersla er lögð á það í ályktuninni að aðildarríkin móti þegar stefnu sem hafi það markmið að draga úr hættu vegna meðferðar hættulegra efna í framleiðslu, við flutning þeirra og geymslu og aðra meðhöndlun. Í tillögunni eru talin upp nokkur atriði sem gætu þjónað þessu markmiði.

c) Þingið samþykkti tillögu **um jafnrétti á vinnumarkaði** frá nefndinni sem fjallaði um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í ályktuninni er lögð áhersla á aukna atvinnuþátttöku kvenna og jafnan rétt til atvinnu, án tillits til efnahagsástands eða aðstæðna á vinnumarkaði, til að gera þeim kleift að leggja sitt af mörkum til efnahagsuppbyggingar og félagslegrar uppbyggingar landa sinna.

Þar sem atvinnuleysi bitnar meira á konum en körlum lagði þingið til að sami mælikvarði yrði notaður fyrir alla varðandi uppsagnir og brottrekstur úr starfi, að fólki væri ekki mismunað vegna kyns, hjúskaparstéttar eða aldurs, og að konur nytu sérstakrar verndar í starfi vegna þungunar og barnsburðarleyfis. Sérstakar áætlanir ætti að gera vegna kvenna og annarra hópa sem óskuðu eftir að koma aftur á vinnumarkað eftir hlé frá störfum.

Í tillögunni lýsir þingið yfir því að konur í dreifbýli eigi að hafa jafnan rétt og karlar til eignar á landi, til menntunar, tækniþjálfunar og endurmenntunar, lánafyrirgreiðslu og annarrar fyrirgreiðslu.

Þingið ítrekaði þörfina á því að sömu laun væru greidd fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf og að nauðsynlegt væri að tryggja að röðun starfa og starfsmat væri óháð kyni.

Einnig er þess krafist að konur taki fullan þátt í ákvörðunum á öllum stigum þjóðfélagsins og að átak verði gert til að tryggja konum fulla þátttöku á vettvangi félags-, efnahags- og stjórnmála.

Í niðurlagi tillögunnar er þess óskað að stjórnarnefnd ILO láti athuga þörfina fyrir viðbótarsamþykkt við Samþykktina um jafna stöðu og jöfn tækifæri og að endurskoðuð verði Samþykkt nr. 89 um næturvinnu kvenna í iðnaði í ljósi fenginnar reynslu og þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað svo og með tilliti til þeirrar vísinda- og tækniþekkingar sem fyrir hendi er.

d) Þingið samþykkti ályktun **um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu stjórnvalda Suður-Afríku.** Í ályktuninni ítrekar þingið fullan stuðning sinn við yfirlýsingu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 1974, sem var endurskoðuð 1981, varðandi kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku og áætlun um aðgerðir og framkvæmd þeirra. Með hliðsjón af skýrslu forstjórans um aðskilnaðarstefnuna samþykkti þingið að lögð skyldi meiri áhersla á aðgerðir aðildarríkja ILO á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Í ályktuninni er Alþjóðavinnumálastofnunin hvött til að rannsaka fjárfestingu í svonefndum „heimahéruðum“ (homelands) sem hafa verið stofnuð í Suður-Afríku og kanna hvaða áhrif hún hefur á svarta launþega. Einnig er stofnunin hvött til að afla upplýsinga um erlenda fjárfestingu og erlendar lánveitingar til Suður-Afríku.

Þingið endurtók tilmæli sín um að skipulagt verði á vegum Sameinuðu þjóðanna bann við flutningi olíu til Suður-Afríku. Í ályktuninni er hvatt til eins mikillar aðstoðar við

grannríki Suður-Afríku og mögulegt er til að verja þau gegn efnahagslegum skemmdarverkum og undirróðri. Þingið endurtók óskir sínar til fjölþjóðafyrirtækja um að þau beini fjárfestingum sínum til ríkja, sem eiga aðild að ráðstefnu sem fjallar um samræmingu á þróun í suðurhluta Afríku.

2.7 ÚTDRÁTTUR ÚR RÆÐU FORSÆTISRÁÐHERRA INDLANDS, RAJIV GANDHI.

Í kafla 2.1 var þess getið að forstjóri ILO býður venjulega einum eða fleiri heiðursgestum til Alþjóðavinnumálaþingsins. Um er að ræða menn sem hafa getið sér gott orð fyrir baráttu eða aðgerðir sem stuðla að auknu félagslegu réttlæti í heiminum eða heimalandi hlutaðeigandi. Sérstakur heiðursgestur 71. Alþjóðavinnumálaþingsins var forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi. Hann hélt ræðu á hátíðarfundi allsherjarþingsins sem haldinn var 17. júní 1985. Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr ræðu Gandhis.

Í inngangi ræðu sinnar þakkaði forsætisráðherrann fyrir þann heiður að fá að ávarpa Alþjóðavinnumálaþingið. Því næst gerði hann að umtalsefni baráttu þeirra sem minna mega sín í heiminum. Hann sagði að þeir sem þjáðust af fátækt, matvælaskorti eða væru olnbogabörn í löndum sínum hefðu unnið marga mikilvæga sigra en baráttan yrði að halda áfram. Milljónum fátæklinga í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku væri meinað um brýnustu mannréttindi. Jafnvel nú á tímum væri hungur staðreynd í nokkrum heimsálfum. Gandhi sagði að fjalla ætti um hlutverk Alþjóðavinnumálastofnunarinnar út frá þessu sjónarhorni. Grundvallarhlutverk ILO er að tryggja með alþjóðasamvinnu félagslegt réttlæti og frið. Á sama hátt og Alþjóðavinnumálastofnunin hefði verið svar heimsins við misnotkun vinnunnar hefði kerfi Sameinuðu þjóðanna í heild sinni verið svar við óskum um varðveislu friðar og reglu í heiminum. Í ræðunni fór hann nokkrum orðum um það hvernig Sameinuðu þjóðunum hefði tekist að uppfylla þær vonir sem bundnar hefðu verið við samtökin og gat þess að þrátt fyrir að vopnuð átök brjótist enn út hefði trúin á sameiginlegar aðgerðir með aðstoð alþjóðasamtaka styrkst. Forsætisráðherrann lagði áherslu á þá skoðun Indverja að vandamál líðandi stundar verði einungis leyst með endurnýjaðri trú á grundvallaratriði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Í ræðunni gerði Rajiv Gandhi að umtalsefni baráttu Indverja fyrir sjálfstæði og hvernig fjöldahreyfing með þátttöku verkafólks í iðnaði og landbúnaði hefði skilað þeim árangri sem nægði til sigurs. Hann benti á að við gerð stjórnarskrár Indlands hefði því verið lýst yfir að ríkið skyldi tryggja réttlátar og mannúðlegar vinnuaðstæður sem leiddu til lífvænlegra launa og mannsæmandi lífsafkomu launafólks í iðnaði, landbúnaði og öðrum starfsgreinum. Forsætisráðherrann lýsti með nokkrum orðum þeirri félagsmála- og efnahagsstefnu sem Jawaharlal Nehru fylgdi.

Gandhi fjallaði um stöðu atvinnuleysingja. Hann sagði að árangurinn af brautryðjendastarfi ILO á sviði vinnulöggjafar væri mjög athyglisverður og í grundvallaratriðum væru þær hugmyndir sem búa að baki stöðlum stofnunarinnar viðteknar hvar sem er í heiminum. Lífskjör og vinnuaðstæður launafólks hefðu batnað verulega. Þetta ætti þó fyrst og fremst við um þá sem væru í vinnu. Forsætisráðherrann varpaði fram þeirri spurningu hvað Alþjóðavinnumálastofnunin gæti gert til að aðstoða þann hluta vinnuaflsins sem er atvinnulaus og utan verkalýðsfélaga. Yfirgnæfandi meirihluti fólks í þróunarlöndunum býr við þessar aðstæður.

Rajiv Gandhi ræddi um iðnaðarslysið í Bhopal á Indlandi sem hann sagði sýna þær hættur sem fólgnar eru í umhverfi þess iðnverkafólks sem vinnur við hátækniiðnað. Forsætisráðherrann sagði Indverja hafa gripið til margs konar aðgerða til að milda á beinan og óbeinan hátt hörmulegar afleiðingar af slysinu. Hann sagði það hlutverk alþjóðastofnana, þar á meðal Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, að taka til umræðu hinar yfirgripsmeiri hliðar þessa máls eins og spurninguna um félagslega ábyrgð fjölþjóðafyrirtækja.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 160 um hagskýrslugerð um atvinnumál.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um breytingar á samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma, nr. 63 frá 1938, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag, 25. júní 1985, eftirfarandi samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sérhvert aðildarríki sem staðfestir þessa samþykkt skuldbindur sig til þess að safna, skrá og gefa út reglulega tölfræðilegar upplýsingar um undirstöðuatriði atvinnumála og skal við þær bæta smám saman þar til þær ná til eftirfarandi þátta:

a. fjölda virkra þegna við atvinnustarfsemi, atvinnuástands, atvinnuleysis, þar sem það á við, og augljóslega ónógrar atvinnu, eftir því sem unnt er;
b. samsetningar og skiptingar þeirra þjóðfélagshópa sem stunda atvinnustarfsemi, svo að unnt sé að gera nákvæma greiningu, svo og til viðmiðunar;
c. meðaltekna og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) og, þar sem það á við, tímakaups og venjulegrar lengdar vinnutíma;
d. launataxta og -dreifingar;
e. launakostnaðar;
f. vísitölu framfærslukostnaðar;
g. heimilisútgjalda eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjalda og, þar sem því verður við komið, heimilistekna eða, þar sem það á við, fjölskyldutekna;
h. vinnuslysa og, eftir því sem við verður komið, atvinnusjúkdóma; og
i. vinnudeilna.

2. gr.

Aðildarríkin skulu hafa hliðsjón af nýjustu stöðlum og viðmiðunarreglum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur sett, um hönnun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðum sem beitt er þegar tölfræðilegum upplýsingum er safnað, þær skráðar og út gefnar samkvæmt þessari samþykkt.

3. gr.

Hafa skal samráð við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, svo að unnt sé að taka tillit til þeirra og tryggja samvinnu þeirra, um hönnun eða endurskoðun á hugtökum, skilgreiningum og aðferðum sem beitt er þegar tölfræðilegum upplýsingum er safnað, þær skráðar og út gefnar samkvæmt þessari samþykkt.

4. gr.

Þessi samþykkt skuldbindur engan til að birta eða gera heyrinkunnug gögn sem gætu leitt til þess að opinberaðar séu að einhverju leyti upplýsingar um einstakar staðtölueiningar, svo sem einstakling, heimili, stofnun eða fyrirtæki.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem staðfest hefur þessa samþykkt, skuldbindur sig til að senda til Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, svo fljótt sem því verður við komið, þær tölfræðilegu upplýsingar sem skráðar hafa verið og gefnar út skv. ákvæðum samþykktarinnar, auk upplýsinga um útgáfu þeirra, einkum:

a. upplýsingar um útgáfumáta (titlar og tilvísunarnúmer þegar um prentað mál er að ræða og samsvarandi upplýsingar þegar gögnin eru birt á annan hátt); og
b. upplýsingar um síðustu dagsetningar eða tímabil, sem skýrslur taka til svo og um útgáfu eða birtingartíma þeirra.

6. gr.

Nákvæm lýsing á heimildum, hugtökum, skilgreiningum og aðferðum, sem notaðar eru við skýrslugerð samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, skal:

a. gerð og endurskoðuð svo að fram komi breytingar sem þýðingu hafa;
b. send til Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar svo fljótt sem því verður við komið; og
c. gefin út á vegum hlutaðeigandi opinberrar stofnunar.

II. KAFLI

Hagskýrslur um undirstöðuatriði atvinnumála.

7. gr.

Skýrslugerð um virka íbúa við atvinnustarfsemi, atvinnuástand, atvinnuleysi, þar sem það á við, og augljóslega ónóga atvinnu, þar sem því verður við komið, skal unnin með þeim hætti að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

8. gr.

Skýrslugerð um samsetningu og dreifingu þeirra þjóðfélagshópa sem eru virkir við atvinnustarfsemi skal unnin með þeim hætti að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu, svo að unnt sé að gera nákvæma greiningu, svo og til viðmiðunar.

9. gr.

1. Skýrslur um meðaltekjur og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) skulu færðar þannig að þær nái til allra mikilvægra starfsstétta og allra mikilvægra þátta atvinnulífsins og með þeim hætti að þær gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

2. Þar sem það á við skal færa skýrslur um tímakaup og venjulegan vinnutíma í mikilvægum atvinnugreinum eða nokkrum atvinnugreinum í mikilvægum þáttum atvinnulífsins og með þeim hætti að þær gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

10. gr.

Skýrslur um launataxta og -dreifingu skulu skráðar fyrir allar starfsstéttir á mikilvægum sviðum atvinnulífsins.

11. gr.

Gera skal hagskýrslur um launakostnað á mikilvægum sviðum atvinnulífsins. Slíkar skýrslur skulu vera í samræmi við upplýsingar um atvinnuástand og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir) í sama mæli, ef því verður við komið.

12. gr.

Reikna skal vísitölu framfærslukostnaðar til þess að fylgjast með verðbreytingum á neysluvörum stórra þjóðfélagshópa eða allra þegnanna.

13. gr.

Færa skal skýrslur um heimilisútgjöld eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjöld og, þar sem því verður við komið, heimilistekjur eða, þar sem það á við, fjölskyldutekjur og skal skýrslugerðin ná til allra tegunda og stærða einkaheimila eða fjölskyldna þannig að hún gefi til kynna ástandið á öllu landinu.

14. gr.

1. Skýrslur um vinnuslys skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

2. Skýrslur um atvinnusjúkdóma skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

15. gr.

Skýrslur um vinnudeilur skulu færðar á þann hátt að þær gefi til kynna ástandið á landinu öllu og skulu þær ná til allra þátta atvinnulífsins ef því verður við komið.

III. KAFLI

Skuldbindingar.

16. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem staðfestir þessa samþykkt, skal samkvæmt hinum almennu ákvæðum í I. kafla skuldbinda sig til að framfylgja ákvæðum einnar eða fleiri greina samþykktarinnar eins og þær eru tilgreindar í II. kafla hennar.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina í staðfestingu sinni hvaða grein eða greinum í II. kafla samþykktarinnar það skuldbindur sig til að framfylgja.

3. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt getur síðar tilkynnt forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að það hyggist staðfesta eina eða fleiri greinar í II. kafla samþykktarinnar til viðbótar þeim greinum sem það hefur samþykkt áður. Slíkar tilkynningar jafngilda staðfestingu frá þeim degi sem þær eru sendar.

4. Sérhvert aðildarríki sem staðfest hefur þessa samþykkt skal í skýrslum sínum um framkvæmd hennar samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar tilgreina hvaða áhrif lög og venjur landsins hafa á þá málaflokka sem ákvæði greina II. kafla samþykktarinnar ná til með tilliti til þess hvaða greinar það hefur ekki samþykkt og hvaða greinar eru þegar komnar til framkvæmda eða er ætlað að koma til framkvæmda varðandi þessa málaflokka.

17. gr.

1. Aðildarríki er heimilt að takmarka fyrst í stað skýrslugerð um þá grein eða greinar í II. kafla samþykktarinnar, sem það hefur staðfest, við tilteknar starfsstéttir, tiltekna þætti efnahagslífsins, tiltekinn hluta atvinnulífsins eða tiltekna landshluta.

2. Sérhvert aðildarríki, sem takmarkar skýrslugerð sína samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka fram í fyrstu greinargerð sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, til hvaða greinar eða greina í II. kafla samþykktarinnar slíkar takmarkanir ná og einnig ástæður fyrir þeim og í hverju þær eru fólgnar. Í síðari greinargerð skal tilgreina að hve miklu leyti hefur reynst kleift eða ætlunin er að láta hinar tölfræðilegu upplýsingar ná einnig til annarra starfsstétta, annarra þátta efnahagslífsins, annarra atvinnugreina eða annarra landshluta.

3. Aðildarríki er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, að takmarka síðar umfang hagskýrslugerðar sinnar samkvæmt þeirri grein eða greinum II. kafla samþykktarinnar sem það hefur skuldbundið sig til að framfylgja, með því að senda yfirlýsingu til forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar innan mánaðar frá því að hvert heilt ár er liðið frá því að samþykktin gekk fyrst í gildi. Slíkar yfirlýsingar ganga í gildi einu ári eftir að þær hafa verið skráðar. Sérhvert aðildarríki sem tilkynnir um slíkar takmarkanir skal í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, gefa þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 2. tölulið þessarar greinar.

18. gr.

Með þessari samþykkt eru gerðar breytingar á Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma frá 1938.

IV. KAFLI

Lokaákvæði.

19. gr.

Formlega staðfestingu á þessari samþykkt skal senda til forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

20. gr.

1. Forsenda þess að aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar séu skuldbundin til að hlíta ákvæðum þessarar samþykktar er að forstjóri hennar hafi skráð staðfestingu þeirra.

2. Samþykktin gengur í gildi einu ári eftir að forstjórinn hefur skráð staðfestingu tveggja aðildarríkja.

3. Eftir það tekur samþykktin gildi fyrir sérhvert aðildarríki einu ári eftir að staðfesting þess hefur verið skráð.

21. gr.

1. Aðildarríki, sem hefur þegar staðfest þessa samþykkt, er heimilt að segja henni upp þegar 10 ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi með því að senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar yfirlýsingu þess efnis til skráningar. Slík synjun gengur ekki í gildi fyrr en einu ári eftir að hún hefur verið skráð.

2. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt og notfærir sér ekki heimild sína til að segja henni upp samkvæmt ákvæðum þessarar greinar innan árs frá því að tíu ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi, sbr. 1. tölulið, er skuldbundið til að hlíta ákvæðum

samþykktarinnar í önnur tíu ár en getur síðan hafnað henni að hverju tíu ára tímabili liðnu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

3. Aðildarríki, sem hefur staðfest þessa samþykkt er heimilt, að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, eftir að fimm ár eru liðin frá því að samþykktin gekk fyrst í gildi, með því að senda yfirlýsingu til forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, að draga til baka staðfestingu sína á ákvæðum samþykktarinnar varðandi eina eða fleiri greinar í II. kafla, svo fremi það standi við skuldbindingar sínar um a. m. k. eina þessara greina. Slík yfirlýsing gengur ekki í gildi fyrr en ár er liðið frá því að hún var skráð.

4. Sérhvert aðildarríki sem hefur staðfest þessa samþykkt og notfærir sér ekki heimild sína til að segja henni upp samkvæmt ákvæðum 3. töluliðar þessarar greinar innan árs frá því að fimm ár eru liðin frá því að hún gekk fyrst í gildi, er skuldbundið til að hlíta ákvæðum greina II. kafla, að svo miklu leyti sem það hefur staðfest samþykktina, í önnur fimm ár en getur síðan sagt henni upp að hverju fimm ára tímabili liðnu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

22. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skráningu sérhverrar staðfestingar og uppsagnar sem til hans berst frá aðildarríkjum stofnunarinnar.

2. Um leið og forstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um skráningu annarrar staðfestingarinnar sem honum hefur borist skal hann vekja athygli aðildarríkjanna á því hvenær samþykktin gengur í gildi.

23. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna, til skráningar samkvæmt ákvæðum 102. greinar stofnskrár Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um sérhverja staðfestingu og allar uppsagnir sem hann hefur skráð samkvæmt ákvæðum greinanna hér að framan.

24. gr.

Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal, þegar hún telur það tímabært, gefa allsherjarþinginu skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar, svo og athuga hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun á henni allri eða hluta hennar.

25. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að öllu leyti eða að hluta og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. staðfesting aðildarríkis á hinni nýju samþykkt samkvæmt skilningi laganna hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem líður ákvæðum 21. greinar hér að framan, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að staðfesta þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt hefur gengið í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en ekki hina nýju samþykkt.

26. gr.

Enskur og franskur texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

Samþykkt nr. 161 um heilsugæslu á vinnustöðum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þess að eitt af hlutverkum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samkvæmt stofnskrá hennar er að vernda launafólk fyrir veikindum, sjúkdómum og slysum af völdum starfs þess,

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og -tillagna sem þetta mál varða og þá einkum tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum frá 1953, tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959, Samþykktar um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað frá 1971 og Samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við vinnu og starfsumhverfi frá 1981, sem liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum í hverju landi,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um heilsugæslu á vinnustöðum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag, 26. júní 1985, eftirfarandi samþykkt sem nefnist Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985:

I. KAFLI

Stefna stjórnvalda.

1. gr.

Í þessari samþykkt tekur

a. hugtakið „heilsugæsla á vinnustöðum“ til þeirrar þjónustu sem einkum er ætlað að vera til forvarnar og til að veita atvinnurekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra ráð um það:
   i. hvað gera þarf til að skapa og viðhalda öruggu og heilsusamlegu umhverfi sem stuðli að sem bestri líkamlegri og andlegri heilsu við vinnu;
   ii. hvernig laga má störf að hæfileikum starfsmanna þannig að þau miðist við líkamlega og andlega heilsu þeirra;
b. hugtakið „trúnaðarmenn launafólks“ til þeirra manna sem hafa hlotið viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki skal móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu, sem nær til alls landsins, í heilsugæslu á vinnustöðum og skal í þeim efnum miða við ástand og venjur í landinu og hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru fyrir hendi.

3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að efla smám saman heilsugæslu fyrir allt launafólk, m.a. það sem starfar hjá hinu opinbera og framleiðslusamvinnufélögum, svo og í öllum greinum atvinnulífs og öllum fyrirtækjum. Þær ráðstafanir sem gerðar eru skulu vera fullnægjandi og við hæfi miðað við þær hættur sem hinum tilteknu framkvæmdum eru samfara.

2. Ef ekki er unnt að koma við heilsugæslu án tafar í öllum fyrirtækjum skal aðildarríki gera áætlanir um að stofna til slíkrar þjónustu í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks þar sem þau eru fyrir hendi.
3. Aðildarríki skal, í fyrstu skýrslu sinni um framkvæmd samþykktarinnar, sem lögð er fram samkvæmt ákvæðum 22. greinar stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, tilgreina hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar samkvæmt ákvæðum 2. töluliðar þessarar greinar og gefa í síðari skýrslum yfirlit yfir það hvernig til hefur tekist um framkvæmd slíkra ráðstafana.

4. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu hafa samráð um það við samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, hvað gera skuli til þess að fullnægja ákvæðum þessarar samþykktar.

II. KAFLI

Hlutverk heilsugæslu.

5. gr.

Án þess að dregið sé úr ábyrgð sérhvers atvinnurekanda á heilsu og öryggi launafólks í þjónustu hans og með fullu tilliti til þess að launafólkið eigi hlutdeild í ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja heilsugæslu og öryggi á vinnustöðum, skal heilsugæslan gegna eftirtöldum hlutverkum eftir því sem er hæfilegt og viðeigandi miðað við þær hættur sem eru samfara hinu tiltekna starfssviði:

a. að finna og meta þá þætti á vinnustað sem stofna heilsu starfsmanna í hættu;
b. að hafa eftirlit með þeim þáttum á vinnustað og í vinnuháttum sem kunna að hafa áhrif á heilsu starfsmanna, svo sem hreinlætisaðstöðu, matstofum og húsnæði, þar sem atvinnurekandi leggur slíkt til;
c. að gefa ráð um áætlanir og skipulagningu vinnu, þ.m.t. hönnun vinnustaða, val, viðhald og ástand véla og annarra tækja og efnis sem notað er við vinnuna;
d. að taka þátt í áætlanagerð til endurbóta á vinnuháttum, svo og í prófun og mati á nýjum tækjum með tilliti til áhrifa þeirra á heilsu manna;
e. að gefa ráð um heilsugæslu, öryggi og hreinlæti, svo og um vinnuvistfræði og einstaklingsbundinn og sameiginlegan varnarbúnað;
f. að fylgjast með heilsu launafólks hvað við kemur störfum þess;
g. að stuðla að því að starfið sé lagað að starfsmanninum;
h. að leggja sitt af mörkum til endurmenntunar launafólks,
i. að aðstoða við upplýsingaöflun, þjálfun og fræðslu um heilsugæslu, hreinlæti og vinnuvistfræði;
j. að skipuleggja skyndihjálp og neyðarhjálp;
k. að taka þátt í greiningu vinnuslysa og atvinnusjúkdóma.

III. KAFLI

Skipulagning.

6. gr.

Ráðstafanir skal gera til að koma á fót heilsugæslu:

a. með setningu laga eða reglugerða; eða
b. með heildarsamkomulagi eða með þeim hætti öðrum sem hlutaðeigandi atvinnurekendur og launafólk samþykkja; eða
c. með hverjum þeim hætti öðrum sem hlutaðeigandi stjórnvöld hafa samþykkt að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks.

7. gr.

1. Heilsugæslu á vinnustöðum má skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki, eftir því sem henta þykir.
2. Eftirtaldir aðilar geta skipulagt heilsugæsluna og fer það eftir aðstæðum og venjum í hverju landi:

a. hlutaðeigandi fyrirtæki eða hópar fyrirtækja;
b. stjórnvöld eða opinberar þjónustustofnanir;
c. almannatryggingastofnanir;
d. hver sá annar aðili sem til þess hefur fengið heimild hlutaðeigandi stjórnvalds;
e. einhverjir hinna ofangreindu aðila í samvinnu.

8. gr.

Atvinnurekandi, launafólk og trúnaðarmenn þess, þar sem þeir eru fyrir hendi, skulu hafa samvinnu um og taka þátt í skipulagningu og framkvæmdum við heilsugæsluna, eftir því sem við verður komið.

IV. KAFLI

Rekstraraðstæður.

9. gr.

1. Heilsugæslan ætti að vera alhliða samkvæmt lögum og venjum í hverju landi. Hvaða starfsmenn eru ráðnir til hennar ræðst af því hvers eðlis vinnan er.
2. Heilsugæslan skal gegna starfi sínu í samvinnu við aðra þjónustu í fyrirtækinu.
3. Gera skal ráðstafanir, samkvæmt lögum og venjum landsins, til að tryggja nægilega samvinnu og samræmingu milli heilsugæslu á vinnustöðum og, eftir því sem við á, við þá aðila aðra sem veita heilbrigðisþjónustu.

10. gr.

Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað skulu í starfi sínu vera algerlega óháðir atvinnurekendum, launafólki og trúnaðarmönnum þess, þar sem þeir eru fyrir hendi, þegar þeir rækja þau hlutverk sem tilgreind eru í 5. gr.

11. gr.

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu ákveða hvaða kröfur skal gera um hæfni starfsmanna við heilsugæslu á vinnustöðum og fer það eftir eðli þeirra starfa sem vinna skal, svo og eftir lögum og venjum í landinu.

12. gr.

Eftirlit með heilsu launafólks, hvað varðar störf þess, skal ekki valda því tekjutapi; það á að vera ókeypis og fara fram í vinnutíma að svo miklu leyti sem því verður við komið.

13. gr.

Öllu launafólki skal gerð grein fyrir því að hvaða leyti störf þess geta verið heilsuspillandi.

14. gr.

Atvinnurekandi og starfsmenn skulu tilkynna heilsugæslu um þekkta og meinta áhættuþætti á vinnustað sem gætu haft áhrif á heilsu launafólks.

15. gr.

Heilsugæsla á vinnustað skal fá upplýsingar um veikindi starfsmanna og veikindaforföll svo að hún geti gengið úr skugga um hvort nokkurt samband sé á milli veikinda og

veikindaforfalla og nokkurra þeirra áhættuþátta á vinnustað sem gætu verið heilsuspillandi. Starfsmönnum heilsugæslu á vinnustað er ekki skylt að sannreyna ástæður veikindaforfalla að beiðni atvinnurekanda.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Í lögum eða reglugerðum landsins skal tiltekið hvaða stjórnvöld skulu hafa eftirlit með heilsugæslu á vinnustöðum þegar henni hefur verið komið á fót, svo og að veita henni ráðgjöf.

17. gr.

Formlegar staðfestingar þessarar samþykktar skulu sendar forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

18. gr.

1. Samþykkt þessi skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem látið hafa forstjóra skrá staðfestingar sínar.
2. Hún skal öðlast gildi tólf mánuðum eftir að staðfestingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá forstjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki tólf mánuðum eftir að staðfesting þess hefur verið skráð.

19. gr.

1. Aðildarríki, sem staðfest hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda forstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.
2. Hvert aðildarríki sem staðfest hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

20. gr.

1. Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skrásetningu allra staðfestinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar forstjóri tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar staðfestingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á hvaða dag samþykktin öðlist gildi.

21. gr.

Forstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar, samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um staðfestingar og uppsagnir sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

22. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

23. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem breytir þessari samþykkt að meira eða minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg þá skal:
   a) staðfesting aðildarríkis á hinni nýju samþykkt **ipso jure** hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæði 12. greinar hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;
   b) aðildarríkjum er ekki heimilt að staðfesta þessa samþykkt eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi til og efni hvað snertir þau aðildarríki sem hafa staðfest hana en ekki hina nýju samþykkt.

24. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 170 um hagskýrslugerð um atvinnumál.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

viðurkennir þörfina fyrir áreiðanlegar hagskýrslur um atvinnumál jafnt í iðnríkjum sem þróunarlöndum, einkum til notkunar við áætlanagerð, svo og til að unnt sé að fylgjast með félagslegum og efnahagslegum framförum og einnig vegna samskipta aðila vinnumarkaðarins,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um breytingar á Samþykkt um hagskýrslur um laun og vinnutíma, nr. 63 frá 1938, sem er fimmta mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verði viðauki við Samþykkt um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985, gerir þingið í dag, 25. júní 1985, eftirfarandi tillögu sem nefna má tillögu um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985:

I. TÖLFRÆÐILEGAR GRUNNUPPLÝSINGAR UM ATVINNUMÁL.

Skýrslur um íbúa við arðbær störf, atvinnu, atvinnuleysi og ónóga atvinnu.

1. (1) Árlega skulu teknar saman skýrslur um virka menn við atvinnustarfsemi, atvinnu, atvinnuleysi þar sem það á við og, þar sem því verður við komið, um sýnilega ónóga atvinnu.

(2) Skýrslur þessar skulu sýna flokkun eftir kynjum og, þar sem því verður við komið, aldurshópum og atvinnugreinum.

2. (1) Skýrslur um samsetningu og dreifingu virkra manna við atvinnustarfsemi skulu teknar saman eigi sjaldnar en á 10 ára fresti til þess að fullnægt sé langtímaþörfum fyrir nákvæmar athuganir og til viðmiðunar.

(2) Þessar skýrslur skulu a.m.k. flokkaðar eftir kyni, aldurshópi, atvinnustétt eða hæfnisstigi, atvinnugrein, landsvæði og stöðu (þ.e. atvinnurekandi, einyrki, launþegi, ólaunaður heimilismaður, félagi í framleiðslusamvinnufélagi).

Skýrslur um laun og vinnutíma.

3. (1) Ekki sjaldnar en árlega skal taka saman skýrslur um meðaltekjur og -vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir).

(2) Þessar upplýsingar skulu a.m.k. flokkaðar eftir atvinnugrein og kyni, eftir stærð fyrirtækis og landsvæði þar sem það á við, og aldurshópi og atvinnustétt eða hæfnisstigi þar sem því verður við komið.

4. (1) Nýjustu skýrslur um tímakaup og venjulegan vinnutíma skal skrá a.m.k. árlega þar sem það á við.

(2) Þessar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein, svo og eftir kyni, aldurshópi, starfi eða starfshópi eða hæfnisstigi, stærð fyrirtækis og landsvæði.

5. (1) Skýrslur um launataxta og -dreifingu skal taka saman reglulega, á fimm ára fresti ef því verður við komið, í því skyni að unnt sé að greina nákvæmlega þá þróun sem verður á löngum tíma og til viðmiðunar.

(2) Þessar skýrslur ættu að veita:

a. upplýsingar um tekjur og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir), a.m.k. flokkaðar eftir kyni, aldurshópi, starfi eða starfshópi eða hæfnisstigi, atvinnugrein, stærð fyrirtækis og landsvæði;
b. nákvæmar upplýsingar um samsetningu tekna (svo sem grunnlaun, yfirvinnulaun, greiðslur fyrir tíma sem ekki er unninn og aukagreiðslur og þjónustulaun), svo og vinnutíma (raunverulega unnar stundir eða greiddar stundir), og
c. upplýsingar um dreifingu launþega eftir launaflokkum og vinnustundum (raunverulega unnum stundum eða greiddum stundum), flokkaðar eftir mikilvægum sérkennum launþega, svo sem kyni og aldurshópi.

6. (1) Gera skal skýrslur um launakostnað a.m.k. á fimm ára fresti í því skyni að mæta þörfum þegar til lengri tíma er litið.

(2) Birta skal sérstaklega framfærsluvísitölur fyrir mikilvæga flokka neysluvöru, kostnaðar, flokkaðan eftir atvinnugreinum.

Vísitala framfærslukostnaðar.

7. (1) Reikna skal og birta almenna framfærsluvísitölu fyrir stóra þjóðfélagshópa eða alla þegnana og skal hún ná til allra neysluvara.

(2) Birta skal sérstaklega framfærsluvísitölur fyrir mikilvæga flokka neysluvöru, svo sem matvæli, drykkjarvörur og tóbak, fatnað og skófatnað, húsnæði, eldsneyti og rafmagn til ljósa, svo og aðra mikilvæga flokka.

8. Vísitölu framfærslukostnaðar skal reikna og birta mánaðarlega, ef unnt er, en annars a.m.k. á þriggja mánaða fresti.

9. Þeir þættir sem notaðir eru til að reikna vísitölu framfærslukostnaðar skulu endurskoðaðir a.m.k. á 10 ára fresti og þeim breytt þegar komið hafa í ljós merkjanlegar breytingar á neysluvenjum.

10. Það verð sem tekið er á skrá til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar skal vera dæmigert fyrir innkaupavenjur hlutaðeigandi þjóðfélagshópa (t.d. hvar verslað er og eðli og gæði vörunnar).

Skýrslur um heimilisútgjöld og heimilistekjur.

11. (1) Taka skal saman eigi sjaldnar en á 10 ára fresti skýrslur um heimilisútgjöld eða, þar sem það á við, fjölskylduútgjöld og þar sem því verður við komið, heimilistekjur eða, þar sem það á við, fjölskyldutekjur.

(2) Í slíkum skýrslum skal koma fram, meðal annars, hvað varðar heimili eða fjölskyldur, eftir því sem við á:

a. nákvæmar upplýsingar um útgjöld;
b. nákvæmar upplýsingar um tekjur eftir launaflokki og tekjulind, ef því verður við komið;
c. nákvæmar upplýsingar um samsetningu þeirra eftir kyni, aldurshópi og öðrum mikilvægum sérkennum þessara aðila; og
d. upplýsingar um útgjöld og, þar sem því verður við komið, tekjur flokkaðar eftir upphæð og tegund, útgjaldaflokki og, þar sem þvi verður við komið, tekjuflokki.

Skýrslur um vinnuslys og atvinnusjúkdóma.

12. (1) Árlega skal gera skýrslur um vinnuslys.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein og, ef því verður við komið, eftir mikilvægum sérkennum launþega (svo sem kyni, aldurshópi og starfi eða starfsgrein eða hæfnisstigi) og fyrirtækja.

13. (1) Skýrslur um atvinnusjúkdóma skulu unnar árlega að svo miklu leyti sem því verður við komið.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugrein og, ef því verður við komið, eftir mikilvægum sérkennum launþega (svo sem kyni, aldurshópi og starfi eða starfsgrein eða hæfnisstigi) og fyrirtækja.

Skýrslur um vinnudeilur.

14. (1) Skýrslur um vinnudeilur skulu unnar a.m.k. árlega.

(2) Slíkar skýrslur skulu flokkaðar a.m.k. eftir atvinnugreinum.

Skýrslur um framleiðni.

15. Smám saman skal bæta skýrslur um framleiðni í mikilvægum greinum atvinnulífsins.

II. KERFI TIL SÖFNUNAR TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA.

16. Aðildarríki skulu smám saman koma sér upp viðeigandi kerfi til að safna tölfræðilegum upplýsingum fyrir allt landið í þeim tilgangi að safna og taka saman upplýsingar um vinnumarkaðinn í samræmi við I. kafla þessarar tillögu. Meginþættir slíks kerfis skulu vera þessir:

a. ítarleg og tæmandi skrá yfir stofnanir eða fyrirtæki til notkunar í könnunum og skráningu; slík skrá skal vera nægilega ítarleg til að gera megi úrtak stofnana eða fyrirtækja;
b. samvirkt kerfi til að framkvæma kannanir eða skráningu stofnana eða fyrirtækja;
c. aðstaða til að framkvæma samfellda og samræmda röð kannana á landsvísu á heimilishaldi og einstaklingum; og
d. aðgangur að skýrslum stjórnvalda (svo sem hjá vinnumiðlunarskrifstofum, tryggingastofnunum og vinnueftirliti) til notkunar við tölfræðilega útreikninga og skal þá gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að með þær verði farið sem trúnaðarmál.

17. Aðildarríki skulu koma á fót viðeigandi stöðluðu flokkunarkerfi á landsvísu og skulu þau hvetja alla viðkomandi aðila til að beita því á samræmdan hátt ef hægt er.

18. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma þær skýrslugerðir af ýmsum toga sem unnar eru af mismunandi aðilum samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

19. (1) Aðildarríki skulu hafa hliðsjón af alþjóðatillögum um hagskýrslugerð um atvinnumál sem gerðar hafa verið á vegum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, svo og hliðstæðum tillögum annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana þegar þau hanna eða endurskoða hugtök, skilgreiningar og aðferðir sem notaðar eru við söfnun, samantekt og birtingu hagskýrslna samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu.

(2) Aðildarríki skulu breyta hugtökum eða gefa þeim nýja merkingu ef við á, endurskoða skilgreiningar og flokkanir sem beitt er við samantekt upplýsinga samkvæmt ákvæðum þessarar tillögu þegar hliðstæðum alþjóðlegum stöðlum og viðmiðunarreglum er breytt eða þegar nýjar eru settar.

20. Aðildarríki geta leitað aðstoðar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar varðandi hönnun eða breytingar á hugtökum, skilgreiningum og þeim aðferðum sem beitt er við söfnun og samantekt og birtingu tölfræðilegra upplýsinga samkvæmt ákvæðum Samþykktar um hagskýrslugerð um atvinnumál, 1985, og þessarar tillögu.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 171 um heilsugæslu á vinnustöðum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem kom saman til 71. þingsetu sinnar í Genf 7. júní 1985 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist þess að eitt af hlutverkum Alþjóðavinnumálstofnunarinnar samkvæmt stofnskrá hennar er að vernda launafólk fyrir veikindum, sjúkdómum og slysum sem stafa af starfi þess;

minnist ákvæða gildandi alþjóðavinnumálasamþykkta og -tillagna, sem þetta mál varða, og þá einkum tillögu um heilsuvernd á vinnustöðum frá 1953, tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959, Samþykktar um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað frá 1971 og Samþykktar og tillögu um öryggi og heilbrigði við og starfsumhverfi frá 1981, sem liggja til grundvallar stefnumörkun og framkvæmdum í hverju landi, svo og Þríhliða yfirlýsingar um meginreglur varðandi fjölþjóðafyrirtæki og félagslega stefnumörkun, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur samþykkt,

hefur samþykkt tilteknar ábendingar um heilsugæslu á vinnustöðum, sem er fjórða mál á dagskrá þessa þings, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi tillögu sem verður viðauki við Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985, gerir þingið í dag, 26. júní 1985, eftirfarandi tillögu sem nefnist Tillaga um heilsugæslu á vinnustöðum, 1985:

I. KAFLI

Stefna stjórnvalda.

1. Sérhvert aðildarríki ætti, eftir aðstæðum og venjum í landinu og í samráði við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, að móta, framkvæma og endurskoða reglulega samræmda stefnu um heilsugæslu á vinnustöðum, sem nær til alls landsins, og ættu að koma þar fram meginreglur varðandi hlutverk hennar, skipulag og starfsemi.

2. (1) Sérhvert aðildarríki ætti að efla smám saman heilsugæslu á vinnustöðum fyrir allt launafólk, m.a. það sem starfar hjá hinu opinbera og framleiðslusamvinnufélögum, í öllum greinum atvinnulífsins og öllum fyrirtækjum. Þær ráðstafanir sem gerðar eru skulu vera fullnægjandi og við hæfi, miðað við þær tilteknu hættur sem starfseminni eru samfara.

(2) Einnig ætti að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera og við verður komið til þess að veita þeim mönnum sem starfa sjálfstætt sams konar vernd og tilgreind er í Samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, svo og þessari tillögu.

II. KAFLI

Hlutverk heilsugæslu.

3. Forvarnir ættu að vera helsta hlutverk heilsugæslu á vinnustöðum.

4. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að miða starfsemi sína við þau fyrirtæki sem hún þjónar og skal þá einkum tekið tillit til þeirra þátta sem valda hættu á vinnustaðnum, svo og þeirra vandamála sem einkenna hlutaðeigandi atvinnugreinar.

A. Eftirlit á vinnustað.

5. (1) Eftirlit á vinnustað er fólgið í eftirfarandi:

a. að finna og meta þá þætti í umhverfinu sem haft gætu áhrif á heilsu starfsmanna;
b. að meta hreinlæti á vinnustaðnum og þá þætti í skipulagningu vinnunar sem gætu valdið starfsmönnum heilsutjóni;
c. að meta varnarbúnað, bæði þann sem kemur öllum til góða og þann sem hver einstaklingur notar;
d. að meta, þar sem það á við, að hve miklu leyti starfsmenn skaðast af hættulegum efnum; skal beita við slíkt eftirlit gildum og almennt viðurkenndum aðferðum;
e. að fylgjast með eftirlitskerfi sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr hættu.

(2) Slíkt eftirlit ætti að fara fram að höfðu samráði við þá aðila aðra sem hafa með höndum tæknilega þjónustu í viðkomandi fyrirtæki og í samvinnu við hlutaðeigandi starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi.

6. (1) Skýrslur um eftirlit á vinnustað skal skrá á viðeigandi hátt, samkvæmt lögum og venjum landsins, og skulu þær látnar í té atvinnurekanda, launafólki og trúnaðarmönnum þess í hlutaðeigandi fyrirtæki eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi.

(2) Slíkar skýrslur skulu vera trúnaðarmál og einungis notaðar til hliðsjónar við endurbætur á vinnustað og til að stuðla að bættri heilsu og öryggi starfsmanna.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að hafa aðgang að slíkum skýrslum. Starfsmenn heilsugæslunnar mega aðeins birta þær öðrum aðilum að fengnu samþykki atvinnurekanda og starfsmanna eða trúnaðarmanna þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefndar, þar sem slíkir aðilar eru fyrir hendi.

7. Í eftirliti á vinnustað skal vera fólgið að starfsmenn heilsugæslunnar á vinnustaðnum fari í eftirlitsferðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að kanna þá þætti á vinnustað sem gætu haft áhrif á heilsu starfsmanna, heilnæmi umhverfisins á vinnustaðnum og vinnuaðstæður.

8. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að vera fólgin í:

a. að fylgjast með því, ef nauðsyn krefur, hvort heilsu starfsmanna er hætta búin af völdum sérstakra áhættuþátta;
b. að hafa eftirlit með hreinlætisaðstöðu og annarri aðstöðu fyrir verkamenn, svo sem drykkjarvatni, matstofum og íbúðarhúsnæði, þar sem atvinnurekandi leggur slíkt til;

c. að veita ráðgjöf um hugsanleg áhrif hvers konar tæknibúnaðar á heilsu starfsmanna;
d. að taka þátt í og gefa ráð um val á búnaði sem nauðsynlegur er til að vernda einstaka starfsmenn fyrir hættum á vinnustað;
e. að taka þátt í starfsgreiningu og athugun á skipulagi og aðferðum við vinnu í því skyni að aðlaga vinnuna betur að starfsmönnum;
f. að taka þátt í greiningu á vinnuslysum og atvinnusjúkdómum, svo og í áætlunum um slysavarnir.

9. Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu, þegar slíkt hefur verið tilkynnt atvinnurekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra, þar sem það á við:
a. að hafa frjálsan aðgang að öllum vinnustöðum og þeim búnaði sem fyrirtækið lætur starfsmönnum í té;
b. að hafa aðgang að upplýsingum um framleiðsluferli, afkastagetu, framleiðsluvörur, hráefni og önnur efni sem notuð eru eða notuð verða og skal þá gætt fyllsta trúnaðar um leynilegar upplýsingar sem fram kunna að koma, svo fremi þær snerti ekki heilsu starfsmanna;
c. að hafa aðstöðu til að taka til greiningar sýni af framleiðsluvörum, hráefnum og öðrum efnum sem notuð eru eða meðhöndluð.

10. Hafa skyldi samráð við starfsmenn heilsugæslu á vinnustað um væntanlegar breytingar á vinnuferli eða vinnuaðstæðum sem haft gætu áhrif á öryggi og heilsu starfsmanna.

B. Eftirlit með heilsu starfsmanna.

11. (1) Í eftirliti með heilsu starfsmanna ætti að vera fólgið, í þeim tilvikum og við þær aðstæður sem hlutaðeigandi stjórnvald tiltekur, hvers konar mat sem nauðsynlegt er til að vernda heilsu starfsmanna, þ.m.t.:
a. mat á heilbrigðisástandi verkamanna áður en þeim er skipað til tiltekinna verka sem gætu valdið þeim eða öðrum heilsutjóni;
b. mat á heilbrigðisástandi með reglulegu millibili á meðan unnið er við störf sem gætu valdið heilsutjóni;
c. mat á heilbrigðisástandi, þegar menn koma til vinnu aftur eftir langvarandi fjarveru vegna veikinda, í því skyni að ákvarða hugsanlega orsök vinnunnar fyrir vanheilsunni, til þess að unnt sé að benda á leiðir til verndar starfsmönnum og ákvarða hvort tiltekin störf henta tilteknum starfsmönnum og hvort þörf sé fyrir að fá þeim önnur störf og endurhæfa þá;
d. mat á heilbrigðisástandi meðan á verki stendur og að því loknu, þegar verkið hefur í för með sér hættu sem gæti valdið eða stuðlað að heilsutjóni síðar.

(2) Gera ætti ráðstafanir til að vernda einkalíf starfsmanna og tryggja að heilbrigðiseftirliti sé ekki beitt til að mismuna mönnum eða á nokkurn hátt gegn hagsmunum þeirra.

12. (1) Ef einhver sérstök hætta steðjar að starfsmönnum við störf þeirra, ætti eftirlit með heilsu þeirra, auk mats á heilbrigðisástandi þeirra sem tilgreint er í 11. grein þessarar tillögu, m.a. að vera fólgið í nauðsynlegri skoðun og rannsóknum svo hægt sé að greina hve mikil hættuáhrifin eru og fyrstu líffræðilegu einkenni og viðbrögð, þar sem það á við.

(2) Þegar fyrir hendi er fullgild og almennt viðurkennd líffræðileg aðferð til að fylgjast með heilbrigðisástandi starfsmanna svo að unnt sé að greina á frumstigi hvaða áhrif tilteknir áhættuþættir hafa á heilsu þeirra, þá má beita henni til að finna þá starfsmenn sem þarfnast nánari læknisskoðunar, en hverjum starfsmanni er í sjálfsvald sett hvort hann fer í slíka skoðun.

13. Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu að fá upplýsingar um veikindi starfsmanna og veikindaforföll svo að þeir geti gengið úr skugga um hvort nokkurt samband sé á milli veikinda og veikindaforfalla og nokkurra þeirra áhættuþátta á vinnustað sem gætu verið heilsuspillandi. Starfsmönnum heilsugæslu á vinnustað ætti ekki að vera skylt að sannreyna ástæður veikindaforfalla að beiðni atvinnurekanda.

14. (1) Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu að skrá upplýsingar um heilbrigðisástand starfsmanna í sérstaka spjaldskrá og skal efni hennar vera trúnaðarmál. Hvern starfsmann skal skrá sérstaklega. Í skránni ætti að koma fram við hvaða störf starfsmennirnir hafa unnið, hvaða áhættuþættir hafa verið í störfum þeirra og hver hafi verið niðurstaða mats á því hvaða áhrif þetta hefur haft á starfsmennina.

(2) Starfsmenn heilsugæslu á vinnustað ættu aðeins að hafa aðgang að heilsufarsskrám að því marki sem upplýsingar sem þar er að finna snerta störf þeirra. Ef í skránum er að finna persónulegar upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu lækna, ættu aðeins læknar að hafa aðgang að þeim.

(3) Persónulegar upplýsingar vegna mats á heilbrigðisástandi starfsmanns má því aðeins veita öðrum að samþykki hlutaðeigandi starfsmanns liggi fyrir.

15. Aðstæður til geymslu heilsufarsskráa og hve lengi þær skulu geymdar, með hvaða skilyrðum má senda þær á milli staða eða upplýsingar úr þeim, svo og ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda þeim leyndum, einkum þegar upplýsingum þessum er komið fyrir í tölvu, ættu að vera samkvæmt ákvæðum laga eða reglugerða í hverju landi eða eftir fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds eða, eftir venjum landsins, samkvæmt viðurkenndum siðareglum.

16. (1) Að lokinni boðaðri læknisskoðun, sem gerð er í þeim tilgangi að kanna hvort starfsmaður sé hæfur til að takast á hendur starf, sem hefur tiltekna hættu í för með sér, ætti læknirinn, sem framkvæmdi læknisskoðunina, að gefa bæði starfsmanninum og atvinnurekandanum skriflegar upplýsingar um niðurstöðu skoðunarinnar.

(2) Í þessum niðurstöðum ættu ekki að vera neinar læknisfræðilegar upplýsingar; þær ættu, eftir því sem við á, að gefa til kynna að viðkomandi starfsmaður sé hæfur til að vinna hið tiltekna starf eða tilgreina hvers konar störf eða starfsaðstæður henta honum ekki af læknisfræðilegum ástæðum, annað hvort um nokkurn tíma eða til frambúðar.

17. Þegar rök mæla með því að starfsmaður haldi ekki áfram í starfi sínu af heilsufarsástæðum, ætti starfsfólk heilsugæslunnar á vinnustaðnum að taka þátt í að finna annað starf handa honum í fyrirtækinu eða leita annarra viðeigandi lausna.

18. Þegar atvinnusjúkdómur hefur verið greindur við eftirlit með heilbrigðisástandi starfsmanna, ætti að tilkynna um hann til hlutaðeigandi stjórnvalds samkvæmt lögum og venjum landsins. Atvinnurekanda, starfsmönnum og trúnaðarmönnum þeirra skal gert viðvart um að slík tilkynning hafi verið send.

C. Upplýsingar, fræðsla, þjálfun og ráðgjöf.

19. Heilsugæsla á vinnustað ætti að taka þátt í að móta og framkvæma áætlanir um upplýsingar, fræðslu og þjálfun varðandi heilbrigði og hreinlæti við vinnu fyrir starfsmenn fyrirtækisins.

20. Heilsugæsla á vinnustað ætti að taka þátt í þjálfun og reglulegri endurþjálfun þeirra starfsmanna sem sinna skyndihjálp, svo og í aukinni og áframhaldandi þjálfun allra starfsmanna í fyrirtækinu sem hafa það hlutverk að stuðla að góðu heilsufari og öryggi við vinnu.

21. Í þeim tilgangi að stuðla að því að vinnan sé aðlöguð starfsmönnunum, svo og að bæta vinnuaðstæður og vinnuumhverfið, ætti heilsugæsla á vinnustað að vera ráðgefandi um heilbrigðismál og hreinlæti á vinnustaðnum, svo og vinnuvistfræði, fyrir atvinnurekanda,

starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu og öryggis- og heilbrigðisnefnd, ef hún er fyrir hendi, og skyldi hún auk þess hafa samvinnu við aðra þá aðila sem starfa þegar sem ráðgjafar á þessu sviði.

22. (1) Sérhver starfsmaður ætti að fá viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um það hvaða þættir í vinnu hans gætu verið hættulegir heilsu hans, um niðurstöður rannsókna á heilsufari hans og um mat á heilsu hans.

(2) Sérhver starfsmaður hefur rétt til að láta leiðrétta ranglega skráðar upplýsingar eða upplýsingar sem gætu leitt til rangrar niðurstöðu.

(3) Auk þess skal heilsugæsla á vinnustað veita starfsmönnum persónulegar ráðleggingar varðandi heilsu þeirra í tengslum við starfið.

D. Skyndihjálp, meðferð og heilbrigðisáætlanir.

23. Að teknu tilliti til laga og venju í hlutaðeigandi landi, ætti heilsugæsla í fyrirtækjum að veita skyndihjálp og neyðarmeðferð ef starfsmenn verða fyrir slysi eða veikjast á vinnustað og ætti hún einnig að taka þátt í skipulagningu slíkrar skyndihjálpar.

24. Að teknu tilliti til skipulags forvarna á sviði heilbrigðismála í hlutaðeigandi landi, gæti heilsugæsla á vinnustöðum, þar sem það er mögulegt og viðeigandi:

a. tekið að sér ónæmisaðgerðir vegna sýkingarhættu á vinnustaðnum;
b. tekið þátt í aðgerðum til heilsuverndar;
c. haft samvinnu við heilbrigðisyfirvöld um áætlanir um almenna heilsuvernd.

25. Að teknu tilliti til laga og venju í landinu og að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, ættu hlutaðeigandi stjórnvöld að heimila heilsugæslu á vinnustöðum þar sem nauðsynlegt kann að reynast og í samráði við alla sem málið varðar, þ.á m. starfsmanninn og lækni hans eða heilsugæslustöð, þar sem það á við, að framkvæma eða taka þátt í einu eða fleiri eftirfarandi verkefna:

a. meðferð starfsmanna sem eru enn við störf eða eru komnir aftur til starfa eftir fjarveru;
b. meðferð þeirra sem hafa orðið fyrir vinnuslysum;
c. meðferð atvinnusjúkdóma og heilsutjóns sem vinnan hefur magnað;
d. læknisfræðilega þætti endurmenntunar og endurhæfingar í starfi.

26. Að teknu tilliti til laga og venju í landinu varðandi skipulag heilsugæslu svo og fjarlægðar frá heilsugæslustöðvum, gæti heilsugæsla á vinnustöðum sinnt annarri heilbrigðisþjónustu þ. á m. handlæknisþjónustu fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, að fenginni heimild hlutaðeigandi stjórnvalds og að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi.

27. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að hafa samvinnu við þá þjónustuaðila aðra sem málið varðar um gerð neyðaráætlana sem grípa má til ef meiri háttar slys verða.

E. Önnur hlutverk.

28. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að greina niðurstöður eftirlits með heilsufari starfsmanna og vinnuumhverfi, svo og eftirlits með sýkingavörnum og eftirlits með hverjum einstökum starfsmanni vegna hættu á vinnustað, þar sem hún er fyrir hendi, í því skyni að meta hugsanlegt samhengi milli hættu á vinnustað og heilsutjóns, og til þess að geta bent á leiðir til að bæta aðstæður og umhverfi við vinnu.

29. Heilsugæsla á vinnustað ætti að gera áætlanir og skýrslur með hæfilegu millibili um starfsemi sína og um heilsufar í fyrirtækinu. Slíkar áætlanir og skýrslur ættu að vera til reiðu fyrir atvinnurekendur og trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi, svo og hlutaðeigandi stjórnvöld.

30. (1) Heilsugæsla á vinnustöðum ætti, í samráði við fulltrúa atvinnurekenda og starfsmanna, að leggja sinn skerf til rannsókna, eftir því sem efni leyfa hverju sinni, með því að taka þátt í athugunum eða könnunum innan fyrirtækisins eða í hlutaðeigandi atvinnugrein, til dæmis, í því skyni að safna upplýsingum vegna faraldsfræðilegra rannsókna og kynna hvers eðlis þær eru.

(2) Niðurstöður mælinga, sem fram hafa farið á vinnustaðnum, og mat á heilsufari starfsmanna má nota í rannsóknarskyni, sbr. þó ákvæði greina 6(3), 11(2) og 14(3) í þessari tillögu.

31. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti að taka höndum saman við aðra þjónustuaðila í fyrirtækinu, eftir því sem við á, um að gera þær ráðstafanir sem þarf til að koma í veg fyrir að starfsemi þess hafi óheppileg áhrif á umhverfið almennt.

III. SKIPULAGNING.

32. Heilsugæsla á vinnustöðum ætti, ef því verður við komið,að vera á sjálfum vinnustaðnum eða nærri honum, eða vera skipulögð með þeim hætti að tryggt sé að starfsemi hennar fari fram á vinnustaðnum.

33. (1) Atvinnurekandi, starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra, þar sem þeir eru fyrir hendi, ættu að hafa samvinnu um og taka þátt í framkvæmdum skipulagningar og annarra þátta heilsugæslu á vinnustað á jafnréttisgrundvelli.

(2) Í samræmi við aðstæður og venju í landinu skulu atvinnurekendur og starfsmenn eða trúnaðarmenn þeirra í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem hún er fyrir hendi, taka þátt í því að ákveða skipulagningu og rekstur þessarar þjónustu, m.a. hvað varðar ráðningu starfsfólks og gerð starfsáætlana.

34. (1) Heilsugæslu á vinnustöðum má skipuleggja sem þjónustu innan eins fyrirtækis eða sem sameiginlega þjónustu fyrir mörg fyrirtæki, eftir því sem henta þykir.

(2) Eftirtaldir aðilar geta skipulagt heilsugæsluna og fer það eftir aðstæðum og venjum í hverju landi:

a. hlutaðeigandi fyrirtæki eða hópur fyrirtækja;
b. stjórnvöld eða opinberar þjónustustofnanir;
c. almannatryggingastofnanir;
d. hver sá annar aðili sem til þess hefur hlotið heimild hlutaðeigandi stjórnvalds;
e. einhverjir hinna ofangreindu aðila í samvinnu.

(3) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti, ef heilsugæsla á vinnustað er ekki fyrir hendi, að athuga hvort unnt er, til bráðabirgða, að veita viðeigandi þjónustustofnunum, sem eru þegar fyrir hendi, heimild til að veita slíka þjónustu, sbr. tölulið (2)d, í þessari grein.

35. Hafi stjórnvöld, að höfðu samráði við heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks, þar sem þau eru fyrir hendi, komist að þeirri niðurstöðu að því verði ekki við komið að stofna til heilsugæslu á vinnustað, eða fá aðgang að slíkri þjónustustofnun, ætti hlutaðeigandi fyrirtæki, að höfðu samráði við trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, ef hún er fyrir hendi, að semja við þá sem sjá um læknisþjónustu í næsta nágrenni, til bráðabirgða, að taka að sér heilbrigðiseftirlit það sem lög eða reglugerðir mæla fyrir um, hafa eftirlit með því hvort vinnuaðstæður í fyrirtækinu séu heilsusamlegar og tryggja að skipulagning skyndihjálpar og neyðarmeðferðar sé með eðlilegum hætti.

IV. REKSTRARSKILYRÐI.

36. (1) Í samræmi við lög og venju í landinu ætti heilsugæsla á vinnustöðum að hafa innan sinna vébanda hópa fjölhæfs starfsfólks og skal samsetning hvers hóps ráðast af eðli þeirra skyldustarfa sem framkvæma á.

(2) Heilsugæsla á vinnustað ætti að hafa í þjónustu sinni nægilega marga tæknimenntaða starfsmenn með sérþjálfun og reynslu m.a. á sviði atvinnusjúkdóma, hreinlætis á vinnustöðum, vinnuvistfræði, heilsugæsluhjúkrunar á vinnustöðum og annarra skyldra greina. Slíkir starfsmenn ættu af fremsta megni að viðhalda þekkingu sinni og fylgjast með þróun á sviði vísinda og tækni sem þeim er nauðsynleg til þess að sinna skyldum sínum og ættu þeir að fá tækifæri til þess án þess að verða fyrir tekjumissi.

(3) Þar að auki ætti heilsugæsla á vinnustað að hafa á að skipa nauðsynlegum starfsmönnum við stjórnun.

37. (1) Vernda skyldi faglegt sjálfstæði starfsmanna við heilsugæslu á vinnustöðum. Í samræmi við lög og venju í landinu mætti gera þetta með lögum eða reglugerðum og í samráði við atvinnurekanda og starfsmenn og fulltrúa þeirra og öryggis- og heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru fyrir hendi;

(2) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti, þar sem það á við og í samræmi við lög og venjur landsins, að tilgreina með hvaða skilyrðum skal ráða og segja upp starfsmönnum við heilsugæslu á vinnustöðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi heildarsamtök atvinnurekenda og launafólks.

38. Sérhverjum starfsmanni heilsugæslu á vinnustað ætti að vera skylt að gæta þagnarskyldu í starfi sínu, bæði hvað varðar læknisfræðilegar og tæknilegar upplýsingar, sem hann kann að fá í starfi sínu og annarri starfsemi heilsugæslunnar, að undanskildum þeim tilvikum sem kveðið er á um í lögum eða reglugerðum landsins.

39. (1) Hlutaðeigandi stjórnvöld geta ákveðið staðla fyrir það húsnæði og tæki sem heilsugæslu á vinnustað er skylt að hafa til starfsemi sinnar.

(2) Heilsugæsla á vinnustað ætti að hafa aðstöðu til að framkvæma þær greiningar og prófanir sem nauðsynlegar eru til þess að hafa eftirlit með heilsufari starfsmanna og vinnuaðstæðum.

40. (1) Heilsugæsla á vinnustað skyldi hafa samvinnu við eftirtalda aðila, og er þá miðað við að við hana starfi fjölmenntað fólk:

a. þær þjónustudeildir sem sjá um að tryggja öryggi verkamanna í fyrirtækinu;
b. hinar ýmsu framleiðslueiningar eða deildir, í því skyni að veita þeim aðstoð við að móta og framkvæma viðeigandi áætlanir til forvarna;
c. starfsmannastjórn og aðrar hlutaðeigandi deildir;
d. trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu, öryggisfulltrúa starfsmanna og öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem slíkir aðilar eru fyrir hendi.

(2) Heilsugæslu og öryggisgæslu mætti sameina á vinnustað, þar sem það þykir henta.

41. Heilsugæsla á vinnustað ætti einnig, þar sem nauðsyn krefur, að hafa samband við þjónustuaðila og stofnanir utan fyrirtækisins, sem hafa afskipti af heilsufari, hreinlæti, öryggi, endurhæfingu til starfa, endurþjálfun og endurráðningu, vinnuaðstæðum og velferð starfsmanna, svo og eftirlitsaðila og þann opinbera aðila sem hefur verið falið að taka þátt í hinu alþjóðlega viðvörunarkerfi varðandi vinnuöryggi og heilbrigði á vinnustöðum, sem stofnað var innan vébanda Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

42. Stjórnanda heilsugæslu á vinnustað ætti að vera kleift, samkvæmt ákvæðum 38. greinar, að hafa samráð við hlutaðeigandi stjórnvald, eftir að hafa gert atvinnurekanda og trúnaðarmönnum starfsmanna í fyrirtækinu eða öryggis- og heilbrigðisnefnd, þar sem slíkir

aðilar eru fyrir hendi, viðvart um framkvæmdir varðandi vinnuöryggi og heilbrigðisstaðla í fyrirtækinu.

43. Heilsugæsla í fyrirtæki, sem starfar á fleiri en einum stað innanlands eða í mörgum löndum, ætti að veita bestu þjónustu í þessum efnum sem á verður kosið, án manngreinarálits, til handa starfsmönnum á öllum vinnustöðum fyrirtækisins, á hvaða stað eða í hvaða landi sem þau eru.

V. ALMENN ÁKVÆÐI.

44. (1) Atvinnurekendur ættu að gera allar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að auðvelda störf við heilsugæslu á vinnustað, að svo miklu leyti sem þeir bera ábyrgð á heilsu og öryggi starfsmanna sinna.

(2) Starfsmenn og samtök þeirra ættu að veita heilsugæslu á vinnustað stuðning við starfsemi hennar.

45. Starfsmenn ættu ekki að þurfa að greiða fyrir neins konar þjónustu sem veitt er í sambandi við heilsugæslu á vinnustað.

46. Í þeim tilvikum þar sem heilsugæslu á vinnustað er komið á fót og hlutverk hennar er skilgreint í lögum eða reglugerðum landsins, ætti einnig að ákveða hver fjármagnar þessa þjónustu.

47. Í þessari tillögu merkir hugtakið „trúnaðarmenn starfsmanna í fyrirtækinu“ þá menn sem hlotið hafa viðurkenningu sem slíkir samkvæmt lögum eða venjum landsins.

48. Þessi tillaga, sem er viðauki við samþykkt um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1985, leysir af hólmi tillögu um heilsugæslu á vinnustöðum frá 1959.

Fylgiskjal V.

Skýrsla nefndar sem fjallar um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Þann 12. mars 1981 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að veita ríkisstjórninni heimild til að staðfesta alþjóðasamþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Á grundvelli þessarar alþjóðasamþykktar var komið á fót samstarfsnefnd sem fjallar um málefni sem varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðild Íslands að henni. ILO-nefndin var skipuð 16. apríl 1982 og áttu sæti í henni: Kristín Mäntylä, skrifstofustjóri, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands og Þórarinn V. Þórarinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands. Félagsmálaráðherra skipaði Jón S. Ólafsson, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, formann nefndarinnar.

Samkvæmt ósk aðila vinnumarkaðarins voru gerðar í febrúar 1985 eftirtaldar breytingar á nefndinni:

Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur tók sæti Kristínar Mäntylä. Kristján Þorbergsson lögfræðingur var skipaður í nefndina í stað Þórarins V. Þórarinssonar.

Þá var Gylfi Kristinsson, deildarstjóri í félagsmálaráðuneytinu, skipaður formaður nefndarinnar í stað Jóns S. Ólafssonar, sem lést á árinu 1984.

ILO-nefndin hélt 14 fundi á árinu 1985. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar.

a) Skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála.

Samkvæmt stofnskrá ILO er aðildarríkjunum skylt að gefa stofnuninni skýrslur um framkvæmd alþjóðasamþykkta á sviði vinnumála. Aðildarríkin skulu reglulega taka saman skýrslur um framkvæmd þeirra samþykkta sem þau hafa staðfest. Stjórnarnefndin getur einnig falið Alþjóðavinnumálaskrifstofunni að óska eftir skýrslum frá aðildarríkjunum um framkvæmd óstaðfestra samþykkta og tillagna sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt. Á árinu 1985 hefur ILO-nefndin undirbúið skýrslur íslensku ríkisstjórnarinnar um framkvæmd eftirfarandi alþjóðasamþykkta og tillögu:

Nr. 2 um atvinnuleysi,
nr. 11 um nauðungarvinnu eða skylduvinnu,
nr. 29 um lágmarksaldur barna við sjómennsku,
nr. 58 um félagafrelsi landbúnaðarverkamanna,
nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess,
nr. 91 um orlof með launum fyrir farmenn,
nr. 98 um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega,
nr. 100 um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf,
nr. 101 um misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs,
nr. 105 um afnám nauðungarvinnu,
nr. 108 um persónuskírteini sjómanna og
nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Auk þess hefur nefndin undirbúið skýrslu um framkvæmd tillögu nr. 90 um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafn verðmæt störf.

b) Skýrslur um Alþjóðavinnumálaþingin 1983 og 1984.

Samkvæmt stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skulu samþykktir Alþjóðavinnumálaþings kynntar löggjafarsamkomu aðildarríkjanna. Á Íslandi hefur þetta ákvæði ákvæði verið uppfyllt með þeim hætti að félagsmálaráðuneytið hefur tekið saman skýrslur um Alþjóðavinnumálaþingin. Í skýrslunum eru birtar í íslenskri þýðingu þær samþykktir og tillögur sem þingin hafa afgreitt. Á árinu 1985 bjó ILO-nefndin til prentunar skýrslur um Alþjóðavinnumálaþingin 1983 og 1984. Á þinginu 1983 voru afgreiddar eftirfarandi samþykktir og tillögur sem birtar eru í skýrslu um 69. þingið:

Samþykkt nr. 159 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.
Tillaga nr. 167 um stofnun alþjóðlegs kerfis til viðhalds tryggingaréttindum.
Tillaga nr. 168 um starfsendurhæfingu og atvinnumál fatlaðra.

Í skýrslu um 70. Alþjóðavinnumálaþingið 1984 er birt tillaga nr. 169 um atvinnustefnu.

c) Önnur erindi.

Félagsmálaráðuneytinu berast á ári hverju fjölmörg erindi frá Alþjóðavinnumálastofnuninni og eru þau lögð fram á fundum ILO nefndarinnar. Meðal þeirra erinda sem nefndin afgreiddi til ráðherra var tillaga um svar íslensku ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Meginefni svarsins var samþykkt sem utanríkisráðherrar Norðurlanda gerðu á fundi sínum í október 1985 um sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn kynþáttaaðskilnaðarstefnunni.

Nefndin gerði einnig tillögu til félagsmálaráðherra um svar við fyrirspurn ILO um tillögur til breytinga á drögum að alþjóðasamþykkt um varúðarráðstafanir við notkun asbests, sem verður á dagskrá Alþjóðavinnumálaþingsins 1986. Svarið styðst við umsögn Vinnueftirlits ríkisins um fyrirliggjandi drög að alþjóðasáttmála.

d) Undirbúningur fyrir 71. Alþjóðavinnumálaþingið 1985.

Hér að framan kom fram að nýir aðilar tóku sæti í ILO-nefndinni í lok febrúar 1985. Þrátt fyrir skamman tíma til undirbúnings fyrir 71. Alþjóðavinnumálaþingið fór nefndin yfir helstu þingskjöl sem send voru út fyrir þingsetninguna 7. júní. Má þar nefna skýrslu forstjóra og drög að fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir Alþjóðavinnumálastofnunina árin 1986—87.

Sþ. 629. Tillaga til þingsályktunar [345. mál]

um endurskoðun á aðild Íslands að alþjóðastofnunum.

Flm.: Halldór Blöndal, Björn Dagbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir athugun á nauðsyn aðildar Íslands að alþjóðastofnunum og samtökum, sem Ísland er nú aðili að, með það fyrir augum að aðild verði sagt upp þar sem unnt þykir og ýtrustu hagsýni og sparnaðar gætt um þátttöku í starfsemi þeirra stofnana sem þjóðinni er tvímælalaus hagur að áframhaldandi tengslum við.

Greinargerð.

Í fjárlögum yfirstandandi árs hljóðar liðurinn 03-401 Alþjóðastofnanir upp á tæpar 70 milljónir króna. Auk þess eru víða í fjárlögum liðir með fjárframlög til alþjóðastofnana og vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamstarfi. Þar fyrir utan er svo ótalið og ómælt það fé sem varið er til utanfara opinberra starfsmanna á vegum ýmissa stofnana ríkisins og ráðuneyta í nafni alþjóðasamvinnu.

Aðild okkar að ráðum og nefndum, stjórnum og stofnunum alheimsins er oft illa skilgreind og án sýnilegs tilgangs eða markmiða. Ekki er að sjá að svonefnd alþjóðasamvinna, sem einhvern tíma hefur verið tekin upp, geti hætt. Endimörk vaxtar eru ekki fyrirsjáanleg í þessum efnum. Með þessari tillögu er því beint til ríkisstjórnarinnar að nú verði staldrað við á braut alþjóðasamvinnunnar og athugað hvert hún leiðir okkur, hvort allir þessir 47 liðir, sem taldir eru upp í fjárlagalið 03-401, eru skynsamlegir, nauðsynlegir eða æskilegir og verðir fjárveitinga.

Sumir telja það mikla nauðsyn fyrir fullvalda sjálfstætt ríki eins og Ísland að taka þátt í hvers konar alþjóðasamvinnu. Sé það tákn þess að við séum jafningjar hvers sem er á alþjóðavettvangi. Þessi viðleitni getur þó hljómað hjákátlega, ekki síst í ljósi þess að sumar stórþjóðir velja og hafna í þessum efnum. Þekkt er t.d. úrsögn Bandaríkjamanna og Breta úr UNESCO. Er það vissulega umhugsunarefni fyrir Íslendinga að þessar tvær vinaþjóðir okkar skuli ekki telja þessa stofnun verða fjárveitinga og jafnvel verri en ekki til að túlka þau menningar- og uppfræðslusjónarmið sem vestrænar þjóðir vilja helst að aðrir fái að kynnast. Þvert á móti hefur viðgengist í kringum forstjóra stofnunarinnar hin versta spilling og siðleysi fyrir utan ótrúlegt skrifstofubákn og starfsmannahald.

Í umræðum um tillögu flutningsmanna þessarar tillögu við afgreiðslu fjárlaga í vetur var reynt að slá á þá strengi að ekki mætti hætta þátttöku í UNESCO vegna þess að Íslendingur væri þar framámaður í einhverri undirnefnd. Slík er þessi lítilþægni að sé landinn gjaldgengur og nothæfur til vinnu í alþjóðanefndum nægi það til að afsaka og réttlæta

fjárútlát til hinna undarlegustu alþjóðastofnana sem enginn veit hvort Ísland hefur hið minnsta gagn af, né geti lagt eitthvað af mörkum til gagns.

Það hafa oft verið gerðar tilraunir til að draga úr kostnaði ríkisins af ferðum starfsmanna þess til útlanda, en með of litlum árangri. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi nýlega komu fram fróðlegar upplýsingar, m.a. um tilefni utanferða á vegum hins opinbera. Alþingi hefur í vetur verið beðið að samþykkja aðild Íslands að einum þremur til fjórum alþjóðanefndum og ráðum. Flestar nýjar nefndir og ráð hafa í för með sér kostnað. Gagnsemin er metin og rökstudd í greinargerð með þessum tillögum, en hver metur gagnsemi og nauðsyn allra gömlu samstarfsnefndanna?

Þó að hér hafi verið bent á þann ört vaxandi kostnað sem íslenska ríkið hefur af þátttöku í hinum ólíklegustu alþjóðasamstarfsnefndum er það ekki aðaltilgangurinn með þessum tillöguflutningi. *Meginmarkmiðið er auðvitað að farið sé ofan í saumana á því hvort ýmsar alþjóðastofnanir starfi í samræmi við stefnu og hugsjónir Íslendinga og hvort öll alþjóðasamvinna, sem einhvern tíma þjónaði tilgangi, er jafngagnleg um aldur og ævi.*

Ed. 630. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 12. febrúar 1940, um hitaveitu Reykjavíkur.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar. Er nefndin meðmælt efni þess, en með því að unnið er nú að endurskoðun laga um skipun orkumála í landinu leggur nefndin til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** með meðmælum um efni þess.

Alþingi, 13. mars 1986.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Stefán Benediktsson.	Egill Jónsson.	Helgi Seljan.
	Björn Dagbjartsson.	

Nd. 631. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. mars.)

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:
Eftirtaldir sjúkdómar skulu nefndir einu nafni kynsjúkdómar:
Sárasótt (syphilis),
lekandi (gonorrhea),
klamydíusýkingar (sýkingar af völdum Chlamydia trachomatis),
þvagrásarbólga af öðrum orsökum (urethritis catarrhalis),
linsæri (ulcus molle),
lymphogranuloma venereum,
granuloma inguinale,
smitun af HTLV3 veiru.

Taka lögin aðeins til sjúkdóma þessara meðan þeir eru smitandi.

2. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Skráningu kynsjúkdóma skal hagað þannig að fyllsta trúnaðar sé gætt varðandi persónu hins smitaða.

Læknar skulu skrá sérstaklega alla einstaklinga með kynsjúkdóma og senda þær upplýsingar til landlæknis á þar til gerðu eyðublaði sem skrifstofa landlæknis gefur út. Þar skal einungis skrá fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn hins smitaða. Læknir hins smitaða skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi auðkenni viðkomandi einstaklings og gæta þess að öll slík auðkenni séu á vitorði hans eins. Gögn, er varða auðkenni einstaklings, skulu ekki fara úr vörslu læknis til vélritunar eða annarra nota.

Ef tveir skráðir einstaklingar hafa sama fæðingarár, fæðingarmánuð og kyn skulu læknar viðkomandi einstaklinga bera saman fæðingarnúmer þeirra til að koma í veg fyrir tvískráningu.

Sýni, send til rannsóknar frá þeim sem ástæða er til að ætla að hafi kynsjúkdómasmit, skulu merkt með upphafsstöfum þess læknis, sem sýnið sendir, og raðnúmeri sem hann gefur viðkomandi einstaklingi.

Landlæknir sér um faraldursfræðilega skráningu kynsjúkdóma.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 632. Fyrirspurn [346. mál]

til landbúnaðarráðherra um sölu mjólkur til Grænlands.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

Hefur landbúnaðarráðherra látið kanna möguleika á því að selja íslenska mjólk og mjólkurafurðir til Grænlands?

Sþ. 633. Fyrirspurn [347. mál]

til forsætisráðherra um viðræður við Alusuisse.

Frá Svavari Gestssyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvert var tilefni ferðar forsætisráðherra til Sviss fyrri hluta marsmánaðar til viðræðna við Alusuisse og hvenær var ferðin ákveðin?
2. Fór forsætisráðherra til Sviss í þessar viðræður við Alusuisse í umboði iðnaðarráðherra eða í samráði við hann?
3. Hversu margir fundir voru haldnir og hve lengi stóðu þeir?
4. Hvaða forustumenn Alusuisse sóttu fundina?
5. Hver var niðurstaða viðræðnanna?
6. Hefur verið fjallað um niðurstöðu viðræðnanna í ríkisstjórn þegar þessi fyrirspurn er lögð fram?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 634. Frumvarp til laga [348. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla, með síðari breytingum.

Flm.: Salome Þorkelsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Skólastjóri stjórnar starfi grunnskóla í samráði við kennara og skólaráð undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, fræðsluráðs, fræðslustjóra og skólanefndar, eftir því sem nánar segir í lögum þessum og reglugerðum er settar verða skv. þeim. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði er skóli starfar ef fundurinn fer fram á daglegum starfstíma skóla.

2. gr.

21. gr. laganna orðast svo:

Starfsmenn skóla skulu leitast við að efla sem mest samstarf skóla og heimila, m.a. með því að miðla fræðslu um skólastarfið til foreldra í skólahverfinu.

Nú óska foreldrar, sem eiga börn í grunnskóla, skólastjóri eða almennur kennarafundur eftir að stofnað sé foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að styðja skólastarfið og efla tengsl milli heimila og skóla og skal þá skólastjóri boða til stofnfundar foreldrafélags.

Foreldrafélag setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð sem vinni m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og sé starfsfólki skólans til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda.

Nemendaráð hvers skóla setur sér samþykktir til að starfa eftir og heldur gerðabók.

3. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Við hvern grunnskóla skal starfa skólaráð sem er stjórn skólans til ráðuneytis um innri mál hans, svo sem kennsluskipan, starfsáætlanir, skólatíma, slysavarnir og félagslíf í skólanum og fleira sem varðar daglega starfsemi skólans.

Fulltrúar í skólaráði skulu valdir við upphaf skólaárs til eins árs í senn. Skulu þeir tilnefndir af kennurum, öðrum starfsmönnum skóla, foreldrum og nemendum, sbr. 21. gr.

Skólaráð skal þannig skipað: Tveir fulltrúar kennara, þar af annar úr kennararáði ef það er til, sbr. 2. mgr. 20. gr.; tveir nemendur, þar af annar úr nemendaráði ef það er til, sbr. 4. mgr. 21. gr.; tveir fulltrúar foreldra, þar af annar úr stjórn foreldrafélags ef það er til, sbr. 2. mgr. 21. gr.; einn fulltrúi úr hópi starfsmanna skólans annarra en kennara og einn fulltrúi skólanefndar. Skólastjóri eða staðgengill hans situr fundi skólaráðs.

Skólaráð kýs sér formann, ritara og varaformann.

Skólaráð skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á ári og oftar ef þurfa þykir.

Skylt er fræðslustjóra, fulltrúa hans eða fulltrúa fræðsluráðs að mæta á fundi skólaráðs ef ráðið óskar þess.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf og starfshætti skólaráðs og setur skólaráði erindisbréf.

Heimilt er skóla, sem telur ekki grundvöll fyrir stofnun skólaráðs, að sækja um undanþágu frá ákvæði greinar þessarar til menntamálaráðuneytisins. Gildar ástæður þurfa að liggja fyrir undanþágu, t.d. smæð skóla (innan við 50 nemendur). Slíkri umsókn skal fylgja rökstudd greinargerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skólaráð skulu vera starfandi við alla grunnskóla landsins er tvö ár eru liðin frá gildistöku laga þessara.

Greinargerð.

Megintilgangur með lagafrumvarpi þessu er að auka aðild foreldra og nemenda að stjórn og innra starfi skóla.

Grunnskólinn er menntastofnun og hefur skv. lögum fyrst og fremst það hlutverk að mennta og fræða börn og unglinga. Síðustu áratugi hafa orðið miklar breytingar á þjóðfélagsháttum, ekki síst hvað varðar líf fjölskyldunnar. Atvinnuhættir hafa breyst og þátttaka kvenna í atvinnulífinu hefur aukist svo að nú stunda um 80% þeirra atvinnu utan heimilis. Einnig hefur fjöldi barna, sem dvelst hjá öðru foreldri sínu, farið vaxandi. Lætur nærri að um sjötti hver nemandi í bekk sé barn einstæðs foreldris.

Í kjölfar þessa fylgja ný viðhorf til hlutverks skóla. Ætlast er til að skólar sinni í ríkara mæli en áður ýmsum þáttum uppeldis og mótunar sem ekki falla beint undir hefðbundnar námsgreinar og fræðslu. Það kemur því í hlut grunnskólans að taka í auknum mæli að sér gæslu barna og jafnt líkamlega sem andlega umönnun þeirra.

Þessi þróun hefur í för með sér vaxandi þörf á sterkum tengslum milli heimila og skóla og raunverulegri samvinnu foreldra og starfsfólks skóla um uppeldi og skólastarf.

Hinn 12. júlí 1983 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, vinnuhóp til þess að athuga „tengsl fjölskyldu og skóla og gera tillögur um hvernig bæta megi þau tengsl". Hópnum var falið að athuga hvernig samræma mætti betur vinnutíma foreldra og skólabarna og sérstök áhersla lögð á samfelldan skóladag og að skapa skynsamlegt fyrirkomulag nestismála.

Hópinn skipuðu: Salome Þorkelsdóttir alþm., formaður vinnuhópsins, Sólrún Jensdóttir skrifstofustjóri, varaformaður vinnuhópsins, Bryndís Steinþórsdóttir heimilisfræðikennari, ritari vinnuhópsins, Áslaug Friðriksdóttir skólastjóri, Guðrún Agnarsdóttir alþm., Helga Hannesdóttir barnageðlæknir, Hrólfur Kjartansson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður og Þórunn Gestsdóttir blaðamaður.

Landssamband smábátaeigenda hefur farið fram á að fá sams konar tekjustofn og Samband grásleppuhrognaframleiðenda. Er eðlilegt að verða við þeim tilmælum. Í því sambandi beinast sjónir manna að lögum nr. 52 28. apríl 1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Ekki er talið að fært sé að fara þá leið að hækka hið almenna útflutningsgjald til að skapa tekjustofn fyrir Landssamband smábátaeigenda. Í 4. gr. laganna er að finna ákvæði um að tiltekinn hluti af útflutningsgjaldatekjum skuli renna til Landssambands

ísl. útvegsmanna og samtaka sjómanna, 0,6% til hvors aðila. Þar sem smábátaeigendur hafa nú stofnsett sérstakt samband liggur beint við að þeir fái sambærilegan hluta af útflutningsgjaldatekjum og hlutur þeirra er í heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Er það lagt til í 2. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins hefðu tekjur samtakanna á s.l. ári numið 390 þús.kr.

Um 3. gr.

Á seinasta ári var ákveðið að ríkissjóður tæki að sér að greiða vexti af 250 millj. kr. afurðalán vegna skreiðarbirgða í árslok 1984 til að létta fjármagnsbyrgði skreiðarframleiðenda.

Í því skyni að létta vanda skreiðarframleiðenda enn frekar m.a. vegna söluerfiðleika voru samþykktar á ríkisstjórnarfundi 18. febrúar 1986 eftirfarandi aðgerðir:

1. Eigi yrði innheimtur gengismunur af skreið, sem framleidd hefði verið fyrir 1. júní 1983, en hefði ekki verið flutt út fyrir árslok 1985.
2. Fellt yrði niður útflutningsgjald af skreið þeirri sem til væri í landinu 1. janúar 1986 en framleidd hefði verið fyrir árslok 1984.

Seinni liður þessarar samþykktar krefst breytinga á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Samkvæmt gildandi lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, frá 28. apríl 1983, greiðist 5,5% útflutningsgjald af allflestum sjávarafurðum. Útflutningsgjald var síðan lækkað niður í 4% með lögum nr. 19 24. apríl 1984 af skreið sem framleidd var fyrir 31. desember 1983 og ógreidd var á þeim degi. Var þessi lækkun útflutningsgjalds gerð til þess að létta vanda skreiðarframleiðenda, en hann hefur orðið mun meiri og langvinnari en gert var ráð fyrir, og er því hér lagt til að útflutningsgjald af þessari skreið verði alveg fellt niður.

Skuldir skreiðarframleiðenda vegna birgða, sbr. 2. tl., eru nú áætlaðar vera u.þ.b. 1100 milljónir kr. Hins vegar er mjög erfitt að geta til um söluverðmæti skreiðarinnar, þar sem ekkert markaðsverð er í raun til á skreið. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja nákvæmlega til um áhrif ofangreindra aðgerða. Lauslega áætlað mun eftirgjöf gengismunar, sbr. 1. tl., nema um 90—120 millj. kr. og niðurfelling á útflutningsgjaldi, sbr. 2. tl., um 70—80 millj. kr. Má því ætla að þessar ráðstafanir hafi í för með sér u.þ.b. 160—200 millj. kr. til hagsbóta fyrir skreiðarframleiðendur.

Fylgiskjal.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis, 2. mars 1984.
b.t. Stefáns Guðmundssonar form.,
Alþingi,
101 Reykjavík.

Útflutningur lifrarlýsis, þ.e. meðalalýsis og fóðurlýsis, hefur átt í vök að verjast vegna samkeppni við tilbúin vítamín. Eftirspurn eftir fóðurlýsi hefur minnkað á mörkuðum í Evrópu og Bandaríkjunum og sumpart má rekja hana til íhaldssemi notenda, sem vilja heldur gefa skepnum náttúruleg vítamín en tilbúin vítamín, þótt það kosti meiri vinnu.

Vegna þessa hefur Lýsi h.f. hafið markaðskönnun á Taiwan (Formósu), en þar er stunduð álarækt í vaxandi mæli og nam framleiðslan á s.l. ári um 28 þús. tonnum. Við eldi á þessu magni af álum eru notuð um 56 þús. tonn af fóðri og eru 5% af því, eða um 2800 tonn, fóðurlýsi.

Japanir hafa séð Taiwan-mönnum fyrir þessu fóðurlýsi, enda kaupa þeir mestallar álaafurðirnar. Lýsi þeirra hefur verið misjafnt að gæðum.

Á seinasta ári gerðu forstjóri og efnafræðingur Lýsis h.f. sér ferð til Taiwan. Í kjölfar hennar var send tilraunasending, 167 tonn af fóðurlýsi, þangað og var verðið $ 489. – fyrir tonn f.o.b. eða svipað og á vestrænum mörkuðum. Í framhaldi af þessu hófst samvinna milli kaupanda og Lýsis h.f. um vöru- og gæðaþróun, sem stefndi að því, að lýsið hentaði sem best við álarækt. Tilraunir hafa leitt í ljós, að íslenska lýsið hefur reynst jafnbetra en japanska lýsið. Verður haldið áfram á þessari braut og stefnir Lýsi h.f., að því að ná helmingnum af fóðurlýsismarkaðnum á Taiwan, ef fært reynist vegna kostnaðar. Stefnt er að því að flytja út 300–400 tonn af fóðurlýsi til Taiwan á þessu ári.

Útflutningur á lifrarlýsi á s.l. ári nam 3114 tonnum; þar af var fóðurlýsi 1556 tonn. Íslenski togaraflotinn hirðir ekki lifur úr afla sínum. Sama máli gegnir um bátaafla, sem slægður er um borð í bátum (útilega). Ef togaraflotinn hirti lifrina gæti lýsismagnið numið allt að 3000 tonnum, en úr því yrðu framleidd um 1500 tonn af lýsi, eingöngu fóðurlýsi við núverandi aðstæður. Við þetta lifrarmagn gæti talsvert bæst frá bátaflotanum.

Helstu vonir um nýja markaði virðast vera bundnar við A- og SA-Asíu. Áður er skýrt frá framleiðslu áls á Taiwan, sem að er stefnt að stórauka, og Japanir framleiða mikið magn. Kóreumenn eru með framleiðslu í undirbúningi. Talið er mjög líklegt að Kínverjar hefjist handa um álarækt og einnig Malaysíumenn og e. t. v. fleiri þjóðir í A- og SA-Asíu. Virðist því vera til mikils að vinna við að komast nú inn á markaðinn á Taiwan og e.t.v. víðar í framhaldi af því.

Kostnaður við markaðsöflun á Taiwan og í framhaldi af því víðar í Asíu er afarmikill bæði í auglýsingum og vinnslutilraunum til að aðlaga vöruna markaðnum. Yrði mjög umfangsmikið að gera grein fyrir því hér, en full ástæða virðist vera til að ýta undir hana með öllum tiltækum ráðum öðrum en beinum ríkisframlögum. Helsta úrræðið virðist vera að fella niður um sinn, t.d. til ársloka 1985, meðan markaðstilraunir standa, útflutningsgjald af fóðurlýsi og þá án tillits til þess á hvaða markaði það fer. Sú niðurfelling ætti að öðru jöfnu að skila sér í hærra lifrarverði. Þetta yrði mjög knýjandi, ef lifur yrði hirt um borð í veiðiskipum og fóðurlýsisframleiðsla ykist verulega, og einnig má benda á þá nýjung, sem nú er á döfinni, að vinna meltu úr slógi og lifur um borð í skipunum, en nú er unnið að tilraunum til að vinna síðan lýsið (fóðurlýsi) úr meltunni.

Hæstvirt nefnd hefur nú til meðferðar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 52 28. apríl 1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Með vísan til framanritaðs er þess óskað að hæstvirt nefnd flytji tillögu til viðauka við 1. gr. frumvarpsins þessa efnis:

> „Jafnframt er ráðherra heimilt að lækka eða fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi, sem framleitt er á árunum 1984 og 1985, enda flytji framleiðandi það út undir íslensku vörumerki“.

Rök fyrir niðurlagi þessa töluliðar eru þau, að takist vel til, yrði það góð auglýsing fyrir íslenska gæðavöru. Kæmi þetta í staðinn fyrir að hafa þann hátt á að lýsið er flutt út sem hráefni, en síðan unnið erlendis og selt undir erlendum vörumerkjum.

Ýmsar frekari upplýsingar um mál þetta eru fyrir hendi og tiltækar í ráðuneytinu.

F. h. r.

Ingimar Einarsson.

Ed. **639. Nefndarálit** [202. mál]

um frv. til l. um verðbréfamiðlun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á átta fundum. Henni hafa borist umsagnir um frumvarpið og hún kvatt ýmsa á sinn fund, þar á meðal fulltrúa Fjárfestingarfélags Íslands hf., Kaupþings hf., Lögverndar og bankaeftirlitsins. Jafnframt hafa verið lagðar fyrir nefndina athugasemdir Jónatans Þórmundssonar prófessors um refsiákvæði frumvarpsins.

Að lokinni athugun á frumvarpinu er nefndin þeirrar skoðunar að æskilegt sé að lögfesta ákvæði þess. Viðskipti með verðbréf hafa aukist verulega hin síðari ár og fleiri sinna nú verðbréfamiðlun en nokkru sinni fyrr. Þessar aðstæður skapa að mati nefndarinnar aukna hættu á ýmiss konar misferli í tengslum við verðbréfaviðskipti sem eðlilegt er að löggjafinn bregðist við.

Í I. kafla frumvarpsins eru skýrð hugtökin verðbréf, verðbréfamiðlun, verðbréfamiðlari og verðbréfasjóður. Nefndin telur þessar skýringar fullnægjandi að því undanskildu að hugtakið verðbréfasjóður virðist skýrt of þröngt. Leggur nefndin fram breytingartillögu er felur í sér rýmkun á skilgreiningu hugtaksins.

Í II. kafla frumvarpsins er fjallað um leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs. Nefndin telur rétt að þessi starfsemi sé háð persónubundnu starfsleyfi þar sem það skilyrði sé m.a. sett fyrir veitingu leyfis að umsækjandi setji bankatryggingu til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfseminnar. Jafnframt er það skoðun nefndarinnar að fyrirtæki, sem sinnir þessari starfsemi, eigi að vera skylt að láta löggiltan endurskoðanda annast endurskoðun. Sú mun og vera raunin hjá flestum ef ekki öllum verðbréfafyrirtækjum. Engu síður þykir rétt að sú framkvæmd verði lögfest. Nefndin flytur breytingartillögur við 4. og 5. gr. frumvarpsins í þessu skyni.

Nefndin telur að ákvæði III. og IV. kafla frumvarpsins séu til þess fallin að bæta verulega réttarstöðu viðskiptamanna verðbréfamiðlara. Þó þykir rétt að fara nokkrum orðum um efni 7. gr. frumvarpsins. Samkvæmt 3. mgr. þeirrar greinar er verðbréfamiðlara heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Í 4. og 5. mgr. greinarinnar er að finna sérreglur sem nauðsynlegar þykja vegna heimildar verðbréfamiðlara í þessu efni. Ákvæði 4. mgr. þarfnast ekki skýringa en rétt er að taka fram að með ákvæði 5. mgr. yrðu tekin af öll tvímæli um það að framsalsáritun verðbréfamiðlara teljist fullgild framsalsáritun. Eins og kunnugt er þarf útgefandi verðbréfs, t.d. handhafaskuldabréfs, ekki að greiða handhafa slíks bréfs á gjalddaga ef bréfið ber ekki með sér óslitna framsalsröð til viðkomandi. Samkvæmt almennum reglum væri framsalsáritun verðbréfamiðlara ekki fullnægjandi til að halda óslitinni framsalsröð og er því nauðsynlegt að lögfesta fyrirmæli um slíkt.

Í V. kafla frumvarpsins er fjallað um eftirlit með verðbréfamiðlun og verðbréfasjóðum. Nefndin telur eðlilegt að bankaeftirliti Seðlabankans sé falið þetta eftirlit enda hefur starfsemin m.a. þann tilgang að bjóða almenningi að ávaxta fé sitt með tilteknum hætti þótt ekki sé um innlánsstarfsemi að ræða. Á hinn bóginn telur nefndin að ákvæði þessa kafla þurfi verulegrar endurskoðunar við og flytur sérstaka breytingartillögu af því tilefni. Gerir

tillagan ráð fyrir að eftirlitið verði fyrst og fremst tvíþætt. Annars vegar skal gæta þess að engir aðrir en þeir, sem fengið hafa leyfi samkvæmt frumvarpinu, sinni verðbréfamiðlun eða starfræki verðbréfasjóð. Hins vegar beinist eftirlitið að því að þeir aðilar, sem leyfi hafa fengið til starfseminnar, sinni henni í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Jafnframt er sú skylda lögð á bankaeftirlitið að það safni upplýsingum um hvernig fyrirtækin komi þjónustu sinni á framfæri við almenning. Ekki er tekið beinlínis fram hverjar þessar upplýsingar skuli vera og er það lagt í vald bankaeftirlitsins að ákveða hvernig það hagar þessum þætti eftirlitsins. Almennt má þó segja að upplýsingaöflunin eigi að beinast að þeim atriðum sem helst eru til þess fallin að varpa ljósi á hvort einstök fyrirtæki starfi í samræmi við það sem kalla má heilbrigða viðskiptahætti. Má í þessu sambandi t.d. nefna upplýsingar um ávöxtunarkjör. Þá er gert ráð fyrir í breytingartillögunni að bankaeftirlitið sendi álitsgerð með þessum upplýsingum til viðskiptaráðherra og verðlagsráðs. Með því að senda upplýsingarnar til verðlagsráðs er framkvæmd eftirlitsins tengd ákvæðum V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti en sá kafli fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Getur verðlagsráð samkvæmt ákvæðum þessa kafla t.d. bannað athafnir sem felast í því að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum enda séu þessar upplýsingar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi. Með þessum hætti er reynt að tryggja að eftirlitið feli í sér leiðbeiningu fyrir fyrirtækin um það hvernig þau skuli haga starfsemi sinni gagnvart almenningi.

Að því er varðar refsiákvæði frumvarpsins telur nefndin rétt að leggja til breytingar á þeim ákvæðum. Er þar einkum um tvær breytingar að ræða. Sú fyrri gerir ráð fyrir að sú refsivernd, sem frumvarpið veitir gegn brotum, eigi ekki eingöngu að ná til þess að starfrækt sé verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður án leyfis, heldur einnig til brota gegn ákvæðum III. kafla frumvarpsins um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara. Síðari breytingin gerir ráð fyrir að auk sekta og fangelsis verði unnt að dæma í varðhald vegna brota á lögunum.

Að endingu er rétt að taka fram að nauðsynlegt er að breyta gildistökudegi laganna sem í frumvarpinu er miðaður við 1. mars 1986. Leggur nefndin til að gildistökunni verði frestað til 1. júní n.k. Enn fremur leggur nefndin til að gildistöku 10. gr. verði flýtt um eitt ár. Loks er lagt til að starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laganna verði heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.

Stefán Benediktsson sat fundi nefndarinnar og er samþykkur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. mars 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Egill Jónsson.
Jón Kristjánsson.	Valdimar Indriðason.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Ed. 640. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til l. um verðbréfamiðlun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Verðbréfasjóður merkir í lögum þessum sérhvern lögaðila er gefur út verðbréf sem eru boðin almenningi til kaups og hefur að markmiði að annast kaup og sölu verðbréfa í eigin nafni.
2. Við 4. gr.
   a. Í stað orðanna „sbr. þó 4. mgr.“ í 1. mgr. komi: sbr. þó 5. mgr.
   b. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:
   Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlun.
3. Við 5. gr. bætist ný mgr. sem orðist svo:
   Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfasjóði.
4. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr., og gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.
   Vegna ákvæða 6. gr. skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitsgerð um efni viðskiptaauglýsinga sem verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitsgerðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.
   Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóðs brjóti í bága við lög þessi skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu til verðlagsráðs.
5. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum hafi maður með höndum verðbréfamiðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.
   Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta mann leyfi til verðbréfamiðlunar um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara.
7. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.
   Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. tekur 10. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1988.
   Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laga þessara er heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.

Sþ. 641. Fyrirspurn [351. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um störf nefndar um geðheilbrigðismál.

Frá Helga Seljan.

Hefur endurskoðunarnefnd um geðheilbrigðismál lokið störfum? Ef svo er, hvað hyggst ráðherra þá gera varðandi tillögur nefndarinnar um helstu úrbætur í þessum málefnum?

Sþ. 642. Fyrirspurn [352. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í Kjarvalshúsi.

Frá Jóhönnu Leópoldsdóttur.

1. Hversu margir einstaklingar bíða nú greiningar og meðferðar í Kjarvalshúsi:
   a. úr forgangshópi,
   b. aðrir?
2. Hversu lengi er áætlað að þessir einstaklingar þurfi að bíða?
3. Hefur biðlisti einstakra hópa verið að lengjast eða styttast?
4. Hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á næstunni? Er aukning á starfsemi stöðvarinnar fyrirsjáanleg?

Sþ. 643. Breytingartillaga [11. mál]

við till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá Stefáni Valgeirssyni, Þórarni Sigurjónssyni, Haraldi Ólafssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Því felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis eða umönnunar á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum við ákvörðun starfsaldurshækkana starfsmanna.

Jafnframt verði tryggt að þeir starfsmenn, sem vinna hjá hinu opinbera, njóti þessa réttar sé hann þeim ekki þegar tryggður.

Sþ. 644. Tillaga til þingsályktunar [353. mál]

um könnun á því hvernig unnt sé að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta kanna með hvaða hætti unnt væri að meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf í kjarasamningum þannig að þau störf veittu sambærileg kjör og aðrir hafa á almennum vinnumarkaði.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í beinu framhaldi af breytingartillögu flutningsmanna við tillögu til þingsályktunar um að meta heimilisstörf til starfsreynslu, 11. mál Sþ., á þskj. 11, flutningsmenn Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir og Kristín Halldórsdóttir. Breytingartillagan er dregin til baka en þess í stað er þessi tillaga lögð fram.

Að athuguðu máli telja flutningsmenn vænlegra þessu máli til framdráttar að fram fari könnun á því hvernig unnt sé að meta heimilisstörf til starfsreynslu. Hér er um að ræða viðamikið og flókið mál sem þarfnast ítarlegrar athugunar og umfjöllunar áður en því verður hrint í framkvæmd. Flutningsmenn telja eðlilegt að í sambandi við þá könnun, sem þessi þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir að fjármálaráðherra láti gera, fari fram viðræður milli helstu samningsaðila vinnumarkaðarins sem og hins opinbera um tilhögun þessara mála. Mikilvægt er að reynsla og þekking aðila á þessu sviði nýtist sem best við stefnumótun og væntanlega framkvæmd þessara mála.

Að meta starfsreynslu vegna ólaunaðra heimilisstarfa í kjarasamningum varðar alla landsmenn. Er því þýðingarmikið að vel verði vandað til þessa verks.

Sþ. 645. Tillaga til þingsályktunar [354. mál]

um trjárækt í þéttbýli.

Flm.: Gunnar G. Schram, Friðjón Þórðarson, Friðrik Sophusson, Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að eiga frumkvæði að samstarfi ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skógræktarfélags Íslands um gerð áætlunar til næstu fimm ára um trjárækt í og við þéttbýli um land allt. Verði það m.a. markmið skógræktaráætlunar þessarar að gróðursett verði árlega a.m.k. eitt tré fyrir hvern íbúa í sveitarfélögum landsins. Skal ríkisstjórnin skipa þrjá menn af sinni hálfu í samstarfsnefnd til þess að vinna að þessu verkefni í samvinnu við sveitarfélög landsins og Skógræktarfélag Íslands.

Greinargerð.

Markmið tillögu þessarar er að hvetja til aukinnar trjáræktar um land allt á næstu árum í og við þéttbýli.

Skógrækt hefur um langan aldur verið mörgum landsmönnum hugðarefni. Með skógrækt vinnst tvennt: Hún bætir landið og fegrar það jafnframt. Enn eigum við landinu

mikla skuld að gjalda. Frá upphafi landnáms til þessa dags telja vísindamenn að um það bil helmingur gróðurlendis og jarðvegs landsins hafi tapast. Og enn á sér gífurleg eyðing stað á hverju ári. Þó hefur mikið áunnist við uppgræðslu lands á síðari árum og skógrækt hefur aukist allhröðum skrefum. En fjarri er því að landið beri nú þann svip og yfirbragð sem fyrr á öldum er skógar brugðu á það grænum blæ milli fjalls og fjöru.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að tímabært sé að hefja nýtt átak í skógrækt og beina því að þessu sinni fyrst og fremst að trjárækt í þéttbýli. Þar býr mikill meiri hluti þjóðarinnar og trjárækt þar er ein besta og ódýrasta aðferðin til þess að fegra og bæta umhverfi fólksins í landinu.

Þótt víða sé mikil trjárækt í görðum í íbúðahverfum um land allt skortir þó mikið á að hið sama verði sagt um svæði sem ætluð eru til almenningsnota eða svæði við opinberar byggingar. Á það við um lóðir skóla, sjúkrahúsa og vistheimila, en einnig er full ástæða til að efla skógrækt á iðnaðar-, íþrótta- og miðbæjarsvæðum og við vistgötur sem nú verða æ fleiri. Á slíkum svæðum er unnt að skapa skjól og vinalegt umhverfi með trjá- og runnagróðri.

Því hefur verið haldið fram að útivera og tengsl við óspillta náttúru sé félagsleg frumþörf og með því að fullnægja henni sé unnt að draga úr ýmsum vandkvæðum sem fyrir koma í þéttbýli nútímans. Þetta er ein af ástæðum þess að allar menningarþjóðir rækta tré við híbýli sín. Trjágróður veitir skjól, fegrar umhverfi, skapar öryggiskennd og dregur úr hávaða. Þannig er reynt að vinna gegn þeim ókostum sem fylgja vaxandi þéttbýli, auknum hraða og ópersónulegri samskiptum. Umhverfið þarf að móta að ólíkum þörfum og athöfnum. Í þeim efnum er þáttur trjáræktar mikilsverður eins og sjá má glöggt sums staðar hérlendis og víða erlendis.

Á því leikur ekki vafi að hér á landi er mikill og vaxandi áhugi á skógrækt. Mikilsvert er að beina þessum áhuga í réttan farveg og virkja hann eftir því sem kostur er. Þess er freistað með þeirri þingsályktunartillögu sem hér er fram borin. Hér er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun til næstu fimm ára um trjárækt í og við þéttbýli um land allt. Markmið hennar er að gróðursett verði árlega a.m.k. eitt tré fyrir hvern íbúa í sveitarfélögum landsins. Hér er um raunhæft markmið að ræða og ekki of geyst af stað farið í upphafi, enda þarf þess að gæta. Hins vegar er ljóst að ef slík áætlun nær fram að ganga verður ólíkt fegurra um að litast í bæjum og kauptúnum hér á landi eftir nokkur ár, og er þá ótalið það skjól og sú landbót sem skógræktin ávallt skapar.

Gert er ráð fyrir því að framkvæmdaaðilarnir í þessum efnum verði fyrst og fremst sveitarfélög landsins, sem mörg hafa þegar sýnt mikinn áhuga á skógræktarmálum, og Skógræktarfélag Íslands. Hafi ríkisstjórnin forgöngu um þetta samstarf en af hennar hálfu mun þar ugglaust fyrst og fremst koma til kasta Skógræktar ríkisins.

Mjög æskilegt væri að tengja þetta trjáræktarátak starfi hinna mörgu áhugamannafélaga um land allt eftir því sem kostur er á hverjum stað, auk þess sem samtök ungs fólks munu tvímælalaust reiðubúin til að leggja hér hönd á plóginn.

Þess má geta hér að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa þegar beint þeim tilmælum til sveitarstjórna að gert verði átak í trjárækt þar í líkingu við það sem hér er fjallað um og lagt til að taki til landsins alls. Er með því skapaður góður grundvöllur fyrstu aðgerða á þessu sviði.

Sþ. 646. Fyrirspurn [355. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um iðgjöld bifreiðatrygginga.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er afstaða tryggingamálaráðherra til samráðs tryggingafélaganna um iðgjöld af bifreiðatryggingum og telur ráðherra að það samræmist eðli og tilgangi frjálsrar verðmyndunar að tryggingafélög hafi slíkt samráð sín á milli um iðgjaldaákvarðanir?
2. Telur tryggingamálaráðherra að rétt sé að fella iðgjaldaákvarðanir tryggingafélaga undir ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti eða með öðrum hætti að setja iðgjaldaákvarðanir þeirra undir strangara verðlagseftirlit?
3. Hver er afstaða tryggingamálaráðherra til beiðni tryggingafélaganna um 22% meðaltalshækkun iðgjalda í ljósi nýgerðra kjarasamninga?
4. Hefur iðgjaldahækkunin verið tekin fyrir í ríkisstjórninni? Ef svo er, hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til hækkunarinnar?
5. Telur ráðherra að kanna þurfi réttmæti útreikninga tryggingafélaganna sem lagðir eru fyrir Tryggingaeftirlitið í ljósi ásakana í Helgarpóstinum 13. mars s.l. um að rangir útreikningar séu lagðir til grundvallar við iðgjaldaákvörðun bifreiðatrygginga?

Sþ. 647. Beiðni um skýrslu [356. mál]

frá sjávarútvegsráðherra um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Jóhönnu Leópoldsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um úrvinnslu sjávarafla undanfarin fjögur ár, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi. Jafnframt er óskað eftir að fram komi mat sjávarútvegsráðherra á því hvaða hagnýting á sjávarafla og vinnsluaðferðir séu þjóðhagslega hagkvæmastar og hver sé stefna ráðherrans í þeim efnum næstu ár.

Þess er óskað að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar og mat á eftirfarandi atriðum:

1. Hversu mikill hluti bolfiskaflans hefur farið til:
   a. útflutnings ísfisks,
   b. frystingar um borð í togurum,
   c. frystingar í landi,
   d. söltunar og
   e. skreiðarverkunar

   á árunum 1982, 1983, 1984 og 1985.
2. Hversu mikið af beinum og slógi, lifur og hrognum hefur verið nýtt, flokkað eftir verkunar- og veiðiaðferðum, og hversu miklu hefur verið hent á þessum árum.

3. Hve mikið hefur verið fjárfest árlega á tímabilinu 1982–1985 (reiknað til verðlags í janúar 1986) í heild og flokkað eftir útgerðarstöðum:
   a. í nýjum fiskiskipum,
   b. í breytingum á eldri skipum,
   c. í frystitogurum og frystibúnaði um borð í veiðiskipum,
   d. í fiskvinnslustöðvum og búnaði til úrvinnslu sjávarafla í landi.
4. Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu til einstakra þátta samkvæmt 3. tölulið.
5. Hversu mikið hefur verið fjárfest á tímabilinu 1982–1985:
   a. vegna rækjuveiða,
   b. vegna rækjuvinnslu.
   Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu vegna þessara þátta.
6. Hvaða vitneskja og mat liggur fyrir á veiðiþoli rækjustofna á Íslandsmiðum.
7. Hvernig er háttað nýtingu fiskvinnslustöðva í einstökum sjávarplássum og yfir landið í heild flokkað eftir verkunaraðferðum.
8. Ef nýtingu vinnslustöðva, sbr. 7. tölulið., er ábótavant, hverjar eru orsakir þess (skortur á hráefni, skortur á vinnuafli o.s.frv.).
9. Hvaða þættir það eru sem einkum hafa valdið mikilli aukningu:
   a. á útflutningi ísvarins fisks,
   b. á útgerð frystitogara.
   Hvort um sé að ræða mismunun í gjaldtöku og skattlagningu sem ýtir undir þessa þróun umfram vinnslu í landi og í hverju sú mismunun sé þá fólgin.
10. Hvernig sjávarútvegsráðuneytið metur hagkvæmni og þjóðhagslega arðsemi:
    a. af útflutningi ísvarins fisks,
    b. af útgerð frystitogara,
    c. af hefðbundinni fiskverkun í landi.
11. Hvers konar úrvinnslu sjávarafla sjávarútvegsráðherra telur hagkvæma og skynsamlega á komandi árum, m.a. með hliðsjón af mörkuðum og þeirri fjárfestingu og byggð sem fyrir er í landinu.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 18. mars 1986.

Hjörleifur Guttormsson.	Garðar Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.
Guðrún Helgadóttir.	Guðmundur J. Guðmundsson.	Helgi Seljan.
Ragnar Arnalds.	Jóhanna Leópoldsdóttir.	Steingrímur J. Sigfússon.
	Svavar Gestsson.	

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Sþ. 648. Skýrsla [357. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármálanna í ljósi bráðabirgðatalna ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á árinu 1985. Hins vegar er leitast við að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins.

Árið 1985 einkenndist af erfiðri fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Niðurstöðutölur fjárlaga ársins sýndu 743 m.kr. rekstrarhalla. Snemma árs þótti sýnt að stefndi í enn meiri halla og voru ástæður þess einkum fjórar. Í fyrsta lagi reyndust útgjaldaáhrif kjarasamninga meiri en ráð var fyrir gert í fjárlögum. Í öðru lagi reyndist dráttur á afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 ríkissjóði dýrkeyptur, en þau hlutu ekki afgreiðslu Alþingis fyrr en um miðjan júní s.l. Í þriðja lagi reyndist óhjákvæmilegt að veita auknu fé til ýmissa verkefna. Í fjórða og síðasta lagi reyndist innheimta tekna nokkru tregari en undanfarin ár.

Hér verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik fjárlaga og endurskoðaðrar áætlunar í ágúst s.l. frá bráðabirgðatölum ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á árinu 1985. Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds lágu fyrir um miðjan janúar og byggir það uppgjör í megindráttum á greiðslugrunni. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggir á rekstrargrunni, verður frábrugðinn meðal annars að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Fjárlög eru ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við bráðabirgðatölur ríkisbókhalds því raunhæfa viðmiðun.

Bráðabirgðaniðurstöður ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á árinu 1985 sýna verulegan rekstrar- og greiðsluhalla. Yfirlitið hér að neðan sýnir afkomu ríkissjóðs eins og hún var áætluð í fjárlögum 1985, endurskoðaða áætlun um ríkisfjármál frá í ágúst s.l., sbr. fjárlagafrumvarp 1986, og, að lokum, samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds (m.kr.):

Yfirlit I **Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1985**

	(1) Fjárlög 1985	(2) Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	(3) Bráðabirgðatölur 1985
1. Tekjur	25.336	27.141	26.889
2. Gjöld	26.079	29.000	29.260[1])
3. Rekstrarafkoma (1–2)	**–743**	**–1.859**	**–2.371**
4. Lánahreyfingar, nettó (Seðlabanki meðtalinn)	869	1.199	2.296[1])
5. Viðskiptareikningur, nettó	–120	–200	–1.032
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	**+6**	**–860**	**–1.107**

1) Bráðabirgðatölur ríkisbókhalds með síðari breytingum þess.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið ber með sér veruleg frávik frá upphaflegum áætlunum um afkomu ríkissjóðs. Þannig fól endurskoðun ríkisfjármála í ágúst s.l. í sér aukinn rekstrarhalla ríkissjóðs um 1.100 m.kr. Bráðabirgðatölurnar gefa til kynna að enn frekar seig á ógæfuhliðina síðla árs 1985 er rekstrarhallinn jókst um rúmar 500 m.kr. Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1985 sýna 2.371 m.kr. rekstrarhalla og 1.107 m.kr. greiðsluhalla.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1985 (m.kr.):

Yfirlit II **Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1985**

	(1) Fjárlög 1985	(2) Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	(3) Bráðabirgða-tölur 1985
6. Greiðsluafgangur/halli	6	−860	−1.107
7. Afborganir í Seðlabanka	160	708	714
8. Lántaka í Seðlabanka	—	−1.556	−2.098
9. Greiðsluhreyfing gagnvart banka-kerfi (6+7+8)	**166**	**−1.708**	**−2.491**
10. Bankareikningar utan Seðlabanka	—	—	−15
11. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (9+10)	**166**	**−1.708**	**−2.506**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Af yfirlitinu má ráða þensluáhrif ríkisfjármálanna á árinu 1985 og að lakari afkoma ríkissjóðs en fjárlög áætluðu var að mestu fjármögnuð af Seðlabankanum.

2. Ríkisfjármál

Framkvæmd ríkisfjármála reyndist um margt frábrugðin því sem að var stefnt við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1985. Ástæður eru margvíslegar sem má ýmist rekja til ráðstafana stjórnvalda eða þess, að þróun launa, verðlags og gengis reyndist önnur en forsendur fjárlaga byggðu á.

Í fjárlögum fyrir árið 1985 voru laun ákveðin með hliðsjón af aðalkjarasamningi fjármálaráðherra og BSRB sem var undirritaður í nóvember 1984 og gilda átti til ársloka 1985. Snemma árs 1985 felldi Kjaradómur úrskurði vegna aðalkjarasamnings og sérkjara-samninga BHMR og fjármálaráðherra. Dómarnir fólu í sér annars vegar grundvallar-breytingu á launastiga og hins vegar röðun hinna ýmsu aðildarfélaga í launaflokka. M.a. í framhaldi af þessum dómum var gerður nýr samningur við BSRB í júní og var þar í grundvallaratriðum byggt á sömu forsendum og niðurstöður Kjaradóms. Niðurstöður launasamninga ríkissjóðs á árinu 1985 leiddu til þess að forsendur fjárlaga reyndust of lágar bæði með tilliti til launaútgjalda og tryggingabóta.

Miklar hækkanir launa innanlands urðu til þess að ekki tókst að ná settum markmiðum hvað snertir almenna verðlags- og gengisþróun. Þetta átti sinn þátt í því að önnur útgjöld til reksturs og ýmissa útgjalda ríkissjóðs fóru fram úr áætlun fjárlaga. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun launa, verðlags og gengis á árinu 1985 samanborið við forsendur fjárlaga:

Yfirlit III Meðalhækkun launa, verðlags og gengis 1984—1985

	Fjárlög 1985 %	Útkoma %
1. Framfærsluvísitala	28,0	32,4
2. Byggingarvísitala	28,0	31,5
3. Lánskjaravísitala	28,0	30,6
4. Laun opinberra starfsmanna	26,0	39,0
5. Meðalgengi	22,5	28,1

Heimild: Hagtölur mánaðarins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í þessum kafla mun gerð grein fyrir hvernig helstu þáttum í fjármálum ríkissjóðs reiddi af á árinu 1985.

2.1 Tekjuhlið ríkissjóðs

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1985 námu alls 26.889 m.kr. og er það 6.142 m.kr. eða 29,6% hækkun frá síðasta ári. Á sama tíma nam hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1984 og 1985 um 32,5%. Raungildi ríkissjóðstekna, mælt á þennan hátt, lækkar því um rúm 2% milli ára.

Tekjuáætlun frá í ágúst reyndist ríflega 250 m.kr. hærri en bráðabirgðaniðurstöður ársins gefa til kynna. Sá mismunur skýrist einkum af lakari innheimtu bæði beinna skatta og launatengdra gjalda einkum á fjórða ársfjórðungi 1985. Þannig reyndist innheimtuhlutfallið almennt 4—5 prósentum lægra en á árinu 1984 og er áætlað að skil í ríkissjóð hafi reynst um 300–400 m.kr. minni en ella. Hlutfall tekna ríkissjóð af vergri þjóðarframleiðslu lækkaði úr 26,9% árið 1984 í 25,6% á árinu 1985.

Tafla 1 í töfluviðauka sýnir skiptingu á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1984 og 1985. Einstakir tekjuliðir hækka mjög misjafnlega milli ára. Beinir skattar hækka aðeins um 14% frá fyrra ári og lækkar hlutdeild þeirra í heildartekjum ríkissjóðs úr 14% árið 1984 í rúm 12% árið 1985. Á hinn bóginn jókst innheimta óbeinna skatta um 34% milli ára. Er það nokkuð umfram almennar verðlagsbreytingar og eykst hlutdeild þeirra í heildartekjum ríkissjóðs úr rúmlega 81% í 84%. Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu á helstu tekjustofnum ríkissjóðs:

Yfirlit IV Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1984—1985

	Í milljónum króna		Hlutfallsleg samsetning	
	Innheimt 1984	Innheimt 1985	Innheimt 1984	Innheimt 1985
1. Tekjuskattar	2.305	2.515	11,1	9,4
2. Eignaskattar	407	546	2,0	2,0
3. Tolltekjur	3.581	4.260	17,3	15,8
4. Veltuskattar	10.170	14.220	49,0	52,9
5. Skattar af launagreiðslum	1.509	1.927	7,3	7,2
6. Aðrar tekjur	2.775	3.421	13,3	12,7
7. Heildartekjur (1+...+6)	**20.747**	**26.889**	**100,0**	**100,0**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Á árinu 1985 kom til framkvæmda 1. áfangi af þremur í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum. Tekjumissir ríkissjóðs vegna þessa er áætlaður um 600–800 m.kr.

Einstakir liðir óbeinna skatta hækka misjafnlega milli ára. Tolltekjur ríkissjóðs aukast aðeins um 19% frá fyrra ári og vægi þeirra í heildartekjum ríkissjóðs lækkar úr rúmum 17% í tæp 16%. Lækkun á raungildi tolltekna skýrist meðal annars af verulegum samdrætti í bílainnflutningi á árinu 1985, auk þess gætti áhrifa í lok ársins af tollabreytingum í október s.l. þar sem hámarkstollur af bifreiðum lækkaði úr 90% í 70%. Þá er talið að hlutfall tolltekna ríkissjóðs af heildarinnflutningi hafi lækkað um allt að 1% vegna aukinnar hlutdeildar fjárfestingarvara í heildarinnflutningi landsmanna.

Tekjur ríkissjóðs af svonefndum veltusköttum aukast um 40% milli ára og er það nokkuð umfram verðlagsbreytingar. Hlutdeild þeirra í heildartekjum ríkissjóðs eykst úr 49% í um 53%. Þó eru nokkur veruleg frávik í hækkunum einstakra liða innan þessa flokks, en þeir eru sölu- og orkujöfnunargjald, hagnaður ÁTVR og vörugjald. Tekjur ríkissjóðs af sölu- og orkujöfnunargjaldi hækkuðu um 39% milli ára og skýrist sú hækkun einkum af hækkun söluskatts um eina prósentu á miðju ári 1985 vegna sérstakrar fjáröflunar til húsbyggingarsjóðanna. Hagnaður ÁTVR jókst um 63% frá fyrra ári og er það verulega umfram almennar verðlagsbreytingar. Tekjur ríkissjóðs af vörugjaldi aukast aðeins um 25% milli ára en gjaldið er lagt á vissa flokka innflutnings og innlendrar framleiðslu.

Að síðustu námu tekjur af verðjöfnunargjaldi af raforku rúmum 380 m.kr. á árinu 1985 og er það næstum óbreytt fjárhæð milli ára. Það skýrist af lækkun gjaldsins á árinu 1985 úr 19% í 16% í samræmi við lög nr. 114/1985, en 80% gjaldsins renna til Rafmagnsveitna ríkisins og 20% til Orkubús Vestfjarða.

2.2 Gjaldahlið ríkissjóðs

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu útgjöld ríkissjóðs alls 29.260 m.kr. á árinu 1985 og er það um 47% hækkun frá fyrra ári. Samanborið við um 32,5% verðlagsbreytingar milli ára felur þetta í sér að útgjöldin aukast um tæp 11% að raungildi.

Töflur 3 og 4 í töfluviðauka sýna skiptingu útgjalda ríkissjóðs eftir málaflokkum. Útgjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu reyndust 27,9%.

Fram kemur afar mismunandi hækkun milli ára í einstökum málaflokkum og breytingar á vægi þeirra í heildarútgjöldum ríkissjóðs. Athygli vekur aukið vægi framlaga til fjárfrekra málaflokka eins og velferðarmála og mennta-, menningar- og kirkjumála.

Framlög til velferðarmála hafa numið um 8,5% af vergri þjóðarframleiðslu á síðustu árum, en árið 1985 eykst þetta hlutfall í 9%. Aukin hlutdeild þessa málaflokks skýrist einkum af aukinni áherslu á fjárveitingar til húsbyggingarsjóðanna, en þær jukust úr 400 m.kr. á árinu 1984 í 1.069 m.kr. árið 1985.

Hlutdeild framlaga til mennta-, menningar- og kirkjumála hefur numið 4,1—4,4% vergrar þjóðarframleiðslu en eykst í 4,8% á árinu 1985. Að stórum hluta skýrist aukið vægi þessa málaflokks af hækkun framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, þ.e. úr 428 m.kr. árið 1984 í 896 m.kr. á árinu 1985.

Af framlögum til atvinnumála vekur helst athygli aukin hlutdeild sjávarútvegs í heildarútgjöldum ríkissjóðs og skýrist það af því að á árinu 1985 var í fyrsta sinn endurgreiddur söluskattur til atvinnugreinarinnar og námu þær greiðslur 521 m.kr. á árinu.

Að síðustu aukast framlög til ýmissa mála verulega og skýrist það einkum af auknum vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Aukast þær úr 797 m.kr. í 1.608 m.kr. eða úr 1,0% af vergri þjóðarframleiðslu í 1,5%.

Heildargjöld ríkissjóðs voru áætluð 26.079 m. kr. í fjárlögum fyrir árið 1985. Við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst hækkaði gjaldatalan í 29.000 m.kr. eða um 2.921 m.kr.

Hér var um að ræða bæði efnislegar breytingar sem og frávik vegna annarrar þróunar í launa-, verðlags- og gengismálum en forsendur fjárlaga miðuðu við.

Bráðabirgðatölur um heildargjöld ríkissjóðs á árinu 1985 nema 29.260 m.kr. Hækkun heildargjalda frá endurskoðuðu áætluninni er því aðeins 260 m.kr. eða um 0,9%, þrátt fyrir nokkur frávik á einstökum liðum. Hins vegar nemur hækkun gjaldahliðar ríkissjóðs 3.181 m.kr. eða 12,2% frá fjárlögum og var sá mismunur afgreiddur samkvæmt venju með aukafjárveitingum.

Skipta má breytingum frá afgreiðslu fjárlaga 1985 í eftirfarandi fjóra flokka: 1) Áhrif kjarasamninga og breyttra verðlagsforsendna á launagreiðslur, rekstrargjöld, tryggingabætur o.fl. 1.520 m.kr., 2) útgjaldaáhrif nýrrar lagasetningar eftir afgreiðslu fjárlaga um 340 m.kr. Hér má nefna lög tengd ráðstöfunum í sjávarútvegsmálum, húsnæðismálum og afgreiðslu lánsfjárlaga, 3) fyrirhuguð lækkun útgjalda í fjárlögum 1985 um 400 m.kr., sem ekki náði fram að ganga, svo sem til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir, 4) annað tengt sérstökum ákvörðunum 921 m.kr. Þar af námu aukafjárveitingar til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 227 m.kr., niðurgreiðslur 113 m.kr., upgjör vegna fyrra árs 170 m.kr. og vaxtagjöld 50 m.kr.

Eftirfarandi yfirlit gefur yfirsýn um útgjöldin á árinu 1985 annars vegar samkvæmt áætlunum og hins vegar í samræmi við rauntölur ársins (í m.kr.):

Yfirlit V **Útgjöld ríkissjóðs 1985**

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	Bráðabirgðatölur 1985
1. Heildarlaun	6.968	7.768	7.854
2. Vaxtagjöld	1.472	1.557	1.608
3. Önnur gjöld	5.012	5.344	6.029
4. – Sértekjur	−806	−830	−817
5. Tilfærslur	13.433	15.161	14.586
Lífeyristryggingar	3.470	3.820	3.529
Sjúkratryggingar	3.628	3.950	3.815
Niðurgreiðslur	700	940	1.013
Lánasjóður íslenskra námsmanna	668	668	896
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	430	462	521
Útflutningsuppbætur	380	560	556
Húsbyggingarsjóðir	904	1.257	1.069
Verðjöfnunargjald af raforku	420	420	394
Niðurgreiðslur á rafhitun	200	251	209
Annað	2.633	2.833	2.584
6. Heildargjöld (1+...+5)	**26.079**	**29.000**	**29.260**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun

2.3 Lánsfjárþörf ríkissjóðs

Afkoma ríkissjóðs á árinu 1985 reyndist óhagstæðari en fjárlög ársins ráðgerðu, en þar var stefnt að greiðslujöfnuði í árslok. Við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst var útlit fyrir rúmlega 2.400 m.kr. viðbótarfjárþörf hjá ríkissjóði. Ráðgert var að mæta henni annars vegar með 1.556 m.kr. tímabundinni lánafyrirgreiðslu í Seðlabankanum og hins vegar með um 860 m.kr. yfirdrætti á viðskiptareikningum ríkissjóðs í bankanum.

Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að standa Seðlabankanum skil á þessum lántökum og hefur ríkissjóður meðal annars heimild til 1.500 m.kr. erlendrar lántöku í þessu skyni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir 860 m.kr. útstreymi á viðskiptareikningum til að bæta stöðu ríkissjóðs í bankanum á árinu 1986.

Bráðabirgðatölur í árslok 1985 gefa til kynna nokkur frávik frá áætlunum ársins, sem má rekja bæði til lakari rekstrarafkomu og útstreymis á lánareikningum eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (m.kr.):

Yfirlit VI **Afkoma ríkissjóðs 1985**

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
1. Heildartekjur	25.336	27.141	26.889
2. Heildargjöld	26.079	29.000	29.260
3. Rekstrarafkoma (1–2)	**−743**	**−1.859**	**−2.371**
4. Veitt lán, nettó	+209	+209	−521
5. Hlutafé og stofnframlög	−144	−144	+1
6. Viðskiptareikningar, nettó	−120	−200	−1.032
7. Lánsfjárþörf ríkissjóðs, nettó (3+,..+6)	**−798**	**−1.994**	**−3.923**
8. Tekin lán, nettó	804	1.078	2.816
9. Greiðsluafgangur/halli (7+8)	**+6**	**−860**	**−1.107**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Grein hefur verið gerð fyrir gjalda- og tekjuhlið ríkissjóðs á árinu 1985 og vísast til þeirrar umfjöllunar. Hér mun hins vegar athyglinni beint að lánahreyfingum ríkissjóðs.

Veitt lán, nettó. Áætlanir ársins miðuðust við 209 m.kr. innstreymi umfram útstreymi á veittum lánum ríkissjóðs. Þar var í raun ekki gert ráð fyrir að veita ný lán á árinu 1985 en innheimta afborgana var áætluð 209 m.kr. Hins vegar sýnir niðurstaða ársins 521 m.kr. nettóútstreymi á þessum reikningum (m.kr.):

Yfirlit VII **Veitt lán, nettó 1985**

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
1. Innheimtar afborganir	209	209	357
2. – Veitt ný lán	0	0	−878
3. Veitt lán, nettó	**+209**	**+209**	**−521**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávikin sem hér koma fram skýrast að hluta af skammtímalánum innan ársins, sem áætlun fjárlaga tekur ekki tillit til. Að auki má nefna 130 m.kr. lán til Áburðarverksmiðju ríkisins.

Hlutafjár- og stofnframlög. Í áætlunum var ráðgert að verja 144 m.kr. í þessu skyni á árinu 1985. Framvindan reyndist hins vegar nokkuð önnur eins og kemur fram í yfirliti V. Það skýrist einkum af 127 m.kr. sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í nokkrum fyrirtækjum á

árinu, þ.e. Flugleiðum 66 m.kr., Eimskip 48 m.kr. og Iðnaðarbankanum 13 m.kr. Hins vegar námu ný hlutafjár- og stofnframlög alls 126 m.kr., en þau voru eftirfarandi: 1) Kísilmálmvinnslan hf. 10 m.kr., 2) Steinullarverksmiðjan hf. 12 m.kr., 3) Þróunarfélag Íslands 25 m.kr., 4) Útvegsbanki Íslands 7,5 m.kr., 5) Áburðarverksmiðja ríkisins 34,4 m.kr., 6) Alþjóðabankinn og IDA 32,4 m.kr. og 7) Norræni fjárfestingarbankinn 4,4 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Fjárlög fyrir árið 1985 gerðu ráð fyrir 120 m.kr. útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum. Við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst var þessi áætlun hækkuð um 80 m.kr. eða í 200 m.kr. nettóútstreymi. Bráðabirgðatölur ársins sýna hins vegar mun meira útstreymi á þessum reikningum eða 1.032 m.kr., en það felur í sér 832 m.kr. hækkun frá ágústáætluninni. Sú hækkun skýrist að mestu af ákvæðum 29. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þar sem kveðið er á um staðgreiðslu búvöru til framleiðenda. Í því skyni tók ríkissjóður 598 m.kr. lán í Seðlabankanum og endurlánaði til bænda um Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 2.816 m.kr. Hér er um að ræða verulega hærri fjárhæð en miðað var við í áætlunum ársins. Í fjárlögum fyrir árið 1985 voru lántökur nettó áformaðar 804 m.kr. og við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst hækkaði sú fjárhæð í 1.134 m.kr. . Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir af skuldum ríkissjóðs á árinu 1985 (m.kr.):

Yfirlit VIII **Tekin lán ríkissjóðs, nettó 1985**

	Fjárlög 1985	Endurskoðuð áætlun í ágúst 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó	**964**	**286**	**1.432**
1.1 Spariskírteinafé, nettó	400	400	525
1.2 Aðrar innlendar lántökur	200	200	590
1.3 Erlendar lántökur	1.556	926	1.432
1.4 – Afborganir af teknum lánum	−1.192	−1.240	−1.115
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó	**−160**	**848**	**1.384**
2.1 Ný lán	0	1.556	2.098
2.2 – Afborganir	−160	−708	−714
3. Tekin lán, nettó (1+2)	**804**	**1.134**[1)]	**2.816**

1) Við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst 1985 var ráðgert að nýta jákvæða stöðu á viðskiptareikningum í Seðlabanka í ársbyrjun, um 640 m.kr., til að draga úr nauðsynlegum lántökum 1985. Þannig gaf niðurstaða endurskoðunarinnar að lántökur nettó myndu nema 1.134 m.kr. í stað 1.774 m.kr. Hins vegar var þessi leið ekki farin í reynd.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í fjárlögum voru heildarlántökur ríkissjóðs áætlaðar 2.156 m.kr., þar af 600 m.kr. innanlands og 1.556 m.kr. erlendis. Afborganir af teknum lánum voru áætlaðar 1.352 m.kr. Þar af var áformað að greiða 160 m.kr. til Seðlabanka en gert var ráð fyrir frestun greiðslna á afborgunum til bankans að fjárhæð um 500 m.kr.

Við endurskoðun ríkisfjármála í ágúst var horfið frá þeirri fyrirætlan og miðað við að standa bankanum full skil í samræmi við skuldbindingar. Heildarlántökur ríkissjóðs voru áætlaðar 3.082 m.kr. og afborganir 1.948 m.kr.

Niðurstöðutölur ársins sýna nokkur frávik frá þessum áætlunum og námu lántökur ríkissjóðs alls 4.645 m.kr. Þar af var aflað 3.213 m.kr. innanlands og 1.432 m.kr. erlendis.

Skipta má lántökum A-hluta ríkissjóðs i þrjá flokka eftir lánveitendum, þ.e. Endurlán ríkissjóðs, Seðlabanki Íslands og aðrir. Lántökur ríkissjóðs hjá þessum aðilum reyndust 2.268 m.kr. hjá Endurlánum ríkissjóðs, 2.098 m.kr. hjá Seðlabanka og 279 m.kr. hjá öðrum.

Af lántökum ríkissjóðs hjá Endurlánum ríkissjóðs voru 836 m.kr. innlent fé og 1.432 m.kr. erlent lánsfé. Lántökur í Seðlabanka eru tvö lán með innlendum kjörum, þ.e. 598 m.kr. lán í tengslum við afurðalán til bænda og 1.500 m.kr. lán vegna viðbótarhalla 1985. Um þessi tvö atriði hefur þegar verið fjallað hér að framan. Lántökur hjá öðrum námu alls 279 m.kr. á árinu 1985 og er þar um innlent lánsfé að ræða, sem tengist ýmsum eignakaupum ríkissjóðs o.fl.

Greiðsluafgangur/halli. Bráðabirgðatölur ársins sýna greiðsluhalla hjá ríkissjóði að fjárhæð 1.107 m.kr. á árinu 1985 og er það 247 m.kr. umfram það sem ágústáætlunin gerði ráð fyrir. Hallinn kemur fram í 1.122 m.kr. neikvæðri hreyfingu á viðskiptareikningum í Seðlabanka, en á móti kemur aukning á innistæðum hjá öðrum, 15 m.kr. Eins og sést í töflu 6 í töfluviðauka er staða ríkissjóðs á viðskiptareikningum í Seðlabanka neikvæð um 581 m.kr. í árslok 1985. Í fjárlögum 1986 er gert ráð fyrir að rétta stöðu ríkissjóðs á þessum reikningum hjá bankanum.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendri og erlendri lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1985. Yfirlitið hér að neðan gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (í m.kr.):

Yfirlit IX **Innlendar og erlendar lántökur 1985**

	Sala spari-skírteina	Verðbréfa-kaup bankanna	Lífeyris-sjóðir	Aðrar innlendar lántökur	Erlend lán	Heildar-lántökur
1. Opinberir aðilar	**525**	**—**	**—**	**2.762**	**4.202**	**7.489**
Ríkissjóður, A-hluti	525	—	—	2.688[1])	1.432	4.645
Ríkissjóður, B-hluti	—	—	—	45	1.261[2])	1.306
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	—	29	1.247	1.276
Sveitarfélög	—	—	—	—	262	262
2. Húsbyggingarsjóðir	**—**	**—**	**1.024**	**150**	**553**	**1.727**
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	691	150	553	1.394
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	333	—	—	333
3. Lánastofnanir	**—**	**210**	**145**	**—**	**1.843**	**2.198**
Framkvæmdasjóður	—	210	113	—	1.673	1.996
Iðnþróunarsjóður	—	—	—	—	50	50
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	32	—	—	32
Útflutningslánasjóður	—	—	—	—	120	120
4. Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**—**	**—**	**2.197[3])**	**2.197**
Síldarverksmiðjur ríkisins	—	—	—	—	83	83
Annað, ósundurliðað	—	—	—	—	2.114	2.114
5. Heildarlánsfjárþörf (1+...+4)	**525**	**210**	**1.169**	**2.912**	**8.795**	**13.611**

1) Þar af lántaka hjá Seðlabanka Íslands 2.098 m.kr., lántökur tengdar ýmsum eignakaupum o.fl. 279 m.kr. og 311 m.kr. lántaka hjá Endurlánum ríkissjóðs.
2) Erlend lántaka Byggingarsjóðs ríkisins 553 m.kr. er ekki meðtalin hér en er þess í stað undir húsbyggingar-sjóðum.
3) Bráðabirgðatölur Greiðslujafnaðardeildar Seðlabanka Íslands miðað við meðalgengi 1985.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands.

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 13.611 m.kr., þar af var aflað 4.816 m.kr. innanlands og 8.795 m.kr. erlendis. Hér er um að ræða nokkur frávik frá lánsfjáráætlun ársins, en í henni voru heildarlántökur miðaðar við 9.589 m.kr., þar af 2.393 m.kr. innanlands og 7.196 m.kr. erlendis.

Hér á eftir mun fjallað um þessar lántökur og þær skoðaðar í ljósi áætlana og lántökuheimilda gildandi laga. Heimildir til lántöku á árinu 1985 eru í höfuðdráttum tvíþættar. Í fyrsta lagi eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu frá Alþingi 18. júní 1985. Í öðru lagi eru í nokkrum tilvikum lántökuheimildir sem eiga stoð í sérlögum. Töflur 9 og 10 í töfluviðauka gefa yfirlit um lántökuheimildir og afgreiðslu lánsfjár á árinu 1985. Að auki sýna töfluyfirlit 11—14 í viðaukanum greiðsluyfirlit Endurlána ríkissjóðs, húsbyggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands á árinu 1985.

3.1 Lánsfjáröflun

Innlend lánsfjáröflun. Miklar sviptingar urðu á innlenda lánsfjármarkaðnum og hörð samkeppni um peningalegan sparnað landsmanna. Einkum buðu innlánsstofnanir mismunandi ávöxtunarkjör og binditíma sparifjár. Að auki einkenndist innlend lánsfjáröflun af erfiðri rekstrarafkomu ríkissjóðs sem var að mestu leyst með lántökum í Seðlabankanum. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð milli áætlunar 1985 og bráðabirgðaútkomu ársins (í m.kr.):

Yfirlit X **Innlend lánsfjáröflun 1985**

	(1) Lánsfjár-áætlun 1985	(2) Bráðab. tölur 1985	(3) Frávik (2) - (1)
1. Ríkissjóður, A- og B-hluti	**780**	**3.287**	**2.507**
Spariskírteinafé, nettó	400	525	125
Seðlabanki Íslands	0	2.098	2.098
Önnur lánsfjáröflun	380	664	284
2. Húsbyggingarsjóðir	**1.233**	**1.174**	**−59**
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.045	1.024	−21
Önnur lánsfjáröflun	188	150	−38
3. Lánastofnanir	**380**	**355**	**−25**
Verðbréfakaup bankakerfis	200	210	10
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	180	145	−35
4. Innlend lánsfjáröflun (1+2+3)	**2.393**	**4.816**	**2.423**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að frávik útkomu innlendrar lánsfjáröflunar frá áætlun eru óveruleg hjá öðrum en ríkissjóði. Rétt er þó að taka fram að í sumum tilvikum var það milliganga ríkissjóðs sem gerði kleift að standa nokkurn veginn við áætlun. Hér er einkum átt við skuldabréfakaup lífeyrissjóða af húsbyggingarsjóðunum og Framkvæmdasjóði.

Í yfirlitinu hér að framan er innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs þrískipt, þ.e. spariskírteinafé, lántaka í Seðlabanka Íslands og önnur lánsfjáröflun. Hrein fjáröflun með spariskírteinafé reyndist 525 m.kr. samanborið við 400 m.kr. í áætlun ársins. Þrátt fyrir tiltölulega lítil frávik sýna einstakir liðir innan þessa þáttar mun meiri sveiflur sem vega hver á móti annarri. Þannig nam sala nýrra spariskírteina 1.485 m.kr. en hún var áætluð 400 m.kr., og innlausn

eldri spariskírteina nam 1.689 m.kr. samanborið við 650 m.kr. í fjárlögum. Ætla má að hærri raunvextir nýrra spariskírteina hafi skilað sér í meiri innlausn eldri spariskírteina í skiptum fyrir ný skírteini. Um aðra þætti innlendrar fjáröflunar ríkissjóðs bæði hjá Seðlabanka og öðrum er ekki ástæða til að fjölyrða um hér enda búið að gera þeim nokkur skil hér að framan.

Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1985 var ráðgert að afla opinberum fjárfestingarlánasjóðum 1.225 m.kr. með skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Niðurstöðutölur gefa til kynna að þessi kaup sjóðanna hafi numið 1.169 m.kr. eða um 95% af áætlun ársins. Ekki varð komist hjá milligöngu ríkissjóðs í sumum tilvikum til að standast nokkurn veginn áætlun ársins. Húsbyggingarsjóðirnir bjóða verðtryggð skuldabréf með jöfnum greiðslum til 10 ára með 6% föstum vöxtum á ári. Að undanförnu hefur reynst erfitt að fá lífeyrissjóðina til að fjárfesta í þessum bréfum á meðan hagstæðari kjör bjóðast. Síðla árs 1984 var lífeyrissjóðunum heimilað að kaupa spariskírteini ríkissjóðs og þaðan var fjármagnið endurlánað til fjárfestingarlánasjóðanna. Sala spariskírteina ríkissjóðs í þessu skyni nam 401 m.kr. á árinu 1985, þar af voru endurlánaðar 200 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins, 153 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna og 48 m.kr. til Framkvæmdasjóðs Íslands.

Þá nam önnur innlend lánsfjáröflun húsbyggingarsjóðanna 150 m.kr. og er það nokkru lægri fjárhæð en áformað var við afgreiðslu lánsfjárlaga 1985. Þessa fjár var aflað með lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs. Í ljósi tiltölulega sterkrar sjóðsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins seinni hluta ársins var ekki þörf á frekari lántöku.

Að lokum námu verðbréfakaup bankakerfisins af Framkvæmdasjóði Íslands 210 m.kr. á árinu 1985 og er það 5% umfram áætlun ársins. Þessi kaup taka jafnan mið af innlánsaukningu í bankakerfinu og er bönkunum á þann hátt gert að taka beinan þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma.

Erlendar lántökur. Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánsfjármörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs á erlendum lánsfjármörkuðum og rennur það fjármagn sem aflast til Endurlána ríkissjóðs. Þaðan er fé endurlánað hinum ýmsu ríkisaðilum í samræmi við heimildir þeirra til lántöku í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands annast erlenda lánsfjáröflun fyrir flesta fjárfestingarlánasjóðina og endurlánar hann þeim í samræmi við lánsfjáráætlun.

Með beinum lántökum er átt við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innanlands á árinu 1985 (m.kr.):

Yfirlit XI Erlendar lántökur eftir lántakendum og lánnotendum 1985

Lánnotendur	Upprunalegur lántaki: Endurlán ríkissjóðs[1]	Framkvæmdasjóður Íslands	Beinar lántökur erlendis	Erlend lánsfjárráðstöfun
1. Opinberir aðilar	**3.271**	**—**	**1.484**	**4.755**
Ríkissjóður, A-hluti	1.432	—	—	1.432
Ríkissjóður, B-hluti	1.628	—	186	1.814
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	110	—	1.137	1.247
Sveitarfélög	101	—	161	262
2. Lánastofnanir	**—**	**1.673**	**170**	**1.843**
Iðnþróunarsjóður	—	—	50	50
Útflutningslánasjóður	—	7	120	127
Aðrir fjárfestingarlánasjóðir	—	1.666	—	1.666
3. Atvinnufyrirtæki	**—**	**—**	**2.197**	**2.197**
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	**3.271**	**1.673**	**3.851**	**8.795[2]**

1) Að auki nam erlend lántaka Endurlána ríkissjóðs 636 m.kr. og var þeirri fjárhæð ekki ráðstafað heldur lá hún á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka í árslok 1985.
2) Erlendar lántökur til langs tíma námu alls 9.431 m.kr., þar af var óráðstafað innistæðuaukningu Endurlána ríkissjóðs á gengisbundnum reikningum 636 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Lántökur Seðlabanka fyrir hönd Endurlána ríkissjóðs námu um 37% af erlendu lánsfé til langs tíma sem ráðstafað var innanlands á árinu 1985. Stærsti hluti þess rann til þarfa A- og B-hluta ríkissjóðs. Þá námu erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs sem voru endurlánaðar til fjárfestingarlánasjóða um 19% af heildarráðstöfuninni.

Að lokum námu beinar lántökur hinna ýmsu aðila 44% af löngum erlendum lántökum á árinu 1985. Hér var um að ræða eftirtaldar lántökur:

1) Ríkissjóður B-hluti samtals 186 m.kr. Annars vegar nam lántaka Byggðasjóðs 128 m.kr. hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Þessi lántaka fór að vísu um Framkvæmdasjóð Íslands en er færð beint á Byggðasjóð hér. Hins vegar námu lántökur Pósts og síma 58 m.kr. vegna vörukaupalána og skuldbreytinga.
2) Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs samtals 1.137 m.kr. Þar af nam lántaka Landsvirkjunar 967 m.kr. og Steinullarverksmiðju 170 m.kr.
3) Sveitarfélög samtals 161 m.kr. Hér er um að ræða lántökur Hitaveitu Akureyrar 97 m.kr. og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 64 m.kr. Þessi lán voru tekin fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.
4) Lánastofnanir samtals 170 m.kr. Annars vegar var 50 m.kr. lántaka Iðnþróunarsjóðs hjá Norræna fjárfestingarbankanum. Hins vegar nam erlend lántaka Útflutningslánasjóðs 120 m.kr. sem var tekin fyrir milligöngu Landsbanka Íslands.
5) Atvinnufyrirtæki samtals 2.197 m.kr. Hér er einkum um að ræða fyrirtæki sem hafa fengið heimild langlánanefndar til erlendrar lántöku. Þessi lán eru tekin í margvíslegum tilgangi, svo sem til skipa- og flugvélakaupa, endurbóta og viðgerða á skipum, véla- og tækjabúnaðar o.fl.

Umsvif hérlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum á árinu 1985 reyndust hins vegar mun meiri en framangreindar tölur gefa til kynna. Í febrúarhefti Hagtalna mánaðarins 1986 er mjög athyglisverð grein þar sem fjallað er um erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra

stórra lántakenda á árinu 1985. Í upphafsorðum kemur fram að á árinu 1985 hafi erlendar lántökur ríkissjóðs og annarra stórra lántakenda verið óvenju miklar. Langar erlendar skuldir aukast þó ekki að sama skapi þar sem verulegum hluta af andvirði hinna nýju lána var varið til þess að greiða upp eða inn á eldri og dýrari lán.

Nýjar lántökur Endurlána ríkissjóðs erlendis námu alls 230 milljónum dollara á árinu 1985, þar af var 135 milljónum dollara ráðstafað til að greiða upp eldri óhagstæðari lán. Erlendar lántökur Endurlána ríkissjóðs umfram skuldbreytingar námu því 95 milljónum dollara og jafngildir það um 3.881 m.kr. Þar af voru endurlánaðar 3.271 m.kr. opinberum aðilum eins og fram hefur komið. Bætt staða Endurlána ríkissjóðs á gjaldeyrisreikningum í Seðlabanka nam 636 m.kr. á árinu 1985.

Eftir vel heppnað skuldabréfaútboð ríkissjóðs erlendis í júní 1985 reyndist öðrum íslenskum lántakendum auðveldara að ná svipuðum kjörum á erlenda lánsfjármarkaðnum. Landsvirkjun tók 60 milljón dollara skuldabréfalán í lok september og var ríflega helmingi þess ráðstafað til skuldbreytinga eldri lána, en afgangurinn rann til raforkuframkvæmda fyrirtækisins.

Í byrjun nóvember tók Framkvæmdasjóður 35 milljón dollara lán með sömu kjörum, þar af var 32 milljónum dollara ráðstafað til að endurlána fjárfestingarlánasjóðum í samræmi við lánsfjáráætlun og 3 milljónir dollara runnu til skuldbreytinga erlendis. Að auki nam erlend lántaka Framkvæmdasjóðs 8 milljónum dollara og var þar um að ræða ádrátt á lán frá árinu 1984 og var það fjármagn einnig endurlánað til fjárfestingarlánasjóða innanlands.

Samkvæmt framangreindu námu erlendar lántökur til langs tíma í heild 9.431 m.kr. á árinu 1985. Þar af var óráðstafað 636 m.kr. sem komu fram í aukinni innistæðu Endurlána ríkissjóðs á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka. Á sama tíma námu afborganir þjóðarbúsins af löngum erlendum lánum 4.500 m.kr. Langar erlendar lántökur, nettó, námu því alls 4.931 m.kr. á árinu 1985.

Afborganir af löngum erlendum lánum á árinu 1985 skiptust þannig að opinberir aðilar greiddu 2.029 m.kr., lánastofnanir 678 m.kr. og atvinnufyrirtæki 1.793 m.kr. Greiðslur opinberra aðila deildust þannig að afborganir A- og B-hluta ríkissjóðs námu 700 m.kr., fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 1.061 m.kr. og sveitarfélaga 268 m.kr.

3.2 Lánsfjárráðstöfun

Heimildir til erlendrar lánsfjárráðstöfunar námu alls 7.593 m.kr. á árinu 1985. Bráðabirgðatölur um erlendar lántökur í þessu skyni gefa til kynna nokkru meiri ráðstöfun eða 8.795 m.kr. Frávikin skýrast annars vegar af mun erfiðari afkomu ríkissjóðs en var fyrirséð við gerð áætlunarinnar og hins vegar af mun meiri erlendum lántökum atvinnufyrirtækja en áformað var í lánsfjáráætlun.

Ríkissjóður, A-hluti. Ekki er ástæða til að fjölyrða um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs, þar sem hún hefur þegar fengið ítarlega umfjöllun. Rétt er þó að taka fram að erfið afkoma A-hlutans á árinu 1985 kom m.a. fram í 506 m.kr. erlendum lántökum umfram heimildir. Leitað mun heimildar Alþingis til þessarar lántöku. Að auki var tekið 1.500 m.kr. lán í Seðlabanka, en heimild til erlendrar langtímafjármögnunar þess er í lánsfjárlögum fyrir árið 1986.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja nam 2.009 m.kr. á árinu 1985, en lántökuheimildir þeirra námu alls 2.037 m.kr. Af lántökum B-hluta aðila reyndust 195 m.kr. innlent fé og 1.814 m.kr. erlent lánsfé.

Í flestum tilvikum reyndust lántökur í samræmi við lánsfjáráætlun. Frávikin eru í fyrsta lagi að nauðsynlegar lántökur til endurgreiðslu af Kröflulánum reyndust nokkru minni en gert var ráð fyrir eða 454 m.kr. í stað 500 m.kr.

Í öðru lagi námu erlendar lántökur Pósts og síma 58 m.kr. eða 26 m.kr. umfram lántökuheimild ársins, en frávikið skýrist af skuldbreytingu eldri lána.

Í þriðja lagi voru þrjár stofnanir sem ekki nýttu lántökuheimildir sínar að fjárhæð alls 16 m.kr., þ.e. Orkusjóður vegna hitaveitulána, RARIK og Umferðarmiðstöð.

Í fjórða og síðasta lagi reyndist lántaka Byggðasjóðs 8 m.kr. umfram heimild ársins og er sá mismunur til kominn vegna gengismunar.

Þrátt fyrir tiltölulega lítil frávik á heildarlántökum B–hluta aðila frá áætlun á árinu 1985 reyndist samsetning þeirra nokkuð önnur en ráðgert var. Lántökuheimildir voru miðaðar við að afla 370 m.kr. innanlands og 1.667 m.kr. erlendis. Samkvæmt framansögðu rúmuðust innlendar lántökur B–hluta aðila innan heimilda ársins á meðan erlendar lántökur reyndust 147 m.kr. umfram lántökuheimildir. Leitað mun heimildar Alþingis til þeirra lántaka.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara fyrirtækja reyndust 1.276 m.kr. á árinu 1985, þar af voru 29 m.kr innlent lánsfé og 1.247 m.kr erlent. Hins vegar voru lántökuheimildirnar á árinu nokkru meiri eða 1.495 m.kr. Mismunurinn skýrist að mestu af því að dráttur varð á stofnun Þróunarfélags Íslands og var 190 m.kr. lántökuheimild þess ekki nýtt á árinu 1985, en ráðgert er að hún verði nýtt á árinu 1986.

Lántökur Landsvirkjunar til raforkuframkvæmda vega langþyngst eða um 75% af heildarlántökum þessara fyrirtækja, en þær námu 967 m.kr. Er það nokkru lægri fjárhæð en fyrirtækið hafði heimild til í þessu skyni á árinu 1985.

Lántökur Sjóefnavinnslunnar á Reykjanesi námu 67 m.kr. og er það 17 m.kr. umfram heimild ársins. Var sú ráðstöfun samþykkt af þáverandi fjármálaráðherra vegna skuldbreytinga hjá fyrirtækinu og var þess fjár aflað af eigin fé Endurlána ríkissjóðs.

Um lántökur annarra fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs er ekki ástæða til að fjölyrða, enda voru þær að mestu í samræmi við lántökuáætlanir.

Sveitarfélög. Erlendar lántökur sveitarfélaga til langs tíma námu alls 262 m.kr. á árinu 1985 og gengu allar til hitaveitna. Lántökuheimildir þessara aðila námu hins vegar alls 326 m.kr.

Í flestum tilvikum gekk lánsfjáráætlun ársins eftir og var aðeins um frávik að ræða hjá tveimur hitaveitum. Annars vegar nam lántaka Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 64 m.kr. samanborið við 85 m.kr. lántökuheimild. Hins vegar reyndist lántaka Hitaveitu Akureyrar 97 m.kr., en heimild veitunnar til lántöku nam 140 m.kr.

Á undanförnum árum hafa hitaveitur fengið heimildir til langtímalántöku erlendis, en ekki nýtt þær jöfnum höndum. Þess í stað hafa veiturnar tekið skammtímalán erlendis og haldið að sér höndum með skuldbreytingar í langtímalán. Nú er svo komið að sumar stærstu hitaveiturnar eru með nokkur hundruð milljónir króna í skammtímalánum, sem þær hyggjast skuldbreyta í langtímalán á næstunni með því að ganga á ónotaðar heimildir fyrri ára. Rétt er að minna á að við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var þessum fyrirtækjum gefinn kostur á að nýta eldri heimildir eigi síðar en á árinu 1986, en frá og með þeim tíma falla þær niður. Jafnframt kom þar skýrt fram að frá og með árinu 1987 komi lántökuheimildir aðeins til með að gilda innan fjárlagaársins. Hins vegar er heimilt að sækja um geymslu heimildar til næsta árs á eftir og ber í þeim tilvikum að koma á framfæri skriflegri beiðni til fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir 15. nóvember á því ári sem heimildin er í gildi.

Húsbyggingarsjóðir. Lántökur húsbyggingarsjóðanna námu alls 1.727 m.kr. á árinu 1985. Þar af runnu 1.394 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 333 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Töflur 12 og 13 í töfluviðauka sýna greiðsluyfirlit sjóðanna á árinu 1985.

Byggingarsjóður ríkisins aflaði 691 m.kr. með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða og 703 m.kr. með lántökum hjá Endurlánum ríkissjóðs, þar af voru 150 m.kr. innlent fjármagn og

553 m.kr. erlent. Framlag ríkissjóðs nam 966 m.kr. og er það 344 m.kr. hærri fjárhæð en fjárlög áætluðu. Skýrist sá mismunur af lögum nr. 48/1985 um sérstaka fjáröflun til húsbyggingarsjóðanna. Rekstrarkostnaður sjóðsins umfram eigin tekjur nam 56 m.kr. Útgreiðslur af skuldum sjóðsins, þ.m.t. skyldusparnaði, umfram inngreiðslur af veittum lánum námu 26 m.kr. Veitt lán námu alls 2.030 m.kr. á árinu 1985. Að lokum var sjóðsstaðan bætt um 248 m.kr. á árinu eða úr því að vera neikvæð um 121 m.kr. í ársbyrjun í að vera jákvæð um 127 m.kr. í árslok.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði 333 m.kr. lánsfjár innanlands með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðanna. Framlag ríkissjóðs nam 282 m.kr. og að auki nam framlag sveitarfélaga 44 m.kr. og kaupenda eldri íbúða 22 m.kr. Innheimtar greiðslur af veittum lánum sjóðsins námu 10 m.kr. umfram útgreiðslur af áhvílandi skuldum. Rekstrarkostnaður nam 16 m.kr. og lánveitingar námu 562 m.kr. Að lokum batnaði sjóðsstaðan um 113 m.kr. á árinu 1985, eða úr 8 m.kr. sjóðseign í upphafi árs í 121 m.kr. í árslok.

Lánastofnanir. Lántökur lánastofnana námu alls 2.198 m.kr. á árinu 1985, þar af var 355 m.kr. aflað innanlands og 1.843 m.kr. erlendis. Þessar lántökur skiptust þannig að Framkvæmdasjóður tók 1.996 m.kr., Iðnþróunarsjóður 50 m.kr., Stofnlánadeild landbúnaðarins 32 m.kr. og Útflutningslánasjóður 120 m.kr. Framangreindar lántökur voru að mestu í hátt við lántökuheimildir ársins, en veigamestu frávikin eru 52 m.kr. erlendar lántökur Framkvæmdasjóðs umfram lántökuheimildir og skýrist sá mismunur af gengismun.

Framangreindar niðurstöður gefa til kynna að rúm 90% af lántökum lánastofnana fóru um Framkvæmdasjóð Íslands á árinu 1985. Í töflu 14 í töfluviðauka er sýnt greiðsluyfirlit sjóðsins. Þar kemur m.a. fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins til hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða, en þær námu alls 2.031 m.kr. á árinu 1985. Fjárþörf Framkvæmdasjóðs í þessu skyni var mætt annars vegar með 1.996 m.kr. lántökum og hins vegar með því að ganga á sjóðsstöðuna um 35 m.kr. Lántökur sjóðsins voru 1.673 m.kr. erlend lán og 323 m.kr. innlend lán sem var aflað með verðbréfasölu innanlands, þar af 210 m.kr. til bankakerfisins og 113 m.kr. til lífeyrissjóðanna. Í ársbyrjun 1985 námu innistæður Framkvæmdasjóðs á bankareikningum um 1.060 m.kr., þar af voru 110 m.kr. á innlendum reikningum og 950 m.kr. á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka eða rúmlega 1,1 milljón dollara og tæplega 5,6 milljarðar yena. Í árslok 1985 hafði sjóðsstaðan versnað um nálægt 35 m.kr. og voru um 1.025 m.kr. í sjóði, þar af stóðu 150 m.kr. á innlendum reikningum og um 875 m.kr. á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka eða um 17,1 milljón dollara og 738 milljónir yena.

Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um lántökur hinna fjárfestingarlánasjóðanna að öðru leyti en því að Iðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður öfluðu síns lánsfjár erlendis, alls 170 m.kr. Hins vegar aflaði Stofnlánadeild landbúnaðarins lánsfjárins innanlands, 32 m.kr., með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóðs bænda.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1985 miðaði erlenda lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja við 1.600 m.kr. Þar af var ráðgert að 200 m.kr. myndu renna til að fjármagna innlend skipasmíðaverkefni, en í reynd fóru þær lántökur um Framkvæmdasjóð Íslands á árinu 1985.

Endanlegar niðurstöður um langar erlendar lántökur atvinnufyrirtækja á árinu 1985 liggja ekki fyrir að svo stöddu, en bráðabirgðatölur Seðlabanka gefa til kynna að þær hafi numið 2.197 m.kr. miðað við meðalgengi ársins. Þessar lántökur skiptust þannig eftir verkefnum: Endurbætur á skipum 199 m.kr., skip 203 m.kr., flugvélar 155 m.kr., vélar og tæki 950 m.kr. og ýmislegt 690 m.kr.

Töfluviðauki

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1984 og 1985. Greiðslugrunnur.
Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1981–1985 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluti 1984 og 1985. Greiðslugrunnur.
Tafla 4. Ríkisútgjöld 1981–1985, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs 1980–1985, A-hluti. Greiðslugrunnur.
Tafla 6. Skuldir ríkissjóðs 1977–1985 samkvæmt ríkisreikningi.
Tafla 7. Stöðutölur tekinna og veittra lána A-hluta ríkissjóðs 1981—1984.
Tafla 8. Úr efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs 1981–1984. Stöðutölur á verðlagi hvers árs og á föstu verðlagi í árslok 1985.
Tafla 9. Lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1985. Bráðabirgðatölur.
Tafla 10. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1985. Bráðabirgðatölur.
Tafla 11. Endurlán ríkissjóðs 1985.
Tafla 12. Byggingarsjóður ríkisins 1985.
Tafla 13. Byggingarsjóður verkamanna 1985.
Tafla 14. Framkvæmdasjóður Íslands 1985.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs, A-hluti 1984 og 1985, greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Innheimt 1984	Innheimt 1985	Hækkun %	Fjárlög 1985
1	**Beinir skattar**	**2.911**	**3.329**	**14**	**3.115**
11	Tekju- og eignaskattar	2.712	3.061	13	2.870
12	Sjúkratryggingagjald	114	151	32	165
13	Erfðafjárskattur	46	67	46	25
14	Framkvæmdasjóður aldraðra	39	50	28	55
2	**Óbeinir skattar**	**16.896**	**22.599**	**34**	**21.436**
211	Aðflutningsgjöld	2.793	3.271	17	3.514
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	111	132	19	125
213	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald	677	857	27	835
214	Bifreiðaskattur	315	423	34	420
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	7.696	10.705	39	9.835
216	Launaskattur	913	1.169	28	1.085
217	Tryggingagjöld	615	758	23	785
218	Hagnaður ÁTVR	1.136	1.849	63	1.530
219	Stimpilgjöld o. fl.	519	757	46	638
220	Vörugjald	1.338	1.666	25	1.667
221	Verðjöfnunargjald á raforku	383	384	—	420
222	Aðrir óbeinir skattar	400	628	57	582
3	**Arðgreiðslur, vextir o. fl.**	**940**	**961**	**2**	**785**
4	**Tekjur samtals (1+2+3)**	**20.747**	**26.889**	**30**	**25 336**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 2

Innheimtar tekjur ríkissjóðs 1981–1985 sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

Í milljónum króna

		1981	1982	1983	1984	1985
	Verg þjóðarframleiðsla (m. kr.)	**23.142**	**35.429**	**59.590**	**77.012**	**105 100[1]**
1	**Beinir skattar**	**4,0**	**4,2**	**4,1**	**3,8**	**3,2**
11	Tekju- og eignaskattar	3,7	3,9	3,8	3,5	2,9
12	Sjúkratryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
13	Erfðafjárskattur	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
14	Framkvæmdasjóður aldraðra					
2	**Óbeinir skattar**	**21,6**	**22,3**	**20,4**	**21,9**	**21,5**
211	Aðflutningsgjöld	3,8	3,9	3,3	3,7	3,1
212	Innflutningsgjald af bifreiðum	0,5	0,3	0,2	0,2	0,1
213	Innflutningsgjald af bensíni	0,7	0,8	0,8	0,9	0,8
214	Bifreiðaskattur	0,3	0,3	0,3	0,3	0,4
215	Sölu- og orkujöfnunargjald	9,2	9,5	9,4	10,0	10,2
216	Launaskattur	1,2	1,4	1,2	1,1	1,1
217	Tryggingagjöld	0,6	0,6	0,5	0,8	0,7
218	Hagnaður ÁTVR	1,8	1,7	1,2	1,5	1,8
219	Stimpilgjöld o. fl.	0,5	0,6	0,5	0,7	0,7
220	Vörugjald	2,0	2,2	2,0	1,7	1,6
221	Verðjöfnunargjald á raforku	0,3	0,3	0,4	0,5	0,4
222	Aðrir óbeinir skattar	0,7	0,7	0,6	0,5	0,6
3	**Arðgreiðslur, vextir o. fl.**	**0,3**	**0,5**	**0,8**	**1,2**	**0,9**
4	**Tekjur sem hlutfall af VÞF (1+2+3)**	**25,9**	**27,0**	**25,3**	**26,9**	**25,6**

1) Spá um verga þjóðarframleiðslu 1985.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 3

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluti 1984 og 1985, greiðslugrunnur
Í milljónum króna

		Útgjöld 1984	Útgjöld 1985	Hækkun %	Fjárlög 1985
1	**Almenn mál**	**1.912**	**2.808**	**47**	**2.296**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	1.681	2.524	50	2.054
12	Utanríkisþjónusta	231	284	23	242
2	**Félagsmál**	**11.568**	**17.392**	**50**	**15.526**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	3.142	5.003	59	4.023
22	Heilbrigðismál	2.063	2.989	45	2.587
23	Velferðarmál	6.363	9.400	48	8.916
3	**Atvinnumál**	**5.257**	**6.890**	**31**	**6.015**
31	Niðurgreiðslur	813	1.013	25	700
32	Landbúnaður	943	1.325	41	946
33	Sjávarútvegur	387	939	143	849
34	Iðnaðar- og orkumál	1.062	1.155	9	1.149
35	Samgöngur	2.052	2.458	20	2.371
4	**Ýmis mál**	**1.227**	**2.170**	**77**	**2.242**
41	Vextir	797	1.608	102	1.472
42	Annað	430	562	31	770
5	**Gjöld samtals (1+...+4)**	**19.964**	**29.260**	**47**	**26.079**

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 4

Ríkisútgjöld 1981–1985, eftir málefnaflokkum, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu

		1981	1982	1983	1984	1985
	Verg þjóðarframleiðsla (m.kr.)	**23.142**	**35.429**	**59.590**	**77.102**	**105.100[1]**
1	**Almenn mál**	**2,5**	**2,7**	**2,8**	**2,5**	**2,7**
11	Almenn þjónusta og löggæsla	2,2	2,4	2,5	2,2	2,4
12	Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2	**Félagsmál**	**14,8**	**15,1**	**15,9**	**15,1**	**16,6**
21	Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,1	4,3	4,4	4,1	4,8
22	Heilbrigðismál	2,2	2,3	3,0	2,7	2,8
23	Velferðarmál	8,5	8,5	8,5	8,3	9,0
3	**Atvinnumál**	**6,9**	**7,2**	**7,0**	**6,8**	**6,6**
31	Niðurgreiðslur	1,6	2,3	1,7	1,1	1,0
32	Landbúnaður	1,2	1,1	1,1	1,2	1,3
33	Sjávarútvegur	0,4	0,3	0,4	0,5	0,9
34	Iðnaður og orkuvinnsla	1,2	0,9	1,2	1,4	1,1
35	Samgöngur	2,5	2,6	2,6	2,6	2,3
4	**Ýmis mál**	**1,3**	**1,3**	**1,5**	**1,6**	**2,0**
41	Vextir	0,7	0,7	0,9	1,0	1,5
42	Annað	0,6	0,6	0,6	0,6	0,5
5	**Gjöld sem hlutfall af VÞF (1+...+4)**	**25,5**	**26,3**	**27,2**	**26,0**	**27,9**

1) Spá um verga þjóðarframleiðslu 1985.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 5

Afkoma ríkissjóðs 1980–1985, A-hluti. Greiðslugrunnur
Í milljónum króna

	1980	1981	1982	1983	1984	1985[1])
I Greiðsluafkoma:						
Jöfnuður gjalda, tekna og lána, án lána við Seðlabanka						
Tekjur	3.681	5.997	9.562	15.100	20.747	26.889
Gjöld	−3.766	−5.911	−9.324	−16.263	−19.964	−29.260
Tekjur umfram gjöld	−85	+86	+238	−1.163	+783	−2.371
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	+75	+86	−91	−97	−142	−120
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	−10	+172	+147	−1 260	+641	−2 491
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka						
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	+45	+158	+126	−1 260	+446	−2.506
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	+17	−1	0	−3	+19	+1
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	+62	+157	+126	−1.263	+465	−2.505
Ýmsir viðskiptamenn	−72	+15	+21	+3	+176	+14
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	−10	+172	+147	−1.260	+641	−2.491
II Rekstrargrunnur:						
Tekjur umfram gjöld	+139	+175	+850	−1.434	+1.614	...[2])

1) Skv. bráðabirgðauppgjöri.
2) Endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1985 liggur ekki fyrir.

Heimild: Ríkisbókhald, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6

Skuldir ríkissjóðs, A-hluti 1977–1985, samkvæmt ríkisreikningi
Í milljónum króna

Ár	Við Seðlabanka Íslands				Við aðra innlenda og erlenda aðila				Heildar-skuldir
	A Stutt lán	B Löng lán	C Banka-reikn.[2])	**D Staða A+B−C**	E Yfir-dráttur	F Stutt lán	G Löng lán	**H Staða E+F+G**	
Stöðutölur í árslok									
1977	0	129	−23	**152**	0	12	193	**205**	**357**
1978	0	170	−103	**273**	3	37	322	**362**	**635**
1979	85	262	51	**296**	3	44	501	**548**	**844**
1980	40	306	15	**331**	6	72	845	**923**	**1.254**
1981	40	289	79	**250**	9	109	1.397	**1.515**	**1.765**
1982	49	199	43	**205**	20	168	3.265	**3.453**	**3.658**
1983	67	772	−701	**1.540**	29	287	7.666	**7.982**	**9.522**
1984	76	1.745	541	**1.280**	94	127	10.849	**11.070**	**12.350**
1985[1])	76	3.347	−581	**4.004**	...	...	...	...	...
Hreyfing milli ára									
1977/1978	0	+41	−80	**+121**	+3	+25	+129	**+157**	**+278**
1978/1979	+85	+92	+154	**+23**	+0	+7	+179	**+186**	**+209**
1979/1980	−45	+44	−36	**+35**	+3	+28	+344	**+375**	**+410**
1980/1981	0	−17	+64	**−81**	+3	+37	+552	**+592**	**+511**
1981/1982	+9	−90	−36	**−45**	+11	+59	+1.868	**+1.938**	**+1.893**
1982/1983	+18	+573	−744	**+1.335**	+9	+119	+4.401	**+4.529**	**+5.864**
1983/1984	+9	+973	+1.242	**−260**	+65	−160	+3.183	**+3.088**	**+2.828**
1984/1985	0	+1.602	−1.122	**+2.724**[3])	...	...	...	...	...

1) Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds fyrir árið 1985.
2) Hér er um nettóstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ. e. bankainnistæður að frádregnum yfirdrætti.
3) Innifalið er 218 m.kr. endurmat af skuld ríkissjóðs á lánareikningum í Seðlabankanum. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart bankanum reyndust neikvæðar um 2.506 m.kr. á árinu 1985. Skuldaaukning ríkissjóðs í Seðlabanka reyndist því alls 2.724 m.kr. á árinu 1985, þar af 1.122 m.kr. á hlaupareikningum og 1.602 m.kr. á lánareikningum.
4) Stöðutölur í árslok 1985 liggja ekki fyrir þar sem endurmat á skuld ríkissjóðs við þessa hefur ekki farið fram.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 7

Stöðutölur tekinna og veittra lána A-hluta ríkissjóðs 1981—1984
Í milljónum króna

	1981	1982	1983	1984
Tekin lán	**1.835**	**3.681**	**8.792**	**12.797**
Stutt lán	**150**	**218**	**355**	**203**
Tengd innlendu verðlagi	150	218	355	203
Gengisbundin	0	—	—	—
Löng lán	**1.685**	**3.463**	**8.437**	**12.594**
Tengd innlendu verðlagi	1.315	2.656	3.904	5.476
Gengisbundin	370	807	4.533	7.118
Veitt lán	**61**	**809**	**2.005**	**2.550**
Stutt lán	**7**	**186**	**19**	**183**
Tengd innlendu verðlagi	7	186	19	101
Gengisbundin	—	—	—	82
Löng lán	**54**	**623**	**1.986**	**2.367**
Tengd innlendu verðlagi	22	484	991	1.308
Gengisbundin	32	139	995	1.059
Tekin lán umfram veitt lán	**1.774**	**2.872**	**6.787**	**10.247**
Veitt lán sem hlutfall af teknum lánum	**3,3**	**22,0**	**22,8**	**19,9**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 8

Úr efnahagsreikningi A-hluta ríkissjóðs 1981—1984
Stöðutölur á verðlagi hvers árs og föstu verðlagi í árslok 1985
Í milljónum króna

	1981	1982	1983	1984
Á verðlagi hvers árs				
1. Sjóður- og bankareikningar, nettóinneign	142	149	−524	740
2. Tekin lán	1.835	3.681	8.792	12.797
Seðlabanki Íslands	329	248	839	1.821
Aðrir innlendir og erlendir aðilar	1.506	3.433	7.953	10.976
3. Veitt lán	61	809	2.005	2.550
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	400	1.223	2.105	3.241
5. Skuldir umfram eignir (2.−1.−3.−4.)	**1 232**	**1 500**	**5 206**	**6.266**
Á föstu verðlagi í árslok 1985, lánskjaravísitala 1337 stig				
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	651	421	−838	1.032
2. Tekin lán	8.403	10.448	14.061	17.840
Seðlabanki Íslands	1.505	703	1.342	2.538
Aðrir innlendir og erlendir aðilar	6.898	9.745	12.719	15.302
3. Veitt lán	279	2.294	3.207	3.555
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.834	3.472	3.366	4.518
5. Skuldir umfram eignir (2.−1.−3.−4.)	**5.639**	**4.261**	**8.326**	**8.735**

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9

Lántökuheimildir og lánfjárráðstöfun opinberra aðila 1985
Bráðabirgðatölur
Í milljónum króna

		Lánsfjár-lög 1985	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls	Lántökur 1985	Mismunur
1.	**Ríkissjóður, A- og B-hluti**	**3.341**	**1.229**	**4.570**	**6.654**	**−2.084**
1.1	**A-hluti**	**1.526**	**1.007**[1]	**2.533**	**4.645**	**−2.112**[2]
1.2	**B-hluti**	**1.815**	**222**	**2.037**	**2.009**	**28**
	Byggðasjóður	120	0	120	128	−8[3]
	Byggingarsjóður ríkisins	553	150	703	703	0
	Byggingarsjóður rannsókna-stofnana atvinnuveganna	5	0	5	5	0
	Laxeldisstöðin í Kollafirði	5	0	5	5	0
	Lánasjóður ísl. námsmanna	340	0	340	340	0
	RARIK, alm. framkvæmdir o.fl.	169	40[5]	209	206	3[4]
	Kröfluvirkjun, fjárm.útgjöld	500	0	500	454	46[4]
	Orkusjóður, hitaveitulán	10	0	10	0	10[4]
	Orkusjóður, jarðhitaleit	10	0	10	10	0
	Póstur og sími, sjálfv. sími	0	32[6]	32	58	−26[7]
	Umferðarmiðstöð	3	0	3	0	3[4]
	Flugstöð í Keflavík	100	0	100	100	0
2.	**Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs**	**1.340**	**155**	**1.495**	**1.276**	**219**
	Landsvirkjun	1.036	0	1.036	967	69[4]
	Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	40	12[5]	52	52	0
	Steinullarverksmiðja	0	143[8]	143	170	−27[3]
	Sjóefnavinnsla á Reykjanesi	50	0	50	67	−17[9]
	Grænfóðurverksm. í Skagafirði	12	0	12	12	0
	Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	12	0	12	8	4[10]
	Þróunarfélagið h.f.	190	0	190	0	190[10]
3.	**Sveitarfélög**	**326**	**0**	**326**	**262**	**64**
	Hitaveita Akraness og Borgarfj.	85	0	85	64	21[11]
	Hitaveita Akureyrar	140	0	140	97	43[10]
	Fjarhitun Vestmannaeyja	82	0	82	82	0
	Hitaveita Rangæinga	6	0	6	6	0
	Hitaveita Siglufjarðar	6	0	6	6	0
	Hitaveita Egilsstaða og Fella	7	0	7	7	0
4.	**Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)**	**5.007**	**1.384**	**6.391**	**8.192**	**−1.801**
5.	**Innlend lánsfjáröflun**	**780**	**1.209**	**1.989**	**3.437**	**−1.448**
	Spariskírteinafé, nettó[12]	400	0	400	525	−125
	Seðlabanki Íslands	0	600[1]	600	2.098	−1.498[13]
	Önnur lánsfjáröflun	380	609[14]	989	814	175
6.	**Erlendar lántökur**	**4.227**	**175**	**4.402**	**4.755**	**−353**
	Ríkissjóður, A- og B-hluti	2.561	32[6]	2.593	3.246	−653[15]
	Fyrirtæki með eignaraðild ríkis-sjóðs	1.340	143[8]	1.483	1.247	236[4]
	Sveitarfélög	326	0	326	262	64

1) Viðbótarheimildir A-hluta ríkissjóðs skiptast þannig: 600 m.kr. lántaka í Seðlabanka sem var síðan endurlánuð vegna afurðalána til bænda, 279 m.kr. í tengslum við ýmis eignakaup ríkissjóðs samanber 6. gr. fjárlaga o.fl. og, að lokum, 128 m.kr. lántökuheimild til skuldbreytinga.
2) Nauðsynleg lántaka í Seðlabanka 1.498 m.kr. Í lánsfjárlögum 1986 er heimild til að taka erlent lán og endurgreiða bankanum lánið. Að auki nam innstreymi í Endurlán ríkissjóðs 614 m. kr. umfram áætlun og rann það fjármagn til A-hluta ríkissjóðs.
3) Mismunur orsakast af gengismun.
4) Lántökuheimild ársins ekki nýtt að fullu og fellur niður.
5) Heimild fjármálaráðherra til skuldbreytinga hjá Endurlánum ríkissjóðs vegna RARIK 40 m.kr. og vegna Orkubús Vestfjarða 12 m.kr. Fyrirtækin fengu innlend lán hjá Endulánum ríkissjóðs vegna þessa.
6) Lántökuheimild er í lögum nr. 32/1981 um lagningu sjálfvirks síma.
7) Mismunur skýrist af skuldbreytingu eldra lána.
8) Lántökuheimild er í lögum nr. 61/1981 um steinullarverksmiðju. Áætlun 1985 ráðgerði 75 m.kr. lántöku en að auki var ónýtt lántökuheimild fyrra árs, 68 m.kr., flutt á árið 1985.
9) Lántökur Sjóefnavinnslunnar reyndust 17 m.kr. umfram heimildir og er hér um að ræða innlent fé af eigin fé Endurlána ríkissjóðs og var það nýtt til skuldbreytinga hjá fyrirtækinu.
10) Lántökuheimild ársins ekki nýtt að fullu og flyst yfir á árið 1986.
11) Ónýtt heimild á árinu 1985 nam 21 m.kr., en á árinu 1984 fór veitan fram úr lántökuheimildum um sömu fjárhæð.
12) Hrein fjáröflun ríkissjóðs í gegnum spariskírteini reyndist 525 m.kr. samanborið við 400 m.kr. í áætlun. Hins vegar sýndu einstakir liðir þessa þáttar mun meiri frávik milli rauntalna og áætlunar eins og eftirfarandi sýnir (m.kr.):

	Áætlun	Útkoma
Ný útgáfa spariskírteina	400	1.485
+ Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé	650	729
− Innlausn eldri spariskírteina	−650	−1.689
Spariskírteinafé, nettó	400	525

13) Nauðsynlegar lántökur í Seðlabanka umfram heimildir ársins námu 1.498 m.kr. Í lánsfjárlögum 1986 liggur fyrir heimild til erlendrar langtímafjármögnunar á þessum lánum.
14) Skuldbreytingar hjá Endurlánum ríkissjóðs 180 m.kr. skiptust þannig eftir aðilum: Ríkissjóður A-hluti 128 m.kr., RARIK 40 m.kr. og Orkubú Vestfjarða 12 m.kr. Þá nam lánveiting Endurlána ríkissjóðs vegna annarrar fjáröflunar Byggingarsjóðs ríkisins 150 m.kr. Að lokum námu innlendar lántökur ríkissjóðs utan Endurlána ríkissjóðs og Seðlabanka 279 m.kr.
15) Nauðsynleg viðbótarheimild til erlendrar lántöku A-hluta ríkissjóðs 506 m.kr. og B-hluta fyrirtækja 147 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10

Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingarlánasjóða og atvinnufyrirtækja 1985
Bráðabirgðatölur
Í milljónum króna

	Lánsfjárlög 1985	Aðrar lántöku-heimildir	Lántöku-heimildir alls	Lántökur 1985	Mismunur[1])
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+...+4) ..	**2.393**	**1.059**	**3.452**	**4.816**	**−1.364**
1. **Spariskírteini ríkissjóðs, nettó**	**400**	**0**	**400**	**525**	**−125**
Ný útgáfa spariskírteina	400	0	400	1.485	—
Innh. af endurlán. spariskírteinafé	650	0	650	729	—
− Innlausn eldri spariskírteina ...	−650	0	−650	−1.689	—
2. **Verðbréfakaup lífeyrissjóða**	**1.225**	**0**	**1.225**	**1.169**	**56[2])**
af Byggingarsjóði ríkisins	700	0	700	691	9
— Byggingarsjóði verkamanna	345	0	345	333	12
— Framkvæmdasjóði Íslands .	150	0	150	113	37
— Stofnlánadeild landbún. ...	30	0	30	32	−2
3. **Verðbréfakaup bankakerfis af Framkvæmdasjóði**	**200**	**0**	**200**	**210**	**−10**
4. **Önnur innlend lánsfjáröflun**	**568**	**1.059**	**1.627**	**2.912**	**−1.285**
Ríkissjóður, A- og B-hluti	380	1.047	1.427	2.733	−1.306
Byggingarsjóður ríkisins	188	0	188	150	38
Fyrirt. með eignaraðild ríkissjóðs	0	12	12	29	−17
ERLEND LÁN (5+6+7)	**7.089**	**504**	**7.593**	**8.795**	**−1.202**
5. **Opinberir aðilar**	**4.227**	**175**	**4.402**	**4.755**	**−353**
Ríkissjóður A- og B-hluti	2.561	32	2.593	3.246	−653
Fyrirt. með eignaraðild ríkissjóðs	1.340	143	1.483	1.247	236
Sveitarfélög	326	0	326	262	64
6. Lánastofnanir	**1.262**	**529**	**1.791**	**1.843**	**−52**
Framkvæmdasjóður Íslands	1.092	529[3])	1.621	1.673	−52[4])
Iðnþróunarsjóður	50	0	50	50	0
Útflutningslánasjóður	120	0	120	120	0
7. **Atvinnufyrirtæki**	**1.600**	**−200**	**1.400**	**2.197[5])**	**−797**
Síldarverksmiðjur ríkisins	0	0	0	83	−83
Annað, ósundurliðað	1.600	−200[6])	1.400	2.114	−714
Heildarlánsfjáröflun (1+...+7)	**9.482**	**1.563**	**11.045**	**13.611**	**−2.566**

1) Varðandi athugasemdir um frávik á lánsfjárráðstöfun og lántökuheimildum opinberra aðila vísast til töflu 9.
2) Verðbréfakaup lífeyrissjóða af opinberum fjárfestingarlánasjóðum reyndust nærri áætlunum og nema frávikin aðeins um 4,6% á heildarkaupunum.
3) Ónýtt erlend lántökuheimild frá 1984 nam 8 milljónum USD eða jafngildi um 329 m.kr. Þar til viðbótar er 200 m.kr. lántökuheimild á árinu 1985, sem áætlað var fyrir undir atvinnufyrirtækjum, í tengslum við innlend skipasmíðaverkefni samanber athugasemd 6) og var hún flutt á Framkvæmdasjóð Íslands.
4) Mismunur orsakast af gengismun.
5) Samkvæmt bráðabirgðatölum Greiðslujafnaðardeildar Seðlabanka Íslands á meðalgengi ársins 1985.
6) Erlendar lántökur atvinnufyrirtækja vegna innlendra skipasmíðaverkefna voru áætlaðar 200 m.kr. Í reynd fóru þessar lántökur um Framkvæmdasjóð Íslands og er heimildin flutt þangað.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands.

Tafla 11

Endurlán ríkissjóðs 1985
Í milljónum króna

Innstreymi			**9.588**
Tekin lán:	Sala nýrra spariskírteina		1.485[1]
	Erlendar lántökur, brúttó	9.488[2]	
	– Skuldbreytingar eldri lána	5.607[3]	3.881
	Innheimtar afborganir og vextir af veittum lánum	4.590	
	– Vegna framlengingar lána	– 385	4.205
	Aðrar innborganir		17
Útstreymi			**9.588**
Veitt lán:	Nýjar lánveitingar, brúttó	4.711[1]	
	– Vegna framlengingar eldri lána	– 385	4.326
Afborganir:	Erlend lán	674	
	Innlend lán	88	
	Innlausn eldri spariskírteina	1.689	2.451
	Vaxtagreiðslur, alls		2.029
Sjóðsaukning:	Gengisbundnir reikningar í Seðlabanka	636	
	Innlendir reikningar í Seðlabanka	146	782

Veitt lán	Innlend	Gengisbundin	Samtals
Ríkissjóður, A-hluti	**836**	**1.432**	**2.268**
Ríkissjóður, B-hluti	**190**	**1.628**	**1.818**
Byggingarsjóður ríkisins	150	553	703
Laxeldisstöð í Kollafirði	—	5	5
Lánasjóður íslenskra námsmanna	—	340	340
RARIK, alm. framkvæmdir og skuldbreyt.	40	166	206
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	—	454	454
Orkusjóður, jarðhitaleit	—	10	10
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	—	100	100
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	**29**	**110**	**139**
Orkubú Vestfjarða	12	40	52
Sjóefnavinnslan hf.	17	50	67
Grænfóðurverksmiðja í Skagafirði	—	12	12
Grænfóðurverksmiðjur, aðrar	—	8	8
Sveitarfélög	**—**	**101**	**101**
Hitaveita Vestmannaeyja	—	82	82
Hitaveita Rangæinga	—	6	6
Hitaveita Siglufjarðar	—	6	6
Hitaveita Egilsstaða og Fella	—	7	7
Samtals	**1.055**	**3.271**	**4.326**

1) Að auki var sala nýrra spariskírteina til lífeyrissjóða 401 m.kr., sem voru endurlánaðar til Byggingarsjóðs ríkisins 200 m.kr., Byggingarsjóðs verkamanna 153 m.kr. og Framkvæmdasjóðs Íslands 48 m.kr. Þessar ráðstafanir eru ekki taldar hér, hvorki sem sala nýrra skírteina né heldur undir lánveitingum.
2) Brúttó erlendar lántökur námu 230 milljónum dollara.
3) Á árinu 1985 námu skuldbreytingar eldri lána 135 milljónum dollara.

Heimild: Ríkisábyrgðasjóður, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 12

Byggingarsjóður ríkisins 1985
Í milljónum króna

	Lánsfjár-lög 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
Innstreymi	**2.685**	**3.109**
Ríkissjóður	622	966[1])
Skyldusparnaður, nettó	−40	−17
Lífeyrissjóðir	700	691
Sérstök fjáröflun	188	150
Afborganir, vextir, verðbætur	625	726
Tekjur tæknideildar	28	23
Erlend lán	553	553
Aðrar tekjur	9	17
Útstreymi	**2.685**	**3.109**
Rekstrarkostnaður	42	96
Afborganir, vextir, verðbætur	665	676
Endurgreitt til ríkissjóðs	38	59
Sjóðsaukning	150	248
Lánveitingar	1.790	2.030[1])
Veitt lán	**1.790**	**2.030**
Nýbyggingar og eldri íbúðir	1.265	1.550
Orkusparandi breytingar á húsnæði	150	39
Lán vegna greiðsluerfiðleika	200	235
Aðrar lánveitingar	175	206

1) Með lögum nr. 48/1985 um sérstaka fjáröflun í húsnæðismálum var stefnt að 370 m.kr. fjáröflun til húsbyggingasjóðanna. Í reynd var aflað 344 m.kr. með þessum hætti á árinu 1985.

Heimild: Byggingarsjóður ríkisins, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 13

Byggingarsjóður verkamanna 1985
Í milljónum króna

	Lánsfjár-lög 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
Innstreymi	**790**	**779**
Ríkissjóður	282	282
Sveitarfélög	90	44
Kaupendur eldri íbúða	—	22
Afborganir, vextir, verðbætur	73	98
Lífeyrissjóðir	345	333
Útstreymi	**790**	**779**
Rekstrarkostnaður	12	16
Afborganir, vextir, verðbætur	95	88
Sjóðsaukning	—	113
Lánveitingar	683	562
Veitt lán	**683**	**562**
Verkamannabústaðir og leiguíbúðir	570	401
Endursöluíbúðir	113	161

Heimild: Byggingarsjóður verkamanna, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 14

Framkvæmdasjóður Íslands 1985
Í milljónum króna

	Lánsfjár-lög 1985	Bráðabirgða-tölur 1985
Fjáröflun	**1.882**	**2.031**
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	440[1])	35
Lán frá innlendum bönkum	200	210
Lán frá lífeyrissjóðum	150	113
Erlend lán	1.092	1.673[1])
Lánveitingar	**1.882**	**2.031**
Stofnlánadeild landbúnaðarins	237	237
Fiskveiðasjóður v/greiðsluhalla	440	440
Fiskveiðasjóður v/útlána	275	275
Iðnlánasjóður	490	490
Lánasjóður sveitarfélaga	5	5
Ferðamálasjóður og Hótel Saga	94	140
Verslunarlánasjóður	20	20
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	20
Landflutningasjóður	8	8
Útflutningslánasjóður	7	7
Byggðasjóður v/bætts aðbúnaðar á vinnustöðum	14	14
Byggðasjóður v/endurskipulagn. sjávarútv.fyrirtækja	100	0
Byggðasjóður v/skipaviðgerða innanlands	0	200
Bein útlán Framkvæmdasjóðs og fiskeldi	122	167
Sjávarútvegssjóður	50	0
Hafnarbótasjóður	0	8

1) Dregið var á ónýtta lántökuheimild frá 1984 að fjárhæð 8 millj. USD eða um 329 millj. ISK. Þessi lántaka er innifalin í eigin ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs í dálkinum lánsfjárlög 1985. Hins vegar er hún talin með erlendum lántökum sjóðsins í aftari dálkinum.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Sþ. 649. Fyrirspurn [358. mál]

til landbúnaðarráðherra um markaðsöflun fyrir íslenskar búvörur.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

1. Með hvaða hætti hyggst landbúnaðarráðuneytið stuðla að markaðsöflun erlendis fyrir íslenskar búvörur?
2. Hvað hefur landbúnaðarráðuneytið aðhafst í því að afla markaðar fyrir íslenskar búvörur á Grænlandi?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 650. Fyrirspurn [359. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning dilkakjöts til Bandaríkjanna.

Frá Davíð Aðalsteinssyni.

1. Hver var hlutur landbúnaðarráðuneytisins í þeirri tilraun til útflutnings á íslensku dilkakjöti til Bandaríkjanna sem gerð var á s.l. hausti?
2. Hver er kostnaður orðinn við þessa tilraun og hvernig skiptist hann?
3. Hver er árangur af þessari tilraun?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 651. Fyrirspurn [360. mál]

til utanríkisráðherra um hernaðarframkvæmdir.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur utanríkisráðherra heimilað Bandaríkjaher eða Atlantshafsbandalaginu að hefja framkvæmdir við nýja sérstaklega styrkta stjórnstöð á Keflavíkurflugvelli, eða liggur fyrir beiðni um slíka heimild?
2. Hefur ráðherra heimilað sömu aðilum og að ofan greinir einhverjar aðrar nýjar framkvæmdir frá því síðast var gerð grein fyrir slíku á Alþingi?

Sþ. 652. Tillaga til þingsályktunar [361. mál]

um breytt gjaldskrársvæði Póst- og símamálastofnunar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Stefán Guðmundsson, Jón Kristjánsson, Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til að gjaldskrársvæði símans verði stækkuð þannig að í meginatriðum gildi sami gjaldflokkur innan sérhvers athafna- og viðskipta- eða greinistöðvarsvæðis.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á 106. löggjafarþingi en varð eigi útrædd og er því endurflutt.

Póst- og símamálastofnun gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í okkar þjóðfélagi. Góð símaþjónusta er einn af undirstöðuþáttum nútímasamfélags. Framþróun í póst- og símamálum hefur orðið ör á seinni árum þótt fæstum þyki nóg að gert. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 er ákvæði um að stefnt verði að því við

gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers og skal ákveðið í reglugerð hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á. Svo sem kunnugt er vantar mikið á að áðurnefnt ákvæði laganna sé framkvæmt til fullnustu og ráða þar mestu tæknilegar hindranir, en einnig fjárhagslegar. Segja má að tillaga sú, sem hér er lögð fram, fari bil beggja með tilliti til fjárhagslegra og tæknilegra forsendna annars vegar og bættrar þjónustu við símnotendur hins vegar.

Meðfylgjandi kort yfir sjálfvirkar símstöðvar sýnir að landinu er skipt í 20 greinistöðvarsvæði og svæðisstöðina í Vestmannaeyjum og í mörgum tilfellum fara svæði greinistöðvanna saman við athafna- og viðskiptasvæði. Sú upptalning, sem hér fer á eftir, sýnir aðeins hugmynd að gjaldskrársvæðum á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu.

1. **Reykjavík** — Kópavogur — Hafnarfjörður — Varmá.
2. **Akranes** — Lambhagi.
3. **Borgarnes** — Hvanneyri — Kljáfoss — Hreðavatn — Gröf.
4. **Stykkishólmur** — Búðardalur — Grundarfjörður — Ólafsvík — Hellissandur — Máskelda — Reykhólar.
5. **Patreksfjörður** — Bíldudalur — Tálknafjörður — Krossholt.
6. **Ísafjörður** — Bolungarvík — Flateyri — Súðavík — Suðureyri — Þingeyri.
7. **Brú** — Hólmavík — Hvammstangi — Laugarbakki — Reykir — Ávík.
8. **Blönduós** — Bólstaðarhlíð — Skagaströnd.
9. **Sauðárkrókur** — Hofsós — Varmahlíð.
10. **Siglufjörður** — Grímsey — Fljót.
11. **Dalvík** — Árskógur — Hrísey — Ólafsfjörður.
12. **Akureyri** — Grenivík — Hrafnagil.
13. **Húsavík** — Breiðamýri — Kópasker — Raufarhöfn — Rein — Reykjahlíð — Staðarhóll — Þórshöfn.
14. **Egilsstaðir** — Borgarfjörður — Eiðar — Seyðisfjörður — Vopnafjörður.
15. **Reyðarfjörður** — Breiðdalsvík — Eskifjörður — Fáskrúðsfjörður — Neskaupstaður — Stöðvarfjörður.
16. **Höfn** — Djúpivogur.
17. **Vík** — Kirkjubæjarklaustur.
18. **Hvolsvöllur** — Búrfell — Hella — Laugaland — Steinar — Þykkvibær.
19. **Selfoss** — Aratunga — Árnes — Brautarholt — Eyrarbakki — Flúðir — Hamar — Hveragerði — Laugarvatn — Minniborg — Þorlákshöfn.
20. **Keflavík** — Gerðar — Grindavík — Hafnir — Innri-Njarðvík — Sandgerði — Vogar.

Fylgiskjal.


POST-OG SÍMAMÁLASTOFNUNIN
Línurjóðrit milli sjálfvirkra símstöðva
B - 5991
Svæði 91
AKUREYRI
EGILSSTAÐIR
HÖFN
REYÐARFJÖRÐUR
HÚSAVÍK
SIGLUFJÖRÐUR
ÓLAFSFJÖRÐUR
BLÖNDUÓS
SAUÐÁRKRÓKUR
BRÚ
ÍSAFJÖRÐUR
PATREKSFJÖRÐUR
BORGARNES
AKRANES
HVOLSVÖLLUR
VESTMANNAEYJAR
VÍK
SELFOSS
KEFLAVÍK
MIÐLÆGT ÚTLAND
Frankfurt
Kaupmannah.
London
Montreal
New York
Osló
Rotterdam
Stokkhólmur

Sþ. 653. Tillaga til þingsályktunar [362. mál]

um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Guðmundur Bjarnason, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra, í samvinnu við einstök ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, að láta gera yfirlit um fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Greint verði á milli samskipta er lúta að framkvæmdum annars vegar og rekstri og ýmissi þjónustu hins vegar. Fram komi skuldbindingar og fjárhagsstaða hvors aðila fyrir sig miðað við árslok 1985. Greinargerð um þetta efni verði lögð fyrir Alþingi með frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.

Greinargerð.

Tilgangurinn með þessari tillögu til þingsályktunar er að skýra og draga fram fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Um árarabir hefur verið fjallað um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnir hafa haft einföldun samskipta þessara tveggja stjórnstiga að stefnumiði með það að leiðarljósi að fella saman ákvörðunarvald og fjárhagsábyrgð. Nefndir á vegum ríkis og sveitarfélaga hafa fjallað um málið án þess að verulegar breytingar til einföldunar hafi komist á.

Nauðsynlegt er að árlega liggi fyrir yfirlit um fjárhagsskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga. Það yrði ótvírætt til hagræðis og einföldunar allri málsmeðferð fyrir fjárveitinganefnd Alþingis, þingmenn, fjármálaráðuneyti og önnur ráðuneyti og sveitarstjórnir ef yfirlit sem þetta væri fyrirliggjandi þegar Alþingi fjallar um fjárlög og sveitarstjórnir um fjárhagsáætlanir sínar. Víða hafa aðilar ekki komið á formlegum samningum um sameiginlegar framkvæmdir en kröfur aftur á móti komið fram sem eru þó engan veginn staðfestar eða viðurkenndar af hlutaðeigandi aðilum. Það er því brýnt að þessi mál séu skoðuð sérstaklega og að ríkisvaldið og sveitarstjórnir komi meiri formfestu á samskipti sín. Hér er ekki síst haft í huga að gerðir verði samningar um sameiginleg verkefni.

Svo sem kunnugt er tekur ríkissjóður lögum samkvæmt þátt í ýmiss konar framkvæmdum með sveitarfélögum, svo sem hafnargerð, skólabyggingum, sjúkrahúsuppbyggingu, heilsugæslustöðvum og dagvistarheimilum. Í flestum tilvikum hafa sveitarfélögin frumkvæði að framkvæmdum. Umsjón framkvæmda er aftur á móti með mismunandi hætti. Skólaframkvæmdir annast sveitarfélögin að verulegu leyti, sama á við um dagvistarheimilabyggingar. Ríkið sér aftur á móti almennt um framkvæmdir við sjúkrahús og heilsugæslustöðvar enda hlutur ríkisins í þeim framkvæmdum miklu stærri. Framlög ríkisins til þessara framkvæmda eru ákveðin í fjárlögum hvers árs. Þessi framlög hafa farið minnkandi að raungildi undanfarin ár og telja mörg sveitarfélög að þau eigi miklar kröfur á ríkissjóð af þessum sökum þó að þar séu ekki skriflegar skuldbindingar. Í fjárlögum ársins 1986 er t.d. veitt einhver fjárhæð til u.þ.b. 240 skólamannvirkja, ýmist til byggingarframkvæmda eða undirbúnings. Alls eru fjárveitingar til um 36 sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða og til um 70 dagvistarstofnana.

Af sameiginlegum rekstrarþáttum má nefna grunnskóla, framhaldsskólastigið að hluta, sjúkrasamlög, atvinnuleysistryggingar og málefni fatlaðra. Fjárhagsaðild ríkis og sveitarfélaga er ákvörðuð með lögum og reglugerðum. Um margt má bæta samskipti þessara aðila og nægir í því sambandi að minna á árlega erfiðleika vegna greiðslu kostnaðar við akstur skólabarna á grunnskólastigi. Á móti má nefna útistandandi kröfur ríkisins á sveitarfélögin vegna málefna fatlaðra.

Þessi tillaga er flutt til þess að draga fram alla þætti fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Með því móti á Alþingi, svo og allir hlutaðeigandi aðilar, að geta gert sér betur grein fyrir og metið stöðu málsins en nú er. Tillagan þjónar því tvíþættum tilgangi, þ.e. í fyrsta lagi að greiða fyrir umræðu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og einnig að bæta vinnubrögð í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

Ed. 654. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið til meðferðar frumvarp þetta og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. mars 1986.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.	Davíð Aðalsteinsson.
Vigfús B. Jónsson.	Helgi Seljan.	Stefán Benediktsson.
	Egill Jónsson.	

Ed. 655. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um breyt. á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið til meðferðar frumvarp þetta og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 20. mars 1986.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Vigfús B. Jónsson.	Helgi Seljan.	Stefán Benediktsson.
	Egill Jónsson.	

Sþ. 656. Fyrirspurn [363. mál]

til utanríkisráðherra um svonefnd „innri öryggismál“.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Eru uppi áform í utanríkisráðuneytinu um að koma á fót leyniþjónustu eða öryggislögreglu að erlendri fyrirmynd?

2. Hverju sætir að utanríkisráðherra reifar slíkar hugmyndir á fundi hjá Varðbergi áður en þær eru kynntar fyrir t.a.m. utanríkismálanefnd Alþingis, ríkisstjórn og þingflokkum?
3. Telur utanríkisráðherra eðlilegt að starfsmenn ráðuneyta ræði, á þessu stigi málsins, svonefnd „innri öryggismál“ og skýri frá vinnu ráðuneyta þar að lútandi á fundum þar sem viðstaddir eru meðal annarra erlendir sendiráðsstarfsmenn?

Sþ. 657. Breytingartillaga [11. mál]

við brtt. á þskj. 643 [Mat heimilisstarfa til starfsreynslu].

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur og Helga Seljan.

Fyrri mgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf sem unnin eru launalaust á heimilum landsins. Því felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta starfsreynslu við ólaunuð heimilisstörf vegna barnauppeldis, umönnunar, matargerðar, þvotta, ræstinga o.þ.h. á hliðstæðan hátt og starfsreynslu hjá opinberum aðilum við ákvörðun starfsaldurshækkana starfsmanna.

Nd. 658. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar. Leggur meiri hl. hennar til að það verði samþykkt óbreytt.

Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Kjartan Jóhannsson mun skila séráliti.

Alþingi, 20. mars 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr. | Halldór Blöndal.

Þórarinn Sigurjónsson. | Eggert Haukdal.

Nd. 659. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist nýr tölul. í stað 2. tölul. sem felldur var niður með 2. gr. laga nr. 60/1978, svohljóðandi:

Til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, eins og nánar greinir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Í stað 12. gr. laganna, sem felld var niður með 5. gr. laga nr. 60/1978, komi ný 12. gr. og orðast svo:

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að yfirtaka allar eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán árin 1962 til 1985.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að gefa út bankavaxtabréf sem skulu notuð til að skuldbreyta eldri lánum veðdeildar Búnaðarbankans vegna lausaskulda bænda sem veitt voru skv. lögum nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 og enn fremur til að veita ný slík lán framvegis ef til kemur.

Ákvæði laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skulu gilda eftir því sem við getur átt um útgáfu bankavaxtabréfa Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. þessari grein auk ákvæða laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að því breyttu að Stofnlánadeildin komi þar í stað veðdeildar Búnaðarbankans.

Ákvæði laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, gilda um allar lánveitingar og lánskjör á lánum vegna lausaskulda bænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á lausaskuldum bænda yfir í föst lán, sem átt hafa sér stað frá 1962 til þessa, hafa verið gerðar til að létta bændum greiðslubyrði skulda sem þeir hafa stofnað til vegna uppbyggingar og reksturs jarða. Lausaskuldalánin hafa verið til 10 og 12 ára. Ljóst er að sá lánstími er of skammur fyrir fjölmarga bændur til að þeir geti staðið í skilum með þessi lán og jafnframt rétt við fjárhag sinn.

Ekkert svigrúm er innan veðdeildar Búnaðarbankans til að breyta lánskjörum þessara lána, hvorki vöxtum né lánstíma.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur fasta tekjustofna sem eru 1% gjald af landbúnaðarframleiðslu bænda auk 2% af hækkunum á búvöruverði. Mikill samdráttur hefur orðið og mun verða í uppbyggingu hefðbundinna búgreina. Því eru líkur á að svigrúm skapist innan Stofnlánadeildarinnar til að ráðstafa hluta þessara tekjustofna til að rétta hlut þessara verst settu bænda. Til þess er nauðsynlegt að flytja þessar lánveitingar til Stofnlánadeildar.

Nd. 660. Frumvarp til laga [365. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979 og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Við 1. gr. laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, bætist ný mgr. svohljóðandi:

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að framselja og afhenda Stofnlánadeild landbúnaðarins allar eignir og skuldir sínar og öll réttindi sín og skyldur skv. þessum lögum vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þær breytingar á lausaskuldum bænda yfir í föst lán, sem átt hafa sér stað frá 1962 til þessa, hafa verið gerðar til að létta bændum greiðslubyrði skulda sem þeir hafa stofnað til vegna uppbyggingar og reksturs jarða. Lausaskuldalánin hafa verið til 10 og 12 ára. Ljóst er að sá lánstími er of skammur fyrir fjölmarga bændur til að þeir geti staðið í skilum með þessi lán og jafnframt rétt við fjárhag sinn. Ekkert svigrúm er innan veðdeildar Búnaðarbankans til að breyta lánskjörum þessara lána, hvorki vöxtum né lánstíma.

Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur fasta tekjustofna sem eru 1% gjald af landbúnaðarframleiðslu bænda auk 2% af hækkunum á búvöruverði.

Mikill samdráttur hefur orðið og mun verða í uppbyggingu hefðbundinna búgreina. Því eru líkur á að svigrúm skapist innan Stofnlánadeildarinnar til að ráðstafa hluta þessara tekjustofna til að rétta hlut þeirra bænda sem verst eru settir. Til þess er nauðsynlegt að flytja þessar lánveitingar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Ed. 661. Frumvarp til laga [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því, sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 frá 6. apríl 1971, er stofnuninni heimilt, þegar vanskil verða á meðlagsgreiðslum, að reikna og innheimta 7% vexti, þ.e. ársvexti af vanskilum frá gjalddaga til greiðsludags. Vegna verðbólgu undanfarinna ára, upptöku verðtryggingarákvæða og breytinga á vaxtakjörum er þetta ákvæði orðið gjörsamlega úrelt.

Samkvæmt frv. er skylt að greiða dráttarvexti af gjaldföllnum meðlagskröfum, og skulu dráttarvextir reiknaðir með sama hætti og hjá innlánsstofnunum, bönkum og sparisjóðum.

Ed. 662. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og sendi það til umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna, Hafnarsambands sveitarfélaga, Olíufélagsins Skeljungs hf., Sambands ísl. kaupskipaútgerða, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs.

Við meðferð málsins kom í ljós, sbr. umsagnir, að nokkur ágreiningur var meðal þeirra sem málið snertir sérstaklega, svo sem Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins. Til þess að ná nauðsynlegri samstöðu um málið var það tekið til athugunar að nýju í samgönguráðuneytinu og fjallað um það þar ásamt fulltrúum þeirra sem þetta mál varðar. Breytingartillögur nefndarinnar eru niðurstaða þeirra viðræðna og um þær er fullt samkomulag nema að því er varðar 10. gr. frv. og þátt olíufélaganna í losun og eyðingu olíuúrgangs.

Breytingartillögur nefndarinnar má flokka í aðalatriðum í tvennt: Annars vegar eru þau ákvæði er lúta að mengun frá landstöðvum af völdum eiturefna og annarra hættulegra efna. Hins vegar ákvæði 10. gr. um móttöku olíuúrgangs.

Breytingar á ákvæðum, er varða mengun frá landstöðvum, voru unnar í samvinnu samgönguráðuneytis, Siglingamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndarráðs. Breytingin er í grundvallaratriðum sú að gildissvið frumvarpsins, sem áður takmarkaðist við varnir gegn mengun sjávar, tekur nú einnig til eftirlits með mengunarvörnum. Með þeirri breytingu er stefnt að því að forðast tvíverknað, að verkefni stofnana skarist og að draga sem mest úr réttaróvissu. Er þetta í samræmi við þá verkefnaskiptingu sem verið hefur milli Siglingamálastofnunar og Hollustuverndar ríkisins og samkomulag er um. Til að tryggja að þessum tilgangi verði náð er enn fremur lagt til að við setningu reglna um mengun frá landstöðvum verði lögfest samráð við önnur stjórnvöld er með mengunarmál fara. Hliðstætt samráð er nú samkvæmt reglugerð um starfsleyfisskyldan atvinnurekstur.

Í umsögnum Sambands íslenskra kaupskipaútgerða og Olíufélagsins Skeljungs hf. kemur fram gagnrýni á 10. gr. frumvarpsins sem fjallar um móttöku olíuúrgangs. Leggur Skeljungur til að hafnaryfirvöldum verði gert skylt að koma upp aðstöðu til móttöku á olíuúrgangi í höfnum. SÍK tekur ekki afstöðu til þess hverjir verði skyldaðir til móttöku á olíuúrgangi frá skipum en gerir kröfu um að slík móttaka verði skipunum að kostnaðarlausu. Þrátt fyrir þetta er ekki talið rétt að breyta ákvæðum 10. gr. Það hlýtur að teljast eðlilegt að þeim, sem annast sölu og dreifingu á olíu, sé einnig gert skylt að taka við olíuúrgangi. Þeir hafa þekkingu, tæki og annan búnað til að annast móttökuna. Hins vegar þykir rétt, með hliðsjón af umsögn Skeljungs, að 3. og 4. mgr. 10. gr., sem fjalla um móttöku olíuúrgangs, falli brott og ný mgr. bætist við um setningu reglna hér að lútandi. Með því móti má betur tryggja að olíuúrgangi sé á hverjum tíma safnað saman með sem hagkvæmustum hætti fyrir alla aðila. Einnig væri þá unnt að fela öðrum aðilum móttöku olíuúrgangs við skipshlið.

Að lokum má benda á breytingartillögur við 5. og 7. gr. sem ætlað er að taka af öll tvímæli um að lögunum er ekki ætlað að banna eðlilega vinnslu á afla um borð í skipum.

Skal nú vikið að einstökum breytingartillögum og þær skýrðar stuttlega.

Um 1. og 2. tölulið:

Með hliðsjón af lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 109/1984, og að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins og Náttúruverndarráð er talið rétt að afmarka betur í frv. þá mengun sem stafar frá starfsemi í landi og lögin ná til. Er tillaga þessi eins og áður sagði í samræmi við þá verkefnaskiptingu sem verið hefur milli Siglingamálastofnunar og Hollustuverndar.

Orðinu „flugvél“ er breytt í *loftfar* til samræmis við lög um loftferðir, nr. 34/1964.

Um 3. tölulið:

Lagt er til að orðið „mengun“ verði skilgreint í lögunum og í því efni fylgt að mestu leyti lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, þó að viðbættu *óbragði* sem einnig fellur hér undir mengun.

Þá er í 3. tölul. gr. gerð tillaga um að í stað orðsins „varp“ (e. dumping) komi úrkast.

Loks er í 9. tölul., þar sem skilgreind er bráðamengun, sleppt orðunum „svo sem vegna óhapps eða yfirsjónar“. Rétt þykir að bráðamengun taki til allrar mengunar sem verður skyndilega, án tillits til þess með hvaða hætti hún verður.

Um 4. og 5. tölulið:

Hér er í fyrsta lagi um orðalagsbreytingar að ræða en enn fremur er í 5. lið lagt til að bann við losun lýsis eða grútar sé takmarkað við innsævi. Með þeirri breytingu er komið til móts við óskir LÍÚ í umsögn þeirra um frv.

Skv. reglugerð nr. 119/1985 veitir Siglingamálastofnun ríkisins umsögn um starfsleyfisumsóknir. Við umfjöllun sína ber stofnuninni að taka afstöðu til leyfisveitingar skv. ákvæði 4. mgr. 5. gr.

Um 6.–9. tölulið:

Í þessum tölul. brtt. eru nokkrar orðalagsbreytingar sem ástæðulaust er að rekja nánar.

4. mgr. 6. gr. fellur brott vegna þess að almennt heimildarákvæði um sama efni er í 24. gr. frv.

Lagt er til í 7. tölul. að ferskur fiskur og fiskúrgangur falli ekki undir skilgreiningu á sorpi. Er það í samræmi við óskir LÍÚ.

Loks er í 9. tölul. bætt við orðunum „ef þörf krefur“. Er það gert til að leggja áherslu á að ekki verði settar reglur skv. 9. gr. ef ákvæði um sama efni eru þegar komin í reglur eins og stefnt er að með heildarreglugerð um mengunarvarnir, sbr. 3. gr. laga 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa ákvæðið í lögum vegna framkvæmdar á alþjóðasamningi hér á landi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Um 10. tölulið:

Breyting sú, sem hér er lögð til, er gerð til að ítreka að þeim aðilum, sem taldir eru upp í 1. mgr., sé skylt að taka við úrgangsolíu ef komið er með hana til þeirra.

Það hlýtur að teljast eðlilegt að þeir sem annast sölu á olíu annist einnig móttöku á olíuúrgangi. Eins og fram kemur í grg. með frv. er það í samræmi við framkvæmd þessara mála nú. Sú breyting er hins vegar gerð með frumvarpinu að þessum aðilum er gert skylt að taka við olíuúrgangi. Hjá olíufélögunum er þekking, tæki og annar búnaður til að annast móttökuna, eða eins og segir í grg. með frv.: „Ekki verður séð að aðrir aðilar en olíufélögin séu betur búnir til að taka við olíuúrgangi, meðhöndla hann, endurvinna, nýta eða eyða,

jafnt frá skipum og fyrirtækjum í landi.“ Nefndin fellst á þetta og telur því ekki rétt að breyta ákvæði 1. mgr. á þann hátt er fram kemur í umsögnum SÍK og Olíufélagsins Skeljungs hf.

Nokkurs misskilnings virðist gæta í umsögnum SÍK og Skeljungs varðandi ákvæði 2. mgr. 10. gr. þar sem rætt er um hleðslustöðvar fyrir olíuflutningaskip. Skip, sem flytja olíu til landsins, munu væntanlega ekki þurfa að losa sig við mikið af olíublandaðri kjölfestu og öðrum olíuúrgangi þar eð þau eru ekki með sjó í farmgeymum heldur olíufarm. Afkastageta þessara stöðva takmarkast því einvörðungu við þarfir þeirra skipa sem flytja olíu frá þeim, þ.e. íslenskum olíuflutningaskipum.

Lagt er til að 3. og 4. mgr. í frv. falli brott. Að athuguðu máli og með vísun til umsagna SÍK og Skeljungs þykir rétt að hafa ákvæði um söfnun úrgangsolíu frá skipum fremur í reglugerð. Með því móti má tryggja betur að söfnunin sé á hverjum tíma með sem hagkvæmustum hætti fyrir alla aðila. Þess vegna er gerð tillaga um nýja mgr. sem veitir samgönguráðherra heimild til að setja slíkar reglur.

Um 11.–17. tölulið:

Í 11. tölul. brtt. eru orðalagsbreytingar og jafnframt í 11. og 12. tölul. skilgreint nánar hvaða stjórnvald veitir leyfi til að kasta efnum í hafið eða brenna þau á hafi úti.

15. gr. frv. er talin óþörf og ekki heppileg við framkvæmd mengunarmála.

Lagt er til í 14. tölul. að í stað sveitarstjórna í 18. gr. verði hafnaryfirvöldum gert að hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir skaða af völdum mengunar. Hér er fyrst og fremst átt við aðgerðir á hafnarsvæði og þykir eðlilegra að vísað sé beint til hafnaryfirvalda.

Í 17. tölul. (22. gr.) er þremur aðilum bætt við þá sem Siglingamálastofnun leitar til án fullgildingar samgönguráðherra við athugun á skipum og fyrirtækjum vegna hættu á mengun sjávar.

Um 18. tölulið:

Hér er lagt til að lögfest verði samráð við þau stjórnvöld önnur sem með mengunarmál fara í þeim tilgangi að forðast tvíverknað og hugsanlega skörun verkefna. Með þessari breytingu ætti samráð við hlutaðeigandi sveitarstjórnir einnig að vera tryggt, sbr. umsögn Hafnarsambands sveitarfélaga um frumvarpið.

Um 19.–20. tölulið:

Vegna breytinga, sem gerðar eru á frumvarpinu, þykir rétt að tilgreina þá alþjóðasamninga sem lögin ná til og samgönguráðuneytið annast framkvæmd á.

Ákvæði í 3. mgr. 25. gr. er til frekari skýringa á þeirri verkefnaskiptingu sem nú ríkir.

Í 20. lið brtt. er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. mars 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Árni Johnsen.	Jóhanna Leópoldsdóttir, með fyrirvara.	Valdimar Indriðason.

Ed. 663. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun sem stafar frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó og frá landstöðvum af völdum olíu og annarra efna, sem talin eru upp í fylgiskjali 1, og stofnað getur heilsu manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða truflað lögmæta nýtingu hafsins.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi ná yfir alla starfsemi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó og starfsemi í landi sem hefur eða getur haft í för með sér mengun sjávar í mengunarlögsögu Íslands og stranda landsins, sbr. 1. gr. Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannslíf eða tryggja öryggi skipa, loftfara, palla og annarra mannvirkja á sjó eða landi, svo og mengun sökum óviðráðanlegra atvika, veðurofsa eða annarra náttúruhamfara.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og orðasambönd þá merkingu er hér greinir:
   1. Það er „mengun“ þegar örverur, efni og efnasambönd valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, óbragðs, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.
   2. „Losun“ merkir að vísvitandi er hleypt í sjóinn fljótandi eða föstum efnum sem falla frá við eðlilega starfrækslu.
   3. „Úrkast“ merkir allt það sem ekki er losun, þ.e. að efnum eða hlutum er vísvitandi fleygt í sjóinn frá skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum á sjó, þar með talið að sökkva skipum, loftförum, pöllum eða öðrum mannvirkjum í sjó.
   4. Eftirfarandi telst hvorki „losun“ né „úrkast“:
      a. að koma fyrir efnum eða hlutum í sjó í öðrum tilgangi en að farga þeim,
      b. að úrgangsefni eða önnur efni, sem beinlínis stafa frá rannsóknum eða nýtingu jarðefna í eða á hafsbotni, berist í sjóinn en um slíkar rannsóknir og nýtingu skal ráðherra setja sérstakar reglur ef ástæða þykir til.
   5. „Sérhafsvæði“ merkir hafsvæði sem tilteknar reglur um varnir gegn mengun sjávar gilda um, svo sem vegna sérstakra umhverfisaðstæðna, í samræmi við gildandi alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar sem Ísland er aðili að.
   6. „Hafnarsvæði“ merkir það umráðasvæði á sjó og landi sem hafnaryfirvöld á hverjum stað annast og skilgreint er í hafnarreglugerð.
   7. „Mengunarlögsaga Íslands“ er það hafsvæði sem nær yfir innsævi, landhelgi og efnahagslögsögu Íslands og landgrunn Íslands.

8. „Mengunartjón“ merkir tjón eða skaða sem hlýst af mengun sjávar hvar sem slík mengun kann að eiga sér stað og af hvers konar völdum sem hún stafar. Mengunartjón tekur til kostnaðar vegna ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón, frekara tjón eða skaða sem hlýst af slíkum ráðstöfunum.
9. „Bráðamengun“ merkir mengun sjávar sem verður skyndilega og krefst tafarlausra hreinsunaraðgerða.

4. Við 4. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
„Olía“ merkir í lögum þessum vökvakennd olíuefni o.s.frv.
5. Við 5. gr.
a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
„Lýsi“ merkir í lögum þessum allar tegundir feitmetis o.s.frv.
b. 2. mgr. orðist svo:
Losun lýsis eða grútar í sjó er óheimil á innsævi.
c. 4. mgr. orðist svo:
Óheimilt er að setja til sjávar óhreinsað vinnsluvatn nema með leyfi Siglingamálastofnunar ríkisins.
6. Við 6. gr.
a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
„Fljótandi efni“ merkir í lögum þessum vökva sem o.s.frv.
b. 4. mgr. falli brott.
7. Við 7. gr. 1. mgr. orðist svo:
„Sorp“ merkir í lögum þessum alls konar matarleifar, úrgang frá vistarverum og óvinnsluhæfan rekstrarúrgang, þar með taldar umbúðir farms, að undanskildum ferskum fiski og fiskúrgangi, sem til falla við eðlilega starfsemi skipa, palla og annarra mannvirkja á sjó og þarf stöðugt eða öðru hvoru að losna við.
8. Við 8. gr.
a. Upphaf 1. mgr. orðist svo:
„Skolp“ merkir í lögum þessum frárennsli eða o.s.frv.
b. 2. mgr. orðist svo:
Samgönguráðherra er heimilt að setja reglur um losun á skolpi í sjó frá skipum, pöllum og öðrum mannvirkjum á sjó.
9. Við 9. gr. Á eftir orðunum „er samgönguráðherra heimilt“ komi: ef þörf krefur.
10. Við 10. gr.
a. 1. mgr. orðist svo:
Einstaklingum og fyrirtækjum, er annast dreifingu og sölu á olíu, er skylt að taka við olíuúrgangi frá skipum og frá starfsemi í landi, einum eða í samvinnu við einstaklinga eða fyrirtæki, er til þess hafa leyfi samgönguráðherra, og tryggja viðunandi eyðingu.
b. 3. og 4. mgr. falli brott.
c. Við bætist ný mgr. er orðist svo:
Samgönguráðherra skal setja nánari reglur um móttöku olíuúrgangs frá skipum í höfnum í þeim tilgangi að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum töfum vegna losunar olíuúrgangs í land.
11. a. 13. gr. orðist svo:
Allt úrkast efna eða hluta í hafið er óheimilt án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar.

Við veitingu leyfis til að kasta efnum eða hlutum í hafið skal taka mið af eðli þeirra og magni og aðstæðum á losunarstað.

Ef um er að ræða úrgang eða efni, önnur en dýpkunarefni, sem hafa svo nokkru nemi efni þau sem upp eru talin í fylgiskjali 1 skal eigi veita heimild til að kasta þeim í hafið nema í neyð enda sé heilsu manna annars stofnað í hættu og engin önnur hagkvæm lausn fyrir hendi.

Heimilt er án leyfis að kasta dýpkunarefnum í hafið nema í þeim séu í verulegum mæli (meira en 0,1%) efni sem talin eru upp í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

b. Fyrirsögn IV. kafla verði: Úrkast efna í hafið.

12. Við 14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Óheimilt er að brenna úrgangsefni eða önnur efni á hafi úti, hvort sem er frá skipum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, án leyfis Siglingamálastofnunar ríkisins.

13. Við 15. gr. Greinin falli brott.

14. Við 18. gr. Í stað orðanna „og skal þá sveitarstjórn“ komi: og skulu þá hafnaryfirvöld.

15. Við 20. gr. Orðin „með reglugerð eða í einstökum tilvikum“ falli brott.

16. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Eigendur skipa eða skipstjórnarmenn og eigendur eða rekstraraðilar vinnu- og borpalla á sjó og fyrirtækja í landi skulu tafarlaust tilkynna Siglingamálastofnun ríkisins eða öðrum viðkomandi yfirvöldum um alla losun eða úrkast, sem lög þessi ná til, í hafið í mengunarlögsögu Íslands.

17. Við 22. gr. 2. málsl. greinarinnar orðist svo: Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila sem samgönguráðherra fullgildir til að framfylgja ákvæðum þessarar greinar, eftir því sem við á.

18. Við 24. gr. Greinin orðist svo:

Í þeim tilgangi að treysta framkvæmd laganna er samgönguráðherra heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um búnað skipa, palla, annarra mannvirkja á sjó og fyrirtækja í landi til varnar gegn mengun sjávar af völdum olíu, sbr. þó 9. gr., og enn fremur með hvaða hætti reglubundið eftirlit með þessum búnaði skuli fara fram.

Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olíumengunar frá landstöðvum og samkvæmt heimild í 9. gr. skal haft samráð við heilbrigðismálaráðherra eða menntamálaráðherra eftir því sem við á.

Samgönguráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna samkvæmt lögum þessum.

Samgönguráðherra er heimilt, að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra, að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

19. Við 25. gr. Greinin orðist svo:

Eftirlit og framkvæmd laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, er í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins, með aðstoð þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. málsl. 21. gr. Kostnaður af reglubundnu eftirliti með mengunarvarnabúnaði greiðist úr ríkissjóði en annar kostnaður af eigendum búnaðarins.

Samgönguráðherra annast framkvæmd eftirtalinna alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar:

1. Alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, með breytingum frá 1962 og 1969.

2. Alþjóðasamningur frá 15. febrúar 1972 um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum (Óslóarsamningurinn).
3. Alþjóðasamningur frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það (Lundúnasamningurinn).
4. Samningur frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (Parísarsamningurinn).
5. Alþjóðasamningur frá 2. móvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL).

Um aðra mengun sjávar en þá, sem kveðið er á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og lögum nr. 117/1985, um geislavarnir.

20. Við 30. gr. 2. mgr. orðist svo:

Heimilt er þó að hafnarstjóri geri sekt fyrir losun eða úrkast frá skipi á hafnarsvæði sínu enda sé brot viðurkennt og hafi ekki valdið meiri háttar tjóni, svo og að bætur skv. 15. gr. séu greiddar eða trygging sett fyrir greiðslu þeirra. Heimild þessi er takmörkuð við sektir allt að 40 000 króna enda játist sökunautar undir þessa ákvörðun og greiði sektina þegar í stað.

Ed. 664. Frumvarp til laga [367. mál]

um frídag sjómanna.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslenskir sjómenn helguðu sér fyrir allmörgum áratugum fyrsta sunnudag í júní og gerðu að sérstökum hátíðisdegi sínum. Þessi dagur hefur hins vegar ekki verið lögskipaður frídagur sjómanna og því hefur hann ekki verið almennur frídagur stéttarinnar.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að dagurinn yrði lögskipaður frídagur. Málinu var hreyft á Alþingi í fyrra með fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra um það hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómannadagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það gerðist á yfirstandandi þingi. Í svari sínu sagði sjávarútvegsráðherra m.a. orðrétt: „Ég hef þrátt fyrir mínar yfirlýsingar ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga nema mjög góð samstaða væri um það.“

Nú eru aðeins eftir fjórar vikur af þingi og senn úti sá frestur er þingmenn hafa samkvæmt þingskapalögum til að leggja fram ný mál án þess að afbrigði séu veitt. Ekki bólar á frumvarpi til laga um þetta efni frá ríkisstjórninni og því er þetta frumvarp flutt.

Nd. **665. Frumvarp til laga** [368. mál]

um selveiðar við Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er selveiðar varða, sbr. þó 3. gr. og ákvæði laga nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

2. gr.

Hafrannsóknastofnunin annast rannsóknir á selum við Ísland. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum öðrum ákveðnar selarannsóknir skulu rannsóknaráætlanir þar að lútandi sendar Hafrannsóknastofnuninni áður en rannsóknir hefjast. Þá skal Hafrannsóknastofnuninni ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samvinnu við landbúnaðarráðuneytið við framkvæmd laga þessara og samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela.

4. gr.

Landeiganda eru einum heimilar selveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir, samanber ákvæði laga nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Nú liggur land að sjó og á þá landeigandi selveiðar 115 metra á haf út frá stórstraumsfjörumáli fyrir landi sínu og eru það netlög hans.

Öllum íslenskum ríkisborgurum eru selveiðar heimilar utan landareigna, sbr. 1. mgr. Enn fremur eru þeim selveiðar heimilar utan netalaga, sbr. 2. mgr., að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Um rétt til selveiða gilda að öðru leyti ákvæði tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, eftir því sem við á, samanber þó 8. gr. laga þessara.

5. gr.

Erlendum ríkisborgurum eru óheimilar selveiðar hér á landi, við strendur Íslands og innan landhelgi Íslands og efnahagslögsögu, samanber lög nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 1. mgr. með milliríkjasamningum.

6. gr.

Ráðherra getur sett reglur um framkvæmd laga þessara. Með reglugerð getur ráðherra m. a.:

1. Bannað selveiðar á tilteknum svæðum.
2. Takmarkað selveiðar við ákveðinn tíma.
3. Friðað ákveðnar tegundir sela og ákveðið fjölda þeirra sela er veiða má af einstökum tegundum á ákveðnum svæðum á tilteknu tímabili.
4. Sett reglur um leyfilegar veiðiaðferðir og um hlaupvíddir skotvopna er nota má til selveiða.
5. Ákveðið hvernig gengið skuli frá drepnum selum.
6. Sett reglur um veiðar í vísindalegum tilgangi.
7. Ákveðið aðgerðir er stuðla að fækkun sela, sé þess talin þörf.
8. Ákveðið að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs reglur um selveiðar á svæðum, sem friðlýst hafa verið eða kunna að verða, með heimild í lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd.
9. Sett reglur sem nauðsynlegar þykja til þess að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar, er Ísland kann að gerast aðili að.

7. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Um upptöku á ólöglegri veiði, hagnaði af veiði og ólöglegum veiðitækjum fer samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Sektir og upptæk verðmæti skulu renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum, eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi eftirfarandi lög og lagaákvæði: Lög nr. 30 27. júní 1925 um selskot á Breiðafirði og uppidráp, lög nr. 29 13. júní 1937, um útrýmingu sels í Húnaósi, og 16. gr. tilskipunar frá 20. júní 1849 um veiði á Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta og næstsíðasta þingi en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju. Frumvarpið er samhljóða áliti nefndar þeirrar, sem frá er greint hér á eftir, nema hvað 2. og 3. grein hefur lítillega verið breytt. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt frá því sem það var áður.

Efnisbreyting er gerð á 2. gr., varðandi selarannsóknir, sem miðar að því að draga úr hættu á tvíverknaði við rannsóknir. Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar sérstök rannsóknarverkefni þá ber þeim að senda rannsóknaráætlun til Hafrannsóknastofnunarinnar áður en rannsóknir hefjast, auk þess sem Hafrannsóknastofnuninni skal ávallt gert kleift að fylgjast með framgangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um samvinnu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við framkvæmd laganna. Þá er þar fjallað um samráð sjávarútvegsráðuneytisins við hagsmunaaðila varðandi skipulag og stjórnun selveiða.

Nefnd sú sem sjávarútvegsráðherra skipaði 1982 til þess að semja frumvarp til laga um selveiðar við Ísland hafði orðið sammála um að leggja til að ráðherra skipaði sérstaka samráðsnefnd til aðstoðar sjávarútvegsráðuneytinu við stjórn og skipulagningu selveiða.

Menn voru ekki á einu máli um að það form samráðs, sem nefndin setti fram í nefndaráliti sínu, væri nógu skilvirkt og því var þessu ákvæði breytt þegar frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Var þar gert ráð fyrir því að ráðuneytið skyldi hafa samráð við tiltekna aðila sem láta sig málið varða (Náttúruverndarráð, Búnaðarfélag Íslands, Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunin) eftir því sem við ætti hverju sinni.

Í umræðum á Alþingi (og í umsögnum) um frumvarpið kom fram nokkur gagnrýni á þessa breytingu og óskuðu sumir eftir því að 3. gr. yrði breytt á ný. Hér er komið til móts við þau sjónarmið að því leyti að nú er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðuneytið hafi samráð við alla þá aðila sem að framan eru taldir varðandi ákvarðanir sem snerta friðun eða fækkun sela við Ísland.

Selveiðar hér við land eru jafngamlar búsetu manna. Í fyrstu var hér eingöngu um veiðar fyrir eigin þarfir að ræða en seint á nítjándu öld hófst útflutningur á selskinnum. Frá þeim tíma er hægt að henda reiður á fjölda veiddra sela við landið. Er þannig hægt að fá upplýsingar með nokkurri vissu um selveiðar, allt frá árinu 1897, úr fiskiskýrslum og hlunnindaskrám árin 1897—1945 og verslunarskýrslum frá 1946 og fram á okkar daga.

Meðalselveiði á ári var um 6000 dýr á tímabilinu 1897–1919, en síðan minnkar veiðin verulega og nær lágmarki á árunum 1939–1959, um 2500 dýr á ári að meðaltali. Þessi minnkun í veiði stafar líklega ekki af ofveiði heldur hafa margir þættir komið hér við sögu, svo sem verðfall á skinnum, selafár, ísaár og hinar þjóðfélagslegu breytingar hér á landi sem áttu sér stað á þessum tíma. Einnig er hugsanlegt að hluti flækingssela í veiðinni (hringanóra, vöðusela, kampsela og blöðrusela) hafi verið meiri fyrir þann tíma, en selveiðin er ekki sundurliðuð eftir tegundum í ofangreindum skýrslum. Um 1928 varð töluvert verðfall á selskinnum á heimsmarkaðinum. Upp frá því dregur úr selveiðum hér við land. Hélst þetta ástand samfellt til ársins 1960, en þá rætist úr og veiðar aukast á ný. Selveiðarnar ná síðan hámarki árið 1964 og eru miklar allt fram til ársins 1977, eða um 6500 selir hvert ár að meðaltali. Á árinu 1978 verður verðfall á selskinnum á mörkuðum á meginlandi Evrópu sem rekja má til aukins áróðurs dýra- og náttúruverndarmanna gegn hvers konar selveiðum. Þetta verðfall á skinnum gerði það að verkum að jafnt og þétt dró úr selveiðum hér við land og var veiðin komin niður í 2974 dýr árið 1981.

Aðferðir við selveiðar hafa lítið breyst frá upphafi. Hann er veiddur í net, eltur uppi, króaður af og rotaður með þar til gerðri kylfu eða skotinn. Einnig drepast selir í grásleppu- og þorskanetum.

Uppistaðan í selveiðunum þann tíma sem upplýsingar liggja fyrir um skiptingu veiðinnar á milli tegunda eru landselskópar sem voru veiddir vegna skinnanna. Lítið var veitt af útselskópum og enn minna af fullorðnum dýrum.

Árið 1982 gerði hringormanefnd tilraun til þess að örva selveiðar með verðlaunagreiðslum fyrir veidd dýr. Þetta hafði þau áhrif að veiðarnar jukust á ný. Heildarveiðin á því ári komst upp í 4656 seli. Þar af veiddust 2367 landselskópar og 1154 útselskópar. Á síðastliðnu ári (1985) er heildarveiðin komin upp í 5900 dýr. Selveiðin við landið hefur því aukist frá því sem hún var árið 1981 og er nú 91% af meðalveiðinni tímabilið 1964–1977. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til aðgerða hringormanefndar.

Í nýútkominni skýrslu Hafrannsóknastofnunar (Hafrannsóknir, 33. hefti 1986, bls. 83) birtist eftirfarandi tafla yfir selveiðar við Ísland árin 1962–1985.

Selveiði við Ísland 1962–1985.

Ár	Heildar-veiði	Land-sels-kópar	út-sels-kópar	Full-orðin dýr Lands. /úts.	Full-orðin dýr Land-selur	Full-orðin dýr Út-selur	Annað	ógr.
1962	5 786	5 101	293	392	—	—	—	—
1963	6 573	5 795	568	210	—	—	—	—
1964	7 063	6 176	593	294	—	—	—	—
1965	6 581	5 598	767	215	—	—	—	—
1966	6 148	5 578	404	166	—	—	—	—
1967	4 977	4 481	449	47	—	—	—	—
1968	5 726	5 049	524	153	—	—	—	—
1969	6 666	5 831	579	256	—	—	—	—
1970	6 740	5 942	404	394	—	—	—	—
1971	6 894	6 126	557	211	—	—	—	—
1972	6 930	6 237	415	278	—	—	—	—
1973	6 803	5 996	483	324	—	—	—	—
1974	6 240	5 534	406	300	—	—	—	—
1975	6 673	6 111	122	440	—	—	—	—
1976	6 470	5 895	274	301	—	—	—	—
1977	6 601	5 705	96	267	—	—	—	533
1978	4 623	4 030	93	87	168	53	18	174
1979	4 978	4 278	201	100	253	143	3	—
1980	3 728	3 357	54	—	87	31	8	191
1981	2 974	2 510	3	219	94	25	8	115
1982	4 656	2 367	1 154	—	634	488	13	—
1983	5 110	2 025	803	—	1 672	563	47	—
1984	5 482	2 495	1 079	—	1 114	782	52	—
1985*	5 900	2 478	1 298	—	1 180	944	—	—

(* Nýjustu tölur yfir veiði s. l. árs (1985) hafa verið færðar í töflu í stað áætlunartölu í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar.)

Sala á selskinnum er enn miklum annmörkum háð. Áróður gegn selveiðum hefur m. a. haft þær afleiðingar að ýmis ríki hafa bannað innflutning á selskinnum og öðrum selaafurðum. Nú er svo komið að ekki er hægt að selja selaafurðir, eða þá á svo lágu verði að ekki borgar sig að stunda veiðarnar. Helsti kosturinn sem er nú fyrir hendi er að selja selkjöt til loðdýraræktenda. Þessi markaður mun væntanlega aukast á næstu árum er fleiri refa- og minkabú verða stofnsett. Það er þó ólíklegt að loðdýraræktendur geti greitt það verð sem selveiðimenn þurfa að fá til þess að standa undir kostnaði við veiðarnar.

Á undanförnum árum hafa verið allmiklar umræður um selveiðar hér við land og þó einkum um tengsl mill sels og hringorms í fiski og þær verðlaunagreiðslur sem hringormanefnd hóf í því skyni að stuðla að áframhaldandi veiðum á sel hér við land. Ekki hefur verið til nein heildarlöggjöf um selveiðar hér á landi heldur aðeins sundurlaus lagaákvæði sem sum hver hafa mjög takmarkað gildi. Þótti því nauðsyn bera til að sett yrðu um veiðar þessar lög sem gæfu stjórnvöldum heimild til þess að setja reglur um veiðarnar og ýmis atriði er þær snerta.

Frumvarp þetta er að stofni til samhljóða frumvarpi nefndar þeirrar sem sjávarútvegsráðherra skipaði árið 1982 til að semja frumvarp að lögum um selveiðar við Ísland. Í nefnd þessa voru skipaðir: Björn Dagbjartsson, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Agnar Ingólfsson, prófessor, tilnefndur af Náttúruverndarráði, Árni G. Pétursson, hlunnindaráðunautur, tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, og Jón B. Jónasson, skrifstofustjóri í

sjávarútvegsráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Svo sem hér hefur verið rakið hefur breyting verið gerð á 2. og 3. gr. en aðrar greinar eru eins og nefndin lagði til á sínum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að yfirumsjón allra mála er selveiðar varða sé í höndum sjávarútvegsráðuneytisins. Í 3. gr. er þó gert ráð fyrir samvinnu við landbúnaðarráðuneytið við framkvæmd laganna. Í gildandi lögum eru selveiðar ekki felldar undir ákveðið ráðuneyti en í auglýsingu nr. 96 31. desember 1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands, segir í 9. gr. að landbúnaðarráðuneytið fari með mál er varða: „Veiði í ám og vötnum og önnru veiðimál, er eigi ber undir annað ráðuneyti."

Er hér gert ráð fyrir að selveiðar verði felldar undir sjávarútvegsráðuneytið enda þykir fara best á því. Hins vegar eru í lögum nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiðar, nokkur ákvæði er snerta ófriðun sels í ám, veiðivötnum og ósasvæðum en þau mál falla undir landbúnaðarráðuneytið og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Um 2. gr.

Í 2. gr. segir að Hafrannsóknastofnunin skuli annast rannsóknir á selum við Ísland og er það í raun aðeins staðfesting á því sem segir í 17. gr. laga nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sbr. l. nr. 72 30. maí 1984 um breytingu á þeim lögum. Hafrannsóknastofnunin hefur á undanförnum árum nokkuð sinnt rannsóknum á þessu sviði og stefnt er að því að auka þær rannsóknir. Í seinni hluta greinarinnar segir að sé aðilum utan Hafrannsóknastofnunarinnar falin tiltekin rannsóknaverkefni, þá skuli viðeigandi rannsóknaráætlanir sendar Hafrannsóknastofnuninni áður en þær rannsóknir hefjast og miðar það að því að koma í veg fyrir tvíverknað við rannsóknir. Nauðsynlegt er að hafa heimild til að leita til sérfræðinga utan Hafrannsóknastofnunarinnar til tiltekinna rannsókna.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um samstarf landbúnaðarráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins. Þá er gert ráð fyrir samstarfi sjávarútvegsráðuneytis við þær stofnanir og samtök sem nefndar eru í greininni. Í því felst að leitað yrði álits og umsagnar sérfræðinga eða skipaðra fulltrúa þessara aðila varðandi ákvörðunar- og framkvæmdaratriði sem snerta friðun eða fækkun sela hér við land.

Um 4. gr.

Í 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. er staðfestur einkaréttur landeigenda til veiða í landareign sinni og netlögum, þó með þeim takmörkunum sem slíkum rétti eru sett í lögum nr. 76 16. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Í 3. mgr. segir að utan landareigna og netlaga séu öllum íslenskum ríkisborgurum heimilar selveiðar.

Í lokamálsgrein þessarar greinar er vísað til tilskipunar frá 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, en í henni eru nákvæm ákvæði um veiðiréttindi landareiganda og ábúanda, landamerki jarða o. fl., en ekki þykir ástæða til þess að taka þessi ákvæði upp hér, enda mun sjaldnast á þau reyna.

Um 5. gr.

Í grein þessari eru erlendum aðilum bannaðar selveiðar hér við land innan 200 sjómílna frá grunnlínum. Heimilt er þó að veita þeim veiðiréttindi með milliríkjasamningum og er hér um að ræða eins ákvæði og gildir um fiskveiðar erlendra fiskiskipa í fiskveiðilögsögunni.

Um 6. gr.

Í 6. gr. er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem ráðherra getur gripið til varðandi stjórnun og skipulag selveiða. Ekki er ástæða til þess að skýra hvern lið sérstaklega en fáist þessar heimildir getur ráðherra sett reglur um bann við selveiðum á ákveðnum svæðum, ákveðið bann við veiðum ákveðinn tíma, friðað ákveðnar selategundir sé ástæða talin til þess og ákveðið heildarfjölda þeirra sela sem drepa má. Jafnframt gæti ráðherra sett reglur um veiðiaðferðir og t. d. hlaupvíddir skotvopna og enn fremur ákveðið hvernig ganga skuli frá selshræjum. Heimilt væri að ákveða aðgerðir til fækkunar sela, t. d. með veiðiverðlaunum eða ráðningu sérstakra veiðimanna. Í 8. lið er vikið að veiðum á svæðum sem friðlýst hafa verið af Náttúruverndarráði og í 9. lið er veitt heimild til þess að setja reglur til að tryggja framkvæmd alþjóðlegra samninga um selveiðar. Enda þótt Ísland sé ekki í dag aðili að slíkum samningi er vitað að m. a. í Kanada eru uppi hugmyndir um stofnun alþjóðlegra nefndar um selveiðar og þykir því eðlilegt að hafa þessa heimild hér. Má segja það sama um 8. lið og mörg önnur ákvæði þessarar greinar, að hér er aðeins um heimildir að ræða fyrir ráðherra en ekki er ljóst nú að hve miklu leyti þær verði notaðar fyrst um sinn. Þó má segja að hér sé ekki gengið lengra en nauðsynlegt er ef möguleikar eiga að vera til þess að skipuleggja veiðarnar að fullu.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 8. gr.

Í þessari grein eru felld niður nokkur lagaákvæði sem að öðrum kosti væru ekki í samræmi við heildarlöggjöfina. Sé talin þörf á þeim ákvæðum sem lög þessi geyma fer best á því að gefnar yrðu út reglugerðir sama efnis með stoð í þessum lögum.

Sþ. 666. Svar [329. mál]

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar, Guðrúnar Helgadóttur og Karvels Pálmasonar um flugrekstur Landhelgisgæslunnar.

I.

Með samningi, dags. 6. mars 1986, milli Landhelgisgæslunnar og Flugleiða hf. leigir Landhelgisgæslan Flugleiðum Fokker Friendship-flugvélina TF-SYN. Samningurinn gildir fyrir tímabilið 1. maí 1986 til 1. maí 1987. Samið er um föst afnot þrjá daga í viku á tímabilinu frá 1. júní til 15. september. Á tímabilinu frá 15. september er miðað við afnot á sérstökum annatíma Flugleiða og meðan stórar skoðanir standa yfir á Fokker-flugvélum þeirra. Þá er gert ráð fyrir því að komið geti til afnota Flugleiða á öðrum tíma ef aðstæður Landhelgisgæslunnar leyfa og jafnframt gert ráð fyrir afnotum Landhelgisgæslunnar á þeim tíma sem flugvélin er frátekin fyrir Flugleiðir.

1. Leigugjald Flugleiða af TF-SYN.

Fyrir leiguafnot af TF-SYN greiða Flugleiðir 670 bandaríkjadali fyrir hverja kubbastund, þ.e. þann tíma í klukkustundum sem líður frá því að bremsukubbur er tekinn frá hjólum flugvélar á fararstað og þar til honum hefur verið komið fyrir aftur á komustað. Flugleiðir taka að sér að framkvæma daglegar skoðanir á flugvélinni þá daga sem hún er í leigu. Flugleiðir húftryggja flugvélina þá daga sem vélin flýgur fyrir þá. Leigugjald breytist ekki eftir árstíma. Miðað er þó við lágmarksleigugreiðslu sem nemur 100 500 bandaríkjadölum fyrir tímabilið 1. júní til 15. september.

2. Ný tæki í TF-SYN.

Viðhaldsdeild Flugleiða er nú að framkvæma 10 ára skoðun á TF-SYN og er innifalið í því verki ísetning miðunarloftnets og hljóðnema, svonefnds svarts kassa. Tækja þessara hafði Landhelgisgæslan þegar aflað sér til ísetningar í flugvélina við þetta tækifæri og er hún því óháð leigu vélarinnar til Flugleiða. Á sama tíma verður settur í flugvélina jarðvari („Ground Proximity Warning") sem Flugleiðir leggja til. Kostnaður þess tækis með ísetningu mun vera yfir 20 þúsund bandaríkjadalir. Þá er einnig í athugun ísetning á radartæki („Side Looking Radar") sem ef til vill fæst að láni frá Kaupmannahafnarháskóla vegna áhuga þeirrar stofnunar á ísflugi norður af Íslandi. Ef úr verður mun það tæki auka verulega á hæfni flugvélarinnar til eftirlits- og leitarflugs.

3. Breytingar á starfsmannahaldi.

Þar eð reiknað er með að Landhelgisgæslan muni nota TF-SYN á leigutímabilinu í sama mæli og verið hefur áður yfir sama tímabil er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsmannahaldi í flugrekstri hennar í tengslum við leigusamninginn.

4. Notkun Landhelgisgæslunnar á TF-SYN vegna bráðrar nauðsynjar.

Í leigusamningi eru skýr ákvæði um það að þurfi Landhelgisgæslan á TF-SYN að halda vegna bráðrar nauðsynjar meðan hún er í verkefnum hjá Flugleiðum mun hún látin af hendi meðan það ástand varir. Þess skal getið að þá daga, sem hún flýgur fyrir Flugleiðir, er flugtími hennar áætlaður samtals 4 flugtímar.

Miðað við notkun á TF-SYN í leitar- og sjúkraflugi tímabilið júní til september undanfarin ár er þess ekki að vænta að grípa þurfi til flugvéla frá öðrum aðilum. Enda er gert ráð fyrir að þyrlan TF-SIF geti sinnt flestum þeim verkefnum sem upp kunna að koma þegar TF-SYN er ekki tiltæk með stuttum fyrirvara.

Til frekari skýringar skulu talin upp þau leitar- og sjúkraflug sem TF-SYN fór í á tímabilinu júní til 15. september á árunum 1980–1985:

1980: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1981: 31. maí–2. júní og aftur 12. júní. Leitarflug á hálendinu að TF-ROM. Flugið var að miklu leyti sameinað venjulegu gæsluflugi. Flugtími samtals 29:50 klst.
28. júlí. Sjúkraflug (næturflug) til Kaupmannahafnar með nýrnasjúkling. Flugtími 10:49 klst.

1982: 16. júlí. Leit að trillu á Faxaflóa. Flugtími 0:50 klst.
27. júlí. Leit að trillu á Faxaflóa. Flugtími 1:35 klst.
18. ágúst. Leit að bát undan Öndverðarnesi. Flugtími 2:07 klst.

1983: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1984: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

1985: Ekkert leitar- eða sjúkraflug.

5. Önnur leiga á tækjum Landhelgisgæslunnar.

Landhelgisgæslan leigir yfirleitt ekki tæki sín til einkaaðila nema brýna nauðsyn beri til og verkefnið verði ekki leyst á annan hátt. Hins vegar má segja að tæki hennar séu ekki fullnýtt vegna takmarkaðs fjármagns og mannafla sem er háð ákvörðun fjárveitingavaldsins hverju sinni.

6. Frekari leiga á flugvélum Landhelgisgæslunnar.

Það hefur aldrei komið til álita eða verið miðað við það í rekstri Landhelgisgæslunnar að leigja flugvélar til flugfélaga eða ferðaskrifstofa. En það hefur komið fyrir á undanförn-

um árum að TF-SYN hefur verið leigð einn og einn dag um háannatíma og í einstaka tilfellum öðrum, bæði til Flugleiða og Arnarflugs. Afstaða er tekin til beiðna um leigu í hverju einstöku tilfelli og hefur slíkum beiðnum oft verið hafnað.

7. Hagur af leigusamningi við Flugleiðir.

Leigusamningurinn við Flugleiðir gerir Landhelgisgæslunni mögulegt að endurbæta þyrlukost sinn sem mun gera henni kleift að veita betri þjónustu í sjúkra- og leitarflugi með þyrlum á sjó og landi.

II.

Með samningi, dags. 3. janúar 1986, milli Landhelgisgæslunnar og Heliavia Hubschrauber Gmbh í Þýskalandi selur Landhelgisgæslan Hughes 500 þyrluna TF-GRÓ og kaupir í staðinn þyrlu af gerðinni Aerospatiale AS 350B. Mismunur kaupverðs og söluverðs, 139 250 bandaríkjadalir, greiðist með þremur afborgunum á tímabilinu frá afhendingu til 15. ágúst 1986, vaxtalaust.

1. Söluverð TF-GRÓ.

Söluverð þyrlunnar TF-GRÓ var 166 350 bandaríkjadalir.

2. Kaupverð nýrrar franskrar þyrlu.

Kaupverð Aerospatiale AS 350B þyrlunnar er 305 600 bandaríkjadalir.

3. Fé til þyrluskiptanna.

Heimild til þyrluskiptanna var veitt að því tilskildu að eigi kæmi til sérstakrar fjárveitingar af því tilefni, heldur yrði mismunur á verði þyrlnanna fenginn af fjárveitingu yfirstandandi árs með tilfærslu á verkefnum eða með ráðstöfun eigin tekna. Fjármagn til greiðslu á milligjöf til viðbótar söluverði TF-GRÓ er væntanlegar leigutekjur af TF-SYN og andvirði seldra varahluta úr eldri þyrlum, TF-GNÁ og TF-RÁN. Andvirði þeirra varahluta, sem þegar hafa verið seldir, nemur um 40 000 bandaríkjadölum.

Ed. 667. Lög [91. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1978, um varnir gegn kynsjúkdómum.

(Afgreidd frá Ed. 24. mars.)

Samhljóða þskj. 631.

Sþ. 668. Skýrsla [369. mál]

um starfsemi Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins á árinu 1985.

Inngangur.

Í starfsreglum Alþjóðaþingmannasambandsins segir að árlega skuli taka saman skýrslu um starfið á undangengnu ári. Þar sem það hefur ekki verið gert áður þykir hlýða að gera nokkra grein fyrir samtökunum almennt.

Núverandi formaður Íslandsdeildarinnar er Friðrik Sophusson, en auk hans áttu þar sæti á s.l. ári Ragnar Arnalds, Þórarinn Sigurjónsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Auk þessara alþingismanna hafa þau Haraldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Árni Johnsen, Kristín Halldórsdóttir og Svavar Gestsson tekið þátt í starfsemi deildarinnar á síðasta ári.

Á árinu 1985 áttu þeir Friðrik Sophusson annars vegar og Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson hins vegar sæti í fulltrúaráði (Council) samtakanna en ritari Íslandsdeildarinnar var Ólafur Ólafsson deildarstjóri.

I. Saga og starfshættir Alþjóðaþingmannasambandsins.

Upphaf Alþjóðaþingmannasambandsins má rekja allt aftur til ársins 1889 þegar fyrsti fundur þingmannasamtakanna var haldinn í París að frumkvæði Bretans Sir William Randal Cremer. Aldarafmælið er því ekki langt undan. Segja má að mjór sé mikils vísir því að í upphafi áttu aðeins níu þjóðlönd aðild að samtökunum en nú eru þau á annað hundrað talsins. Samtökunum óx brátt fiskur um hrygg og árið 1894 settu samtökin sér starfsreglur og aðalskrifstofu var komið á fót. Samtökin hlutu þá heitið Alþjóðaþingmannasambandið (Inter-Parliamentary Union). Starfsemi samtakanna hefur síðan vaxið jafnt og þétt þó að tvær heimsstyrjaldir hafi raskað störfum þeirra að nokkru.

Tilgangur Alþjóðaþingmannasambandsins hefur allt frá upphafi verið að stuðla að auknum kynnum fulltrúa þjóðþinga í því skyni að efla samvinnu og frið í heiminum. Á síðari árum hefur mikil samvinna verið höfð við ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Þingmannasambandið lætur í ljósi álit á ýmsum alþjóðlegum vandamálum sem upp hafa komið og hefur á marga vegu reynt að stuðla að lausn þeirra.

Aðalstöðvar sambandsins eru í Genf í Sviss en ríkisstjórnin þar hefur viðurkennt það sem sjálfstæða alþjóðastofnun, enda er það alþjóðlegt og hefur innan sinna vébanda fjölmargar nefndir frá einstökum þjóðþingum. Þessar nefndir taka afstöðu til mála ýmist sem ein heild eða einstaklingar innan þeirra enda ráða atkvæði einstaklinga við afgreiðslu mála.

Stofnanir Alþjóðaþingmannasambandsins eru þessar helstar:

Þing samtakanna sem ræðir og tekur afstöðu til mála sem fulltrúaráðið (Inter-Parliamentary Council) hefur ákveðið að rædd skuli. Við atkvæðagreiðslu á þinginu hafa aðildarþjóðirnar atkvæði í nokkru samræmi við fólksfjölda, þótt ekki sé fullur jöfnuður því að Ísland hefur þar t.d. 9 atkvæði en risaveldin 22 atkvæði hvort.

Hvert þing kýs sér forseta en venja er að velja hann úr hópi þingmanna frá þeirri þjóð sem þingið heldur.

Í fulltrúaráðinu (Council) eiga tveir fulltrúar frá hverri þjóð sæti og atkvæðisréttur er jafn. Ráðið er valdamesta stofnun samtakanna og ákveður hvaða mál skuli taka til meðferðar hverju sinni. Það kýs sér einnig sjálft forseta, en hann er nú H. Stercken frá Vestur-Þýskalandi.

Framkvæmdanefndin (Executive Committee) fylgist náið með allri starfsemi Alþjóðaþingmannasambandsins og er ráðgefandi fyrir fulltrúaráðið. Í henni eiga ellefu menn sæti og eru tíu þeirra kosnir á þingi samtakanna en formaður fulltrúaráðsins á þar sæti samkvæmt stöðu sinni.

Þingið kýs einnig fjórar fastanefndir sem falið er að rannsaka tiltekin mál sem það vísar til þeirra.

Aðalskrifstofan starfar allt árið og sér um allar framkvæmdir á ályktunum samtakanna.

Samtökin hafa jafnan lagt höfuðáherslu á tvennt: Að stuðla að friði og jöfnuði í heiminum og að efla kosin þjóðþing sem er forsenda fyrir aðild að samtökunum.

Á fundum samtakanna hittast þingmenn hvaðanæva að og skiptast á skoðunum um ýmis vandamál á sviði efnahagsmála, félagsmála, menntamála o.fl. Á seinni árum hafa þátttakendur á þingum oftast verið á sjöunda hundruð þingmenn auk starfsmanna.

Alþjóðaþingmannasambandið beitir sér oft fyrir sérstökum ráðstefnum til að fást við og ræða afmörkuð vandamál. Má þar t.d. nefna ráðstefnu sem haldin var fyrri hluta ársins 1985 í Mexíkóborg um afvopnunarmál en einmitt á því sviði hafa samtökin starfað af alefli. Enn fremur var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn í október s.l. um málefni kvenna, þróunarmál og mannfjölgun.

Síðast en ekki síst má nefna störf samtakanna að mannréttindamálum þingmanna. Fyrir þrýsting frá samtökunum hafa ýmsar ríkisstjórnir orðið að láta undan og leysa úr haldi þingmenn sem höfðu verið fangelsaðir eingöngu vegna stjórnmálaskoðana og án dómsúrskurðar.

II. Þátttaka af hálfu Alþingis í starfsemi samtakanna.

Á seinni árum hafa samtökin venjulega haldið tvö þing árlega auk ýmissa smærri funda um skýrt afmörkuð efni.

Af hálfu Alþingis hafa oftast fjórir fulltrúar sótt þingin auk ritara en aðrir fundir þess á milli sjaldnast verið sóttir. Fulltrúarnir fjórir eru valdir eftir ákveðnu kerfi. Stundum hafa fulltrúar þó aðeins verið tveir.

Á þingunum hafa fulltrúar Alþingis haft náið samband og samráð við fulltrúa frá þingum annarra Norðurlandaþjóða, enda mynda þau sérstök samtök og skiptast löndin á um að veita þeim forstöðu. Auk þess er Ísland aðili að samtökum vestrænna ríkja innan sambandsins, svonefndra „10 plús ríkja". Báðir hóparnir halda reglulega fundi á meðan þingin standa yfir og eru þar tekin fyrir þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

III. Helstu atriði er varða starfsemi I.P.U. árið 1985.

Að vanda voru haldin tvö þing samtakanna á árinu 1985. Vorþingið var haldið í Lomé í Togo dagana 25.–30. mars. Af Íslands hálfu sóttu þeir Friðrik Sophusson og Svavar Gestsson þingið í Togo.

Fulltrúaráð (Council) samtakanna samþykkti þar ályktun um nauðsyn þess að efla tengsl Alþjóðaþingmannasambandsins við Sameinuðu þjóðirnar, ályktun um umhverfismál, ályktun um heilsugæslu og þróunarmál í Suðaustur-Asíu. Þingið í heild samþykkti síðan ályktanir um nauðsyn þess að létta skuldabyrði fátækustu ríkjanna, ályktun um nauðsyn ráðstafana til að vinna gegn hungri í ýmsum ríkjum, ályktun um málefni Suður-Afríku og ályktun um mannréttindamál.

Haldinn var sérstakur fundur í Mexíkó á vegum samtakanna um afvopnunarmál 28.–31. maí s.l., enda eru þau jafnan mjög til umræðu. Af hálfu Alþingis sóttu þau Haraldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir fundinn. Svo sem venja er á slíkum samkomum var engin sérstök ályktun samþykkt í fundarlok, en forseti fundarins dró saman í lokaorðum sínum helstu atriðin sem fundarmenn höfðu orðið sammála um að mestu máli skiptu varðandi afvopnunarmál.

Haustþing samtakanna var svo haldið í Ottawa í Kanada dagana 2.–7. september. Af hálfu Alþingis sóttu þingið þau Friðrik Sophusson, Þórarinn Sigurjónsson, Ragnar Arnalds og Jóhanna Sigurðardóttir, auk ritarans, Ólafs Ólafssonar. Að venju voru mörg mál til umræðu enda var þingið sótt af fulltrúum 104 þjóða. Forseti samtakanna var kosinn H. Stercken frá Vestur-Þýskalandi. I. El Sayed frá Súdan hafði sagt af sér þegar þingið þar var leyst upp.

Á þinginu í Ottawa voru samþykktar ályktanir um afvopnunarmál og um jafnrétti karla og kvenna en sú ályktun var til áréttingar á ályktun frá 72. þingi samtakanna. Jafnframt voru

samþykktar ályktanir um jafnan rétt ungmenna til menntunar, atvinnu og félagslegs öryggis og um baráttu og varnir gegn ólöglegri sölu og dreifingu eiturlyfja.

Auk þess voru ýmis önnur mál rædd við almennu umræðurnar, svo sem styrjöldin á milli Írana og Íraka en undanfarin ár hafa samtökin lagt sig fram um að finna lausn á deilumálum ríkjanna.

Dagana 31. okt. og 1. nóv. 1985 var haldin ráðstefna norrænu deildar Alþjóðaþingmannasambandsins í Kaupmannahöfn. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við UNFPA (United Nations Fund for Population Activities) og fjallaði um hlutverk og stöðu kvenna og um æskufólk og atvinnuleysi. Af Íslands hálfu sátu ráðstefnuna Árni Johnsen og Kristín Halldórsdóttir.

Auk Íslendinganna sóttu þessa ráðstefnu fjórir Finnar, þrír Norðmenn, tveir Svíar, sextán Danir, einn Frakki, einn Breti og níu fulltrúar frá IPU, UNFPA og fleiri stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Jafnrétti kynjanna var í hávegum haft á þessari ráðstefnu, bæði hvað varðaði framsögu og almenna þátttöku.

IV. Breytingar á starfseminni og aukið samstarf við Sameinuðu þjóðirnar.

Á árunum 1984 og 1985 var starfandi sérstakur vinnuhópur á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins til að gera tillögur um:

- að efla samvinnu IPU og Sameinuðu þjóðanna og benda á leiðir fyrir þjóðþingin til að styrkja starfsemi Sameinuðu þjóðanna,
- að samræma margs konar samstarf þjóðþinga í alþjóðamálum,
- að koma betur til skila ályktunum samtakanna.

Formaður hópsins var I. Pidada frá Indónesíu. Hópurinn skilaði skýrslu sem rædd var og samþykkt á vorþinginu í Togo. Í skýrslunni var tekin ákveðin afstaða til aukinnar samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir þeirra, en Alþjóðaþingmannasambandið hefur til þessa verið eitt af 32 alþjóðasamtökum sem eru í flokki I af u.þ.b. 700 alþjóðasamtökum sem hafa fast samband við Sameinuðu þjóðirnar án þess að vera á vegum ríkisstjórna. Samþykkt var að sækjast eftir enn nánari tengslum við Sameinuðu þjóðirnar og á síðasta ári voru haldnir nokkrir fundir í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal einn í Kaupmannahöfn sem Kristín Halldórsdóttir og Árni Johnsen sóttu.

Í skýrslu vinnuhópsins er lýst áhyggjum vegna vaxandi umsvifa þingmannasamtaka sem byggjast á einstaklingsaðild en njóta fyrirgreiðslu ríkisstjórna. Er þá sérstaklega átt við „Global Committee of Parliamentarians on Population and Development“ og „Parliamentarians for World Order“. Vinnuhópurinn vísaði til fyrri samþykkta Alþjóðaþingmannasambandsins þar sem bent er á að þessi nýju þingmannasamtök valdi ruglingi og dreifi kröftunum.

Mikil áhersla er lögð á það í skýrslunni að aukið sé svæðisbundið samstarf innan samtakanna í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og lagt til að samtökin setji á stofn sérstakar nefndir til að vinna að brýnum málefnum.

Þessi skýrsla og umræður um hana bera með sér að vaxandi áhugi er á því innan Alþjóðaþingmannasambandsins að fjalla um mál í samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og fjölga smærri svæðisbundnum fundum um alþjóðleg verkefni, enda eru stóru þingin nokkuð þung í vöfum.

Alþingi, 24. mars 1986.

Friðrik Sophusson, formaður.

Ólafur Ólafsson, ritari.

Sþ. 669. Tillaga til þingsályktunar [370. mál]

um varnir gegn hagsmunaárekstrum.

Flm.: Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis að semja frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum. Frumvarpið skal ná til valdþáttanna þriggja, löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Frumvarpið skal miða að því að vernda og efla traust almennings á stjórnkerfinu með því m.a. að

1. framfylgja undirstöðureglum um aðskilnað valdþáttanna þriggja,
2. kveða skýrt á um ábyrgð einstaklings í þjónustu almennings og koma í veg fyrir að árekstur verði milli einkahagsmuna hans og hagsmuna hins opinbera,
3. setja greinileg fyrirmæli um vanhæfi þeirra sem með mikilvægt úrskurðarvald fara,
4. skylda alþingismenn, ráðherra, dómara, embættismenn og opinbera starfsmenn til að gefa í upphafi starfs þær upplýsingar um viðskipti sín og eignir sínar og fjölskyldna sinna sem nauðsynlegar eru taldar til að varnir gegn hagsmunaárekstrum verði mögulegar.

Greinargerð.

(Endurprentað með breytingum úr ritinu *Hagsmunaárekstrar*, sem er 2. hefti í ritröðinni Umræðu, sem Bandalag jafnaðarmanna gefur út.)

Í bók sinni Stjórnarfarsréttur segir Ólafur Jóhannesson: „Af stjórnvöldum verður almennt að krefjast hlutlægni, þ.e. að þau byggi ákvarðanir sínar um stjórnarmálefni á lagarökum og hlutlægu mati, en láti eigi stjórnast af eigin geðþótta og persónulegum hagsmunum. Þessi krafa þykir svo sjálfsögð í réttarríki, að um hana ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Er auðsætt hve mikilsvert það er að hlutlæg sjónarmið ráði gerðum stjórnvalda svo að almenningur geti með réttu treyst á réttsýni þeirra, ekki síst nú á tímum, er almannavaldið gerist stöðugt umsvifameira og ýmiss konar stjórnarathafnir verða þar af leiðandi æ mikilvægari.“

Þau auknu umsvif almannavaldsins, sem Ólafur Jóhannesson minnist hér á, eiga sér ýmsar rætur. Þar á meðal er sú trú að markmiðum velferðarríkisins verði ekki náð öðruvísi en með stofnanaveldi. Ekki er talið að kröfum um sanngirni og jöfnuð við framkvæmd hinna ýmsu félagslegu aðgerða verði náð öðruvísi en undir styrkri stjórn stofnana á vegum ríkisins.

En þessi siður nær til fleiri sviða en þess félagslega. Í atvinnumálum er miðstýringin ríkjandi hefð á Íslandi. Miðstýringin er arfur frá stríðsárunum. Grunntónn hennar er sá að fólk hafi ekki vit fyrir sér og að réttlæti náist ekki nema fyrir tilverknað þar til gerðra stofnana. Þetta birtist okkur á ýmsan hátt, t.d. í landbúnaðarstefnu, sjávarútvegsstefnu og peningastefnu þeirri sem fylgt er í landinu.

Til að hafa stjórn á öllum hlutum þarf að setja upp stofnanir eins og áður segir. Við þekkjum þær t.d. úr landbúnaðinum, þar sem Framleiðsluráð og Búnaðarfélag stjórna öllum málum landbúnaðarins og landbúnaðarráðuneytið er eins og símsvari frá þessum stofnunum. Við þekkjum dæmi í sjávarútvegi og iðnaði, þar sem sjóðakerfið er ekkert annað en angi af þessum sama hugsunarhætti forræðisins. Við þekkjum dæmin úr peningakerfinu þar sem eru fjármálastofnanir þjóðarinnar, ríkisbankar, Seðlabanki og Byggðastofnun svo dæmi séu nefnd. Þetta eru allt greinar af þessum sama meiði.

Þessar miðstýringartilhneigingar birtast okkur síðan í fámennisstjórn vegna þess að brennipunktum valdsins er safnað saman á fáa staði. Á þessa staði raða flokkarnir mönnum sem þeir treysta. Um þetta þekkjum við fjölmörg dæmi. Ein versta afleiðing fámennisstjórnarinnar er hættan á hagsmunaárekstrum.

Fámennisstjórn í Framsóknarflokki.

Þorsteinn Ólafsson heitir aðstoðarmaður Erlends Einarssonar, forstjóra SÍS. Þorsteinn er í miðstjórn Framsóknarflokksins, hann er formaður stjórnar Samvinnusjóðsins, formaður stjórnar Íslandslax og varastjórnarformaður í Þróunarfélaginu nýstofnaða. Hann er áhrifamaður um pólitíska stefnumörkun Framsóknarflokksins, hann var m.a. einn af frumkvöðlum hinnar nýju stefnu flokksins, sem var birt á miðstjórnarfundi á Akureyri þegar Framsóknarflokkurinn þóttist uppgötva framtíðina.

Valur Arnþórsson heitir kaupfélagsstjóri KEA á Akureyri. Hann er formaður stjórnar SÍS, hann er í framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins, formaður stjórnar dagblaðsins Dags á Akureyri, formaður stjórnar Kaffibrennslu Akureyrar og stjórnarmaður í Landsvirkjun.

Stefán Valgeirsson er alþingismaður fyrir Framsóknarflokk í Norðurlandskjördæmi eystra. Hann er einnig formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands og stjórnarmaður í Degi á Akureyri.

Stefán Guðmundsson er alþingismaður fyrir Framsóknarflokk á Norðurlandi vestra með aðsetur á Sauðárkróki. Stefán er stjórnarmaður í Steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki og er að auki formaður stjórnar Byggðastofnunarinnar sem nýstofnuð er og var áður formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar. Stefán hefur verið stjórnarmaður í Framkvæmdastofnun síðan 1980.

Erlendur Einarsson er forstjóri SÍS. Hann er formaður bankaráðs Samvinnubankans og formaður stjórnar Regins, sem á 25% í Íslenskum aðalverktökum. Hér er einungis minnst á örfá af áhrifastörfum Erlends Einarssonar.

Hér að framan eru örfá dæmi um tengsl Framsóknarflokksins, bankakerfisins, Sambands ísl. samvinnufélaga, og sjóða- og stofnanakerfisins sem ríkir í þessu landi.

Menn geta velt því fyrir sér hvers vegna það geti komið sér vel að Valur Arnþórsson tengi saman Framsóknarflokkinn, SÍS, KEA og eina dagblaðið á Norðurlandi.

Stefán Guðmundsson alþingismaður hefur vafalaust haft í mörg horn að líta vegna Steinullarverksmiðjunnar. Stefáni Guðmundssyni, stjórnarmanni í Steinullarfélaginu á Sauðárkróki, hafa verið hæg heimatökin þegar Stefán Guðmundsson, alþingismaður frá Sauðárkróki, samþykkti aðild ríkisins að Steinullarverksmiðju. Síðan hefur hann gengið á fund Stefáns Guðmundssonar stjórnarmanns í Framkvæmdastofnun og mælt með því að aðilar verksmiðjunnar fengju lán til þess að koma henni á fót.

Sjálfstæðisflokkur, ný og fagleg sjónarmið?

Ýmsum yngri mönnum Sjálfstæðisflokks var Framkvæmdastofnunin talsverður þyrnir í augum, þrátt fyrir það að einn af fyrirferðarmeiri þingmönnum flokksins, Sverrir Hermannsson, færi þar með húsbóndavald. Yngri mennirnir í flokknum töldu það nauðsynlega hreingerningu að Framkvæmdastofnunin yrði losuð undan pólitískum áhrifum. Byggðamálin, sem í eðli sínu eru oft pólitísk, yrðu sett í sérstaka stofnun, Byggðastofnun. Annars konar aðstoð og örvun við atvinnulíf í landinu yrði komið í ópólitískt félag, Þróunarfélagið. Þeir lögðu mikla áherslu á að taka peningamál nýsköpunar í atvinnulífi á þann hátt út úr hinum pólitísku dægurmálum að því er þeir sögðu.

En hvað gerðist? Davíð Scheving Thorsteinsson, miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokknum, var kjörinn í stjórn Þróunarfélagsins. Tveir varamenn í stjórn félagsins eru Björn Þórhallsson, sem er miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokki, og Gunnar Ragnars, sem er einnig

miðstjórnarmaður í Sjálfstæðisflokki, og forustumaður Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn Akureyrar. Í stjórn Þróunarfélagsins var einnig Jón Ingvarsson sem hefur oft verið kenndur við Ísbjörninn og er stjórnarmaður í Verslunarráði Íslands og OLÍS. Jón Ingvarsson mun ekki ókunnugur innviðum Sjálfstæðisflokksins. Það mun Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskips og stjórnarmaður Flugleiða, ekki vera heldur. Hann var kjörinn í stjórn Þróunarfélagsins.

Sjálfstæðisflokkurinn á sæmilega fulltrúa í ríkisbankakerfinu. Jónas Haralz, bankastjóri í Landsbanka Íslands, er í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Formaður bankaráðs Landsbankans er Pétur Sigurðsson alþingismaður og sjálfstæðismaður. Einn af bankastjórum Útvegsbankans er Lárus Jónsson, fyrrverandi alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og forveri hans í starfi var Jónas Rafnar, fyrrverandi alþingismaður og núverandi formaður bankaráðs Seðlabankans. Formaður bankaráðs Útvegsbanka er Valdimar Indriðason alþingismaður úr sama flokki.

Í Búnaðarbankanum á Sjálfstæðisflokkurinn líka sína menn. Friðjón Þórðarson, alþingismaður fyrir Sjálfstæðisflokk og stjórnarmaður í Sementsverksmiðju, situr í þessu bankaráði. Það gerir Halldór Blöndal, alþingismaður úr Sjálfstæðisflokki, líka, auk þess sem hann er stjórnarmaður í Byggðastofnun sem er í raun jafngildi banka. Auk Halldórs eru þar sjálfstæðismennirnir og alþingismennirnir Ólafur G. Einarsson og Eggert Haukdal.

Allir í hringdansinn.

Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag hafa líka sína tauma inn í bankakerfið. Í bankaráði Búnaðarbankans situr Alþýðuflokksmaðurinn Haukur Helgason, sem er áhrifamaður í þeim flokki og einn af forustumönnum BSRB. Í þessu bankaráði var til skamms tíma Helgi Seljan, alþingismaður úr Alþýðubandalagi. Hann er nú varamaður. Kollegi hans, þingmaðurinn Garðar Sigurðsson, fékk nú fyrir áramót sérstaka traustsyfirlýsingu til áframhaldandi setu í bankaráði Útvegsbankans frá þingflokki sínum, Alþýðubandalaginu. Í bankaráði Landsbankans á Alþýðubandalagið hauk í horni þar sem Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi formaður flokksins, situr fyrir hönd alþýðuvinanna.

Að dæma í eigin sök.

Þeir Gunnar G. Schram og Birgir Ísleifur Gunnarsson eru alþingismenn í Sjálfstæðisflokknum og eru báðir í samninganefndum, sem ríkisstjórnin hefur starfandi til að gera samninga við útlendinga um stóriðju á Íslandi. Gunnar G. Schram hefur verið í nefndinni sem sér um samninginn við Ísal. Hann á einnig sæti í iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis. Einhver stærstu verkefni þeirrar nefndar á þessu kjörtímabili hafa verið að yfirfara og meta samningana við Ísal. Þá situr þar löggjafinn og eftirlitsmaðurinn Gunnar G. Schram og metur viðskipti sem samningamaðurinn Gunnar G. Schram hefur gert fyrir hönd íslenska ríkisins.

Birgir Ísleifur Gunnarsson er forustumaður í samningagerð um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hann hefur leitt þær viðræður og nú er talsvert um það rætt að þeir samningar kunni að leiða til þess að Rio Tinto Zink muni byggja verksmiðjuna. Það mun væntanlega koma í hlut Alþingis að leggja dóm á þá viðskiptasamninga. Þá mun samningamaðurinn Birgir Ísleifur Gunnarsson verða í nákvæmlega sömu sporum og samningamaðurinn Gunnar G. Schram þegar þeir klæða sig búningi löggjafans og meta það sem alnafnar þeirra hafa gert.

Nýlegt dæmi um hættu á hagsmunaárekstrum var til umræðu í vikublaðinu Helgarpóstinum. Þar voru birtar upplýsingar um það að brunamálastjóri og börn hans hafa rekið fyrirtæki sem er til ráðleggingar um brunavarnir og flytur inn tæki og búnað til þeirra hluta. Það er augljóst að í þessu tilfelli rekast á hagsmunir embættisins og þessa fyrirtækis þar sem hætta er á að brunamálastjóri sem æðsti yfirmaður brunavarna í landinu beiti áhrifum sínum í hagnaðarskyni fyrir þetta fyrirtæki niðjanna.

Vilsýni — vitandi eða óafvitandi.

Hér hafa verið rakin nokkur dæmi um fámennisstjórn og hættur á hagsmunaárekstrum þar sem m.a. fara saman völd í stjórnmálaflokkum og fjármálastofnunum þjóðarinnar. Hættan á hagsmunaárekstrunum er auðvitað vegna þess að menn geta ruglast á hlutverkum þegar þeir hafa þau kannske tíu eða fimmtán á hendi.

Í upphafi var vikið að bókinni Stjórnarfarsrétti eftir Ólaf Jóhannesson. Þar fjallar Ólafur um ýmis tilvik í íslenskum lögum þar sem vikið er að vanhæfi einstakra stjórnvalda og veltir fyrir sér spurningunni hvort almenn ályktun verði dregin af þeim lagafyrirmælum um vanhæfistilvik. Orðrétt segir hann síðan, „að það virðist verða að meta það hverju sinni hvort afstaða stjórnvalda til ákvörðunar eða málsúrslita sé slík að hætta sé á því að það fái ekki litið hlutdrægnislaust á málavöxtu. Ef stjórnvald á sérstakra eða persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvörðun um eitthvert málefni, má að jafnaði gera ráð fyrir nokkurri vilsýni — vitandi eða óafvitandi — af þess hálfu."

Í máli fræðimannsins koma fram þau tvö meginsjónarmið,

1. að það sé mikilsvert að almenningur geti treyst á réttsýni stjórnvalda, og
2. að gera megi ráð fyrir hættu á óhlutlægu mati ef stjórnvöld eigi sérstakra, persónulegra og verulegra hagsmuna að gæta varðandi ákvarðanir.

Þessi krafa um traust og hlutlægni er algeng í stjórnarfari.

Breska lögreglan og frímúrarar.

Athyglisverðar eru umræður sem urðu í Bretlandi haustið 1984 um þátttöku lögreglumanna í leynifélögum og eiga rætur að rekja til ummæla lögreglumanna um áhrif frímúrara þar í landi á störf lögreglunnar. Í byrjun september 1984 var í fréttabréfi lögregluliðsins breska birt grein, sem skrifuð er af Albert Laugharne, en hann er einn af æðstu yfirmönnum Scotland Yard. Þessi grein er í nýrri útgáfu af handbók lögreglumanna um hegðun í starfi (Handbook for guidance for professional behaviour). Þar segir m.a.: „Sérhver framsýnn lögregluþjónn mun líklega telja það skynsamlegt að sleppa möguleikum á þeirri ánægju og félagslegu hagsbótum, sem frímúrarareglunni fylgir, en njóta í staðinn óskerts trausts þeirra sem umgangast hann." Síðar segir: „Af þessu leiðir, að það væri einnig skynsamlegt fyrir þann sem þegar er í reglunni að velta því fyrir sér öðru hvoru hvort hann ætti að halda þar áfram sem slíkur." Í handbókinni segir enn fremur, að þessar athugasemdir eigi ekki að skilja sem gagnrýni á frímúrararegluna sjálfa heldur vinni aðild lögreglunnar að reglunni gegn því að lögreglumenn séu álitnir óhlutdrægir.

Í frétt í breska blaðinu The Standard þann 5. september 1984 stendur m.a.:

„Í grein Mr. Laugharne er útskýrð afstaða Scotland Yard til frímúrarareglunnar og þar er varpað fram þeirri spurningu, hvort aðild að slíkri reglu geti farið saman við skyldur lögregluþjóns gagnvart lögreglunni og almenningi. Það er vitað að Sir Kenneth Newman yfirmaður Scotland Yard hefur mikinn áhuga á því að draga úr aðild lögreglumanna að sérhverjum samtökum, sem gætu leitt til þess að varpa skugga á ímynd lögreglunnar."

Í leiðara þessa blaðs þennan dag stendur m.a.:

„Lögreglumaður getur auðvitað vel verið frímúrari og samtímis gætt þess að það hafi ekki áhrif á vinnu hans. En það er óumflýjanlegt að á því leiki alltaf viss vafi, t.d. ef lögreglumaður sem er frímúrari þarf að rannsaka mál manns, sem grunaður er um afbrot og er einnig félagi hans úr reglunni." Síðar í leiðaranum segir: „Óhlutdrægni lögreglunnar þarf að vera hafin yfir allan grun. Hvort sá grunur er á rökum reistur eða ekki skiptir því miður engu máli."

Það vekur athygli í þessum dæmum, að höfuðáhersla er lögð á að lögreglumenn verði að koma stöðu sinni þannig fyrir, að ekki leiki vafi á um óhlutdrægni þeirra.

Að mati yfirmanna lögreglunnar og blaðamanna verður leyndin, sem yfir starfsemi ríkisrannsóknarreglunnar hvílir, til þess að varpa vafa á starfsemi lögreglumannanna, en mjög algengt mun vera þar í landi að lögreglumenn eigi aðild að reglunni.

Í Kanada.

Í Kanada voru gefnar út reglur á árinu 1973 sem kalla mætti leiðbeiningar til opinberra starfsmanna varðandi hagsmunaárekstra. Þar eru lagðar fram almennar reglur, sem hljóða þannig í íslenskri þýðingu:

1. Það nægir engan veginn að maður í opinberri ábyrgðarstöðu starfi innan marka laganna. Honum er ekki aðeins skylt að fara að lögum, heldur ber honum að vinna af slíkri umhyggjusemi, að starf hans standist ítarlega opinbera rannsókn. Til þess að heiðarleiki og óhlutdrægni verði ekki dregin í efa skulu opinberir starfsmenn forðast að ánetjast nokkrum þeim manni, sem kynni að njóta góðs af góðvild eða greiðasemi þeirra eða reyna á nokkurn hátt að ná sérstakri hylli þeirra. Á sama hátt skal opinber starfsmaður ekki eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta, sem á nokkurn hátt kynnu að brjóta í bága við skyldustörf hans.
2. Engir árekstrar skulu vera eða virðast vera milli einkahagsmuna opinberra starfsmanna og skyldustarfa þeirra. Þegar opinberir starfsmenn eru skipaðir í stöðu, er til þess ætlast að þeir komi einkamálum sínum í það horf að loku sé fyrir það skotið, að hagsmunaárekstrar verði.
3. Opinberir starfsmenn skulu haga einkamálum sínum á þann veg, að þeir hvorki hagnist né virðist hagnast á upplýsingum, sem þeir öðlast í starfi, enda séu upplýsingarnar almennt ekki ætlaðar almenningi.
4. Opinberir starfsmenn skulu ekki koma sér í aðstöðu, þar sem þeir gætu hagnast beint eða óbeint á samningum ríkisstjórnarinnar, þegar áhrifa þeirra á ákvarðanatöku um samning getur gætt.
5. Ætlast er til þess að allir opinberir starfsmenn láti uppi við yfirmenn sína á þann hátt sem síðar verður ákveðið öll viðskipti og verslunar- og fjármál sín þegar unnt væri að túlka slíka hagsmuni á þann veg, að þeir brytu eða kynnu að brjóta í bága við skyldustörf þeirra.
6. Opinberir starfsmenn skulu ekki gegna embætti eða fást við störf, sem gætu lagt þeim á herðar kröfur sem ekki samræmdust skyldustörfum þeirra eða dregið í efa hæfni þeirra til að framkvæma þau sem skyldi.
7. Í starfi skulu opinberir starfsmenn ekki ívilna ættingjum sínum eða vinum né heldur stofnunum þar sem þeir — ættingjar þeirra eða vinir — eiga fjárhagslegra eða annarra hagsmuna að gæta.

Í þessum leiðbeiningum Kanadamannanna kemur greinilega fram krafan um að almenningur geti haft óskorað traust á embættisfærslu stjórnsýslunnar. Þetta birtist hvað eftir annað í þessum liðum hér að framan, þar sem tekið er fram að ekki sé nægjanlegt fyrir opinberan starfsmann að vinna innan ramma laganna, heldur skuli hann vinna þannig, að það sé aldrei á því nokkur vafi að hann vinni innan ramma laganna. Einnig er tekið fram í leiðbeiningunum að engir árekstrar megi vera eða megi *virðast* vera milli einkahagsmuna og opinberra hagsmuna þessara starfsmanna. Orðin *virðast vera* eru mikilvæg í þessu sambandi.

Kanadíska iðnaðar-, verslunar- og viðskiptaráðuneytið gaf í desember 1979 út reglur til starfsmanna sinna, sem eiga að girða fyrir hagsmunaárekstra. Það er of langt mál að rekja þessar reglur allar, en þær byggjast á þeim almennu leiðbeiningum sem ríkisráðið gaf út 1973 og taldar eru upp hér að framan. Þar er kveðið nánar á um þær kröfur sem hið opinbera gerir til starfsfólks síns, t.d. er þannig tekið til orða, að líta skuli á hagsmuni og eignir maka og nánustu ættingja starfsmannsins eins og um starfsmanninn sjálfan væri að ræða. Þar eru nákvæmar reglur um hvernig opinberir starfsmenn eigi að greina frá fjárhagslegum ástæðum sínum og tengslum og hvernig með þær skýrslur eigi að fara af yfirstjórnum viðkomandi ráðuneyta eða stofnana. Einnig er lýst aðgerðum sem hugsanlega þurfi að beita til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í einstökum tilfellum, eins og að færa fólk til í störfum, að starfsfólk setji eigur sínar í ósnertanlega (frysta) sjóði, sem þeim óskyldir aðilar reki síðan.

Í apríl 1980 komu síðan út í Kanada leiðbeiningar sama eðlis fyrir ráðherra. Þær hefjast á þremur grundvallarreglum sem eru þessar:

1. Það er á ábyrgð einstaklingsins að koma í veg fyrir að hagsmunir rekist raunverulega á, virðist rekast á eða geti rekist á í framtíðinni.
2. Ráðherra verður *að rækja og virðast rækja* opinberar skyldur sínar og haga einkamálum sínum þannig að það varðveiti og efli trú og traust almennings á stjórnkerfinu og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.
3. Ráðherrar mega ekki *hagnýta sér eða virðast hagnýta sér* til eigin framdráttar opinbera stöðu sína eða upplýsingar, sem ekki eru aðgengilegar almenningi en þeir fá aðgang að vegna opinberra skyldustarfa sinna.

Síðan eru taldar upp aðstæður í líkingu við það sem talið var upp hér að framan og ráðherrum ráðlagt að koma sér ekki í þannig kringumstæður.

Á Íslandi.

Ef við víkjum talinu aftur að Íslandi er athygli vert að bera niður í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í 28. gr. segir: „Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við."

Í 32. gr. er kveðið á um þagmælsku um atriði er starfsmaður fær vitneskju um í starfi.

Í 34. gr. er rætt um aukastörf opinberra starfsmanna. Þar segir, að starfsmaður skuli skýra stjórnvaldi því, er veitti honum stöðuna frá því, ef hann stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis. Þar segir einnig, að rétt sé að banna starfsmanni slíka starfsemi ef það leiðir síðan í ljós, að hún megi ekki fara saman við starf hans í þjónustu ríkisins.

Í bókinni Stjórnarfarsréttur eftir Ólaf Jóhannesson, sem vikið var að hér að framan, kemst höfundur svo að orði eftir að hafa fjallað nokkuð um vanhæfi til stjórnsýslustarfa: *„Hér hafa að framan verið rakin lagaboð um vanhæfni til stjórnsýslustarfa. Þau eru óneitanlega heldur sundurleit og sýnist erfitt að draga af þeim einum út af fyrir sig nokkrar almennar reglur. Á það má þó benda að lagaákvæðin taka yfirleitt til stjórnvalda, sem fara með úrskurðarvald eða hafa á hendi einhvers konar matsstörf. Flest lagaboðanna fjalla um fjölskipuð stjórnvöld. Þau taka aðeins til tiltölulega fárra framkvæmdavaldsaðila. Þannig eru nær engin ákvæði um embættismenn og fasta sýslunarmenn ríkisins. Í löggjöfinni er t.d. engin fyrirmæli að finna um sérstakt vanhæfi ráðherra, stjórnarráðsstarfsmanna eða lögreglustjóra. Fara þeir embættismenn þó með úrskurðarvald sem vissulega er eins þýðingarmikið og margra þeirra aðila, sem framangreind lagaákvæði fjalla um."*

Nd. 670. Frumvarp til laga [371. mál]

um breytingu á lögum nr. 5/1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagsnefndar.

Flm.: Svavar Gestsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar skal strax og við verður komið að mati Kauplagsnefndar reikna sérstaklega framfærslukostnað þess þriðjungs þátttakenda sem höfðu lægst heimilisútgjöld samkvæmt neyslukönnuninni. Kauplagsnefnd skal gefa út á þriggja mánaða fresti upplýsingar um þróun framfærslukostnaðar samkvæmt þessari mgr. Þá skal Kauplagsnefnd og láta reikna út breytingar á útgjöldum aldraðra og öryrkja sem einungis hafa lífeyri almannatrygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum stendur nú yfir neyslukönnun fyrir nýjan grunn vísitölu framfærslukostnaðar. Sú könnun, sem nú stendur yfir, hófst á s.l. ári og ætlunin er að ljúka úrvinnslu hennar á þessu ári. Könnunin er mun víðtækari en sú sem byggt var á við síðasta vísitöluútreikning og er gert ráð fyrir að nú nái könnunin til um 500 aðila en hún náði síðast aðeins til 176 fjölskyldna þegar hún var gerð upp að lokum. Þá var eingöngu miðað við launavinnufjölskyldur og einvörðungu við hjón og sambýlisfólk. Ætlunin er að ný neyslukönnun nái víðar. Verður því unnt við birtingu á niðurstöðum hennar að sýna fram á mismunandi neyslusamsetningu eftir tekjum — eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Tilgangurinn með frumvarpinu er ekki sá að fá mismunandi mælingar á verðbólgu eins og gjarnan virðist ætlunin með vísitöluumræðu stjórnmálamanna. Það er aukaatriði — vísitölur mæla flestar sama eða nær sama verðbólgustigið yfir lengri tíma. Tilgangur frumvarpsins er hins vegar sá að tryggja að fram komi að vísitala meðalfjölskyldunnar og t.d. vægi bílsins eða búvörunnar er allt annað en hjá láglaunafjölskyldum.

Nýlega komu fram upplýsingar um það að verulegur hluti íslenskra fjölskyldna er undir þeim mörkum sem í alþjóðlegum skýrslum eru kölluð fátæktarmörk. Tveir sérfræðingar settu fram tilgátur í þessu efni — annar að um 17% allra fjölskyldna væru undir þessum mörkum, hinn að svo væri um 20 000 fjölskyldur af 70 000 fjölskyldum í landinu. Ljóst er — hvor talan sem notuð er — að hér er um nýtt vandamál að ræða á Íslandi eftirstríðsáranna og taka verður á því tafarlaust.

Um leið og fátæktin hefur haldið innreið sína á íslensk heimili liggur fyrir að þjóðartekjur á mann eru á þessu ári einhverjar þær hæstu sem verið hafa. Fjöldi hinna fátæku er því ekki aðeins til marks um ástand þeirra — fjöldinn er líka til marks um að hinn fámenni og ríki minni hluti er efnaðri en nokkru sinni fyrr. Milli þessara þjóðfélagshópa er óbrúanlegt bil — milli hinna fátæku annars vegar og hins forríka litla minni hluta hins vegar. Því bili verður ekki eytt með meðaltalsvísitölum. Það er liðin tíð að slíkar vísitölur séu nothæf stjórntæki; þær eru hins vegar, eða geta verið, ágætur mælikvarði á verðbreytingar í heild. En veruleikinn á bak við vísitölurnar er svo mismunandi að fráleitt er að ætla að stýra þjóðfélaginu út frá einhverjum vísitölumeðaltalsjóni.

Nd. 671. Nefndarálit [336. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, nr. 40/1982.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Samkvæmt gildandi lögum um búnaðarmálasjóð eru bændur skattlagðir með gjaldtöku í sjóðinn vegna framlags til búnaðarsambanda og Stéttarsambands bænda sem nemur 0,5% af verði afurða til bænda í flestum búgreinum.

Heildartekjur búnaðarmálasjóðs á árinu 1985 voru 70,6 milljónir kr. sem skiptast þannig:

Stéttarsambandið 15,4 millj. kr.
Búnaðarsamböndin 15,4 millj. kr.
Bjargráðasjóður 38,4 millj. kr.
Framleiðsluráð 1,4 millj. kr.

Hér er þannig um mjög miklar tekjur og þá mikla skattlagningu á bændur að ræða til þess að standa straum af félagslegum og stjórnunarlegum verkefnum, eða í heild sem nemur um 1% af heildarafurðaverði til bænda.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er ætlunin að hækka skattlagningu vegna stéttar- og búnaðarsambanda um 40% (úr 0,5% í 0,7%) á sauðfjárbúskap og nautgripabúskap. Jafnframt er ætlunin að heimila hækkun skattlagningar af þessu tagi á garðyrkju, ylrækt, loðdýrarækt og hrossabúskap um 200% (úr 0,5% í 1,5%) og loks að heimila hækkun þessarar skattlagningar á alifuglarækt, svínarækt, fiskeldi og fiskirækt um 400%, eða réttara sagt að fimmfalda hana (úr 0,25% í 1,25%).

Þær heimildir, sem varða sauðfjár- og nautgripaafurðir skv. fyrirliggjandi frv. um breytingar á lögunum, mundu að líkindum hækka skattlagninguna um hvorki meira né minna en u.þ.b. 13 millj. kr. á árinu 1986. Aðrar heimildir mundu svo bæta enn meira við.

Þessi skattlagning á að renna til sérsambanda til þess að þau geti tekið við verkefnum af Stéttarsambandi bænda sem því er ætlað að sinna skv. 4. gr. laga nr. 46/1985 en ráðherra getur viðurkennt önnur samtök til að fara með.

Skattlagningin keyrir þannig úr hófi og í annan stað ætti Stéttarsambandið að geta séð af fé um leið og það felur öðrum verkefni. Að dómi undirritaðs er engin ástæða til þess að vera með margfalt skattlagningarkerfi og reyndar ómögulegt að sjá hvar það tekur enda.

Þar fyrir utan er fráleitt að setja í lög heimildir til þreföldunar á skattlagningu þessari af garðyrkju og loðdýrarækt og fimmföldun á gjaldtöku af alifuglarækt, svínarækt, fiskeldi og fiskirækt.

Því leggur undirritaður til að frv. verði fellt, en Stéttarsambandið sjái af tekjum til sérsambandanna um leið og þau taka að sér verkefni sem annars ættu að vera á sviði Stéttarsambandsins.

Alþingi, 24. mars 1986.

Kjartan Jóhannsson.

Nd. 672. Frumvarp til laga [372. mál]

um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í kjaradóm, sem skal fyrir 1. maí 1986 ákveða kaup og kjör félagsmanna Mjólkurfræðingafélags Íslands sem starfa hjá Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja kjaradómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Kjaradómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, opinberum aðilum og fyrirsvarsmönnum Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Mjólkurfræðingafélags Íslands.

2. gr.

Kjaradómurinn skal við ákvörðun kaups og kjara mjólkurfræðinga leggja til grundvallar síðastgildandi kjarasamning Mjólkurfræðingafélags Íslands og vinnuveitenda og þær launa- og kjarabreytingar, sem almennt hefur um samist á vinnumarkaði frá því kjarasamningar urðu lausir hinn 1. janúar 1986.

3. gr.

Ákvarðanir kjaradóms samkvæmt 1. gr. skulu vera bindandi fyrir aðila frá gildistöku laga þessara.

4. gr.

Verkfall það, sem hafið er af hálfu Mjólkurfræðingafélags Íslands, önnur verkföll, þar með taldar samúðarvinnustöðvanir, verkbönn og aðrar aðgerðir, sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er Mjólkursamsölunni og öðrum mjólkurvinnslustöðvum óheimilt að segja mjólkurfræðingum þeim, sem lögin taka til, upp starfi nema þeir uppfylli ekki lengur lágmarkskröfur sem gerðar eru til hæfni þeirra eða hafi gerst sekir um brot í starfi.

Nú þykir vafi leika á um réttmæti uppsagnar samkvæmt 1. mgr. og sker þá Félagsdómur úr ágreiningnum.

6. gr.

Kostnaður við störf kjaradóms samkvæmt 1. gr. laga þessara, þar á meðal laun dómenda eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum, ef ekki liggja við þyngri refsingar samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. des. 1986. Úrskurður kjaradóms samkvæmt 1. gr. gildir til sama tíma nema nýir samningar hafi áður verið gerðir milli aðila.

Eftir 31. des. 1986 gildir úrskurður kjaradóms meðan honum er ekki sagt upp eða nýr samningur gerður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vinnudeila Mjólkurfræðingafélags Íslands við Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna hefur nú um hríð verið til meðferðar hjá ríkissáttasemjara. Fundir deiluaðila hafa ekki leitt til þess að samkomulag hafi náðst.

Kröfur mjólkurfræðinga fela í sér verulegar hækkanir og frávik umfram það sem felst í hinum almennu kjarasamningum sem undirritaðir voru milli ASÍ annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar 26. febrúar s. l.

Samningar við mjólkurfræðinga nú, sem fælu í sér annað og meira heldur en samið var um á hinum almenna vinnumarkaði, væru til þess fallnir að riðla því breiða samkomulagi, sem náðst hefur og spilla vinnufriði.

Verkfall mjólkurfræðinga veldur auk þess mikilli röskun í mjólkurframleiðslu og miklu verðmætatjóni, sem óverjandi væri að stjórnvöld reyni ekki að bægja frá.

Af þessum ástæðum er frumvarp þetta flutt.

Sþ. 673. Fyrirspurn [373. mál]

til dómsmálaráðherra um fyrirkomulag sjúkraflutninga.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hefur dómsmálaráðuneytið neitað samstarfi og þátttöku í kostnaði vegna sjúkraflutninga í Ísafjarðarkaupstað? Ef svo er, hverjar eru ástæður þess?
2. Í hvaða bæjar- eða sveitarfélögum er samstarf um sjúkraflutninga milli löggæslumanna og bæjar- eða sveitarstjórna?

Sþ. 674. Fyrirspurn [374. mál]

til félagsmálaráðherra um innheimtu skyldusparnaðar.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvernig er háttað innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga skv. VII. kafla laga nr. 60/1984?
2. Hvernig er háttað framkvæmd 75. gr. laganna ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögunum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna?
3. Hvernig miðar setningu reglugerðar um skyldusparnað?
4. Hvernig er réttur starfsmanna tryggður við gjaldþrot atvinnurekanda ef atvinnurekandi hefur tekið skyldusparnað af launum starfsmanna en hefur ekki gert skil til innheimtuaðila, sbr. lög um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985, sem ná einungis til ógreiddra launa og skyldusparnaðar 6 síðustu mánaða í starfi?

Sþ. 675. Fyrirspurn [375. mál]

til samgönguráðherra um upphitun flugbrautar við Sauðárkrók.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hafa verið gerðar áætlanir um að nota vatn frá Hitaveitu Sauðárkróks til að hita upp flugbraut hugsanlegs varaflugvallar við Sauðárkrók?
2. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar hjá hitaveitunni á svæðinu við Sauðárkrók í þessu skyni?
3. Liggur fyrir hvað vatnsnotkun yrði mikil við slíka upphitun og hvort hitaveitan gæti annað þeirri vatnsþörf sem þarna yrði?
4. Hefur verið gerð kostnaðaráætlun um upphitun flugbrautar við Sauðárkrók?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 676. Fyrirspurn [376. mál]

til utanríkisráðherra um alþjóðaflugvöll við Sauðárkrók.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Er kunnugt um áhuga Atlantshafsbandalagsins á alþjóðlegum flugvelli við Sauðárkrók?
2. Hafa verið viðræður milli Íslendinga og NATO um að bandalagið legði fram fjármuni til slíks flugvallar? Ef svo er hverjir hafa verið helstu efnisþættir þeirra viðræðna?
3. Mundi varnarsveit frá NATO verða við þennan flugvöll eða reistir eldsneytisgeymar við hann?

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 677. Tillaga til þingsályktunar [377. mál]

um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

Flm.: Friðrik Sophusson, Guðmundur J. Guðmundsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra, er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda yfirleitt, svo og á kostnað í rekstri, jafnt opinberum rekstri sem einkarekstri. Þá skal könnuninni einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Á síðustu árum hafa þráfaldlega komið fram efasemdir um gildi lögverndar og einkaréttar atvinnufyrirtækja og starfsstétta til að sinna tiltekinni þjónustu eða atvinnu. Iðnþing Íslendinga 1985 ályktaði sérstaklega um málið á þann veg að tímabært væri að meta hvort taka skyldi ákvæði iðnaðarlaga til gagngerrar endurskoðunar með hliðsjón af þróun þessara mála í nágrannalöndunum, einkum í Noregi. Þar munu menn að mestu hafa horfið frá lögbundnum einkarétti einstakra starfsstétta í iðnaði. Landssamband iðnaðarmanna hefur skipað nefnd til að vinna að málinu og mun henni ætlað að skila áliti á þessu ári.

Í skýrslu starfshóps, sem félagsmálaráðherra skipaði til að meta áhrif nýrrar tækni á íslenska atvinnuvegi, er lögð mikil áhersla á að lögbundnar hömlur á atvinnustarfsemi kunni að leiða af sér atvinnuleysi og að einokun sporni við tækniþróun og framförum.

Þá er einnig til þess að líta að skil milli skólagenginna starfsmanna og annarra munu að líkindum minnka á komandi árum þar sem starfsþjálfun og kröfur um hæfni til tiltekinna starfa koma í stað prófskírteina og lögbundinna starfsréttinda.

Aukin starfsfræðsla á vinnumarkaðnum, fullorðinsfræðsla og kerfisbundin starfsþjálfun fer vaxandi og er þar skemmst að minnast viðamikilla samninga Verkamannasambands Íslands og vinnuveitenda um málefni sérhæfðs fiskvinnslufólks. Þess má vænta að hér hafi einungis verið stigið fyrsta skrefið að mun víðtækari starfsmenntun ófaglærðs verkafólks. Hins vegar blasir við að t.d. í byggingariðnaði mun slíkt eiga langt í land ef einkaréttur annarra stendur í vegi fyrir því að ófaglærðir en sérhæfðir verkamenn fái unnið þau störf sem þeir eru þjálfaðir til.

Lögverndun og löggilding til tiltekinna starfa kann að fela í sér nokkra vernd fyrir neytendur þannig að þeir megi treysta því að kunnáttumenn vinni þau störf sem um er að ræða. Á móti kemur að slík einkaréttindi kunna að leiða til stöðnunar og aukins kostnaðar sem neytandinn verður að endingu að greiða, og þá án tillits til þess hvort þjónustuna hefði í raun mátt fá betri og ódýrari hjá þeim sem ekki uppfylla kröfur um löggilta pappíra.

Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið þjóðarinnar að sækja fram til bættra lífskjara á næstu árum. Til þess að árangur verði í þeirri baráttu er ljóst að framleiðni verður að aukast á öllum sviðum atvinnulífs, jafnt í einkarekstri sem á sviði opinberrar þjónustu. Í ljósi þessa er brýnt að kanna hvort lögbundnar hömlur við atvinnurekstri og atvinnuþátttöku vinni gegn heildarhagsmunum þjóðarinnar og dragi úr samkeppni, verðmætasköpun og hagvexti.

Stöðugt fjölgar þeim starfshópum sem leita eftir einkarétti til að vinna tiltekin störf eða forréttindum á tilteknum sviðum atvinnulífsins. Því er brýnt að svör fáist við ofangreindum álitaefnum hið allra fyrsta og því er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Nd. 678. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Á fund hennar komu sáttasemjari, Guðlaugur Þorvaldsson, Þórarinn Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandinu og Hjörtur Eiríksson frá Vinnumála-

sambandi samvinnufélaganna. Enn fremur komu á fundinn fimm fulltrúar frá Mjólkurfræðingafélaginu, m.a. formaður þess, Geir Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. mars 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Pálmi Jónsson. Eggert Haukdal.

Þórarinn Sigurjónsson. Halldór Blöndal.

Nd. 679. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hl. er andvígur þessu frumvarpi og mótmælir sérstaklega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið af hálfu ríkisstjórnar og vinnuveitenda. Ljóst er að frumvarpið hafði þegar verið samið er síðasti samningafundur deiluaðila fór fram eins og athugasemdir með því bera með sér. Slíkar aðstæður eru óeðlilegar með öllu við samningagerð og hljóta að leiða til ófarnaðar. Fyrsti minni hl. er enn fremur andvígur frumvarpinu af eftirfarandi ástæðum:

1. Með samþykkt frumvarpsins væri verið að taka verkfallsrétt af stéttarfélagi án þess að á nokkurn hátt hafi verið rökstutt að aðstæður séu þannig að svo alvarleg aðgerð sé réttlætanleg.
2. Þegar síðasta sáttafundi í kjaradeilu mjólkurfræðinga og viðsemjenda þeirra lauk var krafa mjólkurfræðinga um fæðis- og flutningskostnað, til samræmis við það sem ýmsir aðrir starfsmenn í mjólkurbúum hafa, ein eftir. Þessari kröfu höfnuðu fulltrúar vinnuveitenda umræðulaust.
3. 2. gr. frumvarpsins er þannig orðuð að hendur kjaradóms, ef af samþykkt frumvarpsins yrði, væru bundnar og honum ekki heimilt að taka tillit til sérkrafna mjólkurfræðinga.
4. Athugasemdir með frumvarpinu eru villandi og að nokkru leyti beinlínis rangar og allur rökstuðningur ríkisstjórnarinnar fyrir lagasetningunni veikur. Í þessari kjaradeilu hefur komið í ljós hve fráleit ákvörðun það var er mjólkursamlögin voru knúin til aðildar að Vinnuveitendasambandi Íslands; sú ákvörðun kemur nú öllum málsaðilum í koll og skapar sérstaka áhættu fyrir afkomu bænda.

Þegar við allt þetta bætist að fulltrúar vinnuveitenda virðast hafa haldið á málum af mikilli stífni í umræðum og ekki einu sinni verið til viðræðu um sérstakar samræmingarkröfur mjólkurfræðinga telur fyrsti minni hl. allar forsendur brostnar fyrir lagasetningu af þessu tagi og er frumvarpinu andvígur.

Alþingi, 24. mars 1986.

Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.

Nd. 680. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nú liggur ljóst fyrir að frumvarpsflutningur ríkisstjórnarinnar um bann við verkfalli mjólkurfræðinga hefur verið frumhlaup og hleypt kjaradeilunni í enn verri hnút en fyrir var. Allt bendir til að ekki hafi verið fullreynt um samkomulag, enda telur forseti ASÍ að ótímabært sé að vísa málinu í gerðardóm.

Í annan stað eru hendur kjaradóms algerlega bundnar varðandi efnisniðurstöðu skv. 2. gr. frumvarpsins og með henni er tekin afstaða með öðrum aðilanum, vinnuveitendum. Undirritaður leitaði eftir því í nefndinni að 2. gr. yrði umorðuð þannig að kjaradómur hefði svigrúm til þess að meta launakjör mjólkurfræðinga með hliðsjón af þeim kjörum sem um hefur samist hjá öðrum hliðstæðum starfsstéttum í þjóðfélaginu. Þessari umleitan var hafnað af meiri hl. nefndarinnar.

Undirritaður telur að við þessar aðstæður sé einsýnt að ríkisstjórnin beri ein ábyrgð á þessari lagasetningu sem hér um ræðir og mun því ekki greiða atkvæði um frumvarpið.

Alþingi, 24. mars 1986.

Kjartan Jóhannsson.

Sþ. 681. Fyrirspurn [378. mál]

til félagsmálaráðherra um eignatap íbúðarkaupenda og húsbyggjenda vegna misgengis launa og lánskjara.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hve margir festu kaup á íbúð eða hófu byggingu húsnæðis á árinu 1981, 1982 og 1983?
2. Hve margir þeirra, sem keyptu íbúð eða byggðu húsnæði á árinu 1981, 1982 og 1983, hafa leitað aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á árinu 1986? Hve margir þeirra leituðu einnig til ráðgjafarþjónustunnar á árinu 1985?
3. Hve mikið hefur eignatap þeirra einstaklinga orðið sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983?

Greinargerð.

Óskað er eftir því í svari við 3. spurningu að aflað verði upplýsinga úr skattaframtölum allra þeirra, sem keyptu eða byggðu húsnæði á árunum 1981, 1982 og 1983, um heildartekjur og eignarskattsstofn fyrir hvert ár, þ.e. eignir að frádregnum skuldum fyrir skattárin 1980–1985. Þessar upplýsingar óskast settar fram á aðgengilegan hátt (myndrit) sem sýnir fjölda einstaklinga og þær fjárhæðir sem hver einstaklingur hefur tapað á tímabilinu 1980–1985. Allar tölur verði reiknaðar til verðlags við áramót 1985–1986.

Óskað er eftir því að engin persónuauðkenni tengist þessum upplýsingum.

Reiknað skal með heimilistekjum þar sem við á.

Upplýsingar óskast sérstaklega um þann hóp sem leitað hefur aðstoðar ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar á þessu ári.

Þess er farið á leit að félagsmálaráðherra láti ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar og Þjóðhagsstofnun leita þessara upplýsinga með tölvuvinnu.

Skriflegt svar óskast.

Ed. 682. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundi. Enn fremur héldu landbúnaðarnefndir beggja deilda sameiginlegan fund um málið þar sem komu sáttasemjari, Guðlaugur Þorvaldsson, Þórarinn Þórarinsson frá Vinnuveitendasambandinu, Hjörtur Eiríksson frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og fimm fulltrúar frá Mjólkurfræðingafélaginu, m.a. formaður þess, Geir Jónsson.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. mars 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 683. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nú liggur ljóst fyrir að frumvarpsflutningur ríkisstjórnarinnar um bann við verkfalli mjólkurfræðinga hefur verið frumhlaup og hleypt kjaradeilunni í enn verri hnút en fyrir var. Allt bendir til að ekki hafi verið fullreynt um samkomulag, enda telur forseti ASÍ að ótímabært sé að vísa málinu í gerðardóm.

Í annan stað eru hendur kjaradóms algerlega bundnar varðandi efnisniðurstöðu skv. 2. gr. frumvarpsins og með henni tekin afstaða með öðrum aðilanum, vinnuveitendum. Undirritaður leitaði eftir því í nefndinni að 2. gr. yrði umorðuð þannig að kjaradómur hefði svigrúm til þess að meta launakjör mjólkurfræðinga með hliðsjón af þeim kjörum sem um hefur samist hjá öðrum hliðstæðum starfsstéttum í þjóðfélaginu. Þessari umleitan var hafnað af meiri hl. nefndarinnar.

Undirritaður telur að við þessar aðstæður sé einsýnt að ríkisstjórnin beri ein ábyrgð á þessari lagasetningu sem hér um ræðir og mun því ekki greiða atkvæði um frumvarpið.

Alþingi, 25. mars 1986.

Eiður Guðnason.

Ed. 684. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um það frv. sem hér liggur fyrir og ekki orðið sammála.

Með vísan til nál. 1. minni hl. landbúnaðarnefndar neðri deildar á þskj. 679 og með sömu rökum leggur undirrituð til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 25. mars 1986.

Jóhanna Leópoldsdóttir.

Ed. 685. Nefndarálit [372. mál]

um frv. til l. um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

Frá 3. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp af þessu tagi, sem hér er lagt til að verði að lögum, brýtur í bága við skilning Bandalags jafnaðarmanna á hlutverki lagasetningar og almennum mannréttindum eins og margoft hefur verið bent á þegar frumvörp af þessum toga hafa verið lögð fram á Alþingi.

Undirrituð mun því greiða atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Alþingi, 25. mars 1986.

Kolbrún Jónsdóttir.

Sþ. 686. Svar [316. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um tekjur Ferðamálaráðs.

1. 10% af árlegu söluverðmæti Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

(Nýjar krónur.)

1976:	843 900 kr.	1982:	11 190 400 kr.
1977:	1 150 900 kr.	1983:	19 176 300 kr.
1978:	1 901 400 kr.	1984:	24 771 300 kr.
1979:	2 501 800 kr.	1985:	38 195 200 kr.
1980:	3 730 300 kr.	1986:	32 450 000 kr. (fjárlög).
1981:	6 485 900 kr.		

2. Heildarframlög ríkisins til Ferðamálaráðs árlega og hlutfall þeirra upphæða af 10% söluverðmæti Fríhafnarinnar.

(Nýjar krónur.)

	Heildarframlög ríkisins	Hlutfall af 10%
1976	214 142 kr.	25.4%
1977	684 914 kr.	59.5%
1978	2 147 727 kr.	113.0%
1979	810 715 kr.	32.4%
1980	2 556 993 kr.	68.5%
1981	2 928 209 kr.	45.1%
1982	5 889 287 kr.	52.6%
1983	9 522 656 kr.	49.7%
1984	19 921 216 kr.	80.4%
1985	21 094 690 kr.	55.2%
1986	19 018 000 kr. (fjárlög).	58.6%

Ed. 687. Lög [372. mál]

um lausn vinnudeilu Mjólkurfræðingafélags Íslands annars vegar, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna hins vegar.

(Afgreidd frá Ed. 25. mars.)

Samhljóða þskj. 672.

Ed. 688. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið ítarlega og kallað til viðtals Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneytinu, Stefán Pálsson, framkvæmdastjóra Landvara, Herluf Clausen frá Landssambandi vörubílstjóra, Gunnar Sveinsson frá Félagi sérleyfishafa, Ólaf Þorsteinsson frá Verktakasambandi Íslands, Gísla Jónsson, prófessor frá Verkfræðideild Háskóla Íslands, og Þórhall Arason frá Vegagerð ríkisins.

Nefndin klofnaði í málinu og leggur meiri hl. hennar til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en minni hl. skilar séráliti.

Eins og kunnugt er bar setningu bráðabirgðalaganna um hækkun bensíngjalds og þungaskatts nokkuð brátt að á s.l. hausti. Af þessum sökum gafst ekki nægur tími til að huga gaumgæfilega að mjög tímabærum breytingum á lögunum um fjáröflun til vegagerðar, bæði efnislegum og tæknilegum. Í ljósi þess skamma tíma sem til stefnu var á s.l. hausti, þ.e. að lögin þurftu nauðsynlega að birtast fyrir 20. september, var sú leið valin að hafa lagabreytinguna eins umfangslitla og kostur var.

Bráðabirgðalögin fólu engu síður í sér mikilsvert nýmæli. Samkvæmt þeim var kílómetragjald loks lögbundið. Fram að gildistöku þeirra hafði innheimta þess ætíð byggst á

reglugerð er sett var samkvæmt óvenjuvíðtækri heimild til slíks í 7. gr. l. frá 1974. Þessi heimild hefur verið nokkuð umdeild og þegar lögin voru sett var m.a. beðið dóms Hæstaréttar í máli varðandi heimild ráðherra til þess að ákvarða gjaldið með þessum hætti. Málið snerist fyrst og fremst um spurninguna hvort löggjafanum væri heimilt að framselja skattlagningargjald með þeim hætti sem gert var í 7. gr. l. nr. 79/1974 áður en þeim var breytt með bráðabirgðalögunum. Hæstiréttur kvað upp dóm í því máli 27. febrúar s.l. Niðurstaða dómsins var sú að framsal löggjafans á skattlagningarvaldi, sem var í 7. gr. l. nr. 79/1974, hafi brotið í bága við 40. gr. stjórnarskrárinnar, nr. 33 frá 17. júní 1944, og skatttakan hafi því eigi verið gild að lögum. Með hliðsjón af þessu, svo og því hve gjaldið hækkaði mikið, þótti ekki stætt á öðru en að lögfesta gjaldið, enda eðlilegt í alla staði að svo sé. Af þessum sökum voru ýmis ákvæði, sem var að finna á víð og dreif í reglugerð um innheimtu bifreiðagjalda, hnýtt saman í tvær lagagreinar og þær lögfestar, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Fyrir vikið verða lögin, sem voru fyrir nokkuð ruglingslega uppsett og óskýr um margt, enn ósamstæðari að uppbyggingu en áður.

Í ljósi þessa hafa nú verið útbúnar breytingartillögur við staðfestingarfrumvarpið sem fyrst og fremst lúta að því að gera uppbyggingu laganna heilsteyptari og skýrari en þau yrðu ella. Af þessu leiðir að þær verða nokkuð fyrirferðarmeiri en ella því að ætlunin var að leggja aðeins til tvær efnislegar breytingar á gildandi löggjöf.

Með lögum nr. 3/1986 var 2. gr. l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, felld niður. Í þessum breytingartillögum er höfð hliðsjón af þeirri breytingu.

Hinar tæknilegu breytingar felast í stórum dráttum í því að ákvæði um þungaskattsskyld ökutæki, sem nú er að finna í tveim greinum, þ.e. í 5. og 7. gr., eru sameinuð í sérstaka grein sem verður 4. gr., auk þess sem allur vafi er tekinn af um gjaldskyldu erlendra dísilbifreiða sé þeim ekið hérlendis. Það sama er að segja um gjalddaga skattsins eftir því í hvaða formi hann er greiddur. Ákvæði þar að lútandi er nú að finna í 8. og 10. gr. en eru nú sameinuð í sérstaka grein sem verður 7. gr. Auk þessa eru ákvæði um áætlanir skattsins, viðurlög og sektir sett í sérstaka grein sem verður 10. gr., en ákvæði þessi er nú að finna á víð og dreif í lögunum. Auk þessa er gerð tilraun til þess að kveða skýrar á um framkvæmd einstakra atriða og færa tiltekin ákvæði á milli greina þar sem þau verða talin eiga betur heima eðli sínu samkvæmt.

Tvær mikilvægar efnisbreytingar eru í breytingartillögunum og skal hér vikið sérstaklega að þeim auk þess sem gerð er grein fyrir öðrum breytingartillögum.

Um 1. tölulið.

Skv. 5. gr. gildandi laga skal greiða sama árgjald þungaskatts af öllum dísilbifreiðum sem eru léttari en 2000 kg að eigin þyngd. Í ár verður árgjaldið 46 016 kr., sbr. ákvæði bráðabirgðalaganna frá í haust þar að lútandi. Sé dísilbifreið þyngri en 2000 kg að eigin þyngd hækkar gjaldið um 2633 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem þyngdin er meiri en 2000 kg. Hins vegar ber að greiða kílómetragjald af öllum dísilbifreiðum sem eru 4 tonn eða meira að heildarþyngd, sbr. 7. gr. laganna.

Sala fólksbifreiða með dísilvél hefur aukist nokkuð hér á landi sem annars staðar síðustu árin. Ber þar margt til, svo sem ör þróun þessara véla, sparneytni þeirra og síðast en ekki síst að verð á gasolíu er mun lægra en á bensíni. Því er margt sem mælir með aukinni notkun léttari dísilbifreiða. Í ljósi þessa er orðið aðkallandi að leiðrétta þá mismunun sem felst í að heimta hlutfallslega mun hærri skatt af bifreiðum sem eru innan við 1000 kg að eigin þyngd. Fer þessi mismunun vaxandi eftir því sem bifreiðarnar eru léttari. Hún hefur m.a. leitt til þess að léttar dísilbifreiðar eru ekki samkeppnisfærar við bensínbifreiðar nema því aðeins að þær séu notaðar mjög mikið.

Hér á eftir verður gerður samanburður á kostnaði vegna aksturs bifreiða, sem eru léttari en 2000 kg að eigin þyngd, er rætur á að rekja til skattheimtu ríkisins. Samanburður

þessi er einungis gerður með hliðsjón af opinberum gjöldum á bensíni annars vegar og þungaskatti hins vegar vegna þess að í því er fyrst og fremst að finna mismun þann sem er á skattheimtu á bifreiðum þessum.

Gengið er út frá eftirfarandi forsendum um eldsneytiseyðslu (ltr. á 100 km)

	Bensín	Dísill	Mismunur
Lítill bíll, u.þ.b. 800 kg	8,5	6,6	1,9 – 22,4%
Meðalstór bíll, u.þ.b. 1300 kg	11,2	8,8	2,4 – 21,4%
Stór bíll, u.þ.b. 1800–2000 kg	16,0	12,5	3,5 – 21,9%

Opinber gjöld af bensíni voru 1. janúar s.l. 21,29 kr. af hverjum lítra, þ.e. leyfis- og vörugjald 0,10 kr., tollur 4,28 kr., bensíngjald 9,54 kr., landsútsvar 0,37 kr. og söluskattur 7 kr. Útsöluverð á bensíni var á sama tíma 35 kr. Opinber gjöld af hverjum gasolíulítra eru aðeins 0,10 kr.

Árgjald þungaskatts fyrir bíla, sem eru allt að 2 tonnum að eigin þyngd, er 46 016 kr. á ári skv. gildandi reglum og kílómetragjald fyrir sömu bíla 2,47 kr./km.

Reiknuð eru út þrjú dæmi um árlegan akstur (upphæðir í þús. kr.).

	1 Bensín	2 Dísill árgjald	3 Dísill km-gjald	Mismunur 1-2	Mismunur 1-3
Lítill bíll – 800 kg:					
Árlegur akstur 15 000 km	27,1	46,1	37,2	19,0	10,1
Árlegur akstur 20 000 km	36,2	46,1	49,5	9,9	13,3
Árlegur akstur 25 000 km	45,2	46,2	62,0	1,0	16,8
Meðalstór bíll – 1300 kg:					
Árlegur akstur 15 000 km	35,8	46,1	37,2	10,3	1,4
Árlegur akstur 20 000 km	47,7	46,2	49,6	−1,5	1,9
Árlegur akstur 25 000 km	59,6	46,2	62,0	−13,4	2,4
Stór bíll – 1800 kg:					
Árlegur akstur 15 000 km	51,1	46,2	37,3	−4,9	−13,8
Árlegur akstur 20 000 km	68,1	46,3	49,7	−21,8	−18,4
Árlegur akstur 25 000 km	85,2	46,3	62,1	−38,9	−23,1

Niðurstöður útreikninga sýna að jafnvægi er í skattlagningu milli bensín- og dísilbíla (árgjalds) á litlum bílum ef árlegur akstur er rúmlega 25 þús. km, á meðalstórum bílum milli 17 og 18 þús. km og á stórum bílum milli 13 og 14 þús. km.

Meðalakstur bíla, sem ekki eru í atvinnurekstri, er 13–15 þús. km. Við ákvörðun á árgjaldi er eðlilegt að miða heldur við hærra mark þar sem dísilbílar eru yfirleitt ekki keyptir nema þar sem akstur er meiri en í meðallagi. Sé miðað við sem næst 20 þús. km akstur á ári ættu gjaldflokkar árlegs þungaskatts að vera eins og hér á eftir greinir til þess að jöfnuður náist:

Eigin þyngd	Nýtt gjald	Núverandi gjald	Mismunur
1,5	36 000	46 016	−10 016
1,0–1,5	48 000	46 016	+1 984
1,5–2,0	60 000	46 016	+13 984
Fyrir hver 200 kg umfram 2 tonn	4 800	2 633	+2 167

Í breytingartillögum, sem hér eru lagðar til, er aðeins stigið fyrra skrefið til jafnaðar, þ.e. leiðrétting í formi lækkunar á árgjaldi dísilbíla sem eru léttari en 1000 kg. Miðað við óróa þann, sem bráðabirgðalögin hafa skapað, vegna hinnar almennu hækkunar sýnist varla ráðlegt að gera tillögu um hækkun árgjalds á dísilbílum á þyngdarbilinu 1000–2000 kg. Auk þessa er rétt að geta þess að gjalddagi árgjaldsins var 1. janúar s.l. Því fæli hækkun árgjaldsins á þessum þyngdarflokki nú í raun í sér að skattahækkunin yrði afturvirk. Því er að svo stöddu ekki gerð tillaga um leiðréttingu á þessum þyngdarflokki.

Kostnaður ríkissjóðs af ofangreindri lækkun er talinn verða innan við 1 millj. kr. enda eru bílar, sem lækkunin nær til, innan við 100.

Að öðru leyti felur þessi breytingartillaga í sér að í 4. gr. l. verði tæmandi talning á þeim ökutækjum sem þungaskattsskyld eru, svo og í hvaða formi skatturinn skuli innheimtur og hve hár hann sé. Loks er lagt til að í B-lið þessarar greinar verði og kveðið á um afsláttarreglur varðandi kílómetragjald en það er nú að finna í 7. gr. laganna. Í þessu efni er gerð tillaga að breytingum á gildandi reglum.

Breytingartillagan (sbr. 3. og 4. mgr. B-liðar 4. gr., eins og lagt er til að hún hljómi) felur í sér rýmkun á þeim afsláttarheimildum sem nú eru í gildi varðandi kílómetragjald af akstri vörubifreiða, svo og festi- og tengivagna. Samkvæmt gildandi reglum er veittur 10% afsláttur af kílómetragjaldi sem fellur til af akstri allra gjaldskyldra bíla á bilinu 25 þús. km að 45 þús. km á ári og 20% afsláttur af akstri umfram 45 þús. km. Samkvæmt breytingartillögunni er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita 10% afslátt af akstri vörubifreiða, svo og festi- og tengivagna, á bilinu 25 þús. til 35 þús. km á ári, 20% afslátt af akstri þessara ökutækja á bilinu 35 þús. til 45 þús. km. á ári og allt að 50% afslátt vegna aksturs umfram það. Með þessu er stefnt að því að lækka skattinn verulega af þeim ökutækjum sem ekið er nokkuð mikið umfram meðaltal. Má í þessu sambandi einkum nefna vöruflutningabifreiðar á langleiðum, svo og malar- og vikurflutningabifreiðar. Telja verður að tillaga þessi sé réttlætanleg með hliðsjón af eðli þessara flutninga auk þess sem hún getur haft í för með sér hvatningu til betri nýtingar ökutækjanna. Reglum þessum er ekki ætlað að ná til fólksflutningabifreiða enda gilda sérreglur um þær, sbr. 3. mgr. B-liðar 4. gr. l., eins og breytingartillaga meiri hl. nefndarinnar gerir ráð fyrir að hún hljómi. Regla þessi er óbreytt frá því sem gilt hefur um nokkurra ára skeið um fólksflutningabifreiðar og ákveðin hefur verið með reglugerð.

Um 2. tölulið.

Ákvæði þetta, sem áður var í 7. gr. l., á betur heima í 5. gr. þeirra. Það fjallar um skyldu manna til að tilkynna vélaskipti í bílum sínum o.fl. sem lýtur að eðli vélanna.

Um 3. tölulið.

Ákvæði þessi, sem eru í 5. gr. l., eru betur komin í sérstakri grein.

Um 4. tölulið.

Efnisatriði 4. gr. frv. hafa, eins og áður var getið, verið færð í aðrar greinar skv. breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar og því er lagt til að greinin falli brott.

Um 5. tölulið.

Breytingartillögur þessar fela aðeins í sér að ákvæði um gjalddaga skattsins, innheimtu hans, áætlanir, viðurlög, sektir, dráttarvexti o.fl., er lýtur að framkvæmd, eru sameinuð í sérstakar greinar í því skyni að gera lögin heilsteyptari og skýrari eins og áður segir.

Um 6. tölulið.

Vegna þess hve breytingartillögur þessar eru umfangsmiklar — verði þær að lögum — þykir rétt að lagaheimildar verði aflað til þess að gefa lögin út að nýju með áorðnum breytingum.

Alþingi, 25. mars 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Jón Kristjánsson. Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Ed. 689. Breytingartillögur [126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, EgJ; VI).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, er verður 4. gr. þeirra (sbr. 14. gr. laga nr. 3/1986), orðast svo:

A.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 1000 kg að eigin þyngd, skal greiða árgjald að fjárhæð 36 000 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 1000 kg til 2000 kg skal árgjaldið vera 46 016 kr. Ef eigin þyngd bifreiðar er 2000 kg eða meiri skal árgjaldið hækka um 2633 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd hennar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Eigendur bifreiða, er um getur í 1. mgr., geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sbr. B-lið þessarar greinar, í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera hið sama og innheimt er af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 4,0–4,9 tonn.

B.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og koma í stað árlegs þungaskatts samkvæmt A-lið þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	2,47	15,0–15,9	5,25
5,0– 5,9	2,63	16,0–16,9	5,67
6,0– 6,9	2,84	17,0–17,9	6,08
7,0– 7,9	2,98	18,0–18,9	6,45
8,0– 8,9	3,11	19,0–19,9	6,94
9,0– 9,9	3,25	20,0–20,9	7,31
10,0–10,9	3,45	21,0–21,9	7,73
11,0–11,9	3,58	22,0–22,9	8,22
12,0–12,9	4,03	23,0–23,9	8,61
13,0–13,9	4,41	24,0–24,9	9,00
14,0–14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra ákveðið að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd, svo sem ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningabifreiða sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli.

Ráðherra er og heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti innheimtum samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagna, umfram 25 000 km á ári, allt að 20% afsláttur af akstri þessara ökutækja umfram 35 000 km á ári og allt að 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45 000 km á ári. Af akstri annarra bifreiða má afsláttur þessi nema allt að 10% af akstri umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn séu útbúin ökumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

C.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Sama á við um tengi- og festivagna sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettir eru erlendis. Við ákvörðun fjárhæðar þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt þessum staflið skal höfð hliðsjón af fjárhæð þungaskatts samkvæmt A- og B-liðum þessarar greinar eftir því sem við á.

Sé bifreið, sem skrásett er erlendis, lengur hér á landi en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði A- og B-liða þessarar greinar gilda um hana eftir því sem við getur átt.

2. Á eftir 2. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Við 6. gr. laganna, er verður 5. gr. þeirra, bætast tvær nýjar mgr. er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fella niður þungaskatt samkvæmt 4. gr. af bifreiðum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni, þó aldrei lengur en í eitt ár. Þá er honum heimilt að kveða svo á að af bifreiðum þessum skuli greiða að tilraunatímabilinu loknu allt að 50% lægri þungaskatt en kveðið er á um í 4. gr.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1977, er verður 6. gr. þeirra, orðast svo:

Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur samkvæmt A- og B-liðum 4. gr. og dagsektir samkvæmt 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxti bensíngjalds, þungaskatts og dagsekta er miðaður við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

4. Við 4. gr. Greinin falli brott.

5. Við bætast fjórar nýjar greinar er orðist svo:

a. (5. gr.)

8. gr. laganna, er verður 7. gr. þeirra, orðast svo:

A.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í A-lið 4. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þegar bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkvæmt A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi yfir því að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

B.

Þungaskatt samkvæmt B-lið 4. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ.e. á tímabilunum 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds sem innheimtumaður ákveður. Við slíka ákvörðun er honum heimilt að miða við meðaltal ekinna kílómetra á dag á

næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau á án sérstakrar tilkynningar. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó að álestur fari síðar fram.

C.

Þungaskatt samkvæmt C-lið 4. gr. skal greiða við komu bifreiðar eða vagns til landsins enda sé ökutækið ekki útbúið fullnægjandi ökumæli. Sé ökutækið útbúið ökumæli skal lesið á hann við komu og aftur við brottför og innheimta þungaskatt í samræmi við það.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag ákvörðunar og innheimtu þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt C-lið 4. gr.

b. (6. gr.)

9. gr. laganna, er verður 8. gr. þeirra, orðast svo:

Innheimtu bensíngjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

c. (7. gr.)

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, er verður 9. gr. þeirra, orðast svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema þungaskattur af bifreiðinni samkvæmt 4. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um þungaskatt samkvæmt ökumæli að ræða.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldu ökutæki samkvæmt C-lið 4. gr. nema sannað sé að þungaskattur af því hafi verið greiddur.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina hvar sem hún fer og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Þá skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

d. (8. gr.)

12. gr. laganna, er verður 11. gr. þeirra, orðast svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskatti, dagsektum og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

6. Við 5. gr., er verði 9. gr., bætist ný mgr. svohljóðandi:

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 79 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. einnig l. nr. 78/1977 og l. nr. 3/1986, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 690. Frumvarp til laga [379. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1978 um lyfjafræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

4. tölul. 3. gr. orðast svo:

Hafa unnið a.m.k. 9 mánuði, þar af 6 á námstíma, við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðistörf hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, er það skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis að lyfjafræðingsefni hafi unnið a.m.k. eitt ár við framleiðslu lyfja, tilbúning, merkingu og afgreiðslu eða önnur lyfjafræðingsstörf hér á landi.

Starfsþjálfun lyfjafræðingsefna fer að stærstum hluta fram í lyfjabúðum landsins. Við ákvörðun á áðurnefndri tímalengd starfsþjálfunar var m.a. höfð í huga sú lyfjaframleiðsla, sem við setningu laganna árið 1978 fór fram í lyfjabúðum og nauðsyn á að lyfjafræðingsefni fengju þjálfun í móttöku símalyfseðla. Þar sem lyfjaframleiðsla hefur að mestu horfið úr langflestum lyfjabúðum á undanförnum árum hefur stjórnarnefnd lyfjafræði lyfsala lagt til við ráðuneytið að það hlutist til um breytingu á 4. tl. 3. gr. laga um lyfjafræðinga, þannig að starfsþjálfun verði stytt úr 12 mánuðum niður í 9 og að starfsþjálfun verði veitt á námstíma eða að háskólanámi loknu.

Með skírskotun til framanritaðs og að höfðu samráði við Apótekarafélag Íslands og Lyfjafræðingafélag Íslands, leggur ráðuneytið til framangreindar breytingar, sem taka mið af því að 6 mánuðir skulu unnir á sjálfum námstímanum en 3 að námi loknu. Mundi þessi breytta skipan gilda um alla þá sem nú eru í námi í lyfjafræði lyfsala og þá sem koma til með að stunda slíkt nám í framtíðinni.

Sþ. 691. Tillaga til þingsályktunar [380. mál]

um athugun á útboðum opinberra rekstrarverkefna.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra í samráði við aðra ráðherra að gera athugun á því á hvaða sviðum ríkisrekstrar sé hagkvæmt að efna til útboða. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu þegar að athugun lokinni.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hafa opinberar framkvæmdir verið boðnar út og hefur sá háttur verið hafður á í vaxandi mæli að undanförnu. Þetta hefur gefið góða raun og sparað umtalsvert fjármagn eins og dæmin sanna, t.d. í vegagerð.

Mun minna hefur verið gert af því að bjóða út einstök rekstrarverkefni til einkaaðila. Þvert á móti virðist á ýmsum sviðum sem opinberir aðilar fastráði starfsmenn til að annast þjónustu sem auðvelt væri að bjóða út. Í sumum tilvikum draga skattareglur úr áhuga opinberra aðila og stórfyrirtækja á útboðum þótt færa megi veigamikil rök að því að útboð á sérhæfðum verkefnum séu eðlilegri og hagkvæmari.

Meðal nágrannaþjóða hefur nokkuð verið unnið að því að auka útboð opinberra rekstrarverkefna til einkafyrirtækja. Í fylgiskjali með þessari tillögu er lausleg þýðing á leiðbeiningum við útboð á ríkisverkefnum, en þær voru gefnar út af dönsku hagsýsludeildinni til ráðuneytanna hinn 11. ágúst 1984.

Fylgiskjal.

Leiðbeiningar við útboð á ríkisverkefnum.

1. Inngangur.

Samantekt þessi hefur að geyma atriði sem hafa skal til hliðsjónar við athugun á því hvaða verkefni í rekstri hins opinbera mætti færa til einkafyrirtækja með útboðum.

Markmiðið er að ná fram sem mestri hagkvæmni og vinna verk á sem hagkvæmastan hátt. Útboð geta jafnframt gert auðveldara að raða verkefnum í forgangsröð, svo og veitt vitneskju um hvað útfærsla tiltekinna verka muni kosta.

Útboð eiga sérstaklega vel við þegar um er að ræða ný verkefni eða breytingar á verkefnum sem fyrir eru. Þar fyrir utan getur verið æskilegt að fram fari með reglulegu millibili athugun á því hvort reynst geti hagkvæmt að bjóða út annars konar verkefni.

Samantekt þessi tekur einkum mið af verkefnum á sviði þjónustu, svo sem:

- þvottum, hreingerningu, vaktþjónustu o.s.frv.,
- þjónustu sem jafnframt tengist framleiðslu, svo sem mötuneyti, útgáfu o.s.frv.,
- verkefnum sem geta verið hluti annarra verkefna hins opinbera, svo sem hönnun, áætlanagerð, eftirlit o.s.frv.,
- viðhalds- og viðgerðarvinnu,
- ýmiss konar þjónustu sem fellur undir annað en hér er fram talið.

2. Athuganir.

Út frá arðsemisathugunum skal kanna hvort hagkvæmt sé að bjóða viðkomandi verkefni út, hvenær slík útboð geti átt sér stað og athuga hvaða heildarkostnað það hefði í för með sér ef einkafyrirtæki ynnu að verkefnunum. Hér þarf að gera athugun á því hvað það kostar ríkið að vinna viðkomandi verk og hvaða afleiðingar það kann að hafa séu verkefnin falin einkafyrirtækjum.

Á þessu stigi getur athugunin verið stutt lýsing á þörfum hins opinbera, athugun á umfangi verkefnis og athugun á þeim aðföngum sem þarf til þess að leysa verkefnið. Varðandi arðsemisathuganir vísast til 5. kafla hér aftar.

Stundum getur hið opinbera látið hlutlaus ráðgjafarfyrirtæki setja fram þau atriði sem mestu skipta varðandi ákvörðun um hagkvæmni útboðs og e.t.v. fengið þeim það verkefni að hrinda sjálfri athuguninni í framkvæmd.

3. Útboð.

Við útboð verður að koma skýrt fram hvort hið opinbera vill halda þeim möguleika opnum að geta sjálft unnið viðkomandi verkefni eða þá hvort verkefnið verður falið einkafyrirtækjum undir öllum kringumstæðum.

Útboð geta verið í mismunandi formi:

Fyrirspurnum er beint til fyrir fram ákveðinna fyrirtækja sem álitin eru samkeppnishæf. Fjöldi þeirra verður að ráðast af stærð og eðli útboðsverkefnis.

Stundum er einungis leitað til fárra fyrirtækja ef talið er að það þjóni ekki tilgangi að leita til mjög margra. Þetta á t.d. við þegar krafist er sérstakrar tæknikunnáttu eða vélakosts sem einungis fá fyrirtæki ráða yfir.

Auglýsa má í fjölmiðlum og leita þannig eftir því hvaða fyrirtæki hafi áhuga á viðkomandi verkefni. Þá má velja þau fyrirtæki sem til greina koma og ákveða hvort leitað verði til enn fleiri fyrirtækja.

Þegar vinnutilhögun er þekkt, en ekki hversu stórt verkefnið er, getur skapast samkeppni út frá einingaverði, t.d. laun á tímaeiningu.

Í útboði getur verið tiltekið fast verð, þ.e. hið opinbera tilkynnir hversu mikið greitt verður fyrir viðkomandi verk eða þjónustu, en annars er haft opið og óbundið á hvern hátt fyrirtæki leysir verkefnið. Þessi aðferð er hentug til þess að fá hvers konar þjónustu og í hvaða mæli sem er fyrir tiltekna fasta upphæð.

4. Lýsing á vinnutilhögun.

Við útboð skal vinnulýsing vera það nákvæm að hún sé góður grunnur fyrir tilboð, svo og þannig að meta megi á grundvelli hennar mismunandi tilboð.

Vinnulýsing getur byggst á því að lýsa nákvæmlega hver niðurstaðan á að vera en segja minna til um það hvernig niðurstöðu skuli náð. Enn fremur má lýsa nákvæmlega hvernig og með hvaða aðferð ná á ákveðinni niðurstöðu. Fyrrnefnda aðferðin heldur opnum nýjum möguleikum á lausn verkefna og getur þannig stuðlað að nýjungum.

5. Arðsemisathugun.

Með arðsemisathugun verður að vera hægt að bera saman mismunandi kostnað við verkefni eftir því hvort hið opinbera eða einkafyrirtæki annast það. Inn í kostnað hins opinbera verður að koma allur raunverulegur kostnaður, bæði beinn og óbeinn, til lengri og skemmri tíma.

Við arðsemisathugun getur kostnaði t.d. verið skipt í:
- beinan breytilegan kostnað,
- breytilegan sameiginlegan kostnað,
- rekstrarkostnað og afskriftir.

Breytilegur beinn kostnaður er t.d. laun og efni sem notuð eru við framleiðsluna eða þjónustuna. Breytilegur sameiginlegur kostnaður er kostnaður sem sameiginlegur er með annarri þjónustu eða verkefnum, t.d. stjórnunarkostnaður, bókhald o.s.frv. Með rekstrarkostnaði og afskriftum er átt við kostnað af húsum, vélum, tækjum o.s.frv.

Við mat á kostnaði er nauðsynlegt að taka inn alla þætti, svo sem lífeyrissjóð, orlof, tíma sem fer til spillis, rýrnun, framleiðslutruflanir o.s.frv. Einnig er nauðsynlegt að athuga áhrif þess, hvort verkefni er boðið út, á breytilegan sameiginlegan kostnað sem upp kann að koma síðar og áhrif þess á það hvenær heppilegast getur verið að bjóða verkefni út.

Varðandi rekstrarkostnað og afskriftir skal taka mið af endurkaupsverði og líftíma viðkomandi kostnaðarþátta og við ákvörðun vaxta í útreikningum skal hafa hliðsjón af raunvöxtum en ekki nafnvöxtum þegar arðsemisathugun er gerð á föstu verðlagi.

6. Útboðsgögn.

Auk lýsingar á verkefni þurfa í útboðsgögnum að vera nákvæmar upplýsingar um þær kröfur sem upfylla þarf, t.d.:
- kröfur um framsetningu tilboðs, gildistíma og skilatíma,
- kröfur til tilboðsgjafa varðandi tækni, fjárhagslega getu o.s.frv.,
- upplýsingar um það hvernig tilboð verði metin og meðhöndluð,
- hvaða atriði verða mikilvægust við mat tilboða,
- sérstök skilyrði sem sett kunna að vera inn í mögulegan verksamning,
- hvaða stofnanir hins opinbera tilboðsgjafi skuli hafa samvinnu við,
- að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst ráða þá opinberu starfsmenn sem kunna að missa vinnu vegna útboðsins,
- að hve miklu leyti tilboðsgjafi hyggst nota eða yfirtaka hús eða tæki sem hið opinbera notaði við framkvæmd verkefnis.

Tilboðsgjöfum skal gert jafnhátt undir höfði í útboðsgögnum, þ.e. ekki gert upp á milli mismunandi aðferða við það að vinna verkið.

7. Val fyrirtækis.

Eftir nauðsynlegar athuganir er valið það fyrirtæki sem kom með hagkvæmast tilboð. Hér þarf að koma fram hvað réð valinu og hver kostnaður kemur til með að vera.

8. Upplýsingar handa öðrum tilboðsgjöfum.

Aðrir tilboðsgjafar fá senda stutta greinargerð um valið og hvers vegna þeir voru ekki valdir.

9. Tíðni útboða.

Við ákvörðun um það, hversu oft á að bjóða út slík verkefni, má t.d. miða við útboð á þriggja til fimm ára fresti. Taka verður þó mið af eðli verkefnis og fjárfestinga sem því fylgja. Séu verkefni mjög fjármagnsfrek getur komið til greina að hið opinbera útvegi tiltekinn vélakost. Hagkvæmt getur t.d. verið að bjóða út verkefni þegar komið er að því að skipta þurfi um vélar og tæki eða þegar taka þarf ákvarðanir um meiri háttar sameiginlegan kostnað með öðrum verkefnum.

Sþ. 692. Skýrsla [172. mál]

viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans, samkvæmt beiðni.

Hinn 11. desember 1985 var óskað eftir að viðskiptaráðherra legði fram skýrslu á Alþingi um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans. Með vísun til þessarar beiðni óskaði viðskiptaráðuneytið eftir því að bankaeftirlitið tæki saman greinargerð um málið. Ráðuneytinu barst ítarleg greinargerð í síðasta mánuði og hefur ákveðið að birta hana óbreytta í öllum meginatriðum.

I. INNGANGUR

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands starfar skv. 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Í 1.–3. mgr. þeirrar greinar er fjallað um starfsemi þess:

„Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.

Bankaeftirlitið, en svo skal þessi starfsemi nefnast, skal fylgjast með því, að innlánsstofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Einnig skal því heimilt að gera athugasemdir, ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan, og skulu slíkar athugasemdir tilkynntar ráðherra þegar í stað. Gagnvart sparisjóðum tekur bankaeftirlitið við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði nr. 69/1941.

Skylt er innlánsstofnunum að láta bankaeftirlitinu í té reikninga sína og aðrar upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er. Einnig er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka bókhald og eignir innlánsstofnana, hvenær sem ástæða þykir til."

Til fyllingar framangreindu ákvæði má enn fremur vísa til 22., 23. og 81. gr. rg. nr. 809 1981, um Seðlabanka Íslands (áður var í gildi rg. nr. 52/1962, ásamt síðari breytingum), sem hljóða svo:

„22. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða, innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati hans.

23. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að stofnanir þær, sem um ræðir í 22. gr., fylgi lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um starfsemi þeirra, og að öll viðskipti séu rekin á heilbrigðan hátt. Gagnvart sparisjóðum hefur bankaeftirlitið tekið við þeim störfum, sem sparisjóðseftirlitinu eru falin með lögum um sparisjóði. Skulu starfsmenn bankaeftirlitsins koma í stofnanir þessar til eftirlits svo oft sem þurfa þykir.

Nefndum stofnunum er skylt að láta bankaeftirlitinu í té ársreikninga sína, efnahags- og rekstraryfirlit og hvers konar aðrar upplýsingar, sem varða starfsemi þeirra, í því formi og svo oft sem bankaeftirlitið óskar eftir. Í sambandi við framkvæmd eftirlits í stofnunum, sbr.

1. mgr., er bankaeftirlitinu heimilt að rannsaka allar eignir þeirra ásamt bókum og hvers konar skjölum og krefjast nauðsynlegra upplýsinga af stjórnendum og endurskoðendum stofnananna.

Telji bankaeftirlitið, að innlánsstofnun hafi brotið í bága við lög eða reglur, eða efnahagur eða rekstur stofnunar sé með öðrum hætti óheilbrigður, skal eftirlitið koma athugasemdum eða ábendingum á framfæri við stjórnendur og endurskoðendur stofnunarinnar. Bankaeftirlitið leggur skýrslur um eftirlit sitt fyrir bankastjórn Seðlabankans, þar sem m.a. sé getið um athugasemdir og ábendingar, sem framkvæmd eftirlitsins kann að hafa gefið tilefni til og um svör stjórnenda hlutaðeigandi stofnunar. Bankastjórn ákveður, hvort einstakar skýrslur skuli sendar viðskiptaráðherra ásamt tillögum bankastjórnar um frekari málsmeðferð. Athugasemdir bankaeftirlitsins um óheilbrigðan hag og rekstur stofnunar, ásamt tillögum bankastjórnar um frekari málsmeðferð, skulu sendar viðskiptaráðherra.

81. gr.

Nú vanrækir innlánsstofnun eða önnur sambærileg stofnun, sem um ræðir í 22. gr., eða þeir aðilar, sem um ræðir í 3. mgr. 51. gr., að láta í té þær upplýsingar, sem bankaeftirlit eða hagfræðideild eiga rétt á að fá, skv. 23. gr. og 51. gr., eða að hlíta fyrirmælum, sem bankastjórnin setur skv. ákvæðum þessara greina eða annarra ákvæða reglugerðar þessarar, og getur þá ráðherra, að tillögum bankastjórnar, lagt dagsektir á hinn brotlega, uns skyldunni er fullnægt."

Útvegsbanki Íslands hefur, á því tímabili sem skýrsla þessi tekur til, starfað skv. lögum nr. 12/1961, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 31/1962, með síðari breytingum.

II. SVÖR VIÐ TÖLUL. 1–4

1. Afskipti bankaeftirlits Seðlabankans af málefnum Útvegsbankans.

Á grundvelli 10. gr. laga nr. 10/1961 hefur bankaeftirlit Seðlabankans athugað starfsemi Útvegsbanka Íslands og einstakra útibúa bankans sem hér greinir á tímabilinu 1975–1985:

	Skýringar.
Mars 1975.	Heildarúttekt á fjárhagslegri stöðu bankans, þ.e. aðalbanka og allra útibúa. Úttektin átti rætur að rekja til sérstakra athugana á útibúum bankans í Keflavík og Vestmannaeyjum í október til desember 1974.
September 1975.	Útibú bankans á Seyðisfirði.
Febrúar 1976.	Útibú bankans á Ísafirði.
Maí 1977.	Útibú bankans í Vestmannaeyjum.
Júní 1977.	Útibú bankans á Siglufirði.
Nóvember 1978.	Heildarúttekt á fjárhagslegri stöðu bankans, þ.e. aðalbanka og útibúa.
Nóvember 1979.	Útibú bankans á Seyðisfirði.
Nóvember 1979.	Útibú bankans í Keflavík.
Febrúar 1980.	Útibú bankans á Akureyri.
Maí 1983.	Útibú bankans á Siglufirði.
Júní 1985.	Sérstök athugun á stærstu lánþegum bankans.

Auk framangreindra athugana hefur bankaeftirlitið gert athuganir á nánar afmörkuðum þáttum í starfsemi Útvegsbankans, einum sér eða jafnhliða sams konar athugunum hjá öðrum innlánsstofnunum.

Í október- og nóvembermánuði 1977 var gerð sérstök úttekt á fjárhagsstöðu Hafskips hf. og viðskiptum þess fyrirtækis við Útvegsbankann sem nánar verður vikið að undir 3. tölul. hér á eftir.

Af hálfu Seðlabankans var á árinu 1980 gerð ítarleg úttekt á fjárhagsvanda Útvegsbankans. Um þá úttekt voru gerðar tvær skýrslur. Sú fyrri nefnist „Um stöðu Útvegsbanka Íslands" en sú síðari „Fjárhagsvandi Útvegsbankans og tiltækar aðgerðir til lausnar honum". Þessar úttektir voru unnar af bankaeftirliti og lánadeild Seðlabankans í sameiningu.

2. Niðurstöður athugana bankaeftirlitsins.

Í skýrslum bankaeftirlitsins um einstakar athuganir hjá Útvegsbanka Íslands eru gerðar margvíslegar athugasemdir, ábendingar gefnar og sett fram sjónarmið um tiltekin einstök mál, afmarkaða rekstrarþætti eða starfsemi bankans í heild. Í lok hverrar skýrslu eru niðurstöður athugunar dregnar saman.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum heildarathugana á stöðu Útvegsbankans í mars 1975, nóvember 1978, júní 1985 og sérstakrar úttektar á fjárhagsvanda bankans sem var unnin á árinu 1980. Niðurstöður athugana bankaeftirlitsins hjá einstökum útibúum skipta hins vegar mun minna máli.

a. Heildarathugun 31. mars 1975.

Niðurstöður þeirrar athugunar eru dregnar saman og almennt orðaðar í 10. kafla skýrslunnar, en í öðrum undanfarandi köflum eru athugasemdir, ábendingar og sjónarmið bankaeftirlitsins nánar afmörkuð. 10. kaflinn í heild fer hér á eftir:

„Þá heildarmynd af rekstri og fjárhagsstöðu Útvegsbanka Íslands, sem gefin er í þessari skýrslu, er á margan hátt eðlilegt að skoða í ljósi þeirrar staðreyndar, að skipulag innlánsstofnanakerfisins hefur mjög verið til umræðu og athugunar síðustu árin og í því sambandi hefur athyglin ekki hvað síst beinst að stöðu Útvegsbankans í kerfinu og líklegri framtíðarþróun í rekstri hans. Má hér minna á óskir og tillögur um, að fjölgað verði þeim bönkum, sem rétt hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, tillögur í skipulags- og löggjafarmálum bankakerfisins, sem bankamálanefnd lagði fram í ársbyrjun 1973, og frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem lagt var fyrir Alþingi vorið 1974. Grunntónninn í þessari tillögugerð allri hefur verið sá, að stefna beri að því að hverfa frá þeirri sérhæfingu í rekstri hvers viðskiptabanka, sem svo mjög hefur gætt hér á landi. Bent er á, að þessi sérhæfing komi nú m.a. fram í því, að kvaðir, sem á Útvegsbankanum hvíla um útlán til sjávarútvegsins, séu orðnar meiri en bankinn fái risið undir og allar verulegar breytingar í bankamálum hljóti því m.a. að miðast við það að bæta lausafjárstöðu bankans og tryggja með eðlilegum hætti samkeppnisaðstöðu hans. Hafa þeir, sem unnið hafa að athugunum og tillögugerð í þessum málum, einna helst staldrað við þá hugmynd, að sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans yrði grundvöllur heilbrigðrar uppstokkunar á bankakerfinu, en sú hugmynd hefur þó a.m.k. enn sem komið er ekki fengið nægan byr í seglin.

Við þær efnahagsaðstæður, sem ríktu hér á landi á síðasta ári, varð enn stórfelld rýrnun á lausafjárstöðu Útvegsbankans. Þær upplýsingar um þróun lausafjárstöðu bankans, sem fram koma í 7. kafla skýrslunnar, eru almennt kunnar, enda hefur þróun bankamála verið allmikið til umræðu á opinberum vettvangi síðustu mánuðina.

Bankaeftirlitið hefur nú um nokkurt skeið fylgst sérstaklega með ýmsum þáttum í rekstri og efnahag Útvegsbankans og skýrslur hafa verið gerðar um kannanir, sem fram fóru hjá útibúunum í Keflavík og Vestmannaeyjum seint á s.l. ári. Áður en sú heildarúttekt fór fram, sem þessi skýrsla fjallar um, hafði bankaeftirlitið því allgóða heildarmynd af fjárhagsstöðu og rekstri bankans, þ.á m. um heildarupphæð þeirra útlána, sem veikast standa, og um margvísleg vandamál, sem leysa þarf hjá útibúunum í Keflavík og í Vestmannaeyjum. Heildarúttektin nú bætti þó vissulega ýmsum nýjum dráttum inn í þá mynd, sem fyrir var, auk þess sem tækifæri gafst til endurnýjaðrar og ítarlegri könnunar en áður á ýmsum þáttum í starfsemi bankans.

Lausafjárkreppa, tæp rekstrarafkoma og aðrir erfiðleikar, sem Útvegsbankinn á nú við að glíma, verða vissulega að nokkru leyti raktir til þeirrar óheppilegu sérhæfingar í bankakerfinu, sem vikið er að hér að framan. Á hinn bóginn hlýtur bankaeftirlitið að leggja á það áherslu, að bankinn hefur í reynd engar þær skyldur að rækja við sjávarútveg eða aðra viðskiptaaðila, að hann neyðist til fjárráðstafana, sem ekki fá staðist frá bankalegu sjónarmiði.

Í skýrslunni hefur verið nokkuð rætt um almennt skipulag á stjórn útlánamála hjá bankanum, en í því efni hefur gætt veikleika á ýmsum sviðum. Af bankans hálfu hefur t.d. ekki verið fylgst nægilega skipulega með fjárhag stærstu viðskiptaaðilanna og stefna því ekki mótuð í einstökum málum með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, þar á meðal rekstrar- og greiðsluáætlunum. Einnig skal minnt á þann veikleika, sem fólginn hefur verið í því, að einstakir útibússtjórar hafa haft of frjálsar hendur til útlánaákvarðana. Hér er um ágalla að ræða, sem ef til vill verður ekki endanlega bætt úr nema með breytingum á löggjöf bankans, en þess er þó að vænta, að erindisbréf, sem bankaráðið nýlega setti útibússtjórunum, verði til verulegra úrbóta í þessu efni.

Í skýrslunni kemur sú staðreynd skýrt fram að stærstur hluti útlána bankans gengur til tiltölulega fárra lánsaðila. Nægilegar greiðslutryggingar vantar fyrir miklum fjölda stærri og smærri útlána og mjög háar útlánaupphæðir eru kyrrstæðar í þeim skilningi, að bankinn getur ekki vænst eðlilegra niðurgreiðslna lánanna eða hreyfinga á þeim. Er í skýrslunni gerð allnákvæm grein fyrir miklum fjölda af stærri útlánunum, sem óvissa telst um eða athygli vekja með öðrum hætti. Auk þess er settur fram listi yfir útlán, alls að upphæð 44,2 millj. kr., sem bankaeftirlitið verður að meta töpuð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja.

Í kafla, þar sem dregnar eru saman niðurstöður, er varða eiginfjárstöðu bankans, hefur bankaeftirlitið allan fyrirvara á um raunverulega eiginfjárstöðu. Þessu veldur ekki síst sú mikla óvissa, sem tengd er útlánastofni bankans, en ekki var nokkur leið að komast til botns í þeim málum öllum við þessa könnun. Ýmsar aðrar ástæður, sem valda óvissu um raunverulega eiginfjárstöðu, eru nefndar í viðkomandi yfirlitskafla, en þær stærstu eru annars vegar óvissa um áfallnar ábyrgðir bankans vegna eftirlaunasjóðs starfsmanna og hins vegar um raunvirði fastafjármuna.

Í skýrslunni er kafli um skipulag og framkvæmd endurskoðunar. Er þar í sem stystu máli gerð grein fyrir núverandi stöðu þessara mála hjá bankanum og þeim hugmyndum, sem bankaeftirlitið hefur um æskilegar breytingar í þeim efnum. Lögð skal áhersla á, að hér er um mikilvægt mál að ræða fyrir rekstraröryggi bankans. Í skýrslunni er ekki mikið vikið að bókhaldsframkvæmd og innra eftirliti, en nokkur atriði, sem fram koma um þessi efni, gefa til kynna, að þörf sé á auknu aðhaldi og bættum vinnubrögðum, og þar hefur vel skipulögð endurskoðun miklu hlutverki að gegna.

Ljóst er að gera verður mikið átak, ef rífa á Útvegsbankann upp úr þeirri erfiðu fjárhagslegu og rekstrarlegu stöðu, sem hann nú er í. Í þessum efnum verða að sjálfsögðu að koma til mjög ákveðnar aðgerðir af hálfu stjórnenda bankans. Ekki er unnt að reikna með því, að stjórnmálaleg samstaða náist á næstunni um uppstokkun á bankakerfinu, sem verulega þýðingu hafi fyrir stöðu og framtíðarþróun Útvegsbankans."

Skýrsla þessi var ítarlega rædd við bankastjórn Útvegsbankans og hún hvött til þess að leita lausnar á þeim vandamálum sem fjallað er um í skýrslunni og treysta stöðu bankans.

b. Heildarathugun 30. nóvember 1978.

Sú athugun, sem hér um ræðir, var í reynd sérstök úttekt á útlánum bankans en öðrum þáttum í rekstri hans sleppt.

Niðurstöður þessarar athugunar voru nánast samhljóða niðurstöðum athugunarinnar árið 1975 og settar fram á svipaðan hátt í 9. kafla skýrslunnar:

„Í þessum lokakafla skýrslunnar skal í stuttu máli vikið að nokkrum meginatriðum, sem

fram koma í undanfarandi köflum. Jafnframt verður reynt að draga einstakar niðurstöður saman í stutta heildarumsögn.

Niðurstöður er varða eiginfjárstöðu eru dregnar saman í 8. kafla. Þar er tekið fram, að ekki er um að ræða tæmandi mat á raunverulegri eiginfjárstöðu bankans. Er gerð grein fyrir þeim óvissuþáttum er mat þetta varðar og telur bankaeftirlitið að heildaráhrif þeirra séu til lækkunar endurmetinnar tölulegrar eiginfjárstöðu frá 30.11. 1978. Eiginfjárhlutfall Útvegsbankans eins og það er sett fram í þessari skýrslu samsvarar 4,3% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings frá 31.12. 1978, en samsvarandi hlutfall fyrir aðra viðskiptabanka er vart undir 6%, samkvæmt lauslegu endurmati. Ljóst er því að til þess að ná því hlutfalli þarf eigið fé Útvegsbankans að aukast verulega frá því sem nú er.

Lausafjárkreppa og léleg rekstrarafkoma undanfarin ár hafa að sjálfsögðu sett skorður við eðlilegri aukningu eigin fjár bankans. Í köflum 6 og 7 er gerð grein fyrir lausafjárstöðu og rekstrarafkomu bankans. Erfiða lausafjárstöðu má vissulega rekja til útlánastefnu bankans, sem sérstaklega hefur mótast af vilja eða „skyldu" til að sinna þörfum þeirrar atvinnugreinar, sem bankinn dregur nafn sitt af. Í kafla 3.6. kemur m.a. fram að hlutdeild sjávarútvegs í útlánum Útvegsbankans er komin yfir 60% og hefur farið vaxandi. Niðurstaða bankaeftirlitsins varðandi rekstrarafkomu Útvegsbankans undanfarin ár er sú, að raunveruleg afkoma hafi verið verulega lakari en ársreikningar bankans hafa gefið til kynna. Eru færð rök fyrir þessari niðurstöðu í kafla 7.

Bankaeftirlitið vill leggja á það áherslu, að Útvegsbankinn hefur í reynd engar þær skyldur að rækja við sjávarútveg eða aðra viðskiptaaðila, að hann neyðist til fjárráðstafana sem ekki fá staðist frá bankalegu sjónarmiði. Óheppileg sérhæfing í útlánadreifingu, eins og áður er getið, hefur leitt til a) lausafjárkreppu, b) afleitrar rekstrarafkomu og c) lélegrar eiginfjárstöðu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir nokkrum útlánamálum er sérstaka athygli vöktu. Nægilegar greiðslutryggingar vantar fyrir miklum fjölda stærri og smærri útlána og mjög háar útlánaupphæðir eru kyrrstæðar í þeim skilningi að bankinn getur ekki vænst eðlilegrar niðurgreiðslu þeirra, auk þess sem um er að ræða verulegt vaxtatap fyrir bankann í sumum tilvikum. Veikleika í skipulagi og stjórn útlánamála hefur gætt hjá bankanum og nægir í því sambandi að vísa til þeirra útlánamála sem rakin eru í fyrstu köflum skýrslunnar. Í því sambandi má benda á, að ekki er útséð um að bankinn kunni að þola tap á útlánum til nokkurra þeirra aðila, sem þar getur. Af hálfu bankans hefur t.d. ekki verið fylgst nægilega skipulega með fjárhag stærstu viðskiptaaðilanna og stefna í því ekki mótuð í einstökum málum með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, þ.á m. rekstrar- og greiðsluáætlunum.

Ekki skal hér frekar reynt að draga saman niðurstöður einstakra kafla skýrslunnar en látið nægja að vísa til þeirra.

Eins og getið er um í inngangskafla skýrslunnar, miðaði athugun bankaeftirlitsins að þessu sinni fyrst og fremst að því að ná saman yfirliti yfir útlánastofn bankans, auk þess sem aðrir efnahagsliðir voru athugaðir með tilliti til þess að fá sem raunhæfasta mynd af raunverulegri eiginfjárstöðu. Aðrir þættir, s.s. framkvæmd endurskoðunar, innra eftirlit, skipulag bókhalds o.s.frv., voru ekki athugaðir að þessu sinni.

Á undanförnum árum hefur skipulag innlánsstofnanakerfisins verið mjög til umræðu og athugunar. Í því sambandi hefur athyglin ekki hvað síst beinst að stöðu Útvegsbankans og líklegri framtíðarþróun í rekstri hans. Umræður um þessi mál hafa m.a. leitt til þess, að lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins þar sem gert er ráð fyrir sameiningu Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Var frumvarp þetta lagt fram sem stjórnarfrumvarp á 94. löggjafarþingi 1973–1974 og svo aftur nær óbreytt á 99. löggjafarþingi 1977–1978 en þá sem þingmannsfrumvarp. Frumvörp þessi urðu ekki útrædd.

Fyrir liggur að enn á ný verði lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins þar sem m.a. er gert ráð fyrir áðurgreindri sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans.

Að mati bankaeftirlitsins ætti sú staðreynd, að Útvegsbankinn er í mjög erfiðri fjárhagslegri og rekstrarlegri stöðu, að knýja á um raunhæfar úrbætur, annaðhvort með sameiningu banka eða öðrum úrræðum."

Skýrslan var afhent og ítarlega rædd á fundi með bankastjórn og formanni bankaráðs Útvegsbankans þann 3. maí 1979. Á þeim fundi var auk þess lagt fram minnisblað um þau atriði sem bankastjórn Seðlabankans taldi óhjákvæmilegt að bankastjórn Útvegsbankans tæki þegar í stað til meðferðar og lagfæringar í rekstri bankans:

„Í ljósi þeirrar skýrslu, sem nú liggur fyrir frá hendi bankaeftirlitsins um skoðun á Útvegsbankanum, miðað við lok nóvember 1978, telur bankastjórn Seðlabankans óhjákvæmilegt, að bankastjórn Útvegsbankans geri nú þegar ráðstafanir til lagfæringar í rekstri bankans, einkum að því er tekur til útlána, til að forða bankanum frá hugsanlegum töpum og koma á eðlilegu eftirliti með hinum stærri skuldunautum bankans. Ráðstafanir þessar verði í meginatriðum þríþættar.

1. Þegar í stað verði hafist handa um að afla fullnægjandi trygginga fyrir öllum útlánum bankans, en verulegur misbrestur hefur verið á töku trygginga skv. skýrslu bankaeftirlitsins, og þess verði framvegis vandlega gætt, að lán séu aldrei afgreidd nema fyrir hendi séu fullnægjandi tryggingar, beinar eða óbeinar.
2. Nokkrir af stærstu skuldunautum bankans eru fyrirtæki, sem lent hafa í verulegum fjárhagserfiðleikum, sem leitt hafa til allmikilla vanskila við bankann og veruleg hætta er á, að töp geti hlotist af í sumum tilvikum. Brýna nauðsyn ber til, að það verði ekki látið dragast, að þessi fyrirtæki verði tekin til athugunar og vísast í því sambandi til 5. gr. samkomulags Seðlabankans og Útvegsbankans frá 22. febr. 1978. Á grundvelli fyrrgreindrar skoðunarskýrslu bankaeftirlitsins hefur verið útbúinn meðfylgjandi listi yfir þau fyrirtæki, sem teljast til þessa flokks. Telur bankastjórn Seðlabankans, að frekari lánveitingar til þessara fyrirtækja eigi ekki að koma til greina fyrr en athugun hefur farið fram og staða þeirra hefur verið metin og greiðslugeta. Þetta ætti þó ekki að ná til venjulegra afurðalána, þar sem lán eru talin fulltryggð með veði í afurðunum.
3. Í framhaldi af því, sem segir í 2 hér að framan, verði hafist handa um að sinna því verkefni að fylgjast með þeim fyrirtækjum, sem eru viðskiptaaðilar bankans á grundvelli fjárhagsstöðu, rekstursreikninga og reksturs- og greiðsluáætlana. Er nauðsynlegt að sett verði upp ný deild í bankanum til að sinna þessum verkefnum eða hagdeildin verulega efld í því skyni, en þar til þeirri endurskipulagningu er lokið, verði fengin aðstoð sérfróðs aðila utan bankans til að flýta fyrir aðgerðum og koma þessari starfsemi í gang.

Í skýrslu bankaeftirlitsins kemur einnig fram, að heimildarlausir yfirdrættir eru látnir viðgangast án þess að beitt sé þeim reglum um tékkaviðskipti, sem settar voru með samkomulagi milli bankanna árið 1977 og enn fremur að misbrestur hafi orðið á skráningu ábyrgða, sem bankinn hefur tekið á sig, sem hefur leitt til rangrar skýrslugjafar bankans til bankaeftirlitsins.

Hér er í báðum tilvikum um að ræða framkvæmd, sem bankastjórn Seðlabankans verður að ætlja og gera verður kröfu um að verði lagfærð."

Skýrslan var send viðskiptaráðherra 4. maí 1979 ásamt útdrættinum og minnisblaði því sem áður er getið.

Með bréfi, dags. 10. maí 1979, gerði bankastjórn Útvegsbankans Seðlabankanum grein fyrir þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar voru með hliðsjón af niðurstöðum skýrslu bankaeftirlitsins:

„Í tilefni af skýrslu bankaeftirlits Seðlabankans um Útvegsbanka Íslands frá 30.11. 1978 og með tilvísun til minnisblaðs vegna fundar með bankastjórn Seðlabankans 3. maí 1979 vill bankastjórn Útvegsbankans taka fram eftirfarandi:

1. Bankaráðsmönnum hefur verið afhent skýrsla bankaeftirlitsins og bankaráðsfundur var haldinn um skýrsluna í dag.

2. Bankastjórnin hefur þegar hafið ráðstafanir til að afla fullnægjandi trygginga fyrir þeim útlánum, sem vantryggð hafa verið.
3. Bankastjórnin mun svo fljótt sem við verður komið láta fara fram úttekt á stöðu þeirra viðskiptamanna bankans, sem lent hafa í verulegum fjárhagserfiðleikum og eru í vanskilum við bankann.
4. Bankastjórnin mun jafnframt hlutast til um að fylgst verði með þeim fyrirtækjum sem eru viðskiptaaðilar bankans, á grundvelli fjárhagsstöðu, rekstursreikninga og reksturs- og greiðsluáætlana.
5. Framangreind verkefni verða falin starfsmönnum bankans, en til þess að flýta sem mest fyrir aðgerðum mun bankastjórnin leita aðstoðar sérfróðra aðila utan bankans. Einnig verða gerðar ráðstafanir til að efla hagdeild bankans.
6. Bankastjórnin mun svo fljótt sem verða má gera stjórn Seðlabanka og bankaeftirliti grein fyrir stöðu einstakra viðskiptaaðila, sem bankaeftirlitið hefur gert sérstakar athugasemdir um og jafnframt koma með leiðréttingar, þar sem bankastjórnin telur þess þurfa með."

Með bréfi, dags. 18. maí 1979, gerði Seðlabankinn viðskiptaráðherra grein fyrir stöðu málsins eins og hún var þá:

„Hinn 4. maí s.l. var skýrsla bankaeftirlits Seðlabankans um niðurstöður eftirlits, sem framkvæmt var hjá Útvegsbanka Íslands, frá 30. nóv. 1978, send ráðuneytinu með vísan til 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands. Skýrslunni fylgdu önnur gögn, m.a. minnisblað vegna fundar bankastjórna Seðlabankans og Útvegsbankans, sem haldinn var þann 3. maí s.l., þar sem bankastjórn Seðlabankans telur óhjákvæmilegt, að bankastjórn Útvegsbankans geri þá þegar tilteknar ráðstafanir til lagfæringar í rekstri bankans með hliðsjón af niðurstöðum bankaeftirlitsins, sem fram koma í áðurnefndri skýrslu. Eru ráðstafanir þessar taldar upp í þremur meginatriðum.

Bankastjórn Útvegsbankans hefur með bréfi, dags. 10. maí s.l., gert Seðlabankanum grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem hún hefur þegar gert eða hyggst gera, til lagfæringar í rekstri bankans. Þessar ráðstafanir voru svo kynntar nánar af bankastjórn Útvegsbankans á fundi með bankastjórn Seðlabankans og forstöðumanni bankaeftirlitsins þann 17. maí s.l.

Bankastjórn Seðlabankans telur rétt að gera ráðuneytinu grein fyrir stöðu málsins, eins og hún er nú:

1. Samkvæmt upplýsingum bankastjórnar Útvegsbankans hefur verið hafist handa við að afla fullnægjandi greiðslutrygginga fyrir þeim útlánum sem vantryggð voru.
2. Hugað hefur verið að eflingu hagdeildar bankans með ráðningu tveggja eða þriggja viðskiptafræðinga, sem hafi það meginverkefni að fylgjast með fyrirtækjum, sem eru í viðskiptum við bankann á grundvelli fjárhagsstöðu, rekstursreikninga og reksturs- og greiðsluáætlana.
3. Úttekt á stöðu þeirra viðskiptamanna bankans, sem lent hafa í verulegum fjárhagserfiðleikum og eru í vanskilum við bankann, er í undirbúningi.
4. Til að flýta framangreindum verkefnum hefur verið leitað eftir aðstoð löggiltra endurskoðenda og rekstrarráðgjafarfyrirtækja utan bankans og eru líkur til að slík aðstoð fáist.

Bankastjórn Seðlabankans hefur lagt á það áherslu, að framangreindar aðgerðir og skipulagsbreytingar verði framkvæmdar án ástæðulauss dráttar. Framtíð bankans veltur m.a. á því, að vel takist til í þessum efnum. Sérstakur fulltrúi Seðlabankans mun fylgjast daglega með framvindu málsins í Útvegsbankanum.

Þau vandamál í rekstri Útvegsbankans, sem komið hafa í ljós í þeirri könnun, sem hér er til umræðu, auka að sjálfsögðu nauðsyn þess, að gerðar verði varanlegar ráðstafanir til að styrkja stöðu bankans og bæta úr því misvægi, sem verið hefur í starfsemi hans um árabil. Vill Seðlabankinn vísa til fjölmargra álitsgerða um það mál á undanförnum árum, þar sem

einkum hefur verið bent á sameiningu ríkisbankanna sem vænlega leið til að bæta úr þessum vanda.“

Viðskiptaráðherra ritaði Seðlabankanum svohljóðandi bréf 14. júní 1979 vegna þessa máls:

„Ráðuneytinu hefur borist skýrsla bankaeftirlits Seðlabankans um niðurstöður eftirlits, sem framkvæmt var hjá Útvegsbanka Íslands 30. nóvember 1978, ásamt minnisblaði dags. 3. maí s.l. og bréfi bankastjórnar Seðlabankans dags. 18. maí s.l.

Rannsókn bankaeftirlitsins hefur samkvæmt þessum gögnum leitt í ljós, að stjórn Útvegsbankans virðist ábótavant og telur ráðuneytið hér vera um alvarlegt mál að ræða.

Ráðuneytið telur, að eðlilega hafi verið að þessu máli staðið af hálfu Seðlabankans og er sammála þeim ráðstöfunum til úrbóta, sem Seðlabankinn hefur lagt til í framangreindum gögnum.

Hefur ráðuneytið af þessu tilefni ritað í dag bankastjórn og bankaráði Útvegsbankans bréf og lagt fyrir þessa aðila að framkvæma tafarlaust fyrirmæli Seðlabankans í þessum efnum. Fylgja bréf þessi hér með í afriti.

Niðurstöður þær, sem hér liggja fyrir, gera það hins vegar enn brýnna en áður, að allsherjarúttekt og víðtæk skoðun verði gerð á rekstri og stöðu Útvegsbanka Íslands, svo að unnt verði að fá raunhæft mat á heildarstöðu bankans.

Er þess hér með farið á leit við bankastjórn Seðlabankans, að bankaeftirlitið framkvæmi, svo fljótt sem nokkur kostur er, slíka heildarúttekt.“

Á næstu vikum og mánuðum var unnið að því af hálfu Útvegsbankans í samráði við Seðlabankann að framkvæma áðurgreindar aðgerðir. Gerðar voru ráðstafanir til þess að efla hagdeild bankans til þess m.a. að gera sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu fyrirtækja í viðskiptum við bankann og fylgjast með reksturs- og greiðsluáætlunum þeirra. Auk þess voru gerðar tillögur um breytingar á öðrum verkþáttum og skipulagi innan bankans í þeim tilgangi að tryggja sem best stöðu hans og rekstur. Að þessum tillögum vann sérstök verkefnisstjórn. Bankastjórn Útvegsbankans gerði og bankaeftirlitinu grein fyrir stöðu einstakra viðskiptaaðila sem áður höfðu verið gerðar athugasemdir við.

c. Um stöðu og fjárhagsvanda Útvegsbankans 1980.

Áður hefur komið fram að samdar eru tvær skýrslur á árinu 1980 um stöðu og fjárhagsvanda Útvegsbankans. Sú fyrri í apríl 1980 og nefnist „Um stöðu Útvegsbanka Íslands“. Tilgangur þeirrar skýrslu var að draga saman á einn stað greinargott yfirlit yfir þróun bankans síðasta áratug og þær breytingar sem orðið höfðu á þeim tíma.

Skýrslunni er skipt í þrjá meginkafla sem fjalla um stöðu bankans í bankakerfinu, þróun bankans og aðgerðir af hálfu Seðlabankans til stuðnings lausafjárstöðu og afkomu Útvegsbankans. Auk þess eru í skýrslunni tveir kaflar sem fjalla sérstaklega um þróun síðustu tveggja ára og stöðuna þá og horfur fram undan miðað við fyrirliggjandi upplýsingar. Meginvandi Útvegsbankans kom þá fram í lélegri lausafjárstöðu, versnandi rekstrarafkomu og hrakandi eiginfjárstöðu.

Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir þróun nokkurra lykilstærða úr efnahagsreikningi bankans undanfarinn áratug og skoðaðar í samhengi gefa þær vel til kynna á hvaða vegi Útvegsbankinn var staddur þá. Þessar stærðir voru rekstrarafkoma og eiginfjárstaða, lausafjárstaða, þróun útlána (þaklána) og þróun innlána. Leitast er við að skýra þróun þessara stærða með nánari skoðun á einstökum rekstrarþáttum bankans, þ.m.t. einstökum útibúum bankans.

Gerð er grein fyrir aðgerðum af hálfu Seðlabankans til stuðnings lausafjárstöðu og afkomu Útvegsbankans. Um þær aðgerðir segir m.a. í skýrslunni:

„Léleg og versnandi rekstrarafkoma og neikvæð lausafjárstaða fylgdust að hjá Útvegsbankanum allan síðasta áratug. Segja má að þessi vandi Útvegsbankans hafi

endurspeglað betur en nokkuð annað það misvægi í skipulagi bankakerfisins hér á landi, sem gefið hefur Seðlabankanum tilefni til tillagna um breytingar þar á. Eins og hjálögð tafla 7 sýnir fór lausafjárstaða Útvegsbankans versnandi allan síðasta áratug. Framan af áratugnum eða allt til ársins 1974 fjármagnaði Útvegsbankinn neikvæða lausafjárstöðu með erlendri skuldasöfnun, en Seðlabankinn veitti jafnframt nokkra aðstoð í formi víxlakaupa. Á árinu 1974 versnaði staðan svo ískyggilega að Seðlabankinn varð að koma til skjalanna og hefja aðgerðir til stuðnings lausafjárstöðu og afkomu Útvegsbankans. Öll árin síðan hafa af hálfu Seðlabankans verið í framkvæmd aðgerðir af ýmsu tagi sem ætlað hefur verið að reyna að vinna bug á hinni erfiðu lausafjárstöðu Útvegsbankans."

Síðan er gerð grein fyrir þremur tilteknum stuðningsaðgerðum við Útvegsbankann: a) sérstök lánafyrirgreiðsla í formi víxla, skuldabréfa og lánabreytingar í sjávarútvegi, b) eftirgjöf vaxta af viðskiptareikningi og yfirtaka á gengistapi og c) samkomulag Seðlabanka og Útvegsbanka frá 17. febrúar 1978 um markmið í útlánastarfsemi Útvegsbanka og greiðslu óumsaminna skulda hans í Seðlabanka. Um hið síðastnefnda segir svo í skýrslunni:

„Í árslok 1977 var lausafjárstaða Útvegsbankans enn á ný orðin mjög slæm. Staðan hélt áfram að versna í janúar 1978, fyrst og fremst vegna mikillar útlánaaukningar og ljóst varð að ekki varð hjá því komist að gera enn einu sinni róttækar ráðstafanir til að reyna að stemma stigu við þeirri óheillavænlegu þróun sem við blasti. Bankastjórn Seðlabankans taldi að ekki kæmi til greina að veita frekari fyrirgreiðslu í formi víxla eða skuldabréfa til Útvegsbankans nema aðrar ráðstafanir kæmu jafnframt til framkvæmda. Var því af hálfu Seðlabankans athugað með hvaða hætti skuldaaukning Útvegsbankans við Seðlabankann yrði stöðvuð. Um tvær leiðir virtist vera að ræða. Annars vegar að Seðlabankinn setti hámark á yfirdráttarskuld á viðskiptareikningi Útvegsbankans og vísaði frá öllum færslum á reikninginn sem færu fram úr því marki. Þessi leið var því marki brennd að ef stjórnendum Útvegsbankans mistækist að ná tökum á útlánum bankans, líkt og gerst hafði árið áður, þá hefði komið til greiðslurofs bankans með þeim afleiðingum, sem slíkt hefði getað haft fyrir viðskiptatraust bankakerfisins í heild, auk þess sem ríkissjóður sem ábyrgðaraðili og eigandi bankans hefði hugsanlega staðið frammi fyrir mjög alvarlegum fjárkröfum vegna ábyrgðar hans. Hin leiðin var að óumsömdum yfirdráttarskuldum Útvegsbankans við Seðlabankann yrði breytt í víxillán eða skuldabréf jafnframt því sem Útvegsbankinn gerði formlegt samkomulag við Seðlabankann um skuldbindingu til að halda útlánum sínum innan þeirra marka sem fjárhagsgeta bankans leyfði. Bankastjórn Seðlabankans taldi ekki fært að fara fyrri leiðina að sinni heldur var ákveðið að reyna til þrautar að aðstoða bankastjórn Útvegsbankans við að ná tökum á útlánum bankans.

Eftir viðræður bankastjórna Seðlabankans og Útvegsbankans var undirritað samkomulag milli bankanna um markmið í útlánastarfsemi Útvegsbankans og greiðslu óumsaminna skulda hans við Seðlabankann. Þetta samkomulag var staðfest af bankaráði Útvegsbankans."

Síðan er gerð nánari grein fyrir efnisatriðum samkomulagsins og fjárhæðum fyrirgreiðslunnar á hverjum tíma. Samkomulagið gerði m.a. ráð fyrir að Útvegsbankinn tæki upp virka útlánastjórn með áætlanagerð og nánu eftirliti með helstu viðskiptaaðilum bankans. Enn fremur skyldi sérstakur fulltrúi Seðlabankans fylgjast nákvæmlega með framkvæmd samkomulagsins. Útvegsbankinn stóð við samkomulagið á árinu 1978 að því er varðaði aukningu útlána, en erfiðlega gekk að koma á virkri útlánastjórn af hálfu bankastjórnar. Á árinu 1979 tókst Útvegsbankanum ekki að standa við samkomulagið og versnaði lausafjárstaðan mjög mikið. Samkomulagið var ekki endurnýjað í upphafi árs 1980 en samið um skuldir Útvegsbankans við Seðlabankann til skamms tíma í senn.

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar af hálfu Seðlabankans og fulltrúa hans miðaði hægt við að koma á virkri útlánastjórn eins og árangurinn sýndi, en þó var svo komið í september að grundvöllur var lagður að skipulagsbreytingu og aukinni starfsemi hagdeildar bankans til aðstoðar bankastjórn við útlánastjórn en árangur lét á sér standa.

Í lok skýrslunnar eru niðurstöður hennar dregnar saman og gerð grein fyrir horfum fram undan í rekstri bankans. Er niðurstaðan sú að ekki verði séð að Útvegsbankinn geti þolað slík áföll eins og þá blöstu við og því mjög brýnt að gerðar verði ráðstafanir til úrbóta.

Síðari skýrslan er frá því í september 1980 og nefnist „Fjárhagsvandi Útvegsbankans og tiltækar aðgerðir til lausnar honum". Tilgangur þeirrar skýrslu var sá að athuga þær tvær leiðir sem þá virtust helst koma til álita til lausnar langvinnum og vaxandi fjárhagsvanda Útvegsbanka Íslands, „en lausn á þeim vanda til frambúðar virðist ekki mega dragast lengi úr þessu" eins og komist er að orði í skýrslunni.

Önnur leiðin, sem athuguð var, er að Útvegsbankinn verði lagður niður og eignum hans og skuldum skipt á hina tvo ríkisviðskiptabankana, Landsbankann og Búnaðarbankann. Hin leiðin er fólgin í gagngerri endurskipulagningu Útvegsbankans að því er varðar fjárhagslega uppbyggingu, stjórn og fleiri atriði t.d. útibúakerfi bankans.

Í almennum inngangi að þeim kafla skýrslunnar, sem fjallar nánar um þær leiðir sem helst þóttu koma til greina, segir:

„Í umræðum um fjárhagsleg vandamál Útvegsbankans hefur gjarnan verið á það bent að meginorsök vandans felist í óheppilegri hlutfallslegri dreifingu útlána bankans á einstakar atvinnugreinar. Það sem hér um ræðir er fyrst og fremst það að lán til sjávarútvegs og fiskvinnslu hafa alltaf skipað hærri sess í útlánum Útvegsbankans en annarra banka og mismunur milli bankanna að þessu leyti hefur farið vaxandi. Þannig hefur hlutur sjávarútvegs í útlánum Útvegsbankans aukist úr um 33% í um 60% á síðustu 20 árum.

Það er vissulega rétt, að misvægið í útlánadreifingu Útvegsbankans hefur gert stjórnendum hans erfiðara um vik að ná tökum á fjárhagsvandamálum bankans. Á hinn bóginn verður alls ekki séð, að bankinn hafi neinar þær skyldur við sjávarútveginn, sem gert hafi það óhjákvæmilegt, að útlánahlutdeild hans nærri því tvöfaldaðist á 20 árum. Ekki verður heldur séð, að bankinn hafi haft þær skyldur að rækja við sjávarútveginn, að þær hafi hindrað stjórnendur bankans í að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma fjármálum hans á réttan kjöl.

Það er svo annað mál, að framangreint misvægi innan ríkisviðskiptabankakerfisins er ein af ástæðum þess, að í meira en áratug hafa verið uppi raddir þess efnis, að stefna beri að endurskipulagningu ríkisviðskiptabankanna á þann hátt að fækka þeim úr þremur í tvo og ná þannig fram þeim markmiðum að gera ríkisviðskiptabankana starfhæfari og ódýrari í rekstri.

Stjórnendur Seðlabankans hreyfðu þessu máli fyrst opinberlega á árinu 1968 og síðan hafa verið gerðar ýmsar athuganir á þessu sviði og tillögur komið fram án þess þó að nægileg pólitísk samstaða hafi náðst um framgang málsins.

Veigamesta starfið á þessu sviði fór fram í bankamálanefnd, sem skilaði áliti í ársbyrjun 1973. Að því er ríkisviðskiptabankana varðar benti nefndin á sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans sem líklegustu leiðina til að ná þeim markmiðum, sem að væri stefnt.

Á það skal lögð áhersla, að til skamms tíma miðuðust tillögur um fækkun ríkisviðskiptabankanna í tvo ekki fyrst og fremst við það að leysa fjárhagsvanda Útvegsbankans, sem ekki yrði leystur með öðrum hætti. Röksemdir að baki þessum tillögum voru fyrst og fremst þær, að út úr endurskipulagningunni gætu komið tveir bankar svipaðir að stærð, með sömu starfsheimildir og nokkurn veginn sömu viðskiptaaðstöðu. Þessir bankar mundu því keppa á jafnréttisgrundvelli, veita viðskiptavinum sínum betri þjónustu en áður og væntanlega með töluvert minni tilkostnaði. Fjárhagsvandi var þá vissulega fyrir hendi hjá Útvegsbankanum og lausn hans var enn þá ein röksemd fyrir uppstokkun ríkisviðskiptabankanna, en hún var ekki aðalröksemdin.

Eins og málin hins vegar standa í dag er fjárhagsvandi Útvegsbankans orðinn það mikill og frambúðarlausn hans svo aðkallandi, að þetta er orðin langveigamesta röksemdin fyrir endurskipulagningu ríkisviðskiptabankanna með þeim hætti að fækka þeim í tvo banka. Endurskipulagning með þessum hætti er nú önnur þeirra tveggja meginleiða, sem til greina koma til lausnar á fjárhagsvanda Útvegsbankans.

Hin leiðin, sem til álita gæti komið, er gagnger endurskipulagning á fjárhag Útvegsbankans og starfsemi hans allri. Hér er átt við mun víðtækari endurskipulagningu en reynd var á árinu 1977 og minnst er á í kaflanum hér á undan. Ríkisvaldið yrði sem eigandi bankans að eiga verulega hlutdeild í slíkum breytingum, t.d. með verulegu fjárframlagi og væntanlega með breytingum á stjórn bankans. Þá yrði að taka öll útlánamál bankans til gagngers endurmats og skýrrar stefnumörkunar í meðferð allra útlána, er máli skipta. Hinir tveir ríkisviðskiptabankarnir yrðu einnig að koma töluvert inn í þessa mynd, fyrst og fremst með yfirtöku lánsviðskipta."

Á árinu 1980 áttu sér stað allmiklar umræður milli viðskiptaráðuneytis, bankastjórnar Seðlabankans og bankastjórnar Útvegsbankans um hin þrálátu rekstrar- og lausafjárvandamál Útvegsbankans og leiðir til lausnar þeim. Þjónaði skýrsla þessi m.a. þeim tilgangi að draga upp þá valkosti sem fyrir hendi voru.

Í árslok 1980 samþykkti ríkisstjórnin tillögur sem fólu í sér þrenns konar aðgerðir til styrktar eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu Útvegsbankans. Var Seðlabankanum falið að hafa forustu um framkvæmd þeirra. Í ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1981 er gerð grein fyrir þessum aðgerðum og segir þar m.a.:

„ ... Var þar fyrst eftirgjöf Seðlabankans á refsivöxtum af yfirdráttarskuld Útvegsbankans á árinu 1980, 11 millj. kr. Í öðru lagi var lánveiting Seðlabankans til Útvegsbankans að upphæð 50 millj. kr., sem endurgreiðist að hluta af ríkissjóði á næstu 12 árum, en Seðlabankinn ber að hluta. Loks var svo um að ræða flutning á viðskiptum sjávarútvegsfyrirtækja til annarra innlánsstofnana, en í sambandi við það veitti Seðlabankinn fyrirgreiðslu að upphæð 56 millj. kr. Í sambandi við þessa síðasttöldu aðgerð yfirtók Landsbankinn útibú Útvegsbankans á Seyðisfirði. Eftir þessar aðgerðir stendur Útvegsbankinn mun betur að vígi bæði vegna bættrar eiginfjárstöðu og flutnings viðskipta, sem verkaði til bóta á lausafjárstöðuna. Leiddi þetta m.a. til þess, að hlutur sjávarútvegs í útlánum bankans minnkaði úr 59,2% í árslok 1980 í 46,5% í lok árs 1981."

Alls höfðu þessar aðgerðir í för með sér nálægt 120 millj. kr. bata á lausafjárstöðu Útvegsbankans og verulega lækkun á hlutfalli sjávarútvegslána í heildarútlánum bankans eins og fram kemur hér að framan. Á verðlagi í lok janúar 1986, miðað við lánskjaravísitölu, samsvarar þessi fjárhæð 792,8 millj. kr. án vaxta.

d. Athugun á stærstu lánþegum Útvegsbanka Íslands frá 30. júní 1985.

Hér er um að ræða sérstaka athugun frá 30. júní 1985 á stærstu lánþegum bankans miðað við skuldbindingar og greiðslutryggingar. Alls voru athugaðir 26 lánþegar. Í inngangi skýrslu, sem gerð var um athugunina, er tekið fram að öflun upplýsinga hafi reynst tímafrekari en gert var ráð fyrir í upphafi m.a. vegna sumarleyfa og eins vegna vissrar ónákvæmni í skýrslugjöf frá Útvegsbankanum til bankaeftirlitsins.

Skýrslan var endanlega frágengin í október og send viðskiptaráðherra 22. sama mánaðar. Skýrslan var afhent bankastjórn og formanni bankaráðs Útvegsbanka Íslands 23. október á fundi með bankastjórn Seðlabankans og forstöðumanni bankaeftirlitsins.

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um skuldbindingar 14 tilgreindra lánþega sem bankaeftirlitið gerir athugasemdir við eða telur ástæðu til að vekja athygli á af ýmsum ástæðum. Þá er stuttlega gerð grein fyrir sjónarmiðum bankaeftirlitsins varðandi stöðu fimm annarra lánþega gagnvart bankanum. Sérstök yfirlit yfir alla athugaða aðila, skuldbindingar og greiðslutryggingar, fylgja skýrslunni. Sérstakur kafli er í skýrslunni um áætlaða afskriftaþörf vegna athugaðra útlána. Eiginfjárstaða Útvegsbankans er endurmetin með hliðsjón af áætlaðri afskriftaþörf og öðrum atriðum m.a. á grundvelli bráðabirgðauppgjörs bankans frá 31. ágúst 1985.

Í 8. kafla skýrslunnar eru niðurstöður bankaeftirlitsins dregnar saman í stuttu máli:

„Meginniðurstöður athugunar bankaeftirlitsins á stærstu lánþegum Útvegsbanka Íslands

30. júní 1985 eru þær, að eiginfjárstaða bankans er mjög veik, eða eigið fé rúmlega 62 millj. kr. 31. ágúst 1985, sbr. niðurstöðu kaflans hér á undan. Í þeirri niðurstöðu er ekki tekið tillit til skuldbindinga bankans vegna lífeyrisréttinda starfsfólks, en vikið að því að þær séu verulega vanreiknaðar í efnahagsreikningi bankans. Þá skal einnig bent á, að athugunin náði eingöngu til u.þ.b. helmings af útlánastofni bankans. Til þess að mæta almennri útlánaáhættu vegna annarra lána og skuldbindinga er gert ráð fyrir 1% í afskriftareikningi útlána.

Miðað við niðurstöðu efnahagsreiknings bankans 31. ágúst 1985 er framangreind eiginfjárstaða aðeins u.þ.b. 0,7% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Rétt er að taka fram, að bankaeftirlitið lagði ekki sjálfstætt mat á verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna, en bókfært virði þeirra er í samræmi við tíðkanlegar reikningsskilavenjur.

Að mati bankaeftirlitsins er staða Útvegsbanka Íslands í dag mjög alvarleg. Skv. 2. gr. laga nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands, ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

Með vísan til 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, verður þessi skýrsla send viðskiptaráðherra."

Skýrslan hefur verið til meðferðar hjá viðskiptaráðherra, bankastjórn og bankaráði Útvegsbanka Íslands frá því í október 1985.

3. Sérstök afskipti bankaeftirlitsins vegna Hafskipsmálsins.

Í áðurgreindum skýrslum bankaeftirlitsins um eftirlit hjá Útvegsbanka Íslands á tímabilinu 1975–1985 er gerð ítarleg grein fyrir viðskiptum fjölmargra af stærstu viðskiptaaðilum bankans. Í mörgum tilvikum eru gerðar athugasemdir og þær settar fram og rökstuddar með ýmsum hætti og út frá ýmsum sjónarmiðum. Hafskip hf. er meðal þeirra lánþega sem bankaeftirlitið hefur gert sérstaklega grein fyrir í þessum skýrslum. Auk þess voru viðskipti Hafskips og Útvegsbankans athuguð af bankaeftirlitinu sérstaklega í október og nóvember 1977 eins og áður greinir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir athugunum þessum og athugasemdum bankaeftirlitsins í hverju tilviki.

Í skýrslu bankaeftirlitsins um niðurstöður eftirlits hjá Útvegsbankanum frá 31. mars 1975 er gerð grein fyrir viðskiptum Hafskips við bankann og þróun þeirra frá miðju ári 1972. Á því tímabili jókst fyrirgreiðsla bankans við fyrirtækið um rúmlega 70% á föstu verðlagi og var bankinn þá kominn í hættulega stöðu. Í niðurstöðum bankaeftirlitsins um þetta mál segir:

„Þróun þessara skuldaviðskipta er þannig allt fram á árið 1973, að vægast sagt verður ekki séð, að hún hafi á neinn hátt verið í samræmi við hagsmuni bankans, enda bankinn þá kominn í mjög hættulega stöðu í málinu. Sú þróun, sem síðan hefur orðið, hefur í veigamiklum atriðum verið bankanum í hag, og kemur þar bæði til, að fyrirtækinu tókst á síðustu stundu að lagfæra rekstur sinn og að bankinn hefur tekið þessi viðskipti skipulegri tökum en áður. Á hinn bóginn er bankinn nú kominn í ískyggilega miklar ábyrgðir fyrir fyrirtækið, en þær eru á erlendum lánum, og við síðustu gengisfellingu fóru heildarskuldbindingar við bankann upp fyrir fram lagðar tryggingar, eins og fram kemur hér á undan. Hér er því enn um mjög erfið viðskipti að ræða fyrir bankann og óséð hvort honum tekst að sigla þar fyrir öll sker."

Rætt var við bankastjórn Útvegsbankans um skýrsluna og var hún hvött til þess að leita lausnar á málinu er tryggði hagsmuni bankans. Ekki tókst þó að bæta afkomu eða stöðu Hafskips að neinu marki næstu árin og á árinu 1977 var leitað eftir erlendri lántöku að fjárhæð 600 þús. bandaríkjadala með bakábyrgð Útvegsbankans til þess að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins og var sú beiðni tilefni þess að bankaeftirlitið tók viðskipti Hafskips við Útvegsbankann enn til rækilegrar athugunar. Bankaeftirlitið skilaði skýrslu um þá athugun í nóvember 1977. Í skýrslunni er gerð nákvæm grein fyrir þróun viðskiptanna frá árinu 1975. Í niðurstöðum bankaeftirlitsins segir:

„Áður en dregnar eru saman niðurstöður þess sem fram kemur hér á undan skal minnt á það, að bankaeftirlitið framkvæmdi heildarskoðun hjá Útvegsbanka Íslands á árinu 1975. Í skýrslu um niðurstöður þess eftirlits var í alllöngu máli fjallað um fyrirgreiðslu bankans við Hafskip hf. og var þar lögð áhersla á, að ekki verði séð að viðskiptin við fyrirtækið hafi fram til ársins 1973 verið með þeim hætti að samrýmdist hagsmunum Útvegsbankans. Hins vegar hafi viðskiptin í veigamiklum atriðum breytt um svip til hins betra í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins á árunum 1973 og 1974. Vakin var þó athygli á þeirri áhættu, sem fólst í vaxandi ábyrgðum bankans á erlendum lánum fyrirtækisins. Niðurstaða umsagnar um þetta mál í eftirlitsskýrslunni var á þann veg, að enn væru þessi viðskipti mjög erfið fyrir bankann og óséð hvort honum tækist að sigla þar fyrir öll sker. Þegar skoðunin fór fram, var skuldastaðan eins og fram kemur í upphafi þessarar greinargerðar, en Hafskip hf. var þá fjórði stærsti lánþegi bankans og eru þá meðtalin bæði bein útlán og ábyrgðaskuldbindingar.

Bankaeftirlitið hefur ekki framkvæmt athugun á útlánaviðskiptum aðalbanka Útvegsbankans frá því að framangreindri skoðun lauk. Ekki verður annað sagt en að þær staðreyndir, sem nú blasa við um þróun viðskiptanna við Hafskip hf. s.l. 2–3 ár og stöðu þeirra mála í dag, hafi komið bankaeftirlitinu á óvart. Með tilliti til fyrri reynslu bankans af þessum viðskiptum, og með hliðsjón af mjög erfiðri fjárhagsstöðu bankans sjálfs, mátti ætla að ýtrasta aðhald og aðgát yrði sýnd í þessu máli.“

Og enn fremur:

„Hvernig sem á þetta mál er litið er ljóst, að staða Útvegsbankans er orðin stórlega viðsjárverð. Komi til gjaldþrots hjá fyrirtækinu gæti bankinn á skömmum tíma þurft að leysa til sín kröfur upp á hundruð milljóna króna. Er þeirri áhættu lýst í greinargerð frá Útvegsbankanum dags. 24.10. 1977, en þar er talið að fjárútlát bankans yrðu vart undir 700 millj. gkr. Tekið skal fram, að fara þarf nánar ofan í þessa hlið málsins. Lausafjárstaða Útvegsbankans var neikvæð um 2462 millj. gkr. 30.9. s.l. og ekki þarf því að hafa mörg orð um geigvænleg áhrif þess að þurfa að innleysa framangreindar skuldir Hafskips. Enda þótt bankinn gæti ef til vill samið um greiðslufrest á hluta hinna erlendu skulda, yrði það vart nema til skamms tíma og hafa þarf í huga þá gengisáhættu, sem því fylgir.

Auk hugsanlegra áhrifa á lausafjárstöðu bankans verður svo að horfast í augu við þá hreinu tapáhættu, sem bankinn er í. Hér að framan er gerð grein fyrir hinni miklu óvissu, sem er um raunverulega eiginfjárstöðu Hafskips og óvissu um raungildi þeirra greiðslutrygginga, sem bankinn hefur. Í viðbót við það gífurlega áfall, sem innlausn skulda fyrirtækisins og fjárbinding af þeim sökum yrði fyrir bankann, verður því engan veginn útilokað, að um umtalsverð, endanleg skuldatöp geti orðið að ræða.

Til frekari viðmiðunar um stærð þessa skuldamáls í hlutfalli við fjárhagsgetu Útvegsbankans skal bent á að heildarskuldbindingar Hafskips við bankann eru nú verulega hærri en bókfært eigið fé hans eða 632 millj. gkr. á móti 314 millj. gkr. eigin fé. Sé eigið fé bankans endurmetið með því að hækka verð húseigna og lóða í fasteignamat 1.1. 1977 að viðbættri hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim tíma og með því að hækka verð innréttinga og lausafjármuna í brunatryggingarverð 1.10. 1976 að viðbættri hækkun byggingarvísitölu frá þeim tíma yrði eigið fé bankans um 1400 millj. gkr. og skuldbindingar Hafskips við bankann nema 45% af þeirri upphæð.“

Á þessum tíma voru vandamál Útvegsbankans vegna viðskipta við Hafskip orðin mjög viðamikil. Benti bankaeftirlitið á nokkur höfuðatriði, í átta liðum, sem það taldi að ráða yrði vinnubrögðum af hálfu bankans til þess að tryggja stöðu hans sem best í málinu:

„1. Fela verður ákveðnum starfsmanni bankans að sinna þessu máli sem algeru forgangsverkefni. Í því felst það m.a., að eftir því sem kostur er á sé fylgst daglega með framvindu helstu atriða, sem áhrif hafa á fjárhagsstöðu fyrirtækisins og rekstrarskilyrði.
2. Framkvæmdastjóri, sem nú er verið að ráða að fyrirtækinu, starfi í sem nánastri

samvinnu við bankann og allar meiri háttar ákvarðanir, er varða fjárhag og rekstur, séu háðar samþykki bankans.

3. Gagnger fjárhagsleg endurskipulagning er forsenda áframhaldandi rekstrar. Eigi slík uppstokkun sér ekki stað, getur ekki orðið um að ræða rekstur nema í takmarkaðan tíma, meðan verið er að koma eignum í verð með sem hagkvæmustum hætti.

   Grundvallarþáttur fjárhagslegrar endurskipulagningar hlýtur að verða mjög veruleg aukning hlutafjár, sem innborgað verði til félagsins á sem skemmstum tíma. Meta verður af raunsæi, hver lágmarkshlutafjáraukning þarf að verða til að áframhaldandi rekstur sé tryggður og á þessu stigi skal engin upphæð nefnd í því sambandi. Eins fljótt og framast er kostur sé gengið úr skugga um, hvort núverandi hluthafar og aðrir, sem áhuga hafa á áframhaldandi rekstri, geti lagt fram það fé, sem til þarf.

   Auk innborgunar nýs hlutafjár verða núverandi hlutafjárloforð að greiðast sem allra fyrst.

   Að öðru leyti mundi endurskipulagning á fjárhag félagsins væntanlega felast í sölu á 1–2 skipum og nýjum samningum um greiðslutíma þeirra skulda, er þá standa eftir.

4. Meðan gengið er úr skugga um, hvort fjárhagsleg endurskipulagning getur átt sér stað, verður eins og unnt er að koma í veg fyrir að staða Útvegsbankans versni í þessu máli. Meðal þess, sem rýrt getur stöðu bankans, er greiðsla Hafskips hf. á skuldakröfum, sem ekki eru sérstaklega tryggðar. Sömu áhrif hafa nýjar forgangskröfur, sem til verður stofnað í áframhaldandi rekstri fyrirtækisins.

5. Framangreint nýtt 600 þús. bandaríkjadala lán með ábyrgð Útvegsbankans á að nota til greiðslu skulda á þann hátt, sem fram kemur í meðfylgjandi yfirliti frá Útvegsbankanum. Þetta yfirlit ber ekki með sér, hverjar af þessum kröfum eru forgangskröfur að mati Útvegsbankans. *Gera verður nánari grein fyrir lögformlegri stöðu þessara krafna og þeirri nauðsyn, sem á því er að greiða einstakar upphæðir. Í því sambandi sé eingöngu litið til hagsmuna Útvegsbankans.*

6. Með tilliti til hagsmuna Útvegsbankans verður að leggja á það ríka áherslu, að framangreint bráðabirgðaástand í rekstri Hafskips hf. standi sem allra styst.

   Reynist gagnger fjárhagsleg endurskipulagning ekki möguleg með framangreindum hætti, verður Útvegsbankinn án tafar að neyta til fulls þeirrar aðstöðu, sem hann hefur í málinu, til að reyna að koma í veg fyrir meiri háttar fjárhagslegt áfall bankans.

7. Lögð skal áhersla á nauðsyn þess að athugaðar séu nákvæmlega lögformlegar hliðar þeirra tryggingaskjala, sem bankinn nú hefur frá fyrirtækinu, sbr. það sem áður segir um frágang á tryggingarvíxli að fjárhæð 990 þús. þýskra marka.

   Enn fremur virðist sjálfsagt að athuga, hvort ekki sé rétt, að bankinn taki handveð í sem flestum af hlutabréfum fyrirtækisins til að styrkja stöðu sína í málinu.

8. Ekki verður annað séð, en þetta mál sé komið á það stig, að nauðsynlegt sé, að bankaráð Útvegsbankans fái nákvæmar upplýsingar um þróun þess og stöðu. Bankaeftirlitið telur rétt, að bankaráðið taki afstöðu til þess, hvort bankinn á nú að taka á sig þá 600 þús. bandaríkjadala viðbótarskuldbindingu, sem um er rætt hér að framan.“

Rætt var ítarlega um skýrsluna við bankastjórn Útvegsbankans og hún send formanni bankaráðs. Jafnframt var skýrslan send viðskiptaráðherra með vísan til 10. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands. Hið umbeðna erlenda lán var tekið með vitund ráðuneytisins og samþykki bankaráðs Útvegsbankans um að bankinn ábyrgðist endurgreiðslu þess. Sérstökum starfsmanni Útvegsbankans var falið í ársbyrjun 1978 að fylgjast með rekstri Hafskips skv. fyrirmælum bankastjórnarinnar og sat hann vikulega fundi með framkvæmdastjórn Hafskips eins og fram kemur í bréfi Útvegsbankans til Seðlabankans, dags. 16. maí 1979.

Enn á ný gerði bankaeftirlitið úttekt á skuldbindingum og greiðslutryggingum Hafskips

gagnvart Útvegsbankanum við heildarskoðun á útlánum bankans 30. nóvember 1978. Í skýrslu bankaeftirlitsins um þá skoðun kemur fram að heildarfyrirgreiðsla bankans hafði tæplega tvöfaldast í krónum talið til fyrirtækisins frá athuguninni í október 1977 en reiknað á föstu verðlagi varð aukningin yfir 20%. Munaði þar mestu um nýtt endurlánað erlent lánsfé sem vikið er að hér að framan og var tilefni athugunarinnar ári fyrr. Nafnverð formlegra greiðslutrygginga var nokkru hærra en nam heildarfyrirgreiðslunni. Eftir að bankaeftirlitið hafði metið greiðslutryggingar var niðurstaðan hins vegar sú að samtals vantaði greiðslutryggingar a.m.k. fyrir rúmlega 250 millj. gkr. Í niðurstöðum bankaeftirlitsins um þetta mál segir í skýrslunni:

„Eins og rakið var í skýrslu bankaeftirlitsins frá 7.11. 1977 var staða bankans í þessum viðskiptum orðin stórlega viðsjárverð.

Samanborið við stöðu trygginga 7.10. 1977 hefur tryggingarstaðan versnað og munar þar mest um lækkun á áætluðu virði skipanna í erlendri mynt en einnig skiptir máli að ekki hefur þess verið gætt af hálfu Útvegsbanka við töku persónuábyrgða í formi tryggingarvíxla, að formlegum frágangi þeirra væri haldið í lagi.

Enda þótt margt hafi færst til betri vegar í sambandi við rekstur fyrirtækisins frá því á seinni hluta ársins 1977 er eiginfjárstaða þess mjög veik. Miðað við bráðabirgðauppgjör 30.7. 1978 og nýjustu upplýsingar um verðmæti eigna er hlutfall eigin fjár af niðurstöðutölu efnahagsreiknings vart meira en 1% 30.7. 1978.

Ljóst má vera að brýn nauðsyn er á að fyrirhuguð hlutafjáraukning komi til framkvæmda sem fyrst, til að styrkja eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu fyrirtækisins. Miðað við stöðu þessa skuldamáls í lok nóvember 1978 er staða Útvegsbanka enn veik og ekki er útséð um hvort eitthvað af skuldbindingum þeim sem bankinn hefur tekið á sig vegna fyrirtækisins lendi á bankanum. Nauðsynlegt er því að án tafar verði leitað allra ráða til að bæta úr þeirri vöntun trygginga, sem lýst er hér á undan."

Það er ekki fyrr en á árinu 1979 sem gripið er til raunhæfra aðgerða til þess að bæta rekstrarstöðu Hafskips. Í maí það ár var lokið verulegri hlutafjáraukningu og bættust þá í hóp hluthafa margir sterkir aðilar sem talið var að mundu styrkja rekstur félagsins með viðskiptum sínum. Eftir þessa breytingu urðu veruleg umskipti til hins betra í rekstrarstöðu fyrirtækisins eins og fram kom í skýrslum sem gerðar voru af Seðlabankanum þá um haustið og samkvæmt uppgjöri Útvegsbankans um áramót. Í mars 1980 fékk bankaeftirlitið yfirlit frá Útvegsbankanum yfir skuldastöðu Hafskips, og námu heildarskuldbindingar þess gagnvart Útvegsbankanum þá 2126 millj. gkr. (miðað við fast verðlag var um að ræða svipaða fjárhæð og var 30. nóv. 1978 þegar heildarskoðun fór fram á útlánum bankans).

Á árunum 1981–1984 var af hálfu bankaeftirlitsins ekki gerð heildarúttekt á útlánastofni eða rekstri Útvegsbankans. Á þessu tímabili komu vandamál Hafskips lítið inn í myndina í þeim viðræðum sem þá fóru reglulega fram milli bankastjórna Seðlabankans og Útvegsbankans um lausafjárstöðu hins síðarnefnda.

Það er ekki fyrr en haustið 1984 sem nýir greiðsluerfiðleikar Hafskips koma til umræðu vegna áhrifa þeirra á stöðu Útvegsbankans. Kom þá fram af hálfu bankastjórnar Útvegsbankans sú skoðun að nauðsynlegt væri að grípa til öflugra ráðstafana til þess að leysa þennan vanda og var Seðlabankanum kunnugt um tilraunir til þess að koma á samningum milli Hafskips og Eimskipafélags Íslands. Ekkert varð hins vegar úr þeim ráðagerðum að sinni og á fundi með Seðlabankanum í febrúar s.l. skýrði bankastjórn Útvegsbankans frá því að ákveðin hefði verið hlutafjáraukning og aukin umsvif í starfsemi Hafskips sem vonir stæðu til að bæta mundi rekstrarstöðu fyrirtækisins á árinu 1985. Síðari hluta júnímánaðar voru þessi mál enn rædd við bankastjóra Útvegsbankans og fékk Seðlabankinn þá í hendur yfirlit um skulda- og tryggingastöðu Hafskips við Útvegsbankann sem benti til þess að vantryggðar skuldir næmu 21 millj. kr., en heildarskuldbindingar Hafskips alls 638 millj. kr. Yfirlitið gaf tilefni til þess að málið yrði rannsakað nánar og óskaði bankastjórn Seðlabankans eftir því að bankaeftirlitið gerði könnun á skuldamálum Hafskips.

Fyrsta athugun bankaeftirlitsins, sem miðaðist við stöðuna 28. júní, var tilbúin seint í júlí og var hún send viðskiptaráðuneytinu 30. júlí. Heildarskuldbindingar Hafskips við Útvegsbankann námu þá 648,5 millj. kr. og var aukningin frá því í mars 1980 tæplega fjórföld, reiknuð á föstu verðlagi. Samkvæmt athuguninni virtist tryggingastaða Útvegsbankans mun veikari en yfirlitið frá 3. júní gaf til kynna og var ástæðan fyrst og fremst lægra mat á veðsettum eignum. Samkvæmt þessu yfirliti var talið að vantrygging skuldbindinga Hafskips gæti verið á bilinu 168–264 millj. kr. Upplýsingar þessar voru einnig afhentar Útvegsbankanum og ræddar við hann en hann hafði þá í sama mánuði fengið nýjar mjög óhagstæðar tölur um rekstrarafkomu Hafskips á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Einnig var haft samband við viðskiptaráðherra sem ræddi málið við Útvegsbankann. Var lögð áhersla á nauðsyn skjótra aðgerða til þess að ráða bót á þeirri áhættu sem bankinn var kominn í.

Jafnframt hélt bankaeftirlitið áfram að kanna betur verðgildi þeirra veða sem Útvegsbankinn hafði í eignum Hafskips en kunnugt var að verð á skipum hafði farið ört fallandi. Leiddi þetta til þess að gert var nýtt yfirlit um skulda- og tryggingastöðu Hafskips sem miðað var við 23. ágúst, en því var lokið snemma í september og sent viðskiptaráðherra með bréfi, dags. 9. september. Samkvæmt þessu yfirliti hafði bæði orðið hækkun á skuldbindingum Hafskips við Útvegsbankann og veruleg lækkun á verðmæti trygginga, miðað við könnunina 28. júní. Var nú talið að vantryggðar skuldir gætu numið 352–428 millj. kr. Niðurstöður þessar voru einnig afhentar bankastjórn Útvegsbankans, en málið hafði nokkrum sinnum verið rætt milli hennar og Seðlabankans undanfarnar vikur og hafði þar m.a. komið fram að hafnar væru viðræður milli Hafskips og Eimskipafélagsins um yfirtöku á Íslandssiglingum Hafskips. Síðan var haldinn 13. september sameiginlegur fundur bankastjórna Útvegsbankans og Seðlabankans með viðskiptaráðherra þar sem staða Hafskipsmálsins var ítarlega rædd og lögð áhersla á nauðsyn þess að niðurstöður úr viðræðum Hafskips og Eimskips lægju sem fyrst fyrir. Var talið eðlilegt að bankastjórn Útvegsbankans reyndi að fylgjast sem best með þessum viðræðum og greiða fyrir þeim eftir mætti.

Um miðjan október lauk bankaeftirlitið við ræki lega heildarskýrslu um skuldastöðu helstu viðskiptamanna Útvegsbankans og kom þar fram að tryggingastaða Útvegsbankans varðandi Hafskip hafði haldið áfram að versna. Var þessi skýrsla afhent viðskiptaráðherra 22. okt. en daginn eftir bankastjórn og bankaráðsformanni Útvegsbankans. Augljóst var að staða Útvegsbankans var, þegar hér var komið sögu, orðin mjög hættuleg í máli þessu og mikil áhersla á það lögð af öllum aðilum að reynt yrði að leita lausnar á vandanum sem fyrst þar sem augljóst var að staðan mundi halda áfram að versna bæði vegna rýrnandi veða og hallarekstrar Hafskips.

Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir stöðu viðskipta Hafskips og Útvegsbankans. Í umfjöllun bankaeftirlitsins segir:

„Samkvæmt ársreikningi Hafskips hf. fyrir árið 1984 er eigið fé í árslok 1984 neikvætt um tæplega 105 millj. kr. og tap ársins varð tæplega 96 millj. kr. Á fyrstu mánuðum ársins 1984 var boðin út hlutafjáraukning að fjárhæð 80 millj. kr. en þar af munu a.m.k. 77 millj. kr. hafa selst og batnar eiginfjárstaðan af þeim sökum um þá fjárhæð. Ekki liggja fyrir gögn um afkomu fyrirtækisins á fyrra helmingi ársins 1985. Mikil samkeppni mun nú vera á þeim markaði sem Hafskip hf. keppir á og ekki bjart útlit fram undan. Verði taprekstur fyrirtækisins á árinu 1985 í sama dúr og á fyrra ári, gæti komið til stöðvunar fyrirtækisins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir Útvegsbankann.

Komi til stöðvunar á rekstri fyrirtækisins og nauðungarsölu á eignum þess gæti tapáhætta Útvegsbankans verið á bilinu 380—450 millj. kr. sbr. tölulegar upplýsingar um skuldastöðu og mat á greiðslutryggingum miðað við 30. júní til 9. október 1985.

Með hliðsjón af framansögðu er það álit bankaeftirlitsins að Útvegsbanka Íslands beri að leggja 420 millj. kr. í sérstakan afskriftareikning útlána til þess að mæta hugsanlegum útlánatöpum vegna þessa máls.

Bankaeftirlitinu er kunnugt um að tilraunir eru í gangi um að endurskipuleggja rekstur Hafskips hf. Þegar hafa verið seld tvö skip og viðræður munu hafa átt sér stað á milli forráðamanna fyrirtækisins og annarra skipafélaga, Útvegsbankans og e.t.v. fleiri aðila, um lausn á fjárhags- og rekstrarvanda félagsins.

Á fundi, sem bankaeftirlitið átti með bankastjórn Útvegsbankans þann 4. okt. s.l., skýrði bankastjórnin frá stöðu þeirra mála. Að mati bankaeftirlitsins kom þá ekkert fram, sem breytir framangreindri niðurstöðu bankaeftirlitsins. Hins vegar er rétt að taka skýrt fram að niðurstaða bankaeftirlitsins tekur mið af verstu niðurstöðu um framtíð fyrirtækisins. Takist með einhverjum ráðum að finna aðra lausn á vandamálinu gæti það þýtt minna fjárhagslegt tap fyrir bankann. Bent skal á, að niðurstaða um framtíð fyrirtækisins þarf að liggja fyrir innan mjög skamms tíma. Eins og áður hefur verið greint frá hér að framan, hafa skuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum aukist um 100 millj. kr. frá 30.6.–9.10. 1985, án þess að gildi greiðslutrygginga hafi breyst svo neinu nemi. Tapáhætta bankans gæti því allt eins orðið enn meiri eftir því sem lengur dregst að ljúka málinu."

Fyrri athugasemdir bankaeftirlitsins um viðskipti Hafskips og Útvegsbankans eru enn fremur í meginatriðum raktar í skýrslunni. Í niðurlagi umsagnarinnar um málið segir:

„Í ljósi þessa, sem nú hefur verið rakið um fyrri athugasemdir bankaeftirlitsins um viðskipti Hafskips hf. við Útvegsbankann og endurteknar aðvaranir um að afla frekari greiðslutrygginga fyrir skuldbindingum fyrirtækisins og að fylgjast með fjárhags- og rekstrarstöðu þess, kemur það bankaeftirlitinu á óvart hver staða þessa skuldamáls er í dag. Ljóst er, að bankaleg sjónarmið hafa ekki ráðið þróun þessa skuldamáls. Hætta er á umtalsverðum útlánatöpum og telur bankaeftirlitið að nú þegar beri að leggja í sérstakan afskriftareikning vegna hugsanlegra útlánatapa fjárhæð, sem nemur 420 millj. kr. eða sem svarar nær því öllu bókfærðu eigin fé bankans 31.12. 1984. Endanlegt tap bankans gæti orðið meira ef gert er ráð fyrir versta möguleika, þ.e. gjaldþroti og nauðungarsölu á eignum. Tapið gæti einnig orðið minna ef tilraunir fyrirtækisins til að rétta rekstur þess við með endurskipulagningu og/eða frjálsri sölu eigna, bera tilætlaðan árangur."

Ástæðulaust er að rekja frekar afskipti bankaeftirlitsins af máli Hafskips og Útvegsbankans. Í desember s.l. gaf Hafskip hf. sig upp til gjaldþrotaskipta. Málefni Útvegsbankans eru nú til skoðunar hjá viðskiptaráðuneytinu.

4. Álit bankaeftirlitsins og framkvæmd tillagna þess.

Hér að framan í tölul. 1–3 hefur verið gerð grein fyrir afskiptum bankaeftirlitsins og bankastjórnar Seðlabankans af málefnum Útvegsbanka Íslands á árunum 1975–1985 í meginatriðum. Þar kemur fram til hvaða aðgerða afskipti bankaeftirlitsins og bankastjórnarinnar af málefnum bankans hafa leitt og gerð er grein fyrir afskiptum þess af viðskiptum Hafskips við Útvegsbankann.

Ed. 693. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ítarlega og rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytis og hagsmunasamtaka. Frumvarpið er flutt til staðfestingar bráðabirgðalögum sem gefin voru út 20. september 1985.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Minni hl. er andvígur því að skattheimta á bifreiðar sé aukin á sama tíma og útgjöld til vegamála eru skorin niður. Frumvarpið gengur einnig þvert á þá stefnu sem nú er uppi að færa niður verðlag í landinu og standa gegn öllum hækkunum. Minni hl. leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 24. mars 1986.

Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. Ragnar Arnalds. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 694. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur athugað frv. á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Kjartan Jóhannsson.

Alþingi, 25. mars 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Pálmi Jónsson. Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal. Halldór Blöndal.

Nd. 695. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979 og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur athugað frv. á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Kjartan Jóhannsson.

Alþingi, 25. mars 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. Pálmi Jónsson. Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal. Halldór Blöndal.

Sþ. 696. Þingsályktun [143. mál]

um réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

(Afgreidd frá Sþ. 25. mars.)

Samhljóða þskj. 157.

Sþ. 697. Fyrirspurn [381. mál]

til utanríkisráðherra um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða.

Frá Gunnari G. Schram.

Með hvaða hætti hefur verið staðið að framkvæmd þingsályktunar frá 13. júní 1985 um takmörkun á umsvifum erlendra sendiráða hér á landi?

Sþ. 698. Svar [224. mál]

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðmundar Einarssonar um vanskil korthafa hjá greiðslukortafyrirtækjum.

Vegna fyrirspurnar þessarar sendi ráðuneytið greiðslukortafyrirtækjunum Kreditkortum hf. og Greiðslumiðlun hf. (áður VISA Ísland sf.) bréf þar sem þess var farið á leit að fyrirtækin gæfu upplýsingar um vanskil korthafa um s.l. áramót. Svör fyrirtækjanna hafa nú borist ráðuneytinu og láta þau bæði í ljós það álit að þeim sé eigi heimilt né skylt að veita umbeðnar upplýsingar.

Sþ. 699. Tillaga til þingsályktunar [382. mál]

um fullgildingu Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, sem undirrituð var í Torremolinos 2. apríl 1977.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Dagana 7. mars til 2. apríl 1977 var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMCO (nú IMO) haldin alþjóðaráðstefna um öryggi fiskiskipa, 1977. Ráðstefnan var haldin í Torremolinos á Spáni í boði spænsku ríkisstjórnarinnar. Alls tóku 46 lönd þátt í ráðstefnunni og auk þeirra fulltrúar tveggja alþjóðastofnana Sameinuðu þjóðanna og þrjár aðrar alþjóðastofnanir sem hlotið höfðu viðurkenningu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Aðalfulltrúi Spánar, L. Mayáns, var kosinn forseti ráðstefnunnar, en aðalfulltrúi Íslands, Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, var kosinn fyrsti varaforseti og framsögumaður ráðstefnunnar.

Fyrir ráðstefnuna var af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar lagður texti sem frumdrög að alþjóðasamþykkt um öryggi fiskiskipa. Þessi frumdrög voru unnin af sérstakri nefnd IMCO um öryggi fiskiskipa, sem starfað hafði innan stofnunarinnar í 13 ár samtals, og

var Hjálmar R. Bárðarson formaður þessarar sérstöku nefndar allt frá upphafi, árið 1964, endurkosinn árlega. Þessi sérstaka nefnd hafði áður gengið frá ýmsum ályktunum og reglum, sem staðfestar voru af þingi IMCO, og eru nú þegar notaðar sem grundvöllur reglna fjölda þjóða. Sérstaklega ber að nefna eftirfarandi:

— Ályktun um stöðugleika fiskiskipa.
— Ályktun um smíði fiskiskipa með tilliti til stöðugleika fiskiskipa og öryggis áhafnar.
— Leiðbeiningar varðandi nákvæmni stöðugleikaútreikninga og upplýsingar um stöðugleika fiskiskipa.
— Ályktun um leiðbeiningar fyrir skipstjóra fiskiskipa varðandi áhrif ísingar fiskiskipa á stöðugleika.

Í lok ráðstefnunnar 2. apríl 1977 var undirrituð Torremolinos-alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 1977. Ísland undirritaði þá þegar alþjóðasamþykktina með fyrirvara um fullgildingu.

Alþjóðasamþykktin, sem hér um ræðir, er sú fyrsta sem fjallar sérstaklega um öryggi fiskiskipa. Hún fjallar um kröfur varðandi hönnun, smíði og búnað nýrra þilfarsfiskiskipa 24 metrar að lengd og lengri, einnig um skip sem vinna eigin afla. Samþykktin nær ekki til eldri skipa nema að því er varðar radíóbúnað þeirra.

Greinar Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar fjalla almennt um heildarmarkmið samþykktarinnar og framkvæmd hennar, m.a. um gildistöku og síðari endurskoðun og breytingar samþykktarinnar. Í viðauka við alþjóðasamþykktina eru reglur um smíði og búnað fiskiskipa, og er þeim reglum raðað í eftirfarandi kafla:

— Kafli I fjallar um almenn ákvæði, undanþáguheimildir, eftirlit og öryggisskírteini fiskiskipa og fleiri slík ákvæði.
— Kafli II er um smíði fiskiskipa, vatnsþéttleika, sundurhólfun, lokunarbúnað og tækjabúnað.
— Kafli III er um stöðugleika fiskiskipa og sjóhæfni.
— Kafli IV fjallar um vél- og rafbúnað og tímabundið ómönnuð vélarúm.
— Kafli V er um eldvarnir, eldskynjun og slökkvistörf.
— Kafli VI er um öryggi áhafnar, t.d. öryggisráðstafanir við vinnu á opnu þilfari.
— Kafli VII er um björgunarbúnað fiskiskipa. Þar er m.a. fjallað um uppblásna björgunarbáta og nánari lýsingar og kröfur til þessa búnaðar eru í öðru fylgiskjali við lokasamþykkt ráðstefnunnar.
— Kafli VIII er um neyðarráðstafanir og björgunaræfingar, þ.e. þjálfun í notkun björgunartækja, eldvarnartækja o.fl. Gert er ráð fyrir að áhafnir verði skyldaðar til að hafa reglulegar æfingar í notkun allra slíkra björgunar- og neyðartækja í fiskiskipum.
— Kafli IX fjallar um radíóbúnað, tal- og loftskeytafjarskipti. Þessi kafli samþykktarinnar er sá eini sem gert er ráð fyrir að verði látinn ná til eldri skipa. Þó er heimilt að veita eldri skipum frest í allt að sex ár eftir gildistöku alþjóðasamþykktarinnar til að uppfylla þessi ákvæði.
— Kafli X er um siglingatæki. Þessi kafli er um ýmsar viðbótarkröfur fram yfir þær sem gerðar eru í alþjóðasamþykktinni um öryggi mannslífa á hafinu, en V. kafli þeirrar samþykktar nær einnig til fiskiskipa.

Í fylgiskjali við lokasamþykkt alþjóðaráðstefnunnar í Torremolines eru leiðbeiningar og tilmæli um ýmis frekari atriði er varða öryggi fiskiskipa.

Flest ákvæði þessarar alþjóðasamþykktar hafa nú þegar verið sett inn í íslenskar reglur fyrir skip, t.d. reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Íslenskar reglur um radíóbúnað og fjarskipti á skipum ganga lengra en ákvæði Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar.

Með hliðsjón af framangreindu fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi veiti heimild til fullgildingar samþykktarinnar.

Fylgiskjal.

TORREMOLINOS-ALÞJÓÐASAMÞYKKTIN UM ÖRYGGI FISKISKIPA, 1977.

AÐILAR AÐ SAMÞYKKT ÞESSARI,

ÆSKJA þess að stuðla að öryggi skipa almennt og öryggi fiskiskipa sérstaklega,

MINNAST ÞESS verulega árangurs sem alþjóðasamningar um öryggi mannslífa á hafinu og einnig alþjóðasamningar um hleðslumerki skipa hafa náð í því að stuðla að öryggi skipa,

GERA SÉR LJÓST að fiskiskip eru undanþegin nær öllum kröfum þessara alþjóðasamninga,

ÆSKJA ÞVÍ að ná almennu samkomulagi um samræmd grundvallartriði og reglur um smíði og búnað fiskiskipa sem varða öryggi þessara skipa og áhafna þeirra,

TELJA að þessu markmiði verði best náð með gerð samþykktar,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.

Almennar skyldur samkvæmt samþykktinni

Aðilar skulu framfylgja ákvæðum samþykktarinnar og viðauka hennar sem er óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar. Tilvitnun í samþykktina er jafnframt tilvitnun í viðaukann nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari samþykkt, nema annað sé sérstaklega tekið fram, merkir:

a) „aðili" ríki þar sem samþykktin hefur öðlast gildi,

b) „fiskiskip" eða „skip" hvert það skip sem notað er í viðskiptatilgangi til að veiða fisk, hval, sel, rostung eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins,

TORREMOLINOS INTERNATIONAL CONVENTION FOR THE SAFETY OF FISHING VESSELS, 1977

THE PARTIES TO THE CONVENTION,

DESIRING to promote the safety of ships in general and the safety of fishing vessels in particular,

BEARING IN MIND the outstanding contribution of the International Conventions for the Safety of Life at Sea and also the International Conventions on Load Lines in promoting the safety of ships,

RECOGNIZING that fishing vessels are exempt from almost all the requirements of those International Conventions,

DESIRING THEREFORE to establish in common agreement uniform principles and rules concerning the construction and equipment of fishing vessels directed to the safety of such vessels and their crews,

CONSIDERING that this end may best be achieved by the conclusion of a Convention,

HAVE AGREED as follows:

Article 1

General Obligations under the Convention

The Parties shall give effect to the provisions of the Convention and the Annex thereto, which shall constitute an integral part of the Convention. Unless expressly provided otherwise, a reference to the Convention constitutes at the same time a reference to the Annex.

Article 2

Definitions

For the purpose of the Convention, unless expressly provided otherwise:

(a) "Party" means a State for which the Convention has entered into force.

(b) "Fishing vessel" or "vessel" means any vessel used commercially for catching fish, whales, seals, walrus or other living resources of the sea.

c) „stofnunin“ Alþjóðasiglingamálastofnunina IMCO,

d) „framkvæmdastjóri“ framkvæmdastjóra stofnunarinnar,

e) „stjórnvöld“ ríkisstjórn þess ríkis sem veitir skipi rétt á að sigla undir sínum fána.

3. gr.

Gildissvið

Samþykktin nær til fiskiskipa sem sækja sjó og eiga rétt á að sigla undir fána aðila.

4. gr.

Skráning og eftirlit

(1) Skírteini sem gefið er út samkvæmt heimild aðila í samræmi við ákvæði samþykktarinnar skal viðurkennt af öðrum aðilum og talið í sérhverjum tilgangi sem samþykktin nær til jafngilt skírteini sem þeir hafa sjálfir gefið út, sbr. þó 2. tl.

(2) Hvert skip sem hefur skírteini samkvæmt 7. eða 8. reglu skal í höfnum annarra aðila háð eftirliti embættismanna sem þeir hafa löggilt, að svo miklu leyti sem slíku eftirliti er ætlað að sannreyna að fullgilt skírteini sé um borð. Slíkt skírteini skal viðurkennt, nema fyrir liggi skýrar að ástæður séu til þess að ætla að ástand skipsins eða búnaður þess samsvari ekki í meginatriðum því sem getið er í skírteininu. Í slíku tilfelli, eða ef ekki er til gilt skírteini, skal embættismaðurinn þegar í stað tilkynna ræðismanni eða, í fjarveru hans, sendierindreka þess aðila, sem veitir skipinu fánarétt, um allar aðstæður sem valda því að lagfæring af hendi þessa aðila er talin nauðsynleg. Staðreyndir málsins skulu tilkynntar stofnuninni. Embættismaðurinn sem eftirlitið annast skal gera þær ráðstafanir sem tryggja að skipið láti ekki úr höfn áður en öryggi skipsins er tryggt og manna um borð í því.

5. gr.

Óviðráðanleg atvik

(1) Nú gilda ákvæði samþykktarinnar ekki fyrir skip eða þess er ekki krafist að það hafi skírteini samkvæmt samþykktinni þegar það lætur úr höfn og skulu þau þá ekki gilda fyrir skipið þótt það berist afleiðis vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra atvika.

(c) "Organization" means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization.

(d) "Secretary-General" means the Secretary-General of the Organization.

(e) "Administration" means the Government of the State whose flag the vessel is entitled to fly.

Article 3

Application

The Convention shall apply to sea-going fishing vessels entitled to fly the flag of a State which is a Party.

Article 4

Certification and Control

(1) Subject to the provisions of paragraph (2), a certificate issued under the authority of a Party in accordance with the provisions of the Convention shall be accepted by the other Parties and regarded for all purposes covered by the Convention as having the same validity as a certificate issued by them.

(2) Every vessel holding a certificate issued under Regulation 7 or 8 is subject, in the ports of other Parties, to control by officers duly authorized by such Parties in so far as this control is directed towards verifying that there is on board a valid certificate. Such certificate shall be accepted unless there are clear grounds for believing that the condition of the vessel or its equipment does not correspond substantially with the particulars of that certificate. In that case, or if there is not a valid certificate, the officer carrying out the control shall forthwith inform the Consul or, in his absence, the diplomatic representative of the Party whose flag the vessel is entitled to fly, of all the circumstances for which corrective action by that Party would be deemed necessary and the facts shall be reported to the Organization. The officer carrying out the control shall take such steps as will ensure that the vessel shall not sail until it can proceed to sea without danger to the vessel or persons on board.

Article 5

Force Majeure

(1) A vessel which is not subject to the provisions of the Convention or which is not required to hold a certificate in accordance with the provisions of the Convention at the time of its departure on any voyage shall not become subject to such provisions on account of any deviation from its intended voyage due to stress of weather or any other cause of *force majeure.*

(2) Séu menn komnir um borð í skip vegna óviðráðanlegra atvika eða vegna skyldu að flytja skipbrotsmenn eða aðra menn skulu þeir ekki taldir með þegar ákveðið er hvort ákvæði samþykktarinnar gilda fyrir skipið.

(2) Persons who are on board a vessel by reasons of *force majeure* or in consequence of the obligation to carry shipwrecked or other persons shall not be taken into account for the purpose of ascertaining the application to the vessel of any provisions of the Convention.

6. gr.
Miðlun upplýsinga

(1) Aðilar skulu senda stofnuninni:

a) texta laga, fyrirmæla, tilskipana, reglugerða, og annarra skjala sem út hafa verið gefin um hin ýmsu mál innan gildissviðs samþykktarinnar,

b) skrá um óopinbera aðila sem heimilað er að annast mál fyrir þeirra hönd varðandi hönnun, smíði og tækjabúnað skipa í samræmi við ákvæði samþykktarinnar og

c) nægjanlegan fjölda sýnishorna af skírteinum sem þeir gefa út samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar.

(2) Stofnunin skal tilkynna öllum aðilum um móttöku sérhverrar tilkynningar samkvæmt 1. tl. a og dreifa til þeirra upplýsingum sem henni eru sendar samkvæmt 1. tl. b og c.

Article 6
Communication of Information

(1) The Parties shall communicate to the Organization:

(a) the text of laws, orders, decrees, regulations and other instruments which have been promulgated on the various matters within the scope of the Convention;

(b) a list of non-governmental agencies which are authorized to act on their behalf in matters relating to the design, construction and equipment of vessels in accordance with the provisions of the Convention; and

(c) a sufficient number of specimens of their certificates issued under the provisions of the Convention.

(2) The Organization shall notify all Parties of the receipt of any communication under paragraph (1) (a) and shall circulate to them any information communicated to it under paragraph (1) (b) and (c).

7. gr.
Tjón fiskiskipa

(1) Sérhver aðili skal sjá til þess að rannsókn fari fram á hvers konar skemmdum sem verða á skipum hans sem lúta ákvæðum samþykktarinnar þegar hann telur að slík rannsókn gæti komið að gagni við ákvörðun um það hvaða breytingar á samþykktinni kynnu að verða æskilegar.

(2) Sérhver aðili skal láta stofnuninni í té viðeigandi upplýsingar um niðurstöður slíkra rannsókna til dreifingar til allra aðila. Engar skýrslur eða tillögur stofnunarinnar sem byggðar eru á slíkum upplýsingum skulu upplýsa hvert sé viðkomandi skip eða þjóðerni þess eða á nokkurn hátt fullyrða um eða gefa í skyn ábyrgð nokkurs skips eða manns.

Article 7
Casualties to Fishing Vessels

(1) Each Party shall arrange for an investigation of any casualty occurring to any of its vessels subject to the provisions of the Convention, when it judges that such an investigation may assist in determining what changes in the Convention might be desirable.

(2) Each Party shall supply the Organization with pertinent information concerning the findings of such investigation for circulation to all Parties. No reports or recommendations of the Organization based upon such information shall disclose the identity or nationality of the vessels concerned, or in any manner fix or imply responsibility upon any vessel or person.

8. gr.
Aðrir samningar og túlkun

Ekkert í samþykkt þessari skal hafa áhrif á bálkun og framþróun hafréttar á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem kölluð var saman samkvæmt ályktun allsherjarþings Sam-

Article 8
Other Treaties and Interpretation

Nothing in this Convention shall prejudice the codification and development of the law of the sea by the United Nations Conference on the Law of the Sea convened pursuant to Resolution

einuðu þjóðanna nr. 2750 (XXV) né á kröfur og lagaleg sjónarmið nokkurs ríkis nú eða í framtíðinni viðvíkjandi hafrétti og eðli og víðáttu lögsögu strandríkja og fánaríkja skipa.

9. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild

(1) Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar í aðalstöðvum stofnunarinnar 1. október 1977 til 30. júní 1978 og eftir þann tíma geta ríki gerst aðilar. Sérhvert ríki getur gerst aðili að samþykktinni með:

a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt síðari fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

c) aðild.

(2) Fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal framkvæma með því að afhenda framkvæmdastjóra stofnunarinnar skjal þar um til vörslu.

(3) Framkvæmdastjóri stofnunarinnar skal tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa samþykktina eða gerst aðilar að henni um undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild og hvenær skjalið er afhent.

10. gr.
Gildistaka

(1) Samþykkt þessi öðlast gildi tólf mánuðum frá þeim degi er eigi færri en fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða lagt fram nauðsynleg skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild í samræmi við 9. gr., enda ráða þau sameiginlega yfir fiskiskipaflota sem er minnsta kosti helmingur fjölda fiskiskipa heims sem eru 24 metrar að lengd eða lengri.

(2) Stofnunin skal tilkynna ríkjunum, sem hafa undirritað eða gerst aðilar að samþykktinni hvenær hún öðlast gildi.

(3) Að því er varðar ríki sem afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að samþykktinni eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hefur verið fullnægt en fyrir gildistökuna skal fullgildingin, staðfestingin, samþykkið eða aðildin öðlast gildi á gildistökudegi samþykktarinn-

2750 (XXV) of the General Assembly of the United Nations nor the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction.

Article 9
Signature, Ratification, Acceptance, Approval and Accession

(1) The Convention shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 October 1977 until 30 June 1978 and shall thereafter remain open for accession. All States may become Parties to the Convention by:

(a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or

(b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or

(c) accession.

(2) Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

(3) The Secretary-General shall inform all States which have signed the Convention or acceded to it of any signature or of the deposit of any new instrument of ratification, acceptance, approval or accession and the date of its deposit.

Article 10
Entry into Force

(1) The Convention shall enter into force twelve months after the date on which not less than fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance, or approval or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with Article 9, the aggregate of whose fleets of fishing vessels constitutes not less than 50 per cent by number of the world's fleet of fishing vessels of 24 metres in length and over.

(2) The Organization shall inform the States which have signed the Convention or acceded to it of the date on which it enters into force.

(3) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the Convention after the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of the Convention or three months after the

ar eða þremur mánuðum frá þeim degi sem skjalið er afhent eftir því hvor síðari verður.

(4) Að því er varðar ríki sem afhenda skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eftir að samþykktin öðlast gildi skal hún öðlast gildi þremur mánuðum frá þeim degi er skjalið er afhent.

(5) Þegar uppfyllt hafa verið öll skilyrði 11. gr. fyrir gildistöku breytingartillögu við samþykktina skal sérhvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild sem afhent er eiga við samþykktina með áorðnum breytingum.

11. gr.
Breytingar

(1) Breyta má samþykktinni með annarri hvorri meðferð sem lýst er í þessari grein.

(2) Breytingar eftir athugun hjá stofnuninni:

a) Sérhverja breytingartillögu aðila skal senda framkvæmdastjóranum sem skal síðan dreifa henni til allra aðila að stofnuninni og til allra aðila að minnsta kosti sex mánuðum áður en tillagan er tekin til athugunar.

b) Sérhverri breytingartillögu sem lögð er fram og dreift sem að ofan greinir skal vísað til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til athugunar.

c) Aðilar, hvort sem þeir eru aðilar að stofnuninni eða ekki, hafa rétt til þess að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndarinnar við athugun og samþykkt breytingartillagna.

d) Breytingartillögu þarf að samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í siglingaöryggisnefndinni, stækkaðri samkvæmt c-lið (hér eftir nefnd „stækkuð siglingaöryggisnefnd"), enda sé að minnsta kosti þriðjungur aðila viðstaddur atkvæðagreiðsluna.

e) Framkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingartillögur sem samþykktar eru samkvæmt d-lið.

f) (i) Breyting á grein samþykktarinnar eða á 1. reglu og 3. til 11. reglu telst staðfest þann dag sem tveir þriðju aðilanna hafa staðfest hana.

(ii) Breyting í viðaukanum önnur en á 1. reglu og 3. til 11. reglu telst staðfest,

date of deposit of the instrument, whichever is the later date.

(4) For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention entered into force, the Convention shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.

(5) After the date on which all the conditions required under Article 11 to bring an amendment to the Convention into force have been fulfilled, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the Convention as amended.

Article 11
Amendments

(1) The Convention may be amended by either of the procedures specified in this Article.

(2) Amendments after consideration within the Organization:

(a) Any amendment proposed by a Party shall be submitted to the Secretary-General, who shall then circulate it to all Members of the Organization and to all the Parties at least six months prior to its consideration.

(b) Any amendment proposed and circulated as above shall be referred to the Maritime Safety Committee of the Organization for consideration.

(c) Parties whether or not Members of the Organization, shall be entitled to participate in the proceedings of the Maritime Safety Committee for the consideration and adoption of amendments.

(d) Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the Maritime Safety Committee expanded as provided for in sub-paragraph (c) (hereinafter referred to as "the expanded Maritime Safety Committee") on condition that at least one-third of the Parties shall be present at the time of voting.

(e) Amendments adopted in accordance with sub-paragraph (d) shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties.

(f) (i) An amendment to an Article or to Regulations 1 and 3 to 11 shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two-thirds of the Parties.

(ii) An amendment to the Annex other than to Regulations 1 and 3 to 11 shall be deemed to have been accepted:

(aa) þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi er hún var send aðilunum til staðfestingar, eða

(bb) við lok annars tímabils, sem skal ekki vera styttra en eitt ár, ef svo er ákveðið þegar hún er samþykkt með tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkaðri siglinga-öryggisnefndinni.
Breytingin telst þó ekki staðfest ef innan hins tiltekna tímabils annaðhvort meira en þriðjungur aðilanna eða aðilar, sem ráða sameiginlega að minnsta kosti helmingi fjölda fiskiskipa allra aðilanna, 24 metrar að lengd eða lengri, tilkynna framkvæmdastjóranum að þeir séu henni mótfallnir.

(iii) Breyting á viðbæti við viðaukann telst staðfest við lok tímabils sem stækkaða siglingaöryggisnefndin ákveður þegar hún er samþykkt enda sé það tímabil ekki styttra en tíu mánuðir, nema stofnuninni berist mótmæli á þessu tímabili frá að minnsta kosti þriðjungi aðilanna, eða frá aðilum, sem ráða sameiginlega yfir að minnsta kosti helmingi fjölda fiskiskipa allra aðilanna, 24 metrar að lengd eða lengri.

g) (i) Breyting á grein eða á 1. reglu og 3. til 11. reglu öðlast gildi fyrir þá aðila sem staðfesta hana sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin staðfest og fyrir aðila sem staðfestir hana síðar sex mánuðum eftir þann dag er hann staðfesti hana.

(ii) Breyting á viðaukanum önnur en á 1. reglu og 3. til 11. reglu og á viðbæti við viðaukann öðlast gildi fyrir alla aðila aðra en þá sem hafa mótmælt breytingunni samkvæmt lið f (ii) og (iii) og ekki afturkallað mótmælin sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin staðfest. Hins vegar getur sérhver aðili tilkynnt framkvæmdastjóranum fyrir hinn ákveðna gildistökudag að hann undanskilji sig því að láta breytinguna öðlast gildi um ákveðinn tíma þó ekki lengur en eitt ár frá gildistökudegi nema lengri tími sé ákveðinn með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila

(aa) at the end of two years from the date on which it is communicated to the Parties for acceptance; or

(bb) at the end of a different period, which shall not be less than one year, if so determined at the time of its adoption by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee.
However, if within the specified period either more than one-third of the Parties, or Parties the aggregate of whose fleets of fishing vessels constitutes not less than 50 per cent by number of the fleet of fishing vessels of all the Parties of 24 metres in length and over, notify the Secretary-General that they object to the amendment, it shall be deemed not to have been accepted.

(iii) An amendment to an Appendix to the Annex shall be deemed to have been accepted at the end of a period to be determined by the expanded Maritime Safety Committee at the time of its adoption, which period shall be not less than ten months, unless within that period an objection is communicated to the Organization by not less than one-third of the Parties, or Parties the aggregate of whose fleets of fishing vessels constitutes not less than 50 per cent by number of the fleet of fishing vessels of all the Parties of 24 meters in length and over.

(g) (i) An amendment to an Article or to Regulations 1 and 3 to 11 shall enter into force with respect to those Parties which have accepted it, six months after the date on which it is deemed to have been accepted, and with respect to each Party which accepts it after that date, six months after the date of that Party's acceptance.

(ii) An amendment to the Annex other than to Regulations 1 and 3 to 11 and to an Appendix to the Annex shall enter into force with respect to all Parties, except those which have objected to the amendment under subparagraphs (f) (ii) and (iii) and which have not withdrawn such objections, six months after the date on which it is deemed to have been accepted. However, before the date set for entry into force any Party may give notice to the Secretary-General that it exempts itself from giving effect to that amendment for a period not longer than one

sem viðstaddir eru og atkvæði greiða í stækkuðu siglingaöryggisnefndinni þegar breytingartillagan er samþykkt.

(3) Breyting á ráðstefnu:

a) Að ósk aðila með stuðningi að minnsta kosti þriðjungs aðilanna skal stofnunin boða til ráðstefnu aðilanna til þess að fjalla um breytingar á samþykktinni.

b) Sérhverja breytingu sem samþykkt er á slíkri ráðstefnu með tveimur þriðju hlutum aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði skal framkvæmdastjórinn senda öllum aðilunum til staðfestingar.

c) Breyting telst staðfest nema ráðstefnan ákveði annað og öðlast hún gildi samkvæmt þeirri málsmeðferð sem greind er í lið 2 f) og g), eftir því sem við á, þó að því tilskildu að þar sem rætt er um stækkaða siglingaöryggisnefnd skuli átt við ráðstefnuna.

(4) Aðili sem neitað hefur að staðfesta breytingu á viðaukanum skal ekki talinn vera aðili að því er varðar framkvæmd breytingarinnar.

(5) Nema annað sé sérstaklega tekið fram skal sérhver breyting á samþykktinni sem varðar smíði skips því aðeins gilda fyrir skip sem á eða eftir gildistökudag breytingarinnar er í því ástandi að

a) kjölur er lagður, eða

b) smíði tiltekins skips greinilega hafin, eða

c) samsetning er hafin á og er orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, eftir því hvort er minna.

(6) Sérhverja yfirlýsingu um staðfestingu eða mótmæli við breytingu eða tilkynningu gefna samkvæmt lið 2 g) (ii) skal tilkynna skriflega til framkvæmdastjórans sem tilkynna skal öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu og hvenær hún var móttekin.

(7) Framkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um hverja breytingu sem öðlast gildi svo og hvenær hún öðlast gildi.

year from the date of its entry into force, or for such longer period as may be determined by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee at the time of the adoption of the amendment.

(3) Amendment by a Conference:

(a) Upon the request of a Party concurred in by at least one-third of the Parties, the Organization shall convene a Conference of the Parties to consider amendments to the Convention.

(b) Every amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of the Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties for acceptance.

(c) Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraph (2) (f) and (g) respectively, provided that references in those sub-paragraphs to the expanded Maritime Safety Committee shall be taken to mean references to the Conference.

(4) Any Party which has declined to accept the amendment to the Annex shall be deemed not to be a Party for the purpose of application of that amendment.

(5) Unless expressly provided otherwise, any amendment to the Convention which relates to the structure of a vessel, shall apply only to vessels for which, on or after the date of entry into force of the amendment:

(a) the keel is laid; or

(b) construction identifiable with a specific vessel begins; or

(c) assembly has commenced comprising at least 50 tonnes or 1 per cent of the estimated mass of all structural material; whichever is the less.

(6) Any declaration of acceptance of, or objection to, an amendment or any notice given under paragraph (2) (g) (ii) shall be submitted in writing to the Secretary-General who shall inform all the Parties of any such submission and of the date of its receipt.

(7) The Secretary-General shall inform all the Parties of any amendments which enter into force, together with the date on which each such amendment enters into force.

12. gr.
Uppsögn

(1) Sérhver aðili getur sagt samþykkt þessari upp hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi sem hún öðlaðist gildi gagnvart viðkomandi aðila.

(2) Uppsögn á sér stað með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjórans sem skal tilkynna öllum öðrum aðilum um sérhverja tilkynningu sem berst og móttökudag hennar svo og hvaða dag uppsögnin öðlast gildi.

(3) Uppsögn öðlast gildi tólf mánuðum frá því að tilkynningin um uppsögn berst framkvæmdastjóranum eða að liðnum lengri tíma sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni.

Article 12
Denunciation

(1) The Convention may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which the Convention enters into force for that Party.

(2) Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General who shall inform all other Parties of any such notification received and of the date of its receipt as well as the date on which such denunciation takes effect.

(3) A denunciation shall take effect twelve months after receipt of the notification of denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

13. gr.
Varsla og skrásetning

(1) Samþykkt þessari skal komið í vörslu framkvæmdastjórans og skal hann senda staðfest rétt afrit hennar til allra ríkja sem undirritað hafa samþykktina eða gerst aðilar að henni.

(2) Jafnskjótt og samþykktin öðlast gildi skal framkvæmdastjórinn senda texta hennar til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article 13
Deposit and Registration

(1) The Convention shall be deposited with the Secretary-General who shall transmit certified true copies thereof to all the States which have signed the Convention or acceded to it.

(2) As soon as the Convention enters into force, the text shall be transmitted by the Secretary-General to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication, in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

14. gr.
Tungumál

Samþykktin er gerð í einu eintaki á ensku, frönsku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Opinberar þýðingar skal gera á arabísku, ítölsku og þýsku og þær varðveittar með undirritaða frumeintakinu.

Article 14
Languages

The Convention is established in a single copy in the English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic. Official translations in the Arabic, German and Italian languages shall be prepared and deposited with the signed original.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykkt þessa.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the Convention.

GJÖRT Í TORREMOLINOS 2. apríl 1977.

DONE AT TORREMOLINOS this second day of April one thousand nine hundred and seventy-seven.

VIÐAUKI

REGLUR UM SMÍÐI OG BÚNAÐ FISKISKIPA

KAFLI I — ALMENN ÁKVÆÐI

1. regla
Gildissvið

(1) Nema annað sé sérstaklega tekið fram, ná ákvæði þessa viðauka til nýrra fiskiskipa 24 metrar að lengd og lengri, þar með talin skip, sem einnig vinna eigin afla um borð.

(2) Ákvæði þessa viðauka skulu ekki ná til skipa, sem eingöngu eru notuð:

a) til íþrótta eða skemmtunar;

b) til vinnslu fisks eða annarra lífrænna auðlinda hafsins;

c) til rannsókna og þjálfunar; eða

d) til fiskflutninga.

2. regla
Skilgreiningar

(1) „Nýtt skip“ er fiskiskip, sem á eða eftir gildistökudag þessarar samþykktar:

a) smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar er gerður fyrir; eða

b) smíðasamningur eða samningur um meiri háttar breytingar hefur verið gerður fyrir fyrir gildistöku samþykktarinnar, en afhending er á þremur árum eftir gildistöku hennar eða síðar; eða

c) þar sem ekki liggur fyrir smíðasamningur:

i) kjölurinn er lagður; eða

ii) smíði tiltekins skips greinilega hafin; eða

iii) samsetning er hafin á og er orðin að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, eftir því hvort er minna.

(2) „Núverandi skip“ er fiskiskip, sem ekki er nýtt skip.

(3) „Samþykkt“ merkir samþykkt af stjórnvöldum.

(4) „Áhöfn“ er skipstjórinn og allir einstaklingar, sem ráðnir eru til ákveðinna starfa um borð í skipi í þágu þess.

(5) „Lengdin (L)“ skal vera 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónlínu), eða lengdin frá fremri

ANNEX

REGULATIONS FOR THE CONSTRUCTION AND EQUIPMENT OF FISHING VESSELS

CHAPTER I — GENERAL PROVISIONS

Regulation 1
Application

(1) Unless expressly provided otherwise, the provisions of this Annex shall apply to new fishing vessels of 24 metres in length and over, including vessels also processing their catch.

(2) The provisions of this Annex shall not apply to vessels exclusively used:

(a) for sport or recreation;

(b) for processing fish or other living resources of the sea;

(c) for research and training; or

(d) as fish carriers.

Regulation 2
Definitions

(1) "New vessel" is a fishing vessel for which, on or after the date of entry into force of the Convention:

(a) the building or major conversion contract is placed; or

(b) the building or major conversion contract has been placed before the date of entry into force of the Convention, and which is delivered three years or more after the date of such entry into force; or

(c) in the absence of a building contract:

(i) the keel is laid; or

(ii) construction identifiable with a specific vessel begins; or

(iii) assembly has commenced comprising at least 50 tonnes or 1 per cent of the estimated mass of all structural material; whichever is the less.

(2) "Existing vessel" is a fishing vessel which is not a new vessel.

(3) "Approved" means approved by the Administration.

(4) "Crew" means the skipper and all persons employed or engaged in any capacity on board a vessel on the business of that vessel.

(5) "The length (L)" shall be taken as 96 per cent of the total length on a waterline at 85 per cent of the least depth measured from the keel

brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef þessi lengd er lengri. Í skipum hönnuðum með kjölhalla skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínunni.

(6) „Fremri og aftari lóðlínur" eru við fram- og afturenda lengdarinnar (L). Fremri lóðlínan skal falla í gegnum skurðpunkt fremri brúnar stefnis og þeirrar vatnslínu, sem lengdin er mæld í.

(7) „Breiddin (B)" er mesta breidd skipsins mæld miðskipa á ytri brún banda á málmskipum, en að ytri brún byrðings á skipum úr öðru efni.

(8) a) „Dýptin (D)" er lóðrétta fjarlægðin mæld miðskipa frá kjöllínu (spónfarslínu) að efri brún á þilfarsbita aðalþilfarsins út við síðu.

b) Í skipum með ávala þröm skal dýptin mæld að skurðpunkti framlengdra lína þilfars og byrðingsplatna, línurnar framlengjast eins og þrömin sé hornlaga.

c) Þegar aðalþilfarið er í þrepum, og lyftur hluti þilfarsins nær yfir þann stað, þar sem dýptin skal mæld, þá mælist dýptin að framhaldslínu út frá lægri hluta þilfarsins, og er línan dregin samsíða lyfta þilfarshlutanum.

(9) „Efsta (dýpsta) vatnslína" er vatnslínan við mestu leyfilega djúpristu.

(10) „Miðskipa" er á miðju lengdarinnar L.

(11) „Þverskurður miðskipa" er þverskurður bolsins, sem ákvarðast af skurði mótaðs yfirborðs bolsins við lóðréttan flöt miðskipa, hornrétt á vatnslínuna og miðlínufletina.

(12) „Kjöllína" er lína samsíða halla kjalarins og sker miðskipa:

a) efri brún kjölplötu eða skurðlínu milli innri brúnar byrðings og kjalar, þar sem stangarkjölur nær upp fyrir þessa línu í skipum með byrðing úr málmi; eða

b) neðri brún spónfars (spónfarslína) á skipum með byrðing úr tré eða úr blönduðu smíðaefni; eða

c) skurðpunkt milli hugsaðrar framlengingar ytri brúnar byrðings í botni og miðlínu skips, sem er með byrðing úr öðru efni en tré eða málmi.

(13) „Grunnlína" er lárétt lína, sem sker kjöllínuna miðskipa.

line, or as the length from the foreside of the stem to the axis of the rudder stock on that waterline, if that be greater. In vessels designed with rake of keel the waterline on which this length is measured shall be parallel to the designed waterline.

(6) "The forward and after perpendiculars" shall be taken at the forward and after ends of the length (L). The forward perpendicular shall be coincident with the foreside of the stem on the waterline on which the length is measured.

(7) "The breadth (B)" is the maximum breadth of the vessel, measured amidships to the moulded line of the frame in a vessel with a metal shell and to the outer surface of the hull in a vessel with a shell of any other material.

(8) (a) "The depth (D)" is the vertical distance measured amidships from the keel line to the top of the working deck beam at side.

(b) In vessels having rounded gunwales, the depth shall be measured to the point of intersection of the moulded lines of the deck and side shell plating, the lines extending as though the gunwale were of angular design.

(c) Where the working deck is stepped and the raised part of the deck extends over the point at which the depth is to be determined, the depth shall be measured to a line of reference extending from the lower part of the deck along a line with the raised part.

(9) "Deepest operating waterline" is the waterline related to the maximum permissible operating draught.

(10) "Amidships" is the mid-length of L.

(11) "Midship section" is that section of the hull defined by the intersection of the moulded surface of the hull with a vertical plane perpendicular to the waterline and centreline planes passing through amidships.

(12) "Keel line" is the line parallel to the slope of keel passing amidships through:

(a) the top of the keel or line of intersection of the inside of shell plating with the keel where a bar keel extends above that line of a vessel with a metal shell; or

(b) the rabbet lower line of the keel of a vessel with a shell of wood or a composite vessel; or

(c) the intersection of a fair extension of the outside of the shell contour at the bottom with the centreline of a vessel with a shell of material other than wood and metal.

(13) "Baseline" is the horizontal line intersecting at amidships the keel line.

b) Neyðarljósabúnaðinum skal vera þannig komið fyrir, að eldur eða annað slys í rúmi eða rúmum, þar sem neyðarraforkjugjafinn er, ásamt spennubreytum, ef einhverjir eru, orsaki ekki, að ljósanet skipsins verði óvirk.

maintained regardless of the number of revolutions and direction of the main propelling engines or shafting.

(d) Where transformers constitute an essential part of the supply system required by this paragraph, the system shall be so arranged as to ensure continuity of the supply.

(2) (a) The arrangement of the main lighting system shall be such that a fire or other casualty in the space or spaces containing the main source of electrical power, including transformers, if any, will not render the emergency lighting system inoperative.

(b) The arrangement of the emergency lighting system shall be such that a fire or other casualty in the space or spaces containing the emergency source of electrical power, including transformers, if any, will not render the main lighting system inoperative.

55. regla
Neyðarraforkugjafi

(1) Koma skal fyrir sjálfstæðum neyðarraforkugjafa, staðsettum utan vélarúmanna á fullnægjandi hátt, að mati stjórnvalda, og þannig, að starfsemi hans sé tryggð, enda þótt eldur eða aðrir atburðir leiði til bilunar aðalraforkubúnaðarins.

(2) Neyðarraforkugjafinn skal, með hliðsjón af ræsistraumi og skammtímaálagi, geta veitt straum samfellt í a. m. k. þrjár klukkustundir, eftirtöldum búnaði:

a) innanborðs fjarskiptatækjum, eldviðvörunarkerfum og merkjum, sem þörf gæti verið fyrir í neyð;

b) siglingaljósunum, ef þau eru eingöngu rafmagnsljós, og neyðarljósunum;

i) við sjósetningarstaði og meðfram skipssíðunum;
ii) í öllum göngum, stigum og útgöngum;
iii) í rúmum, þar sem vélbúnaður er eða neyðarraforkugjafinn;
iv) í stjórnstöðvum; og
v) í fiskmóttöku- og fiskvinnslurúmum; og

c) til starfrækslu neyðarslökkvidælu, ef einhver er.

(3) Neyðarraforkugjafinn má annaðhvort vera rafall eða rafhlaða.

(4) a) Þar sem neyðarraforkugjafinn er rafall, skal hann bæði hafa sjálfstætt olíuveitukerfi og vera með fullnægjandi ræsibúnað, sem uppfyllir

Regulation 55
Emergency Source of Electrical Power

(1) A self-contained emergency source of electrical power located, to the satisfaction of the Administration, outside the machinery spaces shall be provided and so arranged as to ensure its functioning in the event of fire or other causes of failure of the main electrical installations.

(2) The emergency source of electrical power shall be capable, having regard to starting current and the transitory nature of certain loads, of serving simultaneously for a period of at least three hours:

(a) internal communication equipment, fire detecting systems and signals which may be required in an emergency;

(b) the navigation lights if solely electrical and the emergency lights:

(i) of launching stations and overside of the vessel;
(ii) in all alleyways, stairways and exits;
(iii) in spaces containing machinery or the emergency source of power;
(iv) in control stations; and
(v) in fish handling and fish processing spaces; and

(c) the operation of the emergency fire pump, if any.

(3) The emergency source of electrical power may be either a generator or an accumulator battery.

(4) (a) Where the emergency source of electrical power is a generator, it shall be provided both with an independent fuel supply and with effi-

kröfur stjórnvalda. Hafi neyðarrafallinn ekki annan sjálfstæðan ræsibúnað, skal þessi eini orkugjafi (orkugeymir) vera búinn vörn gegn því að sjálfvirka ræsikerfið tæmi hann alveg.

b) Þar sem neyðarraforkugjafinn er rafgeymir, skal hann þola neyðarálagið án endurhleðslu og samtímis halda spennunni á rafgeyminum meðan á notkun stendur, samfellt innan plús eða mínus 12% marka frá málspennunni. Í því tilfelli að bilun verður á aðalorkugjafanum, skal þessi rafgeymir tengjast sjálfvirkt neyðarskiptitöflunni og skal samstundis veita orku að minnsta kosti þeim búnaði, sem getið er í 2. tl. a) og b). Neyðarskiptitaflan skal vera með hjálparrofa, sem gerir kleift að tengja rafhlöðuna með handafli, í því tilfelli, að bilun eigi sér stað í sjálfvirka tengibúnaðinum.

(5) Hafa skal neyðarskiptitöfluna eins nálægt neyðarraforkugjafanum og framkvæmanlegt er, og skal hún staðsett samkvæmt 1. tl. Þar sem neyðarraforkugjafinn er rafall, skal hafa neyðarskiptitöfluna á sama stað, nema það trufli notkun neyðarskiptitöflunnar.

(6) Rafgeymi, sem komið er fyrir samkvæmt þessari reglu, aðrir en rafgeymar fyrir talstöðvarnar í skipum styttri en 45 m, skulu hafðir í vel loftræstu rúmi, sem er ekki það sama og neyðarskiptataflan er í. Hafa skal mæli á hentugum stað í aðalskiptitöflunni eða í stjórnklefa vélarúmsins til þess að gefa til kynna, hvenær rafhlöðurnar fyrir neyðarorkuna afhlaðast. Neyðarskiptitaflan skal fá orku við eðlilegar aðstæður frá aðalskiptitöflu með streng, sem er varinn í aðalskiptitöflunni gegn yfirálagi og skammhlaupi. Fyrirkomulagið í neyðarskiptitöflunni skal vera þannig, að tengingin við aðalskiptitöflu rofni sjálfkrafa við neyðarskiptitöfluna, ef aðalorkugjafinn brestur, og á skipum 45 m að lengd og lengri, tengist neyðarorkugjafinn sjálfvirkt, ef aðalorkugjafinn bregst. Sé kerfið með tvístefnutengi (feedback operation), skal strengurinn einnig varinn í neyðarskiptitöflu, a. m. k. gegn skammhlaupi.

cient starting arrangements to the satisfaction of the Administration. Unless a second independent means of starting the emergency generator is provided the single source of stored energy shall be protected to preclude its complete depletion by the automatic starting system.

(b) Where the emergency source of electrical power is an accumulator battery it shall be capable of carrying the emergency load without recharging whilst maintaining the voltage of the battery throughout the discharge period within plus or minus 12 per cent of its nominal voltage. In the event of failure of the main power supply this accumulator battery shall be automatically connected to the emergency switchboard and shall immediately supply at least those services specified in paragraph (2) (a) and (b). The emergency switchboard shall be provided with an auxiliary switch allowing the battery to be connected manually, in case of failure of the automatic connexion system.

(5) The emergency switchboard shall be installed as near as is practicable to the emergency source of power and shall be loacted in accordance with paragraph (1). Where the emergency source of power is a generator, the emergency switchboard shall be located in the same place unless the operation of the emergency switchboard would thereby be impaired.

(6) An accumulator battery fitted in accordance with this Regulation, other than batteries fitted for the radio transmitter and receiver in vessels of less than 45 metres in length, shall be installed in a well ventilated space which shall not be the space containing the emergency switchboard. An indicator shall be mounted in a suitable place on the main switchboard or in the machinery control room to indicate when the battery constituting the emergency source of power is being discharged. The emergency switchboard is to be supplied in normal operation from the main switchboard by an inter-connector feeder which is to be protected at the main switchboard against overload and short circuit. The arrangement at the emergency switchboard shall be such that the inter-connector feeder is disconnected automatically at the emergency switchboard upon failure of the main power supply, and for vessels of 45 metres in length and over shall provide for automatic connexion of the emergency supply in the event of such failure. When the system is arranged for feedback operation, the inter-connector feeder shall also be protected at the emergency switchboard at least against short circuit.

(7) Neyðarrafallinn og aðaldrifkraftur hans, svo og allir rafgeymar, skulu vera þannig úr garði gerðir, að þeir starfi með fullum afköstum, þegar skipið er rétt og þegar veltur þess eru allt að 22½° á annað hvort borðið, og stafnhalli þess er samtímis allt að 10° á stafn eða skut, eða velti á annan hátt innan þessara marka.

(8) Neyðarraforkugjafinn og sjálfvirka ræsikerfið skulu vera þannig hönnuð og smíðuð, að mögulegt sé fyrir áhöfnina að gera fullnægjandi prófanir á þeim, á meðan skipið er í gangi.

(7) The emergency generator and its prime mover and any accumulator battery shall be so arranged as to ensure that they will function at full rated power when the vessel is upright and when rolling up to an angle of 22½ degrees either way and simultaneously pitching 10 degrees by bow or stern, or is in any combination of angles within those limits.

(8) The emergency source of electrical power and automatic starting equipment shall be so constructed and arranged as to enable adequate testing to be carried out by the crew while the vessel is in operating condition.

56. regla

Varúðarráðstafanir gegn raflosti, eldi og öðrum hættum, sem orsakast kunna af rafmagni

(1) a) Óvarðir, varanlegir málmhlutar rafhreyfla og rafbúnaðar, sem ekki er straumhafa, en getur orðið það vegna bilana, skulu jarðtengdir, nema:

i) þeir fái ekki spennu yfir 55 volt, ef um jafnstraum er að ræða, eða 55 volt, virkt raungildi (root mean square) milli leiðara; ekki skal nota einvafsspenna, til þess að ná þessari riðstraumsspennu; eða
ii) þeir fái ekki spennu yfir 250 volt frá spennubreytum með aðskilin, einangruð vöf, og sem veita aðeins einu tæki; eða
iii) þeir séu smíðaðir samkvæmt grundvallarreglunni um tvöfalda einangrun.

b) Handraftæki skal nota við hættulausa spennu. Óvarðir hlutar þessara tækja, sem ekki eru straumhafa en gætu orðið það vegna bilana, skulu jarðtengdir. Stjórnvöld geta krafist aukinna varúðarráðstafana fyrir rafmagnshandlampa, verkfæri eða önnur svipuð tæki, sem eru notuð í þröngum eða óvenjulega rökum rúmum, þar sem leiðni getur skapað sérstakar hættur.

c) Smíði og niðursetning raftækja skal þannig háttað, að þau valdi ekki slysi við eðlilega meðferð og snertingu.

(2) Aðal- og neyðarskiptitöflur skulu vera þannig úr garði gerðar, að þær veiti greiðan aðgang, eftir þörfum, að tækjum og búnaði, án hættu fyrir gæslumenn. Hliðarnar, bakið og, sé það nauðsynlegt, einnig framhliðina skal verja á viðeigandi hátt. Óvarða, straumhafa hluti, er hafa spennu miðað við jörð hærri en þá spennu, sem stjórnvöld ákveða, skal ekki setja á framhlið þessara taflna. Þar sem nauðsynlegt er, skulu

Regulation 56

Precautions against Shock, Fire and Other Hazards of Electrical Origin

(1) (a) Exposed permanently fixed metal parts of electrical machines or equipment which are not intended to be "live", but which are liable under fault conditions to become "live" shall be earthed (grounded) unless:

(i) they are supplied at a voltage not exceeding 55 volts direct current or 55 volts, root mean square, between conductors; autotransformers shall not be used for the purpose of achieving this alternative current voltage; or
(ii) they are supplied at a voltage not exceeding 250 volts by safety isolating transformers supplying one consuming device only; or
(iii) they are constructed in accordance with the principle of double insulation.

(b) Portable electrical equipment shall operate at a safe voltage, exposed metal parts of such equipment which are not intended to have a voltage but which may have such under fault conditions, shall be earthed. The Administration may require additional precautions for portable electric lamps, tools or similar apparatus for use in confined or exceptionally damp spaces where particular risks due to conductivity may exist.

(c) Electrical apparatus shall be so constructed and so installed that it shall not cause injury when handled or touched in the normal manner.

(2) Main and emergency switchboards shall be so arranged as to give easy access as may be needed to apparatus and equipment, without danger to attendants. The sides and backs and, where necessary, the fronts of switchboards, shall be suitably guarded. Exposed "live" parts having voltages to earth exceeding a voltage to be specified by the Administration shall not be installed on the front of such switchboards. There

lagðar mottur eða grindur úr einangrandi efni við framhliðina og bakhliðina.

(3) a) Rafkerfi, þar sem skipsbolurinn er annar leiðarinn, skal ekki nota til orkuflutnings til hitunar eða lýsingar í skipum 75 m að lengd og lengri.

b) Ákvæði liðar a) hindra ekki við vissar aðstæður, sem stjórnvöld samþykkja, notkun á:

i) tæringarvarnarafkerfum, sem byggja á rafmagni („katóðu"-vörn);
ii) takmörkuðum og jarðtengdum kerfum; eða
iii) tækjum, sem hafa eftirlit með einangruninni, að því tilskildu, að straumur í rásinni fari ekki yfir 30 milliamper við óheppilegustu aðstæður.

c) Í skipum með rafkerfi, þar sem skipsbolurinn er annar leiðarinn, skulu allar lokaveiturásir (allar rásir eftir síðasta var), vera tveggja leiðara, og sérstakar varúðarráðstafanir gerðar, sem teljast fullnægjandi að mati stjórnvalda.

(4) Þar sem ójarðtengt dreifikerfi, hvort sem það er fyrsta (primary) eða annars (secondary) stigs, er notað til orkuflutnings, hitunar eða lýsingar, skal vera fyrir hendi tæki, sem hefur stöðugt eftirlit með einangruninni til jarðar og gefur heyranlegt eða sýnilegt merki, ef einangrunargildin verða óeðlilega lág.

(5) a) Nema stjórnvöld leyfi annað við sérstakar aðstæður, skulu öll málmslíður og hlífar kapla vera samtengd og jarðtengd.

b) Allir rafkaplar skulu a. m. k. vera af eldhindrandi gerð og þannig lagðir, að upphaflegir eldhindrandi eiginleikar þeirra séu óskertir. Stjórnvöld geta leyft notkun á sérstökum gerðum kapla, sem falla ekki að ofangreindum ákvæðum, ef nauðsyn ber til í einstökum tilvikum, til dæmis sem tíðnitaugar senditækja.

c) Kaplar og lagnir, sem eru fyrir aðal- eða neyðarorku, lýsingu, innanborðstalsamband og merkjagjöf, skal leiða, svo framarlega sem unnt er, fram hjá eldhúsum, vélarúmum af gerðinni A og öðrum rúmum, þar sem mikil eldhætta er, þvottaklefum, fiskmóttöku- og fiskvinnslurúmum og öðrum rúmum, þar sem hátt rakastig er. Kaplar, sem tengja slökkvidælur við neyðarskiptitöfluna, skulu vera af eldtraustri gerð, þegar þeir liggja um rúm, þar sem er mikil eldhætta. Þar sem því verður við komið, skal leggja þessa kapla þannig, að útilokað sé, að þeir verði ónothæfir vegna þess að þilin hitna sökum elds í aðliggjandi rúmi.

shall be non-conducting mats or gratings at the front and rear, where necessary.

(3) (a) The hull return system of distribution shall not be used for power, heating or lighting in vessels of 75 metres in length and over.

(b) The requirement of sub-paragraph (a) does not preclude, under conditions approved by the Administration, the use of:

(i) impressed current cathodic protective systems;
(ii) limited and locally earthed systems; or
(iii) insulation level monitoring devices provided the circulation current does not exceed 30 milliamperes under the most unfavourable conditions.

(c) Where the hull return system is used, all final sub-circuits (all circuits fitted after the last protective device) shall be two wire and special precautions shall be taken to the satisfaction of the Administration.

(4) Where a distribution system, whether primary or secondary, for power, heating or lighting, with no connexion to earth is used, a device capable of continuously monitoring the insulation level to earth and of giving an audible or visual indication of abnormally low insulation values shall be provided.

(5) (a) Except as permitted by the Administration in exceptional circumstances, all metal sheaths and armour of cables shall be electrically continuous and shall be earthed.

(b) All electrical cables shall be at least of a flame-retardant type and shall be so installed as not to impair their original flame-retarding properties. The Administration may permit the use of special types of cables when necessary for particular applications, such as radio frequency cables, which do not comply with the foregoing.

(c) Cables and wiring serving essential or emergency power, lighting, internal communications or signals shall as far as practicable be routed clear of galleys, machinery spaces of Category A and other high fire risk areas and laundries, fish handling and fish processing spaces and other spaces where there is a high moisture content. Cables connecting fire pumps to the emergency switchboard shall be of a fire resistant type where they pass through high fire risk areas. Where practicable all such cables should be run in such a manner as to preclude their being rendered unserviceable by heating of the bulkheads that may be caused by a fire in an adjacent space.

d) Þegar kaplar eru lagðir í rúm, þar sem eld- og sprengihætta er, verði bilun í rafkerfinu, skal gera sérstakar varúðarráðstafanir gegn þessari hættu, sem eru fullnægjandi að mati stjórnvalda.

e) Raflagnir skulu lagðar á þann hátt, að þær verði ekki fyrir núningi né öðrum skemmdum.

f) Ganga skal frá endum og samskeytum allra lagna þannig, að upphaflegir eiginleikar haldist, svo sem rafleiðni, efnis- og eldhindrandi eiginleikar, og þar sem nauðsynlegt er, eldtraustleiki kapalsins.

g) Kaplar lagðir í kæliklefa skulu hæfir til notkunar við lágt hitastig og mikinn raka.

(6) a) Rafrásir skal verja gegn skammhlaupi. Einnig skal verja rafrásir gegn yfirálagi, nema í samræmi við 51. reglu eða í undantekningartilvikum, þar sem stjórnvöld heimila annað.

b) Stöðugt skal sýna hámarksálagið eða viðkomandi stillingu á yfirálagsvarnarbúnaðinum fyrir hverja straumrás þar sem varnarbúnaðinum er komið fyrir.

(7) Ljósabúnaði skal þannig komið fyrir, að hann valdi ekki hitaaukningu, sem leitt gæti til skemmda á raflögninni, né að aðliggjandi efni hitni óhóflega.

(8) Ljósa- eða rafrásir, sem enda í rúmi, þar sem eld- eða sprengingarhætta er, skal búa einangrunarrofum utan rúmsins.

(9) a) Rúm fyrir rafhlöðu skal gert og loftræst þannig, að fullnægjandi sé, að mati stjórnvalda.

b) Rafbúnað og annan búnað, sem gæti valdið íkveikju í eldfimri uppgufun, skal ekki heimilt að nota í þessum hólfum, nema að því marki, sem greinir í 10. tl.

c) Rafgeyma er óheimilt að staðsetja í vistarverum, nema þeir séu geymdir loftþétt.

(10) Í rúmum, þar sem eldfimar blöndur geta safnast fyrir, og í sérhverju hólfi, sem aðallega er notað til geymslu á rafgeymum, skal ekki koma fyrir rafbúnaði, nema stjórnvöld telji að:

a) hann sé nauðsynlegur fyrir reksturinn;

b) hann sé af þeirri gerð, sem ekki kveikir í viðkomandi blöndu;

c) hann hæfi viðkomandi rúmi; og

d) vottað sé á fullnægjandi hátt, að notkun búnaðarins sé hættulaus í því ryki, lofttegundum og í því gasi, sem líklegt er að komi fyrir.

(d) Where cables which are installed in spaces where the risk of fire or explosion exists in the event of an electrical fault, special precautions against such risks shall be taken to the satisfaction of the Administration.

(e) Wiring shall be supported in such a manner as to avoid chafing or other damage.

(f) Terminations and joints in all conductors shall be made such that they retain the original electrical, mechanical, flame-retarding and, where necessary, fire-resisting properties of the cable.

(g) Cables installed in refrigerated compartments shall be suitable for low temperatures and high humidity.

(6) (a) Circuits shall be protected against short circuit. Circuits shall also be protected against overload, except in accordance with Regulation 51 or where the Administration may exceptionally otherwise permit.

(b) The rating or appropriate setting of the overload protective device for each circuit shall be permanently indicated at the location of the protective device.

(7) Lighting fittings shall be arranged to prevent temperature rises which could damage the wiring and to prevent surrounding material from becoming excessively hot.

(8) Lighting or power circuits terminating in a space where the risk of fire or explosion exists shall be provided with isolating switches outside the space.

(9) (a) The housing of an accumulator battery shall be constructed and ventilated to the satisfaction of the Administration.

(b) Electrical and other equipment which may constitute a source of ignition of flammable vapours shall not be permitted in these compartments except as permitted in paragraph (10).

(c) An accumulator battery shall not be located in accommodation spaces unless installed in a hermetically sealed container.

(10) In spaces where flammable mixtures are liable to collect and in any compartment assigned principally to the containment of an accumulator battery, no electrical equipment shall be installed unless the Administration is satisfied that it is:

(a) essential for operational purposes;

(b) of a type which will not ignite the mixture concerned;

(c) appropriate to the space concerned; and

(d) appropriately certified for safe usage in the dusts, vapours or gases likely to be encountered.

(11) Eldingavara skal setja á öll trémöstur eða toppmöstur. Í skipum smíðuðum úr óleiðandi efni skal tengja eldingavarann með hæfilegum kapli við eirplötu, sem fest er utan á bol skipsins, vel undir sjólínu.

(11) Lightning conductors shall be fitted to all wooden masts of topmasts. In vessels constructed of non-conductive materials the lightning conductors shall be connected by suitable conductors to a copper plate fixed to the vessel's hull well below the waterline.

HLUTI D — TÍMABUNDIÐ ÓMÖNNUÐ VÉLARÚM
(sjá einnig 41. reglu).

PART D — PERIODICALLY UNATTENDED MACHINERY SPACES
(See also Regulation 41)

57. regla
Brunaöryggi

Varnir gegn eldi

(1) Háþrýsti-brennsluolíulögnum skal veita sérstaka athygli. Þar sem það er framkvæmanlegt, skal safna lekaolíu frá þessum lögnum fyrir í lekaolíugeymi, sem er með búnað, sem gefur viðvörun, verði hátt borð í geyminum.

(2) Þar sem daggeymar brennsluolíu eru fylltir sjálfvirkt eða með fjarstjórnun, skulu þeir vera þannig útbúnir, að þeir yfirfyllist ekki. Sams konar ráðstafanir skal gera við annan búnað, sem fer sjálfvirkt með eldfima vökva, t. d. brennsluolíuskilvindur, sem staðsetja skal, hvenær sem því verður við komið, í sérstöku rúmi, ætluðu fyrir skilvindur og hitunarbúnað þeirra.

(3) Þar sem dag- eða setgeymar brennsluolíu eru með hitunarbúnaði og hitinn getur farið upp yfir blossamark brennsluolíunnar, skal hafa viðvörunarbúnað, sem gefur til kynna hátt hitastig.

Eldskynjun

(4) Viðurkennt eldskynjunarkerfi, sem byggist á sjálfvirku eftirliti og búið er möguleikum til reglubundinna prófana, skal vera í vélarúmum. Stjórnvöldum er heimilt að undanþiggja skip styttri en 45 m, þessu ákvæði, að því tilskildu, að staðsetning vélarúmsins auðveldi mönnum um borð að verða elds varir.

(5) Eldskynjunarkerfið skal gefa frá sér bæði hljóð- og ljósmerki í brúnni og á nægjanlega mörgum, heppilegum stöðum, svo að menn um borð heyri það og sjái, þegar skipið er í höfn.

(6) Eldskynjunarkerfið skal sjálfkrafa fá orku frá neyðarorkugjafa, ef bilun verður á aðalorkugjafanum.

(7) Sprengihreyfla, 2500 kílóvött að stærð og þar yfir, skal búa skynjurum fyrir olíuúða í sveifarhúsi eða skynjurum fyrir hita vélarlega eða jafngildum tækjum.

Regulation 57
Fire Safety

Fire prevention

(1) Special consideration shall be given to high pressure fuel oil pipes. Where practicable, leakages from such piping systems shall be collected in a suitable drain tank which shall be provided with a high level alarm.

(2) Where daily service fuel oil tanks are filled automatically or by remote control, means shall be provided to prevent overflow spillages. Similar consideration shall be given to other equipment which treats flammable liquids automatically, e. g. fuel oil purifiers, which whenever practicable shall be installed in a special space reserved for purifiers and their heaters.

(3) Where fuel oil daily service tanks or settling tanks are fitted with heating arrangements, a high temperature alarm shall be provided if the flashpoint of the fuel oil can be exceeded.

Fire detection

(4) An approved fire detection system based on a self-monitoring principle and including facilities for periodical testing shall be installed in machinery spaces. In vessels of less than 45 metres in length the Administration may waive this requirement provided the location of the machinery space facilitates the detection of fire by persons on board.

(5) The detection system shall initiate both audible and visual alarm in the wheelhouse and in sufficient appropriate spaces to be heard and observed by persons on board, when the vessel is in harbour.

(6) The fire detection system shall be fed automatically from an emergency source of power if the main source of power fails.

(7) Internal combustion engines of 2 500 kilowatts and over shall be provided with crankcase oil mist detectors or engine bearing temperature detectors or equivalent devices.

Eldvarnir

(8) Um borð skal vera innbyggt slökkvikerfi, sem er fullnægjandi að mati stjórnvalda og samrýmist ákvæðum 83. og 101. reglu.

(9) Í skipum, 75 m að lengd og lengri, skal gera ráðstafanir til þess, að samstundis fáist vatn frá slökkvikerfinu, annaðhvort með:

a) fjarstýrðri ræsingu á einni af aðalslökkvidælunum úr brúnni eða stjórnstöð fyrir brunavarnir, ef einhver er; eða

b) stöðugum þrýstingi í slökkvikerfinu, en hafa skal í huga þann möguleika, að frjósi í lögnunum.

(10) Að mati stjórnvalda skal viðhaldið á eldtraustleika vélarúmanna vera fullnægjandi, einnig staðsetning stjórnbúnaðar slökkvikerfisins, stöðvunarbúnaðurinn, sem tilgreindur er í 62. reglu, t. d. fyrir loftræstingar, brennsluolíudælur o.s.frv. Stjórnvöld geta krafist slökkvitækja og annars eldvarnarbúnaðar og öndunartækja til viðbótar því, sem ákvæðin í kafla V tilgreina.

58. regla
Varnir gegn yfirfyllingu

(1) Setja skal í kjalsogið í vélarúmum fullkominn viðvörunarbúnað, sem gefur til kynna alla samansöfnun vökva við eðlilegan stafn- og hliðarhalla. Viðvörunarkerfið skal gefa frá sér heyranleg og sýnileg merki á þeim stöðum, þar sem stöðug vakt er höfð.

(2) Í skipum 45 m að lengd og lengri skal staðsetja stjórnbúnað allra loka fyrir sjóinntök, frárennsli neðan sjólínu eða kjalsogs- og austurkerfi þannig að nægur tími sé til stjórnunar þeirra, ef vatn streymir í rúmið.

59. regla
Talsambönd

Í skipum 75 m að lengd og lengri skal annar möguleiki á sambandi, sem greint er frá í 45. reglu, vera öruggt talsamband. Auk þess skal vera annað öruggt talsamband milli brúar og vistarvera vélstjóra.

60. regla
Viðvörunarkerfi

(1) Til staðar skal vera viðvörunarkerfi, sem gefur til kynna sérhverja bilun, sem þarf athugunar við.

Fire fighting

(8) A fixed fire-extinguishing system shall be provided to the satisfaction of the Administration, which shall be in compliance with the requirements of Regulations 83 and 101.

(9) In vessels of 75 metres in length and over provision shall be made for immediate water delivery from the fire main system either by:

(a) remote starting arrangements of one of the main fire pumps in the wheelhouse and at the fire control station, if any; or

(b) permanent pressurization of the fire main system, due regard being paid to the possibility of freezing.

(10) The Administration shall be satisfied with the maintenance of the fire integrity of the machinery spaces, the location and centralization of the fire-extinguishing system controls, the shut-down arrangements referred to in Regulation 62, e. g. ventilation, fuel pumps, etc., and may require fire-extinguishing appliances and other fire-fighting equipment and breathing apparatus in addition to the relevant requirements of Chapter V.

Regulation 58
Protection against Flooding

(1) Bilges in machinery spaces shall be provided with a high level alarm in such a way that the accumulation of liquids is detected at normal angles of trim and heel. The detection system shall initiate an audible and visual alarm in the places where continuous watch is maintained.

(2) In vessels of 45 metres in length and over the controls of any valve serving a sea inlet, a discharge below the waterline or a bilge injection system shall be so sited as to allow adequate time for operation in case of influx of water to the space.

Regulation 59
Communications

In vessels of 75 metres in length and over one of the two separate means of communication referred to in Regulation 45 shall be a reliable vocal communication. An additional reliable means of vocal communication shall be provided between the wheelhouse and the engineers' accommodation.

Regulation 60
Alarm System

(1) An alarm system shall be provided which shall indicate any fault requiring attention.

(2) a) Viðvörunarkerfið skal geta gefið frá sér heyranlegt hljóðmerki í vélarúminu og skal gefa til kynna með sýnilegu merki á viðeigandi stað, hvaða viðvörun er í gangi. Þó geta stjórnvöld heimilað í skipum styttri en 45 m að kerfið geti gefið frá sér hljóðmerki og sýnt með merki, hvaða viðvörun er í gangi, aðeins á brú skipsins.

b) Í skipum 45 m að lengd og lengri, skal viðvörunarkerfið vera tengt í klefa vélstjóranna með valrofa, til þess að tryggja samband við einn þessara klefa eða setustofu vélstjóranna, ef einhver er. Stjórnvöldum er heimilt að leyfa annað fyrirkomulag, sem veitir sambærilegt öryggi.

c) Í skipum 45 m að lengd og lengri skal gefin viðvörun til vélstjóra, og til þeirra manna í brúnni, sem þar eru á vakt, ef áður gefin viðvörun hefir ekki vakið athygli innan ákveðins tíma, sem stjórnvöld ákveða.

d) Heyranleg og sýnileg viðvörun skal gefin í brúnni vegna sérhvers tilviks, sem aðgerða þarf við af ábyrgum, vakthafandi manni eða sem athygli hans skal vakin á.

e) Viðvörunarkerfið skal vera hannað, sé það framkvæmanlegt, miðað við „fail-safe“ fyrirkomulag.

(3) Viðvörunarkerfið skal:

a) fá stöðugt orku, með því að skipta sjálfvirkt yfir á varaorkugjafa, ef aðalorkugjafinn bilar;

b) gefa viðvörun verði bilun í aðalorkugjafanum.

(4) a) Viðvörunarkerfið skal geta gefið til kynna fleiri en eina bilun samtímis og móttökustaðfesting einnar viðvörunar skal ekki hindra gjöf annarrar viðvörunar.

b) Staðfesting á móttöku viðvörunar á þeim stað, sem tilgreindur er í 2. tl. a), skal sýnd á þeim stöðum, þar sem viðvörunin var gefin. Gefa skal viðvörunarmerki þar til þau eru móttekin, og ljósmerki skulu sýnd áfram, þar til bilunin hefur verið lagfærð. Allur viðvörunarbúnaður skal sjálfkrafa fara í viðbragðsstöðu, þegar bilun hefur verið lagfærð.

(2) (a) The alarm system shall be capable of sounding in the machinery space an audible alarm and indicate visually each separate alarm function at a suitable position. However, in vessels of less than 45 metres in length the Administration may permit the system to be capable of sounding and indicating visually each separate alarm function in the wheelhouse only.

(b) In vessels of 45 metres in length and over the alarm system shall have a connexion to the engineers' cabins through a selector switch to ensure connexion to one of those cabins and to the engineers' public rooms, if any. The Administration may permit alternative arrangements which provide an equivalent measure of safety.

(c) In vessels of 45 metres in length and over an engineers' alarm and an alarm to the wheelhouse for persons on watch shall be activated if an alarm function has not received attention within a limited period as specified by the Administration.

(d) Audible and visual alarms shall be activated in the wheelhouse for any situation requiring action by the responsible person on watch or which should be brought to his attention.

(e) The alarm system shall as far as is practicable be designed on the fail-safe principle.

(3) The alarm system shall be:

(a) continuously powered with automatic changeover to a stand-by power supply in case of loss of normal power supply; and

(b) activated by failure of the normal power supply.

(4) (a) The alarm system shall be able to indicate at the same time more than one fault and the acceptance of any alarm shall not inhibit another alarm.

(b) Acceptance at the position referred to in paragraph (2) (a) of any alarm condition shall be indicated at the positions where it was shown. Alarms shall be maintained until they are accepted and the visual indications shall remain until the fault has been corrected. All alarms shall automatically reset when the fault has been rectified.

61. regla

Sérstök ákvæði varðandi véla-, ketil- og rafbúnað

(1) Í skipum 75 m að lengd og lengri skal aðalraforkugjafinn vera sem hér greinir:

a) þar sem venjulega má afla raforkunnar með einum rafali, skal vera viðeigandi álagsstýring, sem tryggir samfellda orku til þess búnaðar, sem

Regulation 61

Special Requirements for Machinery, Boiler and Electrical Installations

(1) In vessels of 75 metres in length and over the main source of electrical power shall be supplied as follows:

(a) where the electrical power can normally be supplied by one generator, there shall be pro-

nauðsynlegur er til að knýja skipið og stýra því. Til að bæta upp brottfall rafalsins, sem er í notkun, í því tilfelli að hann bili, skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til sjálfvirkrar ræsingar vararafals og tengingar hans í aðalskiptitöfluna, og skal hann afkasta orku, sem nægir til þess að unnt sé að knýja skipið og stýra því, enn fremur til að ræsa á ný á sjálfvirkan hátt nauðsynlegar hjálparvélar, þar með talið, ef nauðsyn krefur, að framkvæma tengdar áframhaldandi aðgerðir. Gera má ráðstafanir, sem að mati stjórnvalda eru fullnægjandi, til þess að unnt sé að fjarræsa (handvirkt) og tengja vararafalinn við aðalskiptitöfluna og einnig að unnt sé að endurfjarræsa nauðsynlegar hjálparvélar; og

b) ef raforkan er að jafnaði framleidd samtímis af fleiri en einni rafalsamstæðu, skal gera ráðstafanir, t. d. með álagsstýringu, til að tryggja, enda þótt ein samstæðan verði óvirk, að þær sem eftir eru haldi áfram að starfa án yfirálags þannig, að unnt sé að knýja skipið og stýra því.

(2) Þar sem þess er krafist að hafa tvöfaldan búnað, skal annar hjálparvélbúnaðurinn, sem nauðsynlegur er til þess að knýja skipið, búinn sjálfvirkum skiptibúnaði, sem skiptir yfir á varavél. Gefa skal viðvörun við sjálfvirka skiptingu.

(3) Sjálfvirk eftirlits- og viðvörunarkerfi skulu höfð, svo sem hér greinir:

a) eftirlitskerfið skal vera þannig, að nauðsynlegur sjálfvirkur búnaður tryggi þá starfsemi, sem nauðsynleg er til rekstrar aðalvélabúnaðarins og tilheyrandi hjálparvéla;

b) þegar aðalvélar eru sprengihreyflar, skal hafður búnaður, sem heldur uppi nauðsynlegum ræsiloftsþrýstingi;

c) viðvörunarkerfi samkvæmt 60. reglu skal vera fyrir allan mikilvægan þrýsting, hitastig, vökvaborð o. s. frv.; og

d) þar sem slíkt á við, skal höfð viðeigandi miðstöð með nauðsynlegum viðvörunarmerkjum og búnaði, sem gefur til kynna sérhverja bilun, sem viðvörun hefur verið gefin við.

62. regla
Öryggiskerfi

Hafa skal þannig öryggiskerfi, að alvarleg bilun í starfsemi véla- eða ketilbúnaðar, sem skyndileg hætta stafar af, leiði til sjálfvirkrar stöðvunar þessa hluta búnaðarins, og er viðvörun gefin um það. Stöðvun á aðalvélbúnaðinum skal ekki vera sjálfvirk, nema í þeim tilvikum, sem geta leitt til

vided suitable load shedding arrangements to ensure the integrity of supplies to services required for propulsion and steering. To cover the case of loss of the generator in operation, there shall be adequate provisions for automatic starting and connecting to the main switchboard of a stand-by generator of sufficient capacity to permit propulsion and steering and with automatic restarting of the essential auxiliaries including, where necessary, sequential operations. Means may be provided to the satisfaction of the Administration for remote (manual) starting and connexion of the stand-by generator to the main switchboard as well as means of repeated remote starting of essential auxiliaries; and

(b) if the electrical power is normally supplied by more than one generating set simultaneously, there shall be provisions, e. g. by load shedding, to ensure that in case of loss of one of these generating sets, the remaining ones are kept in operation without overload to permit propulsion and steering.

(2) Where required to be duplicated, other auxiliary machinery essential to propulsion shall be fitted with automatic change-over devices allowing transfer to a stand-by machine. An alarm shall be given on automatic change-over.

(3) Automatic control and alarm systems shall be provided as follows:

(a) the control system shall be such that through the necessary automatic arrangements the services needed for the operation of the main propulsion machinery and its auxiliaries are ensured;

(b) means shall be provided to keep the starting air pressure at the required level where internal combustion engines are used for main propulsion;

(c) an alarm system complying with Regulation 60 shall be provided for all important pressures, temperatures, fluid levels, etc.; and

(d) where appropriate an adequate central position shall be arranged with the necessary alarm panels and instrumentation indicating any alarmed fault.

Regulation 62
Safety System

A safety system shall be provided so that serious malfunction in machinery or boiler operations, which presents an immediate danger, shall initiate the automatic shut-down of that part of the plant and an alarm shall be given. Shut-down of the propulsion system shall not be automa-

alvarlegra skemmda, algerrar bilunar eða sprengingar. Þar sem fyrirkomulagið er þannig, að unnt er að hlaupa fram hjá stöðvun aðalvélbúnaðarins, skal það vera svo, að óviljandi er það ekki mögulegt. Sýnileg merki skulu gefa til kynna, hvort framhjáhlaup hafi orðið eða ekki.

tically activated except in cases which could lead to serious damage, complete breakdown, or explosion. Where arrangements for overriding the shut-down of the main propelling machinery are fitted these shall be such as to preclude inadvertent activation. Visual means shall be provided to show whether or not it has been activated.

KAFLI V — ELDVARNIR, ELDSKYNJUN OG SLÖKKVISTÖRF
(sjá einnig 75. reglu)

CHAPTER V — FIRE PROTECTION, FIRE DETECTION, FIRE EXTINCTION AND FIRE FIGHTING
(See also Regulation 57)

HLUTI A — ELDVARNIR Í SKIPUM 55 M AÐ LENGD OG LENGRI

PART A — FIRE SAFETY MEASURES IN VESSELS OF 55 METRES IN LENGTH AND OVER

63. regla
Almennt

Ein af eftirfarandi eldvarnaraðferðum skal notuð í vistarverum og þjónusturúmum:

a) **Aðferð I F** — Allir skilveggir innanborðs smíðaðir úr eldtraustu efni í „B“ eða „C“ flokki, og að jafnaði engin eldskynjunar- eða úðakerfi í vistarverum og þjónusturúmum; eða

b) **Aðferð II F** — Haft sjálfvirkt úðakerfi til skynjunar á eldi og til að slökkva eld í öllum rúmum, þar sem búast má við íkviknun, yfirleitt án takmörkunar á gerð skilveggjanna; eða

c) **Aðferð III F** — Haft sjálfvirkt eldviðvörunar og skynjunarkerfi á öllum stöðum, þar sem búast má við íkviknun, yfirleitt án takmörkunar á gerð skilveggjanna, að því undanskildu, að í engu tilviki skal flatarmál vistarvera, sem takmarkast af skilveggjum í „A“ eða „B“ flokki, vera stærra en 50 fermetrar. Stjórnvöld geta þó aukið þetta flatarmál fyrir almenn rúm.

Ákvæðin um notkun á eldtraustum efnum til smíði og einangrunar á þiljum vélarúma, stjórnstöðva o.s.frv., og til varnar stigahúsum og göngum, skal gilda jafnt fyrir allar þrjár aðferðirnar.

Regulation 63
General

One of the following methods of protection shall be adopted in accommodation and service spaces:

(a) *Method IF* — The construction of all internal divisional bulkheads of non-combustible "B" or "C" Class divisions generally without the installation of a detection or sprinkler system in the accommodation and service spaces; or

(b) *Method IIF* — The fitting of an automatic sprinkler and fire alarm system for the detection and extinction of fire in all spaces in which fire might be expected to originate, generally with no restriction on the type of internal divisional bulkheads; or

(c) *Method IIIF* — The fitting of an automatic fire alarm and detection system in all spaces in which a fire might be expected to originate, generally with no restriction on the type of internal divisional bulkheads, except that in no case shall the area of any accommodation space or spaces bounded by an "A" or "B" Class division exceed 50 square metres. However, the Administration may increase this area for public spaces.

The requirements for the use of non-combustible materials in construction and insulation of the boundary bulkheads of machinery spaces, control stations, etc., and the protection of stairway enclosures and corridors shall be common to all three methods.

64. regla
Smíði

(1) Bolur, yfirbygging, meginþil, þilför og þilfarshús skulu vera smíðuð úr stáli eða öðru jafngildu efni, nema að annað sé tilgreint í 4. tl.

(2) Einangrun á hlutum úr álblöndu í skilveggjum í „A" eða „B" flokki, nema á hlutum, sem að mati stjórnvalda, eru ekki undir álagi, skal vera þannig, að hitastigið í kjarna hlutarins hækkar ekki yfir 200°C yfir hitastig umhverfisins, meðan á viðkomandi eldprófun stendur í staðlaðri brunaprófun.

(3) Sérstaka athygli skal hafa með einangrun á álblönduhlutum súlna, stoða og annarra skipshluta, sem nauðsynlegir eru til að bera og/eða styrkja geymslur björgunarfara, sjósetningarstaði, staði þaðan sem farið er um borð og skilveggi í „A" eða „B" flokki, til þess að tryggja:

a) að fyrir þá skipshluta, sem bera og/eða styrkja þá staði þar sem björgunarför eru og skilveggi í „A" flokki gildir takmörkunin á hitastigshækkuninni, sem greint er frá í 2. tl. að einni klukkustund liðinni; og

b) að fyrir þá skipshluta, sem bera og/eða styrkja eiga skilveggi í „B" flokki, gildir takmörkunin á hitastigshækkuninni, sem greint er frá í 2. tl. að hálfri klukkustund liðinni.

(4) Þök og reisnir vélarúma af gerðinni A skulu smíðuð úr stáli, nægjanlega einangruð, og öll op á þeim skulu á þann hátt gerð og varin, að þau hindri útbreiðslu elds.

Regulation 64
Structure

(1) The hull, superstructure, structural bulkheads, decks and deckhouses shall be constructed of steel or other equivalent material except as otherwise specified in paragraph (4).

(2) The insulation of aluminium alloy components of "A" or "B" Class divisions, except structures which, in the opinion of the Administration, are non-load-bearing, shall be such that the temperature of the structural core does not rise more than 200 degrees celsius above the ambient temperature at any time during the applicable fire exposure to the standard fire test.

(3) Special attention shall be given to the insulation of aluminium alloy components of columns, stanchions and other structural members required to support survival craft stowage, launching and embarkation areas, and "A" and "B" Class divisions, to ensure:

(a) that for such members supporting survival craft areas and "A" Class divisions the temperature rise limitation specified in paragraph (2) shall apply at the end of one hour; and

(b) that for such members required to support "B" Class divisions, the temperature rise limitation specified in paragraph (2) shall apply at the end of one half-hour.

(4) Crowns and casings of machinery spaces of Category A shall be of steel construction adequately insulated and any openings therein shall be suitably arranged and protected to prevent the spread of fire.

65. regla
Þil í vistarverum og þjónusturúmum

(1) Öll þil, sem eru í vistarverum og þjónusturúmum og þurfa að vera í „B" flokki skilveggja, skulu ná milli þilfara og að byrðingi eða öðrum mörkum, nema ef samfelld loft og/eða klæðningar í „B" flokki eru báðum megin skilveggjarins, þá má skilveggurinn enda við loftið eða klæðninguna.

(2) **Aðferð I F.** Öll þil, sem ekki þurfa samkvæmt þessari eða öðrum reglum þessa hluta að vera í „A" eða „B" flokki skilveggja, skulu að minnsta kosti vera í „C" flokki skilveggja.

(3) **Aðferð II F.** Engar takmarkanir skulu vera á smíði þilja, sem þurfa ekki samkvæmt þessari eða öðrum reglum þessa hluta að vera í „A" eða „B" flokki skilveggja, nema í þeim tilvikum, að

Regulation 65
Bulkheads within the Accommodation and Service Spaces

(1) Within the accommodation and service spaces, all bulkheads required to be "B" Class divisions shall extend from deck to deck and to the shell or other boundaries, unless continuos "B" Class ceilings or linings, or both, are fitted on both sides of the bulkheads in which case the bulkhead may terminate at the continuous ceiling or lining.

(2) *Method IF.* All bulkheads not required by this or other Regulations of this Part to be "A" or "B" Class divisions shall be at least "C" Class divisions.

(3) *Method IIF.* There shall be no restriction on the construction of bulkheads not required by this or other Regulations of this Part to be "A" or "B" Class divisions except in individual cases

skilveggs í „C“ flokki er krafist samkvæmt töflu 1. í 68. reglu.

(4) **Aðferð III F.** Engar takmarkanir skulu vera á smíði þilja, sem þurfa ekki samkvæmt þessari eða öðrum reglum þessa hluta að vera í „A“ eða „B“ flokki skilveggja. Í engu tilviki skal flatarmál í vistarverum eða rúmum sem takmarkast af samfelldum skilveggjum í „A“ eða „B“ flokki vera meira en 50 fermetrar, nema í einstökum tilvikum, þar sem skilveggja í „C“ flokki er krafist samkvæmt töflu 1 í 68. reglu, en stjórnvöld geta þó aukið þetta flatarmál fyrir almenn rúm.

66. regla

Vörn stigaganga og lyftugata í vistarverum, þjónusturúmum og stjórnstöðvum

(1) Stigar, sem aðeins ná milli tveggja þilfara, skulu varðir a. m. k. á annarri hæðinni með a. m. k. skilveggjum úr „B—O“ flokki og sjálflokandi hurðum. Lyftugöt, sem eru aðeins milli tveggja þilfara, skal umlykja með skilveggjum í „A—O“ flokki, með stálhurðum á báðum hæðum. Stigagangar og lyftugöt, sem ná milli fleiri en eins þilfars, skal umlykja skilveggjum, sem eru a. m. k. í „A—O“ flokki, og verja með sjálflokandi hurðum á öllum hæðum.

(2) Allir stigar skulu vera með stálgrind, nema þar sem stjórnvöld heimila notkun á öðru jafngildu efni.

67. regla

Hurðir í eldtraustum skilveggjum

(1) Hurðir skulu vera eldtraustar svo sem unnt er, og til jafns við skilvegginn, sem þær eru í. Hurðir og karmar í skilveggjum í „A“ flokki skulu smíðaðir úr stáli. Hurðir í skilveggjum í „B“ flokki skulu vera úr eldtraustu efni. Hurðir í þiljum, sem afmarka vélarúm af gerðinni A, skulu vera sjálflokandi og loftþéttar eftir því, sem við verður komið. Stjórnvöld geta leyft notkun á brennanlegum efnum í hurðir, sem aðskilja klefa og snyrtiherbergið í honum, svo sem sturtubað, ef smíðað er samkvæmt aðferð I F.

(2) Hurðir, sem eiga að vera sjálflokandi, skal ekki búa krókum til að halda þeim opnum. Þó er heimilt að nota búnað, sem heldur þeim opnum, ef hann er með öruggri fjarstýringu af „fail-safe“ gerð.

(3) Heimila má loftræstiop í hurðum og undir þær í þiljum á göngum, að því undanskildu að slík op eru ekki leyfð í og undir hurðir að umluktum

where “C” Class bulkheads are required in accordance with Table 1 in Regulation 68.

(4) *Method IIIF.* There shall be no restriction on the construction of bulkheads not required by this or other Regulations of this Part to be “A” or “B” Class divisions. In no case shall the area of any accommodation space or spaces bounded by a continuous “A” or “B” Class division exceed 50 square metres, except in individual cases where “C” Class bulkheads are required in accordance with Table 1 in Regulation 68. However, the Administration may increase this area for public spaces.

Regulation 66

Protection of Stairways and Lift Trunks in Accommodation Spaces, Service Spaces and Control Stations

(1) Stairways which penetrate only a single deck shall be protected at least at one level by at least “B-O” Class divisions and self-closing doors. Lifts which penetrate only a single deck shall be enclosed by “A-O” Class divisions with steel doors at both levels. Stairways and lift trunks which penetrate more than a single deck shall be enclosed by at least “A-O” Class divisions and protected by self-closing doors at all levels.

(2) All stairways shall be of steel frame construction except where the Administration permits the use of other equivalent material.

Regulation 67

Doors in Fire-Resistant Divisions

(1) Doors shall have resistance to fire as far as practicable, equivalent to the division in which they are fitted. Doors and door frames in “A” Class divisions shall be constructed of steel. Doors in “B” Class divisions shall be non-combustible. Doors fitted in boundary bulkheads of machinery spaces of Category A shall be self-closing and reasonably gastight. The Administration may permit the use of combustible materials in doors separating cabins from the individual interior sanitary accommodation, such as showers, if constructed according to Method IF.

(2) Doors required to be self-closing shall not be fitted with holdback hooks. However, holdback arrangements fitted with remote release fittings of the fail-safe type may be used.

(3) Ventilation openings may be permitted in and under the doors in corridor bulkheads except that such openings shall not be permitted in and

stigum. Opið má aðeins hafa í neðri hluta hurðar. Þar sem slíkt op er í eða undir hurð, skal samtals nettó flatarmál opsins eða opanna ekki vera meira en 0,05 fermetrar. Þegar slíkt op er skorið í hurð, skal búa það rist úr eldtraustu efni.

(4) Vatnsþéttar hurðir þarf ekki að einangra.

under stairway enclosure doors. The openings shall be provided only in the lower half of a door. Where such opening is in or under a door the total net area of any such opening or openings shall not exceed 0.05 square metres. When such opening is cut in a door it shall be fitted with a grille made of non-combustible material.

(4) Watertight doors need not be insulated.

68. regla
Eldtraustleiki þilja og þilfara

(1) Auk sérstakra ákvæða er lúta að eldtraustleika þilja og þilfara og krafist er annars staðar í þessum hluta, skal lágmarkseldtraustleiki þilja og þilfara vera eins og kveðið er á um í töflu 1 og 2 í þessari reglu.

6.1.13 Two painters of adequate length and strength. One shall be secured to the forward end of the boat with a strop and toggle so that it can be readily released and the other shall be firmly secured to the stem of the boat and be ready for use.

6.1.14 A vessel containing 4.5 litres of vegetable, fish or animal oil, capable of easily distributing oil on the water surface and capable of being attached to the sea anchor.

6.1.15 Four parachute distress signals of an approved type capable of giving a bright red light at a high altitude and six hand-held distress flare signals of an approved type capable of giving a bright red light.

6.1.16 Two buoyant smoke signals of an approved type (for daytime use) capable of giving off a volume of orange coloured smoke.

6.1.17 An approved first-aid outfit in a watertight case.

6.1.18 A waterproof electric torch suitable for Morse signalling, together with a spare set of

varaperu í vatnsþéttum umbúðum.

6.1.19 Merkjaspegill, af viðurkenndri gerð, til dagnota.

6.1.20 Vasahnífur með dósahníf, festur við bátinn með taug.

6.1.21 Tvær léttar flot-kastlínur.

6.1.22 Handdæla af viðurkenndri gerð.

6.1.23 Flauta eða jafngildur hljóðgjafi.

6.1.24 Viðurkenndur ratsjárspegill.

6.1.25 Handfæri fullbúið með önglum og sökkum.

6.1.26 Yfirbreiðsla af viðurkenndri gerð með áberandi lit, og getur varið gegn kulda og vosbúð.

6.1.27 Eintak af viðeigandi neyðarmerkjaskrá.

6.1.28 Leiðbeiningar um það, hvernig komast megi af í bátnum.

6.1.29 Búnaður sem auðveldar mönnum í sjónum að komast um borð.

6.1.30 Matarskammtar, sem eru að minnsta kosti 8000 kilojoule (hitaeiningar) á hvern mann, sem báturinn á að bera. Þeir skulu geymdir í loftþéttum umbúðum í vatnsþéttum kassa.

6.1.31 Vatnsþétt ílát með 3 lítra af ferskvatni á hvern mann, sem báturinn á að bera, eða vatnsþétt ílát með 2 lítra af ferskvatni á hvern mann ásamt viðurkenndu tæki til að vinna ferskvatn úr sjó, sem afkastar 1 lítra á mann á dag. Ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarker með mælikvarða (skammtara).

batteries and a spare bulb in a watertight container.

6.1.19 A daylight signalling mirror of an approved type.

6.1.20 A jack-knife fitted with a tin-opener to be kept attached to the lifeboat with a lanyard.

6.1.21 Two light buoyant heaving lines.

6.1.22 A manual pump of an approved type.

6.1.23 A whistle or equivalent sound signal.

6.1.24 An approved radar reflector.

6.1.25 A set of fishing tackle.

6.1.26 An approved cover of a highly visible colour capable of protecting the occupants against injury from exposure.

6.1.27 A copy of a suitable rescue signal table.

6.1.28 Instructions on how to survive in the boat.

6.1.29 Means to enable persons in the water to climb into the boat.

6.1.30 A food ration totalling not less than 8 000 kilojoules for each person the boat is certified to carry, to be kept in airtight receptacles within a watertight container.

6.1.31 Watertight receptacles containing 3 litres of fresh water for each person the boat is certified to carry, or watertight receptacles containing 2 litres of fresh water for each person together with an approved de-salting apparatus capable of providing 1 litre of fresh water per person; a rustproof dipper with lanyard; a rustproof graduated drinking vessel.

6.2 **Búnaður stinnra, vélknúinna björgunarbáta**

6.2.1 Allur búnaðurinn, sem upp er talinn í lið 6.1 þessa viðbætis, nema að vélknúnir björgunarbátar þurfa ekki að hafa siglu eða segl, né meira en helming áranna, en um borð skulu vera 2 krókstjakar.

6.2.2 Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð, sem gefur frá sér froðu eða annað jafnhæft efni til að slökkva olíu-eld.

6.2.3 Tækin, sem rætt er um í 122. reglu, ef þau eiga við.

6.2 **Equipment for Rigid Motor Lifeboats**

6.2.1 All the equipment listed in Section 6.1 of this Appendix; however, motor lifeboats need not carry a mast or sails or more than half the complement of oars, but they shall carry two boat hooks.

6.2.2 Portable fire-extinguishing equipment of an approved type capable of discharging foam or other suitable substance for extinguishing oil fires.

6.2.3 The equipment referred to in Regulation 122 if applicable.

6.3 **Búnaður slöngubjörgunarbáta**

6.3.1 Eitt sett af flothæfum árum ásamt tveimur til vara og einni flothæfri stýrisár; eitt sett af ræðum og stýrisárræði vel festu við bátinn.

6.3.2 Krókstjaka með kúlu á endanum.

6.3 **Equipment for Inflated Lifeboats**

6.3.1 A single banked complement of buoyant oars, two spare buoyant oars and a buoyant steering oar; a set of rowlocks and a steering rowlock firmly attached to the boat.

6.3.2 A boat hook with ball point.

6.3.3 Tvær neglur fyrir hvert neglugat (neglur eru ekki nauðsynlegar, þar sem viðeigandi sjálfvirkir lokar eru), festar með taugum við bátinn.

6.3.4 Svampur, austurtrog og tvær fötur úr viðurkenndu efni.

6.3.5 Líflína fest í bugðum utan um bátinn á efriflotslönguna og einnig að innan á efri flotslönguna, ásamt griplínum frá borði til borðs undir kjölinn, eða annar viðurkenndur útbúnaður.

6.3.6 Lampi með næga olíu fyrir 12 klst. notkun.

6.3.7 Tveir eldspýtnastokkar með „vindeldspýtum", í vatnsþéttum umbúðum.

6.3.8 Góður áttaviti í nátthúsi, sem má lýsa upp, eða búinn viðeigandi ljósgjafa.

6.3.9 Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.

6.3.10 Tvær nægilega langar og sterkar fangalínur. Önnur skal fest við bátinn að framan með lykkju og þolla, svo að hún sé losanleg í skyndi, en hin skal tryggilega fest í stefni bátsins og vera tilbúin til notkunar.

6.3.11 Bárufleygur með 4,5 lítra af jurta-, fiski- eða dýraolíu og þannig gerður, að hann dreifi innihaldinu auðveldlega á yfirborð sjávarins og skal hann vera festanlegur við rekakkerið.

6.3.12 Fjögur fallhlífablys af viðurkenndri gerð, sem geta gefið frá sér skærrautt ljós í mikilli hæð; sex neyðar-handblys af viðurkenndri gerð, sem geta gefið frá sér skærrautt ljós.

6.3.13 Tvær reykbaujur af viðurkenndri gerð (til dagnota), sem geta gefið frá sér rauðgulan reyk.

6.3.14 Viðurkenndur, vatnsþéttur sjúkrakassi með gögnum fyrir skyndihjálp.

6.3.15 Vatnsþétt rafljós, sem gefa má Morsemerki með, ásamt setti af vararafhlöðum og varaperu í vatnsþéttum umbúðum.

6.3.16 Merkjaspegill af viðurkenndri gerð, til dagnota.

6.3.17 Öryggishnífur festur við bátinn með taug.

6.3.18 Tvær léttar flot-kastlínur.

6.3.19 Flauta eða jafngildur hljóðgjafi.

6.3.20 Viðurkenndur ratsjárspegill.

6.3.21 Handfæri fullbúið með önglum og sökkum.

6.3.22 Yfirbreiðsla af viðurkenndri gerð með áberandi lit, og getur varið gegn kulda og vosbúð.

6.3.3 Two plugs for each plug hole (plugs are not required when proper automatic valves are fitted) attached by lanyards to the boat.

6.3.4 A sponge, a bailer and two buckets of approved material.

6.3.5 A lifeline becketed round the outside of the upper tube and a lifeline becketed round the inside of the upper tube of the boat together with grab lines secured from gunwale to gunwale under the keel or other approved arrangements.

6.3.6 A lamp with oil sufficient for 12 hours.

6.3.7 A watertight container with two boxes of matches not readily extinguishable by wind.

6.3.8 An efficient compass in binnacle, to be luminized or fitted with suitable means of illumination.

6.3.9 A sea anchor of approved size with a line of adequate strength and length.

6.3.10 Two painters of adequate length and strength. One shall be secured to the forward end of the boat with a strop and toggle so that it can be readily released and the other shall be firmly secured to the stem of the boat and be ready for use.

6.3.11 A vessel containing 4.5 litres of vegetable, fish or animal oil capable of easily distributing oil on the water surface and capable of being attached to the sea anchor.

6.3.12 Four parachute distress signals of an approved type capable of giving a bright red light at a high altitude; six hand-held distress flare signals of an approved type giving a bright red light.

6.3.13 Two buoyant smoke signals of an approved type (for daytime use) capable of releasing a volume of orange coloured smoke.

6.3.14 An approved first-aid outfit in a watertight case.

6.3.15 A waterproof electric torch suitable for Morse signalling together with a spare set of batteries and a spare bulb in a watertight container.

6.3.16 A daylight signalling mirror of an approved type.

6.3.17 A safety knife to be kept attached by a lanyard to the boat.

6.3.18 Two light buoyant heaving lines.

6.3.19 A whistle or equivalent sound signal.

6.3.20 An approved radar reflector.

6.3.21 A set of fishing tackle.

6.3.22 An approved cover of a highly visible colour capable of protecting the occupants against injury from exposure.

6.3.23 Eintak af viðeigandi neyðarmerkjaskrá.
6.3.24 Leiðbeiningar um það, hvernig komast megi af í bátnum.
6.3.25 Viðurkennt viðgerðasett til viðgerða á lofthólfunum.
6.3.26 Loftdæla eða belgur til að fylla í flothólfin.
6.3.27 Loftþrýstingsmælir til þess að mæla með loftþrýstinginn í lofthólfunum.
6.3.28 Búnaður, sem auðveldar mönnum í sjónum að komast um borð.
6.3.29 Búnaður svo taka megi bátinn strax í tog.
6.3.30 Matarskammtar, sem eru að minnsta kosti 8000 kilojoule (hitaeiningar) á hvern mann, sem báturinn á að bera. Þeir skulu geymdir í loftþéttum umbúðum í vatnsþéttum kassa.
6.3.31 Vatnsþétt ílát með 3 lítra af ferskvatni á hvern mann, sem báturinn á að bera, eða vatnsþétt ílát með 2 lítra af ferskvatni á hvern mann ásamt viðurkenndu tæki til að vinna ferskvatn úr sjó, sem afkastar 1 lítra á mann á dag. Ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarker með mælikvarða (skammtara).

6.3.32 Þrír öryggis-dósahnífar.

6.4 **Búnaður slöngubjörgunarbáta**
6.4.1 Allur búnaður, sem talinn er í lið 6.3 þessa viðbætis.
6.4.2 Handslökkvitæki af viðurkenndri gerð, sem gefur frá sér froðu eða annað jafnhæft efni til að slökkva olíu-eld.

6.4.3 Tækin, sem rætt er um í 122. reglu, ef þau eiga við.

6.5 **Búnaður björgunarfleka og gúmmíbjörgunarbáta**
6.5.1 Tvær spaðaárar.
6.5.2 Flothæfur björgunarkasthringur með áfastri a. m. k. 30 metra langri flotlínu.
6.5.3 Einn öryggishníf og eitt austurtrog í þá sem taka færri en 12 menn, en tveir öryggishnífar og tvö austurtrog í þá sem taka 13 menn eða fleiri.

6.5.4 Tveir svampar.
6.5.5 Tvö rekakkeri, annað varanlega fest við björgunarflekann eða gúmmíbjörgunarbátinn, hitt til vara ásamt línu.
6.5.6 Viðgerðarsett svo gera megi við lekagöt á fleytihólfum, nema þeir séu í samræmi við lið

6.3.23 A copy of a suitable rescue signal table.
6.3.24 Instructions on how to survive in the boat.
6.3.25 An approved repair outfit for reparing punctures in buoyancy compartments.
6.3.26 A topping-up pump or bellows.

6.3.27 A pressure gauge for controlling the filling pressure.
6.3.28 Means to enable persons in the water to climb into the boat.
6.3.29 Arrangements to enable the boat to be readily towed.
6.3.30 A food ration totalling not less than 8 000 kilojoules for each person the boat is certified to carry, to be kept in airtight receptacles within a watertight container.
6.3.31 Watertight receptacles containing 3 litres of fresh water for each person the boat is certified to carry, or watertight receptacles containing 2 litres of fresh water for each person together with an approved de-salting apparatus capable of providing 1 litre of fresh water per person; a rustproof dipper with lanyard; a rustproof graduated drinking vessel.
6.3.32 Three safety tin-openers.

6.4 **Equipment for Inflated Motor Lifeboats**
6.4.1 All the equipment listed in Section 6.3 of this Appendix.
6.4.2 Portable fire-extinguishing equipment of an approved type capable of discharging foam or other suitable substance for extinguishing oil fires.
6.4.3 The equipment referred to in Regulation 122, if applicable.

6.5 **Equipment for Liferafts**

6.5.1 Two paddles.
6.5.2 A buoyant rescue quoit, attached to at least 30 metres of buoyant line.
6.5.3 For liferafts which are permitted to accommodate not more than 12 persons: a safety knife and one bailer. For liferafts which are permitted to accommodate 13 persons or more: two safety knives and two bailers.
6.5.4 Two sponges.
6.5.5 Two sea anchors, one permanently attached to the liferaft and a spare with line.

6.5.6 A repair outfit capable of repairing punctures in buoyancy compartments unless the

4.1 í þessum viðbæti.

6.5.7 Loftdæla eða belgur til að fylla í lofthólfin, nema þeir séu í samræmi við lið 4.1 í þessum viðbæti.

6.5.8 Þrír öryggis-dósahnífar.

6.5.9 Viðurkenndur, vatnsþéttur sjúkrakassi með gögnum fyrir skyndihjálp.

6.5.10 Vatnsþétt rafljós, sem gefa má Morse-merki með, ásamt setti af vararafhlöðum og varaperu í vatnsþéttum umbúðum

6.5.11 Merkjaspegill, af viðurkenndri gerð, til dagnota og flauta.

6.5.12 Tvö fallhlífarblys af viðurkenndri gerð, sem geta gefið frá sér skærrautt ljós í mikilli hæð.

6.5.13 Sex neyðarhandblys af viðurkenndri gerð, sem geta gefið frá sér skærrautt ljós.

6.5.14 Handfæri fullbúið með önglum og sökkum.

6.5.15 Matarskammtar, sem eru að minnsta kosti 8000 kilojoule (hitaeiningar) á hvern mann, sem báturinn á að bera. Þeir skulu geymdir í loftþéttum umbúðum.

6.5.16 Vatnsþétt ílát með 1,5 lítra af ferskvatni á hvern mann er gúmmíbjörgunarbátnum er heimilt að bera, en í staðinn fyrir 0,5 lítra af þessu magni, má hafa tæki til að vinna ferskvatn úr sjó, sem afkastar 0,5 lítrum á mann á dag. Ryðfrítt drykkjarker með mælikvarða (skammtara).

6.5.17 Sex sjóveikitöflur eða viðurkennt jafngilt meðal gegn sjóveiki, fyrir hvern mann, sem bátnum er heimilt að bera.

6.5.18 Leiðbeiningar um það, hvernig komast megi af á björgunarflekum og í gúmmíbjörgunarbátum.

6.5.19 Eintak af viðeigandi neyðarmerkjaskrá.

6.6 **Búnaður í stinna léttbáta**

6.6.1 Eitt sett af flothæfum árum, og ein varaár, en minnst þrjár árar; eitt sett af ræðum, sem fest eru við bátinn með taug eða keðju.

6.6.2 Krókstjaki.

6.6.3 Tvær neglur fyrir hvert neglugat (neglur eru ekki nauðsynlegar, þar sem viðeigandi sjálfvirkir lokar eru), festar við bátinn með taugum eða keðjum.

6.6.4 Austurtrog og fata.

6.6.5 Stýri áfast við bátinn og stýrissveif.

6.6.6 Líflína fest í bugðum utan um bátinn. Búnaður fyrir menn til að halda sér í bátinn, ef hann er á hvolfi, þ. e. veltikilir eða griplistar.

liferaft complies with the requirements of Section 4.1 of this Appendix.

6.5.7 A topping-up pump or bellows, unless the liferaft complies with Section 4.1 of this Appendix.

6.5.8 Three safety tin-openers.

6.5.9 An approved first-aid outfit in a waterproof case.

6.5.10 A waterproof electric torch suitable for Morse signalling, together with a spare set of batteries and a spare bulb in a watertight container.

6.5.11 A daylight signalling mirror of an approved type and a signalling whistle.

6.5.12 Two parachute distress signals of an approved type capable of giving a bright red light at a high altitude.

6.5.13 Six hand-held distress flare signals of an approved type capable of giving a bright red light.

6.5.14 A set of fishing tackle.

6.5.15 A food ration totalling not less than 8 000 kilojoules for each person the liferaft is permitted to carry, to be kept in airtight receptacles.

6.5.16 Watertight receptacles containing 1.5 litres of fresh water for each person the liferaft is permitted to accommodate, of which 0.5 litre per person may be replaced by a suitable de-salting apparatus capable of producing an equal amount of fresh water, and a rustproof graduated drinking vessel.

6.5.17 Six anti-seasickness tablets or approved equivalent medicine for each person which the liferaft is permitted to accommodate.

6.5.18 Instructions on how to survive in the liferaft.

6.5.19 A copy of a suitable rescue signal table.

6.6 **Equipment for Rigid Rescue Boats**

6.6.1 A single banked complement of buoyant oars and a spare buoyant oar but not less than three oars; a set of thole pins or crutches attached to the boat by lanyard or chain.

6.6.2 A boat hook.

6.6.3 Two plugs for each plug hole (plugs are not required when proper automatic valves are fitted) attached to the boat by lanyards or chains.

6.6.4 A bailer and a bucket.

6.6.5 A rudder attached to the boat and a tiller.

6.6.6 A lifeline becketed round the outside of the boat. Means to enable persons to cling to the boat if upturned in the form of bilge keels or keel rails.

6.6.7 Fangalína, hæfilega löng og sterk, fest í framhluta bátsins með lykkju og þolla þannig að losa megi hana skyndilega.

6.6.8 Vatnsþétt rafljós, sem gefa má Morse-merki með, ásamt setti af vararafhlöðum og varaperu í vatnsþéttum umbúðum.

6.6.9 Létt öxi.

6.6.10 Tveir flothæfir björgunarkasthringir, hvor með áfastri a. m. k. 30 metra langri flotlínu.

6.6.11 Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.

6.6.12 Flauta eða jafngildur hljóðgjafi.

6.6.13 Vasahnífur.

6.6.14 Viðurkennt leitarljós, nema stjórnvöld telji að merkjalampinn (Morse-lampi) til að gefa merki með að degi til, samanber 152. reglu, sé handbær og nægjanlegur.

6.6.7 A painter of adequate length and strength secured to the forward end of the boat with a strop and toggle so that it can be readily released.

6.6.8 A waterproof electric torch suitable for Morse signalling, together with a spare set of batteries and a spare bulb in a watertight container.

6.6.9 A hatchet.

6.6.10 Two buoyant rescue quoits each attached to 30 metres of light buoyant line.

6.6.11 A sea anchor of approved size with a line of adequate strength and length.

6.6.12 A whistle or equivalent sound signal.

6.6.13 A jack knife.

6.6.14 An approved searchlight, unless the Administration is satisfied that the daylight signalling lamp prescribed by Regulation 152 is portable and suitable for this purpose.

6.7 **Búnaður í slönguléttbáta**

6.7.1 Minnst 4 flothæfar árar eða spaðaárar.

6.7.2 Negla, þar sem þörf er, fest við bátinn með taug.

6.7.3 Austurtrog og 2 svampar.

6.7.4 Líflína í bugðum utan um bátinn og eins að innanverðu í bátnum.

6.7.5 Ræði eða stýrisárræði á þvergaflinum, sé hann hafður.

6.7.6. Tvær fangalínur hæfilega langar og sterkar.

6.7.7 Tveir flothæfir björgunarkasthringir, hvor með áfastri 30 metra langri flotlínu.

6.7.8 Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.

6.7.9 Vatnsþétt rafljós, sem gefa má Morse-merki með, ásamt setti af vararafhlöðum og varaperu í vatnsþéttum umbúðum.

6.7.10 Öryggishnífur.

6.7.11 Flauta eða jafngildur hljóðgjafi.

6.7.12 Viðgerðarsett í hentugum umbúðum, til viðgerðar á lekagötum á fleytihólfum.

6.7.13 Loftdæla eða belgur til að fylla með í flothólfin.

6.7.14 Viðurkennt leitarljós, nema stjórnvöld telji, að merkjalampinn (Morse-lampi) til að gefa merki með að degi til, samanber 152. reglu, sé handbær og nægjanlegur.

6.7 **Equipment for Inflatable Rescue Boats**

6.7.1 At least four buoyant oars or paddles.

6.7.2 A drain plug where necessary attached to the boat by a lanyard.

6.7.3 A bailer and two sponges.

6.7.4 A lifeline becketed round the outside of the boat and a lifeline becketed round the inside of the boat.

6.7.5 A crutch or steering grommet in the transom where fitted.

6.7.6 Two painters of adequate length and size.

6.7.7 Two buoyant rescue quoits each attached to 30 metres of light buoyant line.

6.7.8 A sea anchor of approved size with a line of adequate strength and length.

6.7.9 A waterproof electric torch suitable for Morse signalling, together with a spare set of batteries and a spare bulb in a watertight container.

6.7.10 A safety knife.

6.7.11 A whistle or equivalent sound signal.

6.7.12 A repair outfit in a suitable container for repairing punctures.

6.7.13 A topping-up pump or bellows.

6.7.14 An approved searchlight, unless the Administration is satisfied that the daylight signalling lamp prescribed by Regulation 152 is portable and suitable for this purpose.

6.8 **Undantekningar á búnaði björgunarfara**

Þar sem skip eru í ferðum og lengd ferðanna og aðstæður eru þannig, að mati stjórnvalda, að

6.8 **Dispensation in respect of Survival Craft Equipment**

Where vessels are engaged on voyages of such duration and in such conditions that, in the

hluti búnaðar björgunarfaranna sé óþarfur, geta stjórnvöld fellt niður hluta búnaðarins, sem tilgreindur er í lið 6 í þessum viðbæti, samkvæmt eftirfarandi:

a) í stinnum björgunarbátum, búnað í liðum 6.1.6, 6.1.19, 6.1.20, 6.1.24, 6.1.29 og 6.1.30.
b) í slöngubjörgunarbátum, búnað í liðum 6.3.16, 6.3.20, 6.3.29 og 6.3.30.
c) í björgunarflekum og gúmmíbjörgunarbátum nokkuð af búnaðinum, sem talinn er upp í lið 6.5.

7. **Kröfur um geymslu og bátsuglur björgunarfara**

7.1 Sé ekki annar sjósetningarbúnaður notaður, skulu bátsuglur hafðar, svo sem hér segir:
a) Snúnings- eða fallsbátsuglur gerðar fyrir björgunarbáta, sem ekki eru yfir 2300 kg að þyngd, fullhlaðnir við sjósetningu.
b) Fallsbátsuglur gerðar fyrir björgunarbáta yfir 2300 kg að þyngd fullhlaðnir við sjósetningu.

7.2 Bátsuglur, falir („hlauparar"), blakkir og allur annar búnaður skal vera svo traustur, að tveim sjósetningarmönnum sé unnt að snúa björgunarbátunum út og síðan lækka örugglega niður með þeim fjölda manna og búnaði um borð, sem hann á að bera, þótt skipið hallist í 15 gráður á annað hvort borðið og með 10 gráðu stafnhalla.

7.3 Þar sem vélknúinn búnaður er notaður til þess að ná um borð aftur björgunarförum, skal einnig vera handknúinn búnaður. Þar sem bátsuglur eru teknar aftur inn með vélknúnum fölum, skal komið fyrir öryggisútbúnaði, sem á sjálfvirkan hátt rýfur vélaraflið áður en bátsuglurnar koma í lokastöðu, til þess að forða yfirálagi á vírfalina eða bátsuglurnar.

7.4 Við björgunarbáta, björgunarfleka og gúmmíbjörgunarbáta, sem sjósettir eru með bátsuglum, skal nota vírfali („vírmanillu") og vindur af viðurkenndri gerð. Stjórnvöld geta leyft „manillufali" eða fali úr öðru viðurkenndu efni með eða án vindna fyrir hjálparbáta, þar sem fjarlægðin frá bátaþilfari að yfirborði sjávar á tómu skipi er ekki yfir 4,5 m eða í öðrum tilvikum, þar sem þau eru þess fullviss, að „manillufalir" eða falir úr öðru viðurkenndu efni séu fullnægjandi.

7.5 Rennibrautir eða annar hentugur búnaður skal vera fyrir hendi, til þess að sjósetja með björgunarbáta á móti 15 gráðu halla.

7.6 Búnaður skal vera fyrir hendi til þess að halda björgunarbátum, björgunarflekum og

opinion of the Administration, items of the survival craft equipment specified in section 6 of this Appendix are unnecessary, the Administration may allow them to be dispensed with as follows:
(a) for rigid lifeboats, items referred to in paragraphs 6, 19, 20, 24, 29 and 30 of Section 6,1;
(b) for inflated lifeboats, items referred to in paragraphs 16, 20, 29 and 30 of Section 6.3;
(c) for liferafts, some of the items of Section 6.5.

7. **Stowage and Davit Requirements for Survival Craft**

7.1 Except where an alternative launching appliance is approved, davits shall be as follows:
(a) luffing or gravity type davits for operating lifeboats having a mass of not more than 2 300 kilogrammes in their turning out condition;
(b) gravity type davits for operating lifeboats having a mass of more than 2 300 kilogrammes in their turning out condition.

7.2 Davits, falls, blocks and all other gear shall be of such strength that the lifeboats can be turned out manned by a launching crew of two persons and then safely lowered with the full complement of persons and equipment, with the vessel listed to 15 degrees either way and with a 10 degrees trim.

7.3 Where mechanically powered appliances are fitted for the recovery of survival craft, efficient hand gear shall also be provided. Where davits are recovered by action of the falls by power, safety devices shall be fitted which will automatically cut off the power before the davits come against the stops in order to avoid overstressing the wire rope falls or davits.

7.4 Lifeboats and davit launched liferafts shall be serviced by wire rope falls together with winches of an approved type. The Administration may permit manilla rope falls or falls of another approved material with or without winches in the case of rescue boats where the distance from the deck to the waterline of the vessel in the lightest operating condition in not more than 4.5 metres and in other cases where they are satisfied that manilla rope falls or falls of another approved material are adequate.

7.5 Skates or other suitable means shall be provided to facilitate launching or lifeboats against a list of 15 degrees.

7.6 Means shall be provided for bringing lifeboats or davit launched liferafts against the

gúmmíbjörgunarbátum, sem sjósettir eru með bátsuglum, við skipshlið, þannig að menn komist örugglega um borð í þá.

7.7 Minnst tvær björgunarlínur skulu vera á strengnum milli bátsuglanna og skulu björgunarlínurnar og falirnir („hlaupararnir") vera nægilega löng til þess að ná ofan í sjó, miðað við tómt skip og 15 gráðu halla á hvora hliðina sem er. Lægri blakkirnar skulu útbúnar hentugum hring eða löngum hlekk til festingar á bátskrókunum, nema viðurkenndur losunarútbúnaður sé hafður.

7.8 Björgunarbátar, sem tengdir eru við bátsuglur, skulu hafa falina („hlauparana") tilbúna til notkunar og skal vera unnt að losa björgunarbátinn fljótt, þó ekki endilega samstundis, frá fölunum („hlaupurunum"). Tenging björgunarbátanna við falina skal vera í þeirri hæð ofan við borðstokkinn, sem tryggi fullan stöðugleika, þegar bátarnir eru sjósettir.

8. **Kröfur um björgunarvesti og björgunarhringi**

8.1 **Björgunarvesti**

8.1.1 Þau skulu vönduð að gerð og gæðum.

8.1.2 Þau skulu svo gerð, að sem minnst hætta sé á að menn setji þau ranglega á sig, nema þó þannig, að hafa má þau úthverf.

8.1.3 Þau skulu geta haldið andliti örmagna eða meðvitundarlauss manns upp úr sjó, og þannig að líkaminn hallist aftur á bak.

8.1.4 Þau skulu geta snúið líkama manns í sjó úr hvaða stöðu sem er, í örugga legu, og þannig að líkaminn hallist aftur á bak.

8.1.5 Þau skulu ekki verða fyrir áhrifum frá olíu eða olíukenndum efnum.

8.1.6 Þau skulu vera í mjög áberandi lit.

8.1.7 Þau skulu hafa viðurkennda flautu, vel festa með taug.

8.1.8 Fleytigeta björgunarvestis, eins og hér að framan er gerð krafa um, má ekki rýrna um meira en 5% eftir sólarhring á kafi í ferskvatni.

8.1.9 Björgunarvesti, sem hafa loft sem fleytikraft, skulu:

a) hafa tvö aðskilin lofthólf,

b) vera blásin upp bæði með loftdælu og munni,

c) vera í samræmi við liði 8.1.1 til 8.1.8 í þessum viðbæti, með annað hvort lofthólfið uppblásið.

vessel's side and there holding them so that persons may be safely embarked.

7.7 At least two lifelines shall be fitted to the davit span and the falls and lifelines shall be long enough to reach the water with the vessel in its lightest operating condition and listed to 15 degrees either way. Lower fall blocks shall be fitted with a suitable ring or long link for attaching to the sling hooks unless an approved type of disengaging gear is fitted.

7.8 Lifeboats attached to davits shall have the falls ready for service and arrangements shall be made for speedily, but not necessarily simultaneously, detaching the lifeboats from the falls. The point of attachment of the lifeboats to the falls shall be at such height above the gunwale as to ensure stability when lowering the lifeboats.

8. **Requirements for Life-jackets and Lifebuoys**

8.1 **Life-jackets**

8.1.1 They shall be constructed with proper workmanship and materials.

8.1.2 They shall be so constructed as to eliminate so far as possible all risk of their being put on incorrectly, except that they shall be capable of being worn inside out.

8.1.3 They shall be capable of lifting the face of an exhausted or unconscious person out of the water and holding it above the water with the body inclined backwards from its vertical position.

8.1.4 They shall be capable of turning the body in the water from any position to a safe floating position with the body inclined backwards from its vertical position.

8.1.5 They shall not be adversely affected by oil or oil products.

8.1.6 They shall be of a highly visible colour.

8.1.7 They shall be fitted with an approved whistle, firmly secured by a cord.

8.1.8 The buoyancy of the life-jackets required to provide the foregoing performance shall not be reduced by more than 5 per cent after 24 hours submergence in fresh water.

8.1.9 Life-jackets, the buoyancy of which depends on inflation, shall:

(a) have two separate inflatable compartments;

(b) be capable of being inflated both mechanically and by mouth; and

(c) comply with the requirements of paragraphs 8.1.1 to 8.1.8 of this Appendix with either compartment inflated separately.

8.1.10 Björgunarvesti skulu prófuð, þannig að stjórnvöld telji fullnægjandi.

8.2 **Björgunarhringir**

8.2.1 Þeir skulu gerðir úr þéttum korki eða öðru jafngildu efni.

8.2.2 Þeir skulu geta fleytt í sólarhring í fersku vatni, minnst 14,5 kg af járni.

8.2.3 Þeir skulu ekki verða fyrir verulegum áhrifum frá olíu eða olíukenndum efnum.

8.2.4 Þeir skulu vera í mjög áberandi lit.

8.2.5 Á þá skal skrá með prentstöfum nafn og heimahöfn eða einkennisstafi og tölur skipsins, sem þeir eru frá.

8.2.6 Björgunarhringir gerðir úr plastefni eða öðrum gerviefnum, skulu halda floteiginleikum sínum og varanleika í sjó eða í olíukenndum efnum eða við breytilegt hitastig eða loftslagsbreytingar eins og eiga sér stað við siglingar á opnu hafi.

8.2.7 Sérhver björgunarhringur skal hafa griplínu, sem gerð er úr góðu efni sem kiprast ekki og fest er með jöfnum millibilum á fjórum stöðum og myndar fjórar bugður á línuna.

8.2.8 Heildarþungi björgunarhrings skal ekki vera meiri en 6,15 kg þegar hann er nýr. Bjarghringir búnir sjálfkveikjandi ljósum og sjálfvirkum reykmerkjum skulu ekki vera léttari en 4 kg.

8.2.9 Björgunarhringir skulu ekki fylltir með mylsnu, korkspónum eða korkmulningi eða öðru lausu, muldu efni og flothæfni þeirra, skal ekki byggjast á lofthólfum, sem þarf að blása út.

8.1.10 Life-jackets shall be tested to the satisfaction of the Administration.

8.2 **Lifebuoys**

8.2.1 They shall be of solid cork or any other equivalent material.

8.2.2 They shall be capable of supporting in fresh water for 24 hours at least 14.5 kilogrammes of iron.

8.2.3 They shall not be adversely affected by oil or oil products.

8.2.4 They shall be of a highly visible colour.

8.2.5 They shall be marked in block letters with the name and port of registry or fishing letters and numbers of the vessel in which they are carried.

8.2.6 Lifebuoys made of plastic or other synthetic compounds shall be capable of retaining their buoyant properties and durability in contact with sea water or oil products, or under variation of temperature or climatic changes prevailing in open sea voyages.

8.2.7 Every lifebuoy shall be fitted with grab lines which shall be of good quality unkinkable line and well secured at four equidistant points, providing four loops of line.

8.2.8 The mass of a lifebuoy shall not exceed 6.15 kilogrammes when newly constructed. Lifebuoys provided with self-igniting lights and self-activating smoke signals shall have a mass of not less than 4 kilogrammes.

8.2.9 Lifebuoys shall not be filled with rushes, cork shavings, granulated cork or any other loose granulated material, and their buoyancy shall not depend upon air compartments which require to be inflated.

Nd. 700. Frumvarp til laga [383. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

230. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skal skipa sérstaka þriggja manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast. Nefndin rannsakar einnig öll slys þar sem manntjón verður, svo og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

Nefndin skal starfa sjálfstætt og óháð.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, starfsmann með sérþekkingu á þeim málum, sem hún fjallar um.

Nefndin skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf, eftir því sem við verður komið. Um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum, eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar eru opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar eru veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins við rannsókn máls, eftir því sem tilefni er til. Embættisdómurum eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknastofnana í þágu rannsóknar máls, svo og allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna. Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

Nú óskar einhver framangreindra aðila eftir að koma á framfæri upplýsingum í þágu rannsóknar máls og er nefndinni þá skylt að taka slíkar upplýsingar til athugunar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Þar skal m. a. getið um vinnuskyldu starfsmanns og önnur störf, svo sem fræðslustörf í skólum og á námskeiðum.

Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar og rannsókn máls samkvæmt þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Öryggismálanefnd sjómanna, er samgönguráðherra Matthías Bjarnason skipaði 30. mars 1984, skilaði áfangaskýrslu ásamt tillögum um úrbætur í öryggismálum sjómanna í október 1984. Er þar m.a. lagt til að rannsóknir sjóslysa – sjópróf – verði færðar í nútímalegt horf, sbr. rannsóknir umferðar- og flugslysa. Bent er á að frumrannsóknir sjóslysa séu ekki nægilega vandaðar og nauðsynlegt sé að nákvæm rannsókn fari fram þegar um meiri háttar slys sé að ræða eins og gert er þegar umferðar- og flugslys verða.

Hinn 29. janúar 1985 skipaði samgönguráðherra nefnd sem gera á tillögur um framkvæmd þriggja tillagna öryggismálanefndarinnar. m.a. um rannsókn sjóslysa. Samþykkti sú nefnd að leggja fram frumvarp þetta til breytingar á 230. gr. siglingalaga.

Nefnd, sem samdi frumvarp til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, hefur enn fremur lýst sig efnislega samþykka frumvarpinu.

Um 1. gr.

Samkvæmt 230. gr. siglingalaga nr. 34/1985 er samgönguráðherra heimilt að skipa sérstaka nefnd kunnáttumanna til að rannsaka tiltekin sjóslys ef ríkar ástæður mæla með því. Gert er ráð fyrir að slík nefnd yrði aðeins skipuð í algerum undantekningartilvikum.

Sjóslys gera ekki boð á undan sér og þegar þau verða er skjótra viðbragða þörf. Skipun nefndar skv. gildandi lögum gæti tekið einhvern tíma og dregur það mjög úr virkni nefnarinnar við frumrannsókn sjóslysa.

Hér er lagt til að skipuð verði föst, óháð nefnd þriggja sérfræðinga, t.d. skipaverkfræðings, lögfræðings og skipstjórnarmanns, sem geri sjálfstæða úttekt á rannsókn sjóslyss og orsökum þess. Nefndin skal starfa óháð og draga sínar ályktanir sjálfstætt. Nefndinni er heimilt að kalla til sérfræðinga og aðra í þágu rannsóknar máls.

Með þessari breytingartillögu er verksvið rannsóknarnefndarinnar fært í svipað horf og flugslysanefndar skv. 141. gr. loftferðalaga nr. 34/1964, sbr. l. nr. 8/1983.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 701. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fundi nefndarinnar komu Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari, Jóhann Einvarðsson, aðstoðarmaður ráðherra, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri, Húnbogi Þorsteinsson, fyrrum sveitarstjóri, Jón Gauti Jónsson bæjarstjóri, Júlíus Sólnes, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Jóhannes Árnason sýslumaður og Rúnar Guðjónsson sýslumaður.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess í neðri deild. Minni hl. mun skila sérálíti.

Alþingi, 25. mars 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm. Valdimar Indriðason. Salome Þorkelsdóttir.

Vigfús Jónsson.

Sþ. 702. Svar [311. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ólafs Þ. Þórðarsonar um ríkisbú.

Leitað hefur verið svara hjá eftirtöldum aðilum um efni fyrirspurnarinnar: Bændaskólanum á Hvanneyri, Bændaskólanum á Hólum, Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Svör hverrar einstakrar stofnunar við fyrirspurn þessari fara hér á eftir.

BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI.

1. **Vetrarfóðraður búsmali** á búi Bændaskólans á Hvanneyri veturinn 1985–1986 var sem hér segir:

Nautgripir:	mjólkurkýr	40
	kelfdar kvígur	12
	ungviði	37
Holdanautgripir:	kýr	22
	aðrir gripir	16
Sauðfé:	ær	223
	gemlingar	56
	hrútar	6
Hross:	fullorðin	5
	tryppi	2
Hænsn:	Um 160 hænsn, s.k. „landnámshænsni“ sem hingað voru send s.l. sumar.	
Gæsir:	Um 20 stofnfuglar.	
Loðdýr:	læður	80
	högnar	20

2. Afurðir:
Innlögð mjólk: 190 194 kg.
Innlagt nautgripakjöt u.þ.b. 3 500 kg.
Seldar mjólkurkýr[1] 11 stk.
Innlagt dilkakjöt og kjöt af fullorðnu 5 574 kg.
Innlögð ull 630 kg.
Seldir lambhrútar 6 stk.
Innlögð refaskinn [2] 130

3. Bústofn næsta vetur:

Nautgripir: Ekki er unnt að fækka mjólkurkúm þar sem um 60 nemendum er kennd mjöltun og fjósverk á ári hverju. Eins og fram kemur hér framar þarf árlega að selja nokkrar kýr þar sem ógerlegt er að nota þær til kennslu. Uppeldi er því meira en gerist og gengur.

Holdanaut: Eins og fram kemur er hér stofn holdanauta, upphaflega fluttur hingað frá Bessastöðum. Samkvæmt samningi við Búnaðarfélag Íslands átti bændaskólinn að varðveita stofninn hér.

Eftir viðræður við Búnaðarfélagið og eftir skriflega beiðni þar um hefur bændaskólinn nú verið leystur undan þeirri skyldu að varðveita þennan stofn. Umræður um gildi holdanautastofnsins hér á stað, bæði til kennslu og í tilraunaskyni, fara nú fram.

Á þessari stundu er flest sem bendir til að bændaskólinn geti losað sig við þessa gripi. Þeim yrði þá fargað á næstu 10–15 mánuðum.

Sauðfé: Þegar fé var flest voru hér um 500 vetrarfóðraðar kindur. Þeim hefur nú verið fækkað svo að fara þarf með verulegan hluta nemenda á önnur bú til að kenna, t.d. vélrúning. Skólayfirvöld munu því reyna að halda þessum stofni óbreyttum.

Hross: Fjöldi verður óbreyttur.

Hænsn: Reynt verður að halda lífi í hænsnunum ef það kostar skólann ekki of mikið fé.

Gæsir: Uppi eru áætlanir um að skólinn losi sig við fuglana.

4. Markmiðið með búskapnum.

A. Meginmarkmið er kennsla en um 60 búfræðingar útskrifast á ári hverju. Þeir læra m.a.:
   a. Sauðfjár-, nautgripa- og hrossadóma, auk þess sem þeim er kennt að meta feldgæði loðdýra, meta og dæma ull, bæði á kindinni og reyfið.
   b. Um 25 nemendur læra rúning (valgrein) og allir nemendur læra mjaltir, svo að dæmi séu tekin.

B. Rannsóknir, tilraunir og athuganir.

Allur bústofn skólans er í ýmiss konar tilraunum. T. d. hafa 24 mjólkurkýr verið í tilraun með samanburð á mismunandi verkuðu votheyi.

Sauðfé skólans er allt notað í tilraunir og athuganir. Bútæknideild RALA er á Hvanneyri. Þeir hafa verið með umfangsmiklar tilraunir í samvinnu við bændaskólann, t.d. á húsvist og áhrifum hennar á fóðurþarfir, afurðamagn og ullargæði. Gerðar eru einstaklingstilraunir með fóðrun á mismunandi verkuðu votheyi o.fl.

---

1) Árlega verður að selja nokkrar mjólkurkýr, einkum kýr á 1. mjólkurskeiði, þar sem ógerlegt er að nota þær til kennslu (taugaóstyrkar, skapvondar).

2) Um 310 yrðlingar voru til í haust. Verulegan hluta skinnanna verður að geyma. Þau hafa verið notuð til að kenna skinnaverkun á námskeiðum sem hér hafa verið í allan vetur. Sum verða geymd fram á sumar.

C. Kennslu- og rannsóknaraðstaða fyrir nemendur búvísindadeildar.
Auk kennslu í búvísindadeild nýtist bústofn skólans mörgum nemendum deildarinnar við athuganir og tilraunir sem þeir gera og nota sem grundvöll að ritgerðum (aðalritgerðum, verkefnum).

D. Bútæknideild RALA hefur aðstöðu til prófunar á tækjum eftir því sem unnt er.

E. Sýnisbú. Að Hvanneyri kemur mikill fjöldi gesta, innlendra sem erlendra, til þess eins að kynnast búskap, sjá ákveðnar nýjungar o.s.frv.

Sveinn Hallgrímsson.

BÆNDASKÓLINN Á HÓLUM.

1. **Bústofn** í mars 1986:
Nautgripir:24 mjólkurkýr, 8 geldneyti.
Sauðfé: 280 ær, 47 gemlingar, 11 hrútar. Samtals 338 fjár.
Hross: 28 hryssur 4 vetra og eldri, 24 hestar, 4 vetra og eldri, 32 hross, tveggja og þriggja vetra, 17 folöld á 1. ári. Samtals 101 hross.
Loðdýr: 200 minkalæður, 80 minkahögnar, 60 blárefalæður, 15 blárefahögnar, 8 silfurrefalæður og 7 silfurrefahögnar.

2. **Afurðir** verðlagsárið 1984/1985.

Mjólk:	71 993 lítrar eða 413,8 ærgildisafurðir.
Dilkakjöt:	8 074 kg eða 480,6 ærgildi.
Kjöt af fullorðnu sauðfé:	1 643 kg eða 49,8 ærgildi.
Samtals mjólk og sauðfé:	944 ærgildi.
Nautgripakjöt:	1 778 kg.
Ull:	932 kg.

Afurðir af hrossum:
Þeim er fargað eða hafa verið seld til lífs. Það er nokkuð breytilegt milli ára en heildarfjöldinn er mikið til óbreyttur.

Afurðamagn loðdýra:
Seld eru skinn en afurðir eru breytilegar eftir verðlagi og hvolpafjölda hverju sinni.

3. **Bústofn næsta vetur:**
Áform eru um að halda þessum bústofni að mestu óbreyttum. Á það skal bent að búmark skólabúsins er mun lægra en framleiðsla þess er nú. Stafar það af því að skólahald lá niðri á árunum 1978–1981 og rekstur þá allur í lágmarki, en það er einmitt viðmiðunarár búmarksins. Leiðrétting hefur ekki fengist þrátt fyrir gjörbreyttar forsendur í rekstri skólans. Búmarkið er nú 418 ærgildi í sauðfé, 8 ærgildi í nautgripakjöti og 352 ærgildi í mjólk, eða samtals 778 ærgildi. Fullvirðisréttur í mjólkurframleiðslu 1985–1986 er mun lægri.

4. **Markmið búskaparins:**
A. Fyrst og fremst til kennslu í einstökum búgreinum. Kenndar eru mjaltir, umhirða mjaltatækja og mjólkur, fóðrun og dagleg hirðing búfjárins, búfjárdómar, sýnikennsla ýmiss konar. Kennsla er í reiðmennsku og tamningum. Hluti náms nemenda eru verklegar æfingar.

B. Til rannsókna og tilrauna. Kennarar eru með ársvinnuskyldu og hluti starfs þeirra er í rannsóknum enda er brýn nauðsyn að tengja saman kennslu og rannsóknir. Sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafa einnig aðgang að búinu til rannsókna.

C. Stærð hverrar búfjáreiningar er bundin af ákveðnu lágmarki til að fullnægja þörfinni fyrir kennslu og rannsóknir, til að bera svip þess sem nemendur hitta fyrir í atvinnuveginum, til að falla að skipulögðu starfi og ákveðnum fjölda starfseininga.

D. Búfjárhaldið skapar hið nauðsynlega andrúmsloft sem þarf að vera á búnaðarskóla.

E. Búskapurinn veitir fólki atvinnu á staðnum og er það mikilvægt fyrir allan rekstur og mannahald við skólann.

F. Hólar eru lögbýli með mikla landkosti til búskapar.

Jón Bjarnason.

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS (GUNNARSHOLT).

1. **Vetrarfóðraður bústofn** veturinn 1985–86:

Holdanautakýr	110
Kelfdar kvígur	33
Geldneyti	48
Kálfar	103
Ær	80
Hrútar	4
Gemlingar	23
Hestar, 4 vetra og eldri	5
Hryssur, 4 vetra og eldri	18
Tryppi	32
Folöld	7

2. **Afurðamagn** á árinu 1985:

a. Holdanaut:

Slátrað 94 gripum, 17 352 kg	Samtals	3 590 752 kr.

b. Sauðfé:

Slátrað 127 lömbum og ám, 3 026 kg		487 378 kr.
Aðrar greiðslur, vextir o.fl.		120 190 kr.
Selt kynbótafé, 15 lömb		50 884 kr.
	Samtals	658 452 kr.

c. Hross:

Slátrað 2 hrossum, 387 kg		23 963 kr.
Seld 19 hross		481 000 kr.
	Samtals	504 963 kr.

d. Aðrar afurðir:

Húsdýraáburður til uppgræðslu	500 000 kr.
Matvörur til mötuneytis, innmatur, kjöt	1 100 000 kr.
Samtals	1 600 000 kr.
Samtals afurðir	6 354 167 kr.

Hér eru ekki taldar með aðrar tekjur Gunnarsholtsbúsins, svo sem heysala o. fl.

3. Áform um **bústofn næsta vetur.**

Það hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um bústofn næsta vetur en stefnt er að því að fjöldi holdanauta á fóðrum verði óbreyttur, hrossum verði fækkað og rætt hefur verið um að farga sauðfénu, þó að um það séu skiptar skoðanir.

4. **Helstu markmið með búrekstrinum.**

a. Með ræktun holdanauta í Gunnarsholti er unnið að hreinræktun Galloway-holdanauta í samræmi við búfjárræktarlög. Enn fremur hafa verið og eru gerðar umfangsmiklar fóðurtilraunir í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Verið er að gera tilraunir með notkun innlends fóðurs sem unnið er úr úrgangsefnum frá fiskiðnaði og mjólkuriðnaði.

b. Sauðfé hefur verið notað í tilraunir með notkun á frystu hrútasæði en það eru dýrar tilraunir sem ekki hefur verið talið unnt að gera á ám í eigu bænda. Enn fremur hafa verið tilraunir með haustbeit lamba á lúpínu og fé einnig notað í ýmsar beitarathuganir.

c. Hross eru notuð til þess að smala landgræðslugirðingar og einnig notuð við annan búrekstur í Gunnarsholti. Enn fremur eru þau notuð við beitarathuganir í Gunnarsholti.

Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri.

RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS.

(Tilraunastöðvarnar á Reykhólum, Skriðuklaustri og Möðruvöllum og fjárræktarbúið á Hesti.)

Tilraunastöðin að Reykhólum:

1. **Bústofn** 1985–86:
   324 ær og gemlingar,
   14 hrútar,
   6 hross.

2. **Afurðir** á síðasta verðlagsári:

Dilkar	5 255 kg
Fullorðið	1 514 kg
Seld líflömb	450 kg
Seld ull	800 kg

3. Áætlaður **ásetningur** næsta vetur:
   Svipaður fjöldi.

4. Markmið:

Á tilraunastöðinni eru gerðar bæði jarðræktar- og sauðfjárræktartilraunir. Í sauðfjárræktinni hefur einkum verið lögð áhersla á arfgengi ýmissa gæðaþátta á ull samhliða rannsóknum á afurðasemi.

Auk jarðræktartilrauna á búinu sjálfu hafa dreifðar tilraunir meðal bænda verið lagðar út frá stöðinni.

Tilraunastöðin á Skriðuklaustri:

1. **Bústofn** 1985–86:
   558 ær og gemlingar,
   22 hrútar,
   6 hross,

2. **Afurðir** á síðasta verðlagsári:

Dilkar	7 906 kg
Fullorðið	863 kg
Seld ull	903 kg

3. Áætlaður **ásetningur** næsta vetur:
   Sennilega svipaður fjöldi. Samkvæmt leigusamningi rekur Búnaðarsamband Austurlands búið og metur æskilega bústærð út frá rekstrarlegum forsendum.

4. Markmið:

Á Skriðuklaustri er rekin alhliða tilraunastöð í jarðrækt og búfjárrækt. Búfjárræktin er nauðsynleg forsenda ýmissa erfða- og ræktunarlegra tilrauna. Mikil áhersla er nú lögð á tilraunir með nýtingu innlends fóðurs.

Tilraunastöðin á Möðruvöllum:

1. **Bústofn** 1985–86:
   36 kýr,
   24 geldneyti,
   14 kvígur,
   5 kálfar,
   14 ær,
   3 hrútar.

2. **Afurðir** á síðasta almanaksári:

Mjólk	101 680 lítrar
Nautakjöt	4 500 kg
Dilkakjöt	300 kg
Ærkjöt	940 kg

3. Áætlaður **ásetningur** næsta vetur:
Stefnt að óbreyttu.

4. Markmið:

Búreksturinn er samkvæmt samningi á hendi Ræktunarfélags Norðurlands. Tilgangurinn með honum er fyrst og fremst tilraunastarfsemi í nautgriparækt með megináherslu á tilraunir í tengslum við nýtingu á innlendu fóðri. Ærnar 14 og hrútarnir 3 eru vegna sérstakrar athugunar á gráa litnum.

Fjárræktarbúið á Hesti.

1. og 3. Fjárfjöldi á Hesti:

Haustið 1985 voru settar á 755 kindur alls, 541 ær, 182 gimbrarlömb, 15 hrútar fullorðnir og 20 lambhrútar. Talið er nauðsynlegt að viðhalda a.m.k. þessum fjölda eigi búið að þjóna tilgangi sínum. Benda má á að fénu hefur verið fækkað um tæplega 300 á undanförnum árum að óskum stjórnvalda. Tilraunastarfsemi búsins, einkum afkvæmarannsóknirnar, krefst mun meiri ásetnings lamba og hrúta heldur en almennt tíðkast hjá bændum.

2. Framleiðsla:

Á árinu 1985 var sauðfjárinnlegg Hestsbúsins sem hér segir:

Dilkakjöt: 644 föll, 9673 kg.
Kjöt af fullorðnu: 133 föll, 3346 kg (samsvarandi fjöldi af gærum).
Ull: 1650 kg.
Seldir lambhrútar til sæðingarstöðva 7.

4. Tilgangur:

Búið er rekið sem alhliða tilraunabú í sauðfjárrækt. Þar er nú einkum lögð áhersla á eftirtalda þætti:

a. Afkvæmarannsóknir á hrútum með tilliti til bættra kjötgæða, þ.e. að finna og framrækta þá arfgerð fjár sem gefur hæst hlutfall vöðva miðað við fitu og bein og rannsaka erfðatengsl þessara eðlisþátta við aðra framleiðslueiginleika, svo sem frjósemi og mjólkurlagni.
b. Fóðurtilraunir þar sem meginähersla er lögð á bætta nýtingu innlends fóðurs, þ.e. hvernig losna megi við aðkeypt fóður án afurðataps.
c. Beitartilraunir, samanburðir beitarjurta með tilliti til vaxtar lamba og kjötgæða.
d. Rannsókn á áhrifum rúningstíma og fóðrunar á ullarmagn og gæði, frjósemi og afurðagetu.
e. Vorbólusetning lamba við garnaveiki (í samvinnu við Keldur). Tilgangurinn er að rannsaka hvort vorbólusetning sé virkari til útrýmingar garnaveiki en haustbólusetning og enn fremur hvort vorbólusetning dragi úr vexti og þroska eða valdi skemmdum á föllum þeirra lamba sem slátrað er að hausti.

Þorsteinn Tómasson,
forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Ed. 703. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Málið er viðamikið og augljóst að umfjöllun nefndarinnar um það er ekki tæmandi. Jafnframt er ljóst að frv. er að ýmsu leyti vanbúið og er þar helst að nefna að áform um aukna vald- og verkefnadreifingu á því stjórnunarsviði, sem það tekur til, eru að engu orðin og í reynd óljóst hvernig samstarfi sveitarfélaga og tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga verður háttað. Að auki tekur

frv. ekki til tekjustofna sveitarfélaga sem nauðsynlegt er að fjallað sé um samhliða þar sem tekjur sveitarfélaga eru ákvarðandi þáttur í verkefnum þeirra.

Í ljósi þessa og ofangreindra nefndarstarfa mun 1. minni hl. nefndarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. mars 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 704. Frumvarp til laga [384. mál]

um umboðsmann Alþingis.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Friðrik Sophusson.

1. gr.

Kjör umboðsmanns Alþingis fer fram í sameinuðu þingi. Kosning gildir til fjögurra ára frá og með 1. janúar eftir kjör.

Umboðsmaður Alþingis skal vera þeim kostum búinn er þarf til að gegna embætti hæstaréttardómara.

Ef umboðsmaður Alþingis andast eða verður af öðrum orsökum ófær um að gegna starfi sínu framvegis skal sameinað þing kjósa af nýju umboðsmann til fjögurra ára. Sama hátt skal á hafa ef umboðsmaður fær að eigin ósk lausn frá starfi eða sameinað þing samþykkir með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða að svipta hann starfanum.

Ef umboðsmaður Alþingis getur ekki um stundarsakir sinnt starfi sínu sakir veikinda eða annarra atvika er sameinuðu þingi rétt að kjósa staðgengil til að leysa starf hans af hendi meðan hann er fjarri.

2. gr.

Sameinað þing kýs fimm manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns Alþingis.

Umboðsmaður skal njóta sömu launakjara og hæstaréttardómarar. Að auki má veita honum viðbótargreiðslur, dagpeninga o.s.frv., eftir því sem þurfa þykir.

Umboðsmaður má ekki án samþykkis umboðsmannsnefndar sameinaðs þings taka sér stöðu eða starf í fyrirtæki eða stofnun í eign hins opinbera eða einkaaðila.

3. gr.

Umboðsmaður ræður sjálfur og segir upp starfsliði sínu. Um starfsfólk, tölu þess og launakjör, skal ákveða nánar í reglugerð um starfsemi umboðsmanns.

4. gr.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum.

5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess og gegnir starfi sínu samkvæmt lögum þessum og reglugerð sem sameinað þing setur um starfsemi hans. Að öðru leyti vinnur umboðsmaður starf sitt sjálfstætt og óháður Alþingi.

6. gr.

Umboðsmaður Alþingis fjallar um opinbera stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga með þeim takmörkunum á verksviði sem hér skal greina:

1. Í ríkiskerfinu eru eftirtaldar stofnanir skildar undan verksviði umboðsmanns:
   a. Alþingi.
   b. Dómstólar í dómsathöfnum.
   c. Þjóðkirkjan um trúarkenningar.
2. Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum sem hér skal greina:
   a. Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður eingöngu til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.
   b. Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga ber honum að hyggja að sérhögum þeirra.
3. Sameinað þing getur kveðið nánar á um verksvið umboðsmanns í reglugerð um starfsemi hans.

7. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur tekið mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði.

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum.

Sá, sem sviptur hefur verið frelsi, á rétt til að bera mál undir umboðsmann í lokuðu bréfi.

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Öll tiltæk sönnunargögn skal hann láta fylgja kvörtun.

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því að stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur.

Ef stjórnsýslugerningi má skjóta til æðra stjórnarvalds er ekki unnt að kvarta undan honum fyrr en æðra stjórnarvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Þá hefst ársfrestur skv. 5. mgr.

Umboðsmaður sker úr hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar.

8. gr.

Umboðsmaður Alþingis á heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju sem hann þarfnast til að vinna starf sitt, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o.s.frv.

Réttur umboðsmanns til að krefjast vitneskju sætir þeim takmörkunum sem taldar eru upp í 2. tölul. 125. gr., 2. og 4. tölul. 126. gr. laga nr. 85/1936 og 94. gr. laga nr. 74/1974.

Umboðsmaður getur kvatt mann fyrir dóm til að bera vitni um atvik sem máli þykja skipta. Gilda þá, eftir því sem við á, bæði reglur laga nr. 74/1974 um rannsókn opinberra mála fyrir dómi, sbr. X. kafla þeirra laga, og reglur þeirra laga um vitni, mat, skoðun og skjöl. Heimilt er þeim, er hlut á að máli, að vera viðstaddur vitnaleiðslur. Honum skal, ef þörf krefur, skipa réttargæslumann skv. ákvæðum 2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974. Ákveða má að vitnaleiðslur þessar fari fram fyrir luktum dyrum.

9. gr.

Umboðsmaður Alþingis skal hafa frjálsan aðgang að skrifstofu, vinnustað, þjónustustofnun eða öðru húsnæði stjórnarvalds og hverri þeirri starfsemi sem verksvið hans tekur til.

10. gr.

Nú ákveður umboðsmaður Alþingis að taka til meðferðar kvörtun á hendur stjórnarvaldi og skal þá skýra frá efni kvörtunar nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess.

11. gr.

Svo framarlega sem ekki leiðir annað af starfi umboðsmanns skv. lögum þessum og reglugerð um starfsemi hans ber honum að gæta þagnarskyldu um atvik sem honum verða kunn í starfi enda þurfi þau eðli máls samkvæmt að fara leynt og séu ekki þegar á almennings vitorði. Þagnarskylda helst þótt umboðsmaður láti af starfi. Sama þagnarskylda hvílir á starfsliði hans.

12. gr.

Umboðsmaður Alþingis getur sagt álit sitt á hverju því máli sem kemur til meðferðar hans.

Umboðsmaður getur bent á að stjórnarvaldi eða opinberum sýslunarmanni hafi orðið á mistök, vanræksla, ranglæti eða hvaðeina annað er ábótavant þykir. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að stjórnsýslugerningur brjóti í bág við lög, skorti stoð í lögum eða sé ógildur o.s.frv. getur hann látið það álit sitt í ljósi.

Umboðsmaður getur látið mál niður falla að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnarvalds.

Umboðsmaður getur látið saksóknara eða handhafa ögunarvalds vita á hvern hátt hann telur hæfilegt að hafast að gagnvart opinberum starfsmanni.

Umboðsmaður getur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríksins, nr. 38/1954.

Umboðsmaður getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna ætlaðs afbrots í opinberu starfi, sbr. þó 14. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

13. gr.

Ef umboðsmaður Alþingis verður áskynja meinbuga á gildandi lögum eða reglugerðum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn.

14. gr.

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega fyrir 1. september ár hvert.

Ef umboðsmaður verður áskynja stórvægilegra mistaka eða afbrota stjórnarvalds getur hann gefið Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti sérstaka skýrslu um málið. Ef starfsmaður sveitarstjórnar á í hlut getur umboðsmaður gefið sveitarstjórn sérstaka skýrslu.

Umboðsmaður ákveður sjálfur hvort hann gefur opinbera tilkynningu um mál og á hvern hátt hann gerir það.

Ávallt er umboðsmaður lætur frá sér fara tilkynningu um mál skal hann skýra frá hvað stjórnarvald, er í hlut á, hefur fært fram sér til varnar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lagafrumvarpi þessu er lagt til að stofnað verði embætti umboðsmanns Alþingis. Umboðsmaðurinn mun hafa það hlutverk að styðja menn til þess að ná rétti sínum í skiptum við stjórnvöld, koma í veg fyrir að menn séu beittir rangindum af hálfu opinberra aðila og stuðla þannig að bættri opinberri stjórnsýslu í landinu.

Í seinni tíð hefur mönnum orðið ljóst að með aukinni stjórnsýslu og viðameira framkvæmdarvaldi þyrfti að tryggja betur en áður að réttur væri ekki brotinn á einstaklingum, að rangindum verði ekki beitt við málsmeðferð hjá stjórnvöldum landsins, þótt þau séu ekki beinlínis lögbrot, og að löggjafarvaldið geti haft nánara eftirlit með því að lögum sé fylgt.

Full ástæða er til þess að leggja sérstaka áherslu á síðasta atriðið sem hér var nefnt. Oft hefur verið bent á að nauðsynlegt væri að Alþingi hefði meira og betra eftirlit með því hvernig þeim lögum er framfylgt sem þingið setur. Þótt framkvæmd laga sé verkefni framkvæmdarvaldsins en ekki löggjafarvaldsins hlýtur Alþingi engu síður að láta sig miklu skipta að sú löggjöf, sem það setur, nái tilgangi sínum og sé framkvæmd á þann hátt sem efni standa til. Því eftirlitshlutverki getur Alþingi nú gegnt með skipun rannsóknarnefnda, fyrirspurnum til ráðherra, óskum um skýrslur þeirra um einstök mál og með umræðum utan dagskrár. Það er hins vegar ljóst að æskilegt er að gera slíkt eftirlit virkara og sterkara. Að því er stefnt með þessu frumvarpi um umboðsmann Alþingis. Slíkur fulltrúi þingsins mun lögum samkvæmt hafa vald til þess að kanna, bæði að eigin frumkvæði og eftir beiðni, hvort eftir lögum hefur verið farið í einstökum tilvikum og þeim framfylgt af hálfu stjórnvalda svo sem til er ætlast. Ljóst er að jafnan geta menn leitað til dómstóla landsins ef þeir telja að um bein lögbrot sé að ræða í málum, sem þeir eiga aðild að, af hálfu stjórnvalda eða annarra. En oft getur verið um að ræða framkvæmd löggjafar sem ekki er á þá lund sem löggjafinn hefur til ætlast án þess að um bein lögbrot sé að ræða. Þegar svo stendur á getur umboðsmaður Alþingis komið til skjalanna, rannsakað málið og gefið Alþingi skýrslu um það. Á þann hátt getur þingið betur en nú er haft eftirlit með lagaframkvæmd í landinu.

Hitt atriðið er ekki síður mikilvægt en það snýr að réttaröryggi borgaranna í viðskiptum þeirra við stjórnvöld landsins. Með því að setja á stofn embætti umboðsmanns Alþingis skapar þingið einstaklingum, borgurunum, tækifæri til að leita réttar síns með skjótum og áhrifaríkum hætti í málum sem heyra ekki beinlínis undir dómstólana. Er með því tvímælalaust komið til móts við vaxandi óskir almennings um aukið aðhald að stjórnvöldum. Umboðsmaður Alþingis er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnvöldum og sýslunarmönnum frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaðurinn rannsakar þessar kvartanir og kærur og ef þær teljast á rökum reistar gerir hann tillögur um á hvern hátt menn skuli fá leiðréttingu mála sinna. Hvílir þá sú skylda á stjórnvöldum að taka mál upp að nýju til afgreiðslu og úrskurðar í ljósi niðurstöðu rannsóknar umboðsmannsins.

Á þennan hátt er stuðlað að auknu réttaröryggi þegnanna í þjóðfélaginu, mannréttindi þeirra betur tryggð en nú er og stjórnsýslan jafnframt gerð réttlátari og virkari. Með því er í raun grundvöllur lýðræðislegra stjórnarhátta treystur og betur búið að rétti einstaklingsins í þjóðfélaginu.

Í mörgum nágrannalanda okkar er talið að fenginni reynslu að embætti umboðsmanns sé mikilvægur þáttur réttarríkisins þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmannsins sem best gagnvart stjórnvöldum er víða hafður sá háttur á að umboðsmaðurinn starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Síðustu tvo áratugina hefur embætti umboðsmanns verið til umræðu á Alþingi en löggjöf ekki verið um það sett til þessa. Sérstök ástæða er til þess að minna á tillögu

stjórnarskrárnefndar Alþingis í þessu efni. Í skýrslu nefndarinnar um endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem send var þingflokkunum í janúar 1983, er lagt til að í stjórnarskránni verði embætti umboðsmanns Alþingis lögbundið. Er umboðsmanninum þar kosin hin forna nafngift „ármaður". Nefndin lagði til að eftirfarandi grein bættist við stjórnarskrána:

„Alþingi kýs fulltrúa sem nefnist ármaður. Er hlutverk hans að gæta þess að stjórnsýsluyfirvöld skerði ekki rétt manna í störfum sínum og skal nánar um það fjallað í lögum. Sérhver sá, sem telur á rétt sinn gengið af hálfu yfirvalda, getur leitað til ármanns með erindi sitt."

Um þessa tillögu voru fulltrúar allra flokka í nefndinni sammála og fylgdi henni eftirfarandi skýring:

„Grein þessi er nýmæli. Er tilgangur ákvæðisins að auðvelda mönnum að fá leiðréttingu mála sinna ef þeir telja á rétt sinn gengið af hálfu þeirra yfirvalda sem getið er í greininni. Áþekk ákvæði eru í stjórnarskrám ýmissa landa og eru þau talin hafa gefið góða raun."

Var þessi tillaga tekin óbreytt upp í frumvarp það til nýrra stjórnarskipunarlaga sem formaður nefndarinnar, Gunnar Thoroddsen þáverandi forsætisráðherra, lagði fram á 105. löggjafarþingi vorið 1983.

Tillögur um að löggjöf verði sett um umboðsmann Alþingis eiga sér lengri aldur. Þann 19. maí 1972 var samþykkt þingsályktunartillaga Péturs Sigurðssonar um undirbúning löggjafar um embætti umboðsmanns Alþingis. Hafði áður verið flutt tillaga um sama efni af Kristjáni Thorlacíus, varaþingmanni Framsóknarflokksins, og fleiri þingmönnum á þinginu 1966–67.

Á þinginu 1972–73 var lagt fram stjórnarfrumvarp um málið, en það hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Á þinginu 1976–77 fluttu Pétur Sigurðsson og Sverrir Hermannsson frumvarp um umboðsmann Alþingis. Það varð ekki útrætt. Á sama þingi flutti Benedikt Gröndal, þingmaður Alþýðuflokksins, frumvarp um umboðsnefnd Alþingis. Það frumvarp var í öllum meginatriðum byggt á fyrrnefndu stjórnarfrumvarpi og nánast eini munurinn sá að í stað umboðsmanns skyldi kosin umboðsnefnd sem yrði ein af fastanefndum þingsins.

Það síðasta, sem í þessu máli hefur gerst, er það að á þinginu 1978 lögðu þeir Ellert B. Schram og Friðrik Sophusson fram þingsályktunartillögu þar sem skorað var á ríkisstjórnina að leggja fram frumvarp um umboðsmann Alþingis.

Það frumvarp, sem hér er flutt, er samhljóða því frumvarpi um umboðsmann Alþingis sem lagt var fyrir þingið árið 1973. Mestan þátt í gerð þess átti Sigurður Gizurarson sýslumaður og fylgir hér aftast greinargerð hans um málið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um 1. mgr. 1. gr.:

Sameinað þing Alþingis kýs umboðsmann. Kjör umboðsmanns kann að fara fram hvenær sem er á kjörtímabili Alþingis. Ekki er víst að umboðsmaður sitji út kjörtímabil sitt, sbr. 3. mgr. 1. gr. frv. Ef umboðsmaður lætur af starfi skal kjósa nýjan umboðsmann til fjögurra ára. Alþingi kann að verða rofið áður en fjögurra ára kjörtímabili þess lýkur, sbr. 24. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Kjörtímabil Alþingis og umboðsmanns þurfa ekki að falla saman.

Ráð er fyrir því gert að Alþingi ákveði sjálft eftir hvaða reglum umboðsmannskjör skuli fara fram. Þykir rétt að inn í þingskapalög Alþingis séu felldar reglur um það efni.

Um 2. mgr. 1. gr.:

Kjörgengi umboðsmanns er sama og embættisgengi hæstaréttardómara, sbr. 5. gr. laga um Hæstarétt, nr. 75/1973, sbr. og almenn dómaraskilyrði í 32. gr. laga, um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936.

Um 3. mgr. 1. gr.:
Sameinað þing getur svipt umboðsmann starfi með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða. Er þar tekin upp regla norsku laganna, sem þykir eðlilegri en danska reglan, um að meiri hluti Þjóðþingsins geti svipt umboðsmann starfi.

Um 4. mgr. 1. gr.:
Staðgengill umboðsmanns um stundarsakir skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og hann sjálfur, sbr. 2. mgr. 1. gr. frv.

Um 2. gr.

Um 1. mgr. 2. gr.:
Sameinað þing kýs fimm manna nefnd til að fjalla um málefni umboðsmanns. Nefnd þessi á að hafa á hendi það trúnaðarsamband sem er á milli Alþingis og umboðsmanns. Getur umboðsmaður því ávallt snúið sér til hennar með erindi sín við þingið. Er eðlilegt að umboðsmannsnefndin leggi drög í samráði við umboðsmann að reglugerð um starfsemi hans, sbr. 2. gr. frv.

Um 2. mgr. 2. gr.:
Ákvæði 2. mgr. 2. gr. frv. um launakjör umboðsmanns miðar að því að tryggja umboðsmanni fjárhagslegt sjálfstæði í starfi á borð við hæstaréttardómara og þá virðingu sem því er samfara að njóta launa á við þá.

Um 3. mgr. 2. gr.:
Ákvæði 3. mgr. 2. gr. frv. skal stuðla að því að gera umboðsmann sem sjálfstæðastan og óháðastan og tryggja sem best hlutleysi hans í hverju máli.

Um 3. gr.

Ákvæði 3. gr. frv. á enn fremur að stuðla að sjálfstæði umboðsmanns. Þess vegna skal hann vera sjálfráður um hverja hann velur sem aðstoðarmenn sína.

Um 4. gr.

Umboðsmanni Alþingis er ekki ætlað að halda uppi reglubundnu eftirliti með opinberri stjórnsýslu í stóru og smáu. Því fær hann ekki annað með takmörkuðu starfsliði. Hann bregður jafnan ekki við nema að gefnu tilefni er honum berst kvörtun eða honum verður kunnugt um gagnrýni á hendur stjórnarvaldi sem honum þykir rétt að kanna nánar, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Í frumvarpi þessu er því sniðgengið að kalla starfsemi umboðsmanns „eftirlit“.

Hlutverk umboðsmanns er að kappkosta að tryggja góða opinbera stjórnsýslu og að stjórnarvöld beiti ekki nokkurn mann rangindum. Með þessari yfirlýsingu 4. gr. frv. er mörkuð sú stefna sem umboðsmaður skal fylgja í starfi sínu. Samkvæmt henni er það réttaröryggi þegnsins, einstaklingsins, sem umboðsmaður skal gera sér far um að tryggja sem best. Ákvæði 4. gr. frv. skal skilja þannig að einnig einkafyrirtæki, sameignarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og hvers konar félög geta leitað aðstoðar umboðsmanns og borið fram kvartanir við hann. Mál, sem umboðsmaður tekur til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði, þurfa þó ekki beinlínis að varða réttaröryggi einstakra þegna eða félaga gagnvart stjórnarvöldum. Hvers konar hugsanleg lögbrot, óreiðu og vanstjórn í opinberri stjórnsýslu getur umboðsmaður tekið til rannsóknar. Einn þáttur í starfi umboðsmanns skal vera að gera tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnsýslu. Þar á meðal skal hann gera tillögur til að ráða bót á meinbugum á lögum og reglugerðum sem hann kemur auga á, sbr. 13. gr. frv.

Um 5. gr.

Umboðsmaður Alþingis er trúnaðarmaður þess. Af því þykir leiða að hann getur ekki tekið þátt í stjórnmálum né átt setu á Alþingi.

Umboðsmaður getur af þessari ástæðu ekki fjallað um kvartanir á hendur Alþingi eða einstökum þingmönnum vegna starfa þeirra sem þingmenn. Umboðsmaður fjallar því ekki um umræður á Alþingi, nefndarálit o.s.frv. Og hann skal að jafnaði ekki taka afstöðu til álitamála af stjórnmálatoga eða til mála sem teflt geta í tvísýnu trausti almennings til hlutleysis hans. Verður umboðsmaður sjálfur að skera úr hvað hann telur rétt að hætta sér langt í þeim efnum. Sjá nánar um 12. gr. frv.

Af trúnaðarsambandi umboðsmanns og Alþingis leiðir ekki að það geti boðið honum eða bannað varðandi úrlausn einstakra mála. Um úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður vera óháður Alþingi að öðru en því sem Alþingi hefur þegar ákveðið í lögum um umboðsmann og í reglugerð um starfsemi hans.

Rétt þykir að sameinað þing hafi samráð við umboðsmann þann, sem kosinn verður, um setningu reglugerðar um starfsemi hans. Getur það orðið verkefni þingnefndar þeirrar sem fjalla skal um málefni hans, sbr. 1. mgr. 2. gr. frv.

Um 6. gr.

Verksvið umboðsmanns Alþingis tekur bæði til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Í 6. gr. frv. eru þó settar nokkrar takmarkanir á verksviðið.

Í 6. gr. frv. er sniðgengið að tala um „opinbera starfsmenn“ þótt í reynd hljóti rannsókn mála að beinast gegn stjórnsýslu þeirra. Eins og lögin eru orðuð getur könnun umboðsmanns tekið til stjórnsýslu hvers þess sem starfar sem „opinber sýslunarmaður“ þótt hann gegni starfi aðeins stuttan tíma sem borgaralegri kvöð.

Í stað þess að tala um „opinbera starfsmenn“ eða „opinbera sýslunarmenn“ er í lögunum oftast talað um „stjórnsýslu“, „stjórnarvöld“, „stofnanir“ o.s.frv. Er álitið miklu skipta í hinu fámenna íslenska þjóðfélagi að aðgerðir umboðsmanns beinist sem minnst gegn persónu þeirra sem við opinbera stjórnsýslu fást, sbr. þó 2., 4., 5. og 6. mgr. 12. gr. frv.

Um 1. tölul. 6. gr.:

a. Alþingi er, eins og áður segir, skilið undan verksviði umboðsmanns, sbr. það sem segir um 5. gr. frv. Gildir það bæði um löggjafarmálefni og stjórnsýslu. Skrifstofa Alþingis er því undanskilin verksviði hans. Sama máli gegnir ef Alþingi tekur sér fyrir hendur að fremja einstaka stjórnsýslugerninga.
b. Dómstólar eru undanskildir verksviði umboðsmanns um dómsathafnir. Stjórnsýsluathafnir dómstóla getur umboðsmaður hins vegar fjallað um. Hér á landi fara sýslumenn og bæjarfógetar bæði með dómsmál og stjórnsýslu. Þar sem stjórnsýsluathafnir eru svo stór þáttur starfs þeirra þykir ekki rétt að þiggja þá að því leyti undan verksviði umboðsmanns. Verður umboðsmaður að skera úr vafaatriðum um hvort um dómsathöfn eða stjórnarathöfn sé að ræða. Sama regla gildir um öll dómaraembætti, svo fremi þau fáist einnig við stjórnsýslu.
c. Þjóðkirkjan er skilin undan verksviði umboðsmanns um trúarkenningar sínar. Sker umboðsmaður úr hvort um trúarkenningar sé að ræða.
d. Samkvæmt 1. tölul. 6. gr. frv. fellur stjórnsýsla ráðherra og ríkisstjórnar undir verksvið umboðsmanns. Í reynd hafa embættismenn þessa stjórnsýslu á hendi þótt stjórnsýslugerningar séu gefnir út og undirritaðir af ráðherra. Beinist hugsanleg rannsókn og gagnrýni því venjulega ekki að ráðherrum, heldur að embættismönnunum.

Um 2. tölul. 6. gr.:

Stjórnsýsla sveitarfélaga fellur undir verksvið umboðsmanns með þeim takmörkunum sem hér skal greina:

Þær ákvarðanir stjórnarvalda sveitarfélaga, sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins, tekur umboðsmaður til meðferðar með sama hætti og ákvarðanir ríkisstjórnarvalda.

Málskot til æðra stjórnarvalds er jafnan talið heimilt ef lægra sett stjórnarvald er eðlilegur þáttur í föstu stjórnkerfi ríkisins. Samkvæmt því má jafnan skjóta ákvörðunum stjórnarvalda sveitarfélaga til ráðuneytis eða annars ríkisstjórnarvalds þótt ekki sé til þess sérstök heimild í settum lögum ef ríkisstjórnarvaldið hefur yfirstjórn þess málefnis sem sveitarstjórnarvaldið fjallar um.

Hins vegar eru sums staðar í lögum sérstök ákvæði um slíka kæruheimild, sbr. t.d. lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966. Barnaverndarnefndir eru kosnar af hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, sbr. 6. gr. þeirra laga. Barnaverndarnefndarúrskurðum má skjóta til fullnaðarúrskurðar barnaverndarráðs, sbr. 1. mgr. 56. gr. laganna. Ráðherra skipar barnaverndarráð.

Sú almenna takmörkun á verksviði umboðsmanns, sem getið er í 6. mgr. 7. gr. frv., gildir vitaskuld þegar um er að ræða ákvarðanir sveitarstjórnarvalds sem skjóta má til ríkisstjórnarvalds. Getur umboðsmaður því ekki tekið slíka kvörtun á hendur sveitarstjórnarvaldi til meðferðar fyrr en kvartandi hefur neytt kæruheimildar til ríkisstjórnarvalds og það fellt úrskurð í málinu. Ef svo ber við leiðbeinir umboðsmaður kvartanda um notkun kæruheimildar.

a. Stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna tekur umboðsmaður til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til. Honum er hins vegar ekki skylt að taka stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna til meðferðar eftir kvörtun.

   Með þjóðkjörnum sveitarstjórnum er átt við aðalstjórnvöldin í sveitarfélögum, sveitarstjórnir sem kjörnar hafa verið í almennum kosningum. Eru það hreppsnefndir, bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur.

b. Þegar umboðsmaður fjallar um málefni sveitarfélaga ber honum að hyggja að sérhögum þeirra. Annars vegar á það sérstaklega við þegar umboðsmaður tekur mál upp að sjálfs sín frumkvæði gagnvart þjóðkjörnum sveitarstjórnum. Þær eru eins konar smækkuð mynd Alþingis. Hins vegar er stjórnsýsla smærri sveitarfélaga, einkum hreppsfélaga, mjög almenns eðlis. Starfsmenn þeirra eru ekki sérhæfðir og reisa ákvarðanir sínar gjarnan á þekkingu á staðháttum og fólki í sveitarfélagi. Þar myndast því síður reglubundin stjórnsýsluiðkun eins og í stærri sveitarfélögum.

Um 3. tölul. 6. gr.:

Rétt þykir að sameinað þing hafi heimild til að afmarka verksvið umboðsmanns frekar ef því þykir nauðsyn til bera. Má þá setja þær reglur í reglugerð um starfsemi umboðsmanns, sbr. 5. gr. frv.

Um 7. gr.

Um 1. mgr. 7. gr. frv.:

Umboðsmaður getur tekið mál til meðferðar hvort heldur er eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Allar kvartanir tekur hann fyrst til frumkönnunar. Leiðir hún þá til þess að vísað er frá þeim kvörtunum sem umboðsmaður hefur ekki vald til að fjalla um eða eru augljóslega ekki á rökum reistar o.s.frv. Aðrar kvartanir tekur umboðsmaður til meðferðar.

Að sjálfs sín frumkvæði getur umboðsmaður tekið til meðferðar hvers konar atferli stjórnarvalda sem honum þykir rannsóknar vert. Er gert ráð fyrir að hann fái vitneskju um slík mál aðallega í gegnum fjölmiðla, dagblöð, útvarp o.s.frv. Umboðsmaður er þá ekki bundinn við rannsókn eins einstaks máls, heldur getur tekið til könnunar ákveðið ástand innan stjórnsýslunnar sem enginn einn starfsmaður eða stjórnarvald er riðið við. Þó er gert

ráð fyrir að meginverkefni umboðsmanns verði rannsókn einstakra mála þar sem kvörtun hefur borist á hendur einstöku stjórnarvaldi.

Þegar umboðsmaður tekur mál til meðferðar að sjálfs sín frumkvæði er hann ekki bundinn af ákvæði 6. mgr. 7. gr. frv. Æðra stjórnarvald þarf því ekki að hafa fellt úrskurð í máli að undangengnu málskoti, sbr. orðalag 6. mgr. 7. gr. frv.

Um 2. mgr. 7. gr.:

Kvörtun getur hver sá borið fram við umboðsmann sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Kvörtunarheimild takmarkast því ekki við þá sem hafa íslenskt ríkisfang.

Um 3. mgr. 7. gr.:

Sá sem sviptur hefur verið frelsi á rétt til að bera mál sitt undir umboðsmann í lokuðu bréfi. Mikilsvert þykir að þeir sem lokaðir eru inni í fangelsum eða á hælum eigi þess kost að bera fram kvartanir án þess að þær fari í gegnum hendur yfirmanna þessara stofnana sem þær oft beinast gegn.

Um 4. mgr. 7. gr.:

Kvartandi skal greina nafn sitt og heimilisfang. Umboðsmaður tekur því ekki við nafnlausum bréfum. Enn fremur skal kvartandi láta fylgja öll þau gögn sem styðja kunna mál hans. Reynslan annars staðar á Norðurlöndum sýnir að margt fólk á mjög óhægt með að skrifa upp hugsanir sínar skipulega. Er því gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. frv. geti fólk gengið inn á skrifstofu umboðsmanns og greint frá kvörtun sinni. Starfsfólk umboðsmanns aðstoðar við að semja skriflega kvörtun og leiðbeinir um útvegun allra tiltækra sönnunargagna.

Um 5. mgr. 7. gr.:

Kvörtun skal bera fram innan árs frá því að gagnrýndur stjórnsýslugerningur var framinn eða til lykta leiddur. Er þá miðað við hvenær kvörtun berst umboðsmanni. Nauðsyn þykir bera til að setja ákveðinn frest sem unnt sé að bera fram kvartanir á því að endalaust skulu menn ekki geta tekið upp gerðir stjórnarvalda og kvartað undan þeim við umboðsmann. Þykir eitt ár hæfilegur frestur.

Ef um er að ræða stjórnsýslugerninga sem skjóta má til æðra stjórnarvalds hefst fresturinn ekki fyrr en það hefur úrskurðað málið. Ákvæði 5. mgr. 7. gr. frv. verður að skilja á þann veg í málum þar sem kvartað er undan seinagangi á afgreiðslu máls að fresturinn telst ekki hefjast fyrr en drætti málsins lýkur hjá stjórnarvaldi. Ef mál dregst þannig óhæfilega í höndum stjórnarvalds þarf kvartandi þó ekki að bíða allt til þess er drætti lýkur. Hann getur borið fram kvörtun þegar dráttur er orðinn óhæfilegur.

Um 6. mgr. 7. gr.:

Í 6. mgr. 7. gr. frv. felst sú regla að sé kæruheimild fyrir hendi innan stjórnkerfisins þá skal fullreyna þá leið fyrst áður en borin er fram kvörtun til umboðsmanns. Stjórnarvöld skulu sjálf fá fyrst tækifæri til að leiðrétta ákvarðanir sem hugsanlega eru rangar áður en farið er til aðila utan stjórnkerfis þeirra með kvartanir. Það væri óviðeigandi. Síðar kæmi ef til vill á daginn að æðra stjórnarvald hefði örugglega leiðrétt ef það hefði fengið tækifæri til þess. Ef umboðsmaður vísar frá sér kvörtun með þeim rökum að æðra stjórnarvald hafi ekki fjallað um málið er rétt að hann láti stjórnarvaldi þessu í té vitneskju um afstöðu sína.

Af reglu 6. mgr. 7. gr. frv. leiðir að sé kvartað undan öðru atferli en því sem sætir málskoti, t.d. málsmeðferðinni eða framkomu opinbers starfsmanns, þarf einstaklingur ekki að kæra til æðra stjórnarvalds og bíða eftir úrskurði þess áður en hann ber fram kvörtun við umboðsmann.

Um 7. mgr. 7. gr.:

Umboðsmaður sker úr hvort fram borin kvörtun veitir nægilegt tilefni til málsmeðferðar. Þá er kvartanir berast umboðsmanni er vitaskuld mismunandi ljóst hvort þær falla undir verksvið umboðsmanns og hvort þær eru rannsóknar verðar. Sumar kvartanir falla augljóslega utan verkahrings hans eins og t.d. kvartanir á hendur einstaklingum. Vísar hann þeim þá strax frá. Aðrar kvartanir berast ef til vill of seint eftir að ársfrestur 5. mgr. 7. gr. frv. er liðinn. Er þeim þá vísað frá án frekari athugunar nema umboðsmaður telji rétt að eiga sjálfstætt frumkvæði að rannsókn málsins, sbr. 1. mgr. 7. gr. frv. Aðrar kvartanir kunna að vera vafasamari. Er það lagt á vald umboðsmanns að meta hversu miklum tíma og vinnu hann ver til rannsóknar á hverju máli. Varðandi þær kvartanir, sem hann tekur til meðferðar, sker hann úr á hvaða stigi málsmeðferðar sem verða vill hvort mál skuli niður falla þar sem ekkert athugavert hafi komið í ljós o.s.frv.

Af markmiði starfsins leiðir vitaskuld að umboðsmaður skal ávallt gera kvartanda rökstudda grein fyrir því hvers vegna hann vísar máli frá eða lætur það falla niður eftir að málsmeðferð þess er hafin.

Um 8. gr.

Umboðsmaður á heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té alla tiltæka vitneskju sem hann þarfnast til framkvæmdar starfs síns, svo sem með afhendingu skýrslna, skjala, bókana o.s.frv.

Heimild þessi er nauðsynleg til þess að umboðsmaður fái rækt starf sitt með árangri. Ráð er gert fyrir því að umboðsmaður geti m.a. krafist vinnugagna stjórnarvalds, sem notuð hafa verið til undirbúnings ákvörðun, en honum kann sakir þagnarskyldu að vera óheimilt að skýra frá hvað í þeim stendur, sbr. 11. gr. frv.

Til þess að fá samræmi milli þessara heimilda umboðsmanns til öflunar vitneskju og lagaákvæða um öflun gagna í dómsmálum eru þó takmarkanir þær, sem gilda um undanþágu og bann við vitnisburði fyrir dómi, einnig að nokkru látnar gilda gagnvart umboðsmanni. Reglur 2. mgr. 8. gr. frv. eru þó ekki eins víðtækar og reglur 125. og 126. gr. laga nr. 85 1936, ýmist af því að sum ákvæði þessara greina eiga ekki við um stjórnarvöld eða af því að umboðsmaður sjálfur skal gæta þagnarskyldu, sbr. 11. gr. frv. Á því ekki að vera varhugavert að láta honum í té vitneskju sem leynt skal fara.

Víðtækar heimildir umboðsmanns til öflunar vitneskju varða ekki aðeins stjórnarvöldin, heldur getur hann og neytt þeirra ráða, sem tiltæk eru í dómsmálum til rannsóknar og gagnaöflunar, sbr. 3. mgr. 8. gr. frv. Getur hann bæði neytt þeirra heimilda, sem kveðið er á um í lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85/1936, og í lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974. Getur umboðsmaður samkvæmt þessum ákvæðum kvatt einstaklinga, sem við mál eru riðnir, fyrir dóm til vitnisburðar.

Ákvæði 9. gr. frv. um aðgang umboðsmanns að húsnæði stjórnarvalds þjónar sama tilgangi.

Um 9. gr.

Umboðsmaður getur notað heimild 9. gr. til að skoða skrifstofur og gögn í þeim, embættisbækur og skjöl, og tekið sýnishorn úr þeim. Einnig getur hann heimsótt dvalarheimili, fangelsi, spítala o.s.frv. og kynnt sér stjórn stofnunar og aðbúnað vistmanna.

Ákvæðið þjónar tvennum tilgangi. Annars vegar gilda sömu sjónarmið og um rannsókn mála, vettvangsgöngu o.s.frv. Hins vegar getur umboðsmaður notað heimildina til almenns aðhalds. Vitneskjan um að von geti verið á heimsókn umboðsmanns veitir aðhald.

Um 10. gr.

Ákvæði 10. gr. frv. er ætlað að tryggja að það stjórnarvald eða sá opinberi sýslunarmaður, sem kvörtun beinist gegn, fái fullt tækifæri til að verja sig eða m.ö.o. að tryggð sé drengileg meðferð máls hans. Frá þessari reglu má umboðsmaður ekki víkja nema rannsókn kunni að torveldast stórum sakir þess, t.d. af því að sakargögnum kunni að verða spillt.

Um 11. gr.

Í 11. gr. frv. er kveðið á um þagnarskyldu umboðsmanns.

Umboðsmaður hefur víðtækt vald til að afla gagna frá stjórnarvöldum, sbr. 8. gr. frv. Verða honum þá ef til vill kunn atvik sem lögum eða eðli máls samkvæmt þurfa að fara leynt. Samkvæmt 12. gr. frv. er umboðsmanni hins vegar rétt að láta uppi álit sitt og skýra opinberlega frá málefnum innan verkahrings síns. Verður umboðsmaður því að meta hverju hæfilegt og viðeigandi sé að skýra frá. Á það ekki síst við vinnugögn sem umboðsmaður fær frá stjórnarvöldum. Gögn þessi sýna títt hvernig stjórnarvald komst að niðurstöðu og ákvörðun. Ef umboðsmaður ætlar sér að gagnrýna forsendur ákvörðunar verður hann því stundum að vitna til þessara gagna og það er honum heimilt. Sama gildir þegar umboðsmaður fær vitneskju frá opinberum sýslunarmönnum, sem þagnarskylda hvílir á.

Hins vegar má umboðsmaður ekki skýra frá vitneskju, sem honum verður kunn í starfi og engu skiptir við framkvæmd starfs hans, nema sérstakar ástæður mæli með því. Gilda hér venjulegar reglur um þagnarskyldu.

Um 12. gr.

Um 1. mgr. 12. gr.:

Umboðsmaður getur sagt álit sitt á hverju því máli sem kemur til meðferðar hans.

Samkvæmt ákvæði þessu ber umboðsmanni að láta í ljósi ráð og leiðbeiningar, óskuldbindandi tilmæli eða beina gagnrýni við stjórnarvald, sem í hlut á, eftir því sem við þykir eiga hverju sinni. Ráð er fyrir því gert að heimild 1. mgr. 12. gr. verði þungamiðjan í starfsaðferð og valdi umboðsmanns. Sams konar heimildir eru í dönsku og norsku lögunum og er málum sem meðferð umboðsmanns sæta nánast alltaf lokið með álitsgerð. Leggja Norðmenn sérstaka áherslu á að umboðsmaður beiti sér ekki á annan hátt í málum en með óskuldbindandi álitsgerð.

Um 2. mgr. 12. gr.:

Þá er umboðsmaður hefur lokið könnun sinni á máli skal hann segja stjórnarvaldi og þegn álit sitt. Getur hann þá bent á að stjórnarvald hafi framið lögbrot, að athafnir þess eða ákvarðanir skorti stoð í lögum eða að þær séu reistar á ófullnægjandi eða röngum forsendum. Er vonast til að umboðsmaður á grundvelli mikillar þekkingar sinnar á málefninu, álits síns og þeirrar stöðu sem hann skipar, verði svo áhrifaríkur að stjórnarvöld og þegnar muni jafnaðarlega virða og sætta sig við álit hans á máli. Til að umboðsmaður sé þó ekki máttvana ef álit hans er virt að vettugi getur hann ef nauðsyn krefur lagt fyrir yfirvald að beita ögunarráðum III. kafla laga nr. 38/1954 eða lagt fyrir saksóknara ríkisins að hefja réttarrannsókn eða að höfða opinbert mál vegna afbrots í opinberu starfi, sbr. 5. og 6. mgr. 12. gr. Er yfirvaldi eða saksóknara skylt að fara eftir fyrirmælum umboðsmanns í þessu efni.

Sömuleiðis getur umboðsmaður sagt álit sitt á hvort stjórnarvald hafi sýnt þegn nægilega nærgætni, sanngirni og hvort það hafi viðhaft handahóf o. s. frv. Samkvæmt þessu skal umboðsmaður því geta sagt álit sitt á hreinum matsatriðum. En vitaskuld verður umboðsmaður að vera því varfærnari í yfirlýsingum sínum ef hann hefur ekki við réttarreglur að styðjast. Verður hann þar m.a. að varast að draga á nokkurn hátt úr sjálfstæði

stjórnarvalds til að vinna að verkefnum hins frjálsa mats. En eins og á síðustu árum hefur verið sýnt skýrlega fram á er mat stjórnarvalds að norrænum rétti afar sjaldan algerlega frjálst. Þar koma til greina almennar reglur laga þess efnis að fullnægjandi og málefnalegar forsendur séu lagðar til grundvallar ákvörðun, að gætt sé vissra jafnræðis- og réttlætisreglna o.s.frv. Á þessum jaðri grundvallarreglna laga og hins frjálsa mats getur þörfin verið brýn að umboðsmaður segi álit sitt á því hvort stjórnarvald hafi beitt valdi sínu réttilega.

Um 3. mgr. 12. gr.:

Umboðsmanni er í sjálfsvald sett hvenær hann lætur mál niður falla. Kemur þar m.a. til greina að láta mál niður falla þegar stjórnarvald hefur gefið skýringu sína eða leiðrétt mistök sem því hafa orðið á. Gert er ráð fyrir því að umboðsmaður afli skýrslna og gagna á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi og gefi báðum aðilum þegar í stað kost á að kynna sér gögn og skýrslur sem hinn aðilinn lætur umboðsmanni í té.

Um 4. mgr. 12. gr.:

Mistök stjórnarvalds eða vanræksla geta verið svo alvarlegs eðlis að umboðsmaður telji nauðsynlegt að segja æðra stjórnarvaldi eða saksóknara hvað hann álíti rétt að gera í málinu.

Um 5. og 6. mgr. 12. gr.:

Ákvæði 5. og 6. mgr. 12. gr. eru sett til öryggis fyrir umboðsmann en ekki er ætlast til að aðgerðir samkvæmt þeim verði fastur þáttur í starfi hans. Óheppilegt verður að teljast að umboðsmaður lendi í aðiljastöðu í málum, en komist hann í þá erfiðu aðstöðu að stjórnarvald virði álitsgerð hans að vettugi kann það að skipta hann miklu að geta gripið til heimilda 5. eða 6. mgr. 12. gr.

Um 13. gr.

Auk starfs síns við úrlausn einstakra mála skal umboðsmaður hafa vakandi auga með því hvort ekki finnist meinbugir á lögum eða reglugerðum. Þar getur verið um margs kyns galla að ræða, svo sem beinar prentvillur eða missagnir, hugsunarvillur og ósamræmi af flestu tagi. Einnig geta meinbugir verið fólgnir í því að megns óréttlætis eða mismunar gæti í lögum eða reglugerðum o.s.frv. Skal umboðsmaður tilkynna Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn þar um.

Um 14. gr.

Um 1. mgr. 14. gr.:

Umboðsmaður skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári. Úrlausn hans á einstökum málum getur síðar orðið leiðbeinandi í fjölda annarra mála og þannig orðið fordæmi. Auk þess getur umboðsmaður látið uppi álitsgerðir almenns eðlis sem fyrir fram er vitað að varða fjölda mála. Af þessum ástæðum er útgáfa ársskýrslu umboðsmanns veigamikill þáttur í starfi hans. Er gagnlegt að ársskýrslan sé lögð fyrir sameinað þing og þingmenn taki hana til umræðu. Fæst þannig opinber umræða um stjórnsýsluna og endurbætur á henni.

Um 2. mgr. 14. gr.:

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. ber að skilja á þann veg að komi í ljós stórvægileg mistök eða afbrot stjórnarvalds þá getur umboðsmaður látið þar við sitja að gefa Alþingi eða hlutaðeigandi ráðuneyti eða sveitarstjórn sérstaka tilkynningu um málið. Er honum ekki skylt að fjalla einnig um málið í ársskýrslu. Enn fremur getur hann látið saksóknara ríkisins vita um málið, sbr. 4. mgr. 12. gr.

Um 3. mgr. 14. gr.:

Efni 3. mgr. 14. gr. gengur í sömu átt og efni 2. mgr. 14. gr. Er ákvæðinu einkum ætlað að vera umboðsmanni vörn gegn ágangi blaðamanna og annarra sem sækjast eftir vitneskju um hvernig umboðsmaður hefur farið með mál. Mál umboðsmanns er einatt eftirsótt blaðaefni. Er algjörlega lagt á vald umboðsmanns hvernig hann skýrir opinberlega frá málum.

Um 4. mgr. 14. gr.:

Ákvæði þessarar málsgreinar gegnir svipuðu hlutverki og ákvæði 10. gr. Stjórnarvald varðar eðlilega miklu að allt það, sem það hefur fært fram sér til varnar, komi fram í tilkynningum umboðsmanns. Getur það vitaskuld haft mikil áhrif á hverjar skoðanir almenningur myndar sér á grundvelli tilkynninga og skýrslna umboðsmanns.

Fylgiskjal.

Greinargerð fyrir frumvarpi til laga um stöðu og starf umboðsmanns Alþingis.

Hvað er „umboðsmaður“?

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er nýmæli hérlendis. Ráðgert er með lagafrumvarpi þessu að til starfa taki umboðsmaður Alþingis.

„Umboðsmaður“ er embættismaður sem tekur við kvörtunum á hendur opinberum stjórnarvöldum og sýslunarmönnum landsstjórnarinnar frá fólki sem þykir misgert við sig. Umboðsmaður rannsakar þessar kvartanir og ef þær skoðast á rökum reistar leggur hann til hvað sé til bóta því sem áfátt er. Jafnframt því að leysa þannig vandræði manna er hlutverk umboðsmanns að stuðla almennt að bættri stjórnsýslu. Þeirri skoðun vex fylgi að umboðsmannskerfið sé ómissandi í réttarríkjum, þ.e. þjóðfélögum þar sem jafnt yfirvöld sem þegnar verða að fara að lögum og grundvallarmannréttindi eru virt. Til þess að tryggja sjálfstæði umboðsmanns sem best gagnvart stjórnarvöldum er víða höfð sú skipan á að umboðsmaður starfar á vegum þjóðþingsins og sem trúnaðarmaður þess.

Uppruni og útbreiðsla hugmynda um umboðsmenn.

Hugmyndin um umboðsmann Alþingis er sótt til hinna Norðurlandanna. Þjóðir þessara landa búa við sömu réttarhefð og Íslendingar.

Fyrst var embætti umboðsmanns sett á stofn í **Svíþjóð** árið 1809. Nýlunda starfs hans og stöðu var einkum sú að umboðsmaður kom fram fyrir hönd Ríkisþingsins og stóð utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þannig var stuðlað að sjálfstæði hans gagnvart þeim stjórnarvöldum sem hann átti að veita aðhald. Sænsku umboðsmennirnir störfuðu síðan mann fram af manni í meira en heila öld án þess að starf þeirra ætti sér nokkra hliðstæðu í öðrum löndum.

Finnar urðu næstir til að setja á laggir embætti umboðsmanns. Þeir bjuggu við mjög áþekka stjórnarhætti og Svíar. Umboðsmaður finnska þjóðþingsins tók til starfa árið 1919, rétt eftir að Finnar höfðu öðlast sjálfstæði.

Á síðustu árum sívaxandi stjórnsýslu og valds opinberra starfsmanna þykir umboðsmaður hafa sannað ágæti sitt sem ómissandi stofnun í réttarríkjum.

Danir stofnsettu árið 1954 embætti umboðsmanns Þjóðþingsins. Starfshættir hans eru þó í ýmsu frábrugðnir sænska fyrirkomulaginu.

Nokkrum árum síðar fetuðu **Norðmenn** í fótspor Dana og lögfestu umboðsmannstilhögunina. Umboðsmaður norska Stórþingsins tók til starfa í ársbyrjun 1963. Fer hann í flestu að á líkan veg og danski umboðsmaðurinn.

Til fróðleiks skal þess geta að hugmyndir um umboðsmann hafa borist víða um heim og skotið rótum. Oftast nær er fyrirmyndin sótt til Norðurlanda þótt mótuð sé í framkvæmd á ýmsa vegu.

Á **Nýja-Sjálandi** var umboðsmannsstaða sett á laggir árið 1962. Gætti þar mjög danskra áhrifa. Hann starfar á vegum þingsins (Parliamentary Commissioner) og rannsakar það sem kvartað er undan í ríkisstjórnsýslunni.

Árið 1966 var í stjórnlögum **Guyana** kveðið á um stofnsetningu umboðsmannsstöðu. Um fyrirkomulag hennar var í mörgum greinum litið til Nýja-Sjálands.

Árið 1966 kvað stjórnarskrá **Tansaníu** á um rannsóknarnefnd á vegum þjóðþingsins. Hlutverk hennar er að rannsaka atferli fulltrúa almannavaldsins, hvernig þeir beita valdi sínu eða hvort þeir misbeita því. Rannsóknarnefndin tekur við kvörtunum á hendur stjórnarvöldum.

Á **Stóra-Bretlandi** var árið 1967 stofnuð staða umboðsmanns þingsins (Parliamentary Commissioner for Administration). Gætir í starfsháttum hans bæði einkenna norrænu umboðsmannanna og hins nýsjálenska.

Á **Norður-Írlandi** tók til starfa árið 1969 umboðsmaður með sams konar verksviði og breski umboðsmaðurinn.

Um frekari útbreiðslu umboðsmannshugmynda má nefna:

Í **Kanada** hafa verið lagðar fram tillögur um umboðsmenn á vegum sambandsríkisins. Þrjú ríki innan ríkjasambandsins hafa fengið umboðsmann, Alberta (1967), New Brunswick (1967) og Manitoba (1969).

Hin nýja stjórnarskrá **Ghana**, sem lögfest var 1969, geymir ákvæði um umboðsmann.

Í **Indónesíu** stofnuðu sex félög lögfræðinga árið 1967 til starfsemi sem hefur það hlutverk að fjalla um kvartanir einstaklinga vegna meðferðar yfirvalda og þjóðfélagsins á málum þeirra.

Í **Írska lýðveldinu** stendur til að stofna embætti umboðsmanns.

Í **Ísrael** hefur eftirlitsmaður ríkisins (State Controller) talið sig hafa vald til að fjalla um kvartanir á hendur stjórnvöldum. Nú er í undirbúningi lagasetning um umboðsmann sem deild innan embættis eftirlitsmanns ríkisins. Borgirnar Jerúsalem og Tel Aviv hafa umboðsmenn.

Í **Malasíu** var árið 1958 sett á laggir stofnun til baráttu gegn spillingu (Anti Corruption Agency) sem deild í forsætisráðuneytinu. Er hún talin gegna að nokkru leyti sama hlutverki og umboðsmaður mundi gegna.

Í **Niðurlöndum** lagði hollenska ríkisstjórnin fyrir þjóðþingið frumvarp til laga um umboðsmann sem þingið skyldi ráða til starfa. Í því er gert ráð fyrir að sérstök þingnefnd fjalli um kvartanir áður en þeim er vísað til umboðsmanns.

Í **Bandaríkjum Norður-Ameríku** verður víða vart áhuga á umboðsmannstilhöguninni. Hafa bæði verið lögð fram frumvörp til alríkislaga og til laga innan sambandsríkja um umboðsmann. Á Hawaii hefur starfað umboðsmaður frá árinu 1969. Sama ár var stofnuð staða umboðsmanns í Oregon-ríki. Einnig hafa komið fram frumvörp um umboðsmann í New York borg, Philadelphia, Minneapolis og öðrum borgum.

Umboðsmannstilhögunin í hnotskurn.

Hér í upphafi má nefna helstu einkenni umboðsmanns.

Hann:

1. Starfar í þágu þegna þjóðfélagsins og auðveldar þjóðþingi að veita stjórnarvöldum aðhald.

2. Er sjálfstæður bæði gagnvart stjórnarvöldum framkvæmdarvalds og þjóðþingi um úrlausn einstakra mála.
3. Nýtur virðingar og áhrifa sakir sjálfstæðis, hlutleysis, mikillar þekkingar og sanngirni.
4. Tekur við kvörtunum út af rangindum stjórnarvalda eða á sjálfur frumkvæði að könnun á atferli stjórnarvalda.
5. Rannsakar mál á hlutlausan hátt, aflar skjala og vitneskju með skýrslum stjórnarvalda og einstaklinga.
6. Viðhefur málsmeðferð sem er skjótvirk, einföld og kostnaðarlítil.
7. Hefur ekki vald til að ákveða viðurlög við misgerðum. Í Svíþjóð og Finnlandi eru umboðsmenn þó saksóknarar. Hann hefur ekki heldur vald til að afturkalla, ógilda eða breyta stjórnsýslugerningum. Aðaltæki hans eru álitsgerðir.
8. Gefur víðast hvar árlega skýrslu um starfsemi sína. Er hún prentuð og birt opinberlega.
9. Gefur kvartanda skýringu ef hann vísar kvörtun frá með því að hún er utan verksviðs hans eða ekki á rökum reist.
10. Hefur rétt til að skoða skrifstofur, dvalarheimili, fangelsi o.s.frv. til almenns aðhalds eða til rannsóknar einstakra mála.
11. Er til aðstoðar hverjum og einum þegn sem til hans vill leita. Ekkert kostar að bera fram kvörtun við umboðsmann. Kvartandi skal ekki þurfa að útvega sér aðstoð lögfræðings á eigin kostnað. Umboðsmaður fylgir máli hans fram með nægilegum hraða.
12. Er almennt athugull um hvort ekki sé einhvers staðar að finna brotalamir eða ósamræmi í lögum eða reglugerðum og gerir tillögur til endurbóta.

Áhrif lífsháttа vorra tíma á réttaröryggi þegna.

Þjóðfélagsþegnar hlutu margvísleg mannréttindi gagnvart valdhöfum þegar hin frjálslegu stjórnlög voru sett víða í Norðurálfu á 19. öld. Þá skaut sú regla rótum að yfirvöld gætu ekkert aðhafst án lagaheimildar. Hér var endurborin gamla reglan: „Með lögum skal land byggja ...“. Meginregla þessi er uppistaðan í hugmyndum um réttarríkið.

Á allra síðustu árum verður mönnum þó öllu fremur tíðrætt um velferðarríkið. Og um leið og allt kapp er lagt á að hrinda í framkvæmd hugmyndum um velferðarríkið, tefla menn stundum í tvísýnu þeim verðmætum sem réttarríkinu eru tengd.

Umfangsmikil félagsmála- og efnahagslöggjöf vorra tíma nær ekki fram að ganga nema með víðtækum afskiptum yfirvalda af gerðum þegna. Venjulega er afskiptum þannig hagað að réttindi og skyldur stofnast með opinberum stjórnsýslugerningi. Efni hans ákveður stjórnarvald með meira eða minna frjálsu mati. Á þennan hátt er fólk í fjölda mörgum atriðum orðið háð ákvörðunum opinberra sýslunarmanna.

Mistök eru förunautar athafna. Gildir þar einu hverjar þær eru og hver á í hlut. Opinbera sýslunarmenn henda mistök eins og aðra. Og þótt vandað sé til tekst val þeirra misvel.

Vitaskuld er réttaröryggi þegna þjóðfélagsins hætta búin af auknu valdi og sýslu opinberra starfsmanna. Þegar mál manna eru komin í hendur annarra er hætt við að umhyggjan verði ekki söm og áður. Starf umboðsmanna erlendis sýnir langan lista alls kyns kvartana og ásakana á hendur opinberum starfsmönnum og stjórnarvöldum. Kvartanir beinast gegn mistökum eða vanrækslu, einföldustu pennaglöpum, yfirsjónum, skeytingarleysi, ófullnægjandi könnun máls, ósanngirni, skorti á nærgætni, hrottaskap, seinagangi og töfum, hlutdrægni og mannamun, vanrækslu á að gera viðvart, skilningsleysi, handahófi og gerræði, hroka, sleifarlagi, röngum og ófullnægjandi forsendum ákvörðunar, kúgun, lögbrotum, misnotkun valds og hvers konar ranglæti.

Varnaglar réttar- og stjórnkerfisins til tryggingar góðri stjórnsýslu voru flestir slegnir þegar fyrirferð almannavaldsins var ólíkt minni en nú gerist. Gera verður allt sem unnt er til að tryggja réttarstöðu þegna sem best gagnvart stjórnarvöldum. Því er nú horfið að því ráði hér á Íslandi að leggja frumvarp fyrir Alþingi um embætti umboðsmanns Alþingis.

Hvernig hefur góð stjórnsýsla og réttarstaða þegnanna verið tryggð hingað til?

Fjölmörg atriði í löggjöf og þjóðfélagsskipulagi eiga að tryggja góða stjórnsýslu og jafnframt réttarstöðu þegna gagnvart opinberum stjórnarvöldum. Má raða þessum atriðum saman í eins konar „tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu“. Skal hér vikið að helstu atriðum:

A. Eftirlit.

Í stjórnkerfi hins opinbera fer fram eftirlit yfirmanna með undirmönnum.

Enn fremur starfa ýmsar stofnanir eða sýslunarmenn til eftirlits á vissum sviðum. Skulu þess nefnd dæmi:

1. Sameinað þing kýs þrjá yfirskoðunarmenn til að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og til að gæta þess hvort tekjur landsins séu allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar, sbr. 43. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.
2. Ríkisendurskoðandi hefur yfirstjórn sérstakrar stofnunar, sem yfirfara skal bókhaldslega alla reikninga ríkisins og ríkisstofnana, sbr. lög nr. 61/1931.
3. Félagsmálaráðuneytið hefur auk þess eftirlit með sveitarstjórnum, sbr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar á meðal fjárreiðum þeirra, sbr. lög nr. 58/1961. Sýslunefndir fylgjast og með fjárreiðum hreppsnefnda, sbr. 2. mgr. 58. gr. nefndra laga.
4. Ýmsar stofnanir eru starfandi á vegum ríkisins til almenns eftirlits á vissum sviðum, eins og t.d. heilbrigðiseftirlit, brunavarnaeftirlit, rafmagnseftirlit o.s.frv. Tekur eftirlit þetta til ríkisstofnana sem annarra aðila í þjóðfélaginu.

B. Viðurlög.

1. Opinberir starfsmenn bera refsiábyrgð á mistökum og vanrækslu í starfi. Í XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er lögð refsing við ýmiss konar brotum í opinberu starfi. Þar er m.a. um að ræða ýmiss konar misgjörðir opinberra starfsmanna í skiptum þeirra við almenning.
2. Opinberir starfsmenn bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir kunna að valda í sýslu sinni eftir almennum skaðabótareglum.
3. Ráðherrar bera bæði refsi- og skaðabótaábyrgð samkvæmt sérstökum lögum um ráðherraábyrgð, sbr. lög nr. 4/1963. Í þeim málum dæmir Landsdómur, sbr. lög nr. 3 1963.
4. Starfsmenn ríkisins kunna að sæta viðurlögum yfirmanna sinna. Veita má áminningu vegna yfirsjóna og vanrækslu í ögunarskyni, sbr. 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur má veita starfsmanni lausn frá starfi ef hann vanrækir starf sitt eða á annan hátt brýtur starfsskyldur sínar, sbr. III. kafla laga nr. 38 1954. Starfsmaður, sem brotlegur gerist, kann með dómi að verða sviptur rétti til að gegna stöðunni, sbr. 12. gr. laga nr. 38/1954.

C. Málskot.

1. Einstaklingi, sem vill ekki sætta sig við ákvörðun stjórnarvalds í máli sínu, er almennt talið heimilt að skjóta ágreiningnum til æðra stjórnarvalds til úrskurðar. Stundum eru skýr ákvæði í lögum um slíka stjórnlega kæru en það er alls ekki alltaf.
2. Enn fremur er jafnan heimilt hér á landi að bera ágreining við stjórnarvöld undir dómstóla nema ágreiningur sé skilinn undan lögsögu dómstóla með fortakslausu ákvæði í settum lögum, sbr. m. a. 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33/1944.

   Að jafnaði er það ekki nauðsynlegt að maður hafi notað heimild sína til að skjóta máli til æðra stjórnarvalds áður en hann freistar þess að rétta hlut sinn með dómsúrskurði, sbr. ritið „Stjórnarfarsréttur“ eftir Ólaf Jóhannesson, á bls. 321.

D. Reglur um málsmeðferð.

Í lögum og reglugerðum um stjórnsýslu eru víða reglur um hverri meðferð mál skuli sæta. Markmiðið er að stuðla að svo vandaðri málsmeðferð að ákvörðun verði ekki tekin á grundvelli ófullnægjandi eða rangra forsendna.

E. Aðhald þjóðþingsins.

Alþingi veitir stjórnarvöldum aðhald. Ríkisstjórn og ráðherrar bera ábyrgð gagnvart Alþingi á því að sýslunarmönnum framkvæmdarvaldsins fari starfið vel úr hendi. Ríkisstjórn og einstakir ráðherrar eru af eðlilegum ástæðum undir vökulli gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðu.

Sem ein þriggja megingreina ríkisvaldsins hefur Alþingi það hlutverk að halda framkvæmdavaldinu í skefjum, sbr. m. a. 2. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33 1944. Að baki er sú hugsun að þannig megi forðast ofvöxt valds og yfirtroðslur gagnvart þegnum þjóðfélagsins.

Þjóðþing hafa hönd í bagga með framkvæmdarvaldi á ýmsan hátt:

1. Samkvæmt þingræðisreglunni verða ríkisstjórnir og einstakir ráðherrar að beygja sig fyrir samþykktum þjóðþings í meginstefnumálum. Ríkisstjórn, sem ekki nýtur stuðnings þingmeirihlutans, skal fara frá völdum. Þingræðisreglan gildir í aðalatriðum hér á landi.
2. Stjórnarvöld mega ekki hafast að nema með fullkominni lagaheimild, hvort heldur er að ræða um boð, bönn eða aðra íhlutun.
3. Þjóðþing kýs stjórnir, ráð og nefndir innan stjórnkerfis framkvæmdarvalds, sbr. t.d. hér á landi kjör Alþingis í menntamálaráð, útvarpsráð, húsnæðismálastjórn, stjórn Seðlabanka og annarra ríkisbanka og sjóða.
4. Ríkisstjórn eða einstökum ráðherrum er stundum skylt að hafa samráð við þingnefndir um vissa málaflokka, sbr. t. d. hér á landi 16. gr. laga nr. 61/1958 og 5. gr. laga nr. 54 1972 um utanríkismálanefnd. (Nú l. nr. 52/1985, 15. gr.)
5. Þingmenn hafa það hlutverk að gagnrýna gerðir framkvæmdarvaldshafa. Einstakir þingmenn eiga þess kost að beina fyrirspurnum til ráðherra og krefja þá sagna um gerðir sínar og sinna undirmanna í stjórnsýslu, sbr. hér á landi 31. gr. laga nr. 115/1936 um þingsköp Alþingis og 10. gr. laga nr. 54/1972, sbr. og 9. gr. sömu laga um ráðherraskýrslur. (Nú l. nr. 52/1985, 29.–31. gr.)

Varnaglarnir halda ekki lengur?

Það tryggingarkerfi góðrar stjórnsýslu, sem vér búum við og nú var greint frá, þykir ekki duga nógsamlega. Svo mjög hafa völd og umsvif stjórnarvalda aukist.

1. Málskot til æðra stjórnarvalds hefur að líkindum veitt þegnum virkasta vernd gegn röngum stjórnsýslugerningum fram til þessa. Kæruleið þessi er ekki flókin og kostar ekki mikið fé. Dómstólaleiðin er hins vegar venjulega bæði dýr og seinfarin svo að hún vex fólki í augum.

   En annmarki kæruleiðarinnar er sá að æðra stjórnarvald lendir iðulega í aðiljaaðstöðu vísvitandi eða óafvitandi. Því hættir til að leggjast á sveif með lægra settu stjórnarvaldi sem á í deilu við þegn.
2. Valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds hefur jafnframt raskast frá því sem áður var.
   a. Áður höfðu þingmenn góða innsýn í verkefni hins einfalda stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Þá veitti gagnrýni þeirra valdhöfum við stjórnsýslu mikið aðhald. Nú verður ekki ávallt sagt að svo sé. Ráðherrar bera að formi til ábyrgð á gerðum embættismanna sem vinna að sérhæfðum verkefnum. En embættismennirnir bera sjálfir hina raunverulegu ábyrgð. Fyrirspurnum þingmanna getur ráðherra oft ekki

svarað nema með því að endurtaka orð embættismanna eða að leggja fram sérfræðilegar skýrslur þeirra. Á skýrslum, sem lagðar eru fram, er oft sérfræðilegt málfar og röksemdaleiðsla sem erfitt er að hrekja með almennum rökum. Þetta bil til sérfræðanna veldur því iðulega að gagnrýni þingmanna hittir ekki í mark. Á móti þessu er m.a. reynt að vega með sérfræðilegri aðstoð við þingflokka, sbr. lög nr. 56/1971.

b. Frumkvæði stjórnmálalegrar leiðsögu er á síðustu árum að miklu leyti komið úr höndum þjóðþings til ríkisstjórnar og sérfræðinga framkvæmdarvalds. Þingmenn anna ekki sakir tíma- og sérþekkingarskorts hinum flóknu og fjölbreytilegu verkefnum lagasetningar nú á tímum.

Ríkisstjórnir fá ekki stjórnað svo að lag sé á nema þær geti stuðst við öruggan þingmeirihluta. Ef þingið synjar stefnumálum ríkisstjórnar samþykkis getur það haft miklu víðtækari afleiðingar en áður var. Þess vegna m.a. hefur flokksagi farið vaxandi. Verða þingmenn að beygja sig fyrir honum ef vinna á skipulega. Í reynd er framvinda þessi takmörkun á þingræðisreglunni.

Í æ ríkara mæli er jafnframt gripið til þess ráðs að framselja sérhæfðum stjórnarvöldum með víðtækum heimildarlögum vald til að setja reglugerðir sem eru löggjafareðlis. Á hverju einstöku sérsviði stjórnsýslu þarf oftast nær að marka sérstaka stjórnarstefnu. Fá sérfræðingar með þessum hætti í reynd stjórnmálalegt, stefnumarkandi vald.

Endurbót á stjórnkerfinu: Umboðsmaður Alþingis.

Skipulag ríkis og sveitarfélaga hefur gengið úr fyrri böndum með ýmsum hætti eins og á hefur verið drepið hér að framan. Umboðsmanni Alþingis er ætlað að ráða bót á agnúum er af hafa hlotist.

1. Umboðsmaður Alþingis stendur utan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga sem sjálfstæður og hlutlaus aðili. Hann fjallar um þau mál, sem fólk ber undir hann, þegar því þykir stjórnarvald hafa gengið á hlut sinn. Þannig á umboðsmaður að geta orðið hlífiskjöldur lítilmagnans, þegnsins, gegn mistökum, vanrækslu og öðrum rangindum frá hendi stjórnarvalda. Hann rannsakar mál og segir álit sitt. Þetta gerir hann fólki að kostnaðarlausu og með sem skjótustum hætti. Hann kannar mál með hlutlausum hætti og verður því ekki „málflytjandi almennings“ gegn stjórnarvöldum. Fyrir þá sök eru stjórnarvöld líklegri til að virða álit hans. Hlutleysis og sjálfstæðis skal umboðsmaður gæta ekki aðeins gagnvart þegn og stjórnarvaldi heldur einnig gagnvart Alþingi. Gildir þar einu þótt umboðsmaður sé trúnaðarmaður Alþingis. Það skal ekki hafa áhrif á afgreiðslu hans á einstökum málum. Á hinn bóginn verður umboðsmaður vitaskuld að fara eftir ákvæðum laga um umboðsmann og ákvæðum reglugerðar sem sameinað þing kann að setja um starfsemi hans.
2. Umboðsmaður auðveldar Alþingi að veita stjórnarvöldum aðhald. Hann kemur fram sem trúnaðarmaður Alþingis í heild, en hvorki stjórnarliðs né stjórnarandstöðu sérstaklega. Samstaða þingmeirihluta og ríkisstjórnar leggur hömlur á þingmenn meiri hlutans svo að þeir eru jafnan ekki skeleggir í gagnrýni á gerðir framkvæmdarvalds. Þeir vilja ekki koma ríkisstjórn í vandræði. Á hinn bóginn freista þingmenn í stjórnarandstöðu þess að nota fyrirspurnir til ráðherra út í æsar í baráttu sinni. En eins og drepið hefur verið á eiga þeir iðulega óhægt um vik. Stjórnarvöld skipa sér gjarnan í varnarstöðu. Umboðsmaður er allt öðruvísi settur. Hann hefur víðtækar heimildir til að krefjast vitneskju frá stjórnarvöldum með skýrslugjöf og framlagningu skjala. Og hann á ekki á hættu tortryggni stjórnarvalda með sama hætti og þingmenn. Umboðsmaður hefur þjálfuðu starfsliði á að skipa til málskönnunar. Að lokinni gagnasöfnun er aðstaða hans ólíkt betri en þingmanna til að leggja dóm á gerðir stjórnarvalds. Þannig verður

umboðsmaður nýr þáttur í valdajafnvægi þjóðþings og framkvæmdarvalds. Starf hans getur og orðið til að létta tímafrekum erindrekstri af þingmönnum. Kjósandi beiðist þess ef til vill að þingmaður greiði götu sína gagnvart stjórnarvaldi. Þingmaður á óhægt með að skorast undan þótt hann þekki málavexti aðeins eins og kjósandi lýsir þeim. Fyrir áhrif þingmanns afgreiðir stjórnarvald ef til vill málið þótt það telji kjósanda eiga vafasaman rétt til þess. Ef umboðsmaður er til staðar getur þingmaður vísað kjósanda til umboðsmanns með slík mál sem áður hafa mætt tregðu frá hendi stjórnarvalds. Þar fær málið hlutlausa afgreiðslu.

3. Alþingi kýs umboðsmann sem trúnaðarmann sinn. Honum er þannig skipaður sess utan stjórnkerfis framkvæmdarvalds. Og tengsl hans við Alþingi eru til þess fallin að auka honum álit og veita orðum hans mikið vægi. Staða umboðsmanns stendur og fellur með því áliti sem hann nýtur því að hann hefur ekki vald til að knýja fram vilja sinn og skoðun. Til starfsins þurfa því að veljast menn sem almennrar viðurkenningar njóta. Umboðsmaður þarf að vera þeim kostum búinn sem krafist er af hæstaréttardómurum. Lögfræðikunnátta er þar ómissandi.
4. Umboðsmaður tekur mál til meðferðar, þ.e. gagnaöflunar og rannsóknar, eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Kvörtun getur hver og einn borið fram sem telur stjórnarvald hafa beitt sig rangindum. Að sjálfs sín frumkvæði tekur umboðsmaður mál til meðferðar ef honum þykir tilefni til, t.d. ef í dagblöðum er sneitt óþyrmilega að stjórnarvaldi.
5. Þá er kvörtun berst umboðsmanni tekur hann hana fyrst til frumkönnunar. Kemur þá oft í ljós að kvörtun er augljóslega ekki á rökum reist eða fellur utan verkahrings umboðsmanns. Vísar umboðsmaður henni þá þegar í stað frá með skýringu sinni. Ef kvörtun fellur hins vegar innan verkahrings umboðsmanns og hefur hugsanlega við rök að styðjast tekur hann hana til meðferðar. Hann aflar allra tiltækra gagna frá stjórnarvaldi og þegn, svo sem skjala og skýrslna. Að lokinni rannsókn máls segir umboðsmaður álit sitt eftir því sem honum þykir við eiga. Hann gefur ráð og leiðbeiningar. Hann gagnrýnir. Álit hans getur beinst að hverju því sem ábótavant þykir í stjórnsýslu, sbr. nánar hér á eftir um 12. gr. frv. Er einkar mikilvægt að umboðsmaður hafi rétt og skyldu til að segja álit sitt á öllum þáttum samskipta þegns og stjórnarvalds. Kvartanir fólks eru tíðum á þann veg að stjórnarvald hafi að vísu ekki gengið í berhögg við bókstaf laga en þó farið ranglega með vald sitt, skort sanngirni, nærgætni o.s.frv.
6. Stjórnarvöldum er í sjálfsvald sett hvort þau fara eftir álitsgerðum umboðsmanns Alþingis. Honum er ekki ætlað að leggja hönd á sjálfa stjórnsýsluna. Hann stendur utan hennar. En álit hans, þekking, sanngirni og hlutleysi munu væntanlega vega svo þungt að oftast nær taki stjórnarvald orð hans til greina. Sú hefur raunin orðið í Danmörku og Noregi, þar sem þessi háttur er hafður á valdi umboðsmanns.
7. Umboðsmaður kemur ekki til skjalanna fyrr en eftir á. Starf hans á ekki að stuðla að auknu umstangi í stjórnsýslu. Hann getur m.a. leiðbeint í því efni. Hann á ekki heldur að draga úr einurð stjórnarvalda. Í starfi sínu þarf hann að vega hvora gegn annarri, þörfina á vönduðum undirbúningi ákvörðunar eða athafnar, og þörfina á skilvirkni og framkvæmdarhraða. Norrænir umboðsmenn gagnrýna oft seinagang stjórnarvalda við afgreiðslu mála.
8. Umboðsmaður getur fjallað um tiltekin vinnubrögð eða ástand í stjórnsýslu sem kann að snerta marga aðila og fjölda mála samtímis. Í því efni getur hann gert tillögur um endurbætur á lögum eða reglugerðum ef honum þykir þar gæta ósamræmis, ranglætis eða annarra meinbuga, sbr. 13. gr. frv.
9. Umboðsmaður fjallar um nær alla stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Vissar takmarkanir eru þó gerðar á verksviði hans:

a. Alþingi er skilið undan verksviðinu. Umboðsmaður stendur ekki utan Alþingis heldur starfar á vegum þess og er trúnaðarmaður þess. Alþingi hefur sárasjaldan á hendi stjórnsýslu, heldur gegnir aðallega löggjafarhlutverki og veitir stjórnarvöldum aðhald eins og áður greinir. Af þessum ástæðum þykir rétt að umboðsmaður skipti sér ekki af gerðum Alþingis, hvorki gerðum þingmanna né skrifstofu Alþingis.
b. Umboðsmaður fjallar ekki um dómsathafnir. Ef embætti fylgja bæði dómsathafnir og stjórnsýsla getur umboðsmaður fjallað um stjórnsýslugerningana. Ef umboðsmanni þykir mikils um vert að fá úrlausn dómstóla um tiltekin vafaatriði í lögum getur hann leiðbeint í því efni og mælt með því við dómsmálaráðuneyti að það veiti gjafsóknarleyfi.
c. Umboðsmaður fjallar ekki um trúarkenningar þjóðkirkjunnar enda er þar ekki um stjórnsýslu að ræða.
d. Að öðru leyti ber alla stjórnsýslu ríkisins undir verksvið umboðsmanns, þar á meðal stjórnsýslu ríkisstjórnar og ráðherra. Stjórnsýslustörf ríkisstjórnar og ráðherra eru í reynd að jafnaði unnin af embættismönnum. Álitsgerðir umboðsmanns beinast því raunverulega gegn embættismönnum þótt stjórnsýslugerningur sé gerður í nafni ráðherra eða ríkisstjórnar. Starfsemi umboðsmanns hefur ekki í för með sér neina takmörkun á stjórnmálalegri og stjórnskipulegri ábyrgð ríkisstjórnar eða ráðherra gagnvart Alþingi. Undir verksvið umboðsmanns ber alla stjórnsýslu opinberra sýslunarmanna þótt þeir séu aðeins kjörnir til starfans um skamman tíma eða gegni honum sem algjöru aukastarfi.
e. Nokkrar takmarkanir eru hins vegar gerðar á afskiptum umboðsmanns af stjórnsýslu sveitarstjórna. Til meðferðar með venjulegum hætti tekur hann ákvarðanir sveitarstjórnarvalds sem sætt geta málskoti til yfirvalds á vegum ríkisins. Hins vegar tekur hann eingöngu að sjálfs sín frumkvæði til meðferðar stjórnsýslu þjóðkjörinna sveitarstjórna ef hann telur sjónarmið réttaröryggis eða aðrar sérstakar ástæður liggja til, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Stutt sögudrög.

Til fróðleiks skal hér stuttlega rekja sögu umboðsmanna í Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

A. Svíþjóð.

Árið 1809 settu Svíar sér ný stjórnlög. Gætti þar sjónarmiða valdskiptingarkenningarinnar. Ríkisþingið gat ekki samkvæmt þeim lögum haft afskipti af ákvörðunum konungs og framkvæmd laga. Til að vega upp á móti afskiptaleysi þessu átti umboðsmaður Ríkisþingsins (Riksdagens Justitieombudsman eða JO), sem nú kom til skjalanna að gæta þess að konungsvaldið seildist ekki út fyrir vébönd sín með ólöglegum athöfnum undirmanna konungs við stjórnsýslu.

Öðrum þræði höfðu menn og í huga að umboðsmaður gæti treyst réttaröryggi þegna gegn yfirtroðslum og gerræði frá hendi konungsmanna. Í reynd var umboðsmaður fyrst og fremst hlífiskjöldur þegna gagnvart stjórnarvöldum konungs því að þingræði komst á áður en langt um leið og fékk þá framkvæmdarvaldið aðhald frá Ríkisþinginu.

Samkvæmt 96. gr. sænsku stjórnlaganna skal umboðsmaður í umboði Ríkisþingsins hafa almenna umsjón með að dómendur og aðrir embættis- og starfsmenn ríkisins fari að lögum og öðrum fyrirmælum. Ef umboðsmaður verður áskynja ólöglegs athæfis í embættissýslu skal hann draga opinberan starfsmann til ábyrgðar fyrir dómstólum.

„Reglugerð fyrir umboðsmenn Ríkisþingsins“ var síðast gefin út 29. desember 1967. Þar segir í 2. mgr. 2. gr. m.a.:

„Umboðsmaður skal vera sérstakur saksóknari og höfða mál þegar einhver sem eftirliti hans sætir hefur í framkvæmd þjónustu sinnar brotið gegn lögum eða öðrum fyrirmælum eða á annan hátt vanrækt þjónustuskyldu sína.“

Þá segir enn fremur í 1. mgr. 2. gr.:

„Eftirlit sitt framkvæmir umboðsmaður með eftirlitsferðum, rannsókn og ákvörðunum, sem nauðsyn þykir bera til vegna þess sem fram hefur komið við athugun á eftirlitsferð, í kæru eða á annan hátt.“

Í 2. mgr. 3. gr. segir:

„Umboðsmaður skal þá fyrst og fremst grípa í taumana þegar réttaröryggi einstaklinga er skert eða teflt í hættu eða einhver hefur vanrækt þjónustuskyldu sína í eiginhagsmunaskyni, sakir manngreinarálits eða stórfellds skeytingarleysis.“

Embætti sænska umboðsmannsins var skipt árið 1915. Var þá sett á stofn sérstakt embætti fyrir hermál.

Verksvið sænska umboðsmannsins var rýmkað árið 1957. Upp frá því fjallaði hann einnig um stjórnsýslu sveitarfélaga. Allir, sem bera fulla embættisábyrgð, eru háðir eftirliti umboðsmanns.

Starfi umboðsmanns var skipt á milli þriggja manna árið 1968. Skipta þessir þrír menn með sér verkum en embættið er eitt eftir sem áður. Allir þrír bera þeir titilinn umboðsmaður og hver og einn þeirra starfar sem umboðsmaður.

Sænskri stjórnsýslu er um margt á annan veg farið en danskri og norskri. Sænskir ráðherrar eru ekki sjálfstæðir yfirmenn stjórnsýslu. Þeir hafa að jafnaði ekki úrskurðarvald. Og þeir geta ekki heldur skipað lægra settum stjórnarvöldum fyrir. Þátttaka í ríkisstjórn er þeirra höfuðhlutverk. Af þessari ástæðu tekur verksvið sænsku umboðsmannanna ekki til ráðherra.

Mestmegnis taka lægra sett stjórnarvöld stjórnsýsluákvarðanir í Svíþjóð. Æðri stjórnarvöld geta ekki gripið í taumana um úrlausn einstakra mála og ekki heldur sett almennar starfsreglur. Sá starfsmaður ríkisins, sem um mál fjallar, tekur að jafnaði ákvörðun á eigin ábyrgð. Og ekki er heldur um að ræða fyrirspurnir á Ríkisþinginu frá þingmönnum til ráðherra, er veitt geti stjórnarvöldum aðhald.

Réttmæti stjórnsýslugerninga má í Svíþjóð fá kannað með kæru („besvär“). Fer mál annaðhvort til fullnaðarúrskurðar yfirvalds eða til stjórnsýsludómstólsins („Regerings rätten“).

Þess er þó getandi að láta má reyna á lögmæti stjórnsýslugernings fyrir almennum dómstólum með því að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmanni. Stjórnsýslugerningi verður að vísu ekki haggað með dómi í því máli. En sé þar staðfest að starfsmaður hafi gerst sekur um mistök eða vanrækslu dæmist hann til refsingar og skaðabóta. Sænskir ríkisstarfsmenn bera ríka refsiábyrgð á starfi sínu. Samkvæmt refsilögum getur starfsmaður bakað sér ábyrgð sakir „vanrækslu, skilningsskorts eða gáleysis“. Sakamál á hendur sænskum ríkisstarfsmönnum eru alls ekki fátíð. Og það eru einmitt sænsku umboðsmennirnir sem hafa það hlutverk að höfða sakamál á hendur opinberum starfsmönnum.

Jafnframt umboðsmönnunum hefur réttarkanslarinn (Justitiekanslern eða JK) það hlutverk að líta eftir því hvort opinberir starfsmenn rækja skyldu sína. Hann er hinn eiginlegi saksóknari ríkisins. En Akkilesarhæll hans er að hann er maður ríkisstjórnarinnar. Það er því talið treysta mjög tilfinningu manna fyrir réttaröryggi og tiltrú almennings til opinberrar stjórnsýslu að einnig má leita til umboðsmanns sem er með öllu óháður ríkisstjórninni og þar með stjórnarvöldum.

Sænsku umboðsmennirnir geta átt sjálfir frumkvæði að rannsókn mála. Tilefni finnast í fjölmiðlum og við athugun á eftirlitsferðum. Til eftirlitsferðar þykir hæfilegt að umboðsmaður verji 4–5 vikum á ári hverju. Embætti ríkis og sveitarfélaga úti á landsbyggðinni eru sótt

heim, þar er skoðaður allur rekstur og aðbúnaður og sýnishorn tekin úr bókum. Helst verða fyrir valinu dómstólar, lögregla, fangelsi, saksóknarar og lénsstjórnir.

Sumir umboðsmenn hafa gefið dómstólum talsverðan gaum en vitaskuld er stjórnsýsla framkvæmdarvaldsins aðalverkefnið.

Sænsku umboðsmennirnir hafa ýmis önnur verkefni lögum samkvæmt. Ef Ríkisþingið afræður að höfða landsréttarmál á hendur ráðherra skal umboðsmaður vera sækjandi. Sjálfur getur umboðsmaður einnig átt frumkvæði að slíku máli.

Hver og einn þegn eða félagsskapur þegna getur kært mál til umboðsmanns í Svíþjóð. Hann rannsakar málið. Á hann þá heimtingu á að stjórnarvöld láti honum í té öll nauðsynleg gögn.

Samkvæmt orðum reglugerðar um starfsemi umboðsmanns hefur umboðsmaður ekki vald til ögunar né fyriskipana gagnvart stjórnarvöldum. Hlutverk hans er samkvæmt reglugerðinni að höfða sakamál. En í reynd framkvæmir umboðsmaður drjúgan þátt starfs síns án þess að fara með mál fyrir dómstóla.

Á eftirlitsferðum gefst umboðsmanni tækifæri til að gefa opinberum starfsmönnum ráð og leiðbeiningar. Og verði umboðsmaður var við mistök stjórnarvalds getur hann látið við það sitja að benda stjórnarvaldi á mistök. Ef um er að ræða túlkun á lögum getur umboðsmaður látið málsókn farast fyrir að því tilskildu að starfsmaður fallist skýlaust á lögskýringu hans og heiti því að fara eftir henni framvegis. Ef einhver hefur beðið tjón af völdum opinbers starfsmanns getur umboðsmaður látið saksókn velta á því hvort tjón er bætt. Það meginsjónarmið hefur orðið ofan á að umboðsmaður höfðar ekki sakamál nema nauðsynlegt teljist sakir réttaröryggis. Þá er ekki höfuðmarkmiðið að fá opinberan starfsmann dæmdan, heldur hitt að fá staðfest með dómi hvað sé rétt túlkun laga eða rétt beiting hins frjálsa mats.

Sænsku umboðsmennirnir fjalla aðallega um lagaleg atriði stjórnsýslunnar og stundum einnig um hrein matsatriði hennar. Umboðsmaðurinn Bertil Wennergren segir í bæklingi sínum „JO-riksdagens ombudsmän“ m.a. um grundvallarreglur laga:

„Meðal almennra grundvallarreglna réttarins, sem umboðsmaður skal hafa vakandi auga með að virtar séu, þykir hér hlýða að nefna sérstaklega lagaheimildarregluna (legalitetsprincip: engin íhlutun án lagastoðar), hlutlægnisregluna (objektivitetsprincip: sams konar tilvik skulu sæta sams konar meðferð) og hlutleysisregluna (þess skal gæta að halla ekki máli). Umboðsmaður beitir enn fremur oft þurftarreglunni og hlutfallsreglunni sem svo má kalla. Reynir einkanlega á gildi þeirra þegar um er að ræða mál lögreglu og saksóknara, heilsu- og náttúruverndar, barnaverndar og bindindis en jafnframt í málum um herskyldu og aðbúð nemenda. Með þurftarreglu er átt við að íhlutun skal ekki eiga sér stað nema á knýi raunveruleg, brýn þörf. Hlutfallsreglan felur í sér að íhlutun að því er varðar tegund, stærð og varanleik skal standa í sanngjörnu hlutfalli við markmið sitt (ekki meiri íhlutun en nauðsyn krefur).“

Orð sænska umboðsmannsins þykja gefa nokkra innsýn í hvaða meginreglur Svíar telja máli skipta í stjórnsýslu.

Umboðsmenn gefa Ríkisþinginu skýrslu. Hún er prentuð og gefin út opinberlega í ítarlegu máli. Þar segir frá höfðuðum dómsmálum og ýmsu öðru, svo sem álitsgerðum umboðsmanna, og því sem þeir telja til almennra gagnsmuna.

Fjörtíu og átta kjörmenn Ríkisþingsins kjósa umboðsmennina til fjögurra ára í senn. Sá sem kosinn er skal vera kunnur fyrir lögþekkingu sína og einstaka ráðvendni. Oftast eru það dómarar sem kosningu hljóta en stundum málflutningsmenn eða háskólakennarar. Viðurkennt er að embætti umboðsmanns stendur og fellur með áliti þeirra sem það hafa á hendi. Þess vegna er rík áhersla lögð á að fá sem mikilhæfasta menn til starfsins.

B. Danmörk.

Danskur umboðsmaður hefur starfað frá árinu 1954. Þegar eftir síðari heimsstyrjöld var í Danmörku vakin athygli á að umboðsmannsfyrirkomulag Svía væri eftirbreytnivert. Sérstakri nefnd hafði verið falið árið 1946 að endurskoða stjórnarskrána. M.a. fjallaði hún um lögfestingu umboðsmannstilhögunar þegar hún kannaði hvernig stjórnarvöldum yrði veitt aðhald. Á þessum árum uxu mjög verkefni danskrar stjórnsýslu.

Niðurstaða stjórnarskrárnefndarinnar var að taka bæri upp sænska fyrirkomulagið að breyttu breytanda. Í nýju stjórnarskránni sem gekk í gildi árið 1953 var tekið ákvæði þess efnis að þjóðþingið skyldi kjósa einn eða tvo menn til umboðsmannsstarfs gagnvart starfsmönnum framkvæmdarvaldsins.

Lög um umboðsmann Þjóðþingsins (Folketingets ombudsmand) voru sett árið 1954 og reglugerð um starfsemi umboðsmanns árið 1956. Þótt sænska umboðsmannsfyrirkomulagið væri haft að fyrirmynd þótti, eins og áður segir, þó nauðsyn bera til að aðlaga starfsháttu umboðsmanns að dönskum aðstæðum.

Danskir ráðherrar hafa sjálfstætt stjórnsýsluvald en það hafa sænskir starfsbræður þeirra ekki. Þeir geta gefið lægra settum stjórnarvöldum fyrirskipanir. Iðulega hafa þeir úrskurðarvald um málefni stjórnsýslu. Danska Þjóðþingið hefur meira vald en sænska Ríkisþingið til afskipta af stjórnsýslu. Þingmenn geta m.a. beint fyrirspurnum til ráðherra á þingi. Höfundar danska lagafrumvarpsins um umboðsmann voru þeirrar skoðunar að stjórnskipulegs og stjórnmálalegs aðhalds Þjóðþingsins gætti einungis í meiri háttar málum. Auk þess væri fátítt að ráðherrar bæru raunverulega ábyrgð á málum er ráðuneyti afgreiddu. Stjórnsýslugerningar yrðu að vísu til í nafni ráðherra og þeir bæru ábyrgð að formi til. En þeir fengju allt að einu ekki vitneskju um fjölda mála sem afgreidd væru í ráðuneytum þeirra. Því þótti einsýnt að verkahringur umboðsmanns ætti að taka til ráðherra að formi til. Á hinn bóginn var ekki talið ráðlegt að tefla sjálfstæði dómstóla í tvísýnu með afskiptum umboðsmanns. Sérstakur kærudómstóll fjallar í Danmörku um mál á hendur dómurum sakir dómaraverka. Öll embættissýsla dómstóla var undanskilin verksviði umboðsmanns.

Upphaflega fjallaði danski umboðsmaðurinn eingöngu um stjórnsýslu ríkisins. Prófessor Stephan Hurwitz, sem fyrst valdist til hins nýja umboðsmannsstarfs og ávann því mikinn hróður, lagði til að verksvið umboðsmanns yrði rýmkað svo að það tæki einnig til stjórnsýslu sveitarstjórnar. Var sú rýmkun gerð árið 1961 með vissum takmörkunum.

Umboðsmaður danska Þjóðþingsins tekur mál til meðferðar eftir kvörtun eða að sjálfs sín frumkvæði. Hann á heimtingu á skýrslum, skjölum og öðrum gögnum, þar á meðal vinnugögnum stjórnarvalds. Hann rannsakar mál með svipuðum hætti og sænski umboðsmaðurinn. Ef fram er komin kvörtun biður hann um skýringar, á víxl frá kvartanda og stjórnarvaldi.

Umboðsmaður er ekki saksóknari. En hann getur lagt fyrir saksóknara ríkisins að höfða opinbert mál. Þessarar heimildar mun danski umboðsmaðurinn þó ekki hafa neytt heldur haldið sig við að segja álit sitt á máli. Jafnan hefur verið farið eftir álitsgerðum hans.

Umboðsmaður getur tekist á hendur eftirlitsferðir til embætta, fangelsa, dvalarheimila o.s.frv., en ekki er gert ráð fyrir slíkum ferðum sem föstum þætti í starfi hans eins og tíðkast í Svíþjóð.

Á árunum 1957–66 voru alls um 11 000 mál lögð fyrir danska umboðsmanninn. Þar af snertu 721 mál stjórnarvöld í sveitarfélögum eftir að umboðsmaður tók að fjalla um málefni þeirra árið 1962.

Venjulega hefur rannsókn leitt í ljós að ekki var ástæða til gagnrýni á hendur þeim opinberu sýslunarmönnum sem kvartað var undan. Í þessu felst ekki að kvartanir hafi verið ástæðulausar eða óskynsamlegar. Oft ber við að stjórnarvald greinir ekki ákvörðunarástæður sínar og þar eð kvartandi hefur ekki næga vitneskju um grundvöll ákvörðunar fær hann ekki skilið hana. Í allmörgum málum hefur umboðsmanni með því að skýra málið í

smáatriðum tekist að gera kvartanda skiljanlegt að meðferð máls og ákvörðun gáfu ekki tilefni til gagnrýni.

Af þeim málum, sem voru rannsökuð á árunum 1957–66, gáfu 456 mál tilefni til að gagnrýna stjórnarvald. Til viðbótar voru ráðleggingar gefnar stjórnarvöldum í 157 málum. 1808 mál, eða 75% þeirra mála er rannsökuð voru, gáfu ekki tilefni til aðgerða af hálfu umboðsmanns. Hlutfall þeirra mála, er gáfu tilefni til gagnrýni eða ráðlegginga, kann að þykja fremur lágt en hugfesta verður að almenn varnaðaráhrif umboðsmanns skipta jafnvel meira máli en þau einstöku mál sem árangur bera.

Danski umboðsmaðurinn hefur farið varlega í sakir þegar um er að ræða svokallað frjálst mat stjórnarvalds. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um starfsemi hans segir að umboðsmanni beri að athuga hvort nokkur maður sem verksvið hans tekur til, stefni að ólöglegu markmiði, taki handahófskenndar eða ósanngjarnar ákvarðanir eða á annan hátt gerist sekur um mistök eða vanrækslu við framkvæmd starfs síns. Ákvæði þessu beitir umboðsmaður með ýtrustu varúð. Hann gagnrýnir þá því aðeins ákvarðanir á sviði hins frjálsa mats þegar hann getur til stuðnings máli sínu skírskotað til kenninga sérfræðinga og hann getur bent á áreiðanlegar skjalfestar sannanir fyrir því að ákvörðun er handahófskennd eða óskynsamleg.

Alls kyns kvartanir berast umboðsmanni. Margar beinast gegn mismunun. Því er haldið fram að stjórnarvöld taki mismunandi ákvarðanir í sams konar málum. Oftast hefur rannsókn leitt í ljós að mál kvartanda er frábrugðið „sams konar“ máli í einhverju veigamiklu atriði. En þó hafa kvartanir í nokkrum slíkum málum haft við rök að styðjast. Skattyfirvöld hafa t.d. metið tvær sams konar íbúðir í sama fjölbýlishúsi mismunandi til skatts. Mismunandi auðvelt hefur verið eftir landshlutum að fá ökuleyfi að nýju eftir sviptingu þess sakir aksturs undir áhrifum áfengis. Umboðsmaður hefur lagt til að meira samræmi sé komið á þau mál. Í nokkrum málum hefur reynt á spurninguna hvort opinber sýslunarmaður sé vanhæfur til að hafast að, t.d. þátttaka prófessors í umræðum háskóladeildar um doktorsritgerð tengdasonar hans. Umboðsmaður benti háskólanum á mikilvægi reglna um vanhæfi og háskólinn setti síðan ítarlegar reglur um þátttöku kennara í meðferð mála þar sem frændur eða tengdafólk hefur hagsmuna að gæta. Tíðari eru þó kvartanir um vanhæfi þar sem opinber starfsmaður, sem áður hefur tekið þátt í meðferð máls, á aftur hlut að meðferð þess á málskotsstigi. Þannig hafa ýmsir ráðuneytisstjórar átt sæti í eða jafnvel verið formenn stjórnsýsludómstóla sem málum á þeirra stjórnsýslusviði er skotið til. Jafnvel þótt slíkt fyrirkomulag hafi við viss rök hallkvæmis að styðjast hefur umboðsmaður álitið það ganga svo í berhögg við undirstöðurök stjórnsýsludómstóla að hann hefur lagt til endurskoðun reglna á þessu sviði.

Umboðsmaður hefur fjallað um valdþurrð stjórnarvalda, t.d. hvort skólastjóra sé heimilt að segja starfsmanni upp án þess að leggja málið fyrir skólanefnd. Í allmörgum málum hefur umboðsmaður fjallað um hvort stjórnarvald hafi haft næga lagaheimild til að taka ákvörðun. Umboðsmaður kannaði þannig mál þar sem lögreglustjóri hafði bannað eiganda leigubifreiðar að leita eftir viðskiptavinum á leigubílastæði um mánaðarskeið af því að eigandi átti í deilu við nokkra starfsbræður sína. Niðurstaða umboðsmanns var að lögreglustjórinn hefði ekki haft næga lagaheimild til að banna eiganda leigubifreiðarinnar að nota stæðið. Í nokkrum málum hefur sú spurning verið lögð fyrir umboðsmann hvort gildandi lög veiti stjórnarvaldi heimild til að setja þegnum almennar reglur á tilteknu sviði. Iðulega hefur umboðsmaður tekið til meðferðar mál þar sem opinber starfsmaður hefur ekki farið eftir lögmætum reglum um málsmeðferð, t.d. þar sem lögregla hefur ekki virt reglur um handtöku og leit. Hann hefur sömuleiðis sagt álit sitt á málum þar sem stjórnarvald hefur látið undir höfuð leggjast að leiðbeina þegn um að honum sé heimilt að skjóta úrskurði til æðra stjórnarvalds. Margar kvartanir hafa snúist um seinagang við afgreiðslu mála og orðið umboðsmanni tilefni til gagnrýni. Hefur umboðsmaður m.a. rannsakað afgreiðsluhátt mála

á breiðum grundvelli í því skyni að finna nýjar aðferðir til að stytta afgreiðslutímann. Árangur slíkra almennra rannsókna hefur jafnan verið ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda um endurbætur. M.a. hefur hann bent stjórnarvöldum á gamla reglugerð fyrir stjórnarvöld sem kveður svo á að mál milli stjórnarvalda skuli sæta meðferð án skriffinnsku og án ónauðsynlegra millilíða og að allrar vitneskju skuli afla eftir beinni boðleið en ekki krókaleiðum. Þá hefur umboðsmaður gagnrýnt í nokkrum málum að stjórnarvald hefur ekki kannað mál nægilega áður en það tók ákvörðun.

Þjóðþingið kýs umboðsmann. Hann skal vera lögfræðingur og má ekki eiga sæti á þingi. Danir álíta árangur af umboðsmannsstarfinu velta á virðingu þess manns er embættinu gegnir.

C. Noregur.

Árið 1953 lagði stórþingsmaðurinn Lars Ramndal fram lagafrumvarp um umboðsmann fyrir Noreg sem hann hafði sjálfur samið. Frumvarpið hlaut ekki samþykki þingsins en lýðum varð ljóst að nýmæli þetta átti sér marga stuðningsmenn. Árið áður höfðu verið sett lög um umboðsmann fyrir hermál. Nokkrum árum síðar samþykkti Stórþingið frumvarp til laga um umboðsmann sem stjórnsýslunefnd þingsins hafði samið.

Umboðsmaður Stórþingsins hóf störf árið 1963. Meginröksemdin var að heppilegt væri að gefa fólki kost á stofnun þar sem það gæti sér að kostnaðarlausu fengið kvartanir sínar rannsakaðar á einfaldan hátt.

Fyrsti umboðsmaður Norðmanna, Andreas Schei, fyrrverandi hæstaréttardómari, er enn við störf.

Norsku umboðsmannslögin eru í aðalatriðum sniðin eftir dönsku lögunum. Þykir því ekki ástæða til að endurtaka þau hér í öllum atriðum.

Reglugerð um starfsemi umboðsmanns mælir svo fyrir að álíti hann kvörtun rakalausa skuli hvorki látið getið nafns kvartanda né opinbers starfsmanns eða stjórnarvalds. Í reynd hefur nafns ekki heldur verið getið þegar kvörtun hefur haft við rök að styðjast.

Í umræðum Stórþingsins um ársskýrslu umboðsmanns hefur komið fram almenn ánægja með umboðsmannsstarfið. Taka bæði stjórnarvöld og almenningur undir það. Og léttara þykir nú að hreyfa erindum við stjórnarvöld en áður.

Norski umboðsmaðurinn hefur á að skipa auk skrifstofufólks fjórum ráðunautum og skrifstofustjóra. Eru þeir allir lögfræðingar. Ráðunautar binda sig ekki við tiltekið málefnasvið.

Umboðsmaður les allar kvartanir og útdeilir til ráðunauta þeim kvörtunum sem ekki er vísað frá þegar í stað. Þeir rannsaka málið og leggja niðurstöður sínar fyrir umboðsmann. Hann leggur síðan síðustu hönd á verkið og gefur álitsgerð í eigin nafni.

Umboðsmanni er rétt að heimta allar nauðsynlegar skýrslur og skjöl af stjórnarvöldum. Þeim hefur þó ekki verið talið skylt að láta honum í té vinnugögn til undirbúnings ákvörðun. Umboðsmaður beiðist þó venjulega slíkra gagna enda geyma þau iðulega veigamikla vitneskju um ákvörðunarástæður. Árið 1967 gengu í gildi í Noregi lög um opinbera stjórnsýslu. Samkvæmt þeim skal stjórnarvald greina frá ákvörðunarástæðum að sjálfs sín frumkvæði eða eftir beiðni.

Að hætti starfsbróður í Danmörku getur norski umboðsmaðurinn ekki knúið stjórnarvöld til eins eða neins né heldur afturkallað stjórnsýslugerninga eða ógilt.

Á hinn bóginn getur hann ekki aðeins kannað lögmæti ákvörðunar heldur og þá spurningu hvernig frjálsu mati hefur verið beitt í ýmsum atriðum.

Umboðsmaður fjallar ekki um dómstóla, hvorki dómsathafnir né stjórnsýsluathafnir þeirra.

Árið 1967 tók norski umboðsmaðurinn við 1089 kvörtunum. Að sjálfs sín frumkvæði tók hann 14 mál til meðferðar. Um tveimur þriðju hlutum kvartana var strax vísað frá með

því að þær féllu utan valdsviðs umboðsmanns. Þar má geta kvartana á hendur dómstólum eða einstaklingum, kvartana í málum þar sem kvartandi hafði ekki notað kæruleið til æðra stjórnarvalds og kvartana sem augljóslega voru ekki á rökum reistar. Kvörtunum af þessu tagi fækkar ekki með árunum þótt starfsemi umboðsmanns verði æ kunnari með almenningi.

Árlega hafa um 300–400 mál þótt verðskulda rannsókn norska umboðsmannsins. Af þeim hafa um 250 mál verið látin niður falla með því ekkert athugavert þótti koma þar fram. Afgangurinn, um 100 mál, hefur borið árangur að nokkru eða öllu leyti. Stjórnarvöld hafa breytt ákvörðun sinni eða komist að samkomulagi við kvartanda í um það bil 50 málum árlega. Oftlega hefur riðið baggamuninn að umboðsmaður hefur bent á þungvæg málsatriði. Milli 50 og 100 mál hafa árlega í för með sér gagnrýni eða ráðleggingar umboðsmanns til stjórnarvalda.

Fjöldi mála snýst um almannatryggingar og lífeyri. Tíðar eru kvartanir um vinnuaðstöðu og launamál. Þá er iðulega kvartað undan því að synjað hafi verið um leyfi til eins eða annars. Margar eru kvartanir á hendur saksóknarvaldinu fyrir að það hefur látið hjá líða að höfða sakamál vegna misgerðar og sama er að segja um kvartanir vegna þess að lögregla þykir ekki hafa verið nógu ötul við málsrannsókn. Komið hefur stöku sinnum fyrir að kvartað er undan því að lögreglumenn gerist offara í starfi. Fjölmennir meðal kvartenda eru þeir sem sitja í fangelsum. Kvartanir þeirra snúast m.a. um meðferð í fangelsi eða synjun fangelsisstjóra á beiðni fanga um að vera látinn laus til reynslu. Sjúklingar á geðveikrahælum senda enn fremur nokkrar kvartanir árlega.

Oftast nær beinast kvartanir gegn ákvörðun stjórnarvalds. Ýmist er því haldið fram að lögum hafi verið ranglega beitt eða að mál hafi ekki verið rannsakað nægilega og ákvörðun því reist á röngum grundvelli málsatvika. Ef um frjálst mat stjórnarvalds er að ræða snúast kvartanir m.a. um mismunun sem ekki styðjist við réttlát rök.

Um það bil fjórði hluti kvartana varðar málsmeðferð stjórnarvalds. Er þar helsta kvörtunarástæða óhóflegur seinagangur stjórnarvalds við afgreiðslu máls.

Afar fáar kvartanir beinast gegn einstökum opinberum sýslunarmönnum.

Meðal kvartenda eru vitaskuld nöldurseggir en þeir eru ekki margir og ásókn þeirra veldur umboðsmanni ekki neinum vandkvæðum.

Eftir nokkurra ára starf norska umboðsmannsins telja Norðmenn fullvíst að hans hafi verið þörf. Af þeim 1719 málum, sem voru rannsökuð á fyrstu fimm starfsárunum, báru kvartanir árangur í 496 eða 24,8% tilfella. Fyrir utan beinan árangur í einstökum málum eru almenn varnaðaráhrif umboðsmannskerfisins ekki álitin skipta minna máli. Vitneskja stjórnarvalda um að þegn geti ávallt leitað til umboðsmanns er stjórnarvaldi hvöt til að rækja starf sitt svo samviskusamlega sem best má verða. Á hinn bóginn eyðir starf umboðsmanns einatt órökstuddum grunsemdum í garð stjórnarvalda. Fólk ber meira traust til álitsgerðar umboðsmanns en skýringa stjórnarvaldsins sjálfs.

Ed. 705. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft þetta frv. til skoðunar skamma hríð. Reynt hefur verið að fara yfir höfuðatriði þess og til þess kvaddir menn komið á fund nefndarinnar.

Engin ítarleg umfjöllun hefur átt sér stað og því síður að gefist hafi tími til að athuga einstakar umsagnir sem eru fjölmargar.

Harma ber hversu yfirborðskennd meðferð frv. er hjá nefndinni en ríkisstjórn rekur þar svo á eftir og tímaskortur orðinn slíkur vegna komandi sveitarstjórnarkosninga að með öllu er ógerningur að fjalla um og fara yfir frumvarpið svo að sæmandi sé.

Ljóst er að margt í frv. er til bóta varðandi starfsemi sveitarstjórna og skipulag sveitarstjórnarmála. Aðlögun að breyttum aðstæðum og nýjum tíma er vissulega á margan veg æskileg og margt er gert skýrara og skilvirkari framkvæmd ýmissa þátta tryggð. Þó er margt enn óunnið og óuppgert og við sumt skilið í hreinu skötulíki svo sem nánar mun rakið í framsögu. Eina ákvæðið, sem virkilega knýr á um lagasetningu, er 18 ára kosningaaldur og kjörgengi en það var vitanlega kleift að gera með sérlögum þar um.

Gefist hefur verið upp á því að hafa sameiginlegan kjördag fyrir landið allt og ákvæði til bráðabirgða um skipan mála í vor er eitt dæmið um vandræðaganginn í kringum úrlausn mála. Afgreiðslan á sýslunefndunum og misvísandi ákvæði þar um er annað lýsandi dæmi um að hlaupið er frá raunhæfri úrlausn. Margyfirlýst ætlan ráðherra að sýna samhliða þessu frv. endurskoðað frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem er hin mesta nauðsyn, er bersýnilega að engu orðin. Af tekjustofnum og tekjumöguleikum sveitarfélaga ræðst þó hversu á verkefnum verður haldið en í engu bólar þar á breytingum sem tryggt gætu eðlilegri og heilbrigðari verkefnaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisvaldsins.

Gefist er upp við að taka á einföldustu breytingum eins og þeim sem varða lágmarksíbúafjölda í einstökum sveitarfélögum en þar skilið við þá tölu íbúa sem áður gilti og er fjarstæðukenndari nú en nokkru sinni áður.

Frumvarpið endurspeglar þó fyrst og síðast algera uppgjöf á uppstokkun stjórnsýslukerfis okkar. Sá vísir, sem var í upphaflegri gerð frv. um héraðsnefndir og hlutverk þeirra, er horfinn en þó vísað á óskilgreindar héraðsnefndir í endanlegri gerð. Enn fremur eru óljós og þokukennd ákvæði um byggðasamlög sem í raun rúmast innan núgildandi laga um samstarf og samvinnu sveitarfélaga um ákveðin, tiltekin verkefni.

Aðalástæðan fyrir ófullkominni gerð þessa frv., eins og það nú liggur fyrir, felst að sjálfsögðu í því að ekki er gerð tilraun til að festa í sessi eitthvert millistig í stjórnsýslunni sem fyrst og fremst ætti að þjóna því hlutverki að taka við valdi og verkefnum frá ríkisvaldinu, flytja vald, verkefni og fjármagn um leið nær fólkinu í héraði. Um þetta eru vissulega deildar meiningar en varðandi þann ágreining var einmitt skylt að kanna hvort hann mætti leysa í tengslum við þetta frumvarp. Undirritaður dregur enga dul á þá skoðun sína að hér sé um brýnasta verkefnið að ræða sem finna þarf eðlilegan farveg til aukinnar sjálfsstjórnar héraða, til beinnar valddreifingar, til tryggingar því að fjármagnið verði sem mest eftir heima í héraði þar sem uppspretta þess er og landsbyggðin í heild megi njóta í stórauknum mæli arðsins af þeirri miklu verðmætasköpun sem þar fer fram.

Þetta verkefni virðist víðs fjarri núverandi stjórnarflokkum enda miðar öll stefna þeirra að því að færa arðinn af erfiði vinnandi fólks, einkum á landsbyggðinni, yfir í himingnæfandi hallir millilíðaauðvaldsins á höfuðborgarsvæðinu.

Auðskilinn er því sá vilji núverandi valdhafa að hrófla ekki í neinu við misskiptingu þeirri, sem nú ríkir, og þverrandi valdi og möguleikum landsbyggðarinnar að ná sjálfsögðum og eðlilegum rétti sínum. Allt sem þar gæti til varnar orðið er með öllu þurrkað út úr þessu frumvarpi, svo sem áður er greint frá.

Lýðræðisleg uppbygging byggðasamlaga og héraðsnefnda (ef af þeim verður), þar sem réttur minni hlutans væri tryggður, er vitanlega heldur ekki í öndvegi hjá þeim sem hér ráða ferð og til þess að freista þess að rétta hlut hans er flutt sérstök breytingartillaga, samhljóða þeirri sem Steingrímur J. Sigfússon flutti í neðri deild.

Undirritaður telur aðrar breytingartillögur ekki þjóna tilgangi nú þó að gjarnan mætti flytja þær margar til lagfæringar og áréttingar. En stjórnarliðið í neðri deild hefur séð til þess að það hefur enga þýðingu nú á lokastigi. Að sjálfsögðu styður undirritaður eðlilega tillögu

um fjölgun fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur en ljóst er að þar hefur Framsóknarflokkurinn beygt sig fyrir borgarstjórnaríhaldinu þó að einstakir þingmenn í þessari deild muni uppréttir ganga. Á það mun því látið reyna.

Sem þröng og einangruð löggjöf um sveitarstjórnarmálin ein og framkvæmd þeirra er frv. þetta um margt til verulegra bóta en aðalverkefnið, sem nú knýr á í allri stjórnsýslu okkar, er algerlega skilið eftir.

Undirritaður hlýtur að styðja meginatriði frumvarpsins svo langt sem þau ná. Hins vegar telur hann frumvarpið í heild, og það sem þar skortir á, öllu fremur þess eðlis að útilokað sé að veita því atfylgi sem væntanlegum heildarlögum um þessi mál um ófyrirsjáanlega framtíð.

Höfuðáherslu verður að leggja á áframhaldandi endurskoðun í átt til aukinnar nýskipunar. Breyta verður verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og endurskoða tekjustofna sveitarfélaga um leið. Síðast en ekki síst verður að ná viðtæku samkomulagi um að færa verkefni, vald og fjármagn heim í héruðin með skilvirkum hætti.

Í öllu því mikla starfi skilar þetta frumvarp okkur undraskammt fram á veginn.

Alþingi, 1. apríl 1986.

Helgi Seljan.

Sþ. 706. Tillaga til þingsályktunar [385. mál]

um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Jón Kristjánsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um flutning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar. Áætlunin taki mið af því að flutningi stofnunarinnar ljúki að sex árum liðnum.

Greinargerð.

Um flutning stofnunar almennt.

Að undanskildum áratugnum 1971 til 1980 hefur mikil byggðaröskun staðið yfir áratugum saman, þ.e. flutningar fólks frá landsbyggðinni til Suðvesturlands, aðallega til höfuðborgarsvæðisins. Við upphaf s.l. áratugar fór byggðaröskun að minnka og örfá ár, 1975–1979, ríkti að heita má fullt jafnvægi á milli landsbyggðarinnar sem heildar annars vegar og Suðvesturlands hins vegar. Á árinu 1980 snerist byggðaþróunin við og síðan hefur brottflutningur fólks frá landsbyggðarkjördæmunum verið mikill. Frá og með því ári til og með 1985 hafa Vesturland, Vestfirðir, Norðurlandskjördæmin, Austurland og Suðurland til samans tapað 4447 manns eða 4,8% íbúafjöldans 1979. Á s.l. ári samþykkti Alþingi lög um Byggðastofnun en sú stofnun hefur það hlutverk að vinna að betra jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar eru ýmsar hugsanlegar byggðaþróunaraðgerðir utan áhrifasviðs Byggðastofnunar og í ýmsum tilvikum þarf að koma til kasta löggjafarvaldsins.

Í málefnasamningi vinstristjórnarinnar, sem tók við völdum 1971, var ákvæði um að stuðla skyldi að flutningi ríkisstofnana út á land. Forsætisráðherra, Ólafur Jóhannesson, skipaði þá nefnd sem fjalla skyldi um þetta mál. Í nefnd þessari áttu hinir ágætustu menn sæti. Nefnd þessi vann mikið starf og hún skilaði ítarlegu nefndaráliti á árinu 1975. Nefndarálitinu var stungið undir stól og þar hefur það verið síðan.

Segja má að þar hafi mikið verk farið fyrir lítið. Í þessu nefndaráliti er mörkuð stefna um dreifingu ríkisstofnana um landið á þrennan hátt, með *heildarflutningi*, þ.e. að stofnun

yrði í heilu lagi flutt frá höfuðborginni til staðar úti á landi, með *deildarflutningi*, þ.e. að meira eða minna sjálfstæðar deildir stofnana yrðu fluttar frá höfuðborginni út á land, og með *útibúastofnun*, þ.e. að sett yrði upp kerfi útibúa ríkisstofnana á ákveðnum stöðum úti á landi. Til þess að stuðla að rekstrarlegri hagkvæmni slíkra útibúa gerði nefndin tillögu um að komið yrði á fót *stjórnsýslumiðstöðvum ríkisins* þar sem mörg útibú gætu verið saman undir einu þaki með sameiginlegan rekstur og skrifstofuhald. Að lokum lagði nefndin svo fram frumvarp til laga um flutningsráð ríkisstofnana.

Að mörgu leyti er þetta nefndarálit athyglisvert og er tímabært að draga það undan stólnum og dusta af því rykið.

Á bls. 30 í nefndarálitinu eru sett fram markmið þeirra aðgerða sem nefndin leggur til:

1. Stofnanaflutningur sé liður í almennum byggðaþróunaraðgerðum.
2. Stofnanaflutningur dragi úr miðstýringu, stuðli að dreifingu valds og leiði til aukins lýðræðis.
3. Stofnanaflutningur jafni aðstöðu þegnanna um allt land til að njóta þjónustu ríkisins.
4. Stofnanaflutningur leiði til fjölgunar íbúa landsbyggðarinnar og dragi úr þenslu höfuðborgarsvæðisins.
5. Stofnanaflutningur leiði til jafnari dreifingar atvinnutækifæra um landið með því að skapa sérmenntuðu fólki starfsgrundvöll utan Reykjavíkur.
6. Stofnanaflutningur styrki efnahagskerfi einstakra landshluta með því að auka viðskipti og framkvæmdir innan þeirra og fjármagnsstreymi frá miðstöðvarsjóðum ríkiskerfisins.
7. Stofnanaflutningur dragi úr húsnæðiskröfum í miðbæjarhverfum Reykjavíkur og geri þannig skipulagsvandamál höfuðborgarinnar á því sviði minni en ella.
8. Stofnanaflutningur leiði ekki til lakari virkni stjórnkerfisins heldur stuðli að meiri hæfni og betri þjónustu einstakra hluta þess.
9. Stofnanaflutningur skerði ekki starfsgetu stofnunar þótt tímabundnir erfiðleikar séu eðlilega oft samfara slíkri breytingu.
10. Stofnanaflutningur hafi aðeins minni háttar kostnaðarauka í för með sér og helst meiri hagkvæmni fyrir þjóðarheildina vegna ódýrari og fljótvirkari samskipta þegnanna við ríkiskerfið.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Nefndin gerði tillögur um flutning nokkurra ríkisstofnana í heild út á land og sjálfsagt orka sumar af þessum tillögum tvímælis.

Ein þeirra stofnana, sem nefndin gerði tillögu um að flutt yrði til „Borgarfjarðarsvæðisins“ var Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Við þá tillögugerð mun nefndin hafa haft í huga að á Hvanneyri er búnaðarskóli og háskólakennsla í búvísindum og þar eru stundaðar landbúnaðarrannsóknir. Skammt frá Hvanneyri er svo tilraunabú ríkisins að Hesti.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er miðpunktur í umfangsmiklu kerfi rannsókna og tilrauna- og ráðgjafarstarfsemi á vegum landbúnaðarins. Þetta kerfi hefur vitaskuld þjónað landbúnaðinum vel og að verulegu leyti hefur það verið forsenda hinna miklu tækniframfara sem orðið hafa í íslenskum landbúnaði undanfarin ár og áratugi. Hins vegar eru margir þeirrar skoðunar og hafa fundið fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tengist ekki nógu vel tilraunastarfseminni úti á landi né ráðgjafarstarfseminni. Að frumkvæði stjórnar RALA hefur sérstök nefnd að undanförnu fjallað um þessi mál og hefur hún endurskoðað lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þann kafla sem fjallar um Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og samið drög að frumvarpi. — Í niðurstöðum nefndarinnar er að því vikið að í meginatriðum þurfi breytingar að beinast að eftirtöldum markmiðum:

„1. Að tengja betur rannsóknir og þróunarstarfsemi í landbúnaði við þarfir atvinnuvegarins á hverjum tíma og auka þátttöku hans í ákvörðunum um val verkefna og fjármögnun þeirra.

2. Að auka sveigjanleika rannsókna til að mæta nýjum þörfum.
3. Að auka gæði og virkni rannsókna.
4. Að auka samræmingu í vali rannsóknarverkefna og tryggja heildarsýn yfir þau.
5. Að auka tengsl rannsóknarstarfsemi við leiðbeiningarþjónustu, búnaðar- og garðyrkjuskóla og búnaðarsamtök.

Stefna þarf að aukinni samvirkni milli þeirra sem vinna að rannsóknum annars vegar og hins vegar þeirra sem nota niðurstöðurnar í búrekstri eða kenna og leiðbeina í landbúnaðargreinum. Á þann hátt fengi rannsóknarstarfsemin meira hvetjandi umhverfi en verið hefur og samstarf milli aðila málsins ætti að aukast. Þannig ættu fjármunir og sérþekking að geta nýst betur en nú er."

Margt bendir til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem nú er á höfuðborgarsvæðinu, hafi haft tilhneigingu til að verða einangruð vísindastofnun, nokkuð vel tengd Háskóla Íslands en mun lakar tengd þeim vettvangi sem hún á að þjóna. Tengslin við Háskólann eru góðra gjalda verð og nauðsynleg. En tengsl við landbúnaðinn sjálfan og við fræðslustarfsemi á hans vegum er mun mikilvægari. Hvanneyri, fyrir miðju landbúnaðarhéraði, er í eðli sínu mun eðlilegra umhverfi fyrir vísindastofnun landbúnaðarins en malarhólar ofan Reykjavíkur. Og með því að gera Hvanneyri að aðsetri vísinda, fræða, rannsókna og tilraunastarfsemi á vegum landbúnaðarins eignast íslenskur landbúnaður faglega miðstöð sem stenst samjöfnuð við hverja slíka sem er í öðrum löndum.

Vandalaust er að benda á hagkvæmni í því fólgna að reka vísindastarfsemina og kennsluna saman. Fullkomin tengsl komast á milli Rannsóknastofnunarinnar annars vegar og verðandi bænda, ráðunauta og búvísindamanna hins vegar. Þannig gæti flutningur RALA til Hvanneyrar, ef rétt er að honum staðið, einmitt bætt úr þeim annmörkum sem menn hafa fundið á starfsemi stofnunarinnar í þágu landbúnaðarins. Tengsl við Háskóla Íslands þurfa alls ekki að rofna því að í reynd hefur vegalengd á milli Hvanneyrar og Reykjavíkur styst til muna hin síðari ár síðan stofnanaflutningsnefndin skilaði áliti sínu. Meginhluti vegarins til Reykjavíkur hefur nú verið lagður bundnu slitlagi og þeir malarkaflar, sem enn eru á þessari leið, munu á næstu árum verða lagðir slitlagi. Verður þá þægilegur 90 mínútna akstur frá Hvanneyri til Reykjavíkur. Auk þess mætti vel hugsa sér í tímans rás að Háskólinn tæki upp nokkra starfsemi á Hvanneyri í skjóli þeirrar miðstöðvar sem þar væri risin.

Að síðustu skal bent á að búvísinda- og rannsóknamiðstöð á Hvanneyri getur styrkt framhaldsskólakerfi Vesturlands mjög mikið og gert því mögulegt að bjóða upp á sérhæfðar námsbrautir sem byggi á þeirri aðstöðu sem yrði á Hvanneyri.

Flutningur Rannsóknastofnunar landbúnaðarins til Hvanneyrar stenst afar vel það próf sem felst í markmiðunum tíu sem stofnanaflutningsnefndin setti með flutningi ríkisstofnana og rakin eru hér að framan og getur ekki síður þjónað þeim markmiðum sem RALA-nefndin setti fram.

Þann 16. október 1985 sendi A. G. Powell, forstjóri Austraswiss, dótturfyrirtækis Alusuisse, bréf til allra þingmanna á ástralska þinginu vegna umræðna þar um skattsvik Alusuisse í Ástralíu í tengslum við báxít- og súrálsverksmiðjuna í Gove.

Í þessu bréfi forstjórans segir í 8. tölulið:

„Reference is made to a tax claim in 1980 by the Icelandic government against our parent company, Alusuisse. The fact that the Icelandic government settled its claim against Alusuisse by accepting a US $ 3 million cash payment instead of pursuing its tax claims is an indication that the claims could not be substantiated. The cash payment was made by Alusuisse because its legal costs were going to exceed 3 million dollars and settlement made commercial sense."

Í lauslegri þýðingu:

„Vísað er til skattakröfu íslensku ríkisstjórnarinnar á árinu 1980 á hendur móðurfélagi okkar, Alusuisse. Sú staðreynd að íslenska ríkisstjórnin samdi um þessa kröfu á hendur Alusuisse með því að taka við 3 millj. bandaríkjadala greiðslu út í hönd fremur en að halda við kröfur sínar er vísbending um að ekki var hægt að rökstyðja kröfurnar. Alusuisse greiddi þessa upphæð út í hönd vegna þess að lögfræðikostnaður fyrirtækisins var að fara yfir 3 millj. bandaríkjadala og sættir voru skynsamlegar út frá viðskiptalegu sjónarmiði."

Við umræður í neðri deild 26. nóvember 1985 var iðnaðarráðherra inntur eftir viðbrögðum vegna þessara ummæla forstjóra Austraswiss. Sagðist hann mundu ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en hann aðhefðist eitthvað í málinu.

Skriflegt svar óskast.

Sþ. 726. Tillaga til þingsályktunar [395. mál]

um þúsund ára afmæli kristnitökunnar.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Ingvar Gíslason, Salome Þorkelsdóttir, Ragnar Arnalds, Eiður Guðnason, Stefán Benediktsson, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela forsetum Alþingis að vinna að athugun á því með hvaða hætti verði af hálfu Alþingis minnst þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

Greinargerð.

Kristnitakan árið 1000 skipti sköpum í sögu Íslendinga. Þessi einstæði atburður er greyptur í þjóðarvitund.

Nú fer mjög að nálgast þúsund ára afmæli kristnitökunnar. Þess hlýtur að verða minnst svo sem efni standa til. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið að huga að því máli.

Mikilvægasta lagagerð Alþingis er lögfesting kristinnar trúar. Alþingi hlýtur að minnast þess að maklegheitum. Kirkjan hlýtur og með sínum hætti að minnast upphafs kristni í landinu. En sameiginlega verður að gera ráð fyrir að báðir þessir aðilar standi að þjóðhátíð árið 2000 til minningar um kristnitökuna. Þjóðkirkjan hefur þegar látið málið til sín taka. Snemma árs 1985 skipaði kirkjuráð nefnd þriggja manna, svonefnda kristnitökunefnd, undir forustu biskups Íslands. Nefnd þessi skal gjöra tillögur um það hversu haga beri athöfnum þeim og framkvæmdum sem efnt verður til af kirkjunnar hálfu vegna þúsund ára afmælis kristnitökunnar. Tillögur frá kristnitökunefnd hafa verið til umræðu á kirkjuþingi.

Forsetar Alþingis hafa tekið til athugunar með hvaða hætti Alþingi megi fyrir sitt leyti minnast kristnitökunnar. Hafa forsetar m.a. tekið upp sameiginlega viðræðufundi með kristnitökunefnd þjóðkirkjunnar um kristnitökuafmælið.

Þessi tillaga til þingsályktunar felur í sér efnislega að Alþingi sé samþykkt að forsetar þess haldi áfram athugunum sínum og viðræðum um kristnitökuafmælið. Er þá gert ráð fyrir að forsetar hafi samráð við ríkisstjórn, þingflokka og Þingvallanefnd um það er málið varðar.

Jafnframt er þessi þingsályktunartillaga flutt til að leggja áherslu á að Alþingi hafi mikilvægu hlutverki að gegna og megi ekki láta sinn hlut eftir liggja þegar minnst verður merkustu löggjafar þess. Til framkvæmda kemur hins vegar ekki fyrr en málið er af athugunarstigi og Alþingi hefur ákveðið hvað gera skuli af þess hálfu í tilefni þúsund ára afmælis kristnitökunnar.

Ed. 727. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977, orðast svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 1. október 1985 nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 78/1977, er verður 4. gr. þeirra (sbr. 14. gr. laga nr. 3 1986), orðast svo:

A.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru allt að 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, skal frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt sem hér segir:

Fyrir bifreiðar, sem eru allt að 1000 kg að eigin þyngd, skal greiða árgjald að fjárhæð 36 000 kr. Sé eigin þyngd bifreiðar 1000 kg til 2000 kg skal árgjaldið vera 46 016 kr. Ef eigin þyngd bifreiðar er 2000 kg eða meiri skal árgjaldið hækka um 2633 kr. fyrir hver 200 kg eða minna sem eigin þyngd hennar er meiri en 2000 kg.

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal árgjaldið vera 30% hærra en að framan greinir.

Eigendur bifreiða, er um getur í 1. mgr., geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sbr. B-lið þessarar greinar, í stað árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera hið sama og innheimt er af bifreiðum sem eru að leyfðri heildarþyngd 4,0–4,9 tonn.

B.

Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, skal þungaskattur greiðast í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli og koma í stað árlegs þungaskatts samkvæmt A-lið þegar bifreiðar eiga í hlut. Af tengi- og festivögnum, sem eru 6000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt.

Kílómetragjald samkvæmt 1. mgr. þessa stafliðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0– 4,9	2,47	15,0–15,9	5,25
5,0– 5,9	2,63	16,0–16,9	5,67
6,0– 6,9	2,84	17,0–17,9	6,08
7,0– 7,9	2,98	18,0–18,9	6,45
8,0– 8,9	3,11	19,0–19,9	6,94
9,0– 9,9	3,25	20,0–20,9	7,31
10,0–10,9	3,45	21,0–21,9	7,73
11,0–11,9	3,58	22,0–22,9	8,22
12,0–12,9	4,03	23,0–23,9	8,61
13,0–13,9	4,41	24,0–24,9	9,00
14,0–14,9	4,88	25,0 og þyngri	9,44

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra ákveðið að gjaldskylda bifreiðar, festi- eða tengivagns miðist við aðra þyngd en leyfða heildarþyngd, svo sem ef leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls. Þá er ráðherra heimilt að ákveða að gjaldið skuli vera allt að 70% lægra fyrir akstur fólksflutningabifreiða sem sannanlega á sér stað vegna sérleyfisaksturs eða aksturs almenningsvagna í þéttbýli.

Ráðherra er og heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur af þungaskatti innheimtum samkvæmt ökumæli (kílómetragjaldi) sem fellur á akstur vöruflutningabifreiða, þ.m.t. festi- og tengivagna, umfram 25 000 km á ári, allt að 20% afsláttur af akstri þessara ökutækja umfram 35 000 km á ári og allt að 50% afsláttur af akstri þeirra umfram 45 000 km á ári. Af akstri annarra bifreiða má afsláttur þessi nema allt að 10% af akstri umfram 25 000 km á ári og allt að 20% af akstri umfram 45 000 km á ári.

Ökumælar skulu settir í bifreiðar, festi- eða tengivagna á kostnað eigenda þeirra. Um tegundir og útbúnað mæla, ísetningu þeirra, álestur, viðgerðir og eftirlit skal kveðið á í reglugerð.

Ráðherra getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökumælisskyld bifreið, festi- eða tengivagn séu útbúin ökumæli enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

C.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og eigi er ætlað að vera hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn, skal greiða þungaskatt samkvæmt

nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Sama á við um tengi- og festivagna sem að leyfðri heildarþyngd eru 6 tonn eða meira og skrásettir eru erlendis. Við ákvörðun fjárhæðar þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt þessum staflið skal höfð hliðsjón af fjárhæð þungaskatts samkvæmt A- og B-liðum þessarar greinar eftir því sem við á.

Sé bifreið, sem skrásett er erlendis, lengur hér á landi en fjóra mánuði í senn skulu ákvæði A- og B-liða þessarar greinar gilda um hana eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Við 6. gr. laganna, er verður 5. gr. þeirra, bætast tvær nýjar mgr. er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fella niður þungaskatt samkvæmt 4. gr. af bifreiðum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni, þó aldrei lengur en í eitt ár. Þá er honum heimilt að kveða svo á að af bifreiðum þessum skuli greiða að tilraunatímabilinu loknu allt að 50% lægri þungaskatt en kveðið er á um í 4. gr.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar sker ráðherra úr.

4. gr.

7. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1977, er verður 6. gr. þeirra, orðast svo:

Bensíngjald samkvæmt 1. gr., þungaskattur samkvæmt A- og B-liðum 4. gr. og dagsektir samkvæmt 7. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 18 23. mars 1983. Grunntaxti bensíngjalds, þungaskatts og dagsekta er miðaður við vísitölu 1. október 1985, þ.e. 229 stig.

Heimilt er ráðherra að láta hækkun, er hann kann að ákveða á bensíngjaldi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, ná til bensínbirgða sem til eru í landinu þegar hækkunin tekur gildi. Getur ráðherra ákveðið að þeir, sem hafa bensín til umráða er hækkun tekur gildi, séu skyldir til að tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs og aðstoða hann við könnun birgða sé þess óskað.

Útsöluverð á bensíni skal hækka sem nemur bensíngjaldi.

5. gr.

8. gr. laganna, er verður 7. gr. þeirra, orðast svo:

A.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í A-lið 4. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þegar bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár sem skattur er greiddur. Skatturinn reiknast fyrir heila mánuði þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það ef bifreið er afskráð sem ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Lækka skal eða endurgreiða þungaskatt að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt eða skráningarmerki bifreiðar verið afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu í a.m.k. 30 daga samfellt.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkvæmt A-lið 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi yfir því að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

B.

Þungaskatt samkvæmt B-lið 4. gr. skal greiða þrisvar á ári eftir á og eru gjalddagar skattsins 11. febrúar, 11. júní og 11. október ár hvert en eindagi síðasti dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Skatturinn skal greiðast fyrir hvert gjaldtímabil sem bifreið er skráð þegar álestur fer fram.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar skal, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits á síðustu 20 dögum hvers gjaldtímabils, þ. e. á tímabilunum 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október ár hvert, og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Ef taka þarf ökumæli úr bifreið til viðgerðar skal setja annan ökumæli í stað hans. Nú verður því ekki við komið og er þá heimilt að veita tímabundna heimild til aksturs bifreiðarinnar gegn greiðslu daggjalds sem innheimtumaður ákveður. Við slíka ákvörðun er honum heimilt að miða við meðaltal ekinna kílómetra á dag á næstliðnu álesturstímabili samkvæmt álestursbók eða sambærilegu tímabili fyrra árs enda teljist það eðlilegt eftir atvikum.

Sé ekki komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum og falla þau á án sérstakrar tilkynningar. Viðurlög þessi skulu vera 120 kr. á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Skal innheimta þeirra ekki falla niður þó að álestur fari síðar fram.

C.

Þungaskatt samkvæmt C-lið 4. gr. skal greiða við komu bifreiðar eða vagns til landsins enda sé ökutækið ekki útbúið fullnægjandi ökumæli. Sé ökutækið útbúið ökumæli skal lesið á hann við komu og aftur við brottför og innheimta þungaskatt í samræmi við það.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um fyrirkomulag ákvörðunar og innheimtu þungaskatts af gjaldskyldum ökutækjum samkvæmt C-lið 4. gr.

6. gr.

9. gr. laganna, er verður 8. gr. þeirra, orðast svo:

Innheimtu bensíngjalds og þungaskatts annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem ráðherra skipar fyrir. Bensíngjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

7. gr.

10. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 78/1977, er verður 9. gr. þeirra, orðast svo:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á að greiddur hafi verið af henni allur sá þungaskattur sem gjaldfallinn er á skoðunardegi. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skráningarmerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins.

Skráning eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram nema þungaskattur af bifreiðinni samkvæmt 4. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags sé um þungaskatt samkvæmt ökumæli að ræða.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldu ökutæki samkvæmt C-lið 4. gr. nema sannað sé að þungaskattur af því hafi verið greiddur.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina hvar sem hún fer og taka merki hennar til geymslu svo sem að framan segir.

Þá skal það varða eiganda eða umráðamann viðurlögum er samsvara allt að 10 000 km akstri á mánuði sé ökumælir óvirkur, innsigli rofið eða ekki er komið með bifreið eða vagn

til álesturs á tilskildum tíma. Fyrir ítrekað brot mega viðurlög þessi samsvara allt að 15 000 km akstri á mánuði. Þá skal og heimilt að taka bifreið eða vagn úr umferð sé ökumælir ekki settur í á tilskildum tíma eða ekki er komið með bifreið eða vagn til álesturs á tilskildum tíma. Á sama hátt er heimilt að taka úr umferð bifreið eða vagn hafi ökumælir verið misnotaður, innsigli í honum rofið eða önnur brot framin gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

8. gr.

12. gr. laganna, er verður 11. gr. þeirra, orðast svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd í síðasta lagi á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

Þungaskatti, dagsektum og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Gjaldtaka kílómetragjalds skv. B-lið 2. gr. laga þessara öðlast gildi við upphaf þess álesturstímabils er hefst að loknum mælaálestri sem fram fer á tímabilinu 20. september til 10. október 1985.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. einnig l. nr. 78/1977 og l. nr. 3/1986, og gefa þau út svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985, um bensíngjald, verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985, skal skyldur til að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. október 1985.

Ed. 728. Nefndarálit [265. mál]

um breyt. á l. nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið en í því er gert ráð fyrir að afnuminn verði einkaréttur ríkisins til sölu á eldspýtum og vindlingapappír. Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi, 3. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form. | Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. | Jón Kristjánsson.

Valdimar Indriðason. | Egill Jónsson.

Ed. 729. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. komi nýr stafliður, svohljóðandi:

e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum búvörum, sbr. 2. gr., og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:
   1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð, sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar, þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu
   2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru, sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 30. gr. l. nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, eru landbúnaðarráðherra veittar tilteknar heimildir til að hafa stjórn á framleiðslu búvara þannig að hún verði í samræmi við tilgang laganna eins og hann kemur fram í 1. gr. þeirra. Þar segir m. a. að það sé tilgangur laganna að framleiðsla búvara til neyslu og iðnaðar verði í sem nánustu samræmi við þarfir þjóðarinnar og tryggi ávallt nægjanlegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu.

Vegna náttúrufars og legu landsins er ekki unnt að tryggja nægjanlegt vöruframboð allt árið á vissum tegundum búvara, t. d. garðávöxtum, grænmeti og oft kartöflum. Verður því að flytja þessar vörur inn en í ýmsum tilvikum eru hinar erlendu vörur greiddar niður verulega af þarlendum stjórnvöldum. Þegar innlend framleiðsla er enn á markaði raskar innflutningur þessara vara því mjög samkeppnisaðstöðu innlendu framleiðslunnar og skerðir möguleika innlendra framleiðenda til að tryggja nægjanlegt vöruframboð í framtíðinni. Þessar aðstæður hafa m. a. gert þeim innlendu fyrirtækjum sem vinna úr kartöflum erfitt fyrir í samkeppni við niðurgreidda framleiðslu erlendis frá.

Í tillögugreininni er lagt til að landbúnaðarráðherra verði veitt heimild til að leggja sérstakt jöfnunargjald á innfluttar búvörur sem lið í stjórn búvöruframleiðslunnar og því að ná fram áðurnefndum tilgangi laga nr. 46/1985. Kveðið er á um að hámark gjaldsins geti verið tvenns konar, eftir því hvort heildsöluverð á sömu vöru sem framleidd er hér á landi sé ákveðið skv. 13.–15. gr. l. nr. 46/1985 eða ekki. Liggi slík verðákvörðun fyrir fer um hámark gjaldsins eftir 1. tl., en sé heildsöluverð þessarar tilteknu vörutegundar ekki ákveðið af fimmmannanefnd eða nefndin hefur undanþegið hana verðlagningarákvæðum sk. 13.–15. gr., sbr. 16. gr., fer um hámark gjaldsins eftir 2. tl.

Um innheimtu gjaldsins fer eftir hliðstæðum reglum og nú eru í l. nr. 46/1985 um innheimtu fóðurgjalda, nema hvað ekki er talin ástæða að binda þessa heimild því að ráðherra hafi áður leitað tillagna þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. mgr. 35. gr. laganna.

Ed. 730. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem tillaga er flutt um á sérstöku þingskjali.

Eins og kunnugt er fólu bráðabirgðalög nr. 89/1985, sem frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á, í sér lækkun tolla á bifreiðum og snjósleðum í 70%. Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, og lögum nr. 4/1986, um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., voru tollar af bifreiðum lækkaðir enn frekar og eru nú ýmist 30% eða 10%.

Af framansögðu leiðir að umrædd bráðabirgðalög eru úrelt að svo miklu leyti sem þau taka til bifreiða, þ.e. tollur er nú skv. lögum nr. 3/1986 og nr. 4/1986 ýmist 30% eða 10% af öllum tollskrárnúmerum sem nefnd eru í bráðabirgðalögunum nema af tollskrárnúmerinu 87.02.11. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta staðfestingarfrumvarpinu á þá lund að lækkun skv. því taki aðeins til tollskrárnúmersins 87.02.11, þ.e. snjósleða. Verði frumvarpið látið daga uppi, sem væri eðlilegt ef það tæki aðeins til bifreiða, hefði slíkt í för með sér að tollar af snjósleðum mundu við þingslit hækka á ný úr 70% í 80%. Ef lögin yrðu staðfest óbreytt mundi aftur á móti tollur á bifreiðum hækka á ný í 70%.

Alþingi, 3. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Eiður Guðnason, fundaskr. | Egill Jónsson.

Valdimar Indriðason. | Jón Kristjánsson.

Ed. 731. Breytingartillaga [128. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 87.02.11 í 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%.

Nd. 732. Frumvarp til laga [397. mál]

um breyting á lögum nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Halldór Blöndal, Jón Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

11. gr. orðast svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema 75% kostnaðar- eða matsverðs, þess sem lægra reynist. Með sama hætti skulu lán til skipa, sem smíðuð eru erlendis, vera hæst 60% kostnaðar- eða matsverðs. Óheimilt er að ákveða með reglugerð eða samþykkt stjórnar Fiskveiðasjóðs að munur á lánum til skipa, smíðaðra hér á landi og erlendis, sé minni en hér er kveðið á um, eða 15%.

Lán til kaupa á eldri fiskiskipum mega nema 25% kaup- eða matsverðs, þess sem lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að vera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum er ljóst að héðan af getur ekki dregist lengi að hafist verði handa um endurnýjun fiskiskipastólsins. Auðgert er að láta þá endurnýjun fara alla fram erlendis enda alkunna að skipasmíðar og viðgerðir njóta opinberra styrkja, beinna og óbeinna, í helstu samkeppnislöndum okkar. Á hinn bóginn er fjármálakerfi okkar Íslendinga hvergi nærri fullburða svo að sérstakar opinberar aðgerðir hefur verið nauðsynlegt að gera á sviði peningamála til að tryggja rekstrarfé til samkeppnisiðnaðarins. Gleggstu dæmin um það eru Útflutningslánasjóður og sérstök ráðstöfun fjármagns í lánsfjárlögum vegna skipasmíðaiðnaðarins síðustu árin. Þetta er hvort tveggja ómissandi hluti af fjármálakerfinu og ylli verulegri atvinnuröskun ef niður félli.

Þetta frv. er í samræmi við yfirlýstar samþykktir Alþingis þess efnis að rétt sé og skylt að hlúa að skipasmíðaiðnaðinum. Við hann starfa um 2500 manns víðs vegar um landið. Á síðustu áratugum hafa starfsmenn skipasmíðastöðvanna öðlast mikla reynslu og verkþekkingu sem nýtist í ódýrari og betri þjónustu við fiskiskipastólinn. Gleggsta dæmið um tækniþróun og samkeppnishæfni íslensks skipasmíðaiðnaðar er frammistaða Slippstöðvarinnar hf. á Akureyri í alþjóðlegu útboði á kassavæðingu og á lengingu allmargra skuttogara frá Nova Scotia. Þetta verk er nú vel á veg komið og samvinna og samstarf við Kanadamennina eins og best verður á kosið enda þarf ekki að hafa áhyggjur af rekstrarfé eða fjármögnun verksins þegar unnið er fyrir erlenda aðila. Það gerir þessi viðskipti enn hagstæðari fyrir okkur Íslendinga að togararnir sigla vestur um haf hlaðnir fiskikössum frá Plasteinangrun hf. og með bobbinga frá Odda hf. — Ekki þarf að taka fram að þessi „útflutningur“ á sérhæfðri verk- og tækniþekkingu í skipasmíðaiðnaði væri óhugsandi ef hér hefðu ekki verið smíðaðir skuttogarar áður. Það skyldu menn hafa í huga.

Þetta frv. er smátt í sniðum. Efni þess er að lán úr Fiskveiðasjóði til innlendra skipasmíða skuli vera litlum 15% hærri en lán til skipasmíða erlendis. Samþykkt frv. markar því engin tímamót en hún gæti með öðru meira verið þáttur í því að skapa skipasmíðaiðnaðinum viðunandi starfsgrundvöll.

Sþ. 733. Svar [262. mál]

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Kjartans Jóhannssonar um laun sveitarstjórnarmanna.

Ráðuneytið leitaði til Sambands íslenskra sveitarfélaga um efni fyrirspurnarinnar og fékk upplýsingar um greiðslur til kjörinna fulltrúa vegna starfa í bæjarstjórnum og bæjarráðum (borgarstjórn og borgarráði í Reykjavík).

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar mánaðargreiðslur (og þá miðað við janúar s.l.) þar sem þóknun er föst fjárhæð á mánuði. Sums staðar er greitt sérstaklega fyrir hvern fund og þá verða greiðslur mismunandi eftir mánuðum, t.d. hæstar í janúar og febrúar vegna vinnu við fjárhagsáætlanir og lægstar eða engar yfir sumarmánuðina. Þóknun er ýmist miðuð við ákveðinn hundraðshluta af þingfararkaupi (í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði) eða tiltekinn hundraðshluta af ákveðnum launaflokki skv. kjarasamningi BSRB og fjármálaráðherra.

Greiðslur til kjörinna fulltrúa í borgarstjórn og bæjarstjórnum fyrir fundarstörf í borgarstjórn, borgarráði, bæjarstjórnum og bæjarráðum.
Miðað við mánuð (janúar 1986) eða hvern fund.

	Borgarstjórn Bæjarstjórn	Borgarráð Bæjarráð	Skýringar
1. **Reykjavík**	19 843[1]	29 764[2]	[1] 30% af þingfararkaupi á mánuði. [2] 45% „ „ „ „ „
2. **Kópavogur**	11 086[1]	15 874[2]	[1] 18% „ „ „ „ „
forseti, formaður	21 827[3]	23 811[4]	[2] 24% „ „ „ „ „ [3] 33% „ „ „ „ „ [4] 36% „ „ „ „ „
3. **Hafnarfjörður**	11 086[1]	15 874[2]	[1] 18% „ „ „ „ „
forseti, formaður	21 827[3]	23 811[4]	[2] 24% „ „ „ „ „ [3] 33% „ „ „ „ „ [4] 36% „ „ „ „ „
4. **Grindavík**	3 123	6 246	Á mánuði.
forseti, formaður	3 900	7 800	Á mánuði.
5. **Keflavík**	3 123	9 378	Á mánuði.
	3 900	9 378	Á mánuði.
6. **Njarðvík**	2 578	5 156	Á mánuði.
forseti	3 212		Á mánuði.
7. **Garðabær**	14 309	11 733	Á mánuði.
forseti, formaður	21 152	23 811	Á mánuði.
8. **Seltjarnarnes**	6 900		Á mánuði.
	10 350		Á mánuði.
9. **Akranes**	7 147	10 719	Á mánuði.
forseti	10 000		Á mánuði.
10. **Ólafsvík**	1 743	1 162	Fyrir hvern fund.
forseti, formaður	10 168	1 307	Fyrir hvern fund.
11. **Bolungarvík**	3 565	3 565	Fyrir hvern fund.
forseti	5 200		Fyrir hvern fund.
12. **Ísafjörður**	1 742[1]	1 742[1]	[1] Fyrir hvern fund (BSRB, 63-5: 5%).
forseti, formaður	2 100[2]		[2] Á mánuði viðb. (BSRB, 63-5: 6%).
13. **Sauðárkrókur**	1 032	885	Fyrir hvern fund.
forseti	2 565	—	Fyrir hvern fund.

	Borgarstjórn Bæjarstjórn	Borgarráð Bæjarráð	Skýringar
14. **Siglufjörður**	1 032	737	Fyrir hvern fund.
15. **Ólafsfjörður**	1 180	880	Fyrir hvern fund.
forseti	1 770		Fyrir hvern fund.
16. **Dalvík**	858	858	Fyrir hvern fund (BSRB, 64-4: 3%).
forseti	1 430		Fyrir hvern fund (BSRB, 64-4: 5%).
17. **Akureyri**	7 824[1]	12 714[2]	[1] Á mánuði fyrir tvo fundi.
	—	—	[2] Á mánuði fyrir 5 til 6 fundi.
18. **Húsavík**	9 410	12 904	Á mánuði.
forseti	11 026		Á mánuði.
19. **Seyðisfjörður**	745	650	Fyrir hvern fund.
20. **Neskaupstaður**	773	645	Fyrir hvern fund.
forseti	2 647	2 520	Fyrir hvern fund.
21. **Eskifjörður**	671	671	Fyrir hvern fund.
22. **Selfoss**	1 562	1 562	Fyrir hvern fund.
23. **Vestmannaeyjar**	1 657		Á mánuði (BSRB, 63-8: 5%).
	2 761[1]	1 104[2]	[1] Fyrir hvern fund (BSRB, 63-8: 1/12 hl.).
forseti, formaður	3 304[3]	3 304[3]	[2] Fyrir hvern fund (BSRB, 63-8: 1/30 hl.).
			[3] Á mánuði (BSRB, 63-8: 10%).

Þankastrik táknar að upplýsingar vantar.

Ed. 734. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um talnagetraunir.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið og fengið til viðtals fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Þroskahjálp og Happdrætti Háskóla Íslands.

Nefndin klofnaði í málinu og mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.
Helgi Seljan, með fyrirvara.
Valdimar Indriðason.
Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 735. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Stefán Benediktsson tók þátt í störfum nefndarinnar og er samþykkur nefndaráliti þessu.

Alþingi, 3. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Valdimar Indriðason.	

Sþ. 736. Tillaga til þingsályktunar [398. mál]

um endurskoðun laga um innflutning búfjár.

Flm.: Jón Kristjánsson, Davíð Aðalsteinsson.

Alþingi ályktar að fela landbúnaðarráðherra að skipa nú þegar nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða lög um innflutning búfjár, nr. 74/1962. Endurskoðun laganna taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á tækni við flutning erfðaefnis búfjár og athuguð verði sérstaklega sú grein laganna sem varðar tegundir nautgripa sem innflutningur er heimill á.

Nefndin ljúki störfum fyrir 1. okt. n.k.

Greinargerð.

Núverandi lög um innflutning búfjár eru frá árinu 1962, breytt með lögum nr. 19/1972. Með lagasetningunni varð mögulegt að flytja inn búfjársæði og loðdýr.

Á grundvelli þessara laga var komið upp einangrunarstöð fyrir holdanaut í Hrísey og leyfður innflutningur á djúpfrystu sæði af Galloway-kyni. Tilgangurinn var að hreinrækta holdanautastofn með endurtekinni notkun sæðis. Að þessum málum hefur verið unnið síðan árið 1972 að einangrunarstöðinni í Hrísey var komið á fót.

Nú hefur tækni fleygt fram í notkun erfðaefnis búfjár sem felst í því að notuð eru frjóvguð egg í stað sæðis. Með þessari aðferð næst skjótur árangur og hreinræktaður gripur fæst við fyrsta burð. Benda má á það í þessu sambandi að 10 ár tekur að hreinrækta kyn með notkun sæðis. Því er nauðsynlegt að innflutningur og notkun frjóvgaðra eggja verði heimil samkvæmt áðurnefndum lögum.

Jafnframt þessari breytingu er ástæða til þess að huga að því hvort ekki sé ástæða til þess að leyfa innflutning á öðrum kynjum nautgripa en Galloway-stofninum. Margt bendir til þess að önnur nautgripakyn geti hentað betur hér á landi, gefið af sér stærri vöðva og meira kjötmagn, og með því verði hægt að auka fjölbreytni þess nautakjöts sem er á markaði hérlendis.

Ástæða er til þess að taka fram að áfram mun þurfa að nota sóttvarnarstöðina í Hrísey þótt breyting verði á í þessu efni þannig að ekki verði slakað á þeim sóttvarnarkröfum sem sjálfsagðar eru.

Þess má geta að þekking er í landinu á tækni við flutning á frjóvguðum eggjum og hefur þegar verið reynd á íslenskum kúm, fyrsti glasakálfurinn fæddist á tilraunabúinu í Laugardælum í nóvember s.l.

Ed. 737. Frumvarp til laga [399. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Stafl. c í 39. gr. laganna orðast svo:

Að veita styrk til æfingameðferðar, þjálfunar eða hjúkrunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjúkrunarfélag Íslands fór þess á leit s.l. haust við samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins, að gerð yrði gjaldskrá fyrir hjúkrunarstörf í samræmi við lög um almannatryggingar, þ.e.a.s. óskaði eftir viðræðum um laun hjúkrunarfræðinga, er starfa sjálfstætt. Samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins hafnaði beiðni félagsins þegar af þeirri ástæðu að lagaheimild skorti, sbr. nánar V. kafla laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um sjúkratryggingar. Rétt fyrir síðast liðin áramót fór Hjúkrunarfélag Íslands þess á leit við ráðuneytið að það beitti sér fyrir því að 5. kafli laga um almannatryggingar yrði endurskoðaður með það fyrir augum að hjúkrunarstörf yrðu tekin þar með á sama hátt og lækningar og endurhæfing.

Það hefur komið í ljós að veruleg þörf er fyrir heimahjúkrun hér á landi og að engan veginn er hægt að sinna henni frá þeim stofnunum, sem til þess eru ætlaðar.

Á sama hátt og læknar starfa að lækningum utan stofnana er í fyllsta máta eðlilegt að hægt sé að reka hjúkrun utan stofnana, þannig að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu ákveðins kostnaðar.

Með skírskotun til ofanritaðs og til þess að styrkja enn frekar alhliða heimahjúkrun, sem fólgin er í líkamlegri, andlegri og félagslegri hjúkrun, hefur ráðuneytið ákveðið að leggja til að inn í c-lið 39. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, verði bætt orðinu, hjúkrun, þannig að hlutverk sjúkratryggingadeildar verði m.a. að veita styrki til æfingameðferðar, þjálfunar eða hjúkrunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa. Nái frumvarpið fram að ganga telur ráðuneytið að auknir möguleikar gefist til að sinna heimahjúkrun og að síður sé hætta á að einstaklingar þurfi á vistun á stofnunum að halda, en þar er öll hjúkrun greidd samkvæmt almannatryggingalögum. Yrði þá hægt að semja við hjúkrunarfræðinga á sama hátt og þegar í hlut eiga læknar utan stofnana, þannig að þátttaka sjúklinga yrði bundin sömu reglum.

Sþ. 738. Svar [358. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Davíðs Aðalsteinssonar um markaðsöflun fyrir íslenskar búvörur.

1. Markaðsöflun erlendis fyrir íslenskar búvörur.

Ráðuneytið ætlast til þess að þau fyrirtæki, sem annast dreifingu og sölu búvara á erlendum mörkuðum, haldi uppi kynningu og auglýsingastarfi og leiti nýrra markaða svo sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

Ráðuneytið hefur auk þess leitast við að efla þetta starf með endurskipan markaðsnefndar landbúnaðarins og ráðningu starfsmanns til nefndarinnar.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af landbúnaðarráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Stéttarsambandi bænda, búvörudeild SÍS, Osta- og smjörsölunni, Sláturfélagi Suðurlands og Búnaðarfélagi Íslands.

2. Markaður fyrir íslenskar búvörur á Grænlandi.

Starfsmaður markaðsnefndar var á Grænlandi í febrúar s.l. vegna sýningarinnar „Íslenskir dagar í Nuuk". Þá var samkvæmt ósk ráðuneytisins gerð könnun á hugsanlegri sölu landbúnaðarafurða til Grænlands. Kannaðar voru markaðsaðstæður, verð, framboð, dreifing og sala ásamt neysluvenjum og kaupgetu.

Niðurstöður hafa verið kynntar söluaðilum og er að vænta viðbragða nú í apríl við tilraunasendingum. Þær vörur, sem líklegastar eru til að seljast, eru mjólk og mjólkurvörur, grænmeti og egg. Þær verður að flytja með flugi því að sjóflutningar eru háðir einkaleyfi K. N. I., Verslunar grænlensku heimastjórnarinnar, og verða, eins og málum er háttað nú, að fara í gegnum Álaborg.

Mjólk — mjólkurvörur.

Gera má ráð fyrir að ná allt að 85% af grundvallarverði ef flutt er með flugi. Ef um beinar siglingar verður að ræða milli Íslands og Grænlands lækkar farmgjald á hvert kg úr 11 dönskum krónum í um 3 kr. á kg miðað við flug. Siglingartími er tveir og hálfur til þrír sólarhringar. Hætt er við að affermingar verði ekki nógu örar til að reka föst viðskipti með ferskar vörur.

Grænmeti.

Mögulegt er að ná fullu verði en svör þar að lútandi eru væntanleg innan skamms.

Egg.

Áhugi á eggjakaupum er nokkur og verður reynt að fylgja honum eftir í gegnum tengsl þau er myndast við væntanlega mjólkursölu.

Kjöt — kjötvörur.

Hrátt kjöt er eitt af því fáa sem er tollað á Grænlandi jafnframt því sem það er niðurgreitt frá löndum Efnahagsbandalagsins. Líkur eru því mjög litlar á sölu á kjötvörum vegna óhagstæðs verðs.

Bent skal á að flutningar með flugi til Grænlands eru mjög takmarkaðir, eingöngu er um að ræða vörurými fyrir um 1,5 tonn á viku og þá til Nuuk. Til Angmagssalik er rýmið eingöngu fáir tugir kílógramma á viku.

Dreifingu milli staða innanlands verður ekki við komið, miðað við flutningamöguleika.

Hugsanleg markaðssvæði eru:

Nuuk (Godthaab) um 12 000 íbúar

Narssarssuaq-svæði um 6000 íbúar

Angmagssalik um 3000 íbúar.

Holstensborg, Jakobshavn og Sukkertoppen eru með 3000–5000 íbúa hvert, en það tekur eina til tvær klukkustundir að fljúga þangað frá Nuuk. Ljóst er því að þetta 53 000 manna land er mjög erfitt markaðssvæði.

Með svari þessu er birt sem fylgiskjal svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um sölu mjólkur til Grænlands.

Fylgiskjal.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Agnarsdóttur um sölu mjólkur til Grænlands í sameinuðu þingi, 25. mars 1986.

„Herra forseti. Á s. l. sumri kom viðskiptaráðherra Grænlendinga hingað til Íslands. Þá ræddi ég við hann um þá möguleika að koma mjólkurafurðum héðan á markað á Grænlandi, en samgöngum var þá þannig háttað að það var erfitt. Auk þess var þá Konunglega grænlenska verslunin einráð um innflutning og allir flutningar urðu að fara í gegnum Álaborg í Danmörku. Breyting varð á því um síðustu áramót því að Grænlendingar yfirtóku verslunina sjálfir og varð þá um leið viðhorfsbreyting. Síðan gerist það að teknar voru upp beinar flugsamgöngur milli Nuuk og Reykjavíkur fyrir skömmu og í tilefni þess var mér ásamt fleirum boðið að koma til Nuuk. Þá ræddi ég þessi mál og athugaði.

Eins og kom fram hjá fyrirspyrjanda kaupa Grænlendingar frá Danmörku mestallar sínar mjólkurvörur geymsluþolnar og það á svo lágu verði að útilokað er fyrir okkur að keppa á þeim markaði. Hins vegar vilja einhverjir neytendur þar a.m.k. fá ferskar mjólkurvörur og hafa fengið þær með flugvélum frá Kanada í litlum mæli, en þá eru þær mjög dýrar. Hálfur lítri af mjólk kostar um það bil 17 kr. danskar út úr verslunum þar og peli af rjóma eitthvað svipað þannig að þar er um mjög hátt verð að ræða.

Þá er sá annmarki hvernig við eigum að koma mjólkinni til Grænlands án allt of mikils tilkostnaðar. Ég ræddi það við Grænlandsflug hvort mögulegt væri að koma henni með þeirra vélum. Þær hafa mjög lítið burðarþol þannig að það er vandamál með það og auk þess er flutningsgjald hátt. Hins vegar tóku þeir vel í að athuga þann möguleika hvort hægt væri að koma mjólk með ef ekki væri um annan flutning að ræða.

Hins vegar munu Flugleiðir taka upp flug til Suður-Grænlands, til Narssarssuaq, síðar á þessu ári og þá með stærri vélum með meira flugþol og þeir hafa einnig tekið mjög vel í að athuga möguleika á því að flytja mjólk fyrir okkur.

Hins vegar er augljóst að það er ekki um mikið magn að ræða sem kemst með flugvélum, öðruvísi getum við ekki flutt mjólkina út ferska, en hins vegar er sjálfsagt að nýta þá möguleika. Það var haldin sýning í Nuuk á íslenskum vörum og þá sérstaklega mjólkurvörum í tilefni heimsóknar okkar í síðasta mánuði og undirtektir t.d. við skyrið og fleiri vörur voru mjög góðar. Við ræddum við verslunarstjóra sem kvaðst vera reiðubúinn að taka á móti þessum vörum ef við gætum komið þeim til þeirra án allt of mikils tilkostnaðar þannig að verðið yrði nokkru lægra en er á kanadísku mjólkinni sem er svo hátt að það er tiltölulega lítil sala á henni.

Starfsmaður markaðsnefndar landbúnaðarins stóð fyrir þessari sýningu í Nuuk og hann heldur áfram að vinna að þessum málum. Það verður gert allt sem hægt er til að nýta þennan markað, en eins og ég segi er ekki hægt að gera sér vonir um að þarna verði um mikið magn að ræða.

Ég vil taka undir orð hv. fyrirspyrjanda um að vissulega hefðu sumir Íslendingar gott af því að drekka meiri mjólk. Þá hljótum við að hafa fyrst og fremst í huga börnin sem sum hver virðast vera hætt að drekka mjólk. En sem betur fer er verið að gera núna átak til að auka mjólkursölu, eins og alþm. má vera kunnugt, og sem betur fer virðist það þegar vera að bera nokkurn árangur og er það vissulega mikilvægt fyrir íslenska neytendur.“

Sþ. 739. Nefndarálit [322. mál]

um till. til þál. um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin fjallaði um þingsályktunartillöguna á fundi sínum í dag og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því að hún verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Haraldur Ólafsson, frsm.	Gunnar G. Schram.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Guðrún Agnarsdóttir.	Hjörleifur Guttormsson.

Ed. 740. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Við 106. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðuneytið skal vinna að stækkun sveitarfélaga með samruna sveitarfélaga í stærri og öflugri heildir. Ráðuneytið skal beita sér fyrir viðræðum á milli sveitarfélaga um sameiningu og boða til funda sveitarstjórnarmanna á stærri svæðum til umræðu um sameiningu sveitarfélaga. Skal ráðuneytið vinna að þessu í samráði við einstök sveitarfélög, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga.
2. Við 108. gr.
   a. Á eftir orðunum „henni í té“ í 3. mgr. komi: að kostnaðarlausu.
   b. Á eftir 3. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
      Ráðuneytið skal gera fjárhagslega úttekt á viðkomandi sveitarsjóðum og fyrirtækjum þeirra og hlutast til um að fé verði veitt úr ríkissjóði til að jafna fjárhagslega stöðu sveitarfélaganna um leið og sameining á sér stað.
   c. Á eftir orðunum „um sameiningu“ í 4. mgr. komi: og ráðuneytið gert fjárhagslega úttekt og lagt fram tillögur um jöfnun fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Ed. 741. Frumvarp til laga [400. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—86.)

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi.

Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og hafa eftirlit með að fylgt sé þeim skilyrðum sem ráðherra setur.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn skv. 1. gr. og áfengi sem framleitt er innanlands skv. 3. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er einni heimilt að framleiða áfenga drykki á Íslandi. Þetta einkaleyfi hefur í för með sér að einstaklingar eða fyrirtæki geta ekki framleitt áfenga drykki á Íslandi með útflutning í huga. Sem dæmi um afleiðingu af þessu banni má nefna að íslenskt fyrirtæki lætur framleiða vodka fyrir sig í Stóra Bretlandi. Þetta vodka er framleitt skv. íslenskri uppskrift og er öll vöruhönnun og þróun íslensk. Vodkað er síðan flutt til landsins og selt í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Umrætt fyrirtæki hefur m.a. áhuga á að koma vöru sinni á Bandaríkjamarkað en þar sem hún er ekki framleidd á Íslandi er ekki hægt að selja hana í Bandaríkjunum sem íslenska vöru. Í Bandaríkjunum er talinn vera mikill markaður fyrir vodka frá Norðurlöndum. Benda má á að vodka frá Svíþjóð og Finnlandi hefur náð verulegum hluta af markaðinum fyrir þá vöru í Bandaríkjunum. Á árinu 1984 nam innflutningur á vodka til Bandaríkjanna 12.609.000 lítrum. Af þessum innflutningi var markaðshlutdeild Absolut vodka, sem er sænskt, um 30% eða um 3.782.700 lítrar. Ef íslenskt vodka næði sömu markaðshlutdeild, þ.e. um 30%, má ætla að útflutningstekjur af því næmu um 300 milljónum króna á ári.

Ástæðan fyrir því að þetta frumvarp er flutt er sú að gefa þeim aðilum sem hafa áhuga á að framleiða áfenga drykki á Íslandi til útflutnings kost á því. Ef vel tekst til með slíkan útflutning getur verið um að ræða arðbæra atvinnugrein sem bæði aflar þjóðarbúinu tekna og skapar atvinnutækifæri.

Um 1. gr.

Skv. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé áfram heimilt að framleiða áfengi. Jafnframt er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra sé heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ekki er þó gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé skyldug að selja það áfengi sem

framleitt er innanlands. Þá er skv. greininni gert ráð fyrir að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé heimilt að hafa samstarf við aðila sem fá leyfi til að framleiða áfengi innanlands og heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi. Skv. greininni er gert ráð fyrir því að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi eftirlit með þeim aðilum sem fá leyfi til að framleiða áfengi innanlands.

Um 2. gr.

Með þessari grein er skýrt kveðið á um það að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé einni heimilt að selja innanlands áfengi sem hún flytur inn og allt áfengi sem er framleitt innanlands.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 742. Frumvarp til laga [401. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hver sá, sem rekur eigin þjónustu eða starfsemi innan fyrirtækis eða stofnunar, þar með talin framleiðsla vöru til eigin þarfa, sem söluskattsskyld væri við sölu til annarra, skal reikna söluskatt af slíkri þjónustu eða starfsemi og standa skil á honum til ríkissjóðs. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort aðalstarfsemi viðkomandi aðila er undanþegin söluskattsskyldu eða ekki. Ráðherra setur nánari reglur um hvaða eigin þjónusta og starfsemi falli hér undir og á hvaða verði hún skuli reiknuð. Skal í því sambandi sérstaklega hafa hliðsjón af aðstöðu annarra fyrirtækja sem reka hliðstæða þjónustu eða starfsemi sem skattskyld er samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

E-liður 4. gr. laganna orðast svo:

Úttekt úr eigin fyrirtæki, hvort heldur er til einkanota eigandans eða til nota í fyrirtækinu sjálfu. Gildir þetta bæði um aðkeyptar vörur, sem eru framleiddar eða sæta aðvinnslu í fyrirtækinu, sem og vinnu og þjónustu. Enn fremur þjónusta og starfsemi sem rekin er innan fyrirtækis eða stofnunar og skattskyld er samkvæmt 3. mgr. 2. gr. án beinnar sölu til annarra aðila.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum er kveðið á um að söluskatt skuli greiða af andvirði seldrar vöru og verðmæta, **endurgjaldi fyrir hvers konar**

starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu og nota innflytjenda eftir því sem nánar er ákveðið í lögunum. Í e-lið 4. gr. sömu laga hefur frá upphafi verið að finna fyrirmæli á þá lund að „úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki, hvort sem um er að ræða vöru, vinnu eða þjónustu, þar með talin þjónusta viðgerðarverkstæða vegna eigin rekstrar“ skuli teljast til skattskyldrar sölu og þjónustu. Ákvæðum þessum er beinlínis ætlað að tryggja hlutleysi söluskattsins gagnvart vali manna á vöru og þjónustu.

Sú meginregla er leidd af ákvæðum þessum að í söluskattslegu tilliti skuli það almennt séð engu breyta hvort rekstraraðilar kjósi t.d. fremur að þjónusta sig sjálfir en að kaupa að viðkomandi þjónustu. Með þessum hætti er m.a. stefnt að því að tryggja eftir mætti jafna samkeppnisstöðu rekstraraðila um leið og stuðlað er að eðlilegri sérhæfingu og hagræðingu innan hinna ýmsu atvinnugreina. Framangreind sjónarmið voru áréttuð sérstaklega í greinargerð með frumvarpi til laga um söluskatt og við þau hefur framkvæmd laganna stuðst frá upphafi.


(LO om voksen uddannelse, Landsorganisationen i Danmark. Bæklingur gefinn út af LO í febrúar 1978).

Verkalýðsfélögin verða hvert fyrir sig að beita sér í viðtölum við fólk og hvetja það til þátttöku í fræðslustarfi. Auglýsingar hafa lítið að segja í þem efnum.

Samskipti verkalýðsfélaga.

Þeir sem eru með iðnréttindi hafa fleiri tækifæri til starfsmenntunar en þeir óiðnlærðu.

Jafnan er ástæðan fyrir því sú að iðngreinar eru lögverndaðar og öðrum óheimilt að sinna störfum sem undir þær falla. Á undanförnum árum hefur komið í ljós að lögverndun iðngreina kemur ekki í veg fyrir að óiðnlærðir taki að sérstörf iðnaðarmanna. Handverkinu er breytt yfir í verksmiðjustörf. Hins vegar færast launakjörin ekki með á milli starfsstétta.

Danska málmiðnaðarmannasambandið og samtök iðnverkafólks í Danmörku hafa gert með sér samskipta- eða verkaskiptingarsamning sem gildir um störf iðnlærðra og ófaglærðra.

Deilur og árekstrar um verkaskiptingu á vinnustöðum hafa minnkað og hinir ófaglærðu hafa haft greiðari aðgang að starfsmenntun en ella.

Starfsmenntun — allsherjarlausn?

Fyrr á árum háðu mannvinir víða um heim baráttu fyrir lestrarkennslu og ólæsinu var útrýmt. Enn eru þó fjölmennar þjóðir ólæsar.

Íslendingar hafa lengi verið læsir á bókstafina og tölustafir hafa ekki þvælst fyrir þeim að ráði.

Á brjóstvitinu hafa þeir komist langt á öðrum sviðum og þannig hefur atvinnulífið einhvern veginn verið látið ganga frá degi til dags. En nú verður vart farið lengra á brjóstvitinu í þeim efnum. Blaðinu verður að snúa við og undir atvinnuvegina verður að skjóta stoðum reistum á grundvelli þekkingar og tækni. Einn liður þekkingarinnar er starfsmenntun félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

Vitanlega dugir starfsmenntunin ekki ein. Starfsemi fyrirtækja verður að byggjast á vitrænni skipulagningu, stjórnun og fjárfestingu. Þannig skapa margir þættir í atvinnulífinu samofna heild og á þá verður að horfa í samhengi. En allir þræðir atvinnulífsins liggja um hendur verkafólksins, hafa áhrif á kjör þess og velferð. Þess vegna ber verkalýðssamtökunum að taka rækilega á í starfsmenntuninni. Verkkunnáttan er stafróf nútímans.

Lokaorð.

Hér að framan hefur verið dregin upp mynd af því hvers vegna, til hvers og hvernig Alþýðusamband Íslands getur orðið fullorðnu fólki að liði á vettvangi starfsmenntunarinnar.

Eigi ber að skilja þetta svo að hinn eini sannleikur í málinu hafi verið borinn fram. Ef til vill er allur sannleikurinn fólginn í nauðsyn þess að þeir sem til forustu hafa valist fyrir sveitum verkafólksins skynji og skilji „að menntun er leið til aukins mannlegs frjálsræðis“ og starfi samkvæmt því.

Ed. 748. Frumvarp til laga [404. mál]

um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Jón Kristjánsson.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr tölul. er hljóði svo:

Heiðurslaun listamanna, listamannalaun, verðlaun og viðurkenning í peningum veitt listamönnum fyrir verk þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Listamannalaunum var úthlutað fyrir nokkrum vikum. Hópur listamanna fékk þá 40 000 krónur í hlut en fáeinir 20 000 krónur. Varla teljast þetta háar upphæðir og þótt heiðurslaun listamanna nemi á þessu ári 275 000 krónum þá verður ekki sagt að íslenska ríkið sé örlátt við það fólk sem fæst við að skapa listaverk og flytja þjóðinni list.

Meðal grannþjóða vorra eru listamenn styrktir á margvíslegan hátt fram yfir það sem hér tíðkast. Sjálfsagt þykir að veita nokkrum hópi listamanna laun og nokkrir styrkir og verðlaun eru veitt á ári hverju til skapandi listamanna. Sums staðar eru bústaðir ætlaðir listamönnum þar sem þeir geta dvalist og jafnvel fá sumir þeirra hús til afnota ævilangt. Það væri við hæfi að bæjarfélög hér á landi tækju upp í fjárhagsáætlanir sínar fjárveitingu til að skapa listamönnum aðstöðu í bæjarfélaginu m.a. með því að gefa einum í senn kost á ókeypis húsnæði um nokkurra ára skeið og væri sá listamaður, er þæði þannig gistivináttu bæjarins, ráðunautur bæjaryfirvalda í menningarmálum þann tíma sem hann dveldi þar. (Reykjavíkurborg ætti að ríða á vaðið nú á þessu hátíðarári og bjóða einhverjum snjöllum listamanni embættisbústað.)

Nokkrum sinnum hefur það gerst að íslenskir listamenn hafa hlotið verðlaun á alþjóðavettvangi fyrir verk sín. Er þess skemmst að minnast að fyrir nokkrum vikum voru Hafliða Hallgrímssyni tónskáldi veitt verðlaun Norðurlandaráðs fyrir tónsmíð. Hafliði er fjórði Íslendingurinn er fær verðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sín.

Með frv. þessu er lagt til að það verði almenn regla að íslenskir listamenn þurfi ekki að greiða skatt af verðlaunum, listamannalaunum, heiðurslaunum og viðurkenningum sem þeir fá í formi fjárveitinga.

Kjör listamanna okkar eru með þeim hætti að þeim á að koma að fullum notum það litla sem ríkið leggur þeim til í formi styrkja og viðurkenninga. Þeim er þetta flestum aukageta enda vinna þeir margir hverjir margs konar störf önnur en þau sem beinlínis snerta listsköpun.

Oft er um það talað að ríkið hafi meiri hag af listsköpun en nemur því sem það leggur til listamanna. Ríkissjóður hefur margs konar tekjur af listiðkun í landinu og þá fyrst og fremst í formi söluskatts af bókum og efni til bókagerðar og sölu listaverka. En hinn óbeini hagur er þó meiri, sá sem fólginn er í því að listamenn auðga þjóðlífið allt, gera það fegurra og betra og eru burðarásar menningar og sjálfstæðis.

Með flutningi þessa frv. er verið að gera breytingu á skattalögum þannig að m.a. ríkisvaldið taki ekki með annarri hendinni það sem gefið er með hinni.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með frv. þessu er lagt til að auk heiðurslauna, listamannalauna og verðlauna, sem listamenn hljóta fyrir verk sín, verði sú viðurkenning, sem listamenn kunna að fá í formi styrkja eða úr sjóðum sem veita listamönnum fjárstuðning, einnig skattfrjáls. Ætti það t.d. við um úthlutun úr Ritþöfundasjóði Ríkisútvarpsins og öðrum sambærilegum sjóðum. Hins vegar nær þetta ekki til venjulegra ritlauna, höfundarlauna o.s.frv.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Nd. **749. Frumvarp til laga** [405. mál]

um heilbrigðisfræðsluráð.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir.

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun sem nefnist heilbrigðisfræðsluráð.

2. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal annast heilbrigðisfræðslu sem miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóma og slys. Það skal samræma og skipuleggja heilbrigðisfræðslu fyrir almenning í landinu í samvinnu við stjórnendur heilbrigðis-, skóla- og félagsmála og önnur stjórnvöld. Það skal enn fremur koma á samvinnu milli allra þeirra sem annast heilbrigðisfræðslu.

Heilbrigðisfræðsluráð skal vera miðstöð þekkingaröflunar, miðlunar og sérkunnáttu á öllum sviðum heilbrigðisfræðslu þannig að ráðgjöf sé þar alltaf tiltæk fyrir heilbrigðis- og skólayfirvöld, áhugamannafélög og alla þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

3. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal ráðleggja um forgang viðfangsefna í heilbrigðisfræðslu á grundvelli bestu upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni.

Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að rannsóknum og könnunum til að tryggja að nýjar upplýsingar og tölfræðilegar niðurstöður séu ávallt fyrir hendi.

Heilbrigðisfræðsluráð skal afla upplýsinga um framfarir á læknis-, farsóttar-, félags- og sálfræðilegu sviði og hagnýta þær í þágu starfsemi sinnar. Enn fremur skal ráðið reyna að meta árangur starfsemi sinnar með hliðsjón af framförum á þessum sviðum.

4. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal standa að kynningu á einstökum málefnum, er varða heilbrigðisfræðslu, í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld eða aðra aðila eftir því sem við á. Það skal sjá um að safna upplýsingum, gera dreifirit, auglýsingaefni og efni til flutnings í hljóðvarpi eða sjónvarpi í kynningarskyni, svo og til annarrar starfsemi ráðsins. Ráðið skal enn fremur láta slík gögn af hendi við aðra þá er heilbrigðisfræðslu annast.

5. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð skal stuðla að þjálfun starfsfólks til að sinna heilbrigðisfræðslu og leiðbeina um hana. Jafnframt skal það gefa út rit sem á erindi til þeirra er starfa við heilbrigðisfræðslu.

6. gr.

Ráðið skal kalla saman samstarfshópa til að vinna að ákveðnum málefnum og leita ráðgjafar sérfræðinga um einstök mál. Laun starfshópa og ráðgjafa skulu ákveðin í samræmi við reglur þóknananefndar hverju sinni.

7. gr.

Í heilbrigðisfræðsluráði eiga sæti 21 fulltrúi sem heilbrigðisráðherra skipar til 4 ára í senn.

Eftirfarandi aðilar tilnefna 1 fulltrúa hver:
Áfengisvarnaráð.
Félag heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.
Félag heilsugæslulækna.
Félag íslenskra sjúkraþjálfara.
Félagsmálaráðuneytið.
Fósturfélag Íslands.
Geðverndarfélag Íslands.
Hið íslenska kennarafélag.
Hjartavernd.
Kennarasamband Íslands.
Krabbameinsfélag Íslands.
Landlæknir.
Læknadeild Háskólans.
Manneldisráð.
Menntamálaráðuneytið.
Ríkisútvarpið.
Samtök aldraðra.
Sálfræðideild skóla.
Slysavarnafélag Íslands.
Tannlæknafélag Íslands.
Umferðarráð.

Ráðið skal funda a.m.k. fjórum sinnum á ári. Störf í heilbrigðisfræðsluráði eru ólaunuð en fulltrúar skulu sækja fundi sér að kostnaðarlausu.

Fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdanefnd. Heilbrigðisfræðsluráð skal ráða framkvæmdastjóra og starfsfólk eftir þörfum. Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu, þar með talin laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks.

Framkvæmdanefnd sér um að framkvæma áætlanir heilbrigðisfræðsluráðs í samvinnu við framkvæmdastjóra og annað starfsfólk ráðsins.

8. gr.

Heilbrigðisfræðsluráð sendir heilbrigðisráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

9. gr.

Ráðherra setur ráðinu starfsreglur að fengnum tillögum ráðsins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Velflestar hinna efnaðri þjóða heimsins, þar á meðal Íslendingar, verja miklu fjármagni til að viðhalda og fullkomna stöðugt flóknara kerfi tæknivæddrar heilbrigðisþjónustu. Sem betur fer hefur það leitt til þess að hægt er að greina og jafnvel lækna æ fleiri sjúkdóma.

Þó er fjármunum jafnframt beint í vaxandi mæli að því að lengja líf dauðvona sjúklinga án þess að lífslengd þeirra sé aukin að marki eða að líf þeirra verði bærilegra. Tæknivæðing

hefur líka leitt af sér aukna notkun tækni án þess að nægilegrar gagnrýni hafi gætt eða að gætt hafi verið að því hvort tækninotkunin sé í samræmi við þau markmið sem heilsugæslan setur sér.

Stofnunum heilbrigðisþjónustunnar hefur fjölgað og þær stækkað, starfslið aukist og kostnaður margfaldast. Heilbrigðisþjónusta er hjá flestum velferðarþjóðfélögum fjárfrekasti útgjaldaliður ríkissjóðs og hefur orðið stjórnvöldum vaxandi áhyggjuefni. Ef miðað er við hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur þessi kostnaður hækkað hérlendis úr 3% árið 1950 í rúm 8% árið 1982. Þó að þetta hlutfall hafi verið um 10% s.l. 3–4 ár er þar ekki um raunhækkun að ræða frá árinu 1982 heldur hækkun sem verður vegna minni þjóðarframleiðslu.

Menntun flestra heilbrigðisstétta miðar fyrst og fremst að því að greina og bregðast við sjúkdómum, beinist með öðrum orðum mun meira að björgunarstarfi eða viðgerðarþjónustu en heilbrigðisfræðslu eða heilsuvernd. Þó hafa á s.l. árum vaknað efasemdir um hvort þessi forgangsröð sé rétt og viðleitni ýmissa aðila innan sem utan heilbrigðisþjónustunnar hefur beinst að því að leggja meiri áherslu á heilbrigðisfræðslu og ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir í því skyni að draga úr þörf fyrir hina dýru viðgerðarþjónustu. Má í því sambandi geta þess að Íslendingar eru aðilar að Alma-Ata yfirlýsingunni sem fjallar um frumheilsugæslu (sjá fskj. I). Sú yfirlýsing er í samræmi við meginstefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá 1977 um heilbrigði öllum til handa árið 2000 („Health for All by the Year 2000"). Í framhaldi af því hafa Íslendingar gerst aðilar að samvinnuáætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum og var samningur undirritaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands 10. febr. 1984.

Með langvinnum sjúkdómum er átt við t.d. hjarta- og æðasjúkdóma, krabbamein, slys, geðræna sjúkdóma, þar með talin áfengis- og fíkniefnaneysla, auk ýmissa annarra sjúkdóma.

Snar þáttur þessarar samvinnuáætlunar er almenn fræðsla og upplýsingar, svo og aukin menntun heilbrigðisstarfsfólks og kennara og aukin fræðsla í skólum.

Sú vitneskja er að verða almennari að orsakir margra þeirra sjúkdóma, sem okkur eru einna skæðastir, megi rekja til lifnaðarhátta, umhverfis og næringar svo að eitthvað sé nefnt. Meðal fátækra þjóða ríkja smit- og hörgulsjúkdómar en meðal ríkra þjóða er heilbrigðisvandinn oft afleiðing velmegunar, eins og umhverfismengun, kyrrseta, ofnotkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna, ásamt slæmum matarvenjum. Þessir þættir ásamt öðrum leiða svo til ýmissa þeirra sjúkdóma sem heilbrigðisþjónustan þarf nú að kljást við. Hægt er að koma í veg fyrir þessa sjúkdóma og besta vörnin gegn þeim er fræðsla sem virkjar einstaklinga til ábyrgðar gagnvart eigin heilbrigði og löngunar til að viðhalda henni.

Almennri heilbrigðisfræðslu hefur verið í ýmsu ábótavant hér á landi. Heilsufræði hefur verið kennd í skólum, en þó mjög misvel, t.d. hefur fræðsla um kynlíf og getnaðarvarnir í grunnskólum víða verið vanrækt. Á þessu mun þó vonandi verða ráðin bót vegna þess að á árunum 1984–85 hefur Ísland tekið þátt í norrænu verkefni um heilbrigðisfræðslu í grunnskólum. Markmið þess er að þróa heilbrigðisfræðslu í þátttökulöndunum og að móta sameiginlega stefnu landanna í málefnum heilbrigðisfræðslu og heilsuuppeldis. Verkefnið byggist á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar frá árinu 1948, en það gerir Alma-Ata yfirlýsingin reyndar líka. Samkvæmt henni er heilbrigði skilgreind sem fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma eða veiklun. Slík heilbrigði er talin til grundvallarmannréttinda.

Viðhaldsfræðsla almennings um heilbrigðismál hefur verið handahófskennd. Stofnanir eða embættismenn á vegum hins opinbera, áhugasamir einstaklingar, félög og samtök heilbrigðra og sjúkra hafa að vísu gefið út ágætis fræðsluefni og jafnvel fylgt því eftir með

kennslu eða áróðri. Er vert í þessu sambandi að lofa hið mikla og góða starf sem þegar hefur verið unnið í þessum efnum. Hins vegar hefur samræmda og skipulega fræðslu vantað og hún hefur ekki verið á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði.

Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59 frá 1. júní 1983, er heilsuvernd skilgreind sem þjónusta er heilsugæslustöð á að veita en ein af aðalgreinum heilsuverndar er þar talin:

„1. Heilbrigðisfræðsla í fyrirbyggjandi tilgangi."

Það er bæði eðlilegt og ágætt að heilsugæslustöðvar hafi þetta hlutverk en þær eru enn of fáar og þangað sækja fáir sem heilbrigðir eru. Því nær fræðsla þeirra ekki til alls þorra almennings.

Í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 50 frá 29. maí 1981, er ákvæði um að veita „alhliða fræðslu og upplýsingar fyrir almenning" um þau mál er varða hollustuhætti í umhverfi. Þetta fræðsluhlutverk er á höndum heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa. Fræðsluhlutverk er nánar tiltekið síðar í sömu lögum, í kafla um Hollustuvernd ríkisins, en þar eru ákvæði um fræðslu fyrir almenning, heilbrigðisfulltrúa og aðra þá aðila er að þessum málum starfa í landinu.

Hollustuvernd ríkisins er ung stofnun og hefur átt við erfiðleika að etja vegna þess að deildir hennar eru dreifðar í Reykjavík. Verksvið hennar er vítt og minna hefur orðið úr fræðsluhlutverki hennar en skyldi þar sem önnur verkefni hafa tekið mikinn tíma og fjármagn hefur skort.

Í ýmsum lögum eru svo ákvæði um fræðslu um tiltekin efni, t.d. um kynlíf og barneignir, lög nr. 25 frá 22. maí 1975, um tóbaksvarnir, nr. 74/1984 o.s.frv. Enn fremur segir í lögum um heilsuvernd í skólum, nr. 61 frá 8. júní 1957: „Í reglugerð skal ákveðið um ... heilbrigðisfræðslu í skólum ..."

Fræðsla um heilbrigðismál er afar víðtækt viðfangsefni og heyrir þar undir hvaðeina sem stuðlar að heilsuvernd og getur komið í veg fyrir slys og sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla hefur verið skilgreind sem sérhver fræðsla er hefur það markmið að einstaklingar taki sjálfviljugir þátt í því að auka heilbrigði sína. Slík fræðsla og sú vitneskja og leiðbeining, sem hún veitir, heyrir til mannréttinda. Hennar er æ meiri þörf í flóknu lífsmynstri tækniþjóðfélaga þar sem óhollusta steðjar að í margvíslegu gervi.

Fræðsla ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingar taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Þeim verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er. Stjórnvöld hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Þau verða að vera vel meðvituð um gagnsemi heilbrigðisfræðslu þegar þau móta stefnu og taka ákvarðanir og gæta þess jafnframt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Í seinni tíð hefur frumkvæði heilbrigðra einstaklinga til heilsuverndar og heilsuræktar farið vaxandi og aukinnar meðvitundar gætir um mikilvægi heilbrigðra lífshátta. Það er því sennilegt að jákvæð viðhorf og áhugi á heilbrigðisfræðslu sé að aukast meðal almennings, skólayfirvalda og heilbrigðisyfirvalda.

Slík fræðsla er þó enn of tilviljanakennd og háð framtakssemi fárra áhugasamra aðila sem hafa of lítil innbyrðis tengsl.

Það er skoðun flutningsmanna að brýnt sé að samræma og skipuleggja aukna heilbrigðisfræðslu á Íslandi og því sé nauðsynlegt að stofna heilbrigðisfræðsluráð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samræmda og skipulega fræðslu um heilbrigðismál vantar hérlendis. Heilbrigðisfræðsla hefur ekki verið aðalviðfangsefni eða á ábyrgð neins ákveðins aðila heldur margra ólíkra og

þá aðeins sem hluti af miklu stærra verksviði þeirra. Skortur á fjármagni til aðalstarfsemi þessara aðila hefur allt of oft leitt til þess að fræðsluhlutverkið hefur orðið út undan.

Útgjöld ríkisins vegna heilbrigðismála hafa farið vaxandi á s.l. áratugum. Þessi kostnaðaraukning hefur orðið fyrst og fremst í rekstri sjúkrahúsa og annarra stofnana heilbrigðisþjónustunnar. Hins vegar hefur í raun orðið hverfandi lítil hækkun á framlagi ríkisins til heilbrigðisfræðslu, þrátt fyrir þá vitneskju að miklu hagkvæmara sé að koma í veg fyrir sjúkdóma en að lækna þá. Það er því löngu orðið tímabært að taka afdráttarlaus skref til að snúa þessari þróun við, og leggja ríkari áherslu á heilbrigðisfræðslu en áður. Slík áherslubreyting krefst þess að heilbrigðisfræðsla sé ótvírætt á ábyrgð einhvers eins aðila eða stofnunar sem hefur ekkert annað hlutverk. Þannig er tryggara að þessu brýna viðfangsefni verði sinnt sem skyldi. Ágæt starfsemi hefur nýlega verið skipulögð hérlendis af hálfu heilbrigðisyfirvalda vegna samvinnuáætlunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Evrópuþjóða um varnir gegn langvinnum sjúkdómum fram til aldamóta.

Verkefni fyrir heilbrigðisfræðslu eru nær óþrjótandi og akurinn lítt plægður í þessum efnum. Það er því rúm fyrir margar hendur á plógi og nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla eigi sér vel skilgreinda lagalega stoð sem tryggi henni þann sess og þá fjármögnun sem henni ber.

Um 2. gr.

Rannsóknir s.l. ára hafa leitt í ljós að margir þeir sjúkdómar, sem mönnum eru skæðastir, eiga rót sína að rekja til lifnaðarhátta og umhverfis og eru orsakir þeirra fjölþættar. Með því að breyta lifnaðarháttum og umhverfisþáttum er hægt að koma í veg fyrir marga sjúkdóma. Heilbrigðisfræðsla varðar því flesta þætti mannlegs lífs og hana þarf að skipuleggja í náinni samvinnu við marga aðila. Eðlilegt þykir að stjórnendur heilbrigðis-, mennta- og félagsmála eigi sérstaklega náið samstarf við skipulagningu slíkrar fræðslu þar sem þeir málaflokkar tengjast svo beint viðfangsefnum heilbrigðisfræðslu.

Fræðsla ein sér nægir þó ekki til þess að tryggja það að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin heilsugæslu. Honum verður jafnframt að vera það kleift efnahagslega og félagslega að velja sér lifnaðarhætti í samræmi við þá heilbrigðisfræðslu sem stunduð er.

Það er því nauðsynlegt að stjórnvöld séu vel meðvituð um gagnsemi heilbrigðisfræðslu þegar þau taka ákvarðanir og móta stefnu sína. Jafnframt er mikilvægt að allir þættir stjórnsýslunnar séu samvirkir til að ná markmiðum heilbrigðisfræðslu.

Margir ólíkir aðilar hafa haft með höndum heilbrigðisfræðslu á s.l. árum og er vaxandi áhugi meðal almennings á heilbrigðu líferni og þörf fyrir slíka fræðslu. Það er því mikilvægt að tiltæk séu nauðsynleg kennslugögn og ráðgjöf í þessum efnum bæði fyrir opinbera aðila, áhugamannafélög og aðra þá sem fást við heilbrigðisfræðslu.

Um 3. gr.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsla á hverjum tíma sé byggð á sem réttustum og bestum upplýsingum. Það er því nauðsynlegt fyrir heilbrigðisfræðsluráð að fylgjast vel með framförum á mörgum ólíkum sviðum sem varða viðfangsefni heilbrigðisfræðslu. Enn fremur skal ráðið takast á hendur og styðja rannsóknir og kannanir hérlendis sem gefa upplýsingar og haldbærar niðurstöður um ástand mála á þeim sviðum sem heilbrigðisfræðsla nær til. Ráðið skal gefa út niðurstöður slíkra rannsókna eða kannana þegar það á við.

Nauðsynlegt er að heilbrigðisfræðsluráð reyni að meta hvern árangur starf þess ber með því að fylgjast með sjúkdómatíðni, breytingum á lífsháttum, t.d. reykingum, og fleiru því sem hafa má til viðmiðunar.

Um 4. gr.

Útbúa þart fjölbreytt og gott námsefni og annað efni til dreifingar og auglýsinga um heilbrigðismál. Notkun myndbanda fer vaxandi til afþreyingar og kennslu og miklu varðar

að sækja megi gott fræðsluefni um heilbrigðismál í eins konar gagnabanka sem hefur jafnframt það hlutverk að útbúa slíkt námsefni og safna því saman frá öðrum eða halda yfirlit yfir það sem á boðstólum er.

Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð gegni þessu hlutverki og sé í nánu samstarfi við skólaþróunardeild, Námsgagnastofnun, menntastofnanir, áhugamannafélög og aðra þá er heilbrigðisfræðslu sinna.

Um 5. gr.

Í lögum um Hollustuvernd ríkisins segir í 7. mgr. 13. gr.:

„Stofnunin skal, svo sem þurfa þykir, beita sér fyrir námskeiðum til að fræða þá aðila er að þessum málum (mál er varða hollustuhætti) starfa í landinu."

Í 8. mgr. sömu gr. segir enn fremur:

„Stofnunin skal sjá um að menntun og fræðslu fyrir heilbrigðisfulltrúa verði komið á og hefur um það samráð við þær deildir Háskóla Íslands sem annast kennslu, er því tengist, og aðra sérfróða aðila."

Þrátt fyrir þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að hvetja til og leiðbeina um þjálfun fyrir þá sem stunda heilbrigðisfræðslu, bæði kennara, áhugamenn og aðra en heilbrigðisfulltrúa. Rétt þykir að heilbrigðisfræðsluráð hafi forgöngu um slíkt.

Ágætt tímarit, Heilbrigðismál, er gefið út af Krabbameinsfélagi Íslands og sinnir því hlutverki að miðla fróðleik um heilbrigðismál og hollustuhætti til almennings. Til greina kemur að heilbrigðisfræðsluráð yrði aðili að útgáfu þessa tímarits eða tæki við útgáfu þess og ætti það að styrkja starfsemi þess.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir að fagleg vinna til undirbúnings heilbrigðisfræðslu um sérstök málefni sé unnin af sérfróðum aðilum í hvert sinn. Sömuleiðis verði leitað ráðgjafar sérfræðinga þegar með þarf. Þessum aðilum skulu greidd laun fyrir vinnu sína í samræmi við reglur þóknananefndar.

Um 7. gr.

Hlutverk heilbrigðisfræðsluráðs er fyrst og fremst að móta stefnu og ákveða forgangsröðun í málefnum heilbrigðisfræðslu og sjá til þess að heilbrigðisfræðslu sé sinnt. Heilbrigðisfræðsluráði er því fyrst og fremst ætlað að koma með hugmyndir og ákveða hvaða viðfangsefni í heilbrigðisfræðslu séu brýnust í hvert sinn. Ekki er reiknað með því að heilbrigðisfræðsluráð þurfi að funda oft á ári og eru störf fulltrúa í ráðinu ólaunuð en skulu vera þeim að kostnaðarlausu þannig að ferðir á fundi séu greiddar ef þurfa þykir.

Þó að störf heilbrigðisfræðsluráðs varði málaflokka sem snerta svið flestra ráðuneyta þykir eðlilegt að það heyri undir heilbrigðisráðherra sem skipar það til fjögurra ára í senn.

Vandasamt er að velja heppilegan fjölda fulltrúa í slíkt ráð en mikilvægt er að tryggja það að mörg ólík sjónarmið eigi aðgang að stefnumótun og ákvarðanatöku í þessum efnum. Til þess að tryggja slíka valddreifingu er nauðsynlegt að hafa þennan hóp fjölskipaðan.

Meginstarf við framkvæmd heilbrigðisfræðslu verður í höndum þriggja manna framkvæmdanefndar sem fulltrúar ráðsins velja úr sínum hópi og framkvæmdastjóra er ráðið velur einnig. Er þeim ætlað að fylgja eftir hugmyndum ráðsins.

Starfsemi ráðsins skal kostuð af ríkinu og fær framkvæmdanefnd greidd laun fyrir fundi og önnur störf sem unnin eru í þágu ráðsins. Ríkið greiðir einnig laun framkvæmdastjóra og annars starfsfólks ráðsins. Ljóst er að þörf fyrir heilbrigðisfræðslu er brýn og mikið starf óunnið á þeim vettvangi.

Ætla má að nokkurn tíma taki að byggja upp starfsemi heilbrigðisfræðsluráðs og er því óvíst hver umsvif þess verða í fyrstu. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir þeim kostnaði sem fylgja mundi stofnun heilbrigðisfræðsluráðs má taka mið af Rannsóknaráði ríkisins til samanburðar.

Rannsóknaráði ríkisins eru ætlaðar tæpar 9 milljónir króna á fjárlögum 1986. Þar starfa á skrifstofu 7 manns með framkvæmdastjóra. Auk launakostnaðar þeirra er innifalið í rekstrarkostnaði Rannsóknaráðs laun fyrir starfshópa, útgáfa skýrsla, upplýsingaþjónusta, fundahöld, erlend samskipti o.fl.

Búast má við að kostnaður við stofnun heilbrigðisfræðsluráðs verði a.m.k. helmingi minni en sú upphæð sem ætluð er til reksturs Rannsóknaráðs.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Rétt þykir að ráðið geri sjálft tillögur um það hvernig það hyggist starfa og sendi ráðherra þær.

Fylgiskjal I.

ALMA-ATA YFIRLÝSINGIN

Á fundi í Alma-Ata tólfta dag septembermánaðar nítján hundruð sjötíu og átta tjáir Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu, að þörf sé skjótra aðgerða til þess að vernda og bæta heilbrigði allra jarðarbúa, með þátttöku allra ríkisstjórna, allra þeirra er starfa að heilbrigðis- og þróunarmálum og alls samfélags þjóðanna og lýsir yfir eftirfarandi:

I.

Ráðstefnan staðfestir, að heilbrigði, sem er fullkomin líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan og ekki aðeins firrð sjúkdóma eða hrumleika, er frumréttur hvers manns. Ennfremur er staðfest, að mjög mikilvægt samfélagsmarkmið er að skapa sem allra best heilbrigðisástand og að slíkt markmið krefst aðgerða á mörgum sviðum efnahags- og félagsmála auk heilbrigðismálanna.

II.

Sá reginmunur, sem er á heilbrigðisástandi þjóða, einkum milli þróunar- og iðnríkja, svo og innan einstakra þjóðríkja, er stjórnmálalega, félagslega og efnahagslega óviðunandi og varðar þetta misræmi þar af leiðandi allar þjóðir sameiginlega.

III.

Efnahags- og félagsþróun, byggð á nýrri skipan alþjóðaefnahagsmála, hefur úrslitaþýðingu um heilbrigði til handa öllum mönnum og um það að minnka bilið milli heilbrigðisástands í þróunar- og iðnríkjum. Bætt heilsufar og heilsuvernd eru nauðsynlegur hluti áframhaldandi efnahags- og félagsþróunar meðal þjóða og stuðla að bættu mannlífi og heimsfriði.

IV.

Þegnar hvers ríkis eiga rétt á og eru skyldir, einir eða ásamt öðrum, að taka þátt í að skipuleggja eigin heilbrigðisþjónustu og að koma henni á.

V.

Ríkisstjórnir bera skyldu varðandi heilbrigði þegnanna og verður sú skylda aðeins rækt með fullnægjandi heilbrigðis- og félagsaðgerðum. Megin félagsmarkmið ríkisstjórna, alþjóðastofnana og samfélags þjóðanna skal á næstu áratugum vera, að árið 2000 hafi öllum þjóðum heims verið tryggt heilbrigðisástand, er geri þeim kleift að lifa frjóu lífi í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Heilsugæsla opnar leiðina að að þessu marki og er þáttur þróunar í anda félagslegs réttlætis.

VI.

Heilsugæsla er kjarni heilbrigðisþjónustu, byggð á hagkvæmum, vísindalegum og félagslega viðurkenndum aðferðum og tækni. Hún stendur til boða öllum þegnum hvers byggðarlags og fjölskyldum þeirra og gert er ráð fyrir þátttöku allra. Kostnaður miðast við það, að byggðarlagið og þjóðfélagið í heild geti staðið undir honum á öllum þróunarstigum, í anda sjálfsákvörðunarréttar og þess að vera sjálfum sér nægur. Heilsugæslan er óaðskiljanlegur hluti og þungamiðja heilbrigðisþjónustu hvers lands, svo og almennrar félags- og efnahagsþróunar byggða. Heilsugæslan er fyrsta stigið í samfelldri heilbrigðisþjónustu. Þar eru fyrstu tengsl einstaklinga, fjölskyldna og samfélags við heilbrigðiskerfið og þjónustan er veitt eins nærri vinnu- og bústöðum og kostur er.

VII.

Heilsugæsla

1. endurspeglar og mótast af efnahagsástandi, félags-, menningar- og stjórnmálaeinkennum hverrar þjóðar og hvers byggðarlags. Hún byggir á útfærslu raunhæfra niðurstaðna félags-, læknisfræði- og heilbrigðisþjónusturannsókna og á reynslu á sviði heilbrigðisfræðinnar;
2. tekst á við aðalheilbrigðisvandamál hverrar byggðar og í samræmi við það er stuðlað að bættu heilsufari og unnið að heilsuvernd, lækningum og endurhæfingu;
3. felur í sér hið minnsta: fræðslu um þau heilbrigðisvandamál, sem uppi eru á hverjum tíma og um aðferðir til þess að halda þeim í skefjum eða tiltækar eru til að leysa þau vandamál að fullu; að bæta mataræði og næringu; að tryggja heilnæmt drykkjarvatn, viðunandi frárennsli og förgun úrgangs; mæðra- og barnaeftirlit, ásamt fjölskylduráðgjöf; ónæmisaðerðir gegn helstu smitsjúkdómum; forvörn gegn og eftirlit með landlægum kvillum; viðeigandi meðferð algengra sjúkdóma, meiðsla og slysa; að nauðsynleg lyf séu tiltæk;
4. nýtir, auk heilbrigðisgeirans, öll þróunarsvið innan ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega að því er varðar jarðrækt, búfjárrækt, matvörur, iðnað menntun, húsnæði, opinberar framkvæmdir, samgöngu- og fjarskiptamál og gerir kröfu til samstillts átaks á öllum þessum sviðum;
5. krefst og stuðlar að hámarksþátttöku einstaklinga og byggða og krefst þess og stuðlar að því, að viðkomandi aðilar séu sem allra mest sjálfum sér nægir, hvort tveggja, varðandi áætlanagerð, skipulag, rekstur og stjórnun heilsugæslu, þar sem nýtt eru að fullu þau úrræði, er til boða standa á vegum sveitarfélags, ríkis, sem og annarra; í þessu skyni er séð fyrir viðeigandi menntun, sem stuðlar að því að byggðir geti rækt verkefni sín;
6. skal studd samhæfðu, virku og gagnkvæmu tilvísunarkerfi, sem leiðir til stigbættrar, alhliða heilbrigðisþjónustu, þar sem forgang hafa þeir, sem mesta hafa þörfina;
7. byggist á störfum heilbrigðisstarfsmanna: lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, annarra heilbrigðisstarfsmanna og starfsmanna á sviði félagsþjónustu, eftir því sem við á og byggir á alþýðulækningum, þar sem þörf er; starfsmenn skulu fá viðeigandi félags- og tækniþjálfun fyrir hópstarf og til þess að þeir fái svarað heilbrigðisþörfum byggðarinnar.

VIII.

Allar þjóðir skulu á landsvísu marka stefnu og gera áætlanir, er feli í sér að koma á og efla heilsugæslu og sé hún samhæfð við önnur svið og sé hluti alhliða heilbrigðisþjónustu. Í þessu skyni er nauðsyn stjórnmálalegs vilja, er nýtir tiltæk úrræði þjóðar og ytri aðföng á hagkvæman hátt.

IX.

Allar þjóðir skyldu starfa saman í anda þjónustu og samvinnu til þess að tryggja öllum þegnum heilsugæslu, þar sem heilbrigði allra í einu ríki varðar öll önnur ríki og kemur þeim til góða.

Í þessu tilliti er sameiginleg skýrsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Barnahjálparsjóðsins um heilsugæslu traust undirstaða frekari þróunar og útfærslu heilsugæslu um heim allan.

X.

Viðunandi heilbrigðisástandi allra jarðarbúa má ná árið 2000, ef nýtt eru að fullu um heim allan tiltæk úrræði, en nú er verulegum hluta þeirra varið í vopnabúnað og til hernaðarátaka. Raunveruleg stefna í átt til sjálfstæðis, friðar, slökunar og afvopnunar gæti leyst og ætti að leysa úr læðingi aukaúrræði, sem vel væri varið til friðsamlegra nota. Sérstaklega bæri að veita hæfilegum hluta þeirra til þess að stuðla að hröðun efnahags- og félagsþróunar, sem heilsugæslan er mikilvægur hluti af.

Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu hvetur til að sinnt verði brýnum og virkum ráðstöfunum meðal þjóða og á alþjóðavettvangi til þess að þróa og koma á heilsugæslu um heim allan og sérstaklega í þróunarlöndunum í anda tæknisamvinnu og í samræmi við nýja skipun alþjóðaefnahagsmála. Ráðstefnan skorar á ríkisstjórnir, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, Barnahjálparsjóðinn og aðrar alþjóðastofnanir, fjölþjóðleg samtök og félagasamsteypur, fjármögnunarstofnanir, alla heilbrigðisstarfsmenn og allt samfélag þjóðanna, að styðja hvers konar skuldbindingar við heilsugæslu og færa aukna tækni- og fjárhagsaðstoð yfir á þetta þjónustusvið, sérstaklega í þróunarlöndum. Ráðstefnan hvetur fyrrgreinda aðila til þess að taka höndum saman um að koma á, þróa og viðhalda heilsugæslu í samræmi við anda og efni þessarar yfirlýsingar.

Alþjóðaráðstefnan um heilsugæslu (The International Conference on Primary Health Care) var haldin 6.-12. september 1978 í Alma-Ata, Kazakh S.S.R. og var til hennar boðað af tveim stofnunum Sameinuðu þjóðanna: World Health Organization og United Nations Childrens Fund. Fundinn sátu fulltrúar eitthundrað þrjátíu og fjögurra ríkja og sextíu og sjö alþjóðastofnana og samtaka. Fulltrúar Íslands voru Páll Sigurðsson, Skúli G. Johnsen og Örn Bjarnason. Birtist hér þýðing þeirra.

Ný skipan alþjóðaefnahagsmála: New International Economic Order (NIEO).

Sameiginleg skýrsla heilbrigðismálastofnunar og barnahjálparsjóðs Sameinuðu þjóðanna (WHO/UNICEF): Primary Health Care. A joint report by The Director-General of the World Health Organization and The Executive-Director of the United Nations Children's Fund. (Presented at the ICPHC, Alma-Ata). Geneva-New York 1978. ISBN 92 4 154128 8.

Alma-Ata yfirlýsingin er birt í: Alma-Ata 1978. Primary Health Care. Report of the International Conference on Primary Health Care. Alma-Ata, USSR, 6-12 September 1978. WHO Geneva 1978. Health for all Series No. 1 ISBN 92 4 180001 1.

(Úr Læknablaðinu 69, 272—274, 1983.)

Fylgiskjal II.

Páll Sigurðsson

FORVÖRN OG GREINING LANGVINNRA SJÚKDÓMA OG EFTIRLIT MEÐ ÞEIM

Sammvinnuverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og nokkurra aðildarþjóða.

INNGANGUR

Langvinnir sjúkdómar hafa á síðustu árum orðið eitt aðalviðfangsefni heilbrigðisþjónustu þróaðra landa. Vonir stóðu til, að viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar yrðu færri, þegar valdi væri náð á smitsjúkdómum, en sú hefur ekki orðið raunin. Hjá þjóðum eins og okkur hafa í stað smitsjúkdómanna komið í vaxandi mæli aðrir sjúkdómar, svo sem hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, lungnasjúkdómar, gigtsjúkdómar og slys, sumir í raun eins og faraldrar, þegar til lengri tíma er litið.

Um árabil hafa menn hugað að varnaraðgerðum gegn hverjum sjúkdómi fyrir sig og heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) hefur haft forgöngu um slík verkefni, t.d. um hjartasjúkdóma og krabbamein. Hjá okkur þekkjum við þetta sama fyrirkomulag: Krabbameinsfélögin hafa einbeitt sér að illkynja sjúkdómum, greiningu, leit og skráningu; Hjartavernd að hóprannsóknum með tilliti til hjartasjúkdóma; gigtarfélögin að meðferð gigtsjúkdóma og svo mætti lengi telja.

Innan vébanda Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) hefur þeirri skoðun vaxið fylgi á allra síðustu árum, að eigi að nást árangur að ráði við að afstýra þessum sjúkdómum, verði að ráðast að rótum þeirra og taka meira tillit til þess en hingað til, hvað þeir eiga af sameiginlegum orsökum. Orsakir þeirra eru að vísu mjög margþættar og oft alls ekki þekktar. Hins vegar hafa menn smám saman orðið sammála um, að ákveðnir áhættuþættir séu þeim sameiginlegir og sérstakir áhættuþættir séu til fyrir nokkra sjúkdóma.

Um 1950 var því fyrst hreyft innan WHO að skynsamlegt væri að setja upp verkefni, þar sem reynt yrði að ráðast gegn mörgum sjúkdómum samtímis. Ekki varð þó af framkvæmdum, en málið var endurvakið og síðustu 5-6 ár hefur það verið í sviðsljósinu og nokkrir vinnuhópar og fundir fjallað um málið af hálfu WHO. Hjá stofnuninni er málið nú á því stigi, að ákveðið hefur verið að bjóða átta þjóðum að taka þátt í verkefni af þessu tagi og Ísland er eitt þeirra landa, sem fengið hafa slíkt boð.

VERKEFNIÐ

er í höndum svæðisskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (World Health Organization, Regional Office for Europe) í Kaupmannahöfn. Skrifstofunni er skipt í deildir: Stjórnun og fjármál, heilbrigðisskýrslur og tölfræði, rannsóknir og áætlanir, umhverfisheilsuvernd, þróun heilbrigðisþjónustu og að lokum *forvarnarstarf og eftirlit með sjúkdómum* og fjallar sú deild um verkefnið.

Lengi vel voru langvinnir sjúkdómar allir í einum flokki hjá WHO/EURO. Síðustu ár hefur þetta breyst og krabbamein fékk sérstakan umsjónarmann 1979 og slys 1981. Nú eru í áðurnefndri deild sérstakir stjórnendur, sem fjalla um langvinna sjúkdóma (þar undir hjartasjúkdómar), krabbamein, geðsjúkdóma, tannsjúkdóma og slys.

Áður en lengra er haldið, er rétt að geta þess, hvað sérstaklega hefur þótt áhugavert í þessum flokkum hingað til og hvað er á dagskrá hjá WHO/EURO.

1.1 Hjartasjúkdómar

Aðalverkefni nú:

1.1.1. Að auka þekkingu á tengslum umhverfismála og hegðunar einstaklinga og þróunar ýmissa langvinnra sjúkdóma, þ.á m. hjartasjúkdóma.

1.1.2. Að meta þá tækni í skurð- og lyflæknisfræði, sem getur haft auka- og hliðarverkanir.

1.1.3. Að kanna þau forvarnar-eftirlitskerfi, sem tiltæk eru og eftirsóknarverð þykja.

Þau eftirlitskerfi og verkefni, sem nú eru á stokkunum fyrir tímabilið 1983 til 1985 eru:

Að kanna gang hjartasjúkdóma og forvörn gegn þeim,

að kanna þróun eftirlitskerfa,
að meta þróun og framfarir í greiningu og meðferð,
að skilgreina og kanna hegðunar- og umhverfisþætti,
að vinna að matsaðferðum á gildi greiningaraðferða og læknismeðferðar.

1.2. Krabbamein

Á Evrópusvæðinu eru upplýsingar um dánartölur góðar, en af skornum skammti um sjúkdómatíðni. Engar upplýsingar eru um þjáningar eða fjárhagstjón, enda erfitt að meta. Eftirlitskerfi með krabbameini er betra í Evrópu en á öðrum svæðum WHO. Víðast virðist bilið aukast milli getu til forvarnarstarfs og meðferðar, þegar sjúkdómur hefur greinst.

Síðustu fimm ár hefur starfið beinst að eftirfarandi þáttum:

1.2.1. Könnun á menntun þeirra, sem annast krabbameinsmeðferð.

1.2.2. Þjónustu við börn, sem fá krabbamein.

1.2.3. Mat á reynslu þjóða af krabbameinsleit í leghálsi.

1.2.4. Þróun krabbameinsleitarstöðva og tengsl þeirra við heilsugæslu.

1.2.5. Notkun meðferðarkerfa við krabbameinsmeðferð (Model health care programme).

Verkefni þessa árs eru aðallega: Mat á eftirlitskerfum einstakra þjóða og um mat á félagslegum og sálrænum áhrifum krabbameinsleitar og -eftirlits.

1.3 Slysavarnir

Þau verkefni, sem nú eru á dagskrá hjá þessari deild, hafa fyrst og fremst tekið til eftirfarandi atriða:

1.3.1. Hlutverk heilbrigðisþjónustunnar í forvörn gegn umferðarslysum.

1.3.2. Samband milli umferðaslysa og heilbrigðis almennt.

1.3.3. Afstýring umferðarslysa hjá áhættuhópum.

1.3.4. Menntun og upplýsingastreymi.

Verkefni sem eru framundan: Landsáætlanir til varnar gegn umferðarslysum og slysum af

Tafla I. *Fyrirkomulag varna og eftirlits.*

	Varnaraðgerðir		
Sjúkdómar	Fyrsta stig	Annað stig	Þriðja stig
Hjarta- og æðasjúkdómar	Reykingavarnir Fæðuval	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Illkynja sjúkdómar	Reykingavarnir Fæðuval Mengunarvarnir	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Sykursýki	Fæðuval	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Lungnasjúkdómar	Reykingavarnir Mengunarvarnir Ofnæmisvarnir	Finna og lækna áhættuhópa	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Slys	Upplýsingar Kennsla Slysavarnir	Finna áhættuhópa Slysameðferð	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Meðfæddir gallar	Vita um lyf og efni sem valda fósturskaða. Erfðakönnun	Fósturgreining	Hindra að ástand versni. Endurhæfing
Tannsjúkdómar	Uppeldi Kennsla Flúorgjöf	Tannvernd	Hindra að ástand versni
Geðsjúkdómar og félagslegir kvillar	Fjölskylduáætlanir	0	Endurhæfing
Heila- og taugasjúkdómar	0	0	Endurhæfing
Bæklunarsjúkdómar	0	0	Endurhæfing
Augn- og eyrnasjúkdómar	Ónæmisaðgerðir	Finna og lækna áhættuhópa	Endurhæfing

öðru tagi. Skipulag meðferðar slasaðra. Þjálfun eftirlitsaðila í afstýringu slysa.

1.4 Geðsjúkdómar

Hjá WHO hafa farið fram einstakar kannanir á þjónustu við geðsjúka s.l. tíu ár en forvarnarstarf er lítt þekkt. Talið er, að mjög fá svið geð- og taugasjúkdóma séu þess eðlis, að það starf nýtist, sem á að miða að því að afstýra þessum sjúkdómum. Undir geðsjúkdóma koma hér að nokkru leyti áfengis- og lyfjaofnotkun, en að nokkru leyti eru þetta sérstök verkefni.

1.5. Tannsjúkdómar

Forvörn felst fyrst og fremst í uppeldi og upplýsingum um matarvenjur og tannhirðu. Lögð er áhersla á skipulag tannlæknaþjónustu og flúormeðferð sem skipulagðri varnaraðgerð.

ÁHÆTTUÞÆTTIR

Á fundum WHO, sem hafa verið haldnir um langvinna sjúkdóma, hefur síðustu 4-6 ár verið rætt um sérstaka og sameiginlega áhættuþætti, sem valdið gætu þessum sjúkdómum. Hér er um að ræða marga þætti og hefur málið verið athugað frá ýmsum sjónarhornum:

Í töflu I er lýst fyrirkomulagi varna og eftirlits. Rannsóknir varðandi alla þessa sjúkdóma beinast að orsök og árangri meðferðar. Í

Tafla II. *Nokkur dæmi um forvörn, eftirlit og meðferð.*

	Löggjöf	Heilbrigðisþjónusta	Hegðunarbreyting
Fyrsta stig	Skattur: Tóbak, áfengi sælgæti. Varnaðarorð á söluvöru og auglýsingabann Mengunarvarnir Flúornotkun	Upplýsingar Heilbrigðisfræðsla	Reykingar Áfengisofnot Fæðuval Þjálfun
Annað stig	Lög og reglur um heilbrigðismál og skyld mál (aldraða, fatlaða, vinnuvernd, tryggingar)	Leit að: Háþrýstingi, sykursýki, krabbameini, fóstursköðum.	Fara að ráðum heilbrigðisstarfsfólks um heilbrigðara líferni
Þriðja stig	Reglur um fyrirkomulag og skipulag heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu	Meðferð Endurhæfing	Þekkja takmörk og tilgang meðferðar

Tafla III. *Forvarnarstarf og framkvæmdaaðilar.*

Vettvangur	Sjúkdómar	Aðili
I. Hátterni Hegðun		
Tóbak — Áfengi Mataræði — Þjálfun	Hjarta-, lungna- lifrar- og illkynja sjúkdómar og sykursýki	1/2/3*
II. Sérhópar		
Kyn/aldur ø + 0/30 + Þyngd, blóðþrýstingur, þvagsykur 0/35 +	Hjartasjúkdómar, heilablæðing, sykursýki	2
Leghálsskoðun	Leghálskrabbi	2
III. Verðandi mæður		
Fósturskoðun	Meðfæddir gallar	2
IV. Sérstakir starfshópar		
Vinnuaðstaða og umhverfi	Hjarta-, lungna-, gigt- og illkynja sjúkdómar, slys	1/2/3
V. Lög og reglur		
Loft, vatn, matvæli, húsnæði, umferð, tóbak, áfengi	Hjarta-, lungna-, tann- og illkynja sjúkdómar, slys	1

*) 1 = Löggjöf 2 = Heilbrigðisþjónusta 3 = Einstaklingar (Hegðunarbreytingar).

næstu töflu eru sýnd dæmi um forvörn, meðferð og eftirlit. Í þriðju töflu er fjallað um forvarnarstarf og framkvæmdaaðila.

Í október 1982 var haldinn fundur í WHO/EURO, þar sem öll fyrirliggjandi gögn voru tekin til endurskoðunar. Á þessum fundi var greinarhöfundur skýrsluritari (rapporteur).

Hópurinn tók sér fyrir hendur að setja nýjar viðmiðunarreglur og tók 12-17 áhættuþætti og tengdi þá sjúkdómum. Í töflu IV eru tengdir saman áhættuþættir og aðgerðir og í fimmtu töflu er fjallað um verkefnaskiptingu milli heilbrigðis- og félagsþjónustu og annarra aðila, samanber og lið 3.4 hér á eftir. Í sjöttu töflunni er fjallað um svið aðgerða.

Niðurstaða þessa vinnuhóps var ótvírætt, að þeir þættir, sem hefðu mest áhrif á heilsufar væru: Reykingar, áfengi, fæðuval, offita, umhverfisþættir og starfsumhverfi. Hópurinn var sammála um, að reykingar, áfengisneysla, mataræði, offita og lyfjaát eru mikilvægir þættir, þegar rætt er um hjartasjúkdóma, heilablóðfall, krabbamein, slys, geðsjúkdóma og sykursýki. Ennfremur að sérstök starfsemi, sem beint er gegn þessum þáttum, sé líkleg til að skila árangri, þegar til langs tíma er litið.

MEGINPÆTTIR SAMHÆFÐS VERKEFNIS

2.1. Tilgangur

Að bæta heilsufar með forvörn gegn langvinnum sjúkdómum.

2.2 Markmið

Að gera þjóðum innan WHO kleift að koma á samvirkri starfsemi til þess að afstýra sjúkdómum, greina þá snemma og minnka jafnframt áhættuþætti og draga þannig úr fötlun, sjúkleika og dauðsföllum vegna hjartasjúkdóma, heilablæðinga, krabbameins, slysa, geðsjúkdóma og sykursýki. Jafnframt skal kappkostað, að heilsugæslukerfið taki upp þá þætti, sem nauðsynlegir verða og eru í þess verkahring.

2.3 Sérstök markmið

2.3.1. Að samhæfa aðgerðir til þess að afstýra og draga úr langvinnum sjúkdómum. Til þess þarf að setja á laggirnar kerfi aðgerða og verkefna.

2.3.2. Að setja upp upplýsingakerfi, skráningarkerfi og sérstakt kerfi heilsufarsstaðla.

2.3.3. Að kveða á um áhrif sérstakra áhættuþátta.

Tafla IV. *Áhættuþættir og aðgerðir, sem álitið er að geti haft áhrif.*

Áhættuþættir	Aðgerðir: Kynning Fræðsla	Löggjöf	Skipuleg leit	Meðferð
Reykingar ...	+	+	+	+
Mataræði ...	+	+	+	○
Offita	+	○	+	+
Áfengi	+	+	+	+
Lyf	+	+	+	+
Umhverfi ...	+	+	+	+
Starf	+	+	+	+

+ = Mögulegt að hafi áhrif,
○ = Ólíklegt að hafi áhrif

Tafla V. *Aðilar aðgerða og áhrif aðgerða.*

Áhættuþættir	Heilbrigðis- og félagsleg þjónusta	Aðrir aðilar, sem þátt eiga í aðgerðum*
Reykingar	+ + +	+ + +
Mataræði	+ +	+ +
Offita	+ + +	○
Áfengi	+ + +	+ + +
Lyf	+ +	+ +
Umhverfi	+	+ + +
Starf	+	+ +

*) Sjá lið 3.4 í textanum: Verkaskipting aðila.

Tafla VI. *Svið aðgerða.*

Áhættuþættir	Einstaklingur	Fjölskylda	Sveitarfélag	Land	Samvinna þjóða
Reykingar	+ + +	+ + +	+ + +	+ + +	+ + +
Mataræði	+ + +	+ + +	+ +	+	+
Offita	+ + +	+ +	?	?	?
Áfengi ...	+ + +	+ +	+ +	+ +	+
Lyf	+ + +	+ +	+ +	+ +	+
Umhverfi	+	+	+ +	+ + +	+ +
Starf	+ +	+	+ +	+ + +	+

2.3.4. Að þróa samvirka starfsemi til menntunar og almennra upplýsinga um varnir gegn áhættuþáttum og þar með gegn langvinnum sjúkdómum.

2.3.5. Að stuðla að rannsóknum á langvinnum sjúkdómum, eftirliti með þeim og forvörn gegn þeim.

2.3.6. Að meta árangur þessa starfs.

2.4 Framkvæmd forvarnarstarfs

Stefnt er að því að nýta þá starfsemi, sem þegar er skipulögð, einkum heilsugæslu og útvíkka hana. Nokkra verkþætti ber að nefna sérstaklega:

2.4.1. Að finna áhættuhópa og leita aðgerða til varna. Áhætta er mismikil milli aldurs og kynhópa, svo sem barna vegna slysa, miðaldra karla vegna hjartasjúkdóma og krabbameins miðaldra kvenna vegna krabba og aldraðra vegna slysa og geðsjúkdóma.

2.4.2. Að skilgreina hegðunar- og persónuþætti. Hér er um að ræða reykinga-, drykkju- og matarvenjur einstaklinga og hvernig við skuli brugðist. Lífstíl einstaklinga og hópa þarf að endurskoða og beina á hollari brautir sé þess þörf og gera hvern einstakling sér fyllilega meðvitandi um áhættuþætti, sem geta haft áhrif á heilsu hans.

2.4.3. Að skilgreina umhverfisþætti, sem hafa eða geta haft áhrif á langvinna sjúkdóma.

2.4.4. Að endurskoða leitarkerfi vegna sjúkdóma til þess að finna og lækna sjúkdóma á frumstigi og byrjunarstigi. Leit þarf að skipuleggja til að finna á frumstigi sjúkdóma eins og háþrýsting, krabbamein, sykursýki, svo og áhættuþætti svo sem reykingar, áfengisofnot og offitu.

2.4.5. Að byggja upp eftirlitskerfi.

2.4.6. Að bæta meðferðarkerfi.

VERKEFNIÐ OG FRAMKVÆMD ÞESS

3.1. Áður en farið verður af stað með verkefnið, þurfa þær þjóðir, sem taka þátt í því, að gera grein fyrir stöðu mála hjá sér, svo eftir á verði hægt að meta, hvað áunnist hefur. Upplýsingar af ýmsu tagi þurfa að vera fyrir hendi, svo sem almennar upplýsingar um þjóðina, landið og þjóðfélagið:

3.1.1. Saga, landafræði, loftslag.

3.1.2. Þjóðfræði, dreifing mannfjölda.

3.1.3. Atvinna.

3.1.4. Menntun.

3.1.5. Félags- og efnahagsaðstoð.

3.1.6. Heilbrigðisástand: Lífslíkur, dánartölur, fæðingartölur, barnadauði, dauði af sérstökum sjúkdómum, sjúkdómatíðni.

3.1.7. Skipulag heilbrigðisþjónustu: Heilsugæsla, sjúkrahús, ónæmisreglur, mæðra- og ungbarnaeftirlit, leitarkerfi (krabbi, berklar, sykursýki, annað), heilbrigðisfræðsla.

3.1.8. Heilbrigðisstarfslið, fjöldi, starfsstéttir.

3.2 Ábyrgðaraðili

Gert er ráð fyrir, að heilbrigðismálaráðherra sé ábyrgur fyrir verkefninu, en önnur ráðuneyti og stofnanir verði meðvirk. Líklegt er, að ráðherra kjósi að setja á laggir *samvinnunefnd,* sem yrði samsett á mismunandi vegu eftir skipulagi heima fyrir. Hjá okkur þarf a.m.k. að virkja eftirtalda aðila í slíka nefnd: Yfirvöld fjármála, menntamála, samgöngumála og landbúnaðar, starfslið í heilbrigðisþjónustu og kennarasamtök, starfslið fjölmiðla og aðila vinnumarkaðarins. Ennfremur samtök svo sem: Íþrótta- og skátafélög, neytendasamtök, kirkjufélög og félög áhugafólks um heilbrigðismál.

Verkefni samvinnunefndar verða:

að setja aðalreglur um starfið,
að setja aðalmarkmið og sérstök undirmarkmið
að samhæfa starf hinna ýmsu aðila.

3.3 Framkvæmdastjórn

Nauðsynlegt mun reynast fyrir ráðuneytið að setja þessu verkefni sérstakan framkvæmdastjóra til þess sjá um dagleg verkefni og eftirlit Hagkvæmast er, að hann sé læknismenntaður og verði yfirlæknir starfandi í ráðuneytinu.

Eftirtalin atriði eru á verkefnaskrá framkvæmdastjóra:

Semja framkvæmdaáætlun í smáatriðum, samhæfa starfsemi hinna ýmsu aðila, sem að málunum vinna, samhæfa landsáætlun vegna WHO, fylgjast með að framkvæmd sé í samræmi við áætlun og leiðbeina um framkvæmd, vera tengiliður við WHO, safna gögnum um starfið og meta árangur.

3.4 Verkaskipting ýmissa aðila

3.4.1. Heilbrigðisyfirvöld: Ábyrgð á landsáætlun um verkefnið og framkvæmd þess, kanna það upplýsingaflæði, sem nú er og hvernig það nýtist til skráningar þeirra upplýsinga, sem krafist er af WHO og til mats á verkefni. Viðræður við starfslið í heilbrigðisþjónustu um verkefnið. Viðræður við menntamálayfirvöld og skólastjórnendur um breytingar eða viðbætur við námsskrár til að koma til móts við kynningu í anda verkefnisins. Taka ávörðun um, hver beri ábyrgð á framkvæmd hinna ýmsu starfsþátta innan heilsugæslunnar og gera samninga við stofnanir um framkvæmd tiltekinna verkþátta (t.d. krabbameinsfélög, Hjartavernd). Skipuleggja sjónvarpsþætti um forvarnarstarf, aðallega upplýsingar um áhættuþætti. Semja efni fyrir blöð og útvarp. Gangast fyrir ráðstefnum og kynningarfundum meðal starfsliðs og almenn-

ings. Koma á hollum neysluvenjum og umgengnisvenjum á sjúkrahúsum og heilbrigðisstofnunum (mataræði, reykingar).

Slysavarnir og meðferð slasaðra. Umhverfisvernd (hreint vatn, hreint loft), matvælaeftirlit, merking vöru, aukefni.

3.4.2. Landbúnaðar-, verslunar- og iðnframleiðsluyfirvöld: Reglur um framleiðslu neysluvöru (t.d. fituinnihald).

3.4.3. Menntamálayfirvöld: Koma samræmdum upplýsingum um eigin ábyrgð á heilsufari í námsskrár grunnskóla. Endurskoða námsskrár með tilliti til heilbrigðisfræðslu. Leita annarra leiða til að koma vitneskju um holla lifnaðarhætti til barna og unglinga. Gera foreldrum grein fyrir ábyrgð þeirra á að byggja upp heilbrigðar venjur barna og á því fordæmi, er þeir skapa.

3.4.4. Fjármálayfirvöld: Fjármálaaðgerðir, sem hafa áhrif á neyslu, svo sem sköttun á tóbaki, áfengi, sælgæti og gosdrykkjum og niðurgreiðslu á hollum vörum, t.d. brauðmeti, fitulitlum mjólkurmat, fersku grænmeti og ávöxtum.

3.4.5. Félags- og samgöngumálayfirvöld: Hollur vinnustaður, vegagerð, sjóslys, flugslys.

3.4.6. Dómsmálayfirvöld: Ökuréttindi, viðurlög við ölvun við akstur, eftirlit ökutækja, bílbelti.

3.4.7. Aðrir aðilar með sérstök verkefni: Fjölmiðlar. Ýmis áhugamannafélög. Stéttarfélög. Kirkjufélög.

3.5 Mannafli

Í upphafi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir mannaflaþörf vegna þessa verkefnis. Mannaflaþörf mun verða mismikil eftir skipulagi heilsugæslustarfs í hverju landi. Hjá okkur verður að kanna rækilega, hvort heilsugæslustöðvar geta tekið að sér þetta verkefni án þess að bæta við verulegum mannafla. Íhuga þarf einnig, hvort hentugt sé, að stjórn heilsugæslustöðvar eða sérstök verkefnisstjórn annist umsjón heima fyrir.

Ég hef talið, að stjórnaraðilar, þ.e. framkvæmdastjóri með læknismenntun og hjúkrunarfræðingur með heilsugæslumenntun, ásamt ritara, yrði það starfslið, sem í byrjun yrði ráðið og ekki þyddi að hefja verkefnið, nema heimild fengist fyrir þessu starfsliði.

GAGNAÖFLUN OG MAT ÁRANGURS

Í áætlun WHO er mikil áhersla lögð á að afla upplýsinga um árangur, til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir gagnsemi eða gagnsleysi verkefnisins. Til þess að þetta verði hægt þarf frá byrjun að skipuleggja ákveðna gagnaöflun. Allir gera sér þó ljóst, að breytingar á tíðni langvinnra sjúkdóma gerast hægt, þannig að 5-10 ár geta liðið áður en vissa er fyrir árangri. Þó er hægt að fá upplýsingar um breytta hegðun og breytingar á venjum með sérstökum hóprannsóknum og þannig hægt að vita um einstök og sérstök atriði og tilhneigingar.

Vert er að gera sér ljóst, að ekki er gert ráð fyrir neinum viðmiðunarhópi til að gera samanburð við, þannig að viðmiðun verður einkum við ástand einstakra þátta eins og þeir voru fyrir upphaf verkefnis.

STAÐA MÁLSINS NÚ

4.1. Samningsuppkast liggur fyrir milli WHO/EURO og hverrar þjóðar fyrir sig.

4.2 Austur-Þýskalandi, Búlgaríu, Finnlandi, Íslandi, Júgóslavíu, Litháen, Möltu og Ungverjandi hefur verið boðið að taka þátt í verkefninu.

4.3. Fundir með þátttökuþjóðunum voru haldnir í júní 1983:

Vikufundur um stjórnun og áætlanagerð fyrir þá, sem stjórna verkefni í hverju landi, þriggja daga fundur, þar sem ræddar voru áætlanir þjóðanna um framkvæmd og tveggja daga fundur um aðild fjölmiðla að verkefninu.

4.4. Langt er komið gerð leiðbeininga til þjóðanna, hvernig þær standi að undirbúningi og hvaða grunnupplýsingar um ástand heima fyrir þurfi að leggja fram í upphafi starfsins.

4.5. Yfirstjórn verkefnisins er sameiginleg milli Genfar og Hafnar og er þegar til sérstök stjórnarnefnd verkefnisins, bæði fyrir Evrópusvæðið og að því er varðar fjölþjóðasamvinnu.

4.6. Í Höfn er verkefnið undir stjórn deildarstjóra þess, er fjallar um langvinna sjúkdóma, en ráðgert er að sérstakur verkefnisstjóri taki við, þegar fram í sækir, sennilega í byrjun árs 1984.

LOKAORÐ

Í stuttu máli hef ég reynt að gera grein fyrir nýju verkefni, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin býður nokkrum þjóðum að fara af stað með. Ýmislegt er enn óljóst um framkvæmd og fyrirhugað fyrirkomulag. Hinu má ekki gleyma, að hugmyndin er fram komin vegna þess, hve menn standa varnarlausir og máttvana gagnvart skæðustu sjúkdómum nútímans. Þetta verkefni er tilraun til nýs átaks og

öðrum aðferðum verður beitt en áður hafa verið reyndar. Hvort tilraunin gefur árangur getur aðeins tíminn leitt í ljós, en reynist það vera, hafa þær þjóðir, sem taka þátt í tilrauninni, fengið um 10-15 ára forskot.

HEIMILDIR

1. Report on a WHO Meeting Copenhgen 4.-8. Oct. 1982 (ICP/CVD 018 (8)). WHO/EURO.
2. Report on a WHO Meeting Geneve 25.-28. OCT. 1982. (NCD/83.1). WHO/GENEVE.
3. Jackson, RH. Aspects of the Preventation of Noncommunicable Diseases Including Accidents. (ICP/CVD 018 (8) 16, Rev. 1.) WHO/EURO.
4. Sigurðsson P. Guidance for Protocol for Country-wide Integrated Programme for the Prevention and Control of Noncommunicable Diseases. (ICP/CVD 018 (11) (12) (13) (16)) WHO/EURO.
5. Tuomiletho J. Information, Systems and Monitoring and Evaluation Methods in Country-wide Integrated Programmes for the Prevention and Control af Noncommunicable Diseases. (ICP/CVD 018 (12) 7) WHO/EURO.

(Úr Læknablaðinu 69, 217—223, 1983.)

Ed. 750. Frumvarp til laga [406. mál]

um lágmarkslaun.

Flm.: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

1. gr.

Óheimilt er að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 dagvinnustundir á viku en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings skv. mánaðarlegum útreikningi Hagstofu Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til útreikningur framfærslukostnaðar einstaklings liggur fyrir skulu grunnlaun ekki vera lægri en 30 þús. kr. á mánuði fyrir 40 dagvinnustundir á viku og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Greinargerð.

Samkvæmt nýgerðum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins hækka lægstu laun hér á landi úr 16 930 kr. á mánuði í 19 236 á samningstímanum. Samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands á meðaltalsframfærslukostnaði má áætla að framfærslukostnaður hvers einstaklings sé nú um 30 þús. kr. á mánuði. Slíkt ósamræmi milli launa og framfærslukostnaðar hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir þá sem í hlut eiga, enda er nú komið á daginn að umtalsverður fjöldi fólks eða nálægt fjórða hver fjölskylda hér á landi býr við afkomu sem telst undir fátæktarmörkum. Slíkt ástand er ekki með nokkru móti verjandi í íslensku velferðarþjóðfélagi og því er þetta frv. flutt.

Í frv. er gengið út frá því að það sé siðferðilegur réttur hvers vinnandi manns að geta framfleytt sér af afrakstri fullrar dagvinnu. Markmið þess er að koma í veg fyrir að fólk beri minna úr býtum fyrir fulla vinnu en sem nægir til að sjá sér farboða. Frv. tekur aðeins til þeirra sem hafa laun undir 30 þús. kr. á mánuði, þ.m.t. til mikils hluta útivinnandi kvenna, en það hreyfir ekki við launum sem hærri eru en 30 þús. kr. á mánuði.

Frv. er í raun neyðarráðstöfun þar sem það á að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu. Þegar aðilar vinnumarkaðarins sinna ekki þessu hlutverki sínu og neyðarástand skapast á mörgum heimilum landsins getur Alþingi hins vegar ekki setið hjá aðgerðarlaust. Því er hér lagt til að Alþingi tryggi þann *lágmarksrétt* hvers vinnandi manns að geta framfleytt sjálfum sér með fullri dagvinnu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að óheimilt sé að greiða lægri grunnlaun fyrir 40 stunda dagvinnu á viku en sem nemur framfærslukostnaði einstaklings skv. útreikningi Hagstofu Íslands.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sérstakur útreikningur á framfærslukostnaði einstaklings er ekki fyrir hendi en Hagstofa Íslands vinnur nú að nýrri neyslukönnun þar sem gert er ráð fyrir að hann verði reiknaður sérstaklega. Mun sá útreikningur væntanlega liggja fyrir í lok þessa árs. Framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar (3,66 manns) er nú 81 050 kr. á mánuði. Út frá því má áætla að framfærslukostnaður einstaklings sé um 30 þús. kr. á mánuði. Því er lagt til að miðað verði við þá upphæð þar til hinn nýi útreikningur framfærslukostnaðar verður tilbúinn og að þessi upphæð breytist í samræmi við breytingar á framfærslukostnaði vísitölufjölskyldunnar.

Sþ. 751. Skýrsla [407. mál]

Matthíasar Á. Mathiesen, utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985-86.)

Ráðherraskipti urðu í utanríkisráðuneytinu 24. janúar s. l. Ég tók þá við embætti utanríkisráðherra af Geir Hallgrímssyni, sem gegnt hafði embættinu frá því að núverandi ríkisstjórn tók við völdum 26. maí 1983, eða í rúm tvö og hálft ár. Við ráðherraskiptin lýsti ég yfir óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum. Sú stefna kemur fram í yfirlýsingu stjórnarflokkanna um utanríkismál, sem hér fer á eftir:

> Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m. a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.
>
> Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.
>
> Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar og réttindi landsins á hafsbotnssvæðunum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila.

Þá lýsti ég því yfir, að áfram yrði haldið því frumkvæði Íslendinga í öryggis- og varnarmálum, sem hafist var handa um í tíð forvera míns. Við ráðherraskiptin gerði ég jafnframt grein fyrir nokkrum þeim verkefnum, sem ég hygðist beita mér fyrir í störfum mínum í utanríkisráðuneytinu, sérstaklega að því er varðar þjónustu vegna útflutnings. Mér þykir eðlilegt að víkja að helstu atriðunum í upphafi þessarar skýrslu.

Í fyrsta lagi tel ég rétt, að sendiráðin verði efld til að sinna í auknum mæli viðskiptahagsmunum Íslendinga erlendis. Í samvinnu og samráði við viðskiptaráðuneytið og hið fyrirhugaða Útflutningsráð Íslands verði gert átak í kynningar- og markaðsmálum, þar sem sendiráð Íslands gegni mikilsverðu hlutverki. Utanríkisþjónustan verði aðlöguð stefnuatriðum, sem fram koma í stjórnarfrumvarpi um hið fyrirhugaða Útflutningsráð og ráðnir verði sérstakir viðskiptafulltrúar við það sendiráð, sem þurfa þykir. Utanríkisráðu-

neytið hafði áður hafið samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins um markaðsfulltrúa erlendis.

Í öðru lagi verði unnið að mörkun framtíðarstefnu gagnvart mjög auknu stjórnmálalegu og efnahagslegu samstarfi ríkja Efnahagsbandalags Evrópu. Sérstaklega þarf að kanna frekara samstarf Íslands og EBE um viðskiptamál þar sem hliðsjón verði höfð af yfirlýsingu EBE og EFTA-landanna í Luxembourg í apríl 1984. Fyrsta skref í þá átt er að efla skrifstofu fastafulltrúa okkar hjá Evrópubandalaginu. Nauðsynlegt er af viðskiptaástæðum að fylgjast mjög náið með málefnum bandalagsins af hálfu okkar Íslendinga, en helmingur utanríkisviðskipta okkar er nú við bandalagið eftir að Spánn og Portúgal hafa gerst aðilar að því.

Í þriðja lagi verði gerð sérstök athugun á fyrirkomulagi utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar í Asíu og með hvaða hætti auka megi viðskipti okkar þar. Japansmarkaður er nú þegar þýðingarmikill markaður fyrir íslenskar afurðir og framleiðslu og þar eru taldir vera miklir framtíðarmöguleikar. Sama máli gæti einnig gegnt um fleiri ríki í Asíu. Einnig er horft til aukins samstarfs við Japani á sviði orkuvinnslu og hátækni.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa hernaðar- og öryggismál sett sterkan svip á umræður um alþjóðamál. Hin síðustu ár hafa þó alþjóðaefnahagsmál rutt sér æ meir til rúms sem mikilvægur þáttur alþjóðamála. Efnahagsástand í heiminum hefur ekki aðeins áhrif á afkomu einstakra ríkja, heldur tengjast efnahags- og öryggismál margvíslegum og órjúfanlegum böndum. Utanríkisviðskipti eru snar þáttur alþjóðaefnahagsmála. Mikilvægur þáttur í starfsemi utanríkisþjónustunnar á næstu árum verður fjölþætt markaðssókn í samvinnu við aðra aðila, svo og hagsmunagæsla vegna nýrra og breyttra viðhorfa.

Ég gat þess, að frumkvæði Íslendinga í öryggis- og varnarmálum hefði aukist í tíð forvera míns. Í eðlilegu framhaldi þess hef ég lagt til í ríkisstjórninni, að gerð verði úttekt á „innra öryggi" þjóðarinnar. Þar er öðru fremur átt við varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, svo og gegn ólöglegri upplýsingastarfsemi. Fyrirbyggjandi ráðstafanir gegn slíkum verkum þarf að gera, svo og áætlanir um viðbúnað ef slík mál koma upp. Sú tillaga, sem ríkisstjórnin hefur nú til meðferðar, felur í sér skipun nefndar til að meta stöðu þessara mála. Nefndinni er ætlað að skila tillögum um hvernig yfirstjórn og samræmingu ráðstafana til eflingar innra öryggis skuli fyrir komið í stjórnkerfinu, hvert skuli vera verksvið hvers þeirra aðila er sinna þessum málum, svo og að meta þörfina á sérstökum reglum um samskipti embættismanna og annarra opinberra starfsmanna við erindreka erlendra ríkja.

Skýrsla sú, er hér fer á eftir, skiptist í meginatriðum í tvennt. Í fyrsta lagi er fjallað um alþjóðleg málefni, þar sem fyrst er gerð grein fyrir einstökum alþjóðamálum, þá alþjóðlegum samtökum og svæðasamvinnu, sem Íslendingar eiga aðild að, og loks málefnum fjarlægra heimshluta. Í öðru lagi er lýst nærtækari hagsmunum og tvíhliða samskiptum Íslendinga og annarra þjóða, þ. e. í köflunum um þróunarsamvinnu, hafréttarmál, utanríkisviðskipti, öryggis- og varnarmál. Frá þessu er ein undantekning. Í kaflanum um utanríkisviðskipti er greint frá alþjóðasamtökum og samvinnu á sviði efnahags- og viðskiptamála. Þá ber að geta þess, að þar sem fjallað er um málefni einstakra heimshluta er ekki fjallað um Evrópuríki, þ. m. t. Norðurlönd, né heldur um Norður-Ameríku eða Sovétríkin. Ástæðan er sú, að afstaða ríkisstjórnarinnar til mála í nálægari heimshlutum þarfnast annaðhvort ekki skýringa eða kemur fram í öðrum köflum skýrslunnar. Við hæfi þykir hins vegar, að lýst sé í nokkru viðhorfum stjórnarinnar til málefna fjarlægari heimshluta, sem Íslendingar eru ekki í eins beinu sambandi við.

Vart þarf að taka fram, að skýrslunni er á engan hátt ætlað að gera ástandi heimsmála tæmandi skil.

Það er von mín, að með þeim nýju áherslum, sem ég hef gert að nokkru grein fyrir hér að framan, muni utanríkisþjónustan eflast og vera betur í stakk búin til „að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar".

I Einstök alþjóðamál.

Sá atburður, sem bar einna hæst á sviði alþjóðamála á síðastliðnu ári, var fundur leiðtoga tveggja voldugustu ríkja heims, þeirra Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Mikhails S. Gorbachev, aðalritara Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Fundur þeirra var haldinn í Genf 19.—20. nóvember s. l. Það var fyrsti fundur leiðtoga risaveldanna í rúm fimm ár, eða allt frá því er Jimmy Carter og Leonid Breshnev hittust að máli í Vín á miðju ári 1979. Það var hálfu ári áður en Sovétmenn réðust inn í Afganistan, en sá atburður spillti mjög fyrir samskiptum risaveldanna. Fleira hefur valdið aukinni spennu, t. d. á sínum tíma slit Sovétmanna á samningaviðræðum um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu (INF) og langdrægar kjarnaflaugar (START), sem verið hafa snar þáttur í samskiptum risaveldanna undanfarin ár. Í ræðu, sem ég hélt skömmu eftir að ég tók við embætti, vék ég að þessum málum og sagði þar m. a.: „Það er á grundvelli styrks Atlantshafsbandalagsins, sem Sovétmenn hafa nú afráðið að koma á ný til samninga um afvopnun eftir að hafa slitið samningaviðræðum fyrir þremur árum. Hygg ég að þar ráði mestu ákvörðun Atlantshafsbandalagsríkjanna að vega upp yfirburði Sovétmanna á sviði meðaldrægra kjarnavopna."

Sú ákvörðun, sem hér um ræðir, er framkvæmd hinnar tvíþættu samþykktar Atlantshafsbandalagsins frá 1979 um að koma fyrir meðaldrægum kjarnaflaugum í Vestur-Evrópu, yrðu Sovétmenn ekki við eindregnum tilmælum um að fjarlægja SS-20 flaugar sínar. Í stað þess að verða við þeirri áskorun efndu Sovétmenn til áróðursstríðs, sem miðaði að því að veikja varnir Vesturlanda.

Fleiri ástæður liggja og að baki þeirri ákvörðun Sovétmanna að setjast að nýju að samningaborði um afvopnun, svo sem kynslóðaskiptin, sem orðið hafa í forystu sovéska kommúnistaflokksins.

Mikilvægasta niðurstaða Genfarfundar þeirrar Reagans og Gorbachevs var ef til vill sú, að nauðsynlegt væri fyrir leiðtoga risaveldanna að ráða ráðum sínum oftar og á fleiri sviðum en verið hefur undanfarin ár. Ekki er að vænta mikilla breytinga á samskiptum ríkjanna þrátt fyrir slíka fundi, en tilgangur þeirra er öðru fremur að draga úr spennu og óvissu. Leiðtogarnir urðu þó ásáttir um svo margvíslega fundi ráðherra og embættismanna og önnur tvíhliða samskipti, að fara verður allt aftur í byrjun 8. áratugarins til að finna hliðstæðu. Þeir ræddu afvopnunarmál, svæðisbundin vandamál, tvíhliða samskipti og mannréttindi. Eftir á að koma í ljós, hvort þeir hafi með fundi sínum lagt grunninn að nýju tímabili bættra samskipta, en óneitanlega er það skref í rétta átt, að stórveldin skuli vera farin að ræðast við á nýjan leik.

Uppörvandi teikn eru á lofti í afvopnunarviðræðum á vegum Sameinuðu þjóðanna, ekki síst varðandi efna- og sýklavopn. Enn fremur er hreyfing í samkomulagsátt í viðræðum austurs og vesturs í Vín um gagnkvæma fækkun venjulegs herafla í Mið-Evrópu (MBFR). Einnig má nefna, að á Stokkhólmsráðstefnunni um aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun, sem fer fram innan ramma Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE), ríkir nokkur bjartsýni um að takast megi að ná samkomulagi um lokaskjal fyrir 19. september n. k. Hvort svo verður, er trúlega komið undir þróun annarra þátta í samskiptum austurs og vesturs, einkum þó því hvernig risaveldunum miðar.

Á síðasta ári var haldinn sérstakur fundur í Helsinki til að minnast þess að tíu ár voru þá liðin frá undirritun Helsinki-samþykktarinnar. Enn skortir mikið á, að ákvæðum hennar sé framfylgt. Áfram verður haldið að ganga eftir efndum á þeim skuldbindingum um mannréttindamál, sem ríkin tóku á sig með Helsinki-samþykktinni. Vissulega ber að fagna því, að Yelena Bonner, eiginkona Andrei Sakharovs, fékk leyfi til að leita sér lækninga fyrir vestan járntjald og að Anatoli Shcharansky fékk að yfirgefa Sovétríkin. „Glæpur" hans var að stofna eftirlitsnefnd í Moskvu með framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar í Sovétríkjunum. Ekki er að efa að það mun bæta verulega andrúmsloft og skapa skilyrði til bættra samskipta austurs og vesturs ef þau ríki, sem nú eru skammt á veg komin til efnda á Helsinki-samþykktinni, söðluðu um og stæðu við þá samþykkt í hvívetna.

(1) **Afvopnunarmál.**

Tuttugasta öldin er ein sú blóðugasta í sögu mannkyns. Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hafa a. m. k. 120 stríð verið háð. Talið er að nærri 78 milljónir manna hafi fallið í styrjöldum frá aldamótum, þar af rúmlega 50 milljónir í heimsstyrjöldunum tveimur. Síðustu áratugi hefur átt sér stað gífurlegt vígbúnaðarkapphlaup og stórveldi heims búa nú yfir tortímingarmætti, sem á sér ekkert fordæmi. Eigi að síður verður því ekki neitað að friður í okkar heimshluta hefur haldist í skjóli gereyðingarvopna. Vandamálið er hvernig unnt er að draga úr vopnabirgðum án þess að veikja öryggi.

Mikilvægt skilyrði fyrir lausn vandans er skilningur á því að það er ekki vopnabúnaðurinn, sem ógnar heimsfriðnum, heldur mennirnir, sem ráða honum. Vitaskuld eru flestir á einu máli um, að það myndi treysta friðinn, ef tortímingarvopnum yrði eytt. Frumskilyrði árangurs í afvopnunarmálum er samkomulag stórveldanna. Forsenda slíks samkomulags er, að þau geti treyst því að við skuldbindingar um afvopnun verði staðið. Ekki er síður mikilvægt að efni samkomulagsins sé með þeim hætti, að ekki sé unnt að túlka það á marga mismunandi vegu, og að aðilar gangi út frá sömu forsendum. Til skýringar skal tekið dæmi: Sovétmenn hafa lagt til 50% niðurskurð langdrægra vopna. Þetta virðist skref í rétta átt í fyrstu. En spyrja má: 50% af hverju? Mikill og djúpstæður ágreiningur ríkir nefnilega um annars vegar hvað telja beri langdrægar eldflaugar og hins vegar yfir hve mörgum slíkum flaugum Sovétmenn ráða.

Margvísleg og erfið viðfangsefni af þessu tagi bíða úrlausnar í afvopnunarmálum. Varasamt er að taka hátíðlega hugmyndir um útrýmingu kjarnavopna innan örfárra ára. Raunhæf afvopnun hlýtur og að taka til hefðbundinna vopna.

Hinn 23. maí 1985 samþykkti Alþingi ályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Í ályktuninni er lögð áhersla á, að afvopnunarsamningar séu gagnkvæmir og taki til allra þátta. Jafnframt verði að tryggja framkvæmd þeirra með alþjóðlegu eftirliti, sem samningsaðilar uni og treysti. Slíkt eftirlit er forsenda hugsanlegs banns við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna, auk samninga um reglubundinn niðurskurð slíkra vopna í áföngum. Ályktunin ítrekar þá stefnu, sem farið hefur verið eftir, að á Íslandi skuli ekki staðsett kjarnavopn. Utanríkisráðherrar Íslands hafa marglýst yfir, að staðsetning kjarnavopna á Íslandi sé óheimil án samþykkis íslenskra stjórnvalda. Sú stefna er í samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 1951 og yfirlýsta stefnu Atlantshafsbandalagsins. Samkvæmt þingsályktuninni hefur Öryggismálanefnd verið falið að taka saman skýrslu um helstu hugmyndir, sem uppi eru um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, eins og þær varða Ísland.

Samskipti austurs og vesturs eru ekki einkamál risaveldanna. Þótt afstaða smáþjóðar til afvopnunarmála skipti ekki sköpum varðandi heimsfriðinn, megum við ekki liggja á liði okkar í þessum mikilvægustu málum mannkyns. Okkur ber að marka sjálfstæða afstöðu og hafa áhrif til góðs. Með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu erum við beint og óbeint aðilar að ýmsum afvopnunarviðræðum. Mikill meirihluti þjóðarinnar er á þeirri skoðun, að samstarf við bandalagsríki okkar um öryggis- og varnarmál sé besti kosturinn við ríkjandi aðstæður í alþjóðamálum.

Rétt er að rifja upp, að Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag 16 lýðræðisríkja með þá yfirlýstu stefnu að leiðarljósi, að það muni aldrei ráðast gegn öðrum ríkjum eða beita valdi að fyrra bragði. Tilgangur þess er að tryggja öryggi aðildarríkja sinna með gagnkvæmum skuldbindingum og sameiginlegri sjálfsvörn í samræmi við 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það er yfirlýst stefna bandalagsins að virða í einu og öllu stofnskrá samtakanna og leysa ágreining þjóða í milli með friðsamlegum hætti.

Mikilvægt atriði í stefnu ríkja Atlantshafsbandalagsins er að ná samningum um niðurskurð vígbúnaðar undir raunhæfu, framkvæmanlegu eftirliti. Traustar varnir eru hins vegar undirstöðuatriði í tilraunum Atlantshafsbandalagsins til að koma á eðlilegum samskiptum milli austurs og vesturs.

Hér verður stuttlega fjallað um helstu atburði í afvopnunarmálum frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var lögð fram.

(1.1) **Genfarviðræður stórveldanna.**

Viðræður Sovétmanna og Bandaríkjamanna um takmörkun meðaldrægra kjarnaeldflauga í Evrópu hófust í Genf í nóvember 1981. Frá upphafi viðræðnanna hefur það verið yfirlýst stefna Bandaríkjamanna, að þeir væru reiðubúnir að stöðva uppsetningu Pershing II — og stýriflauga í Evrópu, í samráði við bandamenn sína, útrými Sovétmenn SS-20 flaugum sínum. Andstaða Sovétmanna gegn þeirri hugmynd varð til þess að þeir yfirgáfu viðræðurnar í Genf í nóvember 1983, er ljóst var að ákvörðun Atlantshafsbandalagsins yrði ekki haggað. Af þessum sökum var hafist handa við uppsetningu 572 Pershing II — og stýriflauga í fimm ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Ætlað er að þeirri uppsetningu verði lokið 1988. SS-20 flaugar Sovétmanna eru nú a. m. k. 441 að tölu og fer fjölgandi. Hver flaug ber þrjá kjarnaodda og er því heildarfjöldi kjarnaoddanna orðinn a. m. k. 1323. Það eru stórum fleiri kjarnaoddar meðaldrægra flauga en ríki Atlantshafsbandalagsins ráða yfir í Evrópu.

Í mars á síðastliðnu ári settust Sovétmenn loks að samningaborðinu á nýjan leik. Viðræðurnar eru þrískiptar. Þar er fjallað um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), meðaldrægra kjarnavopna (INF) og geimvopn. Í hléum undirbúa samningamenn nýjar tillögur og ráðgast við bandamenn.

Á leiðtogafundinum í nóvember lögðu Bandaríkjamenn fram umfangsmiklar tillögur um afvopnun. Þar féllust þeir á hugmyndina um 50% niðurskurð langdrægra kjarnaflauga, enda yrði gætt jafnvægis og gagnkvæmni. Jafnframt yrði sett bann við þróun nýrra vopna af þessari gerð og því banni framfylgt undir ströngu eftirliti. Einnig yrði sett bann við framleiðslu hreyfanlegs skotbúnaðar. Varðandi uppsetningu meðaldrægra kjarnaflauga í Evrópu ítrekuðu Bandaríkjamenn fyrri tillögur um útrýmingu allra vopna af því tagi. Sem fyrsta skref lögðu Bandaríkjamenn til að hætt yrði við frekari uppsetningu Pershing II — og stýriflauga í Evrópu, miðað við áramótin 1985—86, gegn því að kjarnaoddum Sovétmanna, sem beint er að Vestur-Evrópu, yrði fækkað niður í 420. Meðaldrægum flaugum Sovétmanna utan Evrópu yrði og fækkað, þannig að niðurstaðan yrði jöfnuður í þessum vopnabúnaði milli stórveldanna. Um leið yrði sett takmörkun á skammdrægari kjarnavopn. Einnig áréttuðu Bandaríkjamenn áhuga sinn á áframhaldandi rannsóknum á geimvörnum og yrði þar gætt ákvæða samningsins frá 1972 um takmörkun gagneldflaugakerfa. Buðu Bandaríkjamenn Sovétmönnum að skiptast á upplýsingum vegna þessara rannsókna, enda líta Bandaríkjamenn svo á, að geimrannsóknaáætlunin miði að því að gera kjarnavopn gagnslaus.

Daginn fyrir upphaf fjórðu lotu viðræðnanna í Genf, þ. e. hinn 15. janúar s. l., kynnti Gorbachev nýjar tillögur Sovétmanna í sjónvarpi. Samninganefnd Sovétmanna kynnti þær síðan í Genf. Samkvæmt þessum tillögum eiga kjarnavopn að hverfa af yfirborði jarðar fyrir árið 2000, en því aðeins að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína. Tillögur Sovétmanna gera ráð fyrir, að á fyrsta tímabilinu, eða á næstu fimm til átta árum, skeri Sovétmenn og Bandaríkjamenn langdræg vopn niður um 50%. Eftir þann niðurskurð verði ekki fleiri en 6 þúsund kjarnaoddar eftir hjá hvorum aðila um sig. Enn fremur verði meðaldrægar kjarnaflaugar beggja fjarlægðar úr Evrópu. Bandaríkjamenn hafa í þessu sambandi bent á, að fækka verði SS-20 flaugum Sovétmanna í Asíu samhliða fækkun meðaldrægra kjarnaflauga í Evrópu. Á öðru tímabilinu, eða frá 1990 og næstu fimm til sjö ár þar eftir, hefji önnur kjarnaveldi: Bretar, Frakkar og Kínverjar, niðurskurð sinna kjarnavopna. Þau myndu jafnframt, eins og Sovétríkin og Bandaríkin áður, samþykkja algert bann við geimvopnum og kjarnavopnatilraunum. Bandaríkjamenn telja á hinn bóginn óraunhæft að ætla að risaveldin tvö geti í viðræðum sínum bundið hendur annarra ríkja. Á þriðja tímabilinu, samkvæmt tillögum Sovétmanna, eða á árunum 1995—2000, fari fram niðurskurður kjarnavopna, sem enn yrðu eftir.

Það atriði, sem einna mesta athygli vakti í tillögugerð Sovétmanna var, að eftirlit með þeim vopnum, sem takmarka á eða eyðileggja, verði framkvæmt með tækniaðferðum, sem hvert ríki um sig hefur yfir að ráða. Auk þess lýstu Sovétríkin sig reiðubúin til viðræðna um frekari eftirlitsráðstafanir. Hingað til hefur risaveldin greint á um eftirlit með afvopnunarsamningum. Sovétmenn hafa ásakað Vesturlönd um að í kröfu þeirra um traust eftirlit hafi falist að þau vilji geta stundað njósnir í skjóli samninga.

Vonir eru vissulega bundnar við hugmyndir Sovétmanna og Bandaríkjamanna um 50% niðurskurð langdrægra vopna. Samkvæmt skilgreiningu Sovétmanna eru vopn, sem hæft geta landsvæði annars risaveldisins, langdræg vopn. Af þessum sökum skilgreina Sovétmenn t. d. bandarísku meðaldrægu Pershing II — og stýriflaugarnar í Evrópu sem langdræg vopn, en sambærilegar sovéskar flaugar, t. d. SS-20, ekki. Þessi skilningur Sovétmanna er ekki í samræmi við SALT I og SALT II, en þar var skilgreiningin bundin því hversu langt var unnt að skjóta flaugunum. Þessi afstaða flækir málin og íþyngir samningaviðræðum verulega.

Eftir leiðtogafund Reagans og Gorbachevs í nóvember vöknuðu vonir á Vesturlöndum um að samninganefndir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í Genf myndu einbeita sér að því að ná samningum um atriði, sem minnstur ágreiningur var um, svo sem um 50% niðurskurð langdrægra kjarnavopna og niðurskurð meðaldrægra kjarnavopna í Evrópu. Þessar vonir hafa ekki ræst, því Sovétmenn gera þá kröfu, að Bandaríkjamenn hætti við geimvarnaáætlun sína áður en samið verði um meðaldræg og langdræg kjarnavopn. Á þetta hafa Bandaríkjamenn ekki fallist og benda á, að hér sé aðeins um að ræða rannsóknir og alls óvíst um niðurstöður þeirra. Hins vegar sé von þeirra sú, að þær sýni fram á hvernig unnt sé að gera kjarnavopn óþörf. Vilja þeir þar af leiðandi ekki útiloka sjálfar rannsóknirnar. Vekja þeir athygli á því að Sovétmenn hafi stundað svipaðar rannsóknir um árabil.

Íslensk stjórnvöld telja mikilvægt að staðið verði við gerða alþjóðasamninga, þ. á m. áðurnefndan samning um takmörkun gagneldflaugakerfa. Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, þurfa ekki að stríða gegn slíkum samningum. Auk þess er óraunhæft að ætla að hægt sé að framfylgja banni við rannsóknum. Bendi niðurstöður geimvarnarannsókna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu, ber risaveldunum að sjá til þess að geimvarnaáætlanir verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana. Vert er að hafa í huga, að geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna gerir ráð fyrir stórstígum framförum á sviði tækni og vísinda, og má þar nefna upplýsinga-, efna-, orku-, leysigeisla- og kerfistækni. Geri Bandaríkjamenn öðrum þjóðum kleift að taka þátt í áætluninni, er ljóst að Íslendingar geta, ekki síður en aðrir, notið góðs af samvinnunni.

Ég gat þess að miklar vonir væru bundnar við viðræður stórveldanna í Genf. Hinu er þó ekki að leyna, að svo virðist sem nokkurs misræmis gæti milli orða og athafna Sovétmanna í þessum efnum. Það hefur vakið athygli á Vesturlöndum, að samningamenn Sovétmanna í Genf eru ekki eins fúsir að ræða tiltekna þætti og áróðursmenn þeirra láta í veðri vaka í fjölmiðlum, t. d. eftirlit með afvopnun. Rétt er því að gjalda gylliboðum varhug, en hafa glöggt auga með framvindu mála í Genf.

Fundir leiðtoga Bandaríkjamanna og Sovétmanna á þessu og næsta ári verða vonandi árangursríkari en verið hefur til þessa. Allir geta verið sammála um að æskilegt sé að útrýma kjarnavopnum. Hafa ber þó hugfast, að ein höfuðröksemdin fyrir uppsetningu kjarnavopna í Vestur-Evrópu lýtur að yfirburðum Sovétmanna á sviði hefðbundins herbúnaðar.

(1.2) **Fjölhliða viðræður.**

Rétt er að fara nokkrum orðum um viðræður um afvopnunarmál, sem farið hafa fram innan Sameinuðu þjóðanna á Þriðju ráðstefnunni til að endurskoða samninginn um að dreifa ekki kjarnavopnum og á fundunum í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og venjulegs vopnabúnaðar í Mið-Evrópu. Um Stokkhólmsráðstefnuna verður fjallað í kaflanum hér á eftir um Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu.

(1.2.1) **Sameinuðu þjóðirnar.**

Meiri hófsemd einkenndi umræður 40. allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál en oft áður og átti leiðtogafundurinn í Genf í nóvember eflaust nokkurn þátt í því.

Þingið samþykkti 67 tillögur um afvopnunarmál og náðist alger samstaða um 21 þeirra. Ísland gerðist meðflytjandi að sex tillögum um afvopnunarmál, þ. á m. fjórum, sem Ísland hafði ekki átt hlutdeild í áður (sjá fskj. 3. bls. 54).

Umræður um geimvopn og tilraunir til að koma í veg fyrir vígbúnaðarkapphlaup í geimnum settu svip sinn á störf 40. allsherjarþingsins að afvopnunarmálum. Reynt var að ná algeru samkomulagi um eina ályktun allsherjarþingsins um þetta efni, en ákvörðun Bandaríkjamanna að sitja hjá við atkvæðagreiðslu gerði þá tilraun að engu.

Á döfinni var nú aftur „frysting" kjarnavopna og litu dagsins ljós þrjár tillögur um þetta efni lítt breyttar eða óbreyttar frá fyrra ári. Hinn 5. desember s. l. spunnust umræður á Alþingi út af afstöðu Íslands til einnar þessara tillagna, tillögu Mexíkó, Svíþjóðar og fleiri ríkja. Virðist sem ákvörðun Norðmanna um að greiða tillögunni atkvæði í allsherjarþinginu hafi ráðið nokkru þar um. Ósagt skal látið um ástæður Norðmanna fyrir að breyta afstöðu sinni frá fyrra ári, en ég vísa til ræðu minnar á Alþingi hinn 11. febrúar s. l. um þetta efni. Hvað varðar tillöguna sjálfa er óhætt að fullyrða að hún hafi í höfuðatriðum verið óbreytt frá árinu á undan. Auk þess sem tillagan sneiðir óbeint að fælingarstefnu Atlantshafsbandalagsins er því haldið fram að jöfnuður ríki nokkurn veginn með risaveldunum hvað kjarnavopn varðar. Þannig er ekki tekið tillit til verulegs ójafnvægis, sem myndast hefur við uppsetningu Sovétmanna á meðaldrægum kjarnaflaugum í Austur-Evrópu. Einnig hlýtur að teljast alvarleg brotalöm á tillögunni að í henni er hvergi kveðið á um að raunhæft eftirlit með framkvæmd samninga, sem bæði risaveldin gætu fellt sig við, sé skilyrði árangursríkrar „frystingar" kjarnavopna. Verður ekki séð, af þessum sökum, að tillagan uppfylli mikilvægar kröfur, sem gerðar eru til afvopnunarsamninga í ályktun Alþingis 23. maí 1985. Hnigu því öll rök að því að Íslendingar tækju sömu afstöðu og á 39. allsherjarþinginu og sætu hjá við atkvæðagreiðslu.

Smáþjóðum, sem ekki hafa yfir eigin herafla að ráða, er augljóslega mikill styrkur að því að virðing sé efld fyrir alþjóðalögum. Með virkri þátttöku innan Sameinuðu þjóðanna geta Íslendingar lagt sitt af mörkum til að svo megi verða. Hefur það verið stefna íslenskra stjórnvalda að leggja lið hverjum þeim hugmyndum, er stuðlað gætu að styrkingu Öryggisráðs og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á vettvangi friðargæslu og afvopnunarmála. Slíkum hugmyndum munu Íslendingar veita brautargengi áfram í samráði við nágrannaríkin á Norðurlöndum, meðal annarra.

(1.2.2) **Þriðja endurskoðunarráðstefna aðildarríkja samningsins um að dreifa ekki kjarnavopnum, NPT.**

Ráðstefnan kom saman í Genf 27. ágúst og henni lauk 21. september.

Aðildarríki að samningnum um að dreifa ekki kjarnavopnum eru nú 130, en hann tók gildi 1970. Norðurlöndin eru aðilar að honum og hafa þau gengið fram fyrir skjöldu um að hvetja öll ríki til að gerast aðilar að samningnum. Fyrir ári voru aðildarríki samningsins 125. Í NPT-samningnum (Non-Proliferation Treaty) skuldbinda kjarnavopnaveldin sig til að láta önnur ríki ekki fá kjarnavopn. Kjarnavopnalaus ríki skuldbinda sig jafnframt til að taka ekki við né framleiða slík vopn. Af þeim ríkjum, sem ekki eru aðilar að NPT, eru tvö kjarnavopnaríki, Frakkland og Kína. Indland er ekki aðili heldur og hefur sprengt kjarnorkusprengju í tilraunaskyni. Ísrael, Pakistan og Argentína eru ekki aðilar að samningnum, en þau eru talin langt á veg komin með að eignast kjarnavopn. Suður-Afríka og fleiri ríki eru einnig utan NPT.

Þriðja endurskoðunarráðstefnan náði samkomulagi um lokayfirlýsingu. Í henni eru m. a. eftirtalin atriði:

Lýst er yfir þungum áhyggjum vegna þess, að tilraunir nokkurra ríkja með kjarnorku gætu gert þeim kleift að eignast kjarnavopn. Öryggiseftirlit Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar á að gegna lykilhlutverki í viðleitni til að forðast dreifingu kjarnavopna. Þau kjarnavopnalausu ríki, sem ekki eru þegar aðilar að NPT-samningnum, eru hvött til aðildar og þá jafnframt til að fallast á eftirlit IAEA (International Atomic Energy Agency) með friðsamlegri nýtingu kjarnorku. Samningsaðilar eru hvattir til að halda áfram pólitískum, tæknilegum og fjárhagslegum stuðningi við eftirlitskerfi IAEA.

Viðurkennt er, að vopnuð árás á kjarnorkuver, sem háð er eftirlitskerfi IAEA, skapi ástand, sem krefjist tafarlausra aðgerða Öryggisráðsins.

Áréttað er, að samningsgerð um stöðvun tilrauna með kjarnavopn sé meðal veigamestu skilyrða fyrir stöðvun kjarnavopnakapphlaupsins. Ráðstefnan, að vissum ríkjum undanskildum, hvetur a) kjarnavopnaríkin, sem aðilar eru að samningnum (Bandaríkin, Bretland, Sovétríkin), til að hefja að nýju þríhliða viðræður og b) öll kjarnavopnaríki til tafarlausra viðræðna og samningsgerðar um stöðvun allra tilrauna með kjarnavopn og hafi það forgang í starfsemi afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Loks er í lokayfirlýsingu þessarar þriðju endurskoðunarráðstefnu samningsins um að koma í veg fyrir dreifingu kjarnavopna ákveðið að kalla saman fjórðu endurskoðunarráðstefnuna að fimm árum liðnum.

(1.2.3) **Viðræður í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og hefðbundins vopnabúnaðar í Mið-Evrópu, MBFR.**

Viðræðurnar hófust í Vínarborg 30. október 1973 að frumkvæði Atlantshafsbandalagsins, en því miður hefur lítið þokast í samkomulagsátt. Til skamms tíma hefur verið ósamkomulag um frumatriði. Tilgangur með MBFR-viðræðunum (Mutual and Balanced Force Reductions) er að stuðla að bættu öryggi með því að fækka í herjum í Mið-Evrópu.

Varsjárbandalagsríkin lögðu fram nýjustu tillögur sínar 14. febrúar 1985. Hinn 5. desember s. l. lögðu ríki Atlantshafsbandalagsins fram nýjar tillögur. Komu þær í kjölfar Genfarfundar leiðtoga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og var rætt um „Genfarandann" í því sambandi. Tillögur ríkja Atlantshafsbandalagsins tóku nú ekki mið af fjölda hermanna í herjum Mið-Evrópu, en um það atriði hefur verið grundvallarágreiningur. Þar munar um 230 þúsund hermenn, sem Atlantshafsbandalagsríkin telja Varsjárbandalagsríkin hafa umfram uppgefna tölu. Á ýmsum öðrum sviðum komu tillögurnar frá 5. desember s. l. til móts við sjónarmið Varsjárbandalagsins.

Í tillögum Atlantshafsbandalagsins er gert ráð fyrir fækkun í her Bandaríkjanna um 5000 hermenn, en um 11 500 í her Sovétríkjanna í byrjun samningstímabilsins. Jafnframt myndu samningsaðilar skuldbinda sig til að auka ekki herstyrk sinn svo lengi sem samningurinn gildir. Þá er lögð áhersla á margvíslegar eftirlitsaðgerðir.

Það er von ríkja Atlantshafsbandalagsins að samkomulag verði um ofannefndan samdrátt í Mið-Evrópu og að ríki austurs og vesturs noti samningstímann til að undirbúa frekari fækkun. Mjór er mikils vísir, segir máltækið, og á það við í þessu samhengi, þar sem hvergi er jafnmikill vígbúnaður í heiminum og á mörkum austurs og vesturs í Mið-Evrópu.

Af hálfu ríkja Atlantshafsbandalagsins er MBFR-viðræðunum stjórnað af Atlantshafsráðinu í Brussel. Þetta er í fyrsta sinn, sem ráðið tekur að sér stjórnunarhlutverk til að undirbúa samningsstöðu og samræma málflutning vestrænna þátttakenda í samningum við Varsjárbandalagsríkin. Þetta sýnir í verki það sívaxandi hlutverk, sem Atlantshafsbandalagið hefur að gegna varðandi eftirlit með vígbúnaði og afvopnun.

(1.3) **Kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum.**

Í síðustu skýrslu til Alþingis fjallaði forveri minn um hugmyndina að kjarnavopnalausu svæði á Norðurlöndum og get ég því stytt almenna umfjöllun um hana.

Í ályktun Alþingis hinn 23. maí 1985 um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum er hvatt til að könnuð verði samstaða og grundvöllur fyrir samningum um kjarnavopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, er sé liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu. Með Norður-Evrópu er átt við lönd í norðanverðri álfunni frá Úralfjöllum til austurstrandar Grænlands. Slíkt svæði tæki til hlutlausra ríkja og ríkja í Atlantshafsbandalaginu og Varsjárbandalaginu. Einnig gerir ályktunin ráð fyrir að utanríkismálanefnd kanni, í samráði við utanríkisráðherra, hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þannig tengir ályktun Alþingis umræðuna um kjarnavopnalaus Norðurlönd víðtækara samkomulagi.

Allt frá Kólaskaga, meðfram landamærum Finnlands, um Eystrasaltsríkin, á Eystrasalti, jafnvel upp í landsteina Svíþjóðar, og suður meðfram „járntjaldinu" austanmegin hafa Sovétmenn myndað belti kjarnaflauga, sem miðað er m. a. á Norðurlönd. Auk kjarnavopna hafa Sovétmenn komið fyrir fjölmennum herjum og birgðum hefðbundinna vopna í nágrenni Norðurlanda. Á sviði hefðbundinna vopna er um gífurlega yfirburði Sovétmanna að ræða. Fælingarstefna Atlantshafsbandalagsins, sem m. a. byggist á kjarnavopnum, tryggir öryggi aðildarríkjanna, þ. á m. Íslands, Noregs og Danmerkur, gegn þessum hernaðarmætti. Það hlýtur því að vera ein af forsendunum fyrir samkomulagi um kjarnavopnalaust svæði, að jafnvægi ríki á sviði hefðbundinna hergagna.

Ég legg áherslu á þann þátt í ályktun Alþingis, að í umræðu um kjarnavopnalaus Norðurlönd sé tekið tillit til stærra svæðis en Norðurlandanna, sem þegar eru kjarnavopnalaus. Einnig vil ég árétta að ríki Atlantshafsbandalagsins starfa sem heild í öryggis- og varnarmálum. Vettvangur umræðu um kjarnavopnalausa Norður-Evrópu eða Norðurlönd er fyrst og fremst innan Atlantshafsbandalagsins. Tel ég afar mikilvægt, frá sjónarhóli íslenskra öryggishagsmuna, að við Íslendingar stöndum vörð um þessa grundvallarstarfsreglu Atlantshafsbandalagsins.

Sjálfsagt er, að við Íslendingar tökum þátt í umræðum um kjarnavopnalaust svæði í okkar heimshluta, enda mikilvægt að Íslendingar reyni t. d. að hafa áhrif á að kjarnavopnum fjölgi ekki í hafinu kringum landið. Dagana 29. og 30. nóvember s. l. var haldinn í Kaupmannahöfn fundur þingmanna Norðurlanda um hugmyndina um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum. Fyrir fundinn höfðu verið tekin saman drög að greinargerð um efnið á vegum utanríkismálanefndar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu til bráðabirgða, að rétt væri að Íslendingar tækju þátt í umræðu norrænu þingmannanna, en taldi sig þurfa lengri tíma til athugunar á hvernig best væri að framfylgja ályktun Alþingis um efnið.

(2) **Ráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE.**

Um mánaðamótin júlí/ágúst 1985 var þess minnst á sérstökum hátíðarfundi í Helsinki, að 10 ár voru liðin frá því að Helsinki-samþykktin var undirrituð. Að samþykktinni standa öll Evrópuríkin, að Albaníu undanskilinni, auk Bandaríkjanna og Kanada. Utanríkisráðherrar þeirra tóku þátt í hátíðarfundinum. Bar þeim saman um að RÖSE-þróunin hefði sannað gildi sitt, þótt framkvæmd ýmissa ákvæða Helsinki-samþykktarinnar í vissum þátttökuríkjum væri sannarlega gagnrýnisverð.

Eitt helsta einkenni Helsinki-samþykktarinnar er sú áhersla, sem lögð er á jafnvægi milli ólíkra þátta hennar: meginreglnanna í samskiptum ríkjanna 35 og aðgerða til að skapa gagnkvæmt traust; samvinnu á sviði efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismála og samvinnu um mannúðarmál og á öðrum sviðum, m. a. á mennta- og upplýsingasviðum.

Í sérstökum kafla Helsinki-samþykktarinnar er fjallað um aðgerðir í framhaldi af undirritun hennar. Þar er skjalfest, að þátttökuríkin muni skipuleggja framhaldsfundi til þess m. a. að fjalla um:

> Framkvæmd ákvæða samþykktarinnar og lausn þeirra verkefna, sem skilgreind eru af ráðstefnunni, og um það í samhengi við þau vandamál, sem hún hefur fjallað um,

hvernig unnt er að dýpka gagnkvæm samskipti, bæta öryggi og þróa samvinnu í Evrópu og þróun viðleitninnar til að minnka spennuna í framtíðinni.

Með þeirri samþykkt um framhaldsaðgerðir, sem gerð var í Helsinki, fékk Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hreyfiafl sitt. RÖSE-þróunin svonefnda öðlaðist þar með pólitískt mikilvægi. Sovétmenn sættu sig 1975 við mannréttindakafla Helsinki-samþykktarinnar og ýmislegt annað, sem þeim þótti lítt ákjósanlegt, því þeim var mjög í mun að fá landamæri í Evrópu viðurkennd. Þeir töldu samþykktina koma í stað landamærasamninga eftir síðari heimsstyrjöldina. Þetta sjónarmið Sovétmanna hefur orðið þeim þungt í skauti, því aldrei hefur verið fjallað meir um mannréttindi í Austur-Evrópu á alþjóðavettvangi en á árunum eftir 1975.

Á þeim áratug, sem liðinn er frá undirritun Helsinki-samþykktarinnar, hafa verið haldnir tveir framhaldsfundir til að fylgjast með og bæta framkvæmd hennar. Hinn fyrri var haldinn í Belgrad 4. október 1977 til 9. mars 1978, en hinn síðari í Madrid 11. nóvember 1980 til 9. september 1983. Að auki hafa verið haldnir margir minni fundir sérfræðinga um einstaka þætti Helsinki-samþykktarinnar. Þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu hefst í Vínarborg 4. nóvember n. k.

Frá því að síðasta skýrsla utanríkisráðherra var rædd hér á Alþingi hafa eftirfarandi sérfræðingafundir innan RÖSE verið haldnir:

(2.1) **Fundur í Ottawa um mannréttindamál.**

Fundur um mannréttindamál í Ottawa hófst 7. maí 1985 að loknum tveggja vikna undirbúningsfundi og stóð í sex vikur. Ekki náðist samkomulag um lokaskjal eða skýrslu til framhaldsfundarins í Vín. Orðaskipti voru oft allhvöss og nöpur. Vesturlönd, auk hlutlausu ríkjanna, lögðu áherslu á 7. meginreglu Helsinki-samþykktarinnar, „virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi, þ. á m. hugsana-, samvisku-, trúarbragða- eða sannfæringarfrelsi“, en Sovétríkin lögðu áherslu á 6. meginregluna, „íhlutunarleysi um innanríkismál“.

Þótt Sovétmenn hafi reynt að beina umræðum á Ottawa-fundinum inn á aðrar brautir, t. d. inn á efnahagsþætti, svöruðu þeir og aðrir fulltrúar Varsjárbandalagsríkja oft ásökunum vestrænna ríkja um mannréttindabrot. Það gerðu þeir stundum án þess að vísa til afskipta af innanríkismálum og var það talið spor í rétta átt. Ljóst er þó, að afstaða ríkisstjórna Varsjárbandalagsríkjanna til mannréttinda tekur ekki stakkaskiptum í náinni framtíð.

Varsjárbandalagsríkin sjö eiga undir högg að sækja innan RÖSE vegna afstöðu sinnar til mannréttinda. Í aðalatriðum var samstaða milli hinna ríkjanna í Ottawa. Þegar ljóst var orðið að sáttatilraunir bæru ekki árangur og að ekkert yrði úr samþykkt lokaskjals, ákváðu NATO-ríkin og Írland að sameina allar tillögur sínar í eitt skjal, er kynnt skyldi fjölmiðlum.

(2.2) **Hátíðarfundur í Helsinki vegna tíu ára afmælis RÖSE.**

Hátíðarfundur utanríkisráðherra ríkjanna 35 var haldinn í Helsinki 30. júlí til 1. ágúst í tilefni af 10 ára afmæli undirritunar Helsinki-samþykktarinnar. Við það tækifæri sagði Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, m. a.:

> Þrátt fyrir annmarka Helsinki-samþykktarinnar — eða réttara sagt ófullkomnar efndir hennar — hefur samþykktin gegnt lykilhlutverki í samskiptum austurs og vesturs á þessu tímabili. Hún hefur verið okkar leiðarljós, sem hefur gert þjóðum okkar kleift að vera vissar um í hvaða átt beri að stefna.
>
> Ef Helsinki-samþykktin hefði ekki verið undirrituð fyrir 10 árum óttast ég að þróunin og samskipti austurs og vesturs hefðu farið á verri veg en raun ber þó vitni.

(2.3) **Menningarþing í Búdapest.**

Menningarþing var haldið í Búdapest 15. október til 25. nóvember s. l. Ári áður hafði farið fram þar í borg undirbúningsfundur, er gekk frá starfsreglum menningarþingsins.

Menningarþingið í Búdapest var fyrsti RÖSE-fundur, sem fram fór í Varsjárbandalagsríki. Hann sátu stjórnarerindrekar úr utanríkis- og menntamálaráðuneytum ríkjanna 35 og einnig menningarfrömuðir frá mörgum þátttökuríkjum.

Á menningarþinginu í Búdapest náðist ekkert samkomulag um lokaskjal eða skýrslu til Vínarfundarins frekar en í Ottawa. Mikið bar á milli. Við samanburð á tillögum að lokaskjali menningarþingsins sést hvílíkt hyldýpi er á milli austurs og vesturs í þessum málum. Vesturlönd og flest hlutlausu ríkin lögðu einkum áherslu á samkomulag um kjarngott lokaskjal, þar sem málaflokkunum þremur, þ. e. sköpun, dreifingu og samvinnu á sviði menningarmála, yrði gert jafnhátt undir höfði. Ríki Varsjárbandalagsins lögðu áherslu á samvinnu, þ. e. menningarsáttmála milli ríkja. Vesturlönd lögðu áherslu á hlutverk einstaklingsins í listsköpun; en Sovétríkin og fylgiríki þeirra vildu gera hlut ríkisins sem mestan. Mikill og djúpstæður ágreiningur var um tjáningar- og ferðafrelsi listamanna.

(2.4) **Stokkhólmsráðstefnan.**

Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun í Evrópu hófst 17. janúar 1984 og hefur nú starfað í tæpar 60 vikur. Hinn 23. september n. k. hefst undirbúningsfundur fyrir framhaldsfund RÖSE í Vín og er ekki gert ráð fyrir að Stokkhólmsráðstefnan starfi á meðan.

Í Helsinki-samþykktinni eru ákvæði um skyldutilkynningar vegna heræfinga og herflutninga af tiltekinni stærð. Fleiri svonefndar aðgerðir til að efla gagnkvæmt traust og öryggi mætti nefna, t. d. að heimila ríkjum að hafa eftirlitsmenn hjá öðrum ríkjum. Samkvæmt umboði Madrid-fundar er ætlast til að Stokkhólmsráðstefnan geri tillögur til Vínarfundar um víðtækari aðgerðir, sem eiga að hafa hernaðarlega þýðingu og verða bindandi. Á síðara stigi, e. t. v. eftir ákvörðun Vínarfundarins, er svo stefnt að því að ræða um afvopnunarmál sem slík. Tilkynningaskyldan samkvæmt Helsinki-samþykktinni náði yfir svæði 250 km inn í Sovétríkin, en í Madrid var ákveðið að svæðið skyldi ná frá Úralfjöllum til hafsvæða út af Evrópu, en ekki til sjálfstæðra flota- eða flugæfinga. Mörg lykilatriði er eftir að ná samkomulagi um í Stokkhólmi. Allir aðilar ráðstefnunnar hafa gert ítarlegar tillögur um verkefnaskrá. Líklegustu ásteytingarsteinar eru upplýsingar um herskipan þjóða, eftirlit með framkvæmd samninga, takmörkun heræfinga og herflutninga, tilkynningaskylda um sjálfstæðar flota- og flugæfingar og um orðalag, sem getur skuldbundið þjóðir til að beita hvorki né hóta valdi.

Samkvæmt ákvörðun Madrid-fundar er enn eftir að halda einn RÖSE-sérfræðingafund fyrir Vínarfund. Sá fundur, sem haldinn verður í Bern, mun fjalla um mannleg tengsl, þ. e. endursameiningu fjölskyldna, einföldun á reglum vegna hjúskapar milli ríkisborgara ólíkra landa, bætt skilyrði til ferðalaga einstaklinga og hópa og ýmislegt fleira.

II Alþjóðastofnanir og svæðasamvinna.

(1) **Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar sérstofnanir þeirra.**

Á síðasta allsherjarþingi var þess minnst að fjörutíu ár voru liðin frá stofnun Sameinuðu þjóðanna 24. október 1945. Þar sem Ísland var ekki stofnaðili, en gekk í samtökin 19. nóvember 1946, verður fjörutíu ára afmælis aðildar Íslands minnst síðar á þessu ári.

Sérstakir hátíðarfundir voru haldnir dagana 14.—24. október s. l. og setti afmælið mjög svip sinn á störf allsherjarþingsins að þessu sinni. Alls héldu 86 þjóðhöfðingjar og

þjóðarleiðtogar ræður þar sem þeir fjölluðu um margvísleg vandamál heimsbyggðarinnar og framtíð og hlutverk Sameinuðu þjóðanna við að efla frið og stuðla að framförum. Auk þeirra tóku 103 utanríkisráðherrar til máls á þinginu. Geir Hallgrímsson, utanríkisráðherra, hélt ræðu við upphaf þingsins og Steingrímur Hermannsson, forsætisráðherra, ávarpaði þingið á hátíðarfundinum.

Afmælishátíðinni var ætlað að ljúka með einróma yfirlýsingu. Hún átti að lýsa vilja aðildarríkjanna til að framfylgja sáttmálanum og ítreka stuðning við samtökin. En enn einu sinni var það Palestínumálið, sem kom í veg fyrir samkomulag, svo ekkert varð af yfirlýsingu. Setti þetta skugga á hátíðarhöldin.

Flestar ályktanir allsherjarþingsins voru fluttar nær óbreyttar frá fyrri þingum. Þrátt fyrir ítrekaðar tillögur um nauðsyn þess að breyta þessum starfsháttum, m. a. frá fyrrverandi forsetum allsherjarþingsins í tilefni 40 ára afmælisins, virðist fátt benda til þess að allsherjarþinginu verði hnikað úr sínu rótfasta fari.

Á þinginu voru í fyrsta sinn fordæmd brot á mannréttindum í Afganistan og Íran. Tillögur um fordæmingu íhlutunar í Afganistan og Kampútsíu og kröfur um að herir Sovétríkjanna og Víetnams hafi sig á brott úr þessum ríkjum voru samþykktar með fleiri atkvæðum en nokkru sinni fyrr. Umræðum um stríðið milli Írans og Íraks var frestað og ekki náðist samkomulag um tillögur um ástandið í Mið-Ameríku.

Samvinna sendinefnda Norðurlanda á þinginu var að venju náin. Tillaga Norðurlanda um fordæmingu kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku fékk aukinn stuðning og hefur engin ályktun um kynþáttaaðskilnaðarstefnuna hlotið svo mörg atkvæði á allsherjarþinginu fyrr. Þá stóðu Norðurlönd eins og á fyrri þingum að tillöguflutningi um að koma í veg fyrir tilraunir Arabaríkja til að útiloka Ísrael frá þátttöku í þinginu.

Af ályktunum þingsins er sérstaklega ástæða til að fagna einróma ályktun um fordæmingu hryðjuverka, hver sem stendur á bak við þau og hvar sem þau eiga sér stað. Öryggisráðið hefur einnig gert samþykkt um fordæmingu mannrána og töku gísla.

Fertugasta allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna lýsti árið 1986 alþjóðlegt friðarár, og er tilgangur ársins m. a. að leggja áherslu á hlutverk samtakanna í alþjóðlegri friðar- og öryggisgæslu. Í tilefni friðarársins hafa stjórnvöld ákveðið að styrkja félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi til kynningar á starfi samtakanna að friðarmálum og hafa lagt tillögur fyrir félagið í því sambandi. Alþjóðlega friðarársins verður minnst sérstaklega síðar á árinu, um það leyti er fjörutíu ár verða liðin frá inngöngu Íslands í S. þ., en kynning á starfsemi samtakanna, skipulögð af menntamálaráðuneytinu, hefur þegar verið hafin í skólum.

Fjármál Sameinuðu þjóðanna voru mjög til umræðu á þinginu, en samtökin hafa átt við fjárhagsörðugleika að stríða s. l. tvo áratugi. Gífurlegur halli hefur verið á rekstri stofnunarinnar árum saman og á síðasta ári nam hann rúmum 390 milljónum dollara. Mörg ríki greiða seint og illa skylduframlög sín og skulda jafnan tvö ár eða meir aftur í tímann. Þessar skuldir bera enga dráttarvexti, en vextir eru háir á hinum alþjóðlega lánamarkaði og þetta bil hafa Sameinuðu þjóðirnar þurft að brúa með lánum. En stærsti hluti hallans stafar af því að greiðslum er haldið eftir til friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna. Skuldugustu aðildarríkin eru Austur-Evrópulönd, sem neita að greiða fyrir vissa starfsemi samtakanna.

Við þennan vanda bætist 70—80 milljóna dollara tekjumissir Sameinuðu þjóðanna á þessu ári. Veldur því setning tvennra laga á Bandaríkjaþingi. Svokölluð „Kassebaum-lög" lækka framlög Bandaríkjanna úr 25% af heildarútgjöldum S. þj. í 20%, þar til vægi atkvæða um fjárhagsmálefni S. þj. verði breytt í hlutfalli við fjárframlög hvers ríkis. Ólíklegt er talið að slík breyting nái fram að ganga hjá S. þj.

„Gramm-Rudman-lögin" munu sjálfkrafa lækka flest framlög Bandaríkjanna til S.þj. um 4,3% á þessu ári. Þau lög miða að lækkun hins gífurlega fjárlagahalla Bandaríkjanna og munu að öllum líkindum skerða á næstu árum framlög til S. þj. og annarra alþjóðastofnana

enn frekar en þegar er orðið. Til viðbótar halda Bandaríkin eftir 35,6 milljónum dollara af skylduframlagi síðasta árs.

Allsherjarþingið samþykkti skipan 18 manna nefndar til að gera tillögur um lausn fjárhagsvandans og bættan rekstur samtakanna. Þessi nefnd mun fyrst og fremst móta tillögur um haldbæra lausn til langs tíma, en ekki takast á við þann bráða vanda, sem leysa verður á þessu ári.

Líkur eru á, að aðalframkvæmdastjóri S. þj. kalli 40. allsherjarþingið saman til framhaldsfunda, e. t. v. í apríl—maí, til að ræða þetta alvarlega ástand, sem ógnar nú sjálfum starfsgrundvelli Sameinuðu þjóðanna.

Fjallað er ítarlega um starfsemi 40. allsherjarþingsins í ársskýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Hér á eftir er fjallað um þrjár af helstu sérstofnunum S. þj. og um Kvennaráðstefnuna, sem haldin var í Nairobi s. l. sumar, en ógjörningur er, í skýrslu sem þessari, að gera grein fyrir öllum þeim sérstofnunum S. þj., sem Ísland er aðili að.

Í skýrslu félagsmálaráðherra til Alþingis um 71. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1985, sem gefin var út í mars s. l., er í inngangi fjallað um eina sérstofnun S. þj., Alþjóðavinnumálastofnunina (ILO).

(1.1) **Efnahags- og félagsmálaráðið, ECOSOC.**

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1984 hlaut Ísland kosningu í efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna til þriggja ára frá 1. janúar 1985. Í ráðinu sitja 54 ríki, þar af 13 Vesturlönd. Af Norðurlöndum eiga Finnland og Svíþjóð sæti í ráðinu á þessu ári, auk Íslands, en Danmörk og Noregur hafa áheyrnarfulltrúa.

Starfsemi ECOSOC fer fram á tveimur fjögurra vikna fundum árlega, og er hún ekki ósvipuð störfum 2. (efnahags-) og 3. (félagsmála-) nefndar allsherjarþingsins. Á vegum ECOSOC starfa margar sérfræðinganefndir, sem skila skýrslum til ráðsins. Undanfarin ár hefur átt sér stað mikil umræða um störf og hlutverk ECOSOC innan Sameinuðu þjóðanna. Ein niðurstaðan af þeim umræðum er sú, að nú er verkum skipt að sumu leyti á milli ráðsins og allsherjarþingsins, sérstaklega á efnahagssviðinu.

Á vorfundi efnahags- og félagsmálaráðsins á s. l. ári voru samþykktar ályktanir um kynþáttamisrétti, kvennamál, mannréttindi, mannfjöldamál, fjölþjóðafyrirtæki, félagsmál, málefni fatlaðra og orkumál. Var Ísland meðflytjandi að tillögu um alþjóðasamning um afnám misréttis gegn konum og um sjálfsákvörðunarrétt ríkja, þar sem fordæmd er erlend herseta í Kampútseu. Sambærilegir málaflokkar eru á dagskrá vorfundar efnahags- og félagsmálaráðsins í ár.

Aðalviðfangsefni sumarfundarins í Genf var efnahagskreppan í Afríku og var samþykkt samhljóða ályktun þar sem áhersla er lögð á nauðsyn umfangsmikillar efnahags- og þróunaraðstoðar til Afríku. Önnur málefni, sem komu til umræðu, voru Háskóli Sameinuðu þjóðanna, matvælamál, náttúrurauðlindir, iðnþróunarsamvinna, viðskiptamál, neyðaraðstoð, störf stofnana Sameinuðu þjóðanna að þróunarmálum og eyðimerkurmyndun vegna þurrka.

Eins og á allsherjarþinginu er samvinna Norðurlanda veruleg í efnahags- og félagsmálaráðinu. Flestar ræður og atkvæðaskýringar, sem Norðurlöndin flytja, eru samnorrænar og samráð fulltrúa Norðurlanda því mikil. Enginn vafi leikur á að þessi samvinna hefur orðið til að auka áhrif Norðurlandanna innan Sameinuðu þjóðanna.

(1.2) **Menningarmálastofnunin, UNESCO.**

Árið 1985 reyndist UNESCO erfitt vegna úrsagnar aðildarríkja. Bandaríkin hurfu á braut um áramótin 1984–1985. Skömmu áður höfðu Bretland og Singapore tilkynnt úrsögn með árs fyrirvara, þ. e. miðað við árslok 1985. Bretland tiltók þó ýmis skilyrði, sem gætu

valdið því, ef uppfyllt yrðu, að ríkisstjórnin myndi breyta afstöðu sinni og halda áfram þátttöku í stofnuninni.

Framkvæmdastjórn UNESCO fjallaði á vorfundi sínum 1985 um frumvarp aðalforstjóra að starfskrá og fjárhagsáætlun fyrir árin 1986 og 1987. Í framhaldi af fyrri tillögugerð bar fulltrúi Íslands þar fram breytingartillögu, sem undirbúin hafði verið af Norðurlöndunum sameiginlega og miðaði að því að grisja starfskrána með því að fækka viðfangsefnum og styrkja þau verkefni, sem fengju forgang. Samþykkti stjórnin verulegan hluta þessarar tillögu í ályktun til aðalráðstefnu um málið.

Úrræðanefnd framkvæmdastjórnar starfaði fram að aðalráðstefnu að því að fylgjast með þeim umbótum, sem hún hafði lagt til árið 1984 og stjórnin samþykkt þá um haustið. Á fundi framkvæmdastjórnar, sem haldinn var að lokinni aðalráðstefnu í nóvembermánuði var 18 manna sérnefnd stjórnarinnar falið að halda áfram eftirliti með framkvæmd umbótastarfs. Fulltrúi Íslands var kjörinn til starfa í sérnefnd, en hann hafði áður átt sæti í úrræðanefnd.

Aðalráðstefna UNESCO var haldin í Sofia í Búlgaríu 8. október — 9. nóvember 1985. Ráðstefnan féllst á tillögur framkvæmdastjórnar um óbreytt útgjöld aðildarríkja, grisjun starfskrár og frystingu fjórðungs verkefna vegna úrsagnar Bandaríkjanna. Jafnframt voru samþykktar ýmsar fleiri breytingar á starfskrá og var það einkum gert til þess að koma til móts við óskir Breta. Samkomulag náðist um þessi mál á ráðstefnunni (enda þótt sendinefnd Bretlands setti ýmsa fyrirvara almenns eðlis).

Ljóst er að bresku ríkisstjórninni hefur þó ekki fundist nóg að gert því að hún staðfesti úrsögn sína snemma í desember. Gekk Bretland því úr stofnuninni í árslok 1985. Sama gerði og Singapore. Fleiri úrsagnartilkynningar bárust hins vegar ekki. Táknar það að ekki mun fækka aðildarríkjum UNESCO til ársloka 1987 a. m. k. Má ætla að framkvæmdastjórn muni reyna að nota þann tíma vel til áframhaldandi umbótastarfs og samninga.

Af sérstökum samstarfsmálefnum Íslands og Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna er það helst að segja að á árinu 1985 veitti UNESCO heimspekideild Háskóla Íslands styrk til rannsókna á nýyrðasmíð á íslensku, einkum á sviði fræðiheita. Nam styrkurinn 15 000 Bandaríkjadölum. Þá sömdu tveir háskólakennarar skýrslu sem UNESCO hafði óskað eftir um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Norðurlönd hafa nána samvinnu um málefni UNESCO. Hefur Ísland haft nokkra forgöngu um það samstarf í framkvæmdastjórn. Á aðalráðstefnunni náði Svíþjóð kjöri til stjórnar þannig að Norðurlönd eiga nú tvo fulltrúa þar.

(1.3) **Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO.**

Undanfarin 3 ár hefur Ísland átt fulltrúa í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, en komið er að lokum kjörtímabils Íslands og byrjað að vinna að kosningu fulltrúa Svía í sæti Norðurlanda í stjórninni. Samskipti Íslands við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina eru allnáin og hafa aukist verulega undanfarin ár.

Sérfræðingar stofnunarinnar hafa á margvíslegan hátt verið viðriðnir þróun verkefna á sviði heilbrigðismála hér á landi. Má nefna í því sambandi heimsóknir krabbameins-, áfengisvarna-, tannheilsu- og slysavarnasérfræðinga á síðasta ári.

Í mars kom framkvæmdastjóri WHO í Evrópu, dr. Jo Eirik Asvall, í opinbera heimsókn til Íslands. Dr. Asvall er Norðmaður og var kjörinn til þessa embættis fyrir rúmu ári. Í tengslum við heimsókn dr. Asvalls var haldinn í Reykjavík alþjóðlegur fundur. Hann fjallaði um kynningu á markmiði WHO að stuðla að heilbrigði alls mannkyns fyrir árið 2000 og sérstakar ráðstafanir í því sambandi.

(1.4) **Kvennaráðstefnan í Nairobi.**

Sameinuðu þjóðirnar gengust fyrir kvennaáratug 1976—1985, að afloknu kvennaári 1975. Haldnar voru þrjár alþjóðaráðstefnur aðildarríkja og stofnana samtakanna, ein í upphafi áratugarins í Mexíkó, önnur um hann miðjan í Kaupmannahöfn og hin þriðja í lok hans í Nairobi. Ísland tók þátt í öllum ráðstefnunum.

Fulltrúar 153 ríkisstjórna og stofnana sóttu ráðstefnuna í Nairobi. Líkt og í Mexíkó og Kaupmannahöfn áður var einnig haldin óformleg ráðstefna, svokallað FORUM, er fjallaði um málefni kvenna, en þá ráðstefnu sóttu 13 þúsund fulltrúar hvaðanæva að úr heiminum.

Lokaráðstefna kvennaáratugarins var eina ráðstefnan, sem samþykkti drög að lokaskjali, þrátt fyrir djúpstæðan ágreining um notkun hugtaka, svo sem zíonismi og kynþáttaaðskilnaðarstefna. Kjörorð kvennaáratugarins og allra ráðstefna hans voru „jafnrétti, þróun, friður".

Í þróunarlöndunum eru konur fjölmennastar og vandi þeirra mestur, og varð það til að beina athyglinni enn frekar að stöðu kvenna í þróunarlöndunum að ráðstefnan skyldi haldin í Afríku. Bent var á að iðnríkin gerðu sér oft ekki ljóst að þróunaraðstoð kæmi konum ekki alltaf til góða, en ylli þvert á móti röskun á högum þeirra. Lögð var áhersla á að jafnrétti varðaði ekki aðeins mannréttindi, heldur væri það öllum þjóðfélögum til hagsbóta. Samþykkt var að halda kvennaráðstefnu árið 2000 og lýst áhuga á að halda eina ráðstefnu áður. Jafnréttismál eru rædd í þriðju nefnd allsherjarþings S. þj., í efnahags- og félagsmálaráðinu og í nefndinni um stöðu kvenna, sem starfar í Vínarborg. Aðeins 35 ríki eru aðilar að nefndinni og hafa Norðurlöndin einn fulltrúa.

(2) **Evrópuráðið.**

Í ráðherranefnd Evrópuráðsins voru sem fyrr mörg mál til umræðu og ákvarðanir teknar á fjölmörgum sviðum.

Hinn 25. apríl 1985 samþykkti ráðherranefndin ályktun um samvinnu Evrópuráðsins og EBE, enda starfa þessir aðilar oft að sömu eða svipuðum verkefnum. Nánari samráð eru því ráðgerð milli þeirra, sérstaklega með tilliti til sameiginlegra verkefna. Eðlilegt er, að samvinna þeirra verði efld ef til vill sérstaklega nú, þegar meirihluti aðildarríkja Evrópuráðsins, eða 12 ríki af 21, er jafnframt aðili að EBE. Í framhaldi af ályktun ráðsins áttu sér stað í september 1985 samráð milli ráðherranefndar Evrópuráðsins og aðalframkvæmdastjóra EBE.

Fyrsta skýrsla Colombo-nefndarinnar, sem er nefnd valinkunnra Evrópumanna, hefur verið lögð fram, og eru í henni frumdrög að áliti um framtíðarsamvinnu Evrópuríkjanna. Síðar á þessu ári er gert ráð fyrir lokaskýrslu nefndarinnar.

Undirbúningur er nú hafinn að þriðju starfsáætlun Evrópuráðsins 1987—1991, þar sem grunnur verður lagður að starfsemi þess á því tímabili. Fyrir frumkvæði Evrópuráðsins var s. l. ár helgað evrópskri tónlist og þótti takast vel. Mannréttindamál skipuðu einnig háan sess í starfsemi Evrópuráðsins á árinu sem endranær.

Í nóvember s. l. undirritaði Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, í Strasbourg tvo Evrópusamninga fyrir Íslands hönd. Sá fyrri fjallar um sjálfstjórn sveitarfélaga og kveður m. a. á um að opinber þjónusta skuli almennt falin stjórnvöldum, sem næst standa þegnunum, og að sveitarstjórnir skuli hafa ákvörðunarvald til að laga eigin stjórnkerfi að staðbundnum þörfum. Sá síðari varðar ofbeldi áhorfenda og ótilhlýðilega hegðun á íþróttamótum, sérstaklega á knattspyrnukappleikjum. Samningar þeir, sem Evrópuráðið hefur beitt sér fyrir, eru nú orðnir 123.

(3) **Norðurlandasamvinna.**

Þátttaka okkar í samstarfi Norðurlanda er einn af hornsteinum utanríkisstefnunnar. Íslendingum hættir til að gleyma hvað norrænt samstarf er mikilvægt. Rétt er að minna á nokkra þætti: gagnkvæman búseturétt og atvinnuréttindi; sameiginlegt tryggingakerfi; gagnkvæm námshlunnindi; Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland; Norræna fjárfestingarbankann (NIB); Norræna húsið; Norrænu eldfjallarannsóknastöðina; norrænu félögin og atvinnumiðlun fyrir ungt fólk yfir sumarmánuðina („Nordjobb") og Norrænu iðnþróunarstofnunina.

Lítill hluti þeirra mála, sem teljast til norrænnar samvinnu, fellur undir utanríkisráðuneytið. Norrænt samstarf er svo margslungið, að þar koma til bein samskipti allra ráðuneyta við aðila á öðrum Norðurlöndum. Flestar íslenskar stofnanir og frjáls samtök hafa samstarf við norrænar systurstofnanir og samtök.

Þrátt fyrir ólíka afstöðu Norðurlanda í varnarmálum eru þau yfirleitt sammála í grundvallaratriðum alþjóðamála. Koma Norðurlöndin oft fram sem heild, ekki síst á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Utanríkisráðherrar landanna fimm hittast reglulega tvisvar á ári og bera saman bækur sínar. Enn fremur er náið og reglubundið samstarf milli embættismanna utanríkisráðuneyta Norðurlandanna, milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðastofnunum og starfsmanna sendiráða þeirra. Þessi samráð gera hinni fámennu utanríkisþjónustu okkar kleift að sinna mikilvægum verkefnum betur en ella.

Þing Norðurlandaráðs var haldið í Kaupmannahöfn í marsbyrjun í skugga morðsins á Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar, tveimur sólarhringum fyrir setningarfundinn.

Þótt Norðurlandaráð sé öðru fremur umræðuvettvangur, eru áhrif þess mikil. Að þessu sinni var m. a. fjallað um að stofna líftæknistofnun á Íslandi. Verður málið kannað nánar á þessu ári á vegum ráðherranefndarinnar. Starfsemi slíkrar norrænnar stofnunar gæti orðið mikilvæg fyrir atvinnulíf Norðurlanda.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs leggur árlega fyrir Alþingi skýrslu um starfsemi ráðsins. Enn fremur fá þingmenn skýrslur um störf samstarfsráðherra Norðurlanda.

(3.1) **Grænland.**

Helstu atriði í samskiptum Íslands og Grænlands frá því að síðasta skýrsla um utanríkismál var lögð fram hafa verið þessi:

Dagana 27.—29. maí 1985 var Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra, ásamt föruneyti, í Nuuk í boði Grænlandsstjórnar og ræddi við grænlenska ráðamenn um ýmis sameiginleg hagsmunamál Íslands og Grænlands. Gert var samkomulag um að Íslendingar tækju að sér rannsóknir á fiskigengd og veiðimöguleikum á Skjöldungen-svæðinu, sunnarlega á austurströnd Grænlands. Farinn var leiðangur á vegum Hafrannsóknastofnunar, og stóð hann frá miðjum ágúst til miðs septembermánaðar.

Hinn 4. júlí s. l. skipaði forsætisráðherra nefnd til að greiða fyrir samskiptum Íslands og Grænlands á sviði efnahagsmála. Í erindisbréfi nefndarinnar segir:

> Meðal þeirra mála, sem munu sérstaklega koma til athugunar í samstarfi Íslands og Grænlands, eru ráðstafanir til verndar og nýtingar sameiginlegra fiskstofna, svo sem vísindalegar rannsóknir á fiskstofnum, markaðsmál sjávarafurða og tæknileg atriði, er snerta fiskveiðar og fiskvinnslu.
>
> Gert er ráð fyrir að á Grænlandi verði skipuð samsvarandi nefnd.

Dagana 24.—29. ágúst var á Íslandi nefnd sex Grænlendinga til að ræða verslun og atvinnumenntun og laut nefndin forystu Josefs Motzfeldts, landstjórnarmanns.

Hópur Dana og Grænlendinga var hér dagana 1.—7. september til að kynna sér vatnsaflsstöðvar. Hér var um að ræða „Hið sameiginlega jarðefnaráð Grænlands".

Grænlendingar hafa nú formlega gerst aðilar að Vestur-Norðurlandasamstarfinu og tóku í fyrsta sinn þátt í þingmannafundi vestnorræna svæðisins 23.—24. september s. l. Var sá fundur haldinn í Nuuk. Á fundinum var samþykkt stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið.

Flugskóli Helga Jónssonar hefur haldið uppi vikulegu flugi milli Reykjavíkur og Kulusuk. Auk þess var s. l. sumar ferðamannaflug á vegum Flugleiða til Kulusuk og Narssarssuaq. Fyrir síðustu áramót hófst vikulegt flug á vegum Grönlandsfly A/S milli Nuuk og Reykjavíkur í samvinnu við Flugleiðir. Byggist flugið á því starfi sem nú er unnið á Jameson-landi á austurströnd Grænlands vegna undirbúnings olíuborana þar. Flogið er einu sinni í viku milli Nuuk og Reykjavíkur og þaðan til Jameson-lands og fluttar þangað birgðir. Í tilefni flugsins milli Nuuk og Reykjavíkur var í lok febrúar og byrjun mars efnt til Íslandssýningar í Nuuk og Grænlandssýningar í Reykjavík og skipst var á gesta- og fréttamannaheimsóknum.

Fulltrúar ýmissa íslenskra atvinnufyrirtækja hafa farið til Grænlands að undanförnu. Meðal annars fór þangað 8 manna nefnd á vegum Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins í nóvember. Grænlenskir aðilar hafa einnig leitað fyrir sér um viðskipti hér á landi og hafa meðal annars átt samskipti við iðnaðardeild SÍS á Akureyri. Íslenskar vörur hafa verið seldar í smáum stíl til Grænlands, t. d. veiðarfæri, harðfiskur og fiskmjöl.

Frá vorinu 1982 hafa grænlensk fiskiskip haft heimild til löndunar á Íslandi. Hefur einkum verið um að ræða rækjuskip er komið hafa til Ísafjarðar, lagt á land afla, er síðan hefur verið fluttur til Danmerkur. Heimildin gildir fyrir 26 skip til ársloka 1986.

Ekki hefur náðst samkomulag milli Íslendinga, Grænlendinga og Norðmanna um skiptingu loðnuveiða, en umræðu um málið er haldið áfram. Ráðgerðar eru viðræður um rækjuveiðar Íslendinga og Grænlendinga milli Grænlands og Vestfjarða.

III Málefni fjarlægra heimshluta.

(1) **Afríka.**

Afstaða íslenskra stjórnvalda til málefna Suður-Afríku er í samræmi við samþykkt norrænu utanríkisráðherranna um ráðstafanir gegn Suður-Afríku, sem birt var eftir fund þeirra í Osló 17. og 18. október s. l. Íslendingar líta svo á, að kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríkustjórnar brjóti í bága við mannréttindaákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og vilja stuðla að því, að horfið verði frá aðskilnaðarstefnunni með friðsamlegum hætti. Áætlun norrænu utanríkisráðherranna er birt í heild sem fylgiskjal 5 með skýrslu þessari.

Aðskilnaðarstefnan, sem bundin er í stjórnlög Suður-Afríku, hefur verið fordæmd víðast hvar í hinum siðmenntaða heimi. Á síðast liðnu sumri samþykkti öryggisráð S. þj. tillögu, sem hvatti til refsiaðgerða gegn Suður-Afríku. Samkomulag hefur hins vegar ekki orðið í Öryggisráðinu um samræmdar ráðstafanir, svo sem algert viðskiptabann.

Suður-Afríkustjórn neitar enn að láta Namibíu af hendi og kyndir það undir ólgu á svæðinu. Telur stjórnin að samþykktir S. þj. um sjálfstæði Namibíu séu háðar því, að herlið Kúbumanna hverfi á brott frá Angóla, og nýtur í því efni stuðnings Bandaríkjastjórnar. Suður-Afríka setti á laggir leppstjórn í Windhoek í Namibíu á s. l. ári, en ekkert ríki hefur fengist til að veita þeirri ríkisstjórn viðurkenningu. Í byrjun mars gaf Botha, forsætisráð-

herra Suður-Afríku, yfirlýsingu um að hann væri reiðubúinn til ao framfylgja ályktun Öryggisráðs S. þj. frá 1978 um sjálfstæði Namibíu. Kæmi hún til framkvæmda frá og með 1. ágúst n. k. svo framarlega sem kúbanskir hermenn færu frá Angóla fyrir þann tíma.

Þrátt fyrir að málefnum Suður-Afríku hafi af eðlilegum ástæðum verið mikill gaumur gefinn, má ekki gleyma að almenn þegnréttindi eru fótum troðin víðar í heimsálfunni. Af tæplega 50 ríkjum Afríku eru þau ríki teljandi á fingrum annarrar handar, sem umbera stjórnarandstöðu eða gera almenningi kleift að hafa áhrif á stjórnarákvarðanir. Í flestum hinna er aðeins leyfður einn stjórnmálaflokkur, flokkur valdhafanna, og eru fjölmiðlar að meira eða minna leyti undir stjórn þeirra.

Í Nígeríu hefur stjórnarfar verið óstöðugt og hafa sex stjórnarbyltingar orðið síðan landið hlaut sjálfstæði frá Bretum 1960. Á gamlársdag 1983 var lýðræðislega kjörnum forseta, Shehu Shagari, steypt af stóli. Ástæðan fyrir byltingunni var víðtæk fjármálaspilling, að sögn herforingjans Buhari, sem tók við forsetaembættinu. Hann ríkti í 20 mánuði, en var hrakinn frá völdum í stjórnarbyltingu Babangidas, núverandi forseta Nígeríu.

Efnahagsástand í Afríkuríkjum hefur farið versnandi. Á árinu 1984 skapaðist algert neyðarástand í mörgum Afríkuríkjum vegna matvælaskorts. Verst var ástandið á þurrkasvæðunum, þar sem þúsundir manna dóu úr hungri. Ríkisstjórnir og hjálparstofnanir komu til hjálpar og veittu fólki í Eþíópíu og Súdan um 500 milljón dollara aðstoð. Þjóðartekjur á mann hafa rýrnað í mörgum Afríkuríkjum. Tólf þeirra hafa nú lægri þjóðartekjur á mann en þegar þau hlutu sjálfstæði. Barnadauði í Afríku er margfalt tíðari en í öðrum þróunarlöndum og helmingur vinnufærra manna er atvinnulaus eða hefur ónóga atvinnu. Mikill meirihluti Afríkuríkja er vel fallinn til landbúnaðar, en mörg ríkjanna eiga þó við alvarlegan matvælaskort að stríða. Sameinuðu þjóðirnar hafa nú komið upp sérstakri neyðarhjálparskrifstofu fyrir Afríku og boðað hefur verið til aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í maí n. k. um neyðarástandið í Afríku.

Ýmislegt veldur að aðstæður almennings í Afríku eru erfiðar. Flest ríki álfunnar afla meirihluta útflutningstekna sinna með útflutningi á örfáum tegundum hráefna og eru því einkar viðkvæm fyrir verðsveiflum á heimsmarkaði. Annaðhvort þarf að tryggja ríkjum þessum sanngjarnt verð fyrir hráefni sín eða hjálpa þeim til að vinna frekar úr afurðum sínum og selja þær á markað í iðnríkjunum. Erlendar skuldir Afríkuríkja nema nú um 250 milljörðum dollara. Ólíklegt er hins vegar að bein fjárhagsaðstoð iðnríkja, hvort sem er í formi lánafyrirgreiðslu eða styrkja, nýtist mörgum þróunarríkjanna sem skyldi nema stjórnmálaforingjar í ríkjum þessum taki upp breytta stjórnarhætti og uppræti útbreidda spillingu.

(2) **Mið- og Suður-Ameríka.**

Ófriður og efnahagsörðugleikar hafa um langt skeið hamlað þróun lýðræðislegra stjórnarhátta í Mið-Ameríku. Í þremur ríkjum af sjö geisar borgarastyrjöld enn: í Guatemala, El Salvador og Nicaragua. Hafa átök þessi komið í veg fyrir nauðsynlega efnahagslega uppbyggingu, en útbreidd fátækt jafnframt kynt undir ófriðarbálinu.

Engu að síður hefur miðað í framfaraátt í Mið-Ameríku. Í El Salvador hlaut stjórn Duartes forseta hreinan meirihluta í þingkosningum í mars á liðnu ári og styrkti forsetinn þannig umboð sitt til að koma á friði meðal andstæðra fylkinga. Í Guatemala, fjölmennasta ríki Mið-Ameríku, tók borgaralega kjörinn forseti við völdum í desember og markaði sá atburður endalok 31 árs herstjórnar í landinu.

Athygli heimsins hefur þó einkum beinst að Nicaragua, en þar hefur þróun mála orðið mörgum áhyggjuefni. Þrátt fyrir að kosningar hafi verið haldnar í nóvember 1984 er engin virk stjórnarandstaða leyfð í landinu. Í október s. l. afnam stjórn sandinista öll borgaraleg þegnréttindi og bar við að nauðsyn bæri til vegna utanaðkomandi afskipta af málefnum

Nicaragua. Óhætt er að fullyrða að stjórn sandinista muni reynast erfitt að ávinna sér traust á Vesturlöndum meðan hún efnir ekki fyrirheit um að greiða götu lýðræðis og hafnar öllum viðræðum við leiðtoga „contra"-skæruliða.

Sjónarmið íslenskra stjórnvalda hefur verið að forðast beri hernaðarlega lausn á ástandinu í Mið-Ameríku, en að reynt skuli til hins ýtrasta að koma á friði með samningum. Af þesum sökum hefur Ísland lýst yfir stuðningi við frumkvæði Contadora-ríkjanna (Venezuela, Mexíkó, Kolombíu og Panama), en ríki þessi hafa leitast við að koma á viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Nicaragua annars vegar og milli stjórna Nicaragua og grannríkja hins vegar.

Árangurinn af starfi Contadora-hópsins hefur þó borið minni ávöxt síðustu mánuði en vonir stóðu til og veldur þar miklu djúpstæður ágreiningur Bandaríkjamanna og stjórnar sandinista. Í maí á síðasta ári settu Bandaríkin viðskiptabann á Nicaragua, en höfðu áður slitið viðræðum ríkjanna í Manzanillo. Á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var Ísland meðal þeirra þjóða er fordæmdu viðskiptabannið, enda var það og er skoðun ríkisstjórnarinnar að slíkar aðgerðir séu lítt vænlegar til árangurs, auk þess sem þær torveldi friðarumleitanir Contadora-ríkjanna á svæðinu. Þegar rætt er um tálmanir í vegi Contadora-áætlunarinnar, beinist þó athyglin ekki síður að framferði stjórnar sandinista. Vil ég í því sambandi benda sérstaklega á að í Nicaragua eru fleiri erlendir hernaðarráðgjafar og mun meiri vígbúnaður en nágrannar á svæðinu telja réttlætanlegt með tilliti til varna landsins einvörðungu.

Á Haiti dró til tíðinda í febrúarbyrjun er Duvalier forseti hrökklaðist frá völdum og flýði land. Lauk þannig áratuga tímabili siðspilltrar harðstjórnar Duvalier-feðga á Haiti, fátækasta ríki álfunnar. Áður en forsetinn hvarf á brott fól hann einum hershöfðinga sinna stjórnina. Hefur sá lofað kosningum, en látið hjá líða að tilkynna hvenær þær muni fara fram.

Í Suður-Ameríku hefur ástandið færst í betra horf með tilliti til stjórnarhátta og mannréttinda. Í Brasilíu tók Sarney varaforseti við völdum í apríl 1985 eftir andlát Neves, sem ekki gafst kostur á að taka við starfi sínu sem fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Brasilíu í meira en tvo áratugi. Eitt af fyrstu verkum forsetans var að afnema ritskoðun og gefa verkalýðsfélögum frjálsan tauminn. Í Argentínu er nýlokið réttarhöldum yfir meðlimum síðustu herforingjastjórnar landsins og geta því stjórnvöld snúið sér heilshugar að því að koma efnahag Argentínu á réttan kjöl. Eftir að Sanguinetti forseti tók við völdum í Uruguay í mars á síðasta ári hefur verið losað um hömlur gegn pólitískri starfsemi þar í landi og pólitískum föngum verið sleppt.

Atburðir í Chile hafa á hinn bóginn stungið nokkuð í stúf við framvindu mála í álfunni í heild og er ekki ofsögum sagt að þar hafi enn sigið á ógæfuhliðina. Kjör almennings hafa versnað og er ekkert lát á verkföllum og mótmælagöngum. Stjórn Pinochets forseta hefur brugðist við með vaxandi harðýðgi og virðist ætla að halda uppteknum hætti og hafa mannréttindi að engu.

Þrátt fyrir að stjórnmálaástand hafi farið batnandi víða í Suður-Ameríku er ástæða til að vara við of mikilli bjartsýni. Veldur hér einkum hið alvarlega efnahagsástand, sem hrjáð hefur ríki álfunnar, en telja verður ólíklegt að takast muni að hlúa að sprotum lýðræðis í ríkjum þessum fyrr en náðst hefur árangur í baráttunni gegn óðaverðbólgu, stórfelldu atvinnuleysi og erlendri skuldasöfnun. Á síðasta ári tókst mörgum ríkja Suður-Ameríku að semja við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um greiðslufrest og framlengingu lána. Þó er ljóst, að stórum hluta útflutningstekna ríkja í álfunni verður enn um sinn varið til greiðslu vaxta af erlendum lánum.

(3) **Austurlönd nær.**

Erfiðlega gengur að finna leiðir til varanlegs friðar í þessum heimshluta. Borgarastyrjöldin í Líbanon hefur nú staðið á annan áratug og valdið miklum hörmungum. Talið er að a. m. k. 100 þúsund manns hafi fallið í styrjöldinni. Ótal vopnahléssamningar hafa verið gerðir og jafnoft brotnir.

Á s. l. hausti komst nefnd, sem skipuð hafði verið af deiluaðilum til að gera tillögur um pólitíska lausn borgarastyrjaldarinnar, að samkomulagi. Nefndin lagði til að komið yrði á nýrri stjórnskipan í Líbanon. Gemayel forseti lýsti stuðningi við samkomulagið. Í því fólust m.a. aukin völd Múhameðstrúarmanna í stjórn landsins, en völd kristinna manna eru tryggð í stjórnarskrá Líbanons, m. a. með því að forseti landsins skuli kjörinn úr hópi kristinna manna. Múhameðstrúarmenn eru hins vegar mun fjölmennari í landinu. Forystumenn kristinna tóku þessum tillögum mjög illa og hefur Gemayel (sem er kristinn) nú lýst því yfir að ekki sé unnt að samþykkja tillögurnar óbreyttar. Horfur á varanlegum friði í Líbanon eru því ekki góðar.

Hið sama má segja um deilumál Araba og Ísraela. Friðarumleitanir eru í sömu sjálfheldunni og þær hafa verið hátt á annan áratug. Samtök Palestínumanna vilja ekki samþykkja ályktanir Öryggisráðs S. þj. nr. 242 (1967) og 338 (1977) um viðurkenningu Ísraelsríkis og rétt þess til öryggis innan viðurkenndra landamæra, skyldu þess til að láta herteknu svæðin af hendi, jafnframt því að fullt tillit verði tekið til þjóðréttinda Palestínumanna. Samtök Palestínumanna, PLO, neita að viðurkenna Ísraelsríki, nema þau fái beina aðild að samningum um réttindi og framtíð Palestínuþjóðarinnar, en Ísraelsmenn neita að setjast að samningaborði með PLO.

Það er Hussein Jórdaníukonungur, sem forystu hefur haft um þær friðarumleitanir, sem fram hafa farið að undanförnu. Njóta tilraunir hans óskoraðs stuðnings Mubaraks Egyptalandsforseta. Þeir Hussein og Mubarak hafa komið á góðu sambandi við Arafat, leiðtoga PLO. Tillögur Husseins miða að því að stofnað verði sambandsríki Palestínumanna og Jórdana. Þeir Hussein og Arafat undirrituðu yfirlýsingu í Amman í febrúar á s. l. ári um að þeir myndu einbeita sér að því að vinna slíkri lausn fylgi. Þessi yfirlýsing mætti þegar andstöðu innan herbúða Arafats frá aðilum, sem ekki sætta sig við minna en algerlega sjálfstætt og óháð ríki Palestínumanna. Tillagan um sambandsríki Jórdana og Palestínumanna byggir á því að friður verði saminn við Ísrael og Arabaríkin viðurkenni Ísraelsríki. Í ræðu sinni á afmælishátíð Sameinuðu þjóðanna í október s. l. lýsti Perez, forsætisráðherra Ísraels, því yfir að hann vildi koma á beinum viðræðum um friðarsamninga við Hussein Jórdaníukonung á grundvelli tillagna hins síðarnefnda. Ekki fór þó á milli mála að hann vildi jafnframt útiloka PLO frá slíkum viðræðum. Ósennilegt er að friðarsamningar takist, nema PLO taki beinan þátt í þeim. Arabaríkin hafa ítrekað lýst því yfir, að þau viðurkenni PLO sem hinn eina löglega aðila til að fara með mál Palestínuþjóðarinnar.

Harmleikurinn í Mið-Austurlöndum teygir sig langt út fyrir þennan hrjáða heimshluta. Hin hroðalegu hryðjuverk á flugvöllunum í Róm og Vínarborg í desember s. l. eru hryggileg dæmi um það.

(4) **Austurlönd fjær.**

Í styrjöld Íraka og Írana er talið að um hálf milljón manna hafi fallið eða særst frá upphafi. Hjá Írökum er mikill áhugi á friðarsamningum, en sem fyrr stranda friðarumleitanir á kröfu Írana um að Hussein Íraksforseti verði rekinn frá völdum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er haldið áfram viðræðum um lausn Afganistanmálsins. Bandaríkjamenn hafa fallist á að vera meðal ríkja, sem ábyrgjast eiga framkvæmd samkomulags um brottflutning hersveita Sovétmanna frá Afganistan og afganskra flóttamanna frá Pakistan.

Í Kamputsíumálinu er engin lausn í sjónmáli. Stjórn Heng Samríns í Phnom Penh situr í skjóli herafla Víetnama í landinu.

Sihanouk fursti var á Íslandi 15.—18. september 1985 og sagði þá, að áfram yrði barist við hersveitir Víetnama í Kampútsíu og reynt að finna pólitíska lausn á Kampútsíu-málinu. Hann var svartsýnn á framtíð lands síns og sagði að Víetnamar væru í stórum stíl að setjast að í Kampútsíu. Væri þeim flutningum stjórnað af víetnömskum yfirvöldum. Sihanouk taldi víst, að Sovétmenn myndu ekki láta af stuðningi sínum við Víetnam, sem nemur að jafnaði 3—4 milljónum dollara á dag. Ýmislegt bendir til, að bölsýni furstans eigi við rök að styðjast, en haldið er áfram tilraunum til að finna pólitíska lausn á málefnum Kampútsíu, bæði af hálfu nágrannaríkjanna og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Viðræður hafa farið fram milli Norður-Kóreu og Suður-Kóreu í fyrsta skipti eftir margra ára hlé, annars vegar milli Rauða krossins í ríkjunum tveimur varðandi gagnkvæmar heimsóknir og hins vegar milli stjórnarfulltrúa varðandi efnahagssamskipti. Sáralítill árangur hefur enn orðið af viðræðunum. Í Kína er haldið áfram að efla utanríkisviðskipti og heldur utanríkisverslunin áfram að færast í frjálsræðislegra horf. Samskipti Kínverja og Sovétmanna fara vaxandi á ýmsum sviðum, þrátt fyrir að kínverskir leiðtogar telji óhugsandi að náin samskipti takist milli Kína og Sovétríkjanna við ríkjandi aðstæður. Vísa þeir sérstaklega til herafla og herbúnaðar Sovétmanna við norðurlandamæri Kína, hernáms þeirra í Afganistan og sovésks stuðnings við hersetu Víetnama í Kampútsíu.

Á Filippseyjum tók nýr forseti, Corazon Aquino, við völdum í febrúarlok, eftir að Ferdinand Marcos, einræðisherra, sem gerst hafði sekur um kosningasvik, ákvað að flýja land. Til að treysta sig í sessi þarf forsetinn nýi að ná tökum á stjórnmálaástandinu og bæta úr þeirri fátækt og efnahagsöngþveiti, sem er arfleifð tuttugu ára valdaferils Marcosar. Með tilliti til útþenslu Sovétmanna á höfunum eru það góð tíðindi, að forsetinn hyggst virða samkomulagið við Bandaríkin um herstöðvar á eyjunum til 1991 og stuðla þannig að hernaðarlegu jafnvægi á Vestur-Kyrrahafssvæðinu.

Hagvöxtur hefur ekki verið eins ör í löndum Austur- og Suðaustur-Asíu, m. a. í hinum nýju iðnríkjum, þar sem hann hefur verið mestur undanfarna áratugi. Fyrir þessu eru margar ástæður, svo sem verðbólga, samdráttur í útflutningi og verðfall á hráefnum.

Ný ríkjasamtök hafa verið stofnuð í Suður-Asíu, „Suður-Asíubandalagið um svæðissamvinnu“, og eru í þeim 7 ríki: Indland, Pakistan, Bangladesh, Nepal, Sri Lanka, Bhutan og Maldive-eyjar. Markmið bandalagsins er að draga úr spennu milli ríkjanna og stuðla að samvinnu, t. d. í landbúnaðar-, fjarskipta-, samgöngu- og menningarmálum.

Samskipti Íslands við Austurlönd, einkum Kína og Japan, hafa farið vaxandi á undanförnum árum. Kínverjar hafa annað veifið keypt héðan ál, og nokkur innflutningur er frá Kína á ári hverju. Möguleikar á sölu sjávarafurða til Suður-Kína virðast vera að opnast.

Íslendingar geta átt samskipti við Austurlönd á fleiri sviðum en verslunarsviðinu, t. d. um útflutning frá Íslandi á sérþekkingu á jarðhita- og sjávarútvegsmálum. Jarðhiti er víða í löndum Austur- og Suðaustur-Asíu. Ýmis samskipti á sviði jarðhitanýtingar hafa átt sér stað milli Íslendinga og Kínverja, og í júní n. k. fer til Tíbet nefnd íslenskra jarðhitasérfræðinga í boði kínverskra stjórnvalda, en í Tíbet eru mikil háhitasvæði. Íslensk fyrirtæki hafa gert tilboð í sérfræðiþjónustu varðandi jarðhitaframkvæmdir á Filippseyjum og kannað möguleika á jarðhitaverkefnum annars staðar í Suðaustur-Asíu. Í þeim hluta heims, eins og annars staðar, er vaxandi áhugi á nýtingu jarðhita. Þeir menn, sem nú eru að taka þar við störfum, hafa margir verið í jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og eru ýmis merki þess, að þeir hafi áhuga á frekari samvinnu við íslenska sérfræðinga í framtíðinni.

Ýmis önnur samskipti en verslunarsamskipti hafa verið milli Íslands og Kína, fyrst og fremst á ýmsum sviðum menningarmála. Skipst hefur verið á opinberum heimsóknum og hafa t. d. utanríkisráðherra og menntamálaráðherra farið til Kína í opinberar heimsóknir.

Í Japan er vaxandi áhugi á Íslandi. Ferðamönnum frá Japan til Íslands fer stöðugt fjölgandi og eru japanskir frétta- og sjónvarpsmenn orðnir alltíðir gestir. Í Osaka eru starfandi samtök áhugamanna um íslenskar bókmenntir, og nokkur rit um íslensk málefni hafa komið út nýlega í Japan. Innan japanska þjóðþingsins hafa verið stofnuð Íslandsvináttu-samtök þar sem 12 þingmenn frá hvorri þingdeild eru þátttakendur. Heimsókn mín sem viðskiptaráðherra til Japans í október s. l. var fyrsta opinbera heimsóknin þangað frá Íslandi. Í tengslum við hana fór til Japans hópur íslenskra kaupsýslumanna, enda var aðaltilgangurinn með heimsókninni að greiða fyrir auknum útflutningi til Japans.

IV Utanríkisviðskipti.

Viðskiptaráðuneytið hefur tekið saman kafla þann um utanríkisviðskipti, sem hér fer á eftir. Fyrst er greint frá efnahags- og viðskiptasamvinnu, sem Íslendingar eru aðilar að, og síðan er fjallað um utanríkisviðskipti Íslendinga almennt séð.

(1) Alþjóðlegt viðskiptasamstarf.

(1.1) Efnahagsbandalag Evrópu, EBE.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu (EBE) og Kola- og stálbandalagi Evrópu á grundvelli aðildarsamnings, sem undirritaður var 12. júní 1985. Aðildarlönd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) höfðu samráð sín á milli um nauðsynlegar breytingar á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-landa við bandalögin og átti fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf aðild þar að. Af Íslands hálfu var undirbúningur samningsgerðar í höndum viðskiptaráðuneytisins, sem hafði samráð við viðkomandi aðila. Fulltrúar ráðuneytisins og sendiráðs Íslands í Brussel tóku þátt í viðræðum við bandalögin og fóru þær fram í höfuðstöðvum EBE í Brussel. Könnunarviðræður fóru fram í júní 1985. Í desember 1985 hófust síðan formlegar samningaviðræður. Ýmsir erfiðleikar komu upp í viðræðunum, fyrst og fremst vegna tilrauna EBE til að tengja viðræðurnar um breytingar á fríverslunarsamningi Íslands veitingu fiskveiðiréttinda í íslenskri lögsögu. Reyndi aðallega á þetta í lok viðræðnanna. Af Íslands hálfu var ekki léð máls á því að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Samkomulag náðist að lokum um orðalag ofangreindra viðbótarbókana og voru þær undirritaðar til bráðabirgða 22. febrúar 1986 í Brussel með fyrirvara um fullgildingu. Viðbótarbókanirnar teljast óaðskiljanlegur hluti samninganna við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu. Gengu þær í gildi 1. mars s. l. hvað Ísland varðar, en Alþingi hafði veitt heimild til fullgildingar 27. febrúar s. l.

Ákvæði samninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríki Kola- og stálbandalags Evrópu um fríverslun með ýmsar vörur tóku við gildistöku viðbótarbókananna einnig til viðskipta Íslands við Spán og Portúgal. Í megindráttum leiðir ekki aðeins af þessu að tollar og gjöld, sem hafa sömu áhrif og tollar, falla þá niður af iðnaðarvörum heldur og ýmsum sjávarafurðum og vörum, sem unnar eru úr landbúnaðarafurðum. Þetta gerist þó í áföngum á tæplega sjö ára aðlögunartíma, sem endar 1. janúar 1993. Gert er ráð fyrir gagnkvæmum áfangalækkunum. Þar eð Portúgal hefur verið í nánum fríverslunartengslum við Ísland innan EFTA verður ekki um neinar meiri háttar breytingar að ræða á fríverslun Íslands við það land að loknum aðlögunartímanum. Hins vegar verða fríverslunartengslin við Spán mun nánari en þau voru á grundvelli samnings EFTA-landanna og Spánar. Í þessu

sambandi skal áréttað að aðalútflutningsvara Íslands til þessara landa, óverkaður saltfiskur, hefur ekki fallið undir fríverslunarákvæði og mun ekki heldur gera það samkvæmt fríverslunarsamningi Íslands við EBE. Auk óvissu um áhrif af ákvörðun EBE um álagningu saltfiskstolls, sem vikið verður að síðar, geta ákvæði í aðildarsamningi Spánar og Portúgals um sérstakt tímabundið viðskiptakerfi varðandi innflutning til þessara landa torveldað útflutning okkar þangað, þar eð miðað er við útflutning þriggja síðustu ára, fyrst árin 1983—1985. Í því sambandi má nefna að útflutningur á saltfiskinum var mun meiri á árunum 1981—1982 en á árunum 1983—1985. Einnig er hugsanlegt að reynt verði að veita þeim löndum viðskiptafríðindi umfram Ísland, sem veita EBE-löndum fiskveiðiréttindi. Hér koma til greina Noregur, Kanada, Færeyjar og Grænland. Þá má einnig minna á ákvæði bókunar nr. 4 við aðildarsamning Spánar og Portúgals, þar sem heimiluð er undanþága frá tolli á fiski, sem EBE-fiskiskip kaupa utan EBE.

Af hálfu Íslands hefur það verið gagnrýnt, að EBE veiti þeim löndum viðskiptafríðindi, er láta bandalaginu í té fiskveiðiréttindi, svo og að veitt sé undanþága frá tolli á fiski, sem fiskiskip EBE-ríkja kaupa utan EBE. Slík viðskiptafríðindi mega ekki leiða til mismununar gagnvart Íslandi og hefur í því sambandi verið höfðað til grundvallarreglna GATT.

Svo sem kunnugt er tók bókun nr. 6 við fríverslunarsamning Íslands við EBE, er gerður var 1972, ekki gildi fyrr en 1976 vegna landhelgisdeilna, fyrst vegna 50 mílna útfærslunnar og síðan vegna 200 mílna útfærslunnar. Í 2. gr. bókunarinnar var tekið fram að EBE áskildi sér rétt til að láta ákvæði hennar ekki koma til framkvæmda, ef ekki næðist viðunandi lausn fyrir aðildarríki EBE á efnahagserfiðleikum, sem leiddi af ráðstöfunum Íslands varðandi fiskveiðiréttindi. EBE lítur nú svo á að bréf, sem forseti ráðs bandalagsins skrifaði vegna gildistöku bókunarinnar árið 1976, feli í sér skilyrði, sem tengi gildi bókunarinnar við viðunandi fiskveiðiréttindi EBE á Íslandsmiðum. Afstaða íslenskra stjórnvalda hefur hins vegar verið sú að vilja ekki fallast á tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda. Telja þau að í bréfi forseta ráðs EBE á sínum tíma hafi ekki falist fyrirvari um framkvæmd bókunarinnar heldur hafi bandalagið einungis lýst þeirri von sinni, að samningaviðræður þess og Íslands um hið almenna vandamál viðvíkjandi fiskveiðimörkum myndu hefjast í náinni framtíð og varanlegir samningar takast, sem báðir aðilar sættu sig við. Í þessu sambandi hafa íslensk stjórnvöld bent á að aðalsamningamaður bandalagsins í viðræðunum um fiskveiðimál við Íslendinga síðar á árinu 1976, Finn Gundelach í framkvæmdanefnd EBE, hafi lýst því skýrt og skorinort yfir á fundi, að bandalagið hygðist ekki tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Virðist svo sem hugmyndin um að tengja varanlegt gildi bókunar nr. 6 við fiskveiðiréttindi í íslenskri lögsögu hafi skotið upp kollinum á allra síðustu árum í tengslum við inngöngu Spánar og Portúgals í EBE og vilji bandalagið skapa sér möguleika á að leysa hluta vandamálsins vegna mikilla fiskveiðiflota Spánverja og Portúgala með öflun fiskveiðiréttinda í lögsögu ríkja utan EBE. Vildi EBE í tengslum við gerð viðbótarbókananna koma þessu sjónarmiði sínu á framfæri og hlaut Ísland jafnframt að koma með gagnyfirlýsingu. Í sambandi við þetta hafa íslensk stjórnvöld þráfaldlega tekið fram að tengsl milli viðskiptafríðinda og fiskveiðiréttinda byggðust ekki á texta hafréttarsamningsins og væru vafasöm með tilliti til GATT-samkomulagsins.

Eins og greint hefur verið frá er saltfiskurinn mikilvægasta útflutningsvara Íslendinga til Spánar og Portúgals. Óverkaður og þurrkaður saltfiskur, saltfiskflök og skreið falla ekki undir fríverslunarákvæði viðskiptasamningsins milli Íslands og EBE og leiðir viðbótarbókunin við samninginn af þessum sökum sem slík ekki til lækkunar tolla á þessum vörum eða annarra fríðinda. Reyndar veitti EBE undanþágu frá tolli á þessum vörum frá öðrum ríkjum á tímabilinu 1971—1985, og kom fram í viðræðum vegna gerðar fríverslunarsamningsins við Ísland að mjög ólíklegt væri að tollur yrði lagður á að nýju. Lagalegan rétt hafði bandalagið þó til þess. Í desember 1984 ákvað ráð EBE, skipað sjávarútvegsráðherrum, að leggja

innflutningstoll að nýju á saltfiskinn, saltfiskflökin og skreiðina, 13% á óverkaðan og þurrkaðan saltfisk auk skreiðarinnar en 20% á saltfiskflökin. Ef litið er á EBE-löndin að meðtöldum Spáni og Portúgal sem eina heild, sést að tollurinn hefur á árunum 1981—1982 tekið til tæplega 40% útflutnings til þessara landa, en á árunum 1983—1985 hefur tollurinn tekið til tæplega 25% útflutnings Íslands til sömu landa. Svo mikilvægur er þessi útflutningur, að á árunum 1981—1982 nam hann 17—19% af heildarútflutningi Íslendinga, en á árunum 1983—1985 10—12% heildarútflutnings.

Með ýmsum hætti hefur verið reynt að fá EBE til að falla frá ákvörðun sinni um tollinn, en til vara að tollurinn yrði ekki tekinn upp að fullu, heldur miklu lægri tollprósenta, og jafnframt að tollfrjáls GATT-kvóti fyrir saltfisk og skreið, sem er 25 000 tonn (auk 5 000 tonna almenns kvóta fyrir árið 1986 vegna fiskveiðisamnings Kanada og EBE), yrði stækkaður til muna með tilliti til verulegrar aukningar á innflutningsþörf bandalagsins við inngöngu Spánar og Portúgals. Var bent á að þörf Íslendinga einna fyrir tollfrjálsan kvóta væri 50—60 000 tonn á ári. Útflutningur okkar á kvótavörunum 1981—1985 var að meðaltali 48 000 tonn á ári (sveiflaðist til frá 38 000 til 57 000 tonna). Ekki var tekið tillit til raka Íslendinga og gekk tollurinn í gildi 1. júlí 1985. Hins vegar var á seinni hluta ársins 1985 miðað við fulla árskvóta, þannig að ekki sköpuðust sérstök vandamál í saltfisksviðskiptunum. Á hinn bóginn má búast við vandamálum snemma á árinu 1986, en óvissa er um afleiðingar þeirra. Áfram er þó unnið að því af Íslands hálfu að afstýra aðsteðjandi vanda.

Sameiginleg nefnd Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, sem á að fylgjast með framkvæmd fríverslunarsamningsins, hélt tvo fundi á árinu 1985 í Brussel.

(1.2) **Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.**

Störf Fríverslunarsamtaka Evrópu einkenndust á síðasta ári af framkvæmd þeirra ákvarðana, sem teknar voru á fundi ráðherra EFTA-landanna í Visby og sameiginlegum fundi ráðherra EFTA- og EBE-landanna í Lúxemborg árið 1984. Nokkur mál hafa haft forgang, einkum aðgerðir til að draga úr öðrum viðskiptahömlum en tollum, upprunareglur og einföldun tollskjala og landamæraeftirlit. Þá eru hafnar umræður um rannsókna- og þróunarstarfsemi. Einnig hefur sérstök nefnd unnið að athugun á ríkisstyrkjum og þeim áhrifum, sem þeir hafa á alþjóðaviðskipti.

Í tengslum við aðild Portúgals og Spánar að EBE ákvað EBE, eins og áður segir, að taka upp að nýju tolla á saltfisk, sem höfðu verið felldir niður einhliða af þeirra hálfu árið 1971. Vegna tilmæla Íslendinga var ákveðið að senda í júní 1985 sameiginlegt bréf EFTA-landanna, annarra en Portúgals, til framkvæmdanefndar EBE til stuðnings málstað Íslendinga. Þáverandi formaður EFTA-ráðsins, viðskiptaráðherra Austurríkis, undirritaði bréfið.

Samkvæmt starfsáætlun EFTA var ákveðið að setja á fót nefnd til að athuga möguleika á að fella niður viðauka E við stofnsamning EFTA eða fækka þeim fiskafurðum, sem í viðaukanum eru, en með því nytu fleiri fiskafurðir fríverslunarkjara. Nefndin hefur nú lokið störfum og mun skila skýrslu til EFTA-ráðsins um þau. Nefndin varð sammála um að fella brott úr viðauka E nokkrar fisktegundir. Voru hrogn sú vörutegund, sem mesta þýðingu hefur fyrir útflutning okkar til EFTA-landanna.

Haldnir voru tveir ráðherrafundir EFTA á árinu 1985, annar í maí og hinn í nóvember. Á vorfundinum, sem haldinn var í Vínarborg, var minnst 25 ára afmælis samtakanna en þá voru jafnframt 15 ár frá inngöngu Íslands í EFTA.

Fundur Þingmannanefndar EFTA var haldinn í Reykjavík í júní, en íslenskur þingmaður er formaður nefndarinnar. Einnig hittast nefndir sérfræðinga, sem fjalla um

viðskiptamál, tollamál og efnahagsmál, reglulega. Ráðgjafarnefnd kemur saman reglulega, en í henni eiga sæti fulltrúar vinnumarkaðarins og samtök atvinnulífsins í EFTA-löndunum.

Á fyrri hluta ársins 1986 hefur viðskiptaráðherra á hendi formennsku í EFTA-ráðinu. Fundur ráðherra EFTA verður haldinn í Reykjvík 4.—5. júní, en fundur ráðgjafarnefndarinnar 3.—4. júní n. k.

(1.3) **Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT.**

Á aukafundi æðstu stjórnar GATT (General Agreement on Tariffs and Trade), sem haldinn var 30. september — 2. október 1985, var ákveðið að hefja undirbúning að nýjum viðskiptaviðræðum í GATT. Var nefnd háttsettra embættismanna falið að kanna þau atriði, sem aðildarríkin lögðu helst áherslu á.

Nefndin átti að skila skýrslu til aðalfundar GATT í nóvember, en kom sér ekki saman um skýrsluna vegna deilu ýmissa þróunarlanda, svo sem Brasilíu, Indlands, Egyptalands, Pakistans o. fl., og annarra aðildarríkja um efni viðræðnanna. Eru það einkum deilur um þjónustuviðskipti, sem valda erfiðleikum, en umræður í GATT hafa hingað til aðeins náð til vöruviðskipta. Óttast þessi þróunarlönd að möguleikar á að efla eigin starfsemi að ýmiss konar þjónustuviðskiptum í samkeppni við háþróuð lönd á þessu sviði minnki.

Á aðalfundinum náðist samkomulag um að fela sérstakri undirbúningsnefnd að undirbúa nýjar GATT-viðræður. Á hún að skila tillögum í júlí 1986 en ráðgert er að ráðherrafundur verði haldinn í september 1986. Þau mál, sem undirbúningsnefndinni er m. a. ætlað að hyggja að, eru að engar frekari takmarkanir verði settar á viðskipti, að dregnar verði til baka þær viðskiptahömlur, sem einstök lönd hafa sett utan GATT-reglna, meðferð á málum þróunarlandanna og reglur um sérstakar ráðstafanir, sem grípa má til í því skyni að hamla gegn innflutningi.

Fyrirhugaðar GATT-viðræður kunna að hafa mikla þýðingu fyrir okkur, þar sem nú verður fjallað um ný viðfangsefni eins og erlendar fjárfestingar, tryggingastarfsemi, samgöngur, bankastarfsemi o. fl.

Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf sinnti á árinu 1985 talsvert tímafrekari störfum fyrir Íslands hönd innan vébanda GATT en oft áður og munaði þar mikið um starf í nefnd er fjallaði um viðskipti með sjávarafurðir.

(1.4) **Efnahags- og framfarastofnunin, OECD.**

Á árinu 1985 var þátttaka Íslendinga í starfi OECD (Organization for Economic Cooperation and Development) í París með hefðbundnum hætti. Á ráðherrafundi stofnunarinnar 11.—12. apríl 1985 áréttaði ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins nauðsyn þess að aðildarríki OECD stæðu vörð um frjáls alþjóðaviðskipti og gegn verndarstefnu. Benti hann á, að of oft væri mikið bil milli orða og athafna, og nefndi í þessu sambandi sérstaklega yfirlýsingu EBE um, að ríki tækju ekki upp nýjar viðskiptahömlur í ljósi væntanlegra viðskiptaviðræðna á vegum GATT, og ákvörðun bandalagsins um að leggja að nýju háan toll á saltfisk, saltfiskflök og skreið.

Í riti OECD um kosti og galla verndarstefnu, sem kom út á árinu, segir m. a. að tollar í alþjóðaviðskiptum séu lægri en nokkru sinni fyrr, en hins vegar hafi aðrar viðskiptahömlur en tollar, t. d. magntakmarkanir, aukist til muna síðasta áratuginn. Helstu niðurstöður í ritinu eru þær, að verndaraðgerðir hafi ekki reynst gagnlegar til að halda uppi atvinnu. Jafnvel í hinum vernduðu atvinnugreinum hafi innflutningshömlur sjaldan náð að verja meira en 2—3% starfa og það oft á kostnað atvinnumöguleika í öðrum greinum. Verndaraðgerðir hafi að meðaltali hækkað verð á vernduðum vörum til neytenda um 10% og stundum miklu meira og bitni hækkanirnar mest á láglaunafólki. Fátt bendi til þess að verndaðar atvinnugreinar hafi getað notað aðlögunartíma í skjóli verndaraðgerða til endurskipulagningar og úrbóta.

Í öðru riti OECD, um vandamál í viðskiptum með sjávarafurðir, er m. a. fjallað um þróun í viðskiptum með sjávarafurðir og ráðstafanir til aðlögunar í kjölfar nýrrar skipanar hafréttarmála, einkum vegna útfærslu efnahagslögsögu í 200 sjómílur á áttunda áratugnum. Þar er bent á að breyting hafi orðið á framleiðslu sjávarafla milli ríkja og taki þetta til 20% alls sjávarafla í heiminum. Sums staðar hafi útflutningur aukist mjög, en annars staðar innflutningur. Vikið er að gagnráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, þ. á m. samræmdum aðgerðum til að varðveita fiskveiðiréttindi í efnahagslögsögu annarra ríkja. Fram kemur að í sumum tilvikum hafi þau breytt stefnu sinni í viðskiptamálum á þann veg að strandríki, sem veita fiskveiðiréttindi í lögsögu sinni, eigi auðveldari aðgang að mörkuðum þeirra en önnur strandríki. Sú aukna áhersla, sem einstök ríki leggja á það að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi, getur valdið Íslendingum erfiðleikum beint og óbeint. Í ritinu er auk þess fjallað um tolla og aðrar viðskiptahömlur í einstökum aðildarríkjum og gefnar upplýsingar um framboð, nýtingu og eftirspurn eftir vissum tegundum sjávarafurða.

(2) **Almenn viðskiptamál.**

(2.1) **Viðskiptajöfnuður o. fl.**

Á árinu 1985 jókst gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings um 11,8% miðað við árið áður, og hafa þá útflutningstölur ársins 1984 verið umreiknaðar til meðalgengis 1985 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti álútflutnings dróst saman um tæp 24%, og 6,3% samdráttur varð á útflutningsverðmæti kísiljárns, en verðmæti annars útflutnings jókst um 19,2%.

Gjaldeyrisverðmæti vöruinnflutnings jókst um 10,3%. Almennur innflutningur jókst um 10,4% eða svipað hlutfall og heildarinnflutningur og innflutningur olíuvara örlitlu meira. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 17,3%. Munaði þar mest um innflutning flugvéla, sem jókst um 69%. Innflutningur skipa dróst hins vegar saman um 13,5%. Innflutningur vegna Járnblendiverksmiðjunnar jókst um 31% og innflutningur vegna álversins um tæp 3%. Innflutningur vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli var 65 m. kr. á móti 25 m. kr. árið 1984, reiknað á föstu gengi. Innflutningur á vegum Landsvirkjunar dróst saman um 8,2%. Samtals nam heildarverðmæti vöruútflutnings 33 750 m. kr. fob á árinu 1985 en heildarverðmæti vöruinnflutnings 33 760 m. kr. fob og varð halli á vöruskiptajöfnuði því 10 m. kr., samanborið við 425 m. kr. halla árið áður, reiknað á sambærilegu gengi. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að birgðir útflutningsvara voru 594 m. kr. minni að verðmæti í lok síðasta árs en í byrjun þess. Hins vegar höfðu útflutningsvörubirgðir aukist um 886 m. kr. á árinu 1984. Lítil breyting varð á viðskiptakjörum á árinu.

Halli á þjónustujöfnuði varð 4 806 m. kr. á árinu 1985 samanborið við 4 865 m. kr. halla á árinu áður, umreiknað á sambærilegu gengi.

Samkvæmt framangreindum tölum um vöruskipta- og þjónustujöfnuð varð halli á viðskiptajöfnuði 4 816 m. kr. sem svarar til 4,3% af vergri landsframleiðslu, samanborið við 5,1% árið áður.

(2.2) **Útflutningur eftir vörutegundum.**

Árið 1985 var útflutningur sjávarafurða 76,9% af heildarútflutningi, en það er talsvert hærra hlutfall en árið 1984, þegar það var 68,7%. Stafar þetta m. a. af auknum útflutningi á saltfiski, fiskflökum og loðnuafurðum. Einnig hafði samdráttur í útflutningi á áli og kísiljárni áhrif á þetta hlutfall sjávarafurða í heildarútflutningi.

Fryst fiskflök voru eins og fyrri ár langþýðingarmesta útflutningsvaran og var verðmæti þeirra 30% af heildarútflutningsverðmætinu. Flutt voru út 115 400 tonn, sem er rúmlega 7% aukning frá árinu 1984. Bandaríkin voru eins og áður mikilvægasti markaðurinn, en þangað

voru flutt út 66 500 tonn á móti 64 700 tonnum árið áður. Útflutningur til EBE var 31 800 tonn, en var 26 300 tonn árið 1984. Þar af jókst útflutningur til Bretlands úr 14 400 tonnum í 20 700 tonn. Útflutningur til Sovétríkjanna jókst í 15 600 tonn árið 1985 úr 14 300 tonnum árið áður.

Útflutningur á blautverkuðum saltfiski var rúmlega 43 700 tonn, sem er 7 100 tonnum meira magn en árið áður. Stafar þessi aukning nær öll af auknum útflutningi til Portúgals, en á þennan þýðingarmikla markað voru flutt út 25 200 tonn á móti 18 000 tonnum árið 1984. Útflutningur til Spánar var 9 900 tonn, sem er 800 tonnum meira en árið áður. Útflutningur til Grikklands og Ítalíu var svipaður og árið áður, en samdráttur varð í útflutningi til Bretlands og Frakklands. Útflutningur á þurrkuðum saltfiski var 1 850 tonn árið 1985 á móti 2 700 tonnum árið áður, en helstu markaðir voru í Brasilíu, Vestur-Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi, auk Kongó og Zaire.

Útflutningur á loðnuafurðum hefur aldrei verið meiri en árið 1985. Sala á loðnumjöli og loðnulýsi gekk vel, en verð á afurðunum var fremur lágt. Útflutningur á loðnumjöli var 144 000 tonn á móti 114 000 tonnum árið áður, og útflutningur á loðnulýsi var 122 000 tonn á móti 54 000 tonnum árið 1984. Var útflutningur loðnuafurða um 8,5% af heildarútflutningnum árið 1985, að frystri loðnu og loðnuhrognum meðtöldum.

Mikil aukning varð í útflutningi á ísuðum fiski á árinu 1985. Var það aðallega vegna aukningar sölu á ísuðum fiski, sem fluttur er út í kæligámum með flutningaskipum. Þannig voru flutt út 32 700 tonn af ísuðum fiski, aðallega til Bretlands. Árið 1984 var þessi útflutningur 12 700 tonn. Hefur þessi útflutningur ekki dregið úr heföbundnum siglingum íslenskra fiskiskipa á markaði í Bretlandi og Þýskalandi, því árið 1985 seldu þau 35 000 tonn af ísuðum fiski á þessa markaði, sem er sama magn og árið áður. Til viðbótar þessum útflutningi seldu íslensk fiskiskip 95 000 tonn af loðnu til bræðslu á erlendum mörkuðum, aðallega í Danmörku og Færeyjum.

Útflutningur á frystri rækju jókst verulega eða úr 5 400 tonnum í 8 500 tonn. Helstu markaðir fyrir rækju voru í Bretlandi, Japan, Bandaríkjunum og Danmörku.

Útflutningur iðnaðarvara var um 20,3% af heildarútflutningnum árið 1985 og hafði minnkað frá því að vera 27,2% árið áður. Útflutningur á áli minnkaði um 9 300 tonn og var 70 600 tonn. Útflutningur á kísiljárni var um 57 000 tonn, sem er svipað og árið áður. Útflutningur á ullarvörum í heild var svipaður að magni árið 1985 og hann hafði verið árið áður. Helstu markaðir voru í Sovétríkjunum, Bandaríkjunum og Bretlandi. Samdráttur varð í sölu ullarvara til Þýskalands og Danmerkur, en nokkur aukning á sölu til Noregs. Þrátt fyrir mikinn útflutning á síðasta ári á ullariðnaðurinn við mikla erfiðleika að etja, m. a. vegna kostnaðarhækkana við framleiðsluna og lækkandi gengis Bandaríkjadollars, en mest af ullarvörunum er selt í dollurum. Einnig hefur orðið breyting á tísku og heföbundnar ullarvörur eru ekki eins eftirsóttar og áður. Hefur orðið vart erfiðleika við sölu ullarvara og fyrirsjáanlegar eru kostnaðarsamar aðgerðir við hönnun og markaðsmál.

Útflutningur á lagmeti jókst úr 3 390 tonnum í 3 770 tonn eða um 9%. Mest varð aukningin á sölu lagmetis til Frakklands, Bretlands og Bandaríkjanna, en samdráttur var í útflutningi til Sovétríkjanna. Stærsti markaðurinn fyrir íslenskt lagmeti er í Vestur-Þýskalandi, en þangað voru flutt út 1 393 tonn árið 1985. Er aðallega um að ræða niðursoðna rækju.

Útflutningur á landbúnaðarvörum var um 1,4% af heildarútflutningnum árið 1985 á móti 1,7% árið 1984. Útflutningur á kindakjöti var 2 300 tonn árið 1985, á móti 3 600 tonnum árið áður, aðallega vegna minni sölu til Noregs. Útflutningur á osti jókst úr 1 005 tonnum í 1 309 tonn vegna aukinnar sölu til Svíþjóðar.

(2.3) **Viðskipti við einstök markaðssvæði og lönd.**

Breytingar á viðskiptum eftir markaðssvæðum eru ekki miklar frá ári til árs, þótt samsetning útflutningsframleiðslunnar hafi ætíð nokkrar breytingar í för með sér. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfallslega skiptingu utanríkisviðskiptanna eftir svæðum og löndum árin 1984 og 1985. Í þessu yfirliti eru Spánn og Portúgal ekki talin með EBE-löndum enda urðu þau ekki aðilar að EBE fyrr en um s. l. áramót.

	Útflutningur		Innflutningur	
	1984	1985	1984	1985
EBE-lönd	38,3	39,3	47,3	49,5
EFTA-lönd	12,7	14,3	21,3	22,0
Bandaríkin	28,4	27,0	6,8	6,8
Austur-Evrópa	9,5	7,8	11,0	8,8
Önnur lönd	11,1	11,6	13,6	12,9

Bandaríkin eru sem fyrr stærsta markaðsland fyrir útflutningsvörur okkar og fóru 27,0% af heildarútflutningnum á þann markað árið 1985. Útflutningur á frystum fiskflökum, sem eru langmikilvægasta útflutningsvaran, var 66 500 tonn, sem er nokkur aukning frá árinu áður. Útflutningur á frystri rækju jókst um 50% og var 1 416 tonn árið 1985. Útflutningur á lagmeti, ullarvörum og kísiljárni jókst líka verulega. Innflutningur frá Bandaríkjunum var aðeins 6,8% af heildarinnflutningnum, en það er sama hlutfall og árið áður.

Árið 1985 var útflutningur okkar til EBE-landanna 39,3% af heildarútflutningnum, en þetta hlutfall var 38,3% árið 1984. Vegna fríverslunarsamningsins við EBE njótum við þýðingarmikilla tollfríðinda fyrir helstu útflutningsvörur okkar, bæði sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Mikilvægustu vörurnar eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Útflutningur til EFTA-landanna var 14,3% af heildarútflutningnum. Er þetta nokkru hærra hlutfall en árið áður. Af EFTA-löndunum var mestur útflutningur til Portúgals, aðallega saltfiskur, en síðan til Sviss, mest ál. Mikil aukning varð á útflutningi til Noregs, sem að mestu stafar af auknum útflutningi loðnulýsis og loðnumjöls.

Sé litið á utanríkisviðskiptin 1985 sést að **mikilvægustu** markaðssvæði íslenskra vara voru þá sem hér segir miðað við aðild að EBE og EFTA 1986:

Markaðssvæði	% af viðskiptaveltu	% af heildarútfl.	% af heildarinnfl.
Núverandi EBE-lönd (EBE-12)	50,7	48,8	52,7
Bandaríkin	16,9	27.0	6,8
Önnur núverandi EFTA-lönd	14,2	8,6	19,7
Austur-Evrópa	8,3	7,8	8,8
Önnur lönd	9,9	7,8	12,0

Viðskiptin við Austur-Evrópuríkin drógust nokkuð saman á árinu 1985 frá árinu á undan. Útflutningurinn dróst saman um tæp 10% miðað við meðalgengi dollars og innflutningurinn um tæp 15%. Mestu munar um minni olíuinnflutning frá Sovétríkjunum og minni innflutning frá Póllandi. Sem hlutfall af heildarútflutningi Íslands minnkaði útflutningurinn til þessara ríkja úr 9,5% 1984 í 7,8% 1985. Innflutningurinn minnkaði hins vegar úr 11,0 í 8,8%.

1985 var samið við sovéska ríkisolíufélagið um sömu heildarkaup á olíuvörum á árinu 1986 og næstu tvö ár þar á undan, 310 000 tonn. Skiptingin var 70 000 tonn af bílabensíni, 120 000 tonn af gasolíu og 120 000 tonn af svartolíu.

Horfur eru á að viðskiptin við Sovétríkin verði svipuð á árinu 1986 og verið hefur. Í júní 1985 var samið um sölu á saltsíld, aðallega til afhendingar á árinu 1986. Magnið var 20 000 tonn (200 000 tunnur) eða 1 500 tonnum meira en í samningnum fyrir árið 1985. Í desember 1985 var síðan gerður samningur um sölu á 20 000 tonnum af frystum flökum og 6 000 tonnum af heilfrystum fiski, til afhendingar á árinu 1986. Aukning á sölu flaka var 1 000 tonn. Í janúar 1986 var samið um sölu á gaffalbitum, lifur, matjessíldarflökum og reyktum síldarflökum fyrir 3,8 milljónir dollara, til afhendingar á árinu 1986. Var þetta mun meira magn en selst hefur á undanförnum árum og er nýmæli að það tókst að selja síldarflök. Um miðjan mars 1986 hafði enn ekki tekist að gera hefðbundna samninga um sölu á ullar- og skinnavörum, en ullarvöruviðskiptin skipta talsverðu máli í heildarviðskiptunum (útflutningsverðmætið var 8,4 milljónir dollara 1984 og 6,9 milljónir 1985). Samningar höfðu ekki heldur tekist þá um sölu á málningu.

Hinn 25. júní 1985 undirritaði viðskiptaráðherra nýjan viðskiptasamning milli Íslands og Sovétríkjanna fyrir Íslands hönd. Gildir samningurinn í 5 ár, 1986—1990. Samningurinn var samhljóða gildandi samningi og fylgdu honum vörulistar, en á grundvelli þeirra eru árlegir sölusamningar gerðir. Í vörulista með nýja samningnum er gert ráð fyrir talsverðri aukningu á sölu frystra flaka og saltsíldar. Einnig hækkar kvótinn fyrir ullarvörur nokkuð. Gert var ráð fyrir svipuðum kaupum á olíuvörum og verið hafði, svo og öðrum vörum frá Sovétríkjunum.

Sovéski markaðurinn er ekki síst mikilvægur útflytjendum saltsíldar og freðfisks. Á árinu 1985 fóru þannig 83% af saltsíldarútflutningnum til Sovétríkjanna, 54% af karfaflökunum, 52% af prjónavörum úr ull miðað við magn, 31% af heilfrysta fiskinum og 18% af lagmetinu. Hallinn í viðskiptunum við Sovétríkin hefur oft verið notaður sem röksemd fyrir því að Sovétmenn keyptu sem mest af íslenskum útflutningsvörum. Haldist hið lága olíuverð frá upphafi ársins 1986 út árið má búast við að hallinn eyðist að mestu leyti, þar eð uppistaðan í innflutningnum frá Sovétríkjunum eru olíuvörur.

Á árinu 1985 gerði Samband íslenskra samvinnufélaga þriðja 5 ára samninginn við sovéska samvinnusambandið um vöruskipti, en samningar þessir hafa tryggt örugga sölu á ullar- og skinnavörum gegn kaupum á gasolíufarmi og matvælum.

Á árinu fóru hinar árlegu viðskiptaviðræður við fulltrúa Póllands og Tékkóslóvakíu fram.

Hinn 22. ágúst 1985 undirrituðu viðskiptaráðherra og Jaroslav Jakubec, varautanríkisviðskiptaráðherra Tékkóslóvakíu, nýjan viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, sem gilda á til ársloka 1990. Samningurinn er í öllum meginatriðum samhljóða viðskiptasamningi landanna frá 1977.

Viðskiptasamningurinn er rammasamningur, en samningar um sölu einstakra vara eru gerðir milli íslenskra og tékkneskra fyrirtækja. Í samningnum segir m. a. að stjórnvöld í báðum löndum skuli leitast við að auka viðskiptin milli landanna, en þau hafa minnkað talsvert ef litið er til lengri tíma. Þannig voru viðskiptin um 2—3% á sjötta áratugnum en á gildistíma samningsins frá 1977 var útflutningur Íslands til Tékkóslóvakíu 0,3—1,0% af heildarútflutningnum, en innflutningurinn 0,3—0,7% af heildarinnflutningnum.

Sameiginlegu norrænu markaðsátaki til að auka útflutning á íslenskum vörum til Norðurlandanna lauk á síðasta ári. Norræna ráðherranefndin veitti 500 þúsund norskar krónur til markaðsátaksins, en jafnviði þeirrar fjárhæðar var veitt af Iðnþróunarsjóði og Fiskimálasjóði. Um 20 íslensk fyrirtæki tóku þátt í verkefninu og var árangur þeirra af þátttökunni góður. Mörgum fyrirtækjanna tókst að auka útflutning sinn til Norðurlandanna.

Fundinn hefur verið stærri markaður fyrir ýmsa vöruflokka, sem þegar eru seldir á Norðurlöndunum, og auka má útflutning á ýmsum vörutegundum, sem ekki hafa verið seldar þangað áður. Á síðasta ári var útflutningur okkar til Norðurlandanna 9% af heildarútflutningnum, en innflutningur frá Norðurlöndunum var 27% af heildarinnflutningnum.

Viðskiptin við Japan hafa aukist á undanförnum árum. Á árinu 1985 var Japan 5. stærsta útflutningsland fyrir íslenskar vörur með 5% af heildarútflutningnum. Útflutningsverðmætið var 1 670 m. kr. og jókst um 89,2% frá árinu áður á sama tíma og meðalgengi dollars hækkaði um 31,0% milli ára. Helstu útflutningsvörur hafa verið sjávarafurðir, hvalkjöt og kísiljárn. Á árinu 1985 var Japan eini markaðurinn fyrir fryst hvalkjöt og frysta loðnu, í 1. sæti sem kaupandi frystra loðnuhrogna, heilfrysts fisks og kísiljárns, í 3. sæti sem kaupandi frystrar rækju, og loks má nefna að þangað voru seld 140 tonn af frystu kindakjöti. Innflutningurinn á árinu 1985 var nokkru minni en útflutningurinn eða 1 630 m. kr., 4,3% af heildarinnflutningnum. Var Japan í 8. sæti sem seljandi vara til Íslands. Helstu innflutningsvörurnar á árinu voru bifreiðar (690 m. kr.), ýmsar vélar og tæki og vefnaðarvörur.

Því miður hefur ekki orðið breyting á viðskiptum okkar við Nígeríu. Svo sem kunnugt er hefur þessi mikilvægi markaður fyrir skreið verið nánast lokaður undanfarin ár. Árið 1985 voru aðeins flutt þangað 104 tonn af skreið að verðmæti 14,9 milljónir króna og 171 tonn af hausum að verðmæti 5,9 milljónir króna. Þessi þróun er ekki síst alvarleg vegna þess að Nígería hefur jafnan verið ein mikilvægasta viðskiptaþjóð Íslendinga og minna má á að árið 1981 var Nígería þriðja stærsta viðskiptaþjóð okkar með 13% af útflutningi Íslendinga. Þrátt fyrir mikla vinnu, sem innt hefur verið af hendi, bæði af hálfu útflytjenda og stjórnvalda, hefur ekki reynst mögulegt að fá innflutningsleyfi og opna markaðinn að nýju. Í desember 1985 var gefinn út fjöldi innflutningsleyfa í Nígeríu fyrir skreið og önnur matvæli, en þau voru öll án gjaldeyrisheimildar. Íslenskir útflytjendur hafa ekki treyst sér til að selja gegn slíkum leyfum, en hins vegar er vitað að norskir útflytjendur bjóða skreið gegn slíkum kjörum og hafa fengið aðstoð norskra banka til þess. Birgðir í landinu eru nú taldar vera 10 000 tonn af skreið og 5—6 000 tonn af hausum. Verðmæti birgðanna var áætlað 1,5 milljarðar króna áður en Nígeríumarkaður lokaðist, en nú er talið gott ef verðmæti birgðanna nær 1,6 milljörðum króna. Ógreiddar eru rúmar 6 milljónir dollara síðan 1983 og 1984 og er stöðugt unnið að innheimtu fjárins. Eldri vanskilaskuldir hafa hins vegar verið greiddar upp að mestu leyti.

(2.4) **Útflutningsráð Íslands.**

Nefnd, er viðskiptaráðherra skipaði í ársbyrjun 1985 til að athuga og gera tillögur um fyrirkomulag útflutningsmála og þá sérstaklega hvernig hátta skyldi samstarfi útflytjenda og stjórnvalda til eflingar útflutningi, skilaði í árslok skýrslu. Á grundvelli tillagna nefndarinnar var síðan snemma á árinu 1986 lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um Útflutningsráð Íslands. Hlutverk þess er að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

V Þróunarsamvinna.

Framlag af ríkisfé til þróunarsamvinnu var á árinu 1985 rúmar 77 millj. króna. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 85,5 millj. króna sem er minna en 0,1% af þjóðarframleiðslu Íslendinga. Vantar því jafnmikið og áður á að náð sé því marki, sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ. e. að ríkisfé sem nemur 0,7% þjóðarframleiðslu verði varið til þessara mála. Danir, Norðmenn og Svíar eru komnir fram úr þessu marki og Finnar hafa aukið framlög sín verulega ár frá ári.

Alþingi lýsti á s. l. vori vilja sínum í þessu efni með þingsályktun þar sem sagði „að á næstu sjö árum skuli með reglubundinni aukningu framlaga náð því marki að opinber framlög Íslands til uppbyggingar í þróunarríkjum verði 0,7% af þjóðarframleiðslu". Með ályktuninni markar Alþingi ákveðna stefnu í þessu efni. Mestu varðar þó að efnahagsaðstæður skapi skilyrði til að henni verði sem dyggilegast framfylgt. Þær fregnir, sem sífellt berast af örbirgð í þróunarríkjum, eru hvatning til að láta ekki deigan síga.

Í framhaldi af fyrrnefndri ályktun Alþingis er nú í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands unnið að því að móta á grundvelli fenginnar reynslu frekari stefnu varðandi ráðstöfun íslensks þróunarfjár, m. a. val verkefna og landa, undirbúning og framkvæmd, enda er lagt kapp á að tryggja að féð nýtist sem best. Margvíslegir erfiðleikar fylgja óhjákvæmilega starfsemi í þróunarríkjunum, en þá verður að reyna að yfirvinna eftir bestu getu þannig að varanlegur árangur náist.

Stærstur hluti opinberra fjárveitinga ríkisins til þróunarsamvinnu rennur nú til alþjóðastofnana, svo sem Alþjóðabankans og Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA), sem starfar í tengslum við bankann, Þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Flóttamannastofnunar S. þj. (UNHCR) og Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU). Áhugi er á að vaxandi framlög renni í ríkara mæli til tvíhliða verkefna, sem leiði til beinna samskipta Íslands og einstakra þróunarlanda.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) annast tvíhliða aðstoð við þróunarlönd. Stofnunin hefur um árabil tekið þátt í samnorrænum verkefnum í Austur-Afríku. Í Kenýa og Tansaníu hafa Norðurlönd stutt uppbyggingu samvinnureksturs til sveita. Í Tansaníu hefur verkefnisþáttum verið fækkað og aðstoðinni beint til 7—8 landsvæða, þar sem best hefur tekist til. Árangurinn af Tansaníu-verkefninu verður metinn á þessu ári og þá ákveðið hvort aðstoðinni skuli haldið áfram. Í Kenýa er einkum reynt að bæta hag smábænda og kvenna með þjálfun í bókhaldi, stjórnun o. fl. Skæruhernaður í Mósambík torveldar aðstoð við smábændur í landinu og hefur tafið framkvæmd hennar. Verkefnunum þar verður því haldið áfram í tvö ár í senn. Í janúar síðast liðnum var undirrituð í Harare, höfuðborg Zimbabwe, yfirlýsing um aðstoð Norðurlanda við lönd í suðurhluta Afríku, svonefnd SADCC-lönd (Southern African Development Cooperation Conference).

Aðalverkefni ÞSSÍ er á Grænhöfðaeyjum eins og fyrr. Fimm ára rammasamningur milli ríkjanna um þróunarsamstarf á sviði fiskveiða hefur nýlega verið framlengdur um 5 ár, þ. e. til ársloka 1990, en Grænhöfðeyingar höfðu óskað eftir áframhaldandi aðstoð á ýmsum sviðum sjávarútvegs. Íslendingar hafa með rannsóknum og tilraunaveiðum á M/S Feng sýnt fram á að hægt væri að stunda þar botnfiskveiðar. Landsmenn hafa ekki lagt í þessar veiðar sjálfir ennþá, þótt ýmislegt bendi til að breyting verði á innan tíðar. Auk botnfiskrannsóknanna hafa Íslendingar kannað humarmið og stundað túnfiskveiði að ósk heimamanna, þjálfað innlenda áhöfn, unnið að sjókortagerð o. fl. Aðstoðarforstjóri útgerðarfélags þess á Grænhöfðaeyjum, sem annast hefur samskiptin við Íslendinga þar af hálfu stjórnvalda landsins, kom til Íslands á síðasta ári til að kynna sér fisksölumál, og íslenskur ráðunautur í markaðsmálum fór nýlega til Grænhöfðaeyja og hefur skilað álitsgerð og tillögum um næstu aðgerðir. Á Hafrannsóknastofnun hefur Grænhöfðeyingur notið

tilsagnar um hafrannsóknir, en Íslendingar hafa á ýmsan hátt veitt atbeina til að koma slíkum rannsóknum á traustan fót á Grænhöfðaeyjum. Í framkvæmdaáætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir frekari könnun á humarmiðum og að athugað verði hvort arðbært sé að stunda handfæra- og/eða dragnótaveiðar á nýrri tegund fiskiskipa. Einnig er ráðgert að til Íslands komi fólk til þjálfunar í sjávarútvegsstörfum, veitt verði sérfræðiaðstoð við að skipuleggja hafrannsóknir og loks að starfshópur kanni hvernig Íslendingar geti stutt eflingu og umbætur í smábátaútgerð á Grænhöfðaeyjum. M/S Fengur, sem hefur reynst mjög vel og verið verkefninu á Grænhöfðaeyjum mikill styrkur, kemur síðar á þessu ári til Íslands til klössunar, þar sem næstu verkþættir krefjast skipsins ekki. Gert er ráð fyrir að það fari aftur utan á næsta ári, en verði hugsanlega notað annars staðar í millitíðinni.

Þróunarsamvinnustofnun hefur að undanförnu lagt drög að aukinni fræðslustarfsemi. Ráðinn var starfsmaður til að sinna þessu verkefni sérstaklega. Kvikmyndafélaginu Þumli var veittur styrkur til að gera kvikmynd um Grænhöfðaeyjar og Námsgagnastofnun fékk nokkurn stuðning til að láta vinna kennsluefni um Afríku. Samtökin Alþjóðleg ungmennaskipti voru styrkt til að taka við nemanda frá Rómönsku Ameríku. Einnig fengu samtökin Alþjóðleg fræðsla og samskipti (AFS) fjárstuðning til að senda tvo íslenska kennara til Ghana eins og gert var árið á undan.

Af öðrum félagasamtökum er það að segja, að framlag Hjálparstofnunar kirkjunnar til hjálparstarfs í Eþíópíu nam um 42 milljónum kr., Rauði krossinn varði um 6,3 milljónum kr. af eigin fé til aðstoðar í þróunarlöndum, kostnaður Kristniboðssambandsins var um 3,7 milljónir og frá Aðventistum komu um 3,5 milljónir til starfa í þróunarlöndum. Framlög félagasamtaka til þessara mála námu rúmlega 56 milljónum króna árið 1985 eða 0,05% af þjóðarframleiðslu, auk nokkurra minni fjárhæða. Þessi upphæð og þetta hlutfall hefur sennilega aldrei verið hærra og er raunar ekki langt undir framlagi hins opinbera til þróunarsamvinnu. Ber það vitni um hver hugur þjóðarinnar er í þessum efnum.

Ýmislegt er í deiglunni varðandi viðskipti okkar við þróunarlönd. Gert var samkomulag við Þróunar- og tæknisamvinnudeild Sameinuðu þjóðanna (DTCD) um að Þróunarsamvinnustofnunin hefði milligöngu um upplýsingamiðlun á sviði jarðhitamála sem miðar að aukinni þátttöku íslenskra sérfræðinga í jarðhitaverkefnum. Á síðasta ári komu hingað fulltrúar frá Eþíópíu á vegum Hjálparstofnunar kirkjunnar til að kynna sér jarðhitamál. Íslenskur verkfræðingur sótti nýlega samráðsfund á vegum Þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) og Alþjóðabankans um sameiginlega aðstoð í orkumálum. Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á jarðhita- og vatnsaflsvirkjunum, sem komið getur að notum í þróunarlöndum. Fjármagnsskortur hamlar því hins vegar að þessi sérfræðikunnátta nýtist.

Frá því Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna tók til starfa 1979 hafa 47 styrkþegar frá þróunarlöndunum verið á Íslandi við 6—8 mánaða þjálfun, en 22 komið í skemmri námsferðir (frá 2 vikum til 3 mánaða). Nemendurnir hafa komið frá 15 þróunarlöndum, en auk þess hafa fjórir einstaklingar frá V-Evrópu sótt skólann á eigin kostnað. Samningur Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar um rekstur Jarðhitaskólans var endurnýjaður til þriggja ára frá 1. mars 1985.

Árið 1985 voru 11 styrkþegar í 6 mánaða námi. Þeir komu frá Eþíópíu (3), Kenýa (3), Kína (3), Thailandi (1) og Tyrklandi (1). Átta þessara nemenda voru hér á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) en þrír á vegum Þróunaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Auk þeirra komu þrír sérfræðingar frá Júgóslavíu í tveggja vikna námsferð á vegum síðastnefndrar stofnunar.

Árið 1986 er gert ráð fyrir 11 styrkþegum í 6 mánaða námi. Þeir koma frá Eþíópíu (1), Indónesíu (2), Kenýa (3), Tansaníu (1), Thailandi (2) og Tyrklandi (2). Jarðhitaskólinn verður settur 28. apríl n. k.

VI Öryggis- og varnarmál.

Stefna okkar Íslendinga í öryggis- og varnarmálum hvílir sem fyrr á aðild okkar að Norður-Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Markmiðin eru friður, frelsi og sjálfsákvörðunarréttur þjóða í okkar heimshluta.

(1) Ísland í Atlantshafsbandalaginu, NATO.

(1.1) Varnarstefna Atlantshafsbandalagsins.

Núverandi varnarstefna ríkja Atlantshafsbandalagsins var mörkuð 1967 með hugmyndinni um „sveigjanleg" viðbrögð (flexible response). Með henni er gert ráð fyrir, að árás á aðildarríki, eitt eða fleiri, verði svarað með þeim hætti sem árásin gefur tilefni til. Þannig yrði árás með hefðbundnum vopnum ekki sjálfkrafa svarað með kjarnavopnum, heldur er gert ráð fyrir eins öflugri mótspyrnu með hefðbundnum vopnum og frekast yrði unnt þar til aðstoð berst eða árás er hrundið. Varnarstefna þessi hvílir þannig á því að sannfæra hugsanlegan árásaraðila um, að árás, hvernig svo sem hún sé framkvæmd og hvar og hvenær sem hún sé gerð, geti haft í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar og fórnir. Um leið er forðast að gera ráð fyrir fyrirfram ákveðinni og sjálfvirkri stigmögnun.

Vert er að ítreka þá staðreynd, að Atlantshafsbandalagið er varnarbandalag, enda er það yfirlýst stefna þess, að það muni aldrei grípa til vopna að fyrra bragði og er þá átt við hvers konar vopn, jafnt hefðbundin vopn sem kjarnavopn.

(1.2) Framlag Íslands.

Frá upphafi aðildar Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu var ljóst, að sakir smæðar yrði ekki um beina þátttöku okkar að ræða í hernaðarlegu tilliti. Framlag Íslands hefur verið að leggja til aðstöðu, svonefnd varnarsvæði. Landið hefur lykilhlutverki að gegna hvað varðar tengsl aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins annars vegar í Norður-Ameríku og hins vegar í Vestur-Evrópu og eftirlit með ferðum hugsanlegra andstæðinga í lofti, á legi og neðansjávar.

Varnarsamningurinn við Bandaríkin er gerður á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, og gert er ráð fyrir þeim möguleika, að lið frá öðrum aðildarríkjum bandalagsins en Bandaríkjunum sé hér staðsett, sé þess óskað og telji íslensk stjórnvöld þörf á því. Í samræmi við þetta var sú ákvörðun tekin á s. l. ári að verða við beiðni Hollendinga um aðstöðu á Keflavíkurflugvelli fyrir eina kafbátaleitarflugvél af gerðinni Orion P-3, áhöfn hennar og viðgerðarlið. Á Keflavíkurflugvelli hefur jafnframt verið lögð aukin áhersla á samstarf við önnur ríki innan Atlantshafsbandalagsins. Nú eru starfandi hjá varnarliðinu liðsforingjar frá Kanada og Danmörku, sem hafa það hlutverk að samhæfa ýmsa þætti varnar- og eftirlitsaðgerða þjóða sinna á Norður-Atlantshafi aðgerðum varnarliðsins. Norðmenn, Hollendingar og Bretar hafa það nú til athugunar að senda til Íslands liðsforingja til að gegna sams konar hlutverki.

(2) Nýjar áherslur í öryggis- og varnarmálum.

(2.1) Starfsemi varnarmálaskrifstofu.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið lagður grundvöllur að aukinni þátttöku Íslendinga í mótun og framkvæmd á sviði öryggis- og varnarmála.

Frá og með 1. apríl 1985 starfar sérstök varnarmálaskrifstofa innan utanríkisráðuneytisins, eins og greint var frá í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis á síðasta ári að til stæði. Stefnt er að því, að varnarmálaskrifstofan hafi ávallt sérfræðilega þekkingu um herfræðileg

Flutningaleiðir Atlantshafsbandalagsins



og hertæknileg málefni, þannig að Íslendingar geti lagt eigið mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Í því skyni var hinn 1. október á síðasta ári ráðinn varnarmálafulltrúi til starfa á vegum utanríkisráðuneytisins og mun hann starfa á varnarmálaskrifstofunni þar til í júní á þessu ári, en síðan á hermálaskrifstofu Atlantshafsbandalagsins í Brussel í allt að þrjú ár. Annar varnarmálafulltrúi mun ráðinn til starfa á varnarmálaskrifstofunni síðar á þessu ári. Starfssvið þess varnarmálafulltrúa, sem starfar á Íslandi, er meðal annars að fylgjast með störfum, búnaði og æfingum varnarliðsins. Jafnframt hefur verið ráðinn til utanríkisráðuneytisins starfsmaður með þekkingu og reynslu á sviði alþjóðastjórnmála og herfræði. Mun hann hefja störf síðar á þessu ári.

Unnið er að því að bæta aðstöðu varnarmálaskrifstofunnar, bæði hvað varðar starfslið og aðra þætti, þannig að hún geti gegnt til fulls því yfirlýsta hlutverki sínu að efla íslenskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum. Vert er að leggja á það áherslu, að hér er um framkvæmd að ræða, sem nokkurn tíma tekur.

(2.2) **Varnaráætlanir fyrir Ísland.**

Með hliðsjón af hlutverki varnarmálaskrifstofunnar tel ég brýnt, að unnið verði að framvindu eftirtalinna mála:

Samræma þarf varnar- og liðsaukaáætlanir fyrir Ísland á hættu- og ófriðartímum öðrum áætlunum er tengjast öryggis- og varnarmálum.

Koma þarf á samstarfi við Almannavarnir ríkisins, sem stuðli að samræmi við skipulagningu og gerð áætlana um þá þætti, er varða öryggis- og varnarmál, og tryggja verður, að almannavarnaráð fái þær upplýsingar, sem þörf krefur.

Athuga þarf nánar hlutverk varnarliðsins annars vegar og íslenskra stjórnvalda hins vegar varðandi viðbrögð og varúðarráðstafanir gagnvart hugsanlegum árásum sérþjálfaðra hryðju- og skemmdarverkasveita.

(2.3) **Virk þátttaka í endurnýjun loftvarna.**

Í maí á síðastliðnu ári var samþykkt beiðni Bandaríkjastjórnar um endurnýjun á ratsjárkerfi varnarliðsins. Endurnýjun þessi, sem verður að mestu kostuð af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins, var mjög ítarlega kynnt landsmönnum, og tóku íslensk stjórnvöld virkan þátt í öllum ákvörðunum um framgang málsins. Ratsjárnefnd utanríkisráðuneytisins sem undirbjó málið mun áfram annast eftirlit með framkvæmdinni og yfirumsjón með rekstri stöðvanna eftir að þær verða teknar í notkun. Stöðvarnar verða mannaðar Íslendingum og er áætlað að þar starfi að minnsta kosti 50 manns. Bandaríkjamenn greiða kostnað við rekstur stöðvanna. Stöðvarnar munu stórlega bæta loftvarnaeftirlit varnarliðsins umhverfis landið og íslenskir aðilar munu hafa afnot af upplýsingum frá þeim, m. a. um almenna flugumferð og skipaferðir í nánd við stöðvarnar, auk upplýsinga um veður.

(2.4) **Þátttaka í störfum hermálanefndar NATO og samskipti við varnarmálaráðuneyti einstakra ríkja Atlantshafsbandalagsins.**

Frá því í maí 1984 hefur Ísland tekið þátt í störfum hermálanefndar Atlantshafsbandalagsins. Hefur fulltrúi utanríkisráðuneytisins tvisvar á ári sótt aðalfundi nefndarinnar, jafnframt því sem fastanefnd Íslands í Brussel hefur fylgst með gangi mála innan nefndarinnar, eftir því sem tök eru á. Þátttaka Íslands á þessum vettvangi, svo og samskipti við varnarmálaráðuneyti einstakra aðildarríkja bandalagsins, hefur leitt til mjög gagnlegra skoðanaskipta um hlutverk Íslands og hernaðarlegt mikilvægi legu landsins. Einnig hefur fengist góð innsýn í varnaráætlanir nágranna okkar.

Enda þótt aðildarríki bandalagsins séu í öllum aðalatriðum sammála um varnarmál, eru vissulega fyrir hendi mismunandi áherslur. Viðræður við einstök aðildarríki leiða slíkar áherslur í ljós og auka skilning á sameiginlegum vandamálum.

Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur á rúmu ári fjórum sinnum átt viðræður við fulltrúa Norðmanna. Jafnframt hafa farið fram viðræður við fulltrúa Breta og Hollendinga, og stefnt er að því að ræða við Dani síðar á þessu ári.

(3) **Hernaðarstaðan á Norður-Atlantshafi.**

(3.1) **Sovéski Norðurflotinn.**

Á undanförnum tveimur áratugum hefur sovéski flotinn breyst úr tiltölulega veikburða strandvarnarflota í stærsta úthafsflota veraldar og er þar um heimssögulega breytingu að ræða, sem varðar okkur Íslendinga beint og full ástæða er til að leggja þunga áherslu á. Hernaðarstaðan á Norður-Atlantshafi hefur þannig einkennst af mikilli og samfelldri uppbyggingu Norðurflotans sem hefur bækistöð sína á Kolaskaga og er öflugastur fjögurra flota Sovétríkjanna.

Í Norðurflotanum eru (Samkvæmt heimild International Institute for Strategic Studies í London):

41 kafbátur búinn langdrægum kjarnorkueldflaugum;
127 kafbátar af ýmsum gerðum;
1 flugmóðurskip;
77 stór herskip;
143 minni herskip og tundurskeytabátar, tundurduflaslæðarar og landgönguskip;
430 flugvélar af ýmsum gerðum.

Grundvallarforsenda þess, að hægt sé að greina herstyrk Sovétríkjanna í námunda við Ísland og meta þannig að Atlantshafsbandalagið geti brugðist við með viðeigandi hætti, er öflugt eftirlit. Þær endurbætur sem gerðar hafa verið hér á landi miðast við að styrkja þetta eftirlit. Eðli varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli hefur ekki breyst, en staðan hefur verið treyst.

(3.2) **Flotaæfingar Varsjárbandalagsins við Ísland.**

Nær allt árið er mikill fjöldi sovéskra kafbáta, herskipa og herflugvéla úr Norðurflotanum í námunda við Ísland. Umfangsmiklar flotaæfingar eru haldnar reglulega fyrir norðan, austan og sunnan landið. Sumarið 1985 frá 7.—25. júlí var haldin ein slík sem hjá Atlantshafsbandalaginu var gefið nafnið „Summerex 85“, sbr. mynd 2. Í þessari æfingu tóku þátt skip frá sovéska Norðurflotanum, Eystrasaltsflotanum og Svartahafsflotanum, eða alls 50 stór herskip, 32 kafbátar og 25 önnur skip. Flugmóðurskipið Kiev, sem er 40.000 lestir, tók einnig þátt í æfingunni. Yfir 300 æfingaflug áttu sér stað og er það einhver mesta þátttaka sovéskra flugvéla í flotaæfingu.

Flotaæfing sovéska Norðurflotans
„SUMMEREX 85“



(3.3) **Hernaðarlegt mikilvægi Íslands.**

Flotaæfingar Norðurflotans undirstrika hernaðarlegt gildi Íslands. Í fyrsta lagi má fylgjast með nær allri umferð skipa, kafbáta og flugvéla um hið svokallaða GIN-hlið (hafsvæðið milli Grænlands og Íslands annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar). Í öðru lagi er Ísland óhjákvæmilega tengt þeim miklu liðs- og birgðaflutningum, sem fyrirhugaðir eru frá Norður-Ameríku til Evrópu ef til átaka kæmi. Til samanburðar má geta þess, að flutningaleiðin frá Norður-Ameríku til Evrópu er um 6000 km, en frá landamærum Sovétríkjanna að landamærum Vestur-Þýskalands eru um 700 km.

Ekki verður nógsamlega ítrekað, að hernaðarlegt mikilvægi Íslands ræðst fyrst og fremst af legu landsins í Norður-Atlantshafi. Varnarliðið eitt sér, eða annar varnarviðbúnaður hérlendis eykur hvorki á né dregur úr hernaðarlegu mikilvægi landsins. Varnarliðið hefur hins vegar afgerandi áhrif á möguleika þess að fylgjast með hernaðarumsvifum umhverfis Ísland og bregðast tímanlega við ógnunum eða hótunum, er miða að því að skerða sjálfstæði okkar og bandamanna okkar.

(3.4) **Varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins.**

Varnarviðbúnaður Atlantshafsbandalagsins við auknum umsvifum Norðurflotans er margs konar. Starfrækt eru öflug aðvörunar- og eftirlitskerfi í löndum Atlantshafsbandalagsríkjanna til þess að fylgjast með ferðum kafbáta, skipa og flugvéla Norðurflotans á Norður-Atlantshafi og haldið er úti fjölda flugvéla og skipa til þess að styrkja þetta eftirlitskerfi. Fastaflotinn á Atlantshafi (Standing Naval Forces Atlantic), sem í eru 5—8 herskip aðildarþjóða Atlantshafsbandalagsins, heldur uppi eftirliti á Norður-Atlantshafi ásamt flotadeildum frá einstökum ríkjum Atlantshafsbandalagsins. Samræming eftirlitsins á því svæði Norður-Atlantshafsins sem Ísland er hluti af fer fram hjá yfirstjórn Austur-Atlantshafsflotans í Northwood í Englandi (CINCEASTLANT).

Umtalsverðan fjölda herskipa þarf til þess að vernda skipalestir á Atlantshafi í upphafi átaka. Áætlað er, að flytja þyrfti 1.5 milljón hermanna með flugvélum og skipum, auk 12 milljóna tonna af birgðum og 100 milljóna tonna af eldsneyti til að hægt væri að verja Vestur-Evrópu ef til átaka kæmi. Allir þungaflutningar verða að fara fram með skipum. Talið er, að 2500 skip þurfi til þessara flutninga strax í upphafi átaka og síðar um 1000 skip á mánuði.

Eitt helsta vandamál Atlantshafsbandalagsins er hin stöðuga aukning umsvifa Norðurflotans á Noregshafi, þrátt fyrir markvissa viðleitni Norðmanna í þá átt að halda spennu þar í lágmarki. Ef svo færi, að Noregshaf yrði sovéskt áhrifasvæði, er hætt við að erfitt yrði að halda uppi vörnum í Noregi og óhjákvæmilega lenti sóknarþungi Norðurflotans á svæðinu umhverfis Ísland. Hugmyndir hafa komið fram um aukinn flotastyrk Atlantshafsbandalagsins á Noregshafi til að mæta þessari hættu.

Flotaæfing Atlantshafsbandalagsins, sem haldin var frá 28. ágúst til 20. september 1985, og nefnd var „Ocean Safari", undirstrikar þær áherslubreytingar sem orðið hafa á varnarviðbúnaði Atlantshafsbandalagsins á Norður-Atlantshafi. Annars vegar voru liðs- og birgðaflutningar æfðir, þar sem þátt tóku rúmlega 160 skip og kafbátar, ásamt fjölda flugvéla. Kom ein slík skipalest við í Hvalfirði, þar sem skipin tóku olíu, og fylgdi varðskip frá Landhelgisgæslunni henni inn fjörðinn. Hins vegar sigldi ein flugmóðurskipadeild norður á bóginn inn á Noregshaf og fóru þar fram flotaæfingar, sem miðuðu að því að stöðva hugsanlega sókn Norðurflotans á Noregshafi.

Flotaæfing Atlantshafsbandalagsins
„OCEAN SAFARI 85“



(4) **Varnarliðið.**

(4.1) **Eftirlits- og varnarhlutverk.**

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur fyrst og fremst eftirlitshlutverki að gegna, þ. e. að fylgjast með ferðum ókunnra flugvéla, kafbáta og skipa umhverfis landið og bægja þeim frá, ef nauðsyn krefur.

Eftirliti með ferðum flugvéla er haldið uppi allan ársins hring með aðstoð ratsjáa og ratsjárflugvéla. Tvær ratsjárstöðvar eru á Íslandi, önnur á Miðnesheiði og hin á Stokksnesi við Hornafjörð. Tvær nýjar ratsjárstöðvar munu væntanlega verða teknar í notkun á árinu 1987 eða 1988, önnur á Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi, hin við Bolungarvík. Þá eru staðsettar hér tvær ratsjárflugvélar af gerðinni E-3A Sentry (AWACS) og teljast þær til fullkomnustu fljúgandi ratsjár- og stjórnstöðva sem völ er á. Samkvæmt opinberum heimildum getur ratsjárvélin í 30.000 feta hæð greint vélar í lágflugi í allt að 400 km radíus og í háflugi yfir 550 km. Auk þess tengist varnarliðið á Keflavíkurflugvelli ratsjárkerfi Atlantshafsbandalagsins, sem nær frá Norður-Noregi til Tyrklands og styrkt hefur verið á undanförnum árum með 18 AWACS ratsjárflugvélum sem Atlantshafsbandalagsríkin reka í sameiningu. Á grundvelli upplýsinga, sem koma þaðan, eða frá eigin ratsjám, getur varnarliðið sent á loft ratsjárflugvélar og orrustuþotur eftir því sem við á til þess að fylgjast með flugumferð sovéskra herflugvéla í námunda við Ísland.

Þrjú dæmi um flugleiðir sovéskra herflugvéla inn fyrir íslenska loftvarnarsvæðið



Fjöldi sovéskra herflugvéla, sem flogið hafa að eða inn á loftvarnasvæði Íslands, sem nær um 140 sjómílur frá landi, hefur aukist mjög síðustu 20 árin. Árið 1965 varð um 19 sovéskra herflugvéla vart í námunda við Ísland. Árið 1985 flugu orrustuþotur frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli í veg fyrir 170 sovéskar herflugvélar, sem komnar voru að eða inn á umrætt svæði. Þetta er níföldun á umferð sovéskra herflugvéla í námunda við Ísland og hafa þær aldrei verið fleiri en á síðast liðnu ári.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem orðið hefur í smíði langdrægra sprengjuflugvéla og stýriflauga Norðurflotans, og aukningar á umferð sovéskra herflugvéla í námunda við Ísland hafa loftvarnir hérlendis verið efldar. Á liðnu ári hafa 18 orrustuvélar af gerðinni F-15 leyst F-4E flugvélarnar af hólmi og byggð hafa verið styrkt flugskýli til að hýsa þær vélar. Eftir sem áður njóta orrustuvélarnar liðsinnis einnar eldsneytisflutningavélar af gerðinni KC-135. Rétt er að undirstrika nauðsyn þess, að allar óþekktar flugvélar, er koma að eða inn á loftvarnasvæði okkar, séu greindar og að með þeim sé fylgst. Að öðrum kosti getur stafað hætta af flugi þeirra í námunda við lofthelgi Íslands.

Varnarliðið heldur uppi stöðugu eftirliti með ferðum skipa og kafbáta umhverfis landið, og hefur mikilvægi þess eftirlits vaxið samhliða auknum flotastyrk Sovétríkjanna og auknum umsvifum Norðurflotans á Atlantshafi. Jafnframt er það mikilvægt hlutverk varnarliðsins að skipuleggja varnir Íslands í samráði við innlend stjórnvöld og verja landið gegn árásum eða hótunum um árásir er miða að því að skerða frelsi og sjálfstæði landsmanna.

(4.2) **Vopna- og tækjabúnaður varnarliðsins.**

Eftirfarandi yfirlit sýnir helstu þætti vopna- og tækjabúnaðar varnarliðsins:

18 F-15 orrustuþotur, vopnaðar „Sidewinder" og „Sparrow" eldflaugum, sem beitt er gegn flugvélum.

9 Orion P-3C kafbátaleitarflugvélar, vopnaðar tundurskeytum og „Harpoon" eldflaugum, sem beitt er gegn skipum og kafbátum.

1 KC-135 eldsneytisflutningavél.

2 E-3A Sentry ratsjárflugvélar.

3 HH-3 björgunar- og sjúkraflutningaþyrlur.

1 C-130 leiðsöguvél fyrir björgunarsveitina.

Fjarskiptastöðvar varnarliðsins eru staðsettar á Keflavíkurflugvelli, við Grindavík, á Stafnesi og á Stokksnesi. Hlutverk þeirra er að hafa samband við flugvélar og skip aðildarþjóða Atlantshafsbandalagsins á svæðinu, auk þess sem þær tengjast fjarskiptakerfi bandalagsins vegna samhæfingar varna á Norður-Atlantshafi.

Starfrækt er eftirlitskerfi til þess að fylgjast með ferðum kafbáta neðansjávar.

Ljóst er að komi til ófriðar þarf að flytja liðsauka til Íslands og er gert ráð fyrir því í hernaðaráætlunum Atlantshafsbandalagsins.

(4.3) **Vista- og birgðaflutningar fyrir varnarliðið.**

Eitt er það mál, sem valdið hefur vandkvæðum í varnarsamstarfi Íslands og Bandaríkjanna að undanförnu, en það varðar vista- og birgðaflutninga varnarliðsins. Hið svonefnda „Rainbow-Navigation"-mál hófst árið 1984 og er enn óleyst, þrátt fyrir viðleitni Bandaríkjastjórnar til að leysa málið með útboði á s. l. ári, en sú leið er ekki fær skv. úrskurði bandarískra dómstóla.

Krafa Íslendinga í þessu máli, sem fylgt hefur verið fast eftir, hefur byggst á fullu jafnræði beggja landa hvað varðar flutning á varningi varnarliðsins til og frá Íslandi. Það er skoðun mín, að Íslendingar hafi sýnt mikla biðlund í þessu máli. Ég hef gert bandarískum stjórnvöldum grein fyrir því, að sú biðlund sé senn á þrotum og lausn verði að finnast án tafar.

(4.4) **Fjöldi varnarliðsmanna og íslenskra starfsmanna.**

Fjöldi varnarliðsmanna:

31. des. 1983	31. des. 1984	31. des. 1985
3.104	3.056	3.132
Skyldulið varnarliðsmanna:		
2.144	2.045	2.064
Þar af börn:		
1.284	1.230	1.156

Íslenskir starfsmenn á Keflavíkurflugvelli:

1. jan. 1984	1. jan. 1985	1. jan. 1986
2.214	2.282	2.416
Þar af starfsmenn varnarliðsins:		
1.047	1.069	1.112
Þar af starfsmenn Íslenskra Aðalverktaka:		
563	480	493
Þar af starfsmenn Keflavíkurverktaka:		
145	144	160

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins skiptast eftir starfsstöðu í eftirfarandi hópa:

	1. jan. 1984	1. jan. 1985	1. jan. 1986
Stjórnun	77	83	96
Verkstjórn	85	83	82
Slökkvilið og snjóruðningur	117	123	118
Iðnaðarstörf	231	226	239
Skrifstofu- og verslunarstörf	246	255	256
Alm. verkafólk	238	248	271
Verkfræðingar og tæknimenn	38	35	39
Símavarsla	15	16	11

(4.5) **Kostnaður við rekstur varnarliðsins.**

Heildarreksturskostnaður varnarliðsins á árinu 1985 nam 123 millj. dollara, eða 5,043 millj. króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 19,3 millj. dollara, en 58,8 millj. dollara til varnarliðsmanna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1985 um 77,6 millj. dollara til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu. Áætlað er, að eigin innkaup varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra á íslenskum vörum og þjónustu hafi verið um 2,3 millj. dollara. Heildarinnkaup varnarliðsins á íslenskum landbúnaðarafurðum námu 853 þús. dollara, eða 35 millj. króna, sem er um 12.4% hækkun frá árinu 1984.

Heildarkostnaður við mannvirki, sem nú eru í notkun hjá varnarliðinu, er talinn vera 285,8 millj. dollara. Endurnýjunarkostnaður þessara mannvirkja miðað við núvirði er áætlaður 1,303 millj. dollara, eða 53,428 millj. króna.

Tæki varnarliðsins, þar með taldar flugvélar þess, eru metin á 1,140 millj. dollara og birgðir af eldsneyti, varahlutum og vörum á 215,5 millj. dollara.

(5) **Verklegar framkvæmdir.**

(5.1) **Verktakastarfsemi fyrir varnarliðið.**

Í framhaldi af yfirlýsingu forvera míns á s. l. ári um þátttöku fleiri verktaka í framkvæmdum varnarliðsins hefur verið unnið að því að opna fyrir undirverktöku í vissum verkefnum. Lögð hafa verið drög að því, að sjö undirverktakar starfi saman við hafnargerðina í Helguvík, sem hefst nú með vorinu, en hluta forframkvæmda var lokið á s. l. ári. Hér er um að ræða stærsta verkefni, sem Íslenskir aðalverktakar hafa tekið að sér til þessa. Við byggingu ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi er stefnt að því, að undirverktaka verði í höndum heimamanna eftir því sem aðstæður leyfa. Vegaframkvæmdir við báðar stöðvarnar eru í undirverktöku heimamanna.

Framangreind undirverktaka er árangur samstarfsnefndar með aðild Íslenskra aðalverktaka, Keflavíkurverktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins. Þessi samstarfsnefnd mun halda áfram störfum í því skyni að kanna skiptingu á fleiri verkefnum.

(5.2) **Nýframkvæmdir.**

Íslensk stjórnvöld samþykktu í október s. l. heimild fyrir varnarliðið til að hefjast handa um nýframkvæmdir að upphæð 81,5 millj. dollara, en samsvarandi tala fyrir árið á undan var 89,9 millj. dollarar. Hér er um áætlaðan kostnað að ræða, er kann að breytast þegar Íslenskir aðalverktakar, sem hafa nýframkvæmdir með höndum, ganga til samninga við varnarliðið. Flest þessara verkefna hafa áður verið kynnt á opinberum vettvangi og kostnaður við nokkur þeirra dreifist yfir fleiri ár. Verkefnin, sem samþykkt voru, eru þessi:

— Birgðarými vegna olíubirgðastöðvar í Helguvík, samtals 15.000 m³. Þriðji áfangi B, greitt af Atlantshafsbandalaginu.
— Ratsjárstöð á Gunnólfsvíkurfjalli við Bakkafjörð og ratsjárstöð á Stigahlíðarfjalli við

Bolungarvík. Hvor bygging um sig er áætlað að verði um 1.150 m² að grunnfleti. Vegaframkvæmdir fyrir ratsjárstöðina fyrir vestan hófust í október 1985, en vegaframkvæmdir við Gunnólfsvíkurstöðina hófust í nóvember. Náið samráð hefur verið haft við Náttúruverndarráð varðandi framkvæmdir á Gunnólfsvíkurfjalli. Bæði verkefnin eru kostuð að mestu leyti af fjármagni úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Vonast er til, að framkvæmdir við stöðvarhúsin hefjist í sumar og verði lokið á tímabilinu 1987—1988.

— Stjórnstöð, tveggja hæða bygging, alls 1.980 m² að stærð, sem greint var frá í skýrslu forvera míns á s. l. ári. Byggingin verður greidd að 3/4 hlutum úr mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins og 1/4 af Bandaríkjunum.
— Fyrri hluti framkvæmda við flughlað, akstursbrautir og flugvallarveg vegna nýju flugstöðvarinnar, en samið var um aðskilnað á rekstri farþegaflugs frá starfsemi varnarliðsins 1974. Framkvæmdir greiðast að öllu leyti af Bandaríkjunum.
— Prófunarstöð fyrir þotuhreyfla orrustuflugvéla varnarliðsins. Kostnaður greiðist af Bandaríkjunum.

Íslenskir aðalverktakar munu jafnframt hafa á hendi meiri háttar viðhaldsverkefni, er ná til endurnýjunar á girðingum varnarsvæðisins, bæði með tilliti til nýju flugstöðvarinnar og vegna nauðsynlegs viðhalds.

Íslenskir aðalverktakar munu framkvæma verk á árinu 1986 sem áætlað er að kosta muni um 57 millj. dollara. Þar með eru talin ólokin verkefni frá fyrri árum og byrjunarframkvæmdir við þau verkefni, sem samþykkt voru í október s. l. Til samanburðar námu heildarframkvæmdir Íslenskra aðalverktaka undanfarin ár í dollurum: 1981 17,2 millj.; 1982 35,2 millj.; 1983 41,5 millj.; 1984 34,5 millj. og 1985 24,5 millj. (áætlað).

Verkefni Keflavíkurverktaka, sem sjá að mestu leyti um venjubundið viðhald á mannvirkjum varnarliðsins, er áætlað að muni kosta um 9 millj. dollara á árinu 1986, sem er svipuð upphæð og á s. l. ári.

Undanfarin ár hafa Keflavíkurverktakar unnið að viðhaldsframkvæmdum fyrir 8—11,5 millj. dollara á ári.

(5.3) **Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins.**

Í skýrslu s. l. árs var bent á nauðsyn þess, að ítarleg úttekt yrði gerð á hugsanlegri aðild Íslands að mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Nú er svo komið, að flestar framkvæmdir varnarliðsins á Íslandi við varnarmannvirki eru fjármagnaðar af mannvirkjasjóðnum. Hér er um framkvæmdir að ræða svo sem styrkt flugskýli og tengdar byggingar, helming kostnaðar við gerð hafnar og olíubirgðastöðvar í Helguvík, nýjar ratsjárstöðvar og styrkta stjórnstöð. Í dag eru Ísland og Spánn einu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins, sem ekki eru meðlimir sjóðsins, en Frakkland hefur takmarkaða aðild.

Á varnarmálaskrifstofunni hefur nú verið hafist handa um ofangreinda úttekt. Að henni lokinni verður hægt að meta kosti og galla hugsanlegrar aðildar okkar.

(6) **Ríkisstofnanir sem starfa á eða eru í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra.**

(6.1) **Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.**

Í árslok voru fastir starfsmenn 74, þar af 7 við yfirstjórn, 38 í lögreglu og 29 í tollgæslu. Tveir þeirra, sem störfuðu við yfirstjórn, voru í hálfu starfi.

Á liðnu hausti var gengið frá samkomulagi við varnarliðið um sameiginlegt eftirlit íslenskra og bandarískra lögreglumanna á varnarsvæðinu. Þetta sameiginlega eftirlit hófst 16. janúar s.l., og voru fjórir íslenskir lögreglumenn ráðnir til starfa frá sama tíma að telja.

Haustið 1984 hófu 4 lögreglumenn þjálfun með sérsveit lögreglunnar í Reykjavík, og luku þrír þeirra fullnaðarþjálfun í júnímánuði s. l. og útskrifuðust þá sem fullgildir til að takast á við þau verkefni sem slíkri sveit er ætlað að fást við utan venjubundinna löggæslustarfa. Ýmiss konar búnaður var keyptur til sérsveitar lögreglunnar á árinu. Komið hefur verið upp æfingasvæði fyrir skotæfingar á varnarsvæðinu.

Á árinu var hafinn undirbúningur áætlana um byggingu nýrrar lögreglustöðvar og staðsetningu hennar. Brýnt er, að áætlanagerð þessari verði hraðað og nauðsynleg fjárveiting fáist, því óðum styttist í að girðingar umhverfis flugvöllinn verði færðar vegna vegarins að nýju flugstöðinni.

Rekstrarkostnaður lögreglustjóraembættisins á árinu 1985 var 71.2 milljónir. Innheimtar ríkissjóðstekjur á árinu námu alls 190 milljónum króna. Innheimtuhlutfall var rúm 99%.

(6.2) **Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli.**

Uppsteypu nýju flugstöðvarbyggingarinnar á Keflavíkurflugvelli er lokið. Húsið varð fokhelt með gleri og frágengnu þaki í desember 1985. Þá var enn fremur lokið gerð vatnsveitu og skolplagnar fyrir bygginguna og flugstöðvarsvæðið. Bráðabirgðalögn fyrir heitt vatn var lögð að flugstöðinni á síðasta ári og lokið hefur verið við lögn rafmagnsheimtaugar.

Innréttingaráfangi var boðinn út á árinu. Fimm tilboð bárust og var tilboði Hagvirkis hf. tekið. Tæplega 200 manns starfa að þessum framkvæmdum. Áformað er að taka flugstöðvarbygginguna í notkun í apríl 1987.

Á árinu 1985 fóru samtals 567 236 farþegar um Keflavíkurflugvöll á móti 504 181 árið áður. Aukning milli ára er 12.5%. Farþegar hafa aldrei verið fleiri í sögu flugvallarins. Skipting var þannig, að úr landi fóru 182 393 eða 10.4% fleiri en í fyrra. Til landsins komu samtals 183 469 sem er 8.9% aukning frá árinu áður. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 201 374 árið 1985 en 170 435 árið 1984. Hér er um 18.4% aukningu að ræða. Farþegaflutningar voru mun meiri en gert var ráð fyrir. Í spá, sem höfð er til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, er gert ráð fyrir 6% meðaltalshækkun milli ára.

Heildartekjur Flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru kr. 87 627 605 á árinu 1985. Þar af voru lendingargjöld kr. 76 675 384. Rekstrargjöld voru kr. 48 740 533, þar af launakostnaður kr. 32 762 674. Skil í ríkissjóð voru kr. 40 000 000.

30. apríl 1985 var sett á laggirnar samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. Í samvinnunefndinni sitja fulltrúar Skipulagsstjórnar ríkisins, allra sveitarfélaga á Suðurnesjum og utanríkisráðuneytisins. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurnes, sem m.a. feli í sér áætlun um stærstu sameiginleg hagsmunamál, könnun landgæða og auðlinda svæðisins og tillögur um nýtingu þeirra, svo og samræmda heildarstefnu um hagkvæma þróun byggðar og landnotkun. Stefnt er að því að gerð svæðisskipulagsins ljúki í júní 1987.

Hér er um nokkuð kostnaðarsamt og umfangsmikið verkefni að ræða. Skipulagsstjórn ríkisins greiðir helming kostnaðar, en Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli þriðjung þess sem eftir er á móti sveitarfélögunum sjö.

Enn fremur var unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið umhverfis nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli í samræmi við staðfest aðalskipulag frá 1983 og hefur það verið auglýst.

Undanfarin tvö ár hafa staðið yfir víðtækar hávaðamælingar umhverfis flugvöllinn. Tækjabúnaður af fullkomnustu gerð var keyptur í þessu skyni og samið við Hollustuvernd ríkisins um mælingarnar, gagnavinnslu og skýrslugerð.

Á síðast liðnu ári var gengið frá samkomulagi við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisráðuneytið um fjölgun heilbrigðisfulltrúa á Suðurnesjum úr einum í tvo, og hóf nýr heilbrigðisfulltrúi störf í febrúar á þessu ári. Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli greiðir sem svarar allt að 50% launa eins heilbrigðisfulltrúa, enda starfi viðkomandi sem því nemi innan varnarsvæðis Keflavíkurflugvallar.

Á árinu 1985 unnu um 320 fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímann var starfsmannafjöldi á sjötta hundrað manns.

(6.3) **Fríhöfnin.**

Heildarvelta Fríhafnarinnar var á árinu 1985 alls 382 milljónir króna, og nam hagnaðurinn af rekstri hennar 131.1 milljón króna. Skil í ríkissjóð voru 115 milljónir króna.

(6.4) **Sala varnarliðseigna.**

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna námu á árinu 1985 57.6 milljónum króna án söluskatts. Alls var rekstrarhagnaður 16.6 milljónir króna. Skil í ríkissjóð námu samtals 11 milljónum króna. Alls var álagður söluskattur 12.5 milljónir króna.

VII Hafréttarmál.

(1) **Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.**

Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur 21. júní 1985 samkvæmt heimild í ályktun Alþingis frá 23. maí 1985. Samningurinn tekur gildi einu ári eftir að 60 aðilar hafa fullgilt hann, en 26 aðilar, þ. m. t. Namíbíu-ráðið, höfðu fullgilt hann 15. febrúar 1986.

Áfram hefur verið fylgst með starfi nefndar sem vinnur samkvæmt ályktun hafréttarráðstefnunnar að undirbúningi að starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómsins.

(2) **Hafsbotnsmálefni.**

Hinn 9. maí 1985 var gefin út reglugerð (nr. 196) varðandi afmörkun landgrunnsins til vesturs, í suður og til austurs. Reglugerðin var sett samkvæmt lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Liggja nú formlega fyrir kröfur frá 4 ríkjum til Rockall svæðisins, Bretlandi, Írlandi, Danmörku og Íslandi. Samkvæmt hafréttarsamningnum ber þessum ríkjum að leita samninga um málið. Viðbrögð Breta og Íra við ráðstöfunum Íslendinga voru að telja þessar ráðstafanir ólögmætar að þjóðarétti. Telja Bretar og Írar að svæðinu beri að skipta milli þeirra með línu frá austri til vesturs, en Danir telja að svæðið sé eðlilegt framhald af Færeyjum og tilheyri þeim.

Á fundi fulltrúa Dana (Færeyinga) og Íslendinga í Kaupmannahöfn hinn 10. september 1985 var ákveðið að fela dr. Talwani að undirbúa vísindalega rannsóknaáætlun varðandi svæðið. Sú áætlun verður rædd á fundi fulltrúa Dana og Íslendinga í Reykjavík á næstunni og afstaða tekin til framhaldsmeðferðar málsins.

(3) **Hvalveiðimál.**

Hvalveiðimál Íslendinga vöktu nokkra athygli erlendis á síðasta ári. Beindist athyglin einkum að áætlun Íslendinga um hvalveiðar í vísindaskyni og fyrirhugaðri sölu á hvalkjöti til Japans. Stjórnvöldum barst fjöldi mótmælabréfa og veitti sendiráð Íslands í Washington eitt sér 90 000 mótmælakortum viðtöku á seinni hluta ársins.

Í samræmi við samþykkt Alþingis frá í febrúar 1983 voru hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni stöðvaðar í árslok 1985, en í samþykkt Alþingis segir einnig að auka skuli rannsóknir á hvalastofnum við landið svo styðjast megi við vísindalegar niðurstöður, er ákvörðun verður tekin um veiðar eftir 1990.

Drög að áætlun Hafrannsóknastofnunar um hvalarannsóknir lágu fyrir á fyrri hluta ársins 1985. Þar kemur fram að veiða þarf 200 hvali árlega svo takast megi að meta ástand hvalastofna hér við land á fullnægjandi hátt. Áætlunin var í fyrra lögð fyrir vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins samkvæmt reglum ráðsins um veiðiheimildir til vísindarannsókna. Einnig var áætlunin rædd á ársfundi ráðsins, sem haldinn var í Bournemouth í Englandi í júlí s. l., en hlaut ekki lokaafgreiðslu. Í ályktun, sem samþykkt var um veiðiheimildir í vísindaskyni, er gert ráð fyrir framhaldsumræðum um þetta mál á næsta ársfundi ráðsins.

Sökum mikilvægis íslenskra viðskiptahagsmuna í Bandaríkjunum hefur utanríkisþjónustan haft vökult auga með aðgerðum Bandaríkjamanna gagnvart hvalveiðiþjóðum. Samkvæmt bandarískum lögum, svonefndum Pelly-viðaukalögum, eiga ríki, sem talin eru hafa gerst brotleg við reglur Alþjóðahvalveiðiráðsins, á hættu að þeim verði bannað að selja fisk á Bandaríkjamarkað. Afstaða Alþjóðahvalveiðiráðsins varðandi heimildir til hvalveiða í rannsóknaskyni kemur til með að hafa áhrif á hvort lögum þessum verður beitt gegn Íslendingum eða ekki. Varðar því miklu að umfjöllun Alþjóðahvalveiðiráðsins síðar á þessu ári verði hallkvæm íslensku rannsóknaáætluninni.

Þótt áróðursherferð andstæðinga hvalveiða byggist að verulegu leyti á misskilningi og rangtúlkun á markmiðum Íslendinga með hvalveiðum í vísindaskyni, stafar íslenskum hagsmunum hætta af slíkum áróðri. Í athugun er nú hvernig bregðast skal við, verði herferðinni haldið áfram, og mun utanríkisráðuneytið hafa náin samráð við sjávarútvegsráðuneytið í þeim efnum.

(4) **Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin NASCO.**

Annar ársfundur laxverndarstofnunarinnar var haldinn í Edinborg 3.—7. júní 1985. Aðilar að stofnuninni eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk f. h. Færeyja og Grænlands, Efnahagsbandalag Evrópu, Finnland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Íslendingur fer nú með embætti forseta stofnunarinnar.

Á ársfundi lagði íslenska sendinefndin fram í Norðaustur-Atlantshafsnefnd stofnunarinnar greinargerð um afstöðu Íslands í laxveiðimálum og kynnti stefnu Íslendinga sem kemur fram í ályktun Alþingis frá 14. mars 1983 er hljóðar svo:

> Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að stöðva veiðar Færeyinga á Atlantshafslaxinum í hafinu í samræmi við 66. gr. hafréttarsáttmálans og hafa um það samráð við önnur upprunalönd laxastofnsins, enda verði að því stefnt, að allar laxveiðar í sjó verði bannaðar á Norður-Atlantshafi.

Með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í ályktuninni gerði íslenska sendinefndin tillögu í nefndinni um laxveiðibann utan 12 sjómílna og bann við notkun rekneta. Fulltrúar Efnahagsbandalags Evrópu og Noregs gerðu tillögur um takmörkun veiða Færeyinga við 500 lestir, en afli Færeyinga var á ársfundinum 1984 ákveðinn 625 lestir. Ekki tókst að ná samkomulagi um afla Færeyinga á fundinum. Stuttu síðar náðist samkomulag í viðræðum Efnahagsbandalags Evrópu og Færeyinga um takmörkun veiða Færeyinga við 550 lestir á tímabilinu 1. október 1985 til 31. maí 1986.

Í Vestur-Grænlandsnefnd stofnunarinnar lagði fulltrúi Kanada fram tillögu um að veiðar Grænlendinga skyldu vera takmarkaðar við 500 lestir. Afli þeirra hafði verið ákveðinn 870 lestir á árinu 1984 en hafði árum saman verið 1100 lestir. Ekki náðist samkomulag um þessa tillögu á ársfundinum. Grænlensk stjórnvöld ákváðu einhliða að takmarka veiðar við 852 lestir.

Ósamkomulag í Vestur-Grænlandsnefndinni varð til þess að Kanadamenn samþykktu ekki tillögu Bandaríkjanna um frekari takmarkanir á laxveiðum við Nýfundnaland.

Aðilar að stofnuninni hafa fagnað þeirri málefnalegu umræðu, sem á sér stað á fundunum, og samstöðu meðal aðildarríkja um vísindalegar rannsóknir. Þó er miður að ekki skuli hafa tekist að ná samkomulagi um ákvörðun hámarksafla við Færeyjar og Vestur-Grænland. Á næsta fundi stofnunarinnar verður reynt að ná samkomulagi um þær meginreglur sem taka á mið af við stjórnun laxveiða. Af Íslands hálfu verður áfram lögð áhersla á þá stefnu sem mótuð hefur verið m. a. á grundvelli ályktunar Alþingis frá árinu 1983.

(5) **Veiðar annarra þjóða við Ísland.**

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Samningur þessi var liður í lausn ágreinings vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar árið 1972 og voru heimildir bundnar við tiltekin skip sem hefur farið fækkandi og eru nú 6 talsins. Aðeins þrjú þeirra stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1985. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir og má hlutfall þorsks í heildarafla hvers skips í hverri veiðiferð aldrei vera hærra en 25%. Afli belgískra skipa á árinu 1985 var um 1400 lestir, þar af þorskur um 200 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 til að veiða hér við land allt að 17 000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafla. Á árinu 1985 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 8 500 lestir, þar af allt að 2 000 lestir þorsks. Afli þeirra á árinu var 8 472 lestir, þar af 2 408 lestir þorsks, en farið var fram úr leyfðum þorskafla með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Árið 1984 var gerður samningur við Noreg um veiðar Íslendinga í norskri lögsögu og fallið frá uppsögn samkomulagsins um veiðar Norðmanna við Ísland. Afli Norðmanna á árinu 1985 var ákveðinn samkvæmt samkomulagi 400 lestir. Afli þeirra á árinu var 406 lestir, þar af 43 lestir þorsks.

Loks var í desember 1985 gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 75 000 lestir loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1986. Norðmenn veiddu á umræddu tímabili rúmlega 49 000 lestir.

(6) **Skipting loðnuveiða.**

Um nokkurra ára skeið hefur verið reynt að ná samkomulagi um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum milli Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga. Íslendingar hafa lagt höfuðáherslu á að vísindalegt álit varðandi dreifingu loðnunnar væri lagt til grundvallar við skiptinguna, en sameiginleg skýrsla frá því í maí 1983 sýnir að 73—86% loðnustofnsins tilheyra íslenskri lögsögu, en 14—27% Jan Mayen- og Grænlandssvæðunum. Síðari rannsóknir íslenskra og norskra fiskifræðinga hafa sýnt að dreifing loðnunnar hefur á allra síðustu árum breyst Íslendingum í hag.

Viðræðufundir Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga voru haldnir í Kaupmannahöfn í apríl og Borgarnesi í júní, en samningar tókust ekki, þar sem í kröfum viðsemjenda okkar virtist ekki tekið tillit til fyrirliggjandi vísindagagna um dreifingu loðnunnar. Þegar fyrirsjáanlegt var að samningar tækjust ekki, var heildarkvótanum skipt milli Íslendinga og Norðmanna, samkvæmt ákvæðum samnings frá 13. júní 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál. Færeyingar og Danir veiddu síðan í umboði Grænlendinga u. þ. b. 80 þús. lestir af loðnu sumarið 1985, einkum á umdeilda svæðinu milli Grænlands og Jan Mayen.

Norðmenn hafa boðið til þriggja landa viðræðna um skiptingu loðnuveiða og er ráðgert að viðræðurnar fari fram í Þrándheimi um miðjan apríl 1986.

VIII Utanríkisþjónustan.

Þrátt fyrir þenslu í stjórnsýslu á undanförnum árum hefur mjög óveruleg fjölgun orðið á starfsmönnum utanríkisþjónustunnar. Sendiráðum og fastanefndum Íslands hefur ekki fjölgað síðan 1970 þótt verkefnin hafi verulega aukist. Sendiráðin hafa að mínu mati unnið ómetanleg störf við gæslu íslenskra hagsmuna, kynningu á Íslandi og ýmsa fyrirgreiðslu við Íslendinga erlendis. Mörg þeirra hafa einnig látið viðskiptamálin til sín taka.

Þegar rætt er um utanríkisviðskipti, er ástæða til að minnast þess, að Ísland hefur á að skipa yfir 200 kjörræðismönnum víðsvegar um heim. Þessir menn eru boðnir og búnir til að aðstoða Íslendinga og sinna hinum margvíslegustu verkefnum fyrir Ísland. Í byrjun september n. k. verður haldinn í Reykjavík ræðismannaráðstefna, sú þriðja í röðinni. Slíkar ráðstefnur voru haldnar 1971 og 1977. Það er ætlun mín að koma á framfæri við ræðismennina eindregnum óskum um að þeir verði virkir þátttakendur í því átaki, sem nauðsynlegt er að gera í markaðsmálum og til eflingar á útflutningi íslenskra framleiðsluvara. Í inngangi að skýrslu þessari er gerð grein fyrir fyrirætlun varðandi átak í útflutningsmálum. En áður hefur utanríkisráðuneytið haft samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og er staðsettur í New York markaðsfulltrúi, eins og greint var frá í síðustu skýrslu forvera míns.

Í fyrri skýrslum til Alþingis um utanríkismál hefur verið rætt um stofnun nýrra sendiráða, sem orðið hefur að fresta af fjárhagsástæðum. Könnun varðandi fjölgun sendiráða verður haldið áfram og sérstakt mið tekið af viðskiptahagsmunum.

Utanríkisráðuneytið fer með kynningu á Íslandi og íslenskum málefnum með öðrum þjóðum, nema þau séu lögð til annars ráðuneytis. Miklum tíma í störfum sendiráða og ræðisstofa Íslands erlendis er varið til að svara fyrirspurnum um land og þjóð frá fjölmiðlum, stofnunum og almenningi; standa að skipulagðri kynningarstarfsemi og annast útsendingu og útvegun upplýsingaefnis.

Sú landkynning, sem að ofan greinir, beinist ekki aðeins að því að laða erlenda ferðamenn til Íslands, heldur einnig að því að vekja áhuga og traust manna á Íslandi og íslenskum útflutningi, með því að kynna landið og þjóðina, stjórnarfar, sögu, menningu, efnahag og auðlindir. Í því skyni stendur upplýsingadeild ráðuneytisins í tengslum við menntamálaráðuneytið að skipulagningu á sérstökum íslenskum sýningum erlendis og, í samstarfi við ýmsa aðila, að útgáfu og dreifingu bæklinga, kvikmynda, ljósmynda og annars efnis.

Fylgiskjal 1.

Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra:

Umdæmi sendiráða Íslands og fastanefnda eru nú sem hér segir, auk þess sem sendiherrar búsettir í Reykjavík annast 14 fjarlæg lönd, einkum í Asíu:

Kaupmannahöfn:
- Danmörk
- Ítalía
- Tyrkland
- Ísrael

Osló:
- Noregur
- Pólland
- Tékkóslóvakía

Stokkhólmur:
- Svíþjóð
- Finnland
- Júgóslavía
- Albanía
- Saudi-Arabía

London:
- Stóra-Bretland og Norður-Írland
- Írland
- Holland
- Nígería

Reykjavík:
- Evrópuráðið
- Japan
- Kína
- Indland
- Pakistan
- Bangladesh
- Alþýðulýðveldið Kórea
- Kóreulýðveldið
- Indónesía
- Thailand
- Íran
- Írak
- Kýpur
- Túnis
- Ástralía

París:
- Frakkland
- Cabo Verde
- Spánn
- Portúgal
- OECD
- UNESCO

Moskva:
- Sovétríkin
- Búlgaría
- Rúmenía
- Ungverjaland
- Þýska alþýðulýðveldið
- Mongólía

Bonn:
- Sambandslýðveldið Þýskaland
- Austurríki
- Sviss

Brussel:
- NATO
- EBE
- Belgía
- Grikkland
- Luxemborg

Washington:
- Bandaríki N-Ameríku
- Kanada
- Mexíkó
- Brasilía
- Argentína
- Chile
- Perú
- Bahamaeyjar
- Kúba

Genf:
- EFTA
- Evrópuskrifstofur Sameinuðu þjóðanna og aðrar stofnanir S. þj. í Genf
- Kenýa
- Tansanía
- Egyptaland
- Eþíópía

New York:
- Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna.

Fylgiskjal 2.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsambandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðaframfarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).
Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Berne Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO).
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálalögreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal 3.

Ályktanir á 40. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að.

Allsherjarþingið:

1. Ályktun 40/7	Kambódíumálið.
2. Ályktun 40/64H	Suður-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna.
3. Ályktun 40/64I	Samræmdar aðgerðir gegn kynþáttaaðskilnaði.

Fyrsta nefnd:

4. Ályktun 40/81	Brýn þörf á samningi um víðtækt bann við tilraunum með kjarnavopn.
5. Ályktun 40/91B	Niðurskurður útgjalda til hermála.
6. Ályktun 40/92C	Efna- og sýklavopn.
7. Ályktun 40/94F	Könnun á vígbúnaðarkapphlaupi á hafinu.
8. Ályktun 40/94K	Óhlutdrægar upplýsingar um hermál.
9. Ályktun 40/94L	Efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun.

Sérstaka stjórnmálanefndin:

10. Ályktun 40/166	Ráðstafanir gegn flóttamannastraumi.

Önnur nefnd:

11. Ályktun 40/200	Alþjóðasamvinna um umhverfismál.
12. Ályktun 40/204	Þáttur kvenna í þróunarstarfsemi.

Þriðja nefnd:

13. Ályktun 40/143	Skyndiaftökur.
14. Ályktun 40/39	Samningur um afnám alls misréttis gegn konum.
15. Ályktun 40/113	Samningur um réttindi barna.
16. Ályktun 40/115	Mannréttindasáttmálar.
17. Ályktun 40/118	Skýrsla flóttamannafulltrúa S. þj.
18. Ályktun 40/127	Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga.
19. Ályktun 40/128	Alþjóðasamningur gegn pyntingum.

Fjórða nefnd:

20. Ályktun 40/54	Menntunar- og þjálfunaráætlun fyrir sunnanverða Afríku.

Fimmta nefnd:

21. Ályktun 40/241	Fjárþröng Sameinuðu þjóðanna.
22. Ályktun 40/246A og B	Fjármögnun friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL.
23. Ályktun 40/247	Endurskoðun á greiðslum til ríkja sem leggja til friðargæslusveitir.

Sjötta nefnd:

24. Ályktun 40/73	Öryggi stjórnarerindreka.

Fylgiskjal 4.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1978–1986 (í þús. kr.).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð									
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788	4 788	5 000
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580	20 530	27 400
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	380	540	960		590				
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	41 410	20 500	24 000
5. Alþjóðabankinn (IRBD), hlutafjáraukning	900					5 453	11 856	11 856	11 856
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild		332	456	661	1 045	2 650	3 775	4 900	6 125
Alls	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	66 409	62 574	74 381
B. Önnur aðstoð.									
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	40	59	71	138	250	332	332	332	500
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	26	33	59	173	378	580	552	644
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	21	52	100	296	683	595	945	1 208	1 471
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	29	60	88	132	512	201	297	380	445
5. Aðstoð við flóttamenn	4	434	182	413	1 911	1 500	318	—	—
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80	84
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	9	14	19	34	363	367	477	558	1 107
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80	84
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)		3	12	31	164	112	238	236	276
10. Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna					58	50	88	104	122
11. Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn (IEFR)						248	294	258	302
12. Sérstök matvælaaðstoð vegna hungursneyðar o. fl.					1 150	2 559	2 000	10 800	4 800
13. Tækniaðstoð við Kolombíu									970
Alls	127	668	537	1 161	5 354	6 424	5 685	14 588	10 805
Samtals	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	72 094	77 162	85 186
Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0.045%	0.046%	0.073%	0.053%	0.075%	0.129%	0.107%	0.087%	0.063%

1) Áætlun. Spá 1986 er á áætluðu meðalgengi 1986.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal 5.

Norræn áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Osló 17. og 18. október 1985 samþykktu þeir eftirfarandi ráðstafanir til eflingar og viðbótar norrænu áætluninni um ráðstafanir gegn Suður-Afríku frá 1978:

1. Formáli.

Norrænu ríkin telja kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku (apartheid) brot á grundvallarmannréttindum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðamannréttindayfirlýsingunni. Apartheid-stefnan er einsdæmi í veröldinni, þar sem hún felur í sér skipulagðan aðskilnað kynþátta og er bundin í stjórnskipunarlög Suður-Afríku. Þessi stefna og löglaust hernám Suður-Afríkulýðveldisins í Namibíu hefur leitt til alvarlegrar spennu í suðurhluta Afríku.

Enn fremur líta norrænu ríkin svo á, að apartheid-stefnan sé ógnun við alþjóðlegan frið og öryggi. Þess vegna munu þau vinna að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að samþykktar verði skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku til að stuðla að því að horfið verði frá apartheid-stefnunni með friðsamlegum hætti.

Meðan þess er beðið, að skuldbindandi refsiaðgerðir nái fram að ganga, hafa Norðurlönd ákveðið að grípa til einhliða aðgerða til að minnka efnahagsleg og önnur samskipti við Suður-Afríku. Þau hvetja önnur ríki til að fara að dæmi Norðurlanda og ákveða svipaðar ráðstafanir til að auka alþjóðlegan þrýsting á ríkisstjórn Suður-Afríku og gera hann áhrifaríkari. Vegna hins einstæða eðlis apartheids má óeining í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku ekki koma í veg fyrir að einstök ríki grípi til ráðstafana til að draga úr samskiptum við Suður-Afríku.

2. Alþjóðlegar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna munu Norðurlönd:

— vinna ötullega að því að Öryggisráðið samþykki bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku, m.a. á sviði fjárfestinga, viðskipta og flutninga. Virkt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku gæti orðið mikilvægur liður í slíkum refsiaðgerðum. Norðurlönd munu stuðla að slíku olíubanni og hefja viðræður við lönd, sem gera út kaupskipaflota í því augnamiði að ná samkomulagi um sameiginlegt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku;

— vinna að því að önnur ríki geri þær ráðstafanir, sem mælt er með í ályktun 39. allsherjarþings S. þj. um samræmdar alþjóðlegar aðgerðir gegn apartheid (ályktun 39 72G);

— vinna að því að ályktun Öryggisráðs S. þj. nr. 418 (1977) um bann við sölu vopna til Suður-Afríku verði í hvívetna hlýtt. Enn fremur að vinna að því að vopnasölubannið verði gert víðtækara og virkara, t. d. með því að banna útflutning til Suður-Afríku á búnaði, sem nota mætti í jafnt hernaðarskyni og til almennra nota;

— stuðla að því að þær ráðstafanir, sem mælt var með í ályktun Öryggisráðs S. þj. nr. 558 (1984) og 569 (1985) verði gerðar skuldbindandi;

3. Norrænar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Norðurlönd hafa ákveðið að beita sér fyrir eftirfarandi einhliða ráðstöfunum:

— að banna eða vinna gegn nýjum norrænum fjárfestingum í Suður-Afríku;
— að hefja samninga við norræn fyrirtæki um að draga úr framleiðslu sinni í Suður-Afríku;
— að hvetja norræn fyrirtæki, sem eiga verslunarviðskipti við Suður-Afríku, að leita annarra markaða í þeim tilgangi að draga úr viðskiptum milli Norðurlanda og Suður-Afríku;
— að gera þær ráðstafanir, sem Öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 558 (1984) um að kaupa ekki vopn, skotfæri eða brynvagna framleidda í Suður-Afríku;
— að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem Öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 569 (1985) en enn hafa ekki verið framkvæmdar á Norðurlöndum, þ. e.:
bann við innflutningi á suður-afrískum gullpeningum, Krügerrands,
bann við nýjum samningum um samstarf á sviði kjarnorkumála,
bann við útflutningi á tölvubúnaði, sem her og lögregla Suður-Afríku gætu haft not af;
— gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að opinber fyrirtæki á Norðurlöndum geri innkaup í Suður-Afríku;
— að banna hvers konar ríkisstyrki er stuðlað gætu að auknum viðskiptum við Suður-Afríku;
— að banna eða vinna gegn lánveitingum, þar með talin þátttaka í alþjóðlegum lánum, til Suður-Afríku. Svo lengi sem aðskilnaðarstefnan og hin neikvæðu áhrif hennar á efnahag Suður-Afríku vara, ber að vinna gegn lánveitingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Suður-Afríku á grundvelli þeirra reglna, sem stofnskrá sjóðsins setur;
— að banna eða vinna gegn hvers konar leigusamningum við fyrirtæki í Suður-Afríku;
— að banna eða vinna gegn sölu einkaleyfa og framleiðsluréttinda til Suður-Afríku;
— að hætta flugsamgöngum við Suður-Afríku;
— að takmarka frekari samskipti við Suður-Afríku á sviði íþrótta, menningar og vísinda;
— að herða sameiginlegar norrænar leiðbeiningarreglur fyrir embættismenn um útgáfu vegabréfsáritana fyrir suður-afríska ríkisborgara í því augnamiði að styrkja framkvæmd þessarar áætlunar;
— að auka norræna mannúðarhjálp við flóttamenn, frelsishreyfingar, fórnarlömb og andstæðinga apartheid-stefnunnar;
— að auka norræna aðstoð við grannríki Suður-Afríku og önnur ríki í sunnanverðri Afríku og samstarfsstofnun þeirra (SADCC) til að gera þau minna háð Suður-Afríku efnahagslega og minnka þar með möguleika Suður-Afríku á að skapa glundroða í þessum löndum.

Norræni vinnuhópurinn um ráðstafanir gegn Suður-Afríku mun reglubundið íhuga nýjar hugsanlegar aðgerðir gegn Suður-Afríku.

Sþ. 752. Fyrirspurn [408. mál]

til landbúnaðarráðherra um endurskoðun áætlunar um byggingu sláturhúsa og sölu sláturhúss á Patreksfirði.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Eru uppi áform um endurskoðun upphaflegrar áætlunar um byggingu sláturhúsa að því er varðar Vestfirðingafjórðung — með hliðsjón af því að áætlunin hefur ekki komist í framkvæmd?
2. Hverjir voru eigendur frystihúss þess á Patreksfirði sem síðar var breytt í sláturhús?

3. Hverjir eru núverandi eigendur sláturhúss á Patreksfirði? Hefur það verið selt fiskvinnslufyrirtæki, og ef svo er, hverjir eru eigendur þess?
4. Hversu miklu nema nú framlög, lán og styrkir úr sjóðum og lánastofnunum landbúnaðarins til þessa sláturhúss?
5. Hvenær hófust þær greiðslur og á hvaða tíma hafa þær farið fram síðan?
6. Hverjar eru heildarskuldir sláturhúss Kaupfélags Vestur-Barðstrendinga?
7. Hafa sjóðir landbúnaðarins og lánastofnanir fengið endurgreidd framlög sín til sláturhússins frá fyrri árum? — Ef svo er ekki, hafa kröfur um það verið settar fram?
8. Hvaða fyrirgreiðslu hefur sláturhús Sláturfélags Arnfirðinga á Bíldudal notið á sama tíma?
9. Hvaða hugmyndir eru uppi um hvar slátra skuli fé og nautgripum Barðstrendinga og Rauðsendinga á hausti komanda?

Skriflegt svar óskast.

Ed. 753. Framhaldsnefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin er sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt eins og það lítur út eftir 2. umr. í Ed. Þó vill nefndin leggja til þá breytingu að niðurlagsákvæði 3. tölul. 13. gr. frv., um 40. gr. laga nr. 86/1985, verði fellt brott. Í þessu felst ekki að nefndin telji að ríkisviðskiptabankar skuli undanþegnir endurskoðun af hálfu ríkisendurskoðunar heldur telur nefndin nauðsyn bera til að hugað sé að breytingum á ýmsum öðrum ákvæðum nýrra viðskiptabankalaga varðandi skoðunarmenn. Beinir nefndin því til ríkisstjórnarinnar að hún láti fara fram slíka endurskoðun á lögum um viðskiptabanka og leggi fram sérstakt frumvarp um það efni þegar þing kemur saman á hausti komanda.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Ragnar Arnalds.	Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 754. Breytingartillaga [272. mál]

við frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Niðurlagsákvæði 3. tölul. 13. gr. „Lög nr. 86/1985, 40. gr.“ falli brott.

Sþ. 755. Nefndarálit [7. mál]

um till. til þál. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, farið yfir umsagnir og fengið á fund sinn aðila sem þetta mál heyrir undir. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi.

Fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Pétur Sigurðsson. Eiður Guðnason.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Ed. 756. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 68 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist og hljóði svo:

Hlutverk Iðnlánasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði og öðrum atvinnugreinum.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna breytist og hljóði svo:

Iðnlánasjóði er heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán innanlands eða erlendis til starfsemi sinnar, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna, svo sem röð greina var breytt með lögum nr. 55/1984, koma þrjár nýjar greinar sem verða 14., 15. og 16. gr. laganna og hljóða svo:

a. (14. gr.)

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum, sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

b. (15. gr.)

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þ.m.t. varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi.

c. (16. gr.)

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa, sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur, sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

4. gr.

Núverandi 14. gr. laganna verður 17. gr. og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði eftirgreindar breytingar á lögum um Iðnlánasjóð:

— Ákvæði 1. gr. laganna um hlutverk sjóðsins verði víðtækara en áður þannig að það verði ekki einskorðað við lán og annan fjárstuðning til iðnaðar.
— Ákvæði 1. mgr. 6. gr. laganna verði breytt þannig að Iðnlánasjóði verði heimilt innan ramma lánsfjárlaga að taka lán erlendis.
— Bætt verði við lögin þremur nýjum greinum, sem verði 14., 15. og 16. gr., um að stofnuð verði og starfrækt við Iðnlánasjóð sérstök tryggingardeild útflutningslána.

Ofangreindar breytingar eru að mestu samhljóða þeim breytingum sem lagðar eru til í 16. gr., 27.—29. gr. og 49. gr. stjórnarfrumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna sem lagt var fyrir efri deild Alþingis 13. mars 1986 á þingskjali nr. 622, mál nr. 339. Þar sem líkur benda til að frumvarp til laga um sjóði atvinnuveganna verði eigi afgreitt á yfirstandandi þingi er lagt til að afmarkaðar lagabreytingar skv. því frumvarpi, sem brýnt er að nái fram að ganga nú þegar, verði gerðar með breytingu á lögum um Iðnlánasjóð á þann veg sem í frumvarpi þessu greinir.

Brýnt er að gera nú þegar breytingar á lögum um Iðnlánasjóð til þess að gera hann betur í stakk búinn til þess að sinna hlutverki sínu. Er þar fyrst til að taka, að hin þrönga skilgreining á starfssviði sjóðsins þrengir starfsemina óeðlilega. Má þar nefna, að oft getur verið álitamál, hvort atvinnustarfsemi flokkast undir iðnað. Þá er Iðnlánasjóði nauðsyn að geta tekið þátt í fjármögnun alls konar nýjunga í atvinnulífinu, þótt starfsemin falli ekki að hefðbundinni skilgreiningu iðnaðar. Sama gildir um margvíslega starfsemi er tækniframfarir á tölvuöld hafa og munu leiða af sér. Eðlilegt verður að teljast að stjórn Iðnlánasjóðs hafi heimild til þess að taka þau lán til starfsemi sinnar, sem sjóðnum eru heimiluð með lánsfjárlögum. Jafnframt er með þessu ákvæði verið að tryggja að Iðnlánasjóður eigi kost á hagstæðustu lánum á hverjum tíma, en þurfi ekki að sæta lánskjörum sem eru óhagstæð eins og oft hefur verið.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána yrði einkum tvíþætt skv. frumvarpi þessu: Annars vegar að tryggja lán er lánastofnanir veittu útflytjendum vöru eða þjónustu til þess að þessir aðilar gætu fjármagnað útflutningslán til handa erlendum kaupendum og hins vegar að tryggja kröfu útflytjenda á hendur erlendum kaupendum.

Með hliðsjón af áherslu þeirri, sem nú er lögð á aukinn útflutning iðnaðarvara og öflun nýrra markaða, má ekki dragast að veita iðnaðinum kost á tryggingum útflutningslána. Samtök iðnaðarins hafa ítrekað óskað eftir slíkri tryggingarþjónustu og talið að það hái þeim í útflutningsmálum að eiga ekki kost á slíkri þjónustu. Þörfin fyrir aðgang að slíkri tryggingarþjónustu er tvímælalaust brýnust á sviði iðnaðar og þess vegna þykir eðlilegt að Iðnlánasjóður starfræki slíka tryggingardeild útflutningslána. Eigið fé Iðnlánasjóðs í árslok 1985 var um 750 millj. kr. og eiginfjárhlutfall 26,3%. Iðnlánasjóður hefur því alla burði til þess að annast sjálfur lántökur til starfsemi sinnar, svo og að reka tryggingardeild útflutningslána.

Aðrar útflutningsgreinar þurfa einnig að hafa aðgang að slíkri tryggingarþjónustu og hvað þær snertir er því ástæðulaust að breyta þeirri skipan í þessu frumvarpi. Nú er starfrækt við Ríkisábyrgðasjóð tryggingardeild útflutningslána samkvæmt lögum nr. 60/1970. Deild þessi var sett á stofn árið 1970 í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA og var henni, ásamt Útflutningslánasjóði, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að vera iðnaðinum til stuðnings í væntanlegum útflutningi og samkeppni við innflutning. Skemmst er frá því að segja að tryggingardeild útflutningslána hefur ekki reynst sem skyldi í núverandi mynd. Eru eflaust ýmsar ástæður því valdandi þó þörf fyrir útflutningslánatryggingar sé ekki síður brýn nú en fyrir fimmtán árum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með grein þessari er lagt til að hlutverk Iðnlánasjóðs verði skilgreint víðtækar en áður, þannig að sjóðurinn skuli efla framleiðslu og framleiðni í iðnaði og öðrum atvinnugreinum. Ákvæði þetta er samhljóða 16. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að 1. mgr. 6. gr. gildandi laga verði felld úr gildi en hún er svohljóðandi:

„Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í innlendri eða erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til þess að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu."

Í stað hennar er lagt til að komi almenn heimild fyrir Iðnlánasjóð til lántöku innan ramma lánsfjárlaga. Ákvæði þetta er samhljóða 49. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622 en þeirri grein fylgir eftirgreind skýring m.a.:

„Hér er gert ráð fyrir að sjóðirnir geti tekið lán til starfsemi sinnar, innanlands eða erlendis í samræmi við lánsfjárlög hverju sinni. Lagt er til að hver sjóður geti tekið slík lán beint og millilíðalaust telji stjórn hans slíkt hagkvæmt. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að lántaka fari fram fyrir milligöngu annarra aðila, t.d. Framkvæmdasjóðs eða Seðlabanka."

Um 3. gr.

Um a-lið 3. gr., nýja 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 27. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Lagt er til að hlutverk tryggingardeildar verði fjórþætt. Er um að ræða sams konar hlutverk og mælt er fyrir í 2. gr. laga nr. 60/1970 um tryggingardeild útflutningslána við Ríkisábyrgðasjóð, þó þannig að útflutningur á þjónustu er gerður jafnrétthár og útflutningur á vöru, sbr. 4. tl. sem er algjört nýmæli. Það skal ítrekað að tryggingardeild er ekki einungis ætlað að sinna iðnaði heldur og öðrum útflutningsgreinum."

Um b-lið 3. gr., nýja 15. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 28. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Í þessari grein er mælt svo fyrir að iðgjöld tryggingardeildar skuli ákvörðuð með það fyrir augum að þau standi undir rekstri deildarinnar og greiðslu tjónabóta. Með þessu er lögð áherzla á að deildin verði rekin á viðskiptagrundvelli. Yrði væntanlega tekið mið af reynslu annarra Norðurlandaþjóða við ákvörðun iðgjalda, a.m.k. í upphafi. Óhjákvæmilegt þykir að Ríkisábyrgðasjóður beri ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar hrökkvi eigið fé hennar ekki til, en í því tilviki skal stefnt að því að iðgjöld verði hækkuð svo að Ríkisábyrgðasjóður fái það endurgreitt sem hann hefur innt af hendi."

Vegna ábyrgðar Ríkisábyrgðasjóðs á greiðslu tjónabóta er í fyrrgreindu frumvarpi kveðið svo á að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki fjármálaráðherra. Hér er hins vegar lagt til að iðgjöld og starfsreglur deildarinnar skuli háð samþykki iðnaðarráðherra. Er þetta lagt til þar eð talið er nauðsynlegt að stjórnskipuleg ábyrgð á starfsemi Iðnlánasjóðs verði hjá einum og sama ráðherranum, þ.e. iðnaðarráðherra. Eðlilegt þykir þó að sérstaklega tilnefndur fulltrúi fjármálaráðherra sitji þá stjórnarfundi Iðnlánasjóðs, sem haldnir eru um málefni deildarinnar, og hafi þar málfrelsi og tillögurétt.

Um c-lið 3. gr., nýja 16. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 29. gr. frumvarps til laga um sjóði atvinnuveganna á þingskjali 622. Í skýringu við þá grein segir m.a.:

„Nauðsynlegt þykir að setja stjórnendum tryggingardeildarinnar nokkurt aðhald í lögum. Á öðrum Norðurlöndum hafa hliðstæðar stofnanir sett ákveðin skilyrði um hvernig þau lán skuli vera sem tryggð eru t.d. með skilyrðum um hámarkshlutfall lána af kaupverði, lánstíma o.s.frv. Er gert ráð fyrir að skilmálar tryggingardeildar taki mið af þessum skilyrðum, svo og sérstökum aðstæðum hér á landi. Þá þykir rétt að setja skuldbindingum

tryggingardeildar ákveðin takmörk. Gerð er tillaga um hámark er jafngildi eitt hundrað millj. sérstakra dráttarréttinda (SDR) og er þá höfð hliðsjón af því sem tíðkast á öðrum Norðurlöndum.

Á meðan reynsla er ekki fengin af starfsemi hinnar nýju deildar þykir eðlilegt að hafa hámark þetta nokkru lægra hér á landi í hlutfalli við heildarútflutning vöru eins og gengur og gerist í nágrannalöndunum.“

Um 4. gr. og 5. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 757. Nefndarálit [232. mál]

um frv. til l. um talnagetraunir.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Minni hl. er andvígur frumvarpinu eins og það nú liggur fyrir og telur aðdraganda og undirbúning málsins með þeim hætti að nauðsynlegt sé að kanna ýmsa þætti þess langtum betur en gert hefur verið og sé því eðlilegast að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar til ítarlegrar athugunar.

Minni hl. telur að langeðlilegast væri að fela fyrirtæki í eigu ríkisins að annast rekstur talnagetrauna eða happdrættis eins og frumvarpið fjallar um, en sá háttur mun hafður á t.d. í Kanada og víðar þar sem hagnaðinum er yfirleitt varið til margvíslegra mannúðarmála.

Minni hl. telur verulegar líkur á að sú happdrættistegund, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að komið verði á fót, muni ná miklum vinsældum hjá svo happdrættiselskri þjóð sem Íslendingum og raska verulega fjárhagsgrundvelli þeirra happdrætta sem fyrir eru.

Fram kom á fundum nefndarinnar að fulltrúar Þroskahjálpar höfðu óskað eftir því við Öryrkjabandalagið að fá að fylgjast með þróun og framgangi málsins en þeirri beiðni ekki verið sinnt.

Minni hl. telur óeðlilegt að veita ákveðnum félagasamtökum, þ.e. Íþróttasambandi Íslands, ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalaginu, einkaleyfi til starfrækslu talnagetrauna allar götur fram til ársins 2005. Þetta er ekki síst óeðlilegt þegar þess er gætt að í landinu starfa fleiri en ein samtök öryrkja. Hér er ríkisvaldið því að taka ein samtök fram yfir önnur.

Minni hl. er þeirrar skoðunar að vissulega séu Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Öryrkjabandalagið félagasamtök sem séu alls góðs makleg en minnir jafnframt á að til eru ótal önnur samtök sem einnig beita sér fyrir heilbrigðis- og líknarmálum. Minni hl. bendir á það ástand sem ríkir í málefnum aldraðra þar sem í Reykjavík einni eru á annað þúsund aldraðir á biðlista hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkur eftir húsnæði eða umönnun, og þar af um 700 manns á forgangslista. Nærri lætur að ein ný umsókn bætist við á hverjum degi. Hefði því að mati minni hl. verið kjörið að nýta þessa fjáröflunarleið til stórátaks í málefnum aldraðra þar sem neyðarástand ríkir svo að vægt sé til orða tekið.

Minni hl. bendir á að enda þótt happdrættistegund sú, sem hér um ræðir, sé í frumvarpinu kölluð talnagetraunir er hér í rauninni um hreint peningahappdrætti að ræða. Samkvæmt gildandi lögum hefur Háskóli Íslands einkaleyfi til að reka peningahappdrætti hér á landi og Happdrætti Háskólans greiðir einkaleyfisgjald til ríkissjóðs. Þegar fleiri aðilar hafa fengið leyfi til að reka peningahappdrætti er forsenda einkaleyfisgjalds Háskólans fallin brott.

Minni hl. minnir á að í lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og lögum um getraunir er alls staðar kveðið á um hlutfall og verðmæti vinninga. Í þessu frumvarpi eru engin slík ákvæði en ráðherra falið að ákveða fjárhæð eða hlutfall vinninga.

Minni hl. telur að þetta mál þurfi að kanna langtum betur og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Stefán Benediktsson, fundaskr.
Eiður Guðnason, frsm.

Nd. 758. Nefndarálit [288. mál]

um frv. til l. um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum 8. apríl. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt þess.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.
Garðar Sigurðsson, fundaskr.
Gunnar G. Schram.
Ingvar Gíslason.
Pétur Sigurðsson.
Halldór Blöndal.

Sþ. 759. Tillaga til þingsályktunar [410. mál]

um kaupleiguíbúðir.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Kjartan Jóhannsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að hefja undirbúning að löggjöf og framkvæmdaáætlun um byggingu eða kaup 600 íbúða á hverju ári í 10 ár til leigu með kaupleigufyrirkomulagi í samráði við sveitarfélög eða félagasamtök sem feli í sér eftirfarandi:

1. Lagt verði fyrir Alþingi í upphafi 109. löggjafarþings frumvarp sem heimili Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna að veita sveitarfélögum eða félagasamtökum lán til byggingar eða kaupa á íbúðum með kaupleigufyrirkomulagi. Heimilt verði sveitarfélögum að kaupa eldra húsnæði þar sem það hentar betur.
2. Lánað verði úr Byggingarsjóði verkamanna 80% af byggingarkostnaði íbúða sem ætlaðar eru láglaunafólki eða öðrum sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Lánin verði til 40 ára og beri 1% vexti. Lánveitingar þessar verði til viðbótar lánum til félagslegra íbúða úr Byggingarsjóði verkamanna.

3. Lánað verði úr Byggingarsjóði ríkisins 80% af byggingarkostnaði til 40 ára og beri lánin 3,5% vexti. Skal fækka almennum lánveitingum úr Byggingarsjóði ríkisins í hlutfalli við fjölda kaupleiguíbúða sem byggðar eru á hverju ári.
4. Framlag sveitarfélaga eða félagasamtaka verði 20% af byggingarkostnaði sem endurgreiðist með viðbótargjaldi með 3,5% vöxtum, sbr. 7. lið.
5. Heimilt skuli að ráðstafa fjögur fyrstu árin tilteknum fjölda íbúða á hverju ári til þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði eftir 1980 og að mati ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar ríkisins geta ekki haldið húsnæði sínu vegna mikilla greiðsluerfiðleika.
6. Leigjendur greiði fasta húsaleigu (A-leigu) sem fer til greiðslu afborgana og vaxta af lánum frá byggingarsjóðunum, auk hæfilegs gjalds til greiðslu sameiginlegs reksturs.
7. Sveitarfélag teljist eigandi íbúðarinnar og ráðstafi henni. Óski leigjandi að kaupa íbúðina eigi hann rétt á því. Þá skal gerður samningur um endurgreiðslur á framlagi sveitarfélagsins, ásamt verðbótum og vöxtum, með sérstöku mánaðarlegu viðbótargjaldi (B-leigu). Greiðslutími þess geti verið allt að 30 árum.
8. Að þeim hluta greiddum fái leigjandi afsal fyrir íbúðinni og yfirtaki um leið eftirstöðvar af áhvílandi lánum frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum.
9. Samningar um kaup leigjanda á íbúð sinni og greiðsla viðbótargjalds verði bindandi nema hvað aðilar geta komið sér saman um að lengja eða stytta greiðslutímann. Heimilt verði þó í undantekningartilfellum, ef aðstæður leigjanda breytast í veigamiklum atriðum, að láta kaupin ganga til baka. Leigjandi eigi þá tilkall til endurgreiðslu þess viðbótarleigugjalds sem hann hefur innt af hendi ásamt verðbótum og vöxtum. Færi um það eftir nánari samkomulagi við sveitarfélagið.
10. Heimilt verði að flytja áunnin réttindi á milli sveitarfélaga og innan sama sveitarfélags.
11. Heimilt verði að í stað sveitarfélaga komi sem framkvæmdaaðilar launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök eða framkvæmdir verði á hendi sveitarfélags og slíkra samtaka sameiginlega.
12. Tillögur framkvæmdaaðila um húsgerðir, íbúðastærðir, framkvæmdatíma og önnur helstu framkvæmdaatriði skuli bornar undir stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til staðfestingar.

Greinargerð.

Markmið þessarar tillögu er að hafinn verði undirbúningur að byggingu 6000 kaupleiguíbúða á næstu 10 árum í samráði við sveitarfélög eða félagasamtök. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu slíkra íbúða gætu verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök sem áhuga hefðu á að gerast framkvæmdaaðilar við byggingu slíkra íbúða og þar með að tryggja félögum sínum rétt til hluta af þeim kaupleiguíbúðum sem hér er gert ráð fyrir að byggðar verði.

Með þeirri leið, sem hér er lagt til að farin verði, opnast nýir möguleikar í húsnæðismálum sem tryggja fleiri kosti fyrir þá sem eru að koma sér þaki yfir höfuðið. Auk þess gæfi slíkt fyrirkomulag láglaunafólki og fólki með meðaltekjur möguleika á að eignast sitt eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Ein meginástæða þess hvernig komið er í húsnæðismálum er sú að fólk hefur lítið sem ekkert val haft í húsnæðismálum og er oft knúið nauðugt viljugt til að eignast eigið húsnæði þó að það hafi ekki til þess fjárhagslegt bolmagn. Afleiðing þess er sú að mörg heimili í landinu eru að kikna undir oki gífurlegra fjárhagsskuldbindinga, enda fjölgar nauðungaruppboðum sífellt og fjölmargar fjölskyldur sjá fram á gjaldþrot.

Lítið framboð er á leiguhúsnæði og langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Á s. l. 5-6 árum hafa mjög fáar leiguíbúðir verið byggðar á vegum sveitarfélaga, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Árið 1981	keyptar eða byggðar 10 íbúðir.
Árið 1982	keyptar eða byggðar 20 íbúðir.
Árið 1983	keyptar eða byggðar 3 íbúðir.
Árið 1984	keyptar eða byggðar 8 íbúðir.
Árið 1985	keypt eða byggð 1 íbúð.
Árið 1986 (1. apríl)	keyptar eða byggðar 25 íbúðir.
	Alls 67 íbúðir.

Þrátt fyrir ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um að Byggingarsjóður verkamanna skuli fjármagna a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna hefur hvergi nærri verið staðið við það markmið.

Á árunum 1984 og 1985 voru framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna eftirfarandi:

	1982	1983	1984	1985
Fjöldi íbúða	304	158	175	176

Ljóst er að langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum sem segja má að sé eini möguleikinn í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk og fólk með meðaltekjur. Byggingarsjóður verkamanna lánar nú 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar en hlutur kaupanda er 20%. Í sérstökum tilfellum er heimilt að hækka lánshlutfallið í allt að 90% sé um erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður að ræða. Framlag kaupanda getur því orðið 460 þúsund krónur sé miðað við 2,3 millj. króna kaupverð íbúðar og ef heimildargreinin er nýtt verður framlag kaupanda 230 þúsund krónur.

Þó að íbúðir í verkamannabústöðum séu með hagstæðustu kjörum sem bjóðast í húsnæðismálum er ljóst að greiðslukjörin eru engu síður ofviða mörgum.

Athuganir benda til þess að hlutfall eignaríbúða hér á landi sé um 90% miðað við landsmeðaltal. Annars staðar á Norðurlöndum og víðar hafa verið farnar leiðir í húsnæðismálum sem byggjast einkum á því að fólk hafi fleiri valkosti. Auk þess að eignast eigið húsnæði er mikið framboð af leiguhúsnæði auk þess sem búseturéttaríbúðir og íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi hafa opnað fólki nýja möguleika í húsnæðismálum.

Kostir kaupleiguíbúða eru ótvíræðir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- eða leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auðvelt á að vera að gera fólki kleift að flytja með sér áunnin réttindi. Með því móti er fólki auðveldað bæði að stækka og minnka við sig íbúðir, sem og að flytjast milli sveitarfélaga ef það svo kýs.

Í tillögugreininni er þessu fyrirkomulagi lýst nokkuð ítarlega og verður því hér á eftir einungis gerð grein fyrir kostnaði ríkis og sveitarfélaga komist slíkt fyrirkomulag á, svo og greiðslubyrði þeirra sem velja sér slíka leið í húsnæðismálum.

Greiðslubyrði leigjenda og kaupenda.

Byggingarsjóður verkamanna.

Íbúðarverð: 2,3 millj. kr. (núverandi byggingarkostnaður 100 m² íbúðar í sambýlishúsi).

Lán: a. 1840 þús. kr. úr Byggingarsjóði verkamanna til 40 ára með 1% vöxtum (80% byggingarkostnaðar). Sama og núgildandi lög um leiguíbúðir sveitarfélaga gera ráð fyrir.

b. 460 þús. kr. frá viðkomandi sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess (20% byggingarkostnaðar).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	4 670		4 670
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum*	4 670	2 084	6 754
Sama á 25 árum	4 670	2 326	6 996
Sama á 20 árum	4 670	2 698	7 368
Sama á 15 árum	4 670	3 329	7 999
Sama á 10 árum	4 670	4 909	9 579

Byggingarsjóður ríkisins.

Íbúðarverð: 2,3 millj. kr. (núv. byggingarkostn. 100 m² íbúðar í sambýlishúsi).

Lán: a. 1840 þús. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins (80%) til 40 ára með 3,5% vöxtum.

b. 460 þús. kr. frá sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess. (20% af byggingarkostnaði).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	7 180		7 180
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum*	7 180	2 084	9 264
Sama á 25 árum	7 180	2 326	9 506
Sama á 20 árum	7 180	2 698	9 878
Sama á 15 árum	7 180	3 329	10 509
Sama á 10 árum	7 180	4 909	12 089

*) Ávallt er reiknað með að kaupandi yfirtaki eftirstöðvar áhvílandi lána frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum þegar hann fær afsal, en þá hefur hann að fullu greitt hlut sveitarfélags í byggingarkostnaði. Í öllum tilvikum þarf að reikna með einhverri viðbót við A-leigu vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar.

Framlög sveitarfélaganna.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að byggðar eða keyptar verði 600 íbúðir á hverju ári í 10 ár með kaupleigufyrirkomulagi. **Miðað við þá áætlun yrði framlag sveitarfélaganna 276 milljónir á ári.**

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun sveitarstjórna, sem og á fjárlögum ríkisins, voru verðlagsforsendur miðaðar við 36% verðbólgu. Nýgerðir kjarasamningar hafa hins vegar gjörbreytt þeirri áætlun þar sem nú er miðað við 7—8% verðbólgu á árinu. Sum sveitarfélögin hafa fyrir sitt leyti tilkynnt að þau muni lækka útsvarsálagningu úr 10,8% í

10,2%. Miðað við úrtak framteljenda um framtaldar tekjur á árinu 1985 má ætla að tekjubreytingar milli áranna 1985 og 1986 verði 43—44% í stað 36%. Þetta þýðir að þrátt fyrir lækkun útsvarsálagningar úr 10,8% í 10,2% stefnir í það að sveitarfélögin fái verulegar tekjur af útsvarsálagningu að raungildi umfram gjöld. Það er því skoðun flm., haldi verðlagsforsendur kjarasamninga, að á yfirstandandi ári verði um verulegar tekjur að ræða umfram áætluð gjöld hjá sveitarfélögunum sem skapar svigrúm fyrir þau til að standa undir sínu framlagi til byggingar leiguíbúða eins og hér er lagt til. Að auki má benda á að útgjöld sveitarfélaga árlega á næstu 10 árum vegna byggingar eða kaupa 600 íbúða með kaupleigufyrirkomulagi minnka árlega í hlutfalli við endurgreiðslu viðbótargjalds (B-leigu). Sé um fleiri framkvæmdaaðila að ræða, svo sem launþegasamtök, lífeyrissjóði eða félagasamtök, minnkar hlutur sveitarfélaga líka sem því nemur.

Einnig eru gatnagerðargjöld allt að 5% af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis auk annarra gjalda, svo sem tengigjalda o. fl. Þessi gjöld mætti skoða sem hluta af framlagi sveitarfélaga sem auðveldar þeim þá fjármögnun á sínum hluta til kaupleiguíbúðanna.

Lán byggingarsjóðanna.

Séu 300 íbúðir fjármagnaðar á hverju ári úr Byggingarsjóði verkamanna og 300 úr Byggingarsjóði ríkisins yrði **framlag Byggingarsjóðs verkamanna 552 milljónir á ári** en fjármagn úr Byggingarsjóði ríkisins ykist ekki frá því sem nú er þar sem lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins kæmu ekki til viðbótar lánveitingum sem fyrir eru heldur mundi almennum lánveitingum fækkað í hlutfalli við byggingu kaupleiguíbúða á næstu 10 árum.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga er áætlað að verulega aukið fé komi til byggingarsjóðanna gegnum skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Ætla verður að samstaða geti náðst um það að 5–600 milljónir af þessu fé renni árlega til kaupleiguíbúða sem fyrst og fremst kæmu láglaunafólki til góða.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og framkvæmd þeirrar áætlunar sem tillagan gerir ráð fyrir yrði mörkuð ný stefna í húsnæðismálum sem tryggði í senn fleiri kosti og að fólki yrði gert auðvelt að eignast húsnæði án óbærilegrar greiðslubyrði.

Sþ. 760. Fyrirspurn [411. mál]

til samgönguráðherra um störf flugmálanefndar.

Frá Helga Seljan.

Hvað líður störfum nefndar er skipuð var af ráðherra til að gera úttekt og skila tillögum um framkvæmdir í flugmálum?

Hvað hyggst ráðuneytið fyrir um það forgangsverkefni, er nefndin fékk til meðferðar í erindisbréfi sínu, um uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar?

Nd. 761. Frumvarp til laga [412. mál]

um dráttarvexti o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Ákvæði laga þessara gilda um allar fjárkröfur á sviði fjármunaréttar. Þeim skal þó því aðeins beitt, að ekki sé annað boðið í lögum, leiði af samningum eða venju.

2. gr.

Dráttarvextir reiknast af fjárkröfu frá gjalddaga hennar sé hann fyrir fram ákveðinn.

Nú er ekki samið um gjalddaga kröfu og er þá heimilt að reikna dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá því, að kröfuhafi krafði skuldara sannanlega um greiðslu og áskildi sér rétt til heimtu dráttarvaxta. Sé sá mánaðardagur, sem greiðslukrafan miðar við, ekki til í hinum næsta mánuði, skal skuldari greiða dráttarvexti frá síðasta degi þess mánaðar.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er ætíð heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim tíma, að dómsmál telst höfðað til heimtu kröfunnar, sbr. þó 10. gr. um skaðabætur.

3. gr.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem þegar verulegur vafi þykir hafa verið um réttmæti og stærð kröfu eða kröfuhafi þykir hafa sýnt verulegt tómlæti við heimtu kröfunnar, geta dómstólar ákveðið, að upphafstími dráttarvaxta skuli vera annar en leiðir af 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Dráttarvextir af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli ákveðast af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti, að ávöxtun nýrra almennra útlána samkvæmt 2. mgr. skal margfölduð með tölunni 1.05 og síðan bætt við tölunni 5. Seðlabanki Íslands getur hækkað margfeldistöluna í allt að 1.10 og skal þá hækka viðbótartöluna með sama hætti í allt að 10.

Seðlabanki Íslands skal reikna vegið meðaltal á ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum tvisvar á ári, þ. e. 21. júní og 21. desember ár hvert. Meðaltal þetta skal birta í Lögbirtingablaði ásamt útreikningi á hæð dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr., og skal sá útreikningur gilda frá 1. júlí og 1. janúar ár hvert. Ef sérstaklega stendur á, svo sem ef verulegar breytingar verða á útlánskjörum viðskiptabanka og sparisjóða, er Seðlabanka Íslands heimilt að reikna oftar meðalársvöxtun útlána og hæð dráttarvaxta. Skal sá útreikningur gilda frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði og þar til ný ákvörðun tekur gildi.

Viðskiptaráðherra setur, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um útreikning meðalávöxtunar samkvæmt þessari grein.

Þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt lögum þessum skulu samningsvextir, verðbætur eða annað umsamið álag falla niður.

5. gr.

Dráttarvextir af löglegum fjárkröfum í erlendum gjaldmiðli ákveðast af Seðlabanka Íslands sem ársvextir með þeim hætti, að meðalvextir viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum skulu margfaldaðir með tölunni 1.05 og bætt við tölunni 5. Seðlabanki Íslands getur með sama hætti og segir í 1. mgr. 4. gr. hækkað margfeldistöluna í 1.10 og viðbótartöluna í 10.

Seðlabanki Íslands skal reikna út meðalvexti samkvæmt 1. mgr. á sömu dögum og tilteknir eru í 2. mgr. 4. gr. og birta samtímis í Lögbirtingablaði. Um gildistíma þessara dráttarvaxta skal gilda hið sama og segir í 2. mgr. 4. gr.

Sé um að ræða gjaldmiðil, sem ekki er heimilt að eiga á gjaldeyrisreikningi hér á landi, eða gjaldmiðil, sem ekki er skráður hér á landi, skal miða við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Þegar sérstaklega stendur á geta dómstólar dæmt hærri eða lægri dráttarvexti en greinir í 4. og 5. gr.

7. gr.

Ef atvik, sem skuldara verður ekki um kennt, valda því, að greiðsla berst ekki, skal ekki reikna dráttarvexti þann tíma sem greiðsludráttur verður af þessum sökum.

8. gr.

Sé mál höfðað til heimtu kröfu og dráttarvaxta krafist má, þrátt fyrir ákvæði 88. gr. og 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 28/1981, dæma dráttarvexti frá þeim tíma, er mál telst höfðað, til greiðsludags, þó vaxtahæð sé eigi tilgreind í stefnu.

9. gr.

Nú hafa aðilar samið um vaxtakjör, er gilda skulu fram að gjalddaga, og vaxtakjör þessi eru kröfuhafa hagstæðari en þeir vextir, sem reiknast mundu samkvæmt 4. og 5. gr. laga þessara, og skulu þá hin umsömdu vaxtakjör gilda einnig eftir gjalddaga, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 4. gr., enda verði vaxtakjör þau, er um var samið, ekki talin fara í bága við reglur III. kafla laga nr. 7/1936.

10. gr.

Kröfur um skaðabætur skulu bera vexti frá þeim degi, er hið bótaskylda atvik átti sér stað, sem vera skulu jafnir og vegið meðaltal vaxta á almennum sparisjóðsbókum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Slíkar kröfur skulu bera vexti skv. 1. mgr. 4. gr. að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi hefur sannanlega lagt fram þær upplýsingar, sem þörf var á til þess að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta.

Seðlabanki Íslands skal reikna út meðalársvexti samkvæmt 1. mgr. á sömu dögum og tilgreindir eru i 2. mgr. 4. gr. og birta samtímis í Lögbirtingablaði. Skal um gildistíma fara eftir sama ákvæði.

11. gr.

Beita skal ákvæðum laga þessara um fjárkröfur utan sviðs fjármunaréttarins eftir því sem við á.

12. gr.

Lög þessi taka til allra fjárkrafna, sem falla í gjalddaga eftir 1. janúar 1987.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. lög nr. 71 frá 22. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.
b. Lög nr. 56 frá 30. maí 1979 um dómvexti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú segir í lánssamningi gerðum fyrir gildistöku þessara laga, að við vanskil reiknist hæstu lögleyfðu dráttarvextir, eins og þeir eru á hverjum tíma, og skulu þá dráttarvextir þessir vera samkvæmt 4. gr. laga þessara.

Segi í lánssamningi um verðtryggt lán, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að verðtrygging skuli haldast, ef greiðsludráttur verður, skal regla 4. gr. laga þessara gilda allt að einu um lánssamning þennan.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

Samkvæmt ákvæðum 13. gr. laga nr. 10/1961 hefur Seðlabanki Íslands heimild til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Þá hefur Seðlabankinn ákveðið dráttarvexti samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 58 1960, sbr. lög nr. 71/1965. Seðlabankinn hefur einnig ákveðið vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979.

Í framkvæmd hafa vaxtaákvarðanir Seðlabankans gilt bæði innan og utan innlánsstofnana.

Í allmörgum lögum eru sérákvæði um vexti og dráttarvexti.

Ýmis atriði varðandi dráttarvexti hafa valdið vafa og deilum. Má þar til nefna upphafstíma dráttarvaxta, dráttarvexti að því er varðar kröfur í erlendri mynt.

Af þeim sökum ber nauðsyn til að settar verði lagareglur um dráttarvexti, bæði um ákvörðun þeirra og önnur atriði. Eru settar fram í þessu frumvarpi tillögur að slíkum lagareglum, þ. á m. hvernig ákveða skuli dráttarvexti af fjárkröfum á sviði fjármunaréttarins, upphafstíma dráttarvaxta o. fl. Frumvarpið er samið af Benedikt Sigurjónssyni, fyrrv. hæstaréttardómara, og Viðari Má Matthíassyni, hdl., í samvinnu við viðskiptaráðuneytið og Seðlabanka Íslands.

Vegna sérstöðu skaðabótakrafna eru þær kröfur teknar sérstaklega og gerðar tillögur að reglum bæði um hæð vaxta og dráttarvaxta svo og upphafstíma dráttarvaxta.

Þá er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir að dómstólum verði í undantekningartilvikum veittar heimildir til að breyta dráttarvöxtum eða upphafstíma þeirra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Ákvæði frumvarps þessa eru við það miðuð, að gerðar séu breytingar á gildandi lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936, en frumvarp um það efni hefur verið lagt fram á Alþingi, 108. löggjafarþingi.

Í fylgiskjölum með frumvarpi þessu er að finna drög að lagafrumvörpum þar sem gert er ráð fyrir að nokkrum lagaákvæðum um dráttarvexti verði breytt til samræmis við ákvæði þessa frumvarps. Frumvörpin verða lögð fram í upphafi þings á hausti komandi í samvinnu við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Frumvörpin sem hér um ræðir eru frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39/1922, um lausafjárkaup, frumvarp til laga um breyting á víxillögum,

nr. 93/1933, frumvarp til laga um breyting á tékkalögum, nr. 94/1933, frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í 1. gr. frumvarps þessa er fjallað um gildissvið þess. Lagt er til að reglur frumvarpsins gildi um allar fjárkröfur á sviði fjármunaréttar.

Með orðinu fjárkröfur er átt við peningakröfur hvers konar, bæði kröfur í innlendri og erlendri mynt. Reglur frumvarpsins eiga ekki við um aðrar kröfur en fjárkröfur. Krafa þarf hins vegar ekki að vera fjárkrafa frá upphafi, hún getur t. d. verið upphaflega krafa um afhendingu á vöru eða því um líkt, en síðar vegna vanefnda breyst í fjárkröfu og eiga þá reglur frumvarps þessa við frá því tímamarki að öðrum skilyrðum frumvarpsins uppfylltum. Fjárkrafa getur verið krafa um endurgreiðslu, t. d. þegar kaupum er rift eða þegar rift er ráðstöfun samkvæmt VIII. kafla laga nr. 6/1978 og krafið um endurgreiðslu auðgunar skv. 62. gr. þeirra laga, eða bótakrafa samkv. 63. gr. laganna, þó að því tilskildu að fyrir liggi upplýsingar um fjárhæð bóta.

Reglur frumvarpsins taka einnig til krafna um greiðslu févítis og hliðstæðra krafna á sviði fjármunaréttar.

Reglur frumvarpsins munu, ef það verður að lögum, gilda á sviði fjármunaréttar, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Þessi regla afmarkar gildissvið reglna frumvarpsins þó ekki skýrlega. Kemur þar hvort tveggja til, að mörk fjármunaréttar og annarra réttarsviða eru ekki skýrlega afmörkuð né óumdeild, auk þess sem það leiðir af 11. gr. frumvarpsins, að reglum þess verður beitt utan sviðs fjármunaréttar þar sem það á við. Samkvæmt þessu má ætla að reglum frumvarpsins, ef það verður að lögum, verði beitt einnig utan sviðs fjármunaréttar, nema lög bjóði annað eða það leiði sérstaklega af atvikum.

Í 2. málslið 1. gr. frumvarps þessa er gert ráð fyrir að reglurnar verði frávíkjanlegar, þ. e. að reglur framvarpsins, ef það verður að lögum, víki fyrir samningum um atriði sem reglur frumvarpsins taka til. Þess ber þó að geta, að samningsfrelsi manna er takmarkað m. a. af reglum III. kafla laga nr. 7/1936 og öðrum reglum. Lagt er til að hið sama eigi við um venju. Frumvarpið er því að þessu leyti hliðstætt I. kafla laga nr. 7/1936, sbr. 1. gr. þeirra laga, og lögum nr. 39/1922, sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarps þessa eru tillögur að reglum um það, hvenær heimilt sé að hefja töku dráttarvaxta og hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til þess að slík heimild verði virk.

Að því er varðar upphafstíma heimildar til töku dráttarvaxta eru reglurnar að meginstefnu til tvíþættar, þ. e. þegar gjalddagi er ákveðinn og þegar slíkt er ekki gert.

1. málsgr.

Í þessari málsgrein er lagt til að dráttarvextir af fjárkröfum þeim, sem frumvarpið tekur til, reiknist frá gjalddaga í þeim tilvikum sem hann er ákveðinn.

Gjalddagi er sá dagur þegar kröfuhafi getur krafist greiðslu á kröfunni. Ef atvik eru með þeim hætti, að kröfuhafi geti ekki krafist greiðslu á kröfunni nema að undangenginni uppsögn eða tilkynningu með tilteknum fresti, er gjalddagi kröfunnar fyrst að þessum fresti liðnum.

Það er meginregla, að gjalddagi sé fyrir fram ákveðinn, þannig að oftast mundi þessi regla frumvarpsins eiga við, ef það verður að lögum.

2. málsgr.

Ef gjalddagi er ekki ákveðinn, gildir regla þessa ákvæðis frumvarpsins. Samkvæmt þessu ákvæði er kröfuhafa heimilt að reikna dráttarvexti á kröfuna þegar liðinn er einn mánuður frá því að hann krafði skuldara sannanlega um greiðslu. Ljóst er að kröfuhafi verður að hafa heimild til að krefja um greiðslu kröfunnar svo krafa um greiðslu geti veitt honum rétt til töku dráttarvaxta samkv. þessu ákvæði. Það er skilyrði, að greiðslu hafi verið krafist með sannanlegum hætti. Um sönnun fyrir því, að greiðslu hafi verið krafist, gilda almennar sönnunarreglur. Það er ekki nægilegt að senda kröfu um greiðslu með sannanlegum hætti, heldur verður krafan að vera ákveðins efnis, fram verður að koma áskilnaður kröfuhafa um það, að dráttarvaxta verði krafist. Slík greiðslukrafa er ákvöð, sem bindur móttakandann frá þeim degi sem hún kom til hans.

Af þessari málsgrein leiðir einnig, að ef greiðslukrafa með áskilnaði um töku dráttarvaxta kemur til skuldara 30. janúar yrði heimilt að taka dráttarvexti frá 28. febrúar (29. febrúar á hlaupári).

3. málsgr.

Í þessu ákvæði felst regla um það, að dráttarvexti megi ávallt reikna af kröfu frá þeim tíma er mál telst höfðað til heimtu hennar. Þessi regla á þó ekki við um skaðabætur, sbr. 10. gr. Mál telst höfðað þegar stefna er birt eða þegar stefndi mætir óstefndur fyrir dómi, sbr. 103. gr. laga nr. 85/1936, sbr. og 30. gr. laga nr. 28/1981 um breytingu á þeim lögum.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins hefur að geyma undantekningarreglu, sem beita má í sérstökum tilvikum, ef regla 2. gr. mundi leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu. Er nauðsynlegt að dómstólar hafi nokkurt svigrúm í þessu efni.

Í ákvæðinu eru talin upp nokkur tilvik sem réttlætt gætu að undantekningarreglu þessari yrði beitt. Tilvik þessi eru ekki tæmandi talin, en hafa verður hugfast að hér er um að ræða undantekningu frá meginreglu 2. gr. frumvarpsins.

Um 4. gr.

1. málsgr.

Í þessari málsgrein er gerð tillaga að reglu um útreikning á hæð dráttarvaxta.

Hlutverk dráttarvaxta er almennt talið tvíþætt. Þeim er í fyrsta lagi ætlað að hvetja til lögmætra efnda á fjárkröfum. Í öðru lagi er þeim ætlað að bæta kröfuhafa það tjón, sem almennt má ætla að greiðsludráttur baki honum, án þess að hann þurfi að færa sönnur á, hvert raunverulegt tjón hans vegna greiðsludráttarins er. Með hliðsjón af þessum forsendum er regla þessarar málsgreinar við það miðuð, að dráttarvextir verði alltaf nokkru hærri en ávöxtun nýrra almennra útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á hverjum tíma. Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir sem meginreglu að bankinn ákveði ekki vexti hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Byggja má á því, að viðskiptabankar og sparisjóðir tryggi að ávöxtun útlána verði almennt hærri en verðbólga á hverjum tíma.

Sú regla, sem lagt er til að lögfest verði, miðar við að dráttarvextir verði í raun alltaf hinir sömu, hvort sem verðbólga er mikil eða lítil, þ. e. að raunvextir greiðsludráttar verði fastir. Raunvextir greiðsludráttar hafa verið mjög svo breytilegir á síðustu árum og er slíkt óheppilegt.

Með orðinu ávöxtun er hér átt við ígildi vaxta sem greiddir eru eftir á einu sinni á ári.

Með orðunum ný almenn útlán er átt við ný óverðtryggð skuldabréfa- og víxillán.

Af ákvæði 1. mgr. leiðir að ákvörðunarvald Seðlabanka Íslands, að því er varðar hæð dráttarvaxta, takmarkast við að ákveða margfeldistölu þá, sem tilgreind er í ákvæðinu, og þá tölu, sem bæta skal við, þó innan þeirra marka, að margfeldistalan skal vera á bilinu 1.05 til

1.10 og sú tala, sem bætt er við niðurstöðuna, skuli vera á bilinu 5 til 10. Af sjálfu sér leiðir að fullt innbyrðis samræmi verður að vera milli talna þessara, þ. e.:

Ef margfeldistalan er 1.05 skal bæta við 5
Ef margfeldistalan er 1.06 skal bæta við 6
Ef margfeldistalan er 1.07 skal bæta við 7
Ef margfeldistalan er 1.08 skal bæta við 8
Ef margfeldistalan er 1.09 skal bæta við 9
Ef margfeldistalan er 1.10 skal bæta við 10

Reglan byggist á því að fyrst sé fundin ávöxtun nýrra almennra útlána í samræmi við 2. mgr. Nú (mars 1986) mundi sú tala vera 21. Reiknireglan yrði því þessi, ef tölurnar 1.05 og 5 eru notaðar:

$$21 \times 1.05 + 5 = 27.05$$

Ef tölurnar 1.10 og 10 eru notaðar, mundi hæð dráttarvaxta vera:

$$21 \times 1.10 + 10 = 33.10$$

Þessi hæð dráttarvaxta er hliðstæð því sem hæð dráttarvaxta er frá 1. mars 1986, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 27. febrúar 1986.

2. málsgr.

Í þessari málsgrein er gerð tillaga um, að Seðlabanka Íslands verði falið að reikna út ávöxtun nýrra almennra útlána. Gert er ráð fyrir að um vegið meðaltal ávöxtunar sé að ræða. Með vegnu meðaltali er átt við að tekið sé tillit til vægis í útlánum hvers viðskiptabanka og sparisjóðs, þ. e. bæði vægis milli skuldabréfalána og víxillána, og umfangs útlána hjá hverjum viðskiptabanka og sparisjóði.

Lagt er til að meginreglan verði sú, að Seðlabanki Íslands framkvæmi útreikning samkvæmt þessu ákvæði tvisvar á ári, þ. e. 21. júní og 21. desember, og birti í Lögbirtingablaði ásamt niðurstöðu af útreikningi á hæð dráttarvaxta. Meginreglan yrði þá sú, ef frumvarpið yrði að lögum, að dráttarvextir þeir, sem þannig væru reiknaðir, giltu frá og með 1. júlí til 31. desember og frá 1. janúar til 30. júní.

Þar sem verðlagsbreytingar geta orðið verulegar á skömmum tíma og hæð ávöxtunar þar með líka, er nauðsynlegt að í ákvæðinu sé svigrúm til að framkvæma útreikning þennan oftar og birta í Lögbirtingablaði. Er gerð tillaga um slíka reglu.

3. málsgr.

Í þessari málsgrein er lagt til að viðskiptaráðherra setji, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, nánari reglur um útreikning meðalávöxtunar samkvæmt 2. mgr., eftir því sem nauðsyn verður. Lýtur þetta m. a. að því, hvernig hagað verður söfnun upplýsinga til að byggja á útreikning ávöxtunar.

4. málsgr.

Hér er lagt til að þegar greiða skal dráttarvexti samkvæmt reglum þessa frumvarps falli samningsvextir, verðbætur og annað umsamið álag niður. Þessi meginregla er óhjákvæmileg, þar eð dráttarvextir samkvæmt frumvarpinu miðast við þær forsendur, sem lýst er í athugasemdum við 1. málsgr. þessarar greinar.

Um 5. gr.

1. málsgr.

Í þessu ákvæði er sett fram tillaga að lagareglu um dráttarvexti á kröfur í erlendri mynt.

Nauðsynlegt er að tala um löglegar fjárkröfur í þessu sambandi. Það er meginregla íslensks réttar, að óheimilt sé að stofna til lánsviðskipta í erlendum gjaldmiðli. Þessa reglu

leiðir af 34. gr. laga nr. 13/1979, sbr. upphafsákvæði og 4. tl. 39. gr. þeirra laga, þar sem gert er ráð fyrir að heimild í lögum eða reglugerð þurfi að liggja til grundvallar slíkum lánsviðskiptum. Tekið skal fram að í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er ekki gert ráð fyrir að hin tilvitnuðu lagaákvæði verði numin úr gildi.

Reikniregla dráttarvaxta á erlendum fjárkröfum er hliðstæð reglu 1. mgr. 4. gr. þessa frumvarps. Hér er þó lagt til að byggt verði á meðalvöxtum þeim sem eru á viðkomandi gjaldmiðli á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum.

Um skýringar á ákvæðinu má að öðru leyti vísa til athugasemda við 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

2. málsgr.

Sjá skýringar við 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins.

3. málsgr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þessi regla frumvarpsins er undantekningarregla, sem gert er ráð fyrir að beita megi með hliðstæðum skilyrðum og reglu 3. gr., þ. e. ef reglur 4. og 5. gr. frumvarpsins mundu leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að skuldara verði ekki gert að greiða dráttarvexti, ef um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa er að ræða. Til þess að um viðtökudrátt af hálfu kröfuhafa geti verið að ræða þarf skuldari að hafa bæði vilja og getu til að greiða og hann þarf að hafa gert kröfuhafa löglegt greiðslutilboð eða lagt féð inn á geymslureikning samkv. lögum nr. 9/1978.

Ákvæði þetta tekur einnig til þeirra tilvika er skuldara er rétt að halda að sér höndum um greiðslu, t. d. vegna vanefnda, eftir atvikum fyrirsjáanlegra vanefnda, af hálfu kröfuhafa.

Um 8. gr.

Þetta ákvæði frumvarpsins er í samræmi við reglur 3. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979 um dómvexti, en lagt er til í 13. gr. frumvarps þessa að þau lög verði numin úr gildi. Nauðsynlegt er að hafa slíka heimild í lögum, þegar litið er til þess, að hæð dráttarvaxta getur breyst a. m. k. tvisvar á ári og málarekstur til heimtu kröfu getur tekið langan tíma. Ef frumvarp þetta verður að lögum mundi krafa bera þá dráttarvexti á hverjum tíma sem af útreikningi Seðlabankans leiddi skv. fyrirmælum 4. og 5. gr. frumvarps þessa.

Um það, hvenær mál telst höfðað, vísast til athugasemda við 3. mgr. 2. gr. frumvarps þessa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 10. gr.

Í þessari grein frumvarpsins eru sérreglur um vexti á skaðabætur. Er hér bæði átt við skaðabætur innan samninga og utan.

Lagt er til að kröfur um skaðabætur beri vexti frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað. Þeir vextir, sem hér um ræðir, eru ekki dráttarvextir, heldur vextir sem eru jafnir

og vegið meðaltal ársvaxta af almennum sparisjóðsbókum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Lagt er til að Seðlabanka Íslands verði falið að reikna út meðalársvexti þessa tvisvar á ári, þ. e. 21. desember og 21. júní ár hvert. Er lagt til að meðalársvextir samkvæmt þessum útreikningi, eins og þeir reiknast, gildi á sama tímabili og tilgreint er í 4. gr.

Þá er lagt til að kröfur um skaðabætur beri dráttarvexti þegar liðinn er mánuður frá þeim degi er kröfuhafi (tjónþoli) hefur sannanlega lagt fram þær upplýsingar, sem þörf er á til þess að meta tjónsatvik og/eða fjárhæð skaðabóta.

Í mörgum tilvikum liggja fyrir nægilegar upplýsingar um tjónsatvik og fjárhæð skaðabóta mjög skömmu eftir að tjónsatvik á sér stað. Sem dæmi um slík tilvik má nefna ef húftryggð bifreið eyðileggst í umferðaróhappi.

Í sumum tilvikum þarf að fá mat sérfróðra manna á orsökum galla á söluhlut og á fjárhæð skaðabóta. Heimild til að krefja um dráttarvexti mundi í slíkum tilvikum stofnast þegar liðinn er mánuður frá því, að kröfuhafi hafði sannanlega lagt fram slíkt mat.

Þegar um líkamstjón er að ræða þarf almennt að leggja fram örorkumat og útreikning sérfræðings á fjárhæð skaðabóta vegna tekjutaps er leiðir af örorku vegna tjónsatviks. Réttur til töku dráttarvaxta mundi stofnast er mánuður er liðinn frá því að kröfuhafi (tjónþoli) lagði sannanlega fram slíkan útreikning.

Um 11. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til að ákvæðum frumvarpsins, ef það verður að lögum, verði beitt um fjárkröfur utan sviðs fjármunaréttarins eftir því sem við á.

Á sviði opinbers réttar eru í gildi mörg sérlagaákvæði um dráttarvexti. Má sem dæmi um þetta nefna 112. gr., sbr. og 4. mgr. 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 2. mgr. 3. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, með síðari breytingum, 1. mgr. 52. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit, með síðari breytingum, 3. mgr. 53. gr. síðastnefndra laga, um aðflutningsgjöld, 5. mgr. 12. gr. laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, með síðari breytingum, 43. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, 4. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, o. fl. Öllum þessum lagaákvæðum er það sameiginlegt, að þau kveða m. a. á um að reikna skuli dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Í þessu frumvarpi er ekki lagt til að lagaákvæðum þessum verði breytt eða þau numin úr gildi, og mun því Seðlabanki Íslands áfram ákvarða dráttarvexti samkvæmt þessum og öðrum sérlögum, ef frumvarp þetta verður að lögum. Ákvæðum þessa frumvarps um hæð dráttarvaxta skal þó beita á sviði opinbers réttar, þar sem sérlagaákvæðum er ekki til að dreifa. Um önnur atriði, svo sem um upphafstíma dráttarvaxta, skal beita reglum frumvarps þessa, ef það verður að lögum, einnig utan sviðs fjármunaréttar.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 39 19. júní 1922, um lausafjárkaup.

1. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Um skyldu til að greiða vexti af kaupverðinu og öðrum greiðslum, sem ekki eru greiddar á gjalddaga, fer eftir ákvæðum laga um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Í 38. gr. laga um lausafjárkaup eru ákvæði um vexti í þeim viðskiptum. Eru dráttarvextir ákveðnir 6% ársvextir í verslunarkaupum og 5% ársvextir í öðrum kaupaviðskiptum. Þá eru sérreglur um upphaf vaxtatíma. Ákvæði þessi eru algjörlega úrelt enda ekki eftir þeim farið, sbr. Hrd. 1979, bls. 1142.

Er því lagt til að um þessi viðskipti fari eftir almennum reglum sem fram koma í frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl.

Frumvarpið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti.

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga

um breytingu á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 54 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 48. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta frá gjalddaga samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

2. tl. 49. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 54/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af fjárhæð þeirri er 1. tl. greinir frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 48. og 49. gr. víxillaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 54 1965, getur víxilhafi eða sá sem víxil hefur leyst til sín krafið þá, sem víxilábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi til laga um dráttarvexti er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta fyrrgreindum ákvæðum víxillaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal III.

Frumvarp til laga

um breytingu á tékkalögum, nr. 94 19. júní 1933, sbr. lög nr. 55 18. maí 1965 um breytingu á þeim lögum.

1. gr.

2. tl. 45. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af þeirri fjárhæð frá sýningardegi.

2. gr.

2. tl. 46. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1965, orðist svo:

Dráttarvaxta samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl. af fjárhæð þeirri frá þeim degi er hann greiddi hana.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 45. og 46. gr. tékkalaga, eins og þeim greinum var breytt með lögum nr. 55 1965, getur tékkahafi eða sá sem leyst hefur tékka til sín krafið þá, sem tékkaábyrgð bera gagnvart honum, um dráttarvexti frá gjalddaga að greiðsludegi, þá hæstu sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka. Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl. er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum, heldur ákveðnir með lagareglu. Er því rétt að breyta ákvæðum tékkalaganna í samræmi við það.

Að öðru leyti þarfnast frumvarp þetta ekki skýringa.

Fylgiskjal IV.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 55 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verði dráttur á greiðslu iðgjalda samkvæmt lögum þessum skal skuldari greiða dráttarvexti af skuldinni frá gjalddaga samkvæmt lögum um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Samkvæmt 7. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skal greiða dráttarvexti af vangoldnum iðgjöldum, þá hæstu sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum að taka.

Í fyrrgreindu frumvarpi að lögum um dráttarvexti o. fl. er gert ráð fyrir að dráttarvextir verði ekki ákveðnir af Seðlabankanum heldur með lagareglum. Er því rétt að breyta lagaákvæði þessu í samræmi við það.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

Fylgiskjal V.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga.

1. gr.

3. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga í samræmi við ákvæði laga um dráttarvexti o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir:

Frumvarp þetta fylgir frumvarpi til laga um dráttarvexti o. fl.

Í 3. mgr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga er ákveðið að vátryggingarfélag skuli greiða vexti af vátryggingarfjárhæð frá gjalddaga hennar, en ákvæði um gjalddaga eru í 1. mgr. greinarinnar. Vextirnir eru ákveðnir 1% p. a. lægri en víxilvextir Landsbankans.

Rétt þykir að fella þessi vaxtaákvæði að reglum þeim sem settar eru fram í 3. gr. frumvarps til laga um dráttarvexti o. fl., enda ekki ástæða hér til sérreglna.

Frumvarpið þarfnast ekki frekari skýringa.

Ed. 762. Frumvarp til laga [413. mál]

um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 skal lagður á sérstakur eignarskattur er renna skal óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar.

2. gr.

Sérstakur eignarskattur, sbr. 1. gr., skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1987, 1988 og 1989 og skal hann vera þannig:

a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981, sem er umfram kr. 1 600 000. Skattskylt mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1987 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1987. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.
b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan skv. ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

3. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

4. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á meðan ákvæði laga þessara eru í gildi, þ. e. á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989, skal fara með þennan sérstaka eignarskatt á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar skv. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og koma fyrst til framkvæmda við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðaða við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þrátt fyrir góðan vilja og heitstrengingar um byggingu Þjóðarbókhlöðu hafa mál staðið þannig, að ekki varð séð hvenær byggingu hennar lyki. Nú síðast við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1986 var fjárveiting til bókhlöðunnar skert verulega, svo ekki þótti ástæða til annars en fella hana alveg niður og leita nýrra leiða til að ljúka byggingunni á sem skemmstum tíma.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að byggingu Þjóðarbókhlöðunnar ljúki á þremur árum með tekjum af sérstökum eignarskatti sem rennur óskiptur til Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu. Eignarskattsauki þessi er aðeins lítið brot af eignarskattsstofni, sbr. 2. gr. frv.

Allt frá því á vordögum 1968 hefur bygging Þjóðarbókhlöðu verið á dagskrá, en í bréfi dagsettu í mars 1969 til dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frá Þjóðhátíðarnefnd 1974 segir, að á fundum með þingflokkunum vorið 1968 hafi nefndarmenn orðið varir við mikinn stuðning þingmanna við byggingu þjóðbókasafns. Ítrekaði nefndin síðar að Þjóðarbókhlaða yrði væntanlega helsta gjöfin sem þjóðin færði sjálfri sér á ellefu hundruð ára afmæli byggðarinnar.

Hinn 30. apríl 1970 samþykkti Alþingi síðan þingsályktunartillögu um byggingu Þjóðarbókhlöðu svohljóðandi: „Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn.“

Laugardaginn 28. janúar 1978 var fyrsta skóflustungan tekin að Þjóðarbókhlöðunni. Vilhjálmur Hjálmarsson, menntamálaráðherra, tók skóflustunguna að viðstöddum Geir Hallgrímssyni, forsætisráðherra, byggingarnefnd bókhlöðunnar og fleiri gestum. Við þetta tækifæri og oftar, var nefnd dagsetning þegar byggingu hússins átti að ljúka. Nefnt var ártalið 1982. Árið 1978 voru um 340 þúsund bindi í Landsbókasafni og á annað hundrað þúsund bindi í Háskólabókasafni. Í hinni nýju bókhlöðu uppkominni er hægt að geyma eina milljón bóka.

Frá upphafi þessa máls hefur verið litið svo á, að Þjóðarbókhlaða væri helsta gjöfin, sem þjóðin gæti fært sjálfri sér á ellefu hundruð ára afmæli mannlífs og menningar í landinu. Þjóðarbókhlaðan er enn þjóðargjöf þótt komið sé fram yfir afmælið. Af þeim ástæðum er leitað til þjóðarinnar um lausn bókhlöðumálsins, svo það dragist ekki um ófyrirsjáanlegan tíma að þjóðin geti nýtt sér þessa gjöf. Ástæða þykir til að viðurkenna það sérstaka framlag sem frumvarpið gerir ráð fyrir með því að láta fylgja hverju framlagi sérstaka viðurkenningu. Þar verður tekið fram um greitt fé hvers einstaklings til Þjóðarbókhlöðunnar með það fyrir augum að hið góða handtak hvers og eins megi geymast innan fjölskyldna og ætta um ókomnar tíðir.

Frumvarp til að ljúka byggingu Þjóðarbókhlöðu með sæmd og með samhentu átaki landsmanna er í samræmi við hugmyndir ágætra manna á Alþingi, sem hrundu þessu máli af stað fyrir margt löngu og munu ekki hafa talið að tvo áratugi þyrfti til að Íslendingar gætu eignast sína þjóðargjöf.

Þjóðarbókhlaðan er engin tildurbygging. Okkur er mikil nauðsyn á að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn, og koma að auki fyrir sérsöfnum vegna fræða okkar, menntunar og vísinda. Húsnæðismál tveggja fyrrgreindra bókasafna standa okkur fyrir þrifum, enda takmarkað hvað hægt er að auka bókakost þessara safna við núverandi aðstæður. Það er því komið að þeirri stund, að ekki verður lengur unað því sinnuleysi sem ríkt hefur um byggingu Þjóðarbókhlöðu. Með þjóðargjöf landsmanna tekst að ljúka á næstu þremur árum þessari byggingu, sem svo mjög er miðuð við brýnar þarfir okkar, og er að auki verðugt og sjálfsagt húsrými fyrir stóran hlut af þeirri menningu sem bundin er við bækur.

Fjáröflun sú sem frv. þetta gerir ráð fyrir felst í álagningu sérstaks eignarskatts í þrjú ár. Heildarfjárhæðin, sem tekur mið af kostnaðaráætlun um þær framkvæmdir sem eftir eru við byggingu Þjóðarbókhlöðu, er áætluð 360 millj. kr. á núgildandi verðlagi, þ. e. 120 millj. kr. á ári gjaldárin 1987, 1988 og 1989. Gera má ráð fyrir að þessi fjárhæð haldi raungildi sínu, þar sem skatturinn verður lagður á gjaldstofna gjaldárin 1987, 1988 og 1989.

Sá sérstaki eignarskattur sem þetta frv. gerir ráð fyrir er með sama sniði og ætti að gefa af sér sömu tekjur og eignarskattsauki samkv. 2. gr. laga nr. 48/1985, sem lagður er á eignarskattsstofn gjaldárin 1985 og 1986.

Samkvæmt álagningarskrám gjaldárið 1985 nam álagður eignarskattsauki á menn 39,3 m. kr. og á lögaðila 64,3 m. kr. eða í heild 103,6 m. kr. Með hliðsjón af áætlaðri hækkun eignarskattsstofns um 28% milli gjaldáranna 1985 og 1986, svo og með tilliti til hækkunar skattvísitölu milli sömu gjaldára má áætla að:

a. eignarskattsauki manna hækki um 14,5% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 um ..... 45,0 m. kr.
b. eignarskattsauki lögaðila hækki um 28% milli ára og muni nema við álagningu hans gjaldárið 1986 um ..... 82,2 m. kr.

og heildarálagning eignarskattsauka á gjaldárinu 1986 muni nema um .. 127,2 m. kr.

Að loknum kærubreytingum má áætla að lokaniðurstaða eignarskattsauka gjaldársins 1986 til innheimtu muni nema 120–122 m. kr.

Sá sérstaki eignarskattur sem um ræðir í frv. er í öllum höfuðatriðum, þ. e. a. s. stofni og hundraðshlutum, sambærilegur við eignarskattsauka og má því áætla, að álagning sérstaks eignarskatts muni nema um 127 m. kr. á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 á núgildandi verðlagi og til innheimtu komi að lokum 120–122 m. kr. á hverju ári á núgildandi verðlagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 verði lagður á sérstakur eignarskattur er renni óskiptur til byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðunnar.

Um 2. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um hverjir skuli bera sérstakan eignarskatt og á hvern hátt hann skuli reiknast og á leggjast.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér er skýrt kveðið á um það að þessi sérstaki eignarskattur sé hvorki frádráttarbær frá tekjum við ákvörðun stofna til álagningar tekjuskatti og útsvari né annarra skatta og gjalda sem byggja á gjaldstofnum til álagningar tekjuskatti og/eða útsvari. Enn fremur ákvæði um frádráttarhæfni þessa sérstaka eignarskatts við ákvörðun eignarskattsstofns.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða ákvæði þess efnis að með þennan sérstaka eignarskatt verði farið á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtts skattafsláttar.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 763. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið og leggur meiri hl. til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hl. mun skila séráliti.

Mál sama efnis var flutt á síðasta þingi og þá þaulrætt í nefnd þar sem margir voru til kvaddir. Frumvarpið féll þá á jöfnum atkvæðum í deildinni.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. | Eiður Guðnason, fundaskr. | Valdimar Indriðason.

Ragnar Arnalds. | Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 764. Frumvarp til laga [414. mál]

um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Reykjavíkurborg að gjöf til eignar og umráða eignarhluta ríkisins í Viðey í Kollafriði, þ. m. t. hvers kyns mannvirki. Afhendingin er

bundin því skilyrði að Reykjavíkurborg taki að sér og kosti verndun þeirra minja sem eru á eynni og afhentar eru. Skal sú verndun á hverjum tíma vera í samræmi við fyrirmæli þjóðminjalaga eftir því sem við á og fara fram í fullu samráði við þjóðminjavörð.

2. gr.

Reykjavíkurborg er óheimilt að selja þennan eignarhluta eða láta hann af hendi nema til ríkisins. Hætti Reykjavíkurborg að annast eignarhlutann á þann hátt sem 1. gr. mælir fyrir um fellur hann undir ríkið að nýju endurgjaldslaust.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilefni frumvarps þessa er 200 ára afmælishátíð Reykjavíkurborgar á þessu ári en hinn 18. ágúst n. k. verða liðnar tvær aldir frá því að Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi. Segja má að Viðey sé föðurleifð Reykjavíkurborgar, en þar dvaldi Skúli Magnússon landfógeti lengst af. Skúli valdi „Innréttingum" sínum stað í „Hólminum" eins og Reykjavík kallaðist þá um miðbik 18. aldar, en með þeim varð fyrsti vísir að kauptúnsmyndun í Reykjavík.

Þykir vel við hæfi á svo merkum tímamótum að ríkið afhendi Reykjavíkurborg eignarhluta sinn í Viðey að gjöf, enda eru uppi hugmyndir um það í borgarstjórn að gera eyna að fólkvangi og útivistarsvæði borgarbúa. Á eynni eru merkar minjar, m. a. Viðeyjarstofa og Viðeyjarkirkja sem eru á fornleifaskrá. Gert er ráð fyrir að verndun sú sem stofnast með skráningu í fornleifaskrá skv. þjóðminjalögum haldi gildi sínu.

Sþ. 765. Svar [333. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um kaup ríkissjóðs á húseigninni Dílahæð 3 í Borgarnesi.

Hinn 25. febrúar s.l. svaraði ég fyrirspurn hæstv. alþm. Eiðs Guðnasonar um kaup ríkissjóðs á húseign í Borgarnesi (279. mál, þskj. 515). Í svari mínu lét ég þess getið að ég hefði þegar gert ráðstafanir til að Fasteignamat ríkisins mæti viðkomandi kaupsamning með hliðsjón af markaðsverði á fasteignum í Borgarnesi á þessum tíma. Í athugasemd spurði hæstv. alþm. hvernig ég hygðist koma þeim upplýsingum á framfæri á hinu háa Alþingi en ég gat þess að þær upplýsingar yrðu veittar jafnskjótt og niðurstöður lægju fyrir.

Í framhaldi af þessu bar hæstv. alþm. enn fram fyrirspurn um mat á kaupverði umræddrar húseignar. Umsögn Fasteignamats ríkisins liggur nú fyrir og fer hér á eftir:

„Samkvæmt fasteignaskrá 1. desember 1985 er húseignin Dílahæð 3 í Borgarneshreppi skráð þannig:

Lóð 750,0 m²	
Fasteignamat	141 000 kr.
Íbúðarhús steypt, byggingarár 1976, 462 m³, 140,1 m²	
Fasteignamat	2 149 000 kr.
Bílskúr steyptur, byggingarár 1976, 94,0 m³, 37,6 m²	
Fasteignamat	309 000 kr.
Samtals	2 599 000 kr.
Endurstofnverð íbúðarhúss er samkvæmt fasteignaskrá	3 756 000 kr.
bílskúrs	488 000 kr.
Lóð, fasteignamat	141 000 kr.
Samtals	4 385 000 kr.

Samkvæmt upplýsingum frá Brunabótafélagi Íslands er brunabótamat eignarinnar 5 653 000 kr. en eðlilega er ekki til annað opinbert mat á lóðinni en fasteignamat, 141 000 kr., eins og áður segir.

Markaðsstuðull vélmatshúsa í Borgarneshreppi er 0,631, en þá er gengið út frá markaðsstuðli 1,000 á höfuðborgarsvæðinu. Þegar talað er um vélmatshús þá er það allt íbúðarhúsnæði og ná meðaltalstölur ekki til að skýra öll hugsanleg frávik.

Fyrir árið 1985 liggja ekki fyrir neinir „marktækir" kaupsamningar um einbýlishús úr Borgarnesi. Hins vegar hafa borist þaðan átta kaupsamningar fyrir árið 1984 á nýlegum einbýlishúsum. Við athugun kemur í ljós að þeir sýna frá 62% til 81% af meðalverði á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt kaupsamningi er húseignin Dílahæð 3 sem því næst meðalverð á höfuðborgarsvæðinu ef borið er saman við meðaltalstölur íbúðarhúsnæðis.

Þegar hins vegar eru skoðaðar einstakar sölur á góðum og vel staðsettum einbýlishúsum eða sérhæðum í tvíbýlishúsum geta slíkar eignir selst fyrir verulega hærra verð en meðaltalstölur greina. Allur svona samanburður orkar því tvímælis og verður að skoðast með varúð.

Í kaupum og sölum á húsnæði hér á landi er líklegt að verðlagning sé oft á tíðum nokkuð tilviljanakennd. Það virðist t.d. nokkuð gömul venja að miðað sé við brunabótamat.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að utan höfuðborgarsvæðisins heyrist oft talað um að miðað sé við 75% af brunabótamati sem hæfilegt söluverð þegar um íbúðarhúsnæði er að ræða. Hér skal ekkert sagt um það hvort áreiðanleiki brunabótamats sé slíkur að það megi nota á þennan hátt, en það gæti orkað tvímælis.

Á seinni árum hefur þeim tilfellum fjölgað að Fasteignamat ríkisins er beðið um að meta húseignir í kaupum og sölum þar sem það opinbera á aðild. Hins vegar var það ekki gert í þessu tilfelli.

Ef menn vilja virkilega fast land undir fótum í svona málum, þá þarf sjálfstætt mat á viðkomandi eign að koma til."

Ed. 766. Frumvarp til laga [415. mál]

um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Um skiptaverðmæti sjávarafla.

1. gr.

Þegar afli fiskiskips er seldur óunninn hér á landi, er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 70% af því heildarverðmæti, sem útgerðin fær fyrir hann.

2. gr.

Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn, er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti), sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70%, þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

3. gr.

Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði, er skiptaverðmæti aflans 60% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti), sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 52% af söluverðmæti kola.

4. gr.

Þegar afli fiskiskips, sem unninn er og frystur um borð, er seldur, er skiptaverðmætið 70% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 64,5% af cif-verðmæti, sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

II. KAFLI

Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

5. gr.

Þegar framleiðandi sjávarafurða veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda, skal hann greiða minnst 15%, sbr. 7. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Veðsetji framleiðandi, eða annar fiskkaupandi, ekki fiskafurðir sínar, skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur.

Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja minnst 15% af brúttósöluverðmæti ísfisks, sem seldur er í erlendri höfn, sbr. 2. og 3. gr., inn á sams konar bankareikninga.

Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegsmönnum veiðiskipa, sem vinna og frysta afla um borð, og miðast þá 15%-greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil.

Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta undir 10 lestum, sbr. 6. gr.

6. gr.

Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur skulu greiða 10% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa eftir sömu reglum og greinir í 5. gr., eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Fé því, sem haldið er eftir skv. 5. gr., skal miðla á þennan hátt:

1. 7% af hráefnisverði greiðist inn á stofnfjársjóðsreikning skipsins hjá Fiskveiðasjóði Íslands, sbr. lög nr. 4/1976 með síðari breytingum. Semji Fiskveiðasjóður Íslands og útgerðarmaður um hærri greiðslu inn á stofnfjársjóðsreikning skal greiðslan við það miðuð, enda sé þá haldið eftir meira fé en 15%, sbr. 5. gr.
2. 6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi ísl. útvegsmanna, sbr. lög nr. 17/1976.
3. 2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa.

8. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 6. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna	50%
2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, svo og af vátryggingu báts, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur	47%
3. Til Landssambands smábátaeigenda	3%

9. gr.

Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 3. tl. 7. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna	92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða	2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands	1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna	4,0%

10. gr.

Lífeyrissjóður sjómanna skal annast skiptingu þess fjár, sem inn kemur skv. 1. tl. 8. gr. og 1. tl. 9. gr. á reikning hvers skips, til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

11. gr.

Þeim viðskiptabönkum eða öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna skv. lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningar fyrir móttöku fjárins án tafar. Stofnfjársjóði fiskiskipa er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 8. og 9. gr., mánaðarlegt yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 5. og 6. gr. laga þessara. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 4 13. febr. 1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

12. gr.

3. og 4. gr. laga nr. 4/1976 falli niður. 5. gr. þeirra laga orðast svo:

Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Inn á reikning þennan renna greiðslur samkvæmt 1. tl. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en hálfan mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, sem séu jafnháir hæstu lögleyfðu fasteignaveðlánavöxtum.

IV. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 17 19. mars 1976, um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

13. gr.

1. gr. laga nr. 17/1976 falli niður. 1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tl. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning Landssambands ísl. útvegsmanna hjá viðkomandi banka, til greiðslu iðgjalda af vátryggingu skipsins.

V. KAFLI

Um ráðstöfun endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs árið 1986.

14. gr.

Um framlag til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1. janúar til 15. maí 1986.

1. tl. ákvæðis til bráðabirgða III laga nr. 113 31. des. 1985, um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, orðast svo:

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs að fjárhæð 225 milljónir króna, sem stjórn sjóðsins ráðstafar til þess að ljúka skuldbindingum hans.

15. gr.

Um endurgreiðslu söluskatts til fiskvinnslufyrirtækja og framlag til Fiskveiðasjóðs Íslands frá 15. maí til 31. desember 1986.

Eftir 15. maí 1986 skal verja eftirstöðvum fjárveitingar til endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs, 375 m.kr., sem hér segir:

a) Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hverrar vinnslugreinar en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðherra setur í samráði við samtök fiskvinnslufyrirtækja ..... 305 m.kr.

b) Til Fiskveiðasjóðs Íslands til ráðstöfunar í þágu útgerðar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur ..... 70 m.kr.

VI. KAFLI

Um reglugerð og gildistöku.

16. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga, þar með um innheimtu skv. II. kafla, yfirlit yfir greiðslumiðlun og um endurskoðun og eftirlit með greiðslum, sem Fiskveiðasjóður Íslands skal annast fyrir hönd Stofnfjársjóðs fiskiskipa og samtaka sjómanna og útvegsmanna.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. Jafnframt falla úr gildi hinn 15. maí 1986 lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, lög nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, sbr. l. 79/1984, lög nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, og lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

Þótt lög nr. 52/1983 og lög nr. 43/1982 falli úr gildi 15. maí 1986 skal greiða útflutningsgjöld skv. þeim af gjaldskyldum sjávarafurðum, sem framleiddar eru fyrir en fluttar út eða greiddar eftir þann dag. Því fé, sem inn kemur af útflutningsgjöldum af þessari vöru eftir 14. maí 1986, skal ráðstafa skv. ákvæðum laga nr. 52/1983 og nr. 43/1982. Til þess að auðvelda framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar skulu allir framleiðendur sjávarafurða skyldir að senda sérstakt yfirlit yfir birgðir sjávarafurða miðað við 14. maí 1986.

Þegar lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, ganga úr gildi, lýkur jafnframt starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem hafa haft tekjur af þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Fyrir tímabilið 15. maí til 31. maí 1986 skal Verðlagsráð sjávarútvegsins birta nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, í tvennu lagi:

1. HRÁEFNISVERÐ, sem skal vera 58% hærra en það verð, sem gilt hefði að óbreyttu í maíbyrjun 1986 að meðtöldum helmingi verðuppbóta úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs.
2. SKIPTAVERÐ, sem er 70% af hráefnisverði skv. 1 tl. þessa ákvæðis.

II

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla á grundvelli þessara laga, er taki gildi hinn 1. júní 1986. Hið nýja fiskverð skal birta þannig að skýrt komi fram:

1. HRÁEFNISVERÐ. Í því felist allar greiðslur fiskverkenda til þeirra, sem afla hráefnis.
2. SKIPTAVERÐ, sem skv. 1. gr. þessara laga er 70% af hráefnisverði, sbr. 1. tl. þessa ákvæðis.

III

Eignum Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa hinn 14. maí 1986 skal ráðstafa sem hér segir:

a. Til þess að ljúka skuldbindingum sjóðanna þriggja fram til 14. maí 1986, þegar starfsemi þeirra lýkur, sbr. 17. gr.
b. Þær eignir Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, sem eftir standa, þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 51/1983, með síðari breytingum, er lokið, skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
c. Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa, þegar skuldbindingum hans samkvæmt lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum og 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar Sjávarútvegshúss í Reykjavík. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs fiskiskipa skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
d. Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa, þegar skuldbindingum hans, skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim, er lokið skal verja 6 milljónum króna til varðveislu sjóminnja. Eftirstöðvar eigna Úreldingar-

sjóðs fiskiskipa, skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum, þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.

e. Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um ráðstöfun eigna skv. stafliðum a til d og skal hann staðfesta lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ársbyrjun 1985 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd með aðild samtaka sjómanna og útvegsmanna og þingflokka til að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Auk þess skyldi samhengið milli þessara lagafyrirmæla og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta sjómanna tekið til rækilegrar skoðunar.

Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera:

- Að gera fjárstrauma og tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari.
- Að stuðla að sanngjarnri skiptingu tekna innan sjávarútvegsins.
- Að koma í veg fyrir að sjóðakerfið og tekjuskiptingarreglur dragi úr hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsins.

Í ársbyrjun 1986 var svo ákveðið, að nefndin skyldi einnig fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegs, þar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og var þá bætt í nefndina fulltrúum frá samtökum fiskvinnslunnar.

Í nefndinni eiga sæti þessir menn:

Tilnefndir af:

Þingflokki Alþýðubandalags:	Skúli Alexandersson, til vara Margrét Frímannsdóttir.
Þingflokki Alþýðuflokks:	Kjartan Jóhannsson, til vara Karvel Pálmason.
Þingflokki Framsóknarflokks:	Ingvar Gíslason, til vara Jón Kristjánsson.
Þingflokki Sjálfstæðisflokks:	Valdimar Indriðason, til vara Guðmundur H. Garðarsson.
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands:	Guðjón A. Kristjánsson, til vara Bolli Héðinsson.
Sjómannasambandi Íslands:	Óskar Vigfússon, til vara Guðmundur Hallvarðsson.
Landssambandi íslenskra útvegsmanna:	Kristján Ragnarsson og Þórhallur Helgason, til vara Ágúst Einarsson og Sverrir Leósson.

Sambandi fiskvinnslustöðvanna:	Knútur Óskarsson
Félagi Sambandsfiskframleiðenda:	Árni Benediktsson
Sjávarútvegsráðherra:	Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem er formaður nefndarinnar.

Fyrir nefndina hafa starfað Benedikt Valsson, Eyjólfur Sverrisson og Gyða Þórðardóttir, starfsmenn Þjóðhagsstofnunar, auk fundarritara nefndarinnar, sem er Gylfi Gautur Pétursson, fulltrúi í sjávarútvegsráðuneytinu.

Frumvarpið, sem hér er flutt, er samið samkvæmt tillögum nefndarinnar, og er fullt samkomulag um efni þess innan hennar.

Meginefni frumvarpsins er, að allir millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup verði lagðar niður, en í staðinn komi einföld lög um skiptaverðmæti sjávarafla, sem ákveði hlutfall skiptaverðs af hráefnisverði. Í kjölfarið hækki fiskverð þannig að það verði raunverulegt heildarverð og sýni allar greiðslur fyrir fiskinn, sem nú fara eftir ýmsum leiðum ýmist innan eða utan skipta frá fiskvinnslu eða sjóðum. Jafnframt verði sett í lög ákvæði um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins til þess að tryggja öruggar heimtur á lífeyrisiðgjöldum sjómanna, vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, vöxtum og afborgunum af stofnlánum útvegsins og framlögum til samtaka sjómanna og útvegsmanna. Í þessu skyni verði haldið eftir 15% af aflaandvirði við veðsetningu framleiðslunnar.

Þessar greiðslur skuli koma af heildarandvirði aflans til útgerðar, en snerti ekki skiptin. Hér yrði því eingöngu um greiðslufyrirkomulag að ræða en ekki íhlutun í tekjuskiptinguna. Sérreglur gildi um smábáta undir 10 brúttólestum, m. a. þannig að aðeins verði haldið eftir 10% af aflaverðmæti þeirra.

Þá verði sett í lög ný ákvæði um ráðstöfun þess fjár, sem varið er á fjárlögum til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti til sjávarútvegs, á þann veg að það renni til þeirra greina, þar sem skatturinn safnast upp einkum fiskvinnslunnar, í stað þess að fara um Aflatryggingasjóð í mynd verðuppbóta til útgerðar eins og nú tíðkast.

Það er forsenda þessara lagabreytinga, að gerður verði viðbótarkjarasamningur milli sjómanna og útvegsmanna þar sem útvegsmenn taki á sig skuldbindingar áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs að greiða bátasjómönnum fæðisdagpeninga, auk þess sem skiptaprósenta á öllum bátum undir 240 brl. hækki um u. þ. b. 1%-stig til þess að tryggja sem næst óbreyttan aflahlut sjómanna á þeim, eftir breytinguna. Samningsaðilar hafa lýst vilja sínum til þess að gera slíkan samning eins og lýst er í fylgiskjali 1.

Sjóðakerfið og lögbundnar greiðslur utan skipta tengdar fiskverði er í reynd fjórþætt (eins og nánar er lýst í fylgiskjali 2). Í þessu frv. eru gerðar tillögur um breytingar á þremur þessara þátta:

Í fyrsta lagi er nú lagt 5,5% útflutningsgjald á nær allan fiskútflutning. Þetta fé, sem áætlað er að nemi um 1500 m. kr. þetta ár, rennur til Aflatryggingasjóðs (56%), til Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs (23%), til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs (18,8%), til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits (1%) og til samtaka sjómanna og útvegsmanna (1,2%).

Í frv. er lagt til, að útflutningsgjöldin verði lögð niður og hér eftir fái fiskvinnslan í hendur allt andvirði útflutningsins. Sjávarútvegsfyrirtækin standi síðan sjálf undir öllum kostnaði af starfsemi sinni fyrir eigin reikning án millifærslusjóða.

Í frv. er lagt til, að útflutningsgjöldin verði lögð niður og hér eftir fái fiskvinnslan í hendur allt andvirði útflutningsins. Sjávarútvegsfyrirtækin standi síðan sjálf undir öllum kostnaði af starfsemi sinni fyrir eigin reikning án millifærslusjóða.

Í öðru lagi hefur Aflatryggingasjóður að undanförnu haft til ráðstöfunar auk tekna af útflutningsgjaldi framlag úr ríkissjóði sem endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Þetta framlag er á fjárlögum 1986 600 m. kr. og hefur runnið til að standa undir verðuppbótum úr verðjöfnunardeild, fæðisdagpeningum sjómanna og öðrum greiðslum úr Aflatryggingasjóði. Bætur úr Aflatryggingasjóði hafa síðustu ár í vaxandi mæli verið ákveðnar í beinu hlutfalli við aflaandvirði og virðist því eðlilegast að taka þær inn í sjálft fiskverðið. Hlutverk bæði hinnar almennu deildar og verðjöfnunardeildar sjóðsins breyttist mjög eða hvarf jafnvel, þegar upp var tekin ný fiskveiðistefna, sem byggist á aflamarki sem aðalreglu. Löggjafinn hefur reyndar þegar sett bráðabirgðaákvæði í þessa átt í lög, þar sem bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs skulu greiddar í hlutfalli við aflaverðmæti.

Í frv. er lagt til, að Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins verði lagður niður og tekjustofnar hans færðir í farveg viðskipta milli fyrirtækja. Um fæðispeninga sjómanna gegnir öðru máli og hafa samningsaðilar fallist á að taka þann þátt málsins inn í kjarasamninga, sbr. fskj.1, sem virðist hinn æskilegi vettvangur fyrir slík ákvæði.

Í þriðja lagi hafa á síðari árum verið sett lög, sem ákveða, að tilteknar greiðslur fyrir fisk skuli vera utan við hlutaskiptin. Hér er annars vegar um að ræða greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa (10% ofan á verð við heimalandanir, 16% af söluverði við landanir erlendis), en hins vegar sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (29% ofan á verð við heimalöndun, en 6% af söluverði erlendis). Af sérstökum kostnaðarhlut koma 10½% til skipta á bátum undir 240 brl. en 6½% á skipum yfir 240 brl. Þessi lagaákvæði fela í reynd í sér breytingu á hlutaskiptum, en ekki fjárstrauma utan við viðskiptin milli fyrirtækja eins og útflutningsgjöldin.

Í frv. er lagt til, að þessar greiðslur utan skipta verði aflagðar, og gert hreint borð í hlutaskiptum.

Í fjórða lagi hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins áhrif á það, sem til skipta er innan sjávarútvegsins. Hann hefur þó mikla sérstöðu, þar sem honum er eingöngu ætlað að færa tekjur milli tímabila en ekki milli aðila innan sjávarútvegsins.

Í frv. eru ekki gerðar tillögur um breytingar á starfsemi Verðjöfnunarsjóðs, en nefndin hyggst fjalla um hana síðar.

Tillögurnar, sem hér eru fluttar, fela í sér róttækar breytingar á fjárhagslegu skipulagi sjávarútvegsins, sem miða að því að einfalda allar greiðslur og tengja betur saman hagsmuni, þannig að verðkerfið þjóni þeim tilgangi að sýna raunverulegt verðmæti í viðskiptum á skýran og ótvíræðan hátt og ekki sé á það skyggt með hliðargreiðslum, sem færa fé á milli fyrirtækja og greina.

Í ársbyrjun 1976 var gerð mikil uppstokkun á sjóðum sjávarútvegs, og voru útflutningsgjöldin þá lækkuð stórlega.* Á undanförnum erfiðleikaárum hefur þó sótt aftur í það far, að margskonar lögbundnar greiðslur og bætur úr sjóðum flæki tekjuskiptinguna í sjávarútveginum. Þetta kemur glöggt fram í fylgiskjölum 2, 3 og 4, þar sem núgildandi kerfi er lýst.

Það er tilgangur þessa frumvarps að einfalda og færa allar greiðslur sem næst sínum viðskiptalega uppruna.

*Sjá skýrslu tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, janúar 1976.

Áhrifin af þessum breytingum á hag helstu greina sjávarútvegs eru metin á fylgiskjölum 4 og 5. Auðvitað fer ekki hjá því, að þetta breytir kjörum einstakra fyrirtækja og manna, en í heild er að því stefnt, að starfskjörin breytist ekki verulega.

Verðlagsráði sjávarútvegsins gefst tækifæri til þess þegar í maílok að semja um nýtt fiskverð á nýjum grundvelli. Hækkun fiskverðs fyrir tímabilið 15. til 31. maí 1986 í kjölfar afnáms sjóðakerfis, sem til er lögð í frv., er þannig ákveðin að ekki verði veruleg breyting á tekjuskiptingu milli aðila með þessum lögum. Þessi ákvæði um fiskverðshækkun ber þó eingöngu að skoða sem umþóttunarákvæði. Um fiskverðsákvörðun verður að sjálfsögðu fjallað framvegis á öðrum vettvangi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Um skiptaverðmæti sjávarafla.

Ákvæði þessa kafla frumvarpsins, miða að því að einfalda þær flóknu reglur, sem nú gilda um greiðslur fyrir fisk innan og utan skipta, og um greiðslur til útgerðar úr sjóðum, sem fjár er aflað til ýmist með útflutningsgjaldi eða endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegsins, sem nú rennur til Aflatryggingasjóðs. Eins og nánar er skýrt í fylgiskjölum 3 og 4 er algengast, að ofan á fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði bætist beinlínis 53%. Við þetta bætast svo greiðslur til útgerðar úr Tryggingasjóði fiskiskipa, vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóðs, fæðisdagpeningar sjómanna o.fl. Samanlagt svarar þetta til þess, að fiskverð sé í reynd tæplega 63% hærra en það sýnist í verðtilkynningum Verðlagsráðs, þegar taldar eru allar greiðslur, beinar og óbeinar. Þetta er gölluð tilhögun; bæði af því, að ekki sést, hvað í reynd fæst fyrir fiskinn hér á landi í samanburði við fiskverð erlendis, og eins af því, að sjóðakerfið felur í sér nokkra tilfærslu á fjármunum milli afurða og fyrirtækja. Hversu hátt hlutfall af fiskverðinu kemur í reynd til skipta, er nokkuð breytilegt bæði eftir stærð fiskiskipa (t.d. er það 4% af verðlagsráðsverði hærra á skipum undir 240 brl. en yfir) og eftir fisktegundum.

Ef ætlunin er að einfalda kerfið án þess að breyta þar með skiptum í verulegum atriðum, virðist heppilegast að setja fram fáar skiptaverðmætistölur af því tagi, sem lagt er til hér. Vegna mismunandi skiptaverðmætis á skipum yfir og undir 240 brl. er auðveldast að tryggja sem næst óbreyttan hlut sjómanna í heild eftir þessar breytingar með því móti að hækka skiptaprósentur á skipum undir 240 brúttólestum, um sem næst 1%-stig, en velja í staðinn heldur lægri hlutfallstölu í 1. gr. en annars hefði skilað óbreyttum hlutaskiptum. Sjómenn og útvegsmenn hafa orðið sammála um þetta, og í fskj. 1 eru sýnd drög að viðbót við kjarasamninga þeirra, þar sem samið yrði um þessa breytingu ásamt greiðslu fæðisdagpeninga til sjómanna, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Um 1. gr.

Til þess að tryggja sem næst óbreytt skipti miðað við framangreindar forsendur og þá tillögu um fiskverðsbreytingu sem felst í ákvæði til bráðabirgða 1 með þessu frv. er hér lagt til, að við löndun innanlands komi 70% af hráefnisverði til skipta, enda felist í því verði allar greiðslur fyrir fiskinn til útgerðar samsvarandi þeim, sem nú koma beint og óbeint frá fiskvinnslu og sjóðakerfi. Áhrif þessa eru sýnd í fskj. 4, 5 og 8.

Um 2. gr.

Við landanir erlendis ríkir nú í reynd sú tilhögun, sem til er lögð í 2. gr., þ.e. til skipta reiknast ákveðinn hundraðshluti af brúttósöluverðmæti, sem fundinn er með því að draga

frá þrjár tölur: Frádráttartölu kjarasamninga, stofnfjársjóðsgjald og sérstakan kostnaðarhlut útgerðar. Eins og fram kemur í fskj. 3 er þetta hlutfall nú breytilegt: 65% við ísfisklandanir allra veiðiskipa annarra en stóru togaranna, en þar eru hlutföllin nú tvö, 60% til aflaverðlauna, en 75% til aukaaflaverðlauna, sem skipta verulegu máli. Hér er lagt til, að þetta verði einfaldað og allt sett í eina meðaltölu, 64%. Þessa tölu verður einnig að skoða í samhengi við hlutföllin í 1., 3. og 4. gr., og tillögurnar um breytingu á skiptaprósentu á skipum undir 240 brl. Þegar bræðslufiski er landað erlendis, er skiptaverðmæti nú rúmlega 70% af brúttósöluverði og hér er lagt til að það verði hið sama og við innanlandslandanir, eða 70%. Þetta er gert til einföldunar og samræmis við önnur ákvæði þessa frv. og forsendur þess í samkomulagi sjómanna og útvegsmanna, sbr. fskj.1.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er lagt til að skiptaverðmæti úr gámafiski verði 60% af brúttósöluverðmæti en þó 52% af söluverðmæti kola, enda er á honum hærri tollur en öðrum ísfiski. Nokkuð hefur verið á reiki, hvernig farið hefur verið með sölur þessar við hlutaskipti. Sjómenn og útvegsmenn hafa nú komið sér saman um þessa tilhögun.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er lagt til að skiptaverðmæti verði 70% af fob-verðmæti afurða frystiskipa, en þó 64,5% af cif-verðmæti, ef þannig er selt. Með þessu er sett ein meðaltala milli þeirra, sem nú eru í kjarasamningum aðila. Hér er einnig leitast við að einfalda og sameina í eina tölu, og fella þannig í ein lög öll ákvæði um hlutfall skiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti.

Með tillögunum um hlutfall skiptaverðmætis í 1.–4. gr. er gert hreint borð í tekjuskiptingunni milli sjómanna og útvegsmanna, og eru samningsaðilar sammála um þetta, þótt auðvitað verði aldrei gert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingarmálefni þeirra. Í stað flókinna tilfærslna og reiknireglna kemur nú eitt hlutfall, mishátt, eftir því hvort landað er heima eða erlendis úr veiðiskipi eða gámi, eða frystiskipi. Hins vegar er það ekki tilgangur þessara ákvæða að breyta tekjuskiptingunni í meginatriðum. Hlutföllin í þessum kafla frumvarpsins má skoða sem niðurstöðu af því endurmati, sem á undanförnum árum hefur farið fram á útgerðarkostnaði í kjölfar olíuverðshækkunar og vaxandi fjármagnskostnaðar á áttunda áratugnum og fyrri helming þess níunda.

II. KAFLI

Um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þegar sjóðakerfi sjávarútvegsins er afnumið, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, verður breyting á greiðslustraumum innan sjávarútvegsins. Fiskvinnslan fær skv. frv. allt fob-verðmæti framleiðslunnar í hendur og þarf ekki lengur að greiða útflutningsgjald við gjaldeyrisskil. Auk þess fær hún skv. frv. í hendur endurgreiðslu á söluskatti. Af þessum auknu tekjum er fiskvinnslunni svo ætlað að standa útgerðinni skil á öllu hráefnisverðinu. Í ákvæði til bráðabirgða er nýtt fiskverð ákveðið með lögum í hálfan mánuð, en komi síðan til nýrrar ákvörðunar með samningum innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins á venjulegan hátt. Þótt sjóðirnir séu lagðir af, þykir rétt og nauðsynlegt að tryggja örugga greiðslu á nokkrum mikilvægum þáttum í útgerðarrekstrinum, svo sem vöxtum og afborgunum, vátryggingum fiskiskipa, lífeyrisiðgjöldum sjómanna ásamt framlögum til samtaka sjómanna og útvegsmanna. Tilgangur þessa kafla frv. er að tryggja örugga innheimtu til þessara þarfa. Sá meginmunur er á þessum ákvæðum og fyrri ákvæðum um sjóði sjávarútvegs, að hér er eingöngu um að ræða greiðslutilhögun, sem ekki snertir hlutaskiptin að neinu leyti, auk þess sem greiðslurnar eru sérstaklega tengdar hverju skipi og fyrirtæki og fela ekki í sér tilfærslu milli þeirra í sameiginlegum sjóði.

Um 5. og 6. gr.

Í 5. gr. eru framleiðendur sjávarafurða skyldaðir til að greiða a. m. k. 15% af samanlögðu hráefnisverði (samkvæmt hinu nýja fiskverði) hvers skips yfir 10 brl. að stærð, við veðsetningu framleiðslunnar eða innan hálfs mánaðar frá löndun, ef framleiðslan er ekki veðsett. Með þessu er tryggð innheimta til þeirra þarfa, sem nefndar voru hér að framan. Ekki þykir ástæða til að binda jafnmikið af aflaverðmæti smábáta (undir 10 brl.) á þennan hátt þar sem þeir eru yfirleitt ekki í skylduvátryggingu eins og stærri skip (þilfarsbátar undir 10 brl. eru þó í skyldutryggingu). Smábátar eru auk þess yfirleitt ekki í viðskiptum við Fiskveiðasjóð eða aðra opinbera stofnlánasjóði. Hér er lagt til, að haldið verði eftir 10% af aflaandvirði smábáta.

Um 7. gr.

Í þessari grein er fjallað um greiðslu vegna skipa yfir 10 brúttólestum.

Í 1. tl. er lagt til að 7% af aflaandvirði renni inn á stofnfjársjóðsreikning hvers skips. Þetta er nokkru hærri fjárhæð en núverandi 10% stofnfjársjóðsgjald af Verðlagsráðsverði við heimalandanir en mun lægra en 16% stofnfjársjóðsgjald við landanir erlendis. Til einföldunar er hér lagt til, að sama regla gildi um heimalandanir og sölu erlendis. Hins vegar er tekið fram, að semji útvegsmaður við Fiskveiðasjóð Íslands um hærri greiðslu skuli hún renna um sama farveg, enda hækki þá sú heildarfjárhæð, sem haldið er eftir, sbr. 5.gr.

Í 2. tl. er lagt til, að 6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá LÍÚ, sem þegar starfrækir slíka greiðslumiðlun skv. lögum nr. 17/1976. Þessi fjárhæð ætti að vera nálægt tvöfalt hærri en sú, sem nú kemur inn á slíka reikninga, enda fellur skv. frv. niður greiðsla Tryggingasjóðs fiskiskips á 40% af iðgjöldum skipanna af útflutningsgjaldafé.

Í 3. tl. er svo ráðgert að 2% af aflaandvirðinu fari inn á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa, sem lagt er til, að Stofnfjársjóður fiskiskipa annist, sem þykir hentug tilhögun, þar sem sjóðurinn hefur þegar í sinni umsjá reikninga fyrir öll fiskiskip, sem inn á renna greiðslur af aflaandvirði.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er lagt til að helmingur af þeim 10% af fiskverði, sem koma inn á greiðslumiðlunarreikninga smábáta skv. 6. gr., renni til lífeyrissjóða sjómanna gegnum Lífeyrissjóð sjómanna. Þetta er auðvitað jafnt 10% af hálfu aflaandvirðinu, sem segja má, að sé hinn hefðbundni sjómannshlutur. Greiðslan er því nálægt fullu lífeyrisiðgjaldi af aflahlut fyrir bæði útgerð og sjómann, enda oftast eigendur, sem róa þessum bátum. Með þessu væri tryggð myndun lífeyrisréttinda af aflahlut smábátamanna, sem misbrestur kann að hafa orðið á til þessa. Lífeyrissjóður sjómanna fær síðan það vandaverk, að koma þessu fé til skila á lífeyrisreikninga þeirra, sem hlut eiga hverju sinni.

Varðandi tryggingar áhafnar er hér lagt til, að svipuð tilhögun verði fyrir alla smábáta og nú gildir um grásleppuveiðarnar skv. lögum nr. 43/1982 varðandi tryggingar áhafnar, auk þess er gert ráð fyrir þeim möguleika, að vátryggingar bátanna komi undir þessa innheimtu, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðherra setur. Lagt er til að 47% af greiðslumiðlunarfénu renni til greiðslu tryggingariðgjalda.

Loks er ætlað, að 3% af greiðslumiðlunarfé smábáta renni til hins nýstofnaða Landssambands smábátaeigenda, sem fengi þannig starfsfé frá sínum eigin félagsmönnum á sama hátt og önnur samtök útvegsmanna og sjómanna, en án þess að fé sé fært á milli aðila í innheimtukerfinu.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er gerð tillaga um ráðstöfun greiðslumiðlunarfjár fiskiskipa skv. 3. tl. 7. gr.

Í 1. tl. er lagt til að til Lífeyrissjóðs sjómanna renni 92% (af 2% af aflaandvirði), sem svarar til 6–7% af aflahlutum sjómanna að meðaltali, en þá eru ekki talin önnur iðgjaldsskyld laun þeirra. Með þessu fé væri því stærsti hluti lífeyrisiðgjalda atvinnurekenda af hendi reiddur.

Í 2.–4. tl. eru ákvæði um framlög til samtaka sjómanna og útvegsmanna. Fjárhæðirnar ættu í heild að verða nokkru hærri en samtökin fá nú af útflutningsgjaldi, en væru teknar af aflaandvirði hvers skips eins og eðlilegt má telja. Þetta er m. a. lagt til vegna þess, að nokkur óvissa um innheimtuna kann að fylgja afnámi útflutningsgjaldsins. Sjávarútvegsráðherra mun setja reglur um það, hversu mikið af hlut Sjómannasambands Íslands skuli renna til Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er ákveðið, að Lífeyrissjóður sjómanna skuli annast skiptingu þess fjár sem kemur inn á lífeyrissjóðsreikninga hvers skips skv. 1. tl. 8. gr. og 1. tl. 9. gr. til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahluts hvers skipverja. Framkvæmd þessa ákvæðis er án efa bæði vandasöm og umfangsmikil og ástæða til að skipuleggja hana vandlega frá upphafi.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI.
Um breytingu á lögum nr. 4/1976, um Stofnfjársjóð fiskiskipa.

Um 12.gr.

Með þessari grein er annars vegar lagt til, að núverandi stofnfjársjóðsgjald utan skipta (10% heima, 16% erlendis) falli niður en hins vegar, að greiðslufarvegurinn, sem myndaður hefur verið með stofnfjársjóðsreikningum, haldist og um hann renni framvegis ákveðinn hluti aflaandvirðis skv. ákvæði 1. tl. 7. gr. Hér er hins vegar eingöngu um greiðslutilhögun að ræða, sem breytir ekki hlutaskiptum.

IV. KAFLI.
Um breytingu á lögum nr. 17/1976, um greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.

Um 13. gr.

Með lögum nr. 17/1976 er ákveðin tilhögun innheimtu á hluta af vátryggingariðgjöldum með ákveðnu hlutfalli af aflaverðmæti (4–5%). Landssamband ísl. útvegsmanna hefur milligöngu um þessa innheimtu í umboði útvegsmanna. Hér er lagt til, að þetta innheimtukerfi haldist og um það renni meira fé en áður skv. 2. tl. 7. gr., eða 6% af aflaverðmæti. Hér er eingöngu um það að ræða að tengja ákvæði þessara laga lögum nr. 17/1976 um leið og vátryggingargreiðslur af útflutningsgjöldum verði lagðar niður.

V. KAFLI.
Um ráðstöfun endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs árið 1986.

Um 14. og 15. gr.

Með lögum nr. 113/1985 var því fé, sem veitt er á fjárlögum fyrir árið 1986 til endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs, ráðstafað til Aflatryggingasjóðs. Fjárhæðin er ákveðin á fjárlögum 600 m.kr. fyrir árið 1986. Greiðslum úr ríkissjóði á þessu fé var í ársbyrjun þannig háttað, að til Aflatryggingasjóðs voru greiddar 50 m.kr. á mánuði. Í fyrri grein þessa kafla, 14.gr., er reiknað með því, að slíkum greiðslum verði haldið í 4 ½ mánuð, þ.e. til miðs maí, og verði þannig greiddar 225 m.kr. til Aflatryggingasjóðs til þess að ljúka skuldbindingum hans.

Í síðari grein þessa kafla, 15. gr., er hins vegar lagt til, að eftirstöðvum fjárveitingarinnar, 375 m.kr., verði varið þannig, að 305 m.kr. renni til fiskvinnslu í hlutfalli við

útflutningsframleiðslu eftir reglum, sem sjávarútvegsráðherra setur, og er þá haft í huga, að þær verði líkar þeim, sem nú gilda um hliðstæða framkvæmd á endurgreiðslu söluskatts til iðnaðar vegna útflutnings á iðnvarningi. Þessi tilhögun tæki gildi um miðjan maí og tæki til útflutningsframleiðslu frá þeim tíma. Þessi viðbót við tekjur fiskvinnslunnar gerir henni auðvitað kleift að greiða hærra fiskverð en ella.

Eins og fjárhæðin ber með sér er hlutur fiskvinnslunnar meiri en útvegsins í endurgreiðslu söluskattsins, enda leggst söluskattur á aðföng vinnslunnar fremur en veiðanna eins og sést glöggt í fskj. 7. Af þessum sökum þykir hentugt að láta hlut útvegsins í endurgreiðslunni renna óskiptan til Fiskveiðasjóðs, og bæta þannig möguleika hans til að veita útgerðinni hagstæð lánskjör. Þessi fjárveiting er hér sett 70 m.kr. Á það má benda, að frá 15. maí n.k. missir Fiskveiðasjóður samkvæmt frv. hlut sinn úr útflutningsgjaldi. Haldi endurgreiðsla söluskatts til sjávarútvegs áfram næsta ár, virðist hentugast að reikna með því, að hún verði framkvæmd þannig, að hún renni að öllu leyti til vinnslunnar í hlutfalli við framleiðsluverðmæti og áætlaða uppsöfnun skattsins á báðum stigum, en veiðarnar fái allar sínar tekjur frá vinnslunni. Með þessu er reiknað í fylgiskjölum 4 og 5.

VI. KAFLI.
Um reglugerð og gildistöku.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti, en því, að bent skal á, að hér er lagt til, að Fiskveiðasjóður annist eftirlit með greiðslum, enda á hann mestra hagsmuna að gæta varðandi innheimtuna.

Um 17. gr.

Gildistökuákvæði þessa frv. eru ákaflega mikilvæg, ekki síður vegna þeirra laga, sem úr gildi verða felld, ef frv. verður að lögum, en þeirra ákvæða, sem lagt er til að gangi í gildi 15. maí 1986. Lögin, sem lagt er til að falli úr gildi, eru:

1. Lög nr. 52/1983, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum hefur lengi verið í lögum hér á landi. Upphaflega sem tekjustofn ríkisins árin 1881 til 1943, en síðan sem millifærslutæki innan sjávarútvegsins. Fram til ársins 1943 var útflutningsgjaldið yfirleitt á bilinu 1–2% af f.o.b. verðmæti. Á síðari árum hefur útflutningsgjaldið stundum verið býsna hátt. Einna hæst fór það í 16% af f.o.b. árið 1975 í kjölfar olíuverðssamninga, en var lækkað í 6% við umfangsmikla endurskoðun á sjóðum sjávarútvegsins á árinu 1976*. Þótt 5,5%-gjaldið, sem nú gildir, sé e.t.v. ekki ýkja hátt, felur það engu að síður í sér íþyngingu fyrir þær greinar, sem hafa tiltölulega hátt vinnsluvirðishlutfall, þ.e. bæta miklu við hráefnið við vinnslu. Tillaga frv. bætir til fulls úr þessu. Afnám útflutningsgjaldsins markar því þáttaskil í hagþróun hér á landi.

Tillagan um afnám útflutningsgjalds felur einnig í sér, að starfsemi Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa verði hætt 14. maí 1986. Framlög af útflutningsgjaldi til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs, til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits sjávarafurða og til samtaka sjómanna og útvegsmanna verða felld niður. Vátryggingargreiðslur og framlög til samtaka sjómanna og útvegsmanna munu framvegis fara um greiðslumiðlun skv. II. kafla frv., og greiðast af hverju einstöku skipi, en ekki úr einum sjóði. Um Úreldingarsjóðinn verður fjallað hér á eftir, en ráðgert er að taka starfsemi hans sérstaklega til endurskoðunar síðar. Í tillögunni felst, að ekki komi lengur fé af útflutningsgjaldi til stofnlánasjóða

* Sjá skýrslu tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti, janúar 1976, bls.10. til 16.

sjávarútvegs. Eftir 15. maí mun Fiskveiðasjóður hins vegar fá 70 m.kr. af endurgreiðslu söluskatts. Varðandi framlagið til Fiskimálasjóðs má benda á, að honum er ætlað að sameinast Fiskveiðasjóði Íslands skv. tillögu frumvarps um fjárfestingarlánasjóði, sem nú liggur fyrir Alþingi. Hvað varðar framlög til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits virðist eðlilegast, að fyrir þá þjónustu sé greitt af þeim, sem hennar njóta, með beinum en ekki óbeinum hætti, að því leyti sem ríkið greiðir hana ekki með fjárveitingum á fjárlögum.

2. Lög nr. 43/1982, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

Með lögum nr. 49/1982 voru sett sérákvæði um útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Að nokkru helgaðist þessi lagasetning af tímabundnum vanda grásleppuframleiðenda en að nokkru af sérstökum aðstæðum grásleppuútvegsins. Verði þetta frumvarp að lögum, mun grásleppuafli koma undir sömu lög og reglur og annar afli eftir því sem við á.

3. Lög nr. 51/1983, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins hefur starfað síðan árið 1949. Upphaflega sem hlutatryggingasjóður, ef um aflabrest var að ræða, en síðar fékk sjóðurinn víðtækara hlutverk. Samkvæmt núgildandi lögum starfar sjóðurinn í þremur deildum, eins og nánar er lýst í fskj. 2. Deildirnar þrjár eru:

Almenn deild, sem ætlað er að bæta útvegsmönnum aflabrest.
Verðjöfnunardeild, sem ætlað er að beina sókn að þeim fisktegundum, sem talið er þoli hana öðrum betur.
Áhafnadeild, sem greiðir lögskráðum sjómönnum fæðisdagpeninga eftir ákveðnum reglum.

Í frumvarpinu er lagt til, að sjóðurinn verði lagður niður.

Almenna deildin hefur í reynd ekki starfað skv. meginreglum laga nr. 51/1983 í tvö ár, þ.e. frá því hin nýja fiskveiðistjórn var upptekin, sem byggist á aflamarki (eða sóknarmarki) fyrir hvert skip, sem takmarkar aflamagn af mikilvægustu fisktegundum. Þessi tvö ár hefur fjármagni deildarinnar verið varið til þess að greiða útgerðinni utan skipta uppbót á fiskverðið í hlutfalli við aflaverðmæti hvers skips. Þessi tilhögun var tekin upp, þar sem ókrétt virtist að reikna út aflabrest þegar skipum var fyrir fram úthlutað aflamarki. Auk þess gátu og geta útgerðarmenn undir vissum kringumstæðum selt aflamark sitt öðrum. Reynslan síðast liðin tvö ár bendir til þess að leggja megi almennu deildina niður að skaðlausu og taka fjárstofn hennar einfaldlega inn í fiskverðið. Í þessu sambandi má einnig minna á, að réttarstaða sjómanna, hvað varðar launagreiðslur, er nú önnur og betri en var, þegar Hlutatryggingasjóður var stofnaður árið 1949.

Hin nýja fiskveiðistjórn, sem nú gildir, hefur einnig gjörbreytt forsendunum fyrir starfsemi verðjöfnunardeildar. Þegar veiðar helstu fisktegunda eru beinlínis bundnar aflamarki, sem úthlutað er til einstakra veiðiskipa, virðist óþarfi að hafa samtímis óbeint stjórntæki eins og verðuppbætur. Við þessa röksemd má bæta, að þessar verðuppbætur hafi nær allan starfstíma verðjöfnunardeildar (þ.e. frá 1979) í reynd fyrst og fremst verið framleiðslustyrkur til þeirra fiskafurða, sem erfiðlega hefur gengið að láta bera sig (karfaafurðir, ufsaafurðir) á kostnað annarra fiskafurða. Síðustu tvö ár hafa áhrif bótanna minnkað, ef þeim er ætlað að valda mismun milli fisktegunda, með því að farið var að greiða úr verðjöfnunardeild bætur á nær allar botnfisktegundir. Segja má, að í þessu felist óbein viðurkenning á því, að forsendur bótanna séu brostnar. Þá verður það að teljast andstætt tilgangi verðjöfnunardeildar að greiða 6% á verð þorsks og 16% á verð karfa sem flestum ber saman um, að ekki megi sækja meira í en gert er, en greiða á sama tíma ekki bætur á verð rækju, sem veidd er á djúpmiðum þar sem þær veiðar eru þó frjálsar.

Í frv. er því lagt til, að þessi aðferð við stjórn fiskveiða verði lögð niður í núverandi mynd.

Starfsemi áhafnadeildar felur í sér nokkra jöfnun á afkomu milli áhafna á þeim skipum, sem betur fiska og hinna, sem miður vegnar. Sjómenn og útvegsmenn vilja halda þeirri tilhögun, sem felst í fæðisdagpeningum áhafnadeildar, þó þannig, að hver útgerðarmaður standi undir greiðslunum sjálfur. Þannig væri ekki lengur fært fé á milli fyrirtækja, en hlutur sjómanna og kjör breytast ekki. Þetta er eðlilegast að gera með viðbótarkjarasamningi eins og fulltrúar sjómanna og útvegsmanna hafa komið sér saman um, sbr. fskj. 1.

4. Lög um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar voru sett í maí 1983, þegar útgerðin átti við mikinn vanda að stríða vegna aflabrests, olíuverðshækkunar og mikils fjármagnskostnaðar. Að nokkru leyti var þessi leið farin til þess að losna við olíusjóð, sem þá var í lögum og byggðist á sérstöku útflutningsgjaldi og beinni niðurgreiðslu á olíuverði til fiskiskipa, sem flestir voru sammála um, að væri algerlega ótækt til lengdar. Kostnaðarhluturinn felur í reynd í sér breytingu á hlutaskiptum, eins og gleggst sést af því, að nokkur hluti hans kemur nú til skipta og hefur sá hluti þokast upp ár frá ári. Eins er það sérkenni kostnaðarhlutarins, að hann kemur að breytilegum hluta til skipta eftir stærð fiskiskipa eins og áður var nefnt, sem flækir tekjuskiptinguna til muna. Í frv. er lagt til, að hann verði felldur niður, og upp verði tekin hrein skipti skv. 1. kafla þessa frv.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Það leiðir af tillögum frumvarpsins, að það fiskverð, sem beinlínis sést í skiptum útgerðar og fiskvinnslu hér á landi breytist verulega án þess að um verði að ræða verulega breytingu á tekjum útgerðarinnar í heild, þegar að er gáð. Tvær leiðir koma til greina varðandi ákvörðun fiskverðs í kjölfar lagasetningar um afnám sjóða sjávarútvegs: Að ákveða með lögum nýtt verð eða fela Verðlagsráði sjávarútvegsins að ákveða nýtt fiskverð á grundvelli hinna nýju laga, þegar þau hafa gengið í gildi.

Annað álitamál við ákvörðun nýs fiskverðs við þessar aðstæður er, hvernig fara skuli með verð þeirra fisktegunda, sem nú fá verðuppbætur úr verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Þessar bætur eru nú 20% á verð ufsa, þó ekki í mars og apríl, 16% á verð karfa, 6% á verð annarra botnfisktegunda, loðnu og síldar, en engar bætur koma á rækju, humar eða annan sjávarafla. Fulltrúar fiskvinnslunnar telja eðlilegast, að þessar bætur falli nú niður og verðhlutföll milli fisktegunda komi til gagngerrar endurskoðunar í kjölfar lagasetningarinnar, sem gefi færi á að ná betri samsvörun milli markaðsverðs afurðanna og hráefnisverðsins. Þeir kjósa því fremur þá leið, að nýtt fiskverð verði ekki ákveðið með lögum, heldur falið Verðlagsráði sjávarútvegsins til ákvörðunar, þegar lögin taki gildi.

Fulltrúar sjómanna og útvegsmanna vilja, að löggjafinn ákveði sanngjarna fiskverðsbreytingu í kjölfar afnáms sjóðakerfisins. Verði það ekki gert, hreppi þeir meiri óvissu um kjör sín við þessa breytingu en hægt sé að ætlast til. Það er því skilyrði fyrir samþykki þeirra við þessar tillögur, að hinn nýi grundvöllur birtist þegar í meginatriðum með nýju fiskverði, þannig að sjómenn og útvegsmenn geti sannreynt á sínum eigin hlut, hver áhrif breytingin hafi. Þeir benda einnig á, að svo miklir hagsmunir séu bundnir verðuppbótum úr Aflatryggingasjóði, að eðlilegast sé að þær verði á umþóttunartíma lagðar á fiskvinnsluna sem hluti af hinu nýja verði, þótt þeim sé ljóst, að við næstu fiskverðssamninga hljóti að koma til breytinga á verðhlutföllum milli fisktegunda, m.a. vegna einföldunar sjóðakerfisins.

Ákvæði til bráðabirgða fela í sér málamiðlun milli þessara tveggja sjónarmiða. Lögin eiga að taka gildi 15. maí n.k. og skv. ákvæði 1 skal birta nýtt fiskverð til maíloka, sem ákveðið er með lögum, þannig að það verði 58% hærra en það verð, sem að óbreyttu hefði

gilt á þeim tíma, að meðtöldum helmingi verðuppbóta úr Aflatryggingasjóði. Skiptaverð til sjómanna yrði jafnframt birt sem 70% af hinu nýja verði. Til samanburðar má nefna, að hefði verið ákveðin ein hundraðstala hækkunar en verðuppbætur felldar niður, hefði hækkunin orðið um 63%, en aftur á móti 53% ef fullar verðuppbætur hefðu haldist sem hluti verðs á þeim tegundum, sem nú njóta þessara bóta. Í fylgiskjali 8 eru sýnd áhrif ákvæðis 1 á fiskverðið eins og það birtist hér á landi.

Í ákvæði 2 er aftur á móti ákveðið að Verðlagsráð sjávarútvegsins skuli setja nýtt fiskverð á allar tegundir sjávarafla frá 1. júní 1986. Þannig er í reynd ákveðinn hálfs mánaðar umþóttunartími. Að honum liðnum verði gengið til samninga um fiskverð á hinum nýja grundvelli.

Í ákvæði 3 er loks kveðið á um ráðstöfun eigna þeirra sjóða, sem lagt er til að hætti störfum 14. maí 1986. Gerð er tillaga um eftirfarandi ráðstöfun:

1. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Eftirstöðvar eigna hans, ef einhverjar verða, hinn 14. maí 1986 renni til Fiskveiðasjóðs Íslands. Þessi ráðstöfun gæti gert Fiskveiðasjóði kleift að halda vaxtaafslætti af útgerðarlánum lengur en ella. Erfitt er að meta, hvort nokkrar eignir muni standa eftir í Aflatryggingasjóði hinn 14. maí 1986, þegar skuldbindingum hans lýkur — gæti reyndar verið skuld.

2. Tryggingasjóður fiskiskipa.

Líklegt virðist, að eignir Tryggingasjóðs gætu numið 130–140 m.kr., þegar uppgjör hefur farið fram 14. maí 1986. Hér er lagt til, að 12 m.kr. af þessu fé renni til öryggismála sjómanna og björgunaræfinga á fiskiskipum. Nú er mikil þörf á átaki á þessu sviði.

Þá er lagt til, að 12 m.kr. renni til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, sem lengi hefur verið í bígerð. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs munu síðan renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.

3. Úreldingarsjóður fiskiskipa.

Ætla má, að eignir þessa sjóðs gætu verið um 110–115 m.kr., hinn 14. maí 1986, þegar honum verður slitið. Í frv. er lagt til, að af þessum eignum verði nú varið 6 m.kr. til varðveislu sjóminja, m.a. gamalla fiskiskipa.

Þörf er á, að gera starfsemi Úreldingarsjóðs og Aldurslagasjóðs fiskiskipa markvissari en verið hefur, og er hér lagt til að eftirstöðvar eigna sjóðsins verði varðveittar og ávaxtaðar á bestu kjörum, þar til honum hefur verið fengið hlutverk að nýju, eða ráðstafað á annan hátt, með lögum.

Sjávarútvegsráðherra mun setja nánari reglur um framkvæmd þessara ákvæða og staðfesta lokauppgjör sjóðanna þriggja.

Fylgiskjal 1.

Drög að viðauka við kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna m.v. að Aflatryggingasjóður og sérstakur kostnaðarhlutur útgerðar o.fl. verði lagður niður.

I.

Um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómanna.

1. Útvegsmenn skulu greiða hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum öðrum en togurum innan FÍB, en á þeim er fæðiskostnaður greiddur að fullu. Auk þess skulu hlutaráðnir landmenn á línubátum, sem lögskráð er á, fá sömu greiðslu og aðrir skipverjar.
2. Greiðslur þessar eru ákveðnar sem fæðisdagpeningar fyrir hvern skipverja á hvern úthaldsdag eins og þeir eru tilkynntir Fiskifélagi Íslands. Fæðisdagpeningar þessir eru frá 1. mars 1986 sem hér greinir:

	kr.pr.mann/dag
1. Bátar 12—100 brl.	221
2. Bátar 101 brl. og stærri, aðrir en í 3.	295
3. Loðnuskip, skuttogarar og sambærileg skip	369

3. Við ákvörðun þessara greiðslna skal fylgja sams konar reglum og áhafnadeild Aflatryggingasjóðs hefur fylgt, eftir því sem við getur átt.
4. Sjómenn og útvegsmenn nefna hvor sinn fulltrúa og koma sér saman um þriðja mann í nefnd til að fylgjast með framkvæmd þessa samnings og endurskoða fjárhæðir dagpeninga reglulega m.a. með hliðsjón af breytingum á matvælalið vísitölu framfærslukostnaðar.

II.

Um skiptaprósentu.

5. Skiptaprósenta á öllum bátum undir 240 brl. hækkar frá og með gildistöku laga um skiptaverðmæti sjávarafla, 15. maí 1986 um 1%-stig.

III.

Um gildistöku.

6. Ákvæði þessa samkomulags skulu gilda frá og með 15. maí 1986 og verða þar með hluti af heildarkjarasamningum aðila.

Reykjavík, apríl 1986.

Fylgiskjal 2.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, 1986.

Sjóðir sjávarútvegs.
Stutt yfirlit.

1. Sjóðir með tekjur af útflutningsgjaldi.

Á fob-verðmæti nær alls fiskútflutnings er skv. lögum nr. 52/1983 lagt 5,5% útflutningsgjald. Útflutningsgjaldið skiptist sem hér greinir:

	Hlutfall af heild %	Áætlun um fjárhæðir 1985 M.kr.
1. Aflatryggingasjóður		
a) Almenn deild	15,0	192,6
b) Verðjöfnunardeild	20,0	256,8
c) Áhafnadeild	21,0	269,6
2. Tryggingasjóður fiskiskipa og úreldingarstyrkir		
a) Tryggingasjóður	20,0	256,8
b) Úreldingarsjóður fiskiskipa	3,0	38,3
3. Fiskveiðasjóður Íslands og Fiskimálasjóður		
a) Fiskveiðasjóður	18,0	231,1
b) Fiskimálasjóður	0,8	10,6
4. Sjávarrannsóknir og framleiðslueftirlit sjávarafurða	1,0	12,8
5. Landssamband íslenskra útvegsmanna	0,6	7,7
6. Samtök sjómanna	0,6	7,7
Samtals	**100,0**	**1,283,9**

Útflutningsgjaldið og ráðstöfun þess færir í aðalatriðum fjármuni utan skipta til Aflatryggingasjóðs og til að greiða niður vátryggingar og fjármagnskostnað flotans. Þessi frádráttur frá útflutningstekjum takmarkar vitaskuld svigrúmið við fiskverðsákvarðanir. Á grásleppuafurðir er skv. lögum nr. 43/1982, lagt á 3,25% útflutningsgjald á f.o.b. (að frádregnum umbúðakostnaði) í stað hins almenna 5,5% gjalds. Tekjum af þessu gjaldi er ráðstafað sérstaklega til þarfa grásleppuframleiðenda, sbr. fskj. 3.

2. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Aflatryggingasjóður nýtur 56% af útflutningsgjöldum. Hann starfar skv. lögum nr. 51 1983. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, almenna deild, verðjöfnunardeild og áhafnadeild. Hlutverk hans er skv. lögum að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Sjóðurinn greiðir einnig fæðisdagpeninga til sjómanna.

Taflan, sem hér fer á eftir, sýnir áætlun um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985.

Áætlanir um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985.

	Almenn deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	Samtals
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1. Til ráðstöfunar:				
1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun	84	−90	26	20
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	193	257	270	720
1.3 Endurgreiðsla á söluskatti[1])	209	209	72	490
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar			50	50
1.5 Vaxtatekjur	8	1	11	20
Samtals	494	377	429	1.300
2. Ráðstöfun:				
2.1 Útgjöld verðjöfnunardeildar til verðuppbóta á botnfisk, loðnu og síld		431		431
2.2 Útgjöld almennrar deildar, 7% sérstakar bætur	615			615
2.3 Útgjöld áhafnadeildar v/fæðispeninga, lífeyrissjóðs o.fl.			335	335
2.4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	1	2	6
Samtals	618	432	337	1.387
3. Til ráðstöfunar í árslok	−124	−55	92	−87

1) Í áætlun þessari er reiknað með ógreiddum bótum í árslok 1985, 287 m.kr. Þá er einnig reiknað með tekjum af útflutningsgjöldum, sem ekki berast sjóðnum fyrr en í ársbyrjun 1986, en sú fjárhæð nemur 93 m.kr. Mismunur á þessum tveimur fjárhæðum kemur fram í áætlun um greiðslustöðu og heildarfjárhag sjóðsins fyrir árið 1985 í fskj. 3.

Almenna deildin greiðir bætur til útvegsmanna, sem ekki koma til skipta sem slíkar, en eru til þess ætlaðar að gera útgerðinni kleift að greiða aflahluti eða kauptryggingu, þegar miður árar. Fram til ársloka 1983 voru greiddar bætur vegna aflabrests til einstakra skipa eftir allflóknum reglum, þar sem miðað var við frávik frá áætluðu „meðalaflamagni" á hverju veiðitímabili í mörgum flokkum veiðiskipa, en flokkunin réðst af stærð og gerð veiðiskips, veiðiaðferð og veiðistöð.

Árin 1984 og 1985 var ákveðin í stað bóta úr almennu deildinni eftir fyrri reglum 4% greiðsla miðuð við lágmarksverð skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins (skiptaverð við landanir erlendis). Frá og með 1. ágúst 1984 var svo bætt við sérstakri 3% greiðslu á sama stofn. Báðar greiðslurnar renna óskiptar til útgerðar.

Verðjöfnunardeildin greiðir á yfirstandandi verðtímabili (1/2 til 31/5/86) verðuppbætur á lágmarksverð Verðlagsráðs sjávarútvegsins sem hér segir: Á ufsaverð 20%, þó ekki í mars og apríl, á karfaverð 16%, á annað botnfiskverð greiðist 6% uppbót. Verðuppbót þessi greiðist aðeins á afla, sem landað er til vinnslu hér á landi.

Þessar verðuppbætur koma til skipta milli sjómanna og útvegsmanna.

Áhafnadeildin greiðir hluta af fæðiskostnaði sjómanna. Greidd er ákveðin fjárhæð á hvern áhafnarmann og úthaldsdag og er greiðslan mishá eftir flokkum veiðiskipa. Fjárhæðir í maíbyrjun 1986 eru sem hér segir:

	kr.pr.mann/dag
1. Opnir bátar og bátar undir 12 brl.	140
2. Bátar 12—100 brl.	221
3. Bátar 101 brl. og stærri, aðrir en í 4	295
4. Loðnuskip, skuttogarar og sambærileg skip	369

(Áhafnir „stóru togaranna" hafa frítt fæði skv. samningum. Útgerðir þeirra fá því endurgreidda fæðispeninga, en að öðru leyti eru fæðispeningarnir greiddir til áhafna.)

Auk fæðisdagpeninga greiðir áhafnadeildin útgerðarmönnum 1% á sama stofn og 7%, sem greidd eru úr almennu deildinni. Greiðslur þessar eru til að mæta lífeyrisiðgjöldum sjómanna og hafa verið greiddar frá ársbyrjun 1985.

Á fjárlögum 1985 var ákveðið að endurgreiða skyldi söluskatt, sem fyrirtæki í sjávarútvegi bera af aðföngum til framleiðslunnar. Þessi fjárhæð nam á árinu 1985 490 m.kr. og rann öll til Aflatryggingasjóðs. Fyrir árið 1986 er þessi fjárveiting 600 m.kr. og hefur sjóðurinn þessar tekjur auk tekna af útflutningsgjöldum. Í fskj. 3 er sýnd áætlun um afkomu Aflatryggingasjóðs árið 1986 að óbreyttum lögum.

3. Stofnfjársjóður fiskiskipa og sérstakur kostnaðarhlutur.

Auk laga um útflutningsgjöld hafa á síðustu árum verið sett lög, sem ákveða að tilteknar greiðslur fyrir fisk skuli vera utan hlutaskipta samkvæmt kjarasamningum sjómanna. Nú eru þessar greiðslur tvenns konar:

1. Samkvæmt ákvæðum í lögum nr. 4/1976, bætist 10% gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa við verðmæti landaðs afla miðað við lágmarksverð, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þetta 10% gjald (16% af söluverðmæti við landanir erlendis) er greitt inn á sérstakan reikning hvers skips hjá Fiskveiðasjóði til greiðslu af stofnlánum, og er aðeins reitt af hendi við útgerðarmenn, ef þeir eru skuldlausir við opinbera stofnlánasjóði. Þessar greiðslur koma ekki til skipta. Þetta fyrirkomulag, sem upphaflega kom í lög árið 1968 í tengslum við mikla gengisfellingu krónunnar, endurspeglar það mat löggjafans, að í hlutaskiptareglum kjarasamninga hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til vaxandi fjármagnskostnaðar útvegsins. Þá er það einnig tilgangur þessara ákvæða að tryggja innheimtu til Fiskveiðasjóðs á afborgunum og vöxtum af lánveitingum hans.
2. Þá eru í lögum nr. 71/1984 með síðari breytingum ákvæði um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, sem fela í sér 29% viðbótargreiðslu ofan á lágmarksverð utan skipta, sem ætlað er að standa straum af útgerðarkostnaði. Þessi lög voru rökstudd með því, að hlutur útgerðar væri ónógur til að mæta hækkandi olíukostnaði undanfarin ár.

   Af sérstökum kostnaðarhlut koma þó 10,5% til skipta, en 18,5% ekki, á bátum 240 brl. eða minni, en 6,5% á togurum og stærri bátum, en 22,5% ekki, ef frumvarpið, sem nú er fyrir Alþingi, verður að lögum.

Lögin um Stofnfjársjóð fiskiskipa og sérstakan kostnaðarhlut fela í reynd miklu fremur í sér breytingu á hlutaskiptakerfinu en fjármagnstilfærslur innan sjávarútvegsins, þar sem þau virka skip fyrir skip og greiðslu fyrir greiðslu en mynda ekki sameiginlega sjóði.

4. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.

Verðjöfnunarsjóður starfar í deildum eftir vinnslugreinum. Tilgangur sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna, sem verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Viðmiðunarverð sjóðsins er að meginreglu ákveðið á grundvelli markaðsverðs síðustu þriggja ára. Greiðslur úr og í sjóðinn eru venjulega 50% af fráviki markaðsverðs frá viðmiðunarverði að viðbættu verðbili. Núgildandi lög um starfsemi Verðjöfnunarsjóðs eru nr. 72/1969, sbr. lög nr. 106/1974, nr. 45/1975 og nr. 13/1979.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN **Febrúar 1986**

Fylgiskjal 3

Lýsing á sjóðakerfi sjávarútvegs og tengslum þess við hlutaskiptin.

EFNISYFIRLIT:

Tafla 3.1. Sjóðagreiðslur og skiptareglur tengdar fiskverði innanlands með lögum eða reglugerðum.

Tafla 3.2. Sjóðagreiðslur og skiptareglur tengdar söluverði fiskiskipa erlendis skv. lögum og kjarasamningum.

Tafla 3.3. Skiptakjör eins og þau eru metin í útgerðarreikningi Þjóðhagsstofnunar mars 1986.

Tafla 3.4. Greiðslur úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs tengdar úthaldi, áhafnarstærð og stærð skips.

Tafla 3.5. Gjaldskrá útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Tafla 3.6. Skipting tekna af útflutningsgjaldi skv. lögum 52/1983 og 43/1982.

Tafla 3.7. Yfirlit yfir fjárhag Aflatryggingasjóðs árið 1984.

Tafla 3.8. Áætlanir um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985 og 1986.

Tafla 3.9. Áætlanir um greiðslustöðu Aflatryggingasjóðs 1985 og 1986.

Tafla 3.10. Áætlun um tekjur og gjöld sjóðakerfisins 1985 og 1986.

Tafla 3.11. Yfirlit yfir greiðslureglur viðtakenda útflutningsgjalds.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.1

Sjóðagreiðslur og skiptareglur tengdar fiskverði innanlands með lögum eða reglugerðum.

Reikni- og skiptaregla / Fisktegund og útgerðargreinar	Lágmarksverð verðlagsr.	Kostnaðarhlutur til skipta	Verðuppbót úr Verðjöfn.deild Aflatr.sj.	Samtals til skipta (1+2+3)	Kostnaðarhlutur utan skipta	Stofnfjársjóðsgjald	Úr aflatryggingasjóði (utan skipta) almenn deild í stofnfjársj.	almenn deild beint til útg.	áhafnadeild beint til útg.	Samtals fiskverð til útgerðar
	1	2	3		4	5	6	7	8	
1. Síld, loðna, grálúða og lúða sem ekki er veidd á línu, þorskur og annar botnfiskur, ó.t.a.										
Á skipum undir 240 brl.	100	10,5	6	116,5	18,5	10	4	3	1	153
Á skipum yfir 240 brl.	100	6,5	6	112,5	22,5	10	4	3	1	153
2. Ufsi veiddur jan-febr og maí-des.										
Á skipum undir 240 brl.	100	10,5	20	130,5	18,5	10	4	3	1	167
Á skipum yfir 240 brl.	100	6,5	20	126,5	22,5	10	4	3	1	167
3. Ufsi veiddur í mars-apríl, og annar afli þó ekki annar botnfiskafli sbr. lið 1										
Á skipum undir 240 brl.	100	10,5	0	110,5	18,5	10	4	3	1	147
Á skipum yfir 240 brl.	100	6,5	0	106,5	22,5	10	4	3	1	147
4. Karfi, grálúða og lúða sem veidd er á línu										
Á skipum undir 240 brl.	100	10,5	16	126,5	18,5	10	4	3	1	163
Á skipum yfir 240 brl.	100	6,5	16	122,5	22,5	10	4	3	1	163

Það verð sem fiskvinnslan greiðir skv. töflu þessari er lágmarksverð, að viðbættri kostnaðarhlutdeild, auk stofnfjársjóðsgjalds, þannig að verðið er 39% hærra en lágmarksverð verðlagsráðs, eða samtals dálkar 1, 2, 4 og 5.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.2

Sjóðagreiðslur og skiptareglur tengdar söluverði við landanir fiskiskipa erlendis samkvæmt lögum og kjarasamningum.

Hlutfallstölur

	Ísfiskur			Loðna
	Bátar og minni togarar	Stórir togarar aflaverðlaun	Stórir togarar aukaaflaverðlaun	Öll veiðiskip
1. Skiptaverð				
1. Brúttósöluverðmæti	100,0	100,0	100,0	100,0
2. Frádráttartala kjarasamninga	13,0	18,0	3,0	6,5
3. Stofnfjársjóður útgerðar	16,0	16,0	16,0	16,0
4. Kostnaðarhlutur útgerðar	6,0	6,0	6,0	6,0
5. Skiptaverðmæti (1-(2+3+4))	65,0	60,0	75,0	71,5
2. Skilaverð til útgerðar				
1. Brúttósöluverðmæti	100,000	100,000		100,000
Frá dregst:				
2. Útflutningsgjöld (5,5% af 75% eða 90%)	4,125	4,125		5,000
3. Áætlaðir tollar, sölukostn. og löndunarkostn.	18,200	18,200		5,000
Við bætist:				
4. Úr almennri deild Aflatryggingasjóðs (4% af 1.5.)	2,600	2,400		2,860
5. Úr almennri deild Aflatryggingasjóðs (3% af 1.5.)	1,950	1,800		2,145
6. Úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs (1% af 1.5.)	0,650	0,600		0,715
7. Skilaverð til útgerðar(=1-2-3+4+5+6)	82,875	82,475		95,720

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.3

Skiptakjör eins og þau eru metin í útgerðarreikningum Þjóðhagsstofnunar mars 1986.

	Skiptaprósenta m. orlofi o.þ.h.	Skiptaverðmæti áætlun mars 1986	Aflahlutur
	%	m.kr.	m.kr.
Bátar	45,10	3.670,4	1.655,3
Minni togarar	38,50	3.714,8	1.430,1
Stærri togarar	25,04	648,6	162,4
Loðnubátar	40,26	1.647,0	663,0

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN **Tafla 3.4**

Greiðslur úr áhafnadeild Aflatryggingasjóðs tengdar úthaldi, áhafnarstærð og stærð skips.

	Frá 1/3/86 kr.pr. mann/dag
Greiðslur til áhafna	
1. Opnir bátar og bátar undir 12 brl.	140
2. Bátar 12-100 brl.	221
3. Bátar 101- og yfir aðrir en í 4.	295
4. Loðnuskip, skuttogarar og sambærileg skip	369

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.5

Gjaldskrá útflutningsgjalds af sjávarafurðum. (lög 52/1983 og 43/1982)

	Gjaldstigi	Áætlaður gjaldstofn 1985 1)	Áætlað gjald 1985 1)
	%	m.kr.	m.kr.
1. Almennt gjald (5,5% af fob.)	5,5	20.135	1.107,4
2. Saltsíld (5,5% af fob., að frádregnu verði umbúða og hjálparefna)	5,5	661	36,4
3. Söltuð matarhrogn (2,5% af fob., að frádregnu verði umbúða og hjálparefna)	2,5	63	1,6
4. Fryst þorskhrogn (2,5% af fob.)	2,5	42	1,1
5. Ediksöltuð síldarflök o.þ.h. flök	0,0	60	0,0
6. Selafurðir	0,0		
7. Ísfiskur seldur erlendis (5,5% af 75% af brúttósöluverði)	5,5	2.336	128,4
8. Loðna og síld seld erlendis (5,5% af 90% af brúttósöluverði)	5,5	163	9,0
9. Grásleppuafurðir (3,25% af fob., að frádregnum umbúðakostnaði)	3,25	174	5,7
SAMTALS		23.634	1.289,6

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.6

Skipting tekna af útflutningsgjaldi skv. lögum 52/1983 og 43/1982.

	Lög nr. 52/1983		Lög nr. 43/1982 (grásleppa)		
	%	Áætluð fjárhæð 1985	%	Áætluð fjárhæð 1985	Samtals fjárhæðir
		m.kr.		m.kr.	m.kr.
1. Til Aflatryggingasjóðs		719,0	20	1,1	720,1
a. Almenn deild	15	192,6	-		
b. Verðjöfnunardeild	20	256,8	-		
c. Áhafnadeild	21	269,6	-		
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og úreldingastyrkir		295,3			295,3
a. Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostn. fiskiskipa	20	256,8	-		
b. Til Úreldingarsjóðs fiskiskipa	3	38,5	-		
3. Til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs		241,4		1,4	242,8
a. Til Fiskveiðasjóðs	18	231,1	24	1,4	
b. Til Fiskimálasjóðs	0,8	10,3	-		
4. Til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits sjávarafurða.	1,0	12,8	-		12,8
5. Til LÍÚ	0,6	7,7	-		7,7
6. Til samtaka sjómanna	0,6	7,7	-		7,7
7. Til greiðslu iðgjalda sjómannatryggingar á grásleppubátum	-	-	41	2,3	2,3
8. Til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda	-	-	15	0,9	0,9
SAMTALS	100	1283,9	100	5,7	1289,6

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.7

Yfirlit yfir fjárhag Aflatryggingasjóðs fyrir árið 1984.

	Almenn-deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	Samtals
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
1. Til ráðstöfunar				
1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun	215	-11	39	243
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	120	159	168	447
1.3 Mótframlag ríkissjóðs	38		11	49
1.4 Vaxtatekjur			19	19
Samtals	373	148	237	758
2. Ráðstöfun				
2.1 Útgjöld verðjöfnunard. til verð-uppbóta á botnfisk		228		228
2.2 Aflabætur	287			287
2.3 Hlutdeild í fæðiskostn. sjómanna			210	210
2.4 Skrifstofu- og stjórnunarkostn	2	1	1	4
2.4 Vaxtagjöld		9		9
Samtals	289	238	211	738
3. Til ráðstöfunar í árslok	84	-90	26	20

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.8

Áætlanir um fjárhag Aflatryggingasjóðs 1985-1986.

	Áætlun 1985				Lausleg áætlun 1986
	Almenn-deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	1985 Samtals	1986 Samtals
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	
1. Til ráðstöfunar:					
1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun	84	-90	26	20	-87
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	193	257	270	720	840
1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti 1)	209	209	72	490	600
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar			50	50	
1.5 Vaxtatekjur	8	1	11	20	
Samtals	494	377	429	1300	1353
2. Ráðstöfun:					
2.1 Útgjöld verðjöfnunardeildar til verðuppbóta á botnfisk, loðnu og síld		431		431	572
2.2 Útgjöld almennrar deildar, 7% sérstakar bætur	615			615	764
2.3 Útgjöld áhafnadeildar v/fæðispeninga lífeyrissjóðs o.fl.			335	335	410
2.4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	1	2	6	8
Samtals	618	432	337	1387	1754
3. Til ráðstöfunar í árslok	-124	-55	92	-87	-401

1) Í áætlun þessari fyrir árið 1985, hefur verið reiknað með ógreiddum bótum í árslok 287 m.kr., þá hefur einnig verið reiknað með tekjum af útflutningsgjöldum, sem ekki berast sjóðnum fyrr en í ársbyrjun 1986, en sú fjárhæð nemur 93 m.kr. Mismunur á þessum tveimur fjárhæðum er sá mismunur sem kemur fram á áætlun um greiðslustöðu og heildarfjárhag sjóðsins fyrir árið 1985.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.9

Áætlanir um greiðslustöðu Aflatryggingasjóðs 1985-1986.
M.kr.

	Áætlun 1985				Lausleg áætlun 1986
	Almenn-deild	Verðjöfnunar-deild	Áhafna-deild	1985 Samtals	1986 Samtals
1. Til ráðstöfunar:					
1.1 Eignir/skuldir í ársbyrjun	163	-72	65	156	107
1.2 Tekjur af útflutningsgjaldi	183	243	257	683	825
1.3 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti	209	209	72	490	600
1.4 Framlag úr ríkissjóði til áhafnadeildar			50	50	
1.5 Vaxtatekjur	8	1	11	20	
Samtals	563	381	455	1399	1532
2. Ráðstöfun:					
2.1 Útgjöld verðjöfnunardeildar til verðuppbóta á botnfisk, loðnu og síld		407		407	555
2.2 Útgjöld almennrar deildar, 7% sérstakar bætur	580			580	727
2.3 Útgjöld áhafnadeildar v/fæðispeninga lífeyrissjóðs o.fl.			299	299	396
2.4 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	1	2	6	8
Samtals	583	408	301	1292	1686
3. Til ráðstöfunar í árslok	-20	-27	154	107	-154

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN **Tafla 3.10**

Áætlun um tekjur og gjöld sjóðakerfisins árin 1985 og 1986. Í milljónum króna.

	1985	1986
Tekjur:		
Útflutningsgjöld	1.289,6	1.504
Endurgreiddur söluskattur	490,0	600
Aðrar tekjur Aflatryggingasjóðs	70,0	-
	1.849,6	2.104
Gjöld: *		
Útgjöld Aflatryggingasjóðs	1.387,0	1.754
Greiðsla til Tryggingasjóðs fiskiskipa	256,8	300
Greiðsla til Úreldingarsjóðs fiskiskipa	38,5	44
Greiðsla til Fiskveiðasjóðs	232,5	271
Greiðsla til Fiskimálasjóðs	10,3	12
Greiðsla til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits sjávarafurða	12,8	15
Greiðsla til LÍÚ	7,7	9
Greiðsla til samtaka sjómanna	7,7	9
Greiðsla v/iðgjalda sjómanna-tryggingar á grásleppubátum	2,3	3
Greiðsla til samtaka grásleppu-hrognaframleiðenda	0,9	1
	1.956,5	2.418
Gjöld umfram tekjur	-106,9	-314
	1.849,6	2.104

* Hér eru útgjöld Aflatryggingasjóðs áætluð útfrá gildandi greiðslureglum hans, en þannig reiknað fara gjöld hans fram úr tekjum, sbr. Töflu 3.8. Að öðru leyti eru hér sýndar greiðslur til viðtakenda útflutningsgjalda en ekki áætluð útgjöld þeirra, útgjöld Tryggingasjóðs og Úreldingarsjóðs eru t.d. án efa minni en tekjur þeirra, og þannig yrði hallinn á sjóðakerfinu í heild minni en hér er sýnt, e.t.v. sem nemur 50-100 m.kr..

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 3.11

Yfirlit yfir greiðslureglur viðtakenda útflutningsgjalds.

1. Almenn deild Aflatryggingasjóðs, 7% á allt skiptaverð afla, sbr. töflur 3.1. og 3.2.

2. Verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs, 0,6, 16 eða 20% á skiptaverð afla, töflu 3.1.

3. Áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, 1% á allt skiptaverð sbr. töflur 3.1. og 3.2., fæðisgreiðsla o.fl. sbr. töflu 3.4.

4. Tryggingasjóður fiskiskipa, greiðir 40% af vátryggingarkostnaði fiskiskipa.

5. Úreldingarsjóður fiskiskipa í vörslu Aldurslagasjóðs fiskiskipa. fjárhæðin rennur í heild til úreldingarstyrkja.

6. Fiskveiðasjóður, fjárhæðin rennur í heild til sjóðsins, sbr. og afslátt til útgerðar af vaxtagreiðslum.

7. Fiskimálasjóður, fjárhæðin rennur í heild til sjóðsins.

8. Sjávarrannsóknir og framleiðslueftirlit sjávarafurða, fjárhæðin rennur í heild til þessara verkefna.

9. LÍÚ, fjárhæðin rennur í heild til almennra þarfa LÍU.

10. Sjómannasamtök, fjárhæðin skiptist þannig: SSÍ 42%, FFSÍ 40%, ASÍ 9% og ASV 9% og fer öll til samtaka sjómanna.

11. Tryggingar grásleppusjómanna, fjárhæðin rennur í heild til þessara þarfa.

12. Til samtaka grásleppuverkenda, fjárhæðin rennur í heild til almennra þarfa þessara samtaka.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Apríl 1986.

Fylgiskjal 4

Yfirlit yfir áhrif breytinga á sjóðum sjávarútvegs skv. frv. á hag helstu veiðigreina.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.1

Botnfiskveiðar.

(Ársáætlun á verðlagi í mars 1986)
m.kr.

	Núgildandi kerfi	Eftir afnám sjóða skv. frumvarpi
1. Tekjur alls	11.024,5	11.402,0
1.1 Afli seldur innanlands	8.983,4	9.386,9
(þ.a. skiptaverðmæti 6.615,5 m.kr. og útgerðartekjur alls 9.388,4 m.kr.)		
1.1.1 Verðlagsráðsverðmæti	5.755,8	
1.1.2 Verðjöfnunarbætur	370,4	
1.1.3 Fæðisdagpeningar sjómanna	(176,0)	
1.1.4 Kostnaðarhlutur til skipta	489,1	
1.1.5 Kostnaðarhlutur utan skipta	1.180,2	
1.1.6 Stofnfjársjóður	575,5	
1.1.7 Aflatryggingabætur til útvegs	460,4	
1.1.8 Vátryggingastyrkur útgerðar	152,0	
1.1.9 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(172,0)	
1.1.10 Annað utan skipta af útfl.gj.	(57,0)	
1.2 Afli seldur erlendis úr veiðiskipi	1.254,6	1.220,0
(þ.a. skiptaverðmæti 947,0 m.kr., og útgerðartekjur alls 1.291,7 m.kr.)		
1.2.1 Brúttósöluverðmæti	1.489,0	1.489,0
1.2.2 Kostnaður annar en 1.2.3	-269,0	-269,0
1.2.3 Útflutningsgjöld	-61,6	
1.2.4 Aflatryggingabætur	75,7	
1.2.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	20,5	
1.2.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(11,1)	
1.2.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(22,3)	
1.2.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(3,7)	
1.3 Afli seldur erlendis úr gámi	598,0	606,6
(þ.a. skiptaverðmæti 471,3 m.kr. og útgerðartekjur 618,8 m.kr.)		
1.3.1 Brúttósöluverðmæti	785,6	785,6
1.3.2 Kostnaður annar en 1.3.3	-179,0	-179,0
1.3.3 Útflutningsgjöld	-33,2	
1.3.4 Aflatryggingabætur	13,8	
1.3.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	10,8	
1.3.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(6,0)	
1.3.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(12,8)	
1.3.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(2,0)	
1.4 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti		
1.5 Aðrar tekjur ó.t.a.	188,5	188,5
2. Rekstrargjöld önnur en vextir og afskriftir	8.975,2	9.238,1
2.1 Aflahlutir	3.247,9	3.281,1
2.1.1 Aflahlutir við löndun innanlands	2.709,0	2.740,6
2.1.2 Aflahlutir við löndun erlendis	341,1	338,6
2.1.3 Aflahlutir úr gámafiskverðmæti	197.8	201,9
2.2 Laun og tengd gjöld	978,4	1.198,8
2.2.1 Laun og tengd gjöld	978,4	978,4
2.2.2 Fæðisdagpeningar sjómanna	(211,1)	211,1
2.2.3 Til samtaka sjómanna	(6,2)	9,3
2.3 Olíur	1.616,2	1.616,2
2.4 Önnur rekstrargjöld	3.132,7	3.142,0
2.4.1 Úreldingarsjóður	(31,5)	
2.4.2 Fiskimálasjóður	(8,4)	
2.4.3 Til LÍÚ	(6,2)	9,3
2.4.4 Til sjávarrannsókna o.fl.	(10,4)	
2.4.5 Önnur rekstrarútgjöld	3.132,7	3.132,7
3. Verg hlutdeild fjármagns	2.049,3	2.163,9
4. Fjármagnskostnaður		
4.1. Reiknuð árgreiðsla afskrifta og 3% raunvaxta af skipi og búnaði	1.521,9	1.521,9
4.2. Vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóð	(189,1)	189,1
5. Hreinn hagnaður	527,4	452,9

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.2

Botnfiskveiðar (Bátar 21-200 brl.)

(Ársáætlun á verðlagi í mars 1986)
m.kr.

	Núgildandi kerfi	Eftir afnám sjóða skv. frumvarpi
1. Tekjur alls	4.997,6	5.201,9
1.1 Afli seldur innanlands	4.438,5	4.643,9
(þ.a. skiptaverðmæti 3.303.0 m.kr og útgerðartekjur alls 4.658,1 m.kr.)		
1.1.1 Verðlagsráðsverðmæti	2.877,4	
1.1.2 Verðjöfnunarbætur	123,5	
1.1.3 Fæðisdagpeningar sjómanna	(96,8)	
1.1.4 Kostnaðarhlutur til skipta	302,1	
1.1.5 Kostnaðarhlutur utan skipta	532,5	
1.1.6 Stofnfjársjóður	287,7	
1.1.7 Aflatryggingabætur til útvegs	230,2	
1.1.8 Vátryggingastyrkur útgerðar	85,1	
1.1.9 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(94,6)	
1.1.10 Annað utan skipta af útfl.gj.	(28,2)	
1.2 Afli seldur erlendis úr veiðiskipi	155,4	
(þ.a. skiptaverðmæti 117,9 m.kr., og útgerðartekjur alls 160,8 m.kr.)		
1.2.1 Brúttósöluverðmæti	181,4	181,4
1.2.2 Kostnaður annar en 1.2.3	-31,0	-31,0
1.2.3 Útflutningsgjöld	-7,6	
1.2.4 Aflatryggingabætur	9,4	
1.2.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	3,2	
1.2.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(1,4)	
1.2.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(3,5)	
1.2.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(0,5)	
1.3 Afli seldur erlendis úr gámi	317,2	321,1
(þ.a. skiptaverðmæti 249,5 m.kr. og útgerðartekjur 328,8 m.kr.)		
1.3.1 Brúttósöluverðmæti	415,9	415,9
1.3.2 Kostnaður annar en 1.3.3	-94,8	-94,8
1.3.3 Útflutningsgjöld	-17,5	
1.3.4 Aflatryggingabætur	7,3	
1.3.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	6,3	
1.3.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(3,2)	
1.3.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(7,3)	
1.3.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(1,1)	
1.4 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti		
1.5 Aðrar tekjur ó.t.a.	86,5	86,5
2. Rekstrargjöld önnur en vextir og afskriftir	4.207,0	4.356,5
2.1 Aflahlutir	1.655,3	1.688,8
2.1.1 Aflahlutir við löndun innanlands	1.489,7	1.518,1
2.1.2 Aflahlutir við löndun erlendis	53,2	54,2
2.1.3 Aflahlutir úr gámafiskverðmæti	112,4	700,2
2.2 Laun og tengd gjöld	588,4	698,8
2.2.1 Laun og tengd gjöld	588,4	588,4
2.2.2 Fæðisdagpeningar sjómanna	(107,6)	107,6
2.2.3 Til samtaka sjómanna	(3,0)	4,2
2.3 Olíur	485,0	485,0
2.4 Önnur rekstrargjöld	1.478,3	1.482,5
2.4.1 Úreldingarsjóður	(14,8)	
2.4.2 Fiskimálasjóður	(4,0)	
2.4.3 Til LÍÚ	(3,0)	4,2
2.4.4 Til sjávarrannsókna o.fl.	(5,0)	
2.4.5 Önnur rekstrarútgjöld	1.478,3	1.478,3
3. Verg hlutdeild fjármagns	790,6	845,4
4. Fjármagnskostnaður		
4.1. Reiknuð árgreiðsla afskrifta og 3% raunvaxta af skipi og búnaði	649,4	649,4
4.2. Vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóðs	(99,2)	99,2
5. Hreinn hagnaður	141,2	96,8

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.3

Botnfiskveiðar (Minni togarar).

(Ársáætlun á verðlagi í mars 1986)
m.kr.

	Núgildandi kerfi	Eftir afnám sjóða skv. frumvarpi
1. Tekjur alls	5.119,9	5.278,7
1.1 Afli seldur innanlands	4.002,1	4.177,5
(þ.a. skiptaverðmæti 2.915,1 m.kr. og útgerðartekjur alls 4.171,7 m.kr.)		
1.1.1 Verðlagsráðsverðmæti	2.538,0	
1.1.2 Verðjöfnunarbætur	212,0	
1.1.3 Fæðisdagpeningar sjómanna	(72,9)	
1.1.4 Kostnaðarhlutur til skipta	164,9	
1.1.5 Kostnaðarhlutur utan skipta	571,1	
1.1.6 Stofnfjársjóður	253,8	
1.1.7 Aflatryggingabætur til útvegs	203,0	
1.1.8 Vátryggingastyrkur útgerðar	59,3	
1.1.9 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(71,3)	
1.1.10 Annað utan skipta af útfl.gj.	(25,4)	
1.2 Afli seldur erlendis úr veiðiskipi	748,5	727,2
(þ.a. skiptaverðmæti 577,9 m.kr., og útgerðartekjur alls 771,7 m.kr.)		
1.2.1 Brúttósöluverðmæti	889,0	889,0
1.2.2 Kostnaður annar en 1.2.3	-161,8	-161,8
1.2.3 Útflutningsgjöld	-36,7	
1.2.4 Aflatryggingabætur	46,2	
1.2.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	11,8	
1.2.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(6,6)	
1.2.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(14,4)	
1.2.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(2,2)	
1.3 Afli seldur erlendis úr gámi	280,8	285,5
(þ.a. skiptaverðmæti 221,8 m.kr. og útgerðartekjur 290,0 m.kr.)		
1.3.1 Brúttósöluverðmæti	369,7	369,7
1.3.2 Kostnaður annar en 1.3.3	-84,2	-84,2
1.3.3 Útflutningsgjöld	-15,7	
1.3.4 Aflatryggingabætur	6,5	
1.3.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	4,5	
1.3.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(2,8)	
1.3.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(5,5)	
1.3.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(0,9)	
1.4 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti		
1.5 Aðrar tekjur ó.t.a.	88,5	88,5
2. Rekstrargjöld önnur en vextir og afskriftir	4.087,0	4.188,4
2.1 Aflahlutir	1.430,2	1.430,2
2.1.1 Aflahlutir við löndun innanlands	1.122,3	1.125,8
2.1.2 Aflahlutir við löndun erlendis	222,5	219,0
2.1.3 Aflahlutir úr gámafiskverðmæti	85,4	85,4
2.2 Laun og tengd gjöld	254,7	351,8
2.2.1 Laun og tengd gjöld	254,7	254,7
2.2.2 Fæðisdagpeningar sjómanna	(92,8)	92,8
2.2.3 Til samtaka sjómanna	(2,8)	4,3
2.3 Olíur	973,7	973,7
2.4 Önnur rekstrargjöld	1.428,4	1.432,7
2.4.1 Úreldingarsjóður	(14,4)	
2.4.2 Fiskimálasjóður	(3,8)	
2.4.3 Til LÍÚ	(2,8)	4,3
2.4.4 Til sjávarrannsókna o.fl.	(4,7)	
2.4.5 Önnur rekstrarútgjöld	1.428,4	1.428,4
3. Verg hlutdeild fjármagns	1.032,9	1.090,3
4. Fjármagnskostnaður		
4.1. Reiknuð árgreiðsla afskrifta og 3% raunvaxta af skipi og búnaði	774,2	774,2
4.2. Vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóðs	(80,7)	80,7
5. Hreinn hagnaður	258,7	235,4

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.4

Botnfiskveiðar (Stórir togarar).

(Ársáætlun á verðlagi í mars 1986)
m.kr.

	Núgildandi kerfi	Eftir afnám sjóða skv. frumvarpi
1. Tekjur alls	907.0	921,4
1.1 Afli seldur innanlands	542,8	565,5
(þ.a. skiptaverðmæti 397,4 m.kr. og útgerðartekjur alls 558,6 m.kr.)		
1.1.1 Verðlagsráðsverðmæti	340,4	
1.1.2 Verðjöfnunarbætur	34,9	
1.1.3 Fæðisdagpeningar sjómanna	(6,3)	
1.1.4 Kostnaðarhlutur til skipta	22,1	
1.1.5 Kostnaðarhlutur utan skipta	76,6	
1.1.6 Stofnfjársjóður	34,0	
1.1.7 Aflatryggingabætur til útvegs	27,2	
1.1.8 Vátryggingastyrkur útgerðar	7,6	
1.1.9 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(6,1)	
1.1.10 Annað utan skipta af útfl.gj.	(3,4)	
1.2 Afli seldur erlendis úr veiðiskipi	350,7	342,4
(þ.a. skiptaverðmæti 251,2 m.kr., og útgerðartekjur alls 359,2 m.kr.)		
1.2.1 Brúttósöluverðmæti	418,6	418,6
1.2.2 Kostnaður annar en 1.2.3	-76,2	-76,2
1.2.3 Útflutningsgjöld	-17,3	-
1.2.4 Aflatryggingabætur	20,1	
1.2.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	5,5	
1.2.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(3,1)	
1.2.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(4,4)	
1.2.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(1,0)	
1.3 Afli seldur erlendis úr gámi		
(þ.a. skiptaverðmæti m.kr. og útgerðartekjur m.kr.)		
1.3.1 Brúttósöluverðmæti		
1.3.2 Kostnaður annar en 1.3.3		
1.3.3 Útflutningsgjöld		
1.3.4 Aflatryggingabætur		
1.3.5 Vátryggingastyrkur útgerðar		
1.3.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar		
1.3.7 Fæðisdagpeningar sjómanna		
1.3.8 Annað utan skipta af útfl.gj.		-
1.4 Endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti		
1.5 Aðrar tekjur ó.t.a.	13,5	13,5
2. Rekstrargjöld önnur en vextir og afskriftir	681,2	693,2
2.1 Aflahlutir	162,4	162,1
2.1.1 Aflahlutir við löndun innanlands	97,0	96,7
2.1.2 Aflahlutir við löndun erlendis	65,4	65,4
2.1.3 Aflahlutir úr gámafiskverðmæti		
2.2 Laun og tengd gjöld	135,3	146,8
2.2.1 Laun og tengd gjöld	135,3	135,3
2.2.2 Fæðisdagpeningar sjómanna	(10,7)	10,7
2.2.3 Til samtaka sjómanna	(0,4)	0,8
2.3 Olíur	157,5	157,5
2.4 Önnur rekstrargjöld	226,0	226,8
2.4.1 Úreldingarsjóður	(2,3)	
2.4.2 Fiskimálasjóður	(0,6)	
2.4.3 Til LÍÚ	(0,4)	0,8
2.4.4 Til sjávarrannsókna o.fl.	(0,7)	
2.4.5 Önnur rekstrarútgjöld	226,0	226,0
3. Verg hlutdeild fjármagns	225,8	228,2
4. Fjármagnskostnaður		
4.1. Reiknuð árgreiðsla afskrifta og 3% raunvaxta af skipi og búnaði	98,3	98,3
4.2. Vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóðs	(9,2)	9,2
5. Hreinn hagnaður	127,5	120,7

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.5.

Loðnuveiðar.

(Rekstraráætlun í marsbyrjun 1986)
m.kr.

	Núgildandi kerfi	Eftir afnám sjóða skv. frumvarpi
1. Tekjur alls	2.302	2.398
1.1 Afli seldur innanlands	2.071	2.172
(þ.a. skiptaverðmæti 1.501 m.kr. og útgerðartekjur alls 2.161 m.kr.)		
1.1.1 Verðlagsráðsverðmæti	1.336	
1.1.2 Verðjöfnunarbætur	78	
1.1.3 Fæðisdagpeningar sjómanna	(41)	
1.1.4 Kostnaðarhlutur til skipta	87	
1.1.5 Kostnaðarhlutur utan skipta	301	
1.1.6 Stofnfjársjóður	134	
1.1.7 Aflatryggingabætur til útvegs	107	
1.1.8 Vátryggingastyrkur útgerðar	28	
1.1.9 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(37)	
1.1.10 Annað utan skipta af útfl.gj.	(12)	
1.2 Afli seldur erlendis úr veiðiskipi	200	195
(þ.a. skiptaverðmæti 146 m.kr., og útgerðartekjur alls 205 m.kr.)		
1.2.1 Bruttósöluverðmæti	205	205
1.2.2 Kostnaður annar en 1.2.3	-10	-10
1.2.3 Útflutningsgjöld	-10	
1.2.4 Aflatryggingabætur	12	
1.2.5 Vátryggingastyrkur útgerðar	3	
1.2.6 Vaxtaniðurgreiðsla útgerðar	(2)	
1.2.7 Fæðisdagpeningar sjómanna	(2)	
1.2.8 Annað utan skipta af útfl.gj.	(1)	
1.3 Aðrar tekjur ó.t.a.	31	31
2. Rekstrargjöld önnur en vextir og afskriftir	1.466	1.519
2.1 Aflahlutir	663	669
2.1.1 Aflahlutir við löndun innanlands	604	611
2.1.2 Aflahlutir við löndun erlendis	59	58
2.2 Laun og tengd gjöld	96	141
2.2.1 Laun og tengd gjöld	96	96
2.2.2 Fæðisdagpeningar sjómanna	(43)	43
2.2.3 Til samtaka sjómanna	(1)	2
2.3 Olíur	199	199
2.4 Önnur rekstrargjöld	508	510
2.4.1 Úreldingarsjóður	(7)	
2.4.2 Fiskimálasjóður	(2)	
2.4.3 Til LÍÚ	(1)	2
2.4.4 Til sjávarrannsókna o.fl.	(2)	
2.4.5 Önnur rekstrarútgjöld	508	508
3. Verg hlutdeild fjármagns	836	879
4. Fjármagnskostnaður		
4.1. Reiknuð árgreiðsla afskrifta og 3% raunvaxta af skipi og búnaði	309	309
4.2. Vaxtaniðurgreiðsla Fiskveiðasjóðs	(39)	39
5. Hreinn hagnaður	527	531

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.6

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða 1984 1).
Millj.kr.

	Bátar án loðnu 21-200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		78	10	
Tekjur alls (1-5)	2820,1	3097,4	524,8	6442,3
1. Seldur afli hérlendis	2539,1	2418,3	298,0	5255,4
(þ.a. verðuppbætur)	(44,2)	(94,0)	(13,2)	(151,7)
2. Seldur afli erlendis úr fiskiskipum	59,5	466,2	192,5	718,2
3. Seldur afli erlendis úr gámum	-	-	-	-
4. Bætur úr aflatryggingarsjóði	93,0	102,1	16,2	211,3
5. Aðrar tekjur	128,5	110,8	18,1	257,4
Gjöld (1-6)	2661,4	2850,6	478,9	5990,9
1. Aflahlutir	895,4	813,5	83,5	1792,4
2. Laun og tengd gjöld	317,7	148,7	76,5	542,9
3. Olíur	409,6	810,2	125,1	1344,9
6. Annar kostnaður	1038,7	1078,2	193,8	2310,7
7. Verg hlutdeild fjármagns	158,7	246,8	45,9	451,4
8. Reiknuð árgreiðsla				
M.v. 3% ávöxtun	448,0	558,3	71,7	1078,0
" 6% "	554,5	691,2	88,7	1334,4
9. Hreinn hagnaður (7-8)				
M.v. 3% vexti í árgr.	-289,3	-311,5	-25,8	-626,6
" 6% " "	-395,8	-444,4	-42,8	-883,0
Hlutföll af tekjum alls, %				
Verg hlutdeild fjármagns	5,6	8,0	8,7	7,0
Hreinn hagnaður:				
M.v. 3% vexti í árgr.	-10,3	-10,1	-4,9	-9,7
" 6% " "	-14,0	-14,3	-8,2	-13,7

1) Frystitogarar ekki meðtaldir.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.7

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1986 fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs 1)
Millj.kr.

	Bátar án loðnu 21-200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		78	10	
Tekjur alls (1-5)	5148,5	5418,3	1000,5	11567,3
1. Seldur afli hérlendis	4123,2	3739,8	508,0	8371,0
(þ.a. verðuppbætur)	(123,5)	(212,2)	(34,9)	(370,6)
2. Seldur afli erlendis úr fiskiskipum	181,4	889,0	418,6	1489,0
3. Seldur afli erlendis úr gámum	415,9	369,7	-	785,6
4. Bætur úr aflatryggingarsjóði	246,9	255,7	47,3	549,9
5. Aðrar tekjur	181,1	164,1	26,6	371,8
Gjöld (1-6)	4357,9	4385,4	774,7	9518,0
1. Aflahlutir	1655,3	1430,2	162,4	3247,9
2. Laun og tengd gjöld	588,4	254,7	135,3	978,4
3. Olíur	485,0	973,7	157,5	1616,2
6. Annar kostnaður	1629,2	1726,8	319,5	3675,5
7. Verg hlutdeild fjármagns	790,6	1032,9	225,8	2049,3
8. Reiknuð árgreiðsla				
M.v. 3% ávöxtun	649,4	774,2	98,3	1521,9
" 6% "	803,9	946,6	121,7	1872,2
9. Hreinn hagnaður (7-8)				
M.v. 3% vexti í árgr.	141,2	258,7	127,5	527,4
" 6% " "	-13,3	86,3	104,1	177,1
Hlutföll af tekjum alls, %				
Verg hlutdeild fjármagns	15,4	19,1	22,6	17,7
M.v. 3% vexti í árgr.	2,7	4,8	12,7	4,6
" 6% " "	-0,3	1,6	10,4	1,5

1) Frystitogarar ekki meðtaldir.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 4.8

Áætlað rekstraryfirlit botnfiskveiða í mars 1986 eftir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs 1)
Millj.kr.

	Bátar án loðnu 21-200 brl.	Minni togarar	Stærri togarar	Samtals
Fjöldi togara		78	10	
Tekjur alls (1-5)	5327,7	5524,7	997,6	11850,0
1. Seldur afli hérlendis	4643,9	4177,5	565,5	9386,9
2. Seldur afli erlendis úr fiskiskipum	181,4	889,0	418,6	1489,0
3. Seldur afli erlendis úr gámum	415,9	369,7	-	785,6
4. Aðrar tekjur	86,5	88,5	13,5	188,5
Gjöld (1-6)	4482,3	4434,4	769,4	9686,1
1. Aflahlutir	1688,8	1430,2	162,1	3281,1
2. Laun og tengd gjöld	700,2	351,8	146,8	1198,8
3. Olíur	485,0	973,7	157,5	1616,2
6. Annar kostnaður	1608,3	1678,7	303,0	3589,0
7. Verg hlutdeild fjármagns	845,4	1090,3	228,2	2163,9
8. Reiknuð árgreiðsla				
M.v. 3% ávöxtun 2)	748,6	854,9	107,5	1711,0
" 6% " 2)	903,1	1027,3	130,9	2061,3
9. Hreinn hagnaður (7-8)				
M.v. 3% vexti í árgr.	96,8	235,4	120,7	452,9
" 6% " "	-57,7	63,0	97,3	102,6
Hlutföll af tekjum alls, %				
Verg hlutdeild fjármagns	15,9	19,7	22,9	18,3
Hreinn hagnaður:				
M.v. 3% vexti í árgr. 2)	1,8	4,3	12,1	3,8
" 6% " " 2)	-1,1	1,1	9,8	0,9

1) Frystitogarar ekki meðtaldir.
2) Til viðbótar reiknaðri árgreiðslu afskrifta og vaxta af skipi og búnaði er hér færð vaxtaniðurgreiðsla sem reiknað er með sem gjaldalið í töflum 1 til 4 hér að framan, þ.e. reiknað er með, að hún falli niður og þar með hækki fjármagnskostnaður flotans að sama skapi.

Skýringar við yfirlit yfir áhrif frv. á hag útgerðar, rekstraráætlanir botnfiskveiða 1984 og framreikning til marsskilyrða 1986

Töflur 4.1 til 4.5 sýna sundurliðaða áætlun um áhrif breytinga skv. frv. á afkomu helstu veiðigreina. Í fyrri dálki í öllum töflum eru sýndar greiðslur til útvegs og sjómanna úr sjóðum sjávarútvegs. Þar eru innan sviga þær fjárhæðir, sem greiddar eru úr sjóðakerfinu en hvorki eru færðar með tekjum né gjöldum í rekstrarreikningi útgerðar. Svigatölurnar eru ekki taldar með í samlagningu í þessum dálki. Í síðari dálki eru sýndar áætlanir um áhrif frv. á hag hverrar greinar.

Töflur 4.6 til 4.8 sýna rekstrarafkomu botnfiskveiða við mismunandi skilyrði.

Tafla 4.6 er ársreikningur byggður á reikningaefni ársins 1984 frá Fiskifélagi Íslands. Tekjur og gjöld eru endurmetin eftir upplýsingum Fiskifélags og fleiri aðila á líkan hátt og áður í áætlunum Þjóðhagsstofnunar. Í togarareikningi er rekstur frystitogara ekki meðtalinn.

Mat á fjármagnskostnaði byggir á árgreiðsluaðferðinni og vátryggingarverðmæti flotans notað sem grundvöllur árgreiðslunnar. Miðað er við 12 ára endingartíma fjárfestingar að viðbættu 10% álagi vegna rekstrarfjár og jafnframt miðað við 10% hrakvirði. Sýnd eru tvö tilvik um raunvexti af fjármagni, 3% og 6%.

Tafla 4.7 sýnir framreikning til rekstrarskilyrða (verðlag tekju- og kostnaðarliða) í marsbyrjun 1986 og áætlað aflamagn á árinu 1986. Byggt er á fyrirliggjandi upplýsingum um olíuverð á árinu og þannig tekið tillit til þeirra olíuverðslækkana, sem ráðgerðar eru á næstu mánuðum, og er áætlað meðalverð á olíu fyrir tímabilið janúar-maí sett 6% lægra en í ársbyrjun.

Tafla 4.8 er áætlun um afkomu fiskveiðanna eftir breytingar á sjóðum sjávarútvegs skv. frv.. Helstu breytingar eru þessar:

1. Verðlagsráðsverðmæti selds afla innanlands að viðbættum verðjöfnunarbótum að hálfu er hækkað um 58% og það talið nýtt söluverðmæti innanlandsafla. Verðmæti þetta á að svara því, sem áður fékkst fyrir aflann, auk greiðslna úr sjóðakerfinu beint og óbeint.

2. Skiptaverðmæti er ákveðið sem fast hlutfall af heildarsöluverðmæti á afla.

Seldur afli innanlands	70%
Seldur afli erlendis úr veiðiskipum	64%
Seldur afli erlendis úr gámum:	
Ísfiskur	60%
Koli	52%

3. Skiptaprósenta á bátum undir 240 brl. er hækkuð um 1%-stig, sbr. Fskj.1.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Apríl 1986

Fylgiskjal 5

Yfirlit yfir áhrif breytinga á sjóðum sjávarútvegs skv. frv. á hag helstu fiskvinnslugreina.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 5.1

Rekstraryfirlit helstu fiskvinnslugreina árið 1984.
(M.kr.)

		Frysting	Söltun	Loðnu-bræðsla	Rækju-vinnsla	Samtals
1.	Tekjur alls:	7969	2322	2574	1021	13886
1.1	Útflutningstekjur	7708	2057	2432	913	13110
1.2	Verðjöfnunarsjóður	-	73	-	44	117
1.3	Aðrar tekjur	261	192	142	64	659
2.	Gjöld alls:	7511	2337	2294	933	13075
2.1	Hráefni	3719	1454	1204	563	6940
2.2	Laun v/framleiðslu	1811	347	250	146	2554
2.3	Önnur gjöld	1981	536	840	224	3581
3.	Verg hlutd. fjárm. (3.=1. - 2.)	458	-15	280	88	811
4.	Reiknaðir vextir v/afurðalána	257	53	36	23	369
5.	Reiknuð árgreiðsla					
5.1	M.v. 3% ávöxtun	519	124	187	62	892
5.2	" 6% "	627	149	221	75	1072
6.	Hreinn hagnaður:					
6.1	M.v. 3% vexti í árgr.	-318	-192	57	3	-450
6.2	" 6% " " "	-426	-217	23	-10	-630
	Hlutföll af tekjum alls, %					
	Verg hlutdeild fjármagns	5.7	-0.6	10.9	8.6	5.8
	Hreinn hagnaður:					
	M.v. 3% vexti í árgreiðslu	-4.0	-8.3	2.2	0.3	-3.2
	" 6% " " "	-5.3	-9.3	0.9	-0.1	-4.5

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 5.2

Rekstraráætlun helstu fiskvinnslugreina m.v. skilyrði í marsbyrjun 1986 fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs.

(M.kr., kaupgengi USD=41.10)

		Frysting	Söltun	Loðnu-bræðsla	Rækju-vinnsla	Samtals
1.	Tekjur alls:	11839	4863	3620	1718	22040
1.1	Útflutningstekjur	11452	4639	3404	1649	21144
1.2	Verðjöfnunarsjóður	-	-107	-	-45	-152
1.3	Aðrar tekjur	387	331	216	114	1048
2.	Gjöld alls:	10523	4169	3472	1408	19572
2.1	Hráefni	5552	2727	1859	893	11031
2.2	Laun v/framleiðslu	2941	719	447	225	4332
2.3	Önnur gjöld	2030	723	1166	290	4209
3.	Verg hlutd. fjárm. (3.=1. - 2.)	1316	694	148	310	2468
4.	Reiknaðir vextir v/afurðalána	271	155	57	34	517
5.	Reiknuð árgreiðsla					
5.1	M.v. 3% ávöxtun	800	190	282	100	1372
5.2	" 6% "	966	230	333	120	1649
6.	Hreinn hagnaður:					
6.1	M.v. 3% vexti í árgr.	245	349	-191	176	579
6.2	" 6% " " "	79	309	-242	156	302
	Hlutföll af tekjum alls, %					
	Verg hlutdeild fjármagns	11.1	14.3	4.1	18.0	11.2
	Hreinn hagnaður:					
	M.v. 3% vexti í árgreiðslu	2.1	7.2	-5.3	10.2	2.6
	" 6% " " "	0.7	6.4	-6.7	9.1	1.4

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Tafla 5.3

Rekstraráætlun helstu fiskvinnslugreina m.v. skilyrði í marsbyrjun 1986 eftir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs.

(M.kr., kaupgengi USD=41.10)

		Frysting	Söltun	Loðnu-bræðsla	Rækju-vinnsla	Samtals
1.	Tekjur alls:	12830	5249	3939	1851	23869
1.1	Útflutningstekjur	11452	4639	3404	1649	21144
1.2	Verðjöfnunarsjóður	-	-107	-	-45	-152
1.3	Útflutningsgjöld	681	276	204	98	1259
1.4	Endurgr. söluskattur	310	110	115	35	570
1.5	Aðrar tekjur	387	331	216	114	1048
2.	Gjöld alls:	11528	4639	3790	1530	21487
2.1	Hráefni	6557	3197	2177	1015	12946
2.2	Laun v/framleiðslu	2941	719	447	225	4332
2.3	Önnur gjöld	2030	723	1166	290	4209
3.	Verg hlutd. fjárm. (3.=1. - 2.)	1302	610	149	321	2382
4.	Reiknaðir vextir v/afurðalána	271	155	57	34	517
5.	Reiknuð árgreiðsla					
5.1	M.v. 3% ávöxtun	800	190	282	100	1372
5.2	" 6% "	966	230	333	120	1649
6.	Hreinn hagnaður:					
6.1	M.v. 3% vexti í árgr.	231	265	-190	187	493
6.2	" 6% " " "	65	225	-241	167	216
	Hlutföll af tekjum alls, %					
	Verg hlutdeild fjármagns	10.1	11.6	3.8	17.3	10.0
	Hreinn hagnaður:					
	M.v. 3% vexti í árgreiðslu	1.8	5.0	-4.8	10.1	2.1
	" 6% " " "	0.5	4.3	-6.1	9.0	0.9

Skýringar við yfirlit yfir áhrif frv. á hag helstu fiskvinnslugreina, rekstraryfirlit árið 1984 og áætlun í marsbyrjun 1986.

Töflurnar þrjár hér að framan sýna rekstrarafkomu helstu fiskvinnslugreina: Frystingar, söltunar, loðnubræðslu og rækjuvinnslu við mismunandi skilyrði.

Tafla 5.1 er yfirlit ársreikninga fyrir árið 1984 byggt á úrtaki fyrirtækja úr framangreindum vinnslugreinum. Þessi rekstraryfirlit eru færð í heildarstærð með hliðsjón af hlutfalli útflutningstekna úrtaksfyrirtækja af heildarútflutningstekjum í hverri grein. Fjármagnskostnaður er endurmetinn í tvennu lagi, annars vegar kostnaður vegna afurðalána og hins vegar fastafjármagnskostnaður skv. árgreiðsluaðferð. Afurðalán eru reiknuð með mismunandi lánstíma eftir vinnslugreinum og 10% vöxtum. Í árgreiðslu er reiknað með 25 ára endingartíma fasteigna, 7 ára endingartíma véla og tækja og 5 ára endingartíma flutningstækja. Stofnfjárhæð í árgreiðslu og samsetning fastafjármuna er metin útfrá bókfærðum afskriftum og fyrningarskýrslum fiskvinnslufyrirtækja.

Tafla 5.2 sýnir framreikning til rekstrarskilyrða (verðlags tekju- og kostnaðarliða) í marsbyrjun 1986 og áætlað framleiðslumagn á árinu 1986. Í þessari rekstraráætlun er tekið tillit til síðustu lækkana á olíu og rafmagnsverði og einnig niðurfellingar á launaskatti. Við framreikning er kaupgengi USD kr. 41.10, en m.v. daggengi 3.apríl 1986, sem er kr. 41.88, má lauslega áætla, að tekjur vinnslugreinanna aukist um 230 m.kr., þar af tekjur frystingar um 175 m.kr.

Tafla 5.3 er áætlun um afkomu fiskvinnslunnar eftir breytingar skv. frv. á sjóðum sjávarútvegs. Breytingarnar eru þríþættar:

1. Útflutningsgjöld eru færð til tekna í samræmi við þá fjárhæð sem áður var dregin frá fob-verðmæti útflutnings.
2. Endurgreiddur söluskattur er færður til tekna og áætlaður með tilliti til uppsafnaðs söluskatts í hverri grein, bæði hjá veiðum og vinnslu.
3. Hráefnisliðurinn er umreiknaður með hliðsjón af bráðabirgðaákvæði frv., sem tekur mið af núgildandi lágmarksverði Verðlagsráðs og hálfum verðuppbótum, og er þessi grunntala hækkuð um 58%, sem svarar til þess að inn í fiskverðið sé tekið allt það, sem útgerðin fær nú beint og óbeint fyrir fiskinn innanlands.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Apríl 1986

Fylgiskjal 6

Yfirlit yfir helstu tölur í frumvarpi til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

I. kafli: Skiptaverðmæti		Hundraðs-tala		Lausleg áætlun um nýtt aflaverðmæti á árinu m.v. verð í mars
		%		M.kr.
1.gr.	Skiptaverðmæti innanlands	70	af	12.000
2.gr.	" ísfisksölu erlendis	64	"	1.500
"	" loðnu til bræðslu erlendis	70	"	220
3.gr.	" gámafisks	60	"	650
"	" gámakola	52	"	150
4.gr.	" á frystitogurum	70	"	1.200
				15.720

II. Kafli: Greiðslumiðlun

Fiskiskip		%		M.kr.
7.gr.	Innheimt í stofnfjársjóð	7	af	15.720
"	" í vátryggingar	6	"	15.720
"	" á greiðslumiðlunarreikninga	2	"	15.720
9.gr.	" á greiðslumiðlunarreikning skv. 7.gr.			

		%	M.kr.
Skiptist svo:	1. Lífeyrissjóðir	92,0	289.0
	2. SSÍ (ASA,ASV)	2.4	7.5
	3. FFSÍ	1.6	5.0
	4. LÍÚ	4.0	12.5
	Samtals	100.0	314.0

Smábátar		%		M.kr.
6.gr.	Innheimt á greiðslumiðlunarreikning	10	af	500
8.gr.	" skv. 6.gr.			

		%	M.kr.
Skiptist svo:	1. Lífeyrissjóðir	50.0	25.0
	2. Tryggingar	47.0	23.5
	3. LSÍ	3.0	1.5
	Samtals	100.0	50.0

V. Kafli: Endurgreiðsla söluskatts

14.gr. 1.jan.-14.maí 1986 til Aflatryggingasjóðs: 225 M.kr.

15.gr. 15.maí-31.des. 1986:

a) Til fiskvinnslu	305
b) Til Fiskveiðasjóðs v/ útgerðar	70
Samtals	375

Ákvæði til bráðabirgða 1.: Fiskverðshækkun

15.maí-31.maí: 58% ofan á gildandi verð að meðtöldum hálfum verðbótum. - Hugmynd um heildarfjárhæð árið 1986, sem hækkunin reiknast á: 8.000 M.kr., m.v. fiskverð í mars 1986.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Apríl 1986

Fylgiskjal 7.

Áætlun um uppsafnaðan söluskatt í sjávarútvegi m.v. marsverðlag 1986, m.kr.

		Áætlaður heildar-rekstrarkostnaður	Áætlaður söluskattur
1.	Frysting og söltun	15.750	380
2.	Önnur fiskvinnsla *	6.900	200
3.	Botnfiskveiðar	10.860	130
4.	Aðrar veiðar *	3.900	40
			750

* Lausleg ágiskun um söluskatt í loðnu-, síldar-, rækju- og hörpudiskvinnslu og -veiðum.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN Apríl 1986

Fylgiskjal 8.

Dæmi um áhrif ákvæðis til bráðabirgða 1. á skráð fiskverð innanlands 15.-31.maí 1986.

(Kr. pr. kg.)

	Núgildandi verðmyndun				Nýtt fiskverð 15.-31.maí	
	Lágmarksverð	Skiptaverð			Hráefnisverð	Skiptaverð
	Skráð	undir 240 brl.	yfir 240 brl.	Verð til útgerðar	Skráð lágmarksverð	(70% af (5))
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
1. Þorskur:						
1.1 Sl. m/haus 1.fl., 5 kg. eða þyngri.	18,28	21,30	20,57	27,97	29,75	20,82
1.2 Ætlað meðalverð, sl. m/haus.	15,36	17,89	17,28	23,50	25,00	17,50
2. Ýsa:						
2.1 Sl. m/haus 1.fl., 2 kg. eða þyngri.	18,74	21,84	21,09	28,68	30,50	21,35
2.2 Ætlað meðalverð, sl. m/haus.	17,42	20,29	19,60	26,65	28,35	19,84
3. Ufsi:						
3.1 Sl.m/haus 1.fl., 80 cm. eða lengri.	9,33	11,80	11,43	15,20	15,92	11,14
3.2 Ætlað meðalverð, sl. m/haus.	7,75	9,80	9,49	12,63	13,22	9,26
4. Karfi:						
4.1 Hæfur til fryst., 1 kg. eða þyngri.	8,73	11,05	10,70	14,24	14,90	10,43
4.2 Ætlað meðalverð, hæfur til fryst.	7,54	9,54	9,24	12,29	12,87	9,01
5. Rækja						
5.1 160 stk. og færri í kg.	31,80	35,14	33,87	46,75	50,24	35,17
5.2 Ætlað meðalverð, í vinnsluhæfu ástandi	28,35	31,33	30,19	41,67	44,79	31,36

Skýringar:

Í fyrsta dálki, efri línu, er fyrir hverja fisktegund sýnt það verð, sem hæst er skráð í verðtilkynningu Verðlagsráðs Nr.5/1986, að viðbættri 10% kassauppbót, en ekki uppbótum úr sjóðum. Í neðri línu fyrir hverja fisktegund er sýnd áætlun um meðalverð á núverandi verðlagi að meðtöldum kassa-, kara- og línuuppbótum. Í dálkum um skiptaverð í núgildandi verðmyndun eru taldar allar viðbætur við verðið, sem koma til skipta. Verð til útgerðar í núgildandi kerfi er sú greiðsla, sem hver útgerðarmaður fær og tengd er aflaverðmæti, en ekki vátryggingarstyrkir eða vaxtaniðurgreiðslur o.fl. greiðslur úr sjóðum. Í dálkunum um nýtt fiskverð er fylgt ákvæði til bráðabirgða 1. í frumvarpinu.

Við samanburð á skiptaverðmæti skv. núgildandi verðmyndunarkerfi og frv. er rétt að vekja athygli á því, að tillögurnar um breytt kerfi gera ráð fyrir 3½% hækkun á hlut sjómanna á skipum undir 240 brl. Jafnframt má nefna, að skv. frv. hækkar skiptaverðmætið vegna ýmissa annarra fisktegunda, sem ekki hafa 6% verðuppbætur skv. núgildandi kerfi, eins og fram kemur varðandi rækju á þessu blaði.

Fylgiskjal 9. **Nefnd til að endurskoða sjóði sjávarútvegsins.**

Hr. sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson,
sjávarútvegsráðuneytinu,
Lindargötu 9,
Reykjavík.

Reykjavík 4. apríl 1986.

Í upphaflegu erindisbréfi nefndarinnar, dags. 5. janúar 1985, var henni falið að endurskoða gildandi lög og reglur um sjóði sjávarútvegs og lögbundnar greiðslur tengdar fiskverði. Auk þess skyldi samhengið milli þessara lagafyrirmæla og skiptaverðs sjávarafla og þar með aflahluta sjómanna tekið til rækilegrar skoðunar.

Markmið þessarar endurskoðunar skyldi vera:

- Að gera fjárstrauma og tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins einfaldari og skýrari.
- Að stuðla að sanngjarnri skiptingu tekna innan sjávarútvegsins.
- Að koma í veg fyrir að sjóðakerfið og tekjuskiptingar reglur dragi úr hagkvæmni í uppbyggingu og rekstri sjávarútvegsins.

Með bréfi ráðherra 17. febrúar 1986 var nefndinni einnig falið að fjalla sérstaklega um hlut fiskvinnslunnar í skiptum við sjóði sjávarútvegs, þar með Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Til þess að nálgast þessi markmið hefur á vegum nefndarinnar verið samið frumvarp til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Samkomulag er innan nefndarinnar um tillögurnar, sem frumvarpið felur í sér, og fylgir það þessu bréfi ásamt greinargerð og fylgiskjölum.

Meginefni frumvarpsins er, að millifærslusjóðir og greiðslur utan skipta við fiskkaup verði lagðar niður, en í staðinn komi einföld lög um skiptaverðmæti sjávarafla, sem ákveði hlutfall skiptaverðs af hráefnisverði. Í kjölfarið hækki fiskverð, þannig að það verði raunverulegt heildarverð og sýni allar greiðslur fyrir fiskinn, sem nú fara eftir ýmsum leiðum ýmist innan eða utan skipta frá fiskvinnslu eða sjóðum. Jafnframt verði sett í lög ákvæði um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins til þess að tryggja örugga innheimtu á lífeyrisiðgjöldum sjómanna, vátryggingaiðgjöldum fiskiskipa, vöxtum og afborgunum af stofnlánum útvegsins og framlögum til samtaka sjómanna og útvegsmanna. Í þessu skyni verði haldið eftir 15% af aflaverðmæti við veðsetningu framleiðslunnar.

Þessi innheimta komi af heildarandvirði aflans til útgerðar, en snerti ekki skiptin á neinn hátt. Hér yrði eingöngu um greiðslufyrirkomulag að ræða, ekki íhlutun í tekjuskiptinguna. Sérreglur gildi um smábáta undir 10 brúttólestum, m.a. þannig að aðeins verði haldið eftir 10% af aflaverðmæti þeirra.

Þá verði sett í lög ný ákvæði um ráðstöfun þess fjár, sem varið er á fjárlögum til endurgreiðslu á söluskatti til sjávarútvegs þannig að það renni til þeirra greina þar sem skatturinn safnast upp — fyrst og fremst fiskvinnslunnar — í stað þess að fara um Aflatryggingasjóð í mynd verðuppbóta til útgerðar eins og nú tíðkast.

Það er forsenda þessara lagabreytinga, að gerður verði viðbótarkjarasamningur milli sjómanna og útvegsmanna þar sem útvegsmenn taki á sig skuldbindingar áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs að greiða bátasjómönnum fæðisdagpeninga, auk þess sem skiptaprósenta á öllum bátum undir 240 brl. hækki um u.þ.b. eitt prósentustig til þess að tryggja sem næst óbreyttan aflahlut sjómanna á þeim eftir breytinguna. Samningsaðilar hafa lýst vilja sínum til þess að gera slíkan samning eins og lýst er í fylgiskjali 1.

Sjóðakerfið og lögbundnar greiðslur utan skipta tengdar fiskverði er í reynd fjórþætt, (eins og nánar er lýst í fylgiskjali 2). Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á þremur þáttum þess:

Í fyrsta lagi er nú lagt 5,5% útflutningsgjald á nær allan fiskútflutning. Þetta fé, sem áætlað er að nemi um 1500 m. kr. þetta ár, rennur utan skipa til Aflatryggingasjóðs (56%), til Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs (23%), til Fiskveiðasjóðs og Fiskimálasjóðs (18,8%), til sjávarrannsókna og framleiðslueftirlits (1%) og til samtaka sjómanna og útvegsmanna (1,2%).

Í frumvarpinu er lagt til, að útflutningsgjöldin verði lögð niður og hér eftir fái fiskvinnslan í hendur heildarandvirði útflutningsins. Sjávarútvegsfyrirtækin standi þannig sjálf undir öllum kostnaði af starfsemi sinni fyrir eigin reikning án millifærslusjóða.

Í öðru lagi hefur Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins að undanförnu haft til ráðstöfunar auk tekna af útflutningsgjaldi framlag úr ríkissjóði sem endurgreiðslu á söluskatti. Þetta framlag er á fjárlögum 1986 600 m.kr. og hefur runnið til að standa undir verðuppbótum úr verðjöfnunardeild, fæðisdagpeningum og öðrum greiðslum úr Aflatryggingasjóði. Bætur úr Aflatryggingasjóði hafa síðustu ár í vaxandi mæli verið ákveðnar í beinu hlutfalli við aflaandvirði og virðist því eðlilegast að taka þær inn í sjálft fiskverðið. Hlutverk bæði hinnar almennu deildar og verðjöfnunardeildar sjóðsins breyttist mjög eða hvarf í reynd, þegar upp var tekin ný fiskveiðistefna, sem byggist á aflamarki sem aðalreglu. Löggjafinn hefur reyndar þegar sett bráðabirgðaákvæði í þessa átt í lög, þar sem bætur úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs skulu greiddar í hlutfalli við aflaverðmæti.

Í frumvarpinu er lagt til, að Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins verði lagður niður og tekjustofnar hans færðir í farveg viðskipta milli fyrirtækja. Um fæðispeninga sjómanna gegnir öðru máli og hafa samningsaðilar fallist á að taka þann þátt málsins inn í kjarasamninga, sbr. fskj. 1, sem virðist hinn æskilegi vettvangur fyrir slík ákvæði.

Í þriðja lagi hafa á síðari árum verið sett lög, sem ákveða, að tilteknar greiðslur fyrir fisk skuli vera utan við hlutaskiptin. Hér er annars vegar um að ræða greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa (10% ofan á verð við heimalandanir, 16% af söluverði við landanir erlendis), en hins vegar sérstakan kostnaðarhlut útgerðar (29% ofan á verð við heimalöndun, en 6% af söluverði erlendis). Af sérstökum kostnaðarhlut koma 10½% til skipta á bátum undir 240 brl. en 6½% á skipum yfir 240 brl. Þessi lagaákvæði fela í reynd í sér breytingu á hlutaskiptum, en ekki fjárstrauma utan við viðskiptin milli fyrirtækja eins og útflutningsgjöldin.

Í frumvarpinu er lagt til, að þessar greiðslur utan skipta verði aflagðar og gert hreint borð í hlutaskiptum.

Í fjórða lagi hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins áhrif á það, sem til skipta er innan sjávarútvegsins. Hann hefur þó mikla sérstöðu, þar sem honum er eingöngu ætlað að færa tekjur milli tímabila en ekki milli aðila innan sjávarútvegsins. Í frumvarpinu eru ekki gerðar tillögur um breytingar á starfsemi Verðjöfnunarsjóðs, en nefndin hyggst fjalla um hann síðar.

Tillögur nefndarinnar fela í sér róttækar breytingar á fjárhagslegu skipulagi sjávarútvegsins, sem miða að því að einfalda allar greiðslur og tengja betur saman hagsmuni, þannig að verðkerfið þjóni þeim tilgangi að sýna raunverulegt verðmæti í viðskiptum á skýran og ótvíræðan hátt, og ekki sé á það skyggt með hliðargreiðslum, sem færa fé á milli fyrirtækja og greina.

Í ársbyrjun 1976 var gerð mikil uppstokkun á sjóðum sjávarútvegs. Útflutningsgjöldin voru þá lækkuð stórlega. Á undanförnum erfiðleikaárum hefur sótt aftur í það far, að margs konar lögbundnar greiðslur og bætur úr sjóðum flæki tekjuskiptinguna í sjávarútveginum. Þetta kemur glöggt fram í fylgiskjölum 2, 3 og 4, þar sem núgildandi kerfi er lýst.

Það er meginmarkmið tillagna nefndarinnar að einfalda og færa allar greiðslur sem næst sínum viðskiptalega uppruna. Áhrifin af þessum breytingum á hag helstu greina sjávarútvegs koma fram í yfirliti í fylgiskjölum 4 og 5. Auðvitað fer ekki hjá því, að þessar breytingar raski kjörum einstakra fyrirtækja og manna, en í heild er að því stefnt að breytingarnar valdi ekki meiri háttar röskun á starfskjörum. Verðlagsráði sjávarútvegsins gefst tækifæri til þess þegar í maílok að semja um nýtt fiskverð á hinum nýja grundvelli. Hækkun fiskverðs fyrir tímabilið 15. til 31. maí 1986 í kjölfar afnáms sjóðakerfis, sem til er lögð í frumvarpinu, er þannig ákveðin, að ekki verði veruleg breyting á tekjuskiptingu milli aðila með þessum lögum. Ákvæðið um fiskverðshækkun ber þó eingöngu að skoða sem umþóttunarákvæði. Um fiskverðsákvörðun verður að sjálfsögðu fjallað framvegis á öðrum vettvangi.

Með þessu bréfi telur nefndin sig hafa lokið störfum að öðru leyti en því, að hún hyggst síðar fjalla um starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Virðingarfyllst,
Jón Sigurðsson.

Óskar Vigfússon.	Guðjón A. Kristjánsson.
Kristján Ragnarsson.	Þórhallur Helgason.
Árni Benediktsson.	Knútur Óskarsson.
Valdimar Indriðason.	Jón Kristjánsson.
Kjartan Jóhannsson.	Skúli Alexandersson.

4. apríl 1986

Bókun fulltrúa sjómanna.

Fulltrúar sjómanna í nefnd til endurskoðunar á sjóðakerfi sjávarútvegsins vilja taka eftirfarandi fram.

Með vísan til þeirra bráðabirgðalaga sem sett voru á árinu 1983 um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar, var tekinn sérstakur 29% kostnaðarhlutur fram hjá skiptum.

Af þessum kostnaðarhlut koma nú til skipta 10,5% á bátum 240 brl. og minni, en 18,5% ekki.

Á bátum stærri en 240 brl. koma 6,5% til skipta, en 22,5% ekki. Sú kostnaðarhlutdeild sem nú er utan skipta samsvarar um 12—14% af því fiskverði sem mun taka gildi eftir einföldun sjóðakerfisins.

Þrátt fyrir stuðning við einföldun sjóðakerfisins teljum við að með þeim lagabreytingum sem væntanlegar eru, þar sem skiptaverð er ákveðið með lögum af því fiskverði sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, séu sjómenn þar með ekki að afsala sér þeim kostnaðarhlut sem nú fer fram hjá skiptum.

Samfara lækkandi olíukostnaði og minni fjármagnskostnaði útgerðar hlýtur því krafa sjómanna að vera sú, að það sem enn er utan skipta eftir einföldun sjóðakerfisins verði síðar tekið inn í skiptaverð til sjómanna.

Jafnframt óska fulltrúar sjómanna að meðfylgjandi bókun fylgi bréfi nefndarinnar til sjávarútvegsráðherra.

Óskar Vigfússon.
Guðjón A. Kristjánsson.

Ed. 767. Frumvarp til laga [416. mál]

um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Söfnunarsjóði Íslands skal slitið og starfsemi hans lögð niður hinn 1. september 1986. Eignir, skuldir og eigið fé Söfnunarsjóðs skulu afhentar og yfirteknar af þeim ríkisviðskiptabanka sem viðskiptaráðherra ákveður.

2. gr.

Skipa skal tvo skilanefndarmenn til þess að annast fjárhagsleg slit Söfnunarsjóðs og yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum hans og skuldum. Skal annar þeirra tilnefndur af þeim viðskiptabanka, sem annast yfirtökuna, en hinn skal tilnefndur af ráðherra. Kostnaður við slitin skal greiddur af Söfnunarsjóði.

3. gr.

Fjárhæðir á innstæðureikningum í Söfnunarsjóði skulu fluttar á innstæðureikninga í ríkisviðskiptabanka og ávaxtaðar þar á bestu vaxtakjörum sem ákveðin eru á hverjum tíma í hlutaðeigandi banka.

4. gr.

Eigendum innstæðufjár í Söfnunarsjóði skal tilkynnt um flutning innstæðna og breytingu á innlánskjörum með opinberri auglýsingu í Lögbirtingablaði eða á annan sannanlegan hátt.

Nú er viðskiptabók við Söfnunarsjóðinn glötuð og skal þá stefna handhafa hennar með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar, sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, til þess að sanna rétt sinn til innstæðunnar með framvísun bókarinnar eða á annan sannanlegan hátt.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur Söfnunarsjóði samkvæmt viðskiptabókinni og skal innstæðan þá falla til varasjóðs. Þó er heimilt að endurgreiða fé, að meira eða minna leyti, ef réttur eigandi gefur sig fram innan þriggja ára frá lokum innköllunarfrests.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr., d-liðs 21. gr. og 22. gr. laga nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands skal innköllunarfrestur ákveðinn þrír mánuðir frá síðustu birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hinn 1. september 1986 falla úr gildi lög nr. 2/1888 um Söfnunarsjóð Íslands ásamt síðari breytingum nr. 3/1934 og 84/1935.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að Söfnunarsjóður Íslands verði lagður niður og eignir hans og skuldir yfirteknar af ríkisviðskiptabanka eftir nánari ákvörðun viðskiptaráðherra.

Söfnunarsjóður Íslands er stofnaður skv. lögum nr. 2/1888 upp úr áður starfandi Söfnunarsjóði í Reykjavík, sem stofnaður var af 12 borgurum í Reykjavík hinn 18. nóvember 1885 í samræmi við „Tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi“ frá árinu 1874. Sé miðað við stofnun fyrirrennara Söfnunarsjóðs Íslands hefur hann því starfað í liðlega 100 ár.

Megintilgangur Söfnunarsjóðs var sá að gefa almenningi kost á að spara fé til langs tíma með reglulegum sparnaði eða eins og segir í 2. gr. laganna um sjóðinn „Tilgangur Söfnunarsjóðsins er að geyma fé, ávaxta það og auka og útborga vextina um ókomna tíð, eftir því sem upphaflega er ákveðið, sem og að styrkja menn til þess að safna sérstakri upphæð.“

Samkvæmt gildandi lögum starfar Söfnunarsjóður í fjórum deildum:

Aðaldeild. Höfuðstóll kemur aldrei til útborgunar. Undir aðaldeild heyrir „deild hinnar ævinlegu erfingarentu“.

Útborgunardeild. Innstæður eru bundnar í 15 ár og uppsegjanlegar með tveggja ára fyrirvara.

Bústofnsdeild. Höfuðstóll kemur til útborgunar eftir 25 ára aldur eiganda.

Ellistyrksdeild. Höfuðstóll kemur til útborgunar eftir 65 ára aldur eiganda.

Tvær síðastnefndu deildirnar voru sniðnar að danskri fyrirmynd en þangað sendu sumir Íslendingar sparifé sitt. Í árslok 1985 voru engar innstæður í þessum deildum.

Helst hafa það verið ýmsir minningar- og hjálparsjóðir, sem lagðir hafa verið inn í Söfnunarsjóðinn, enda einn megintilgangur Söfnunarsjóðsins að varðveita slíka sjóði. Deild hinnar ævinlegu erfingjarentu hefur aldrei náð neinum vinsældum.

Útlán sjóðsins hafa alltaf verið mest veðtryggð skuldabréf. Þó lánaði hann á sínum tíma til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga og þá gegn veði í eignum og tekjum viðkomandi sveitarfélags. Stundum voru útlán einnig tryggð með ríkisábyrgð.

Byggingasamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana og Byggingasamvinnufélag starfsmanna stjórnarráðsins eru nú stærstu lántakendur í sjóðnum fyrir utan ríkissjóð í formi keyptra spariskírteina.

Dagleg starfsemi er lítil. Söfnunarsjóðurinn er aðeins opinn tvisvar í viku. Engin ný útlán hafa verið veitt um nokkurt árabil og engir nýir viðskiptareikningar hafa verið stofnaðir um langt árabil.

Í árslok 1985 var efnahagsreikningur Söfnunarsjóðs Íslands sem hér segir:

Efnahagsreikningur
Söfnunarsjóðs Íslands 31. 12. 1985.

Eignir	**Í þús. kr.**
Sjóður og bankainnstæður	1 185
Skuldabréf	811
Spariskírteini ríkissjóðs	2 643
Áfallnir vextir	143
Annað	11
Eignir samtals	4 793

Skuldir og eigið fé	
Skuldir:	
Innstæður	4 563
Ógreiddir vextir	113
Geymslufé	6
Skuldir alls	4 682
Eigið fé:	
Varasjóður	112
Skuldir og eigið fé samtals	4 793

Margar ástæður eru fyrir því að þær hugmyndir sem lágu að baki stofnunar Söfnunarsjóðs hafa ekki hlotið þann hljómgrunn meðal almennings sem reiknað var með. Um langt árabil hefur starfsemi sjóðsins nánast einvörðungu verið fólgin í því að halda utan um innstæður sem bundnar eru í sjóðnum „að eilífu“ og annast útborgun vaxta eftir þeim reglum sem um það gilda. Núgildandi lög um Söfnunarsjóð eru ekki heppilegur rammi um starfsemi innlánsstofnunar og er tímabært að starfsemin verði aflögð og eignir og skuldir sjóðsins yfirteknar af viðskiptabanka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er kveðið á um að slit Söfnunarsjóðs verði miðuð við 1. september 1986. Nokkur aðdragandi er nauðsynlegur í þessu tilliti m. a. vegna innköllunar til skuldheimtumanna sem nánar er kveðið á um í 4. gr. frumvarpsins. Miðað við tilgreindan tíma skulu eignir og skuldir Söfnunarsjóðs vera yfirteknar af þeim ríkisviðskiptabanka sem viðskiptaráðherra ákveður. Þá er enn fremur kveðið á um ráðstöfun eigin fjár Söfnunarsjóðs. Er talið eðlilegt að það renni til þess viðskiptabanka sem yfirtekur starfsemi sjóðsins m. a. til þess að standa að nokkru undir þeim kostnaði sem yfirtökunni er óhjákvæmilega samfara.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Innstæður í Aðaldeild og Erfingjarentudeild Söfnunarsjóðs eru aldrei lausar til útborgunar skv. lögum um sjóðinn. Innstæður í Útborgunardeild eru bundnar til 15 ára. Við slit Söfnunarsjóðs er lagt til að allar kvaðir um bindingu innstæðna séu felldar úr gildi. Gert er ráð fyrir því að innstæður verði fluttar á óbundna innlánsreikninga í þeim ríkisviðskiptabanka sem við þeim tekur og ávaxtaðar á bestu kjörum slíkra reikninga eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma í þeim banka.

4. gr.

Nauðsynlegt er að tilkynna eigendum innstæðufjár í Söfnunarsjóði um flutning innstæðna og breytt innlánskjör. Jafnframt er kveðið á um innköllun glataðra innlánsbóka og hvernig með skuli farið við slitin. Samkvæmt gildandi lögum um Söfnunarsjóð er innköllunarfrestur vegna glataðra viðskiptabóka ákveðinn eitt ár. Ástæðulaust er að hafa

frestinn svo langan og er hann hér ákveðinn þrír mánuðir. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heimilt sé að endurgreiða fjárhæð af viðskiptabók gefi réttur eigandi sig fram innan þriggja ára frá lokum innköllunarfrests.

Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar taka af öll tvímæli um það að frestir til innköllunar skv. gildandi lögum um Söfnunarsjóð eru styttir úr 1—3 árum í þrjá mánuði. Hafa verður í huga að lögin eru orðin aldargömul og samgöngur nú með öðrum hætti en þá voru.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 768. Frumvarp til laga [417. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur H. Garðarsson, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Guðrún Helgadóttir, Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

Greinargerð.

Í nýjum útvarpslögum, sem samþykkt voru á Alþingi í júní 1985, er ekki að finna ákvæði sem var í eldri útvarpslögum um undanþágu fyrir ákveðinn hóp elli- og örorkulífeyrisþega, sem og blindra manna, frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

Líta verður svo á að það hafi ekki verið vilji Alþingis að fella niður umrætt ákvæði heldur hafi farist fyrir að setja það í nýju útvarpslögin. Reglugerð sú, sem enn er unnið eftir og sett var skv. eldri útvarpslögum, virðist því ekki hafa stoð í útvarpslögum sem tóku gildi um s.l. áramót.

Frumvarp þetta er flutt til að tryggja að þessi mistök leiði ekki til þess að falla verði frá niðurfellingu afnotagjalda fyrir elli- og örorkulífeyrisþega þegar ný reglugerð verður sett skv. ákvæðum nýrra útvarpslaga.

Sþ. 769. Fyrirspurn [418. mál]

til dómsmálaráðherra um sviptingu opinbers starfsleyfis.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

1. Hversu oft á tímabilinu 1970–1985 hafa menn í dómi í opinberu máli verið sviptir heimild til að stunda starfsemi sem opinbert leyfi þarf til og til hversu langs tíma hefur sviptingin tekið, sbr. 68. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, 13. gr. laga um verslunaratvinnu, nr. 41/1968, 74. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59/1969, 33. gr. laga um tollskrá o.fl., nr. 120/1976, og 25. gr. laga um söluskatt, nr. 10/1960?
2. Hversu oft hafa kröfur um slíka sviptingu opinbers leyfis verið settar fram af ákæruvaldsins hálfu á ofangreindu tímabili?

Greinargerð.

Lagagreinar þær, sem vitnað er til í fyrirspurninni, fjalla allar um heimildir til að svipta menn opinberu leyfi til að stunda starfsemi hafi þeir gerst sekir um refsiverðan verknað.

Refsiverður verknaður er oft fólginn í auðgunarbroti af einhverju tagi. Menn (lögaðilar) reyna að koma sér undan því að greiða skatta og skyldur til samfélagsins svo sem þeim ber, skila ekki réttum aðilum þeim sköttum eða gjöldum sem þeim er falið að innheimta, höndla á einn eða annan hátt með varning sem ekki er fenginn eftir löglegum leiðum svo að eitthvað sé nefnt af þeim afbrotum sem framin eru í auðgunarskyni.

Algengasta refsing fyrir slíkan verknað mun vera sektargreiðslur, trúlega í einhverju hlutfalli við þær upphæðir sem sannast að sá seki hafi hagnast um með ólögmætum hætti.

Því miður mun ekki óalgengt að lagaákvæði um sektargreiðslur séu úrelt og upphæðir sekta því allt of lágar, dómar ganga seint fyrir sig og hinir seku hafa oft og tíðum tíma og tækifæri til að margfalda hagnað sinn af auðgunarbrotinu. Auk þess má leiða líkur að því að fái sá seki að halda starfsemi áfram með eðlilegum hætti eftir að dómur hefur gengið í málinu eru möguleikarnir á ný fyrir hendi að bæta sér „skaðann“ og er þá viðkomandi reynslunni ríkari við að koma sér undan refsivendi laganna.

Fyrirspyrjandi telur heimildir í lögum til að svipta menn starfsleyfum fyrir auðgunarbrot af þessu tagi miklu áhrifaríkari refsingu, séu þær heimildir notaðar, en beiting sektarákvæða og líklegri til að koma í veg fyrir að slík afbrot séu framin.

Skriflegt svar óskast.

Nd. 770. Frumvarp til laga [272. mál]

um ríkisendurskoðun.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 506 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987. Jafnframt falla úr gildi:

1. Ákvæði í 6. og 10. gr. laga nr. 73/1969 sem kveða á um ríkisendurskoðun og ríkisendurskoðanda.
2. Lög nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.
3. Ákvæði um endurskoðun og endurskoðendur í eftirtöldum lögum:
   Lög nr. 1/1938, 5. gr.
   Lög nr. 35/1948, 6. gr.
   Lög nr. 38/1951, 13. gr.
   Lög nr. 23/1955, 13. gr.
   Lög nr. 61/1966, 13. gr.
   Lög nr. 43/1971, 8. gr.
   Lög nr. 44/1976, 10. gr.
   Lög nr. 51/1983, 7. gr.
   Lög nr. 60/1984, 4. gr.
   Lög nr. 64/1985, 21. gr.
   Lög nr. 70/1985, 10. gr.

Nd. 771. Frumvarp til laga [419. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisbóta fastráðins fiskvinnslufólks skulu inntar af hendi til fiskvinnslufyrirtækja eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Vinnuveitandi, sem hefur skuldbundið sig til þess að greiða fastráðnu fiskvinnslufólki föst laun fyrir dagvinnu í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð, þótt hráefnisskortur valdi vinnslustöðvun, skal eiga rétt á greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér segir:

Fyrirtæki, sem starfrækir fiskvinnslu allt árið með a. m. k. 10 fastráðnum starfsmönnum og þarf að stöðva framleiðslu tímabundið vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi til vinnslu, skal eiga rétt til greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði fyrir hvern heilan vinnudag umfram tvo, sem fyrirtækið heldur starfsmönnum á launaskrá.

Greiðsla samkvæmt þessari grein skal nema fjárhæð hámarksdagpeninga skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/1981 fyrir hvern starfsmann í fullu starfi, sem orðið hefur verkefnalaus vegna stöðvunarinnar, meðan stöðvunin varir, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn og aldrei lengur en í sex vikur á hverju almanaksári. Vegna starfsmanna í föstu hlutastarfi skal greiðslan vera í samræmi við samningsbundið starfshlutfall hlutaðeigandi starfsmanna.

Greiðsla samkvæmt þessari grein takmarkast við tímabilin 1. janúar til 31. maí og 1. september til 31. desember ár hvert.

2. gr.

Fyrirtæki, sem hyggst njóta greiðslu samkvæmt 1. gr., skal með að minnsta kosti fimm sólarhringa fyrirvara tilkynna fyrirhugaða vinnslustöðvun og orsakir hennar til vinnumiðlunar á staðnum þar sem það á við, en ella til oddvita eða sveitarstjóra, sem annast atvinnuleysisskráningu, sbr. 6. gr. laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985. Þessir aðilar meta, hvort skilyrði greiðslu eru fyrir hendi og tilkynna fyrirtæki niðurstöðu sína.

Sé greiðsla samþykkt, skal atvinnurekandi afhenda vinnumiðlun eða sveitarstjórn skrá um allt fastráðið fiskvinnslufólk, sem stöðvunin tekur til, þar sem tilgreint sé starfshlutfall hvers starfsmanns samkvæmt ráðningarsamningi. Eintak skrárinnar með árituðu samþykki sínu sendir vinnumiðlun eða sveitarstjórn Atvinnuleysistryggingasjóði eða hlutaðeigandi umboðsmanni Tryggingastofnunar ríkisins svo og úthlutunarnefnd eða nefndum atvinnuleysisbóta vegna þeirra stéttarfélaga, sem málið varðar.

3. gr.

Þegar Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans hefur fengið í hendur launaskrá skv. 2. grein og hafa ekkert við hana að athuga, greiðist sú fjárhæð sem viðurkennd er til hlutaðeigandi fyrirtækis vikulega á meðan á vinnslustöðvun stendur, sbr. þó 4. og 5. mgr. 1. greinar.

Skylt er fyrirtæki sem nýtur greiðslna atvinnuleysisbóta skv. ákvæðum þessara laga að tilkynna vinnumiðlun þegar í stað, ef breyting verður á fjölda fastráðinna starfsmanna, sem misst hafa vinnu af völdum vinnslustöðvunar. Hafi fastráðinn starfsmaður hafið störf annars staðar meðan vinnslustöðvun varir og launagreiðslur fyrirtækisins falla niður, fellur greiðsla niður frá sama tíma.

Vinnumiðlun skal hafa aðgang að launa- og framleiðslubókhaldi fyrirtækis svo og að fastráðningarsamningum sem í gildi eru milli fyrirtækisins og starfsmanna þess í því skyni að ganga úr skugga um réttmæti framlagðrar launaskrár. Sama rétt á Atvinnuleysistryggingasjóður eða umboðsmaður hans.

Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslu, sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr ágreiningnum.

4. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um, að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma, sem vinnslustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið, á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnustundir hvers starfsmanns, sem tapast vegna setu á námskeiðum, sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því, sem við á. Auk þess, er þar greinir, skal leggja fram staðfestingu þess aðila, er stendur fyrir námskeiði, um námskeiðshaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna, sem um ræðir í 1. gr.

5. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, m. a. um greiðslur vegna námskeiða fyrir starfsfólk fyrirtækja með færri en 10 fastráðna starfsmenn.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1986 og gilda til 31. maí 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir gildistökuákvæði laga þessara er heimil greiðsla fyrir tapaðar vinnustundir vegna setu starfsmanna á námskeiðum, sem haldin eru fyrir 1. júní 1986, enda sé skilyrðum ákvæða 4. gr. að öðru leyti fullnægt. Greiðsla getur þó ekki átt sér stað fyrr en eftir gildistöku laganna og reglugerðar samkvæmt þeim.

Takmörkun greiðslu samkvæmt 5. mgr. 1. gr. tekur ekki til greiðslu vegna starfsfræðslunámskeiða, sem haldin verða á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 26. febrúar s. l. voru gerðir kjarasamningar milli aðila að almennum vinnumarkaði í landinu. Hluti þeirra samninga var samkomulag milli Verkamannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um málefni sérhæfðs fiskvinnslufólks. Í upphafi samkomulagsins segir: „Í samræmi við ákvæði samkomulags aðila frá 15. júní 1985 hafa aðilar unnið að gerð tillagna um aukið atvinnuöryggi fastráðins fiskvinnslufólks, lagt grundvöll að fræðslu þess og skilgreint starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður". Í samkomulaginu segir ennfremur, að það byggi m. a. á yfirlýsingu forsætisráðherra frá 15. júní s. l., þar sem því sé heitið að ríkisstjórnin muni greiða götu samkomulags um málefni fiskvinnslufólks.

Alkunna er, að uppsagnir starfsmanna í fiskiðnaði hafa verið tíðar, þegar hráefnisskortur steðjar að fyrirtækjum. Þetta veldur öryggisleysi í starfsgreininni, bæði launþegum og vinnuveitendum, en starfsmenn hafa ekki átt annars kost en sækja um atvinnuleysisbætur. Kannanir, sem fram hafa farið, benda til þess, að um fólksflótta hafi verið að ræða úr starfsgreininni, sem líklegt er að stafi m. a. af framangreindum ástæðum.

Hinn 15. nóvember s. l. skilaði nefndin, sem skipuð var á grundvelli samkomulagsins í júní, greinargerð um málefni fiskvinnslufólks. Í þessari greinargerð voru ákveðnar hugmyndir reifaðar, sem miðuðu að því að auka atvinnuöryggi fiskvinnslufólks. Eftir að ríkisstjórnin hafði kynnt sér þessar hugmyndir, fól hún Þórði Friðjónssyni, forsætisráðuneyti, Eyjólfi Jónssyni, Atvinnuleysistryggingasjóði og Óskari Hallgrímssyni, vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis, að skoða þær nánar og útfæra í einstökum atriðum í samráði við hagsmunaaðila. Að þessu hefur verið unnið síðan með hagsmunaaðilum og náðist

samkomulag í öllum atriðum um það frumvarp til laga um greiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs til fiskvinnslufyrirtækja, sem hér er lagt fram.

Frumvarpið felur í sér umfangsmiklar breytingar á núverandi tilhögun atvinnuleysisbóta í fiskvinnslu. Það eru flókin og erfið viðfangsefni, sem reynt er að leysa með frumvarpinu. Þess vegna er ákaflega mikilvægt, að sú skipan mála, sem hér er gerð tillaga um, verði endurskoðuð í ljósi reynslunnar að nokkrum tíma liðnum. Því er gert ráð fyrir því, að lögin verði tímabundin, gildi þar til fram á mitt ár 1988.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að mæta þeim vanda, sem að framan er rætt um, með því að fyrirtæki, sem greiðir fastráðnu fiskvinnslufólki dagvinnulaun á meðan vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts varir, fái á móti greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði um takmarkaðan tíma. Gert er ráð fyrir hliðstæðri greiðslu vegna þess vinnutíma, sem hugsanlega þarf að nýta til þátttöku starfsmanna í starfsfræðslunámskeiðum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um að réttur til greiðslu taki til fyrirtækja sem starfa allt árið og hafa a. m. k. 10 fastráðna starfsmenn og að greiðsla taki ekki til fyrstu tveggja daga vinnslustöðvunar. Hámark greiðslu verði fjórar vikur í senn og ekki lengur en sex vikur á almanaksári. Greinin gerir ráð fyrir, að full endurgreiðsla nemi hámarksdagpeningum atvinnuleysistrygginga fyrir starfsmann í fullu starfi en annars hlutfallslega.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Um gildistíma laganna er fjallað í inngangi þessarar greinargerðar.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ætla má, að fjöldi þátttakenda í starfsfræðslunámskeiðum verði meiri í upphafi en þegar frá líður, er lagt til að reglur um greiðslu vegna námskeiðahalds verði rýmri í ár en lögin annars gera ráð fyrir.

Ed. 772. Breytingartillaga [399. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Á undan 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:
Við 1. málsgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:
Frá 1. júní 1986 hækkar þetta aldursmark í 17 ár og frá 1. janúar 1987 í 18 ár.

Nd. 773. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp um sama efni var afgreitt jákvætt frá sjávarútvegsnefnd 16. maí 1984 en hlaut þá ekki afgreiðslu Alþingis. Frumvarpið var lagt fram að nýju og afgreitt á sama hátt frá nefndinni þann 20. mars 1985 en málið hlaut ekki afgreiðslu Alþingis þá frekar en hið fyrra sinn.

Það frumvarp, er nú liggur fyrir Alþingi, felur í sér eftirtaldar meginbreytingar frá fyrri frumvörpum um selveiðar við Ísland:

1. Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að rannsóknaáætlanir skuli sendar Hafrannsóknastofnun áður en rannsóknir hefjast.
2. Í 3. gr. segir: „Sjávarútvegsráðuneytið skal hafa samvinnu við landbúnaðarráðuneytið við framkvæmd laga þessara og samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnunina, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela.“

Sjávarútvegsnefnd hafði áður leitað umsagna eftirtalinna aðila um frumvarpið: Hafrannsóknastofnunar, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands, Náttúruverndarráðs, Félags Sambands fiskframleiðenda, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hringormanefndar.

Við afgreiðslu málsins nú barst nefndinni bréf frá bráðabirgðastjórn Landssamtaka áhugamanna um selveiðar. Einnig kom á fund nefndarinnar Anna Guðrún Þórhallsdóttir, hlunnindaráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Eftir að hafa rætt málið og farið yfir umsagnir varð nefndin sammála um að afgreiða það óbreytt eins og það liggur fyrir á þskj. 665.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Gunnar G. Schram.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson.

Sþ. 774. Tillaga til þingsályktunar [420. mál]

um að fela menntamálaráðherra að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, frá 3. janúar og 2. apríl s.l.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Guðrún Helgadóttir, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að fella úr gildi breytingar á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, sem gerðar voru 3. janúar og 2. apríl s.l., þannig að þau ákvæði sem áður giltu um útreikning á framfærslukostnaði námsmanna taki gildi að nýju.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að gera ráðstafanir með aukafjárveitingum og lántökum til að tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki út árið sem er að líða.

Greinargerð.

Með útgáfu reglugerðar 3. janúar s.l., sem skerti námslán, var högum námsmanna raskað á miðju skólaári þvert ofan í fyrri yfirlýsingar ráðamanna, þar á meðal menntamálaráðherra, um annað. Það er nú ljóst að ekkert verður úr fyrirhuguðum lagabreytingum sem menntamálaráðherra hafði boðað og jafnframt að hann hyggst ekki nema úr gildi skerðingarákvæði reglugerðar frá 3. jan. s.l.

Þar á móti var með útgáfu viðbótarreglugerðar 2. apríl s.l. reynt að sníða mestu agnúana af fyrri reglugerð, sem ráðherra var reyndar þegar bent á á Alþingi er það kom saman eftir áramót, og fólust í því að skerðingin kom mjög misjafnt við námsmenn eftir námslöndum og þróun ýmissa gjaldmiðla.

Ljóst er að Lánasjóður íslenskra námsmanna er að fara gegnum árabil í sögu sinni þar sem útgjöld eru mikil og hafa verið vaxandi á sama tíma og tekjur eru enn litlar. Þetta stafar af nokkrum samverkandi orsökum en þær helstu eru að stærstu árgangar Íslandssögunnar eru nú að ganga gegnum framhaldsskólakerfið, fleiri fara í langskólanám en áður og nemendur í fleiri greinum framhaldsnáms njóta nú lánsréttar. Þessi mikla fjölgun viðskiptavina sjóðsins er enn að mjög litlu leyti tekin að skila til baka auknum útgjöldum eðli málsins samkvæmt.

Síðast en ekki síst má ekki gleyma að fyrst nú eru afborganir af verðtryggðum námslánum teknar að skila sér til baka og hertar endurgreiðslureglur aðeins að litlu leyti farnar að virka.

Það er því ljóst að svo fremi sem fjárhagsstöðu sjóðsins verði ekki með skammsýni stefnt í voða með óhagstæðum lántökum er mikil fjárþörf sjóðsins nú um nokkurt árabil tímabundin og því bæði óheppilegt og óréttlátt að láta námsmenn nú gjalda þess sérstaklega.

Það er því skoðun flutningsmanna að rétt sé að starfrækja sjóðinn áfram með svipuðum hætti og gert hefur verið undanfarið og skyndilegar og lítt hugsaðar breytingar á borð við þær, sem menntamálaráðherra hefur nú gripið til með reglugerðarbreytingum, séu fráleitar.

Um hitt er ekki ágreiningur að eðlilegt og þarft geti verið að fara yfir og endurskoða lög og reglugerðir um námslán og námsstyrki. Einnig væri þarft að gera vandaða úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins nú og spá um þróun þeirra mála þannig að yfirlit fengist yfir væntanlega fjárþörf sjóðsins nokkuð fram í tímann.

Þau vinnubrögð, sem Sverrir Hermannsson, núverandi menntamálaráðherra, hefur viðhaft við endurskoðun laga og reglugerðar um Lánasjóðinn, eru fráleit. Nauðsynlegt er að unnið sé að þessum málum með sem víðtækustu samstarfi námsmannahreyfinganna, Lánasjóðsins, ráðuneytis og Alþingis og leitað samstöðu um allar aðgerðir í málinu.

Hvað varðar kostnað af samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, er ljóst að hann er verulegur miðað við gildandi fjárlög og framlög ríkisins á þeim til Lánasjóðsins. Þann kostnað verður ríkissjóður að bera en benda má á að taka hagnað Seðlabanka Íslands og hlut ríkisins í arðgreiðslu Landsvirkjunar hf. til ráðstöfunar í þessu skyni. Þá mætti draga úr fjáraustri til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og skera niður fjárveitingar til aukningar á starfsemi hernaðardeildar utanríkisráðuneytisins.

Þá eru flutningsmenn og reiðubúnir til að ræða sérstaka skattheimtu, svo sem á bankastarfsemi, stóreignamenn og fjármagnstekjur til fjáröflunar í þessu skyni.

Fyrst og fremst er þó tillaga þessi flutt til að koma í veg fyrir að gerræðislegar skyndiákvarðanir raski högum námsmanna og tryggja eðlilega framkvæmd laga nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

Ed. 775. Frumvarp til laga [421. mál]

um framhaldsskóla.

Flm.: Ragnar Arnalds, Helgi Seljan, Skúli Alexandersson.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Lög þessi taka til náms á framhaldsskólastigi sem tekur við af skyldunámsstigi, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. Skólar, sem undir lögin falla, nefnast framhaldsskólar.

II. KAFLI

Markmið.

2. gr.

Framhaldsmenntun er samfélagslegt úrlausnarefni. Hún þjónar því markmiði lýðræðisþjóðfélags að skapa skilyrði til að fullnægja náms- og þroskaþörf allra að skyldunámi loknu.

Hlutverk framhaldsmenntunar er einkum:

1. að búa uppvaxandi kynslóð undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi í sífelldri þróun,
2. að vera vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu- og tilfinningaþroska hvers einstaklings.

III. KAFLI

Inngönguskilyrði.

3. gr.

Allir, sem lokið hafa námi í grunnskóla, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða náð hafa 19 ára aldri, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.

IV. KAFLI

Stjórneiningar.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn framhaldsmenntunar nema öðruvísi sé ákveðið í lögum um einstakar námsstofnanir.

Fræðsluráð skv. 14. gr. fara með stjórn framhaldsmenntunar í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 13. gr.

Skólastjórnir skv. 18. gr. fara með málefni einstakra framhaldsskóla.

V. KAFLI

Námsskipan.

5. gr.

Framhaldsskólar bjóða fram nám í kjarnagreinum, sérgreinum og valgreinum þannig að sem best verði komið til móts við námsmarkmið nemenda.

6. gr.

Nám í framhaldsskóla skal fara fram á námsbrautum sem skilgreindar eru eftir markmiðum námsins. Námsbraut skal eftir föngum skipulögð þannig að unnt sé að ljúka þar mislöngu námi. Setja má í reglugerð hvar á námsbraut slík námslok geti verið.

7. gr.

Í samræmi við hlutverk framhaldsskóla skal á öllum námsbrautum fara saman nám sem lýtur að almennri menntun og sérgreint nám með hliðsjón af markmiðum brautarinnar. Lögð skal áhersla á tengsl verklegra og bóklegra þátta námsins.

Á hverri námsbraut skal gefa kost á valgreinum. Marka skal sem greiðastar leiðir milli námsbrauta svo og til áframhaldandi náms.

8. gr.

Nám í framhaldsskólum skal hlíta lágmarkssamræmingu. Í þessu skyni setur menntamálaráðuneytið almenna námskrá, rammanámskrá, þar sem skilgreind eru helstu markmið námsins og kveðið er í meginatriðum á um námsbrautir, markmið þeirra og inntak.

9. gr.

Með rammanámskránni skal tryggja jafngildi einstakra námsáfanga og viðfangsefna þannig að nemendur geti auðveldlega fært sig milli skóla.

Við gerð rammanámskrár skal haft samráð við fræðsluráð og samtök kennara og nemenda á framhaldsskólastigi.

10. gr.

Námsefni framhaldsskóla skal skipað í skilgreinda námsáfanga sem metnir séu til eininga eftir umfangi námsins.

11. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur, í samráði við fræðsluráð, forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, þar með talið rannsókna- og tilraunastarf og samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur.

VI. KAFLI

Stjórn.

12. gr.

Á framhaldsskólastigi skal landinu skipt í 9 fræðsluumdæmi svo sem hér segir:

1. Vesturland.
2. Vestfirðir.
3. Norðurland vestra.
4. Norðurland eystra.
5. Austfirðir.
6. Suðurland.
7. Suðurnes.
8. Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Kópavogur.
9. Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellssveit, Kjalarnes, Kjós.

Heimilt er ráðherra að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þúsund íbúum eða fleiri ef sveitarstjóri óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi.

13. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa fræðsluráð, skipað níu mönnum, er kosnir skulu með leynilegum, almennum kosningum um leið og almennar sveitarstjórnarkosningar fara

fram. Kosningarrétt og kjörgengi til fræðsluráðs eiga allir þeir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélögum hvers fræðsluumdæmis.

14. gr.

Yfirkjörstjórn í viðkomandi kjördæmi við kosningar til Alþingis auglýsir kosningu fræðsluráðs og stjórnar talningu atkvæða, sbr. IV. og XII. kafla laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis. Að öðru leyti gilda um kosningar til fræðsluráða ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 eftir því sem við getur átt.

15. gr.

Hlutverk fræðsluráðs er í aðalatriðum eftirfarandi:

1. að fara með stjórn framhaldsmenntunar í umdæminu og koma fram fyrir þess hönd gagnvart fræðsluyfirvöldum,
2. að starfrækja fræðsluskrifstofu og ráða fræðslustjóra til að veita henni forstöðu,
3. að móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar með hliðsjón af stefnumörkun og ábendingum uppeldismálaþings skv. 16. gr.,
4. að fjalla um og afgreiða árlega framkvæmda- og fjárhagsáætlun vegna framhaldsskóla og fræðsluskrifstofu í umdæminu og senda hana menntamálaráðuneyti,
5. að fara með stjórn framhaldsskólasjóðs í umboði sveitarfélaga í umdæminu,
6. að ákveða fyrir sitt leyti, með hliðsjón af fyrri áætlunum skv. 4. tölul., skiptingu fjárframlaga ríkis og sveitarfélaga milli skóla í umdæminu og til sameiginlegra verkefna,
7. að hlutast til um kennslufræðilega þjónustu fyrir umdæmið,
8. að fara með önnur málefni sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

16. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal halda uppeldismálaþing eigi sjaldnar en þriðja hvert ár. Þar skal mörkuð stefna og lagt á ráðin um framhaldsmenntun í umdæminu.

Fræðsluráð boðar til uppeldismálaþings og setur reglur um fjölda kjörinna fulltrúa.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á uppeldismálaþing í hlutfalli við íbúafjölda. Auk kjörinna fulltrúa á uppeldismálaþing er áhugamönnum heimilt að sækja þingið og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

17. gr.

Fræðsluskrifstofa undir stjórn fræðslustjóra er framkvæmdaaðili fræðsluráðs. Skrifstofan er jafnframt þjónustustofnun fyrir framhaldsskóla í umdæminu og annast eftir því sem við á tengsl þeirra og umdæmisins við fræðsluyfirvöld.

Helstu verkefni fræðsluskrifstofu eru þessi:

1. að gera heildaráætlanir um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, þar með taldar áætlanir um fjölda skóla, staðsetningu þeirra og byggingu,
2. að aðstoða skólastjórnir við að samhæfa og tengja saman starfsemi skólanna þannig að reksturinn verði sem hagkvæmastur og tækifæri til menntunar sem fjölbreyttust,
3. að gera heildaráætlanir um fjárþörf vegna skólahaldsins á grundvelli árlegra rekstraráætlana skólanna,
4. að annast undirbúning vegna byggingar skólamannvirkja (áætlanir, útboð, verksamningar), sbr. 1. tölul., og sjá um umsýslu fjármála vegna þessara þátta,
5. að annast launagreiðslur til starfsmanna framhaldsskóla,
6. að starfrækja kennslugagnamiðstöð er taki mið af þörfum skólanna og þeirra sem vilja færa sér í nyt fjarkennslu, sbr. 23. og 24. gr.,
7. að starfrækja ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir framhaldsskóla í umdæminu,
8. að hafa milligöngu um ýmiss konar þjónustu og ráðgjöf við skólana eftir því sem óskir standa til og við getur átt,

9. að hafa milligöngu um samstarf skóla og atvinnulífs í umdæminu,
10. að annast framkvæmd annarra mála sem skrifstofunni eru fengin í lögum þessum eða reglugerðum er settar verða samkvæmt þeim.

18. gr.

Skólastjórn framhaldsskóla skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skólanna eftir nánari reglum sem fræðsluráð setur. Skólastjórn fer með málefni hvers skóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjórn kýs skólastjóra til fjögurra ára í senn, svo og formann skólastjórnar.

19. gr.

Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög innan fræðsluumdæmis standa saman að rekstri framhaldsskóla er heimilt að koma á fót samstarfsnefnd er skipuð verði fulltrúum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á sama hátt er heimilt, þar sem tveir eða fleiri framhaldsskólar eru starfræktir í sama sveitarfélagi, að stofna til slíks samstarfs innan sveitarfélagsins.

20. gr.

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendaráð og hefur það tillögu- og umsagnarrétt um markmið námsins, námsefni, námstilhögun og námsmat. Almenn samtök nemenda í hverjum skóla setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs.

VII. KAFLI

Fræðsla fullorðinna og fjarnám.

21. gr.

Framhaldsskólar skulu sinna menntun fullorðinna á þeim námsbrautum sem reglulegt starf skólanna tekur til. Í þessu skyni má heimila skóla að stofna til sérstakra námskeiða, þar á meðal kvöldskóla, til að fullnægja óskum og þörfum þeirra sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og ekki hentar að sækja reglulega kennslu skólans.

22. gr.

Stefnt skal að því að kennsluaðstaða framhaldsskóla nýtist einnig fyrir almenna fræðslustarfsemi, aðra en þá sem um getur í 21. gr., þar á meðal endurmenntun og símenntun. Fræðsluráð getur í samráði við menntamálaráðuneyti heimilað skóla að eiga hlut að skipulagningu og framkvæmd slíkrar fræðslustarfsemi.

23. gr.

Fjarkennsla á framhaldsskólastigi fer fram undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Öllum er frjálst að njóta fjarkennslu.

24. gr.

Námsgagnastofnun gegnir hlutverki fjarkennslumiðstöðvar og annast öflun og gerð námsefnis til fjarkennslu, svo sem myndbanda, hljóðbanda, tölvuforrita og prentaðs máls.

Ríkisútvarpið annast útsendingu efnis til fjarkennslu eftir því sem þörf krefur, sbr. 7. mgr. 16. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985.

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfrækt ein fjarkennsluútstöð þar sem best hentar að mati fræðsluráðs. Útstöðin annast leiðbeiningar og tengsl við nemendur.

Heimilt er að hefja tilraunastarf þar sem hluti hefðbundinnar kennslu fer fram með fjarkennslu.

VIII. KAFLI

Starfslið.

25. gr.

Störf við framhaldsskóla skiptast í eftirtalda meginþætti:

1. Stjórnun:
   a. yfirstjórn, rekstur,
   b. námsstjórn, þar á meðal í einstökum greinum eða samstæðum greinum, svo og skipulagningu kennslu og eftirlit með verklegri þjálfun.
2. Kennsla.
3. Starfræksla skólasafns.
4. Ráðgjöf:
   a. náms- og starfsráðgjöf,
   b. félagsleg ráðgjöf og sálfræðiþjónusta.
5. Þjónustustarfsemi:
   a. mötuneyti og heimavistir,
   b. heilsugæsla,
   c. húsvarsla, ræsting.

26. gr.

Um fjölda starfsmanna og skiptingu starfa fer eftir stærð skóla og verksviði samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skólastjóri ræður kennara og ráðstafar störfum til námsstjórnar.

27. gr.

Um skilyrði til að vera ráðinn skólastjóri og kennari við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Setja skal í reglugerð ákvæði um orlof og endurmenntun starfsmanna framhaldsskóla.

IX. KAFLI

Fjármál.

28. gr.

Skólahald samkvæmt lögum þessum skal kostað af ríki og fræðsluráðum í umboði sveitarfélaga. Um kostnaðarskiptingu fer eftir ákvæðum 32. gr.

29. gr.

Heildarframlög ríkisins til framhaldsskóla í fræðsluumdæmi eru ákveðin á fjárlögum með hliðsjón af framkvæmdaáætlun sem menntamálaráðuneytið gerir og lætur fylgja fjárlagatillögum. Framkvæmdaáætlunin skal byggð á áætlunum fræðsluráða, sbr. 4. tölul. 15. gr.

30. gr.

Sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi stofna sérstakan sjóð, framhaldsskólasjóð, til að standa undir greiðslum til fræðsluráða vegna kostnaðar við framhaldsskóla. Framhaldsskólasjóður skal vera í vörslu fræðsluskrifstofu í hverju umdæmi. Tillag sveitarfélaga til sjóðsins greiðist úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga af framlagi hans til viðkomandi sveitarfélags.

31. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglur um framlög sveitarfélaga til framhaldsskólasjóða sem gilda skulu verði ekki samkomulag um

annað. Reglur þessar skulu miðast við íbúafjölda í sveitarfélögum en taka jafnframt tillit til sérstöðu þeirra sveitarfélaga þar sem framhaldsskólar starfa.

32. gr.

Fjárframlög ríkis og sveitarfélaga til fræðsluráða skiptast þannig:

Ríkissjóður greiðir:

1. 80% alls stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis, sbr. einnig 37. gr.,
2. stofnkostnað heimavistarrýmis, þar með taldar skólastjóra- og kennaraíbúðir,
3. laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, svo og laun starfsmanna fræðsluskrifstofu og stjórnskipaðra prófdómenda,
4. laun starfsfólks við mötuneyti heimavistarskóla samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð,
5. 80% af viðhaldskostnaði skólamannvirkja og endurnýjun tækja og búnaðar,
6. flutning nemenda til skóla þegar við það sparast bygging heimavista og skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum,
7. 60% af öðrum rekstrarkostnaði en þeim sem talinn er upp í þessari lagagrein.

Fræðsluráð greiðir:

8. 20% stofnkostnaðar við kennslurými, sbr. þó 37. gr.,
9. stofn- og rekstrarkostnað fræðsluskrifstofu, annan en launakostnað,
10. 20% af viðhaldskostnaði skólamannvirkja og endurnýjun tækja og búnaðar,
11. 40% af öðrum rekstrarkostnaði en þeim sem talinn er upp í þessari lagagrein.

33. gr.

Sveitarfélög leggja fram á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja sem lög þessi ná til. Náist ekki samkomulag um kaup á landi undir skólamannvirki fer um slíkt eftir lögum um eignarnám, nr. 11/1973.

34. gr.

Sveitarfélög geta falið samstarfsnefnd skv. 19. gr. að fjalla um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við skólahald. Ákveða má að sveitarfélag, þar sem framhaldsskóli starfar, beri hlutfallslega hærri kostnað af starfrækslu hans en önnur sveitarfélög.

35. gr.

Þegar sérgreinaskólar á tilteknu sviði eru starfræktir fyrir landið allt greiðir ríkið kostnað að öllu leyti og fer með stjórn þeirra, sbr. 44. gr.

36. gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum teljast allar framkvæmdir við nýbyggingar og kaup á eldra húsnæði, innanstokksmunir, kennslutæki, skólabifreiðar, áhöld og búnaður. Í reglugerð skal kveða nánar á um framkvæmdir er teljast til stofnkostnaðar.

37. gr.

Heimilt er menntamálaráðherra að hækka hlutdeild ríkisins í greiðslu kostnaðar skv. 1. og 5. tölul. 32. gr. ef afbrigðilegar aðstæður eru fyrir hendi varðandi staðsetningu skóla, nemendafjölda, námsframboð og tekjumöguleika sveitarfélaga er mynda skólasvæði.

38. gr.

Heimilt er ríkissjóði, að uppfylltum vissum skilyrðum samkvæmt reglugerð, að greiða framlag til stofnkostnaðar vegna íþróttamannvirkja er sveitarfélög hyggjast reisa í samvinnu við íþrótta- eða ungmennafélög.

X. KAFLI

Eftirlit.

39. gr.

Til að fylgjast með starfi framhaldsskóla og afla hlutlægra og almennra upplýsinga um þá skal komið á fót óháðri eftirlitsnefnd þriggja manna með sérþekkingu á skólamálum. Skal einn þeirra tilnefndur af Háskóla Íslands (félagsvísindadeild), einn af Kennaraháskóla Íslands og einn af menntamálaráðuneyti.

Eftirlitsnefndin skal beita sér fyrir úttekt á starfi og stöðu a.m.k. fimm framhaldsskóla árlega og skila niðurstöðum til menntamálaráðuneytis, hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólastjórna.

Heimilt er að verja allt að sex árslaunum dósenta til nauðsynlegra rannsókna á vegum nefndarinnar. Kostnaður við starfsemi nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfshætti eftirlitsnefndarinnar og tengsl hennar við rannsókna- og tilraunastarf skv. 11. gr.

XI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

40. gr.

Nemendur, sem vegna fötlunar eða frávika frá eðlilegum þroskaferli fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eiga rétt á sérstakri kennslu við sitt hæfi. Nánar skal kveðið á um þessa kennslu í reglugerð.

41. gr.

Hverjum framhaldsskóla ber eftir föngum að kynna starfsemi skólans á skólasvæðinu og stuðla þannig að sem nánustum tengslum við íbúana.

XII. KAFLI

Reglugerðir, gildistaka laganna og undirbúningur að framkvæmd þeirra.

42. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

43. gr.

Við samningu reglugerða skal haft samráð við fræðsluráð og fulltrúa framhaldsskóla og atvinnulífs, svo og menntamálanefndir Alþingis.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda á árinu 1988. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði er fara í bága við lög þessi. Eftirtalin lög um skóla á framhaldsskólastigi skulu gilda til bráðabirgða þar til settar hafa verið reglugerðir um tilsvarandi nám:

Lög nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla, lög nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla, sbr. lög nr. 21/1977 og lög nr. 85/1984, lög nr. 10/1973, um Fósturskóla Íslands, lög nr. 35/1962, um Hjúkrunarskóla Íslands, lög nr. 40/1985, um Þroskaþjálfaskóla Íslands, lög nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands, sbr. lög nr. 109/1974, lög nr. nr. 68 1966, um iðnfræðslu, sbr. lög nr. 18/1971 og lög nr. 68/1972 (ákvæði laganna um löggildingu iðngreina, löggildingu iðnmeistara, réttindi og skyldur iðnnema og meistara, námssamninga

og meðferð mála, er þá varða, skulu þó halda gildi sínu þar til sett hefur verið ný löggjöf sem tekur til þessara atriða), lög nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands, lög nr. 35/1964, um Ljósmæðraskóla Íslands, lög nr. 12/1970, um menntaskóla, lög nr. 38/1965, um Myndlista- og handíðaskóla Íslands, lög nr. 63/1975, um Sjóvinnuskóla Íslands, lög nr. 22/1972, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, lög nr. 1/1973, um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum, lög nr. 11/1985, um vélstjórnarnám, lög nr. 51/1976, um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi (þó skulu áfram halda gildi sínu ákvæði 9. gr. þeirra laga um Samvinnuskólann og Verzlunarskóla Íslands).

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Þar til l. nr. 63/1974, um grunnskóla, hafa verið endurskoðuð koma fræðsluráð skv. 13. gr. í stað fræðsluráða sem kjörin eru skv. 11. gr. laga nr. 63/1974. Fræðsluráð fara einnig með þau verkefni sem þeim er ætlað í 12.–14. gr. sömu laga.

II

Menntamálaráðuneytið skal þegar hefja undirbúning að framkvæmd laganna, m.a. með samningu rammanámskrár og öðrum ráðstöfunum er miða að samhæfingu náms á framhaldsskólastigi.

Greinargerð.

Dregist hefur úr hömlu að setja heildarlöggjöf um framhaldsskóla. Vanræksla löggjafans í þessu efni hefur tafið æskilega þróun framhaldsmenntunar og jafnframt valdið margs konar vandkvæðum og óvissu varðandi starfsemi og rekstur framhaldsskólanna. Frekari töf á því, að hafist verði handa um skipulega uppbyggingu framhaldsmenntunar, mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir skólastarf í landinu og þá sem leggja stund á framhaldsnám. Með löggjöf þarf þegar að marka helstu skipulagsdrætti framhaldsskólastigsins. Starfi á löggjafarsviðinu þarf síðan að fylgja eftir með auknum fjárveitingum og markvissum áætlunum um bættan aðbúnað að skólastarfi.

Aðdragandi frumvarpsins og helstu nýmæli.

Á landsfundi Alþýðubandalagsins 1983 var gerð ítarleg ályktun um uppeldis- og fræðslumál. Þar var m.a. hvatt til þess að hraðað yrði setningu laga um framhaldsskóla. Talið var nauðsynlegt að í tengslum við það verkefni beitti flokkurinn sér fyrir opinni stefnuumræðu um málefni framhaldsmenntunar. Veturinn 1984–85 helgaði hópur flokksmanna og áhugamanna utan flokksins sig þessu verkefni. Gekkst hópurinn m.a. fyrir opinni ráðstefnu um framhaldsmenntun í október 1985 og kynnti þar hugmyndir sínar, þar á meðal efnispunkta í frumvarp um framhaldsskóla. Mörg atriði í þessu frumvarpi eru byggð á tillögum hópsins.

Liðinn er rúmur áratugur frá því hafist var handa um þær breytingar á skólakerfinu sem mynda áttu undirstöðu fyrir úrbætur í framhaldsmenntun hér á landi. Setning laga um grunnskóla, nr. 63/1974, var áfangi að þessu marki. Haustið 1974 skipaði þáverandi menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um breytta skipan náms á framhaldsskólastigi. Nefnd þessi skilaði áfangaáliti í júli 1976 og í febrúar 1977 frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Frumvarpið var fyrst flutt á 98. löggjafarþingi (1976–77) og hefur síðan verið lagt fram fimm sinnum með ýmsum breytingum án þess að ná fram að ganga.

Alþýðubandalagið hefur jafnan látið skólamál mjög til sín taka. Það studdi á sínum tíma þá meginstefnu sem fyrrnefnt frumvarp um framhaldsskóla frá 1976–77 byggðist á og ekki vantaði nema herslumuninn á að frumvarpið yrði lögfest á árunum 1978–79 þegar Alþýðubandalagið fór með menntamálin í þáverandi ríkisstjórn.

Eins og fram kemur í þessari greinargerð hafa miklar breytingar orðið á íslensku þjóðfélagi og almennum viðhorfum til skólamála síðustu 10 árin. Af þeirri ástæðu, og í ljósi þess hve lengi hefur dregist að setja löggjöf um framhaldsskóla, er knýjandi að fram fari endurmat á ýmsum þáttum í skipan framhaldsmenntunar.

Frumvarpið byggir á þeirri almennu stefnu að framhaldsmenntun sé samfélagslegt úrlausnarefni, menntunin þurfi að þjóna því markmiði að skapa skilyrði til að fullnægja náms- og þroskaþörf allra að skyldunámi loknu.

Ákvæði frumvarpsins um skiptingu landsins í fræðsluumdæmi og um kostnaðarskiptingu milli ríkis og fræðsluráða (í umboði sveitarfélaga) eru að efni til hin sömu og fram komu í tillögum er hópur sveitarstjórnarmanna sendi menntamálaráðherra í september 1985. Þá eru ýmis ákvæði í frv., svo sem um inngönguskilyrði í framhaldsskóla, námsskipan og starfslið, áþekk þeim sem voru í frumvarpi um framhaldsskóla frá 1976–77.

Afnumin er sú mismunun sem verið hefur milli verknáms og bóknáms að því er varðar þátttöku ríkisins í fjármögnun skólahaldsins. Sömu kostnaðarákvæði gilda samkvæmt frumvarpinu um allt nám á framhaldsskólastigi ef frá eru taldir sérgreinaskólar sem starfræktir eru fyrir landið allt. Lagt er til að ríkið kosti slíka skóla að öllu leyti. Kostnaðarákvæði eru einnig sambærileg gagnvart öllum sveitarfélögum í landinu.

Ein veigamesta breytingin felst í því að *dregið er mjög úr einhliða ákvörðunarvaldi menntamálaráðuneytis og að sama skapi eru aukin áhrif fræðsluumdæmanna á stefnumótun og stjórnun framhaldsmenntunar.* Í þessu efni er frumvarpinu ætlað að ýta undir þróun, sem verið hefur að gerast, í þá átt að fræðsluumdæmin og hvert skólasamfélag axli aukna ábyrgð á þessu málasviði.

Stefnt er að verulegri valddreifingu í málefnum framhaldsskólans. Fræðsluumdæmunum er ætlað að móta menntastefnu umdæmanna í mun ríkara mæli en verið hefur. Stjórneiningar í hverju umdæmi taka við mörgum verkefnum sem áður voru á hendi menntamálaráðuneytis. Meðal þátta, sem ætlað er að stuðla að auknum áhrifum fræðsluumdæmanna, má nefna:

1. Lýðkjörin fræðsluráð í hverju fræðsluumdæmi fá það hlutverk að ráða til lykta á lýðræðislegan hátt málum er varða uppbyggingu skóla og framhaldsmenntunar. Uppeldismálaþing sótt af kjörnum fulltrúum sveitarstjórna í hverju fræðsluumdæmi og áhugaaðilum yrði ráðgefandi aðili um stefnumótun varðandi framhaldsmenntun.
2. Fræðsluráðunum er ætlað að ráðstafa innan hvers umdæmis því fjármagni sem veitt er á fjárlögum hverju sinni til stofnunar og reksturs framhaldsskóla í hverju umdæmi. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög í hverju fræðsluumdæmi stofni sérstakan sjóð, framhaldsskólasjóð, til að standa undir kostnaðarhlut sínum í stofnun og rekstri framhaldsskóla.
3. Fræðsluskrifstofu í hverju umdæmi er ætlað að vera framkvæmdaaðili fræðsluráðs og jafnframt miðstöð fyrir alhliða þjónustu við framhaldsskóla er þar starfa, þar á meðal um aukin tengsl skóla og atvinnulífs. Í tengslum við skrifstofuna er lagt til að starfi kennslugagnamiðstöð er hafi sjálfstæðu þjónustuhlutverki að gegna á sviði kennslu, ráðgjafar og fjarkennslu.
4. Sjálfsforræði hvers skólasamfélags er aukið að því er varðar innra starf skóla. Skólastjórn skipuð fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skóla kjósi skólastjóra. Nemendaráðum í hverjum skóla er fenginn réttur til að hlutast til um námið og tilhögun þess. Stefnt er að því að skólarnir geti í auknum mæli sinnt menntun fullorðinna. Þar getur ýmist verið um að ræða reglubundið nám eða ýmiss konar almenna fræðslustarfsemi, svo sem á sviði endurmenntunar og símenntunar.

Markmið framhaldsmenntunar er víkkað til muna með hliðsjón af breyttum viðhorfum til menntunar og hlutverks skóla í lýðræðisþjóðfélagi. Lögð er áhersla á tvo meginþætti: 1) að skólinn þurfi að búa einstaklingana undir virka og ábyrga þátttöku í lífi og starfi í þjóðfélagi sem stöðugt er að breytast og 2) að skólinn þurfi einnig, og ekki síður, að vera

vettvangur félagslegra samskipta þar sem rík áhersla er lögð á persónu- og tilfinningaþroska hvers einstaklings.

Með frv. er lagður grunnur að því að fjarkennsla geti orðið gildur þáttur í framhaldsnámi. Gert er ráð fyrir að Námsgagnastofnun sjái um öflun og gerð námsefnis á þessu sviði, Ríkisútvarpið annist útsendingar, svo sem heimild er fyrir í útvarpslögum, og útstöðvar í hverju fræðsluumdæmi annist leiðbeiningar og tengsl við nemendur.

Óháðri eftirlitsnefnd er fengið það hlutverk að gera reglubundna úttekt á starfi og stöðu framhaldsskóla. Slík greiningarvinna, gerð af mönnum með sérþekkingu í skólamálum, gæti orðið til mikils stuðnings fyrir rannsókna- og tilraunastarf í hverjum skóla og þannig stuðlað að æskilegri þróun skólanna og framhaldsmenntunar í heild.

Samfélagsbreytingar og hlutverk framhaldsmenntunar.

Þeim nýmælum, sem að framan greinir, er m.a. ætlað að svara breytingum sem orðið hafa á samfélaginu á síðustu áratugum og jafnframt að beina þróuninni í æskilegan farveg.

Eðli og samfélagslegt hlutverk framhaldsmenntunar hefur breyst stórlega á tiltölulega skömmum tíma. Þetta kemur skýrast fram í hinni miklu hlutfallslegu fjölgun einstaklinga í hverjum árgangi sem leggja stund á lengra eða skemmra framhaldsnám. Í stað þess að framhaldsnám gegndi áður nokkuð einhliða því hlutverki að búa ákveðið hlutfall þessara einstaklinga undir háskólanám er það nú á góðri leið með að verða hluti af almennri menntun. Af þessu spretta eðlilega kröfur um að framhaldsskólar leggi vaxandi rækt við alhliða menntunar- og uppeldisstarf.

Fjölbrautanám hefur verið vaxtarbroddur framhaldsmenntunar í landinu þótt ekki hafi verið til heildaráætlun um uppbyggingu og verkaskiptingu fjölbrautaskóla. Menntaskólar starfa eftir sérlögum og um þá gilda allt önnur ákvæði varðandi fjármögnun en aðra framhaldsskóla. Þannig hefur bóknámi og verknámi verið mismunað vegna þess að ekki hafa gilt sömu kostnaðarákvæði um þetta nám. Ríkið hefur að öllu leyti staðið undir stofn- og rekstrarkostnaði menntaskóla en sveitarfélög orðið að bera stóran hluta sömu kostnaðarþátta vegna fjölbrautaskóla og iðnfræðsluskóla.

Þeir aðilar, sem unnið hafa á undanförnum árum að uppbyggingu framhaldsskóla, hafa beitt sér fyrir ýmsum veigamiklum úrbótum, en innri starfshættir skólanna hafa samt ekki breyst sem skyldi. Framhaldsnám þarf að taka mið af örum en oft óvissum samfélagsbreytingum og þannig fela í sér starfsmenntun í víðum skilningi. Í þessu efni þarf að hafa í huga að hugtakið starfsmenntun hefur fengið aðra merkingu en það hafði fyrir nokkrum árum. Sú tíð er liðin að skóli geti á ákveðnu skeiði ævinnar búið menn undir lífsstarf í eitt skipti fyrir öll. Skólastarfi þarf að haga þannig að nám og vinna verði samtengd heild í lífi hvers einstaklings. Námið þarf jafnframt að vera vettvangur uppeldis með það að markmiði að auðvelda ungmennum að skilja stöðu sína í samfélaginu og efla á þann hátt sjálfsvitund sína og sjálfsforræði. Í skólastarfinu þurfa nemendur og kennarar m.a. að vinna saman að nærtækum verkefnum sem tengjast umhverfi og reynslu nemenda á líðandi stund og úrlausnar krefjast. Námið á ekki aðeins að skila sér í undirbúningi að framtíðarstarfi heldur einnig í þroska einstaklinganna og menningarlegum afurðum.

Þegar á heildina er litið veitir framhaldsskólinn ekki enn nægilega haldgóða menntun til undirbúnings starfa í lýðræðisþjóðfélagi. Verkmenntunin hefur heldur ekki þróast í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa og verða fyrirsjáanlega í framtíðinni á starfskerfi og verkaskiptingu þjóðfélagins. Æskileg þróun í þessa átt hefur m.a. strandað á því að framhaldsmenntun er ekki skipulögð sem samvirk heild. Mismunandi hlutdeild ríkis og sveitarfélaga í fjármögnun bóklegs og verklegs náms, sem áður er að vikið, hefur verið hér mjög til trafala, sérstaklega fyrir eflingu framhaldsmenntunar í umdæmum utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. Þetta ástand eykur á þann búsetu- og stéttamun sem er þó ærinn fyrir.

Valddreifing og stjórn.

Með frumvarpinu er leitað jafnvægis milli miðstýringar og valddreifingar. Þannig er gert ráð fyrir því að yfirstjórn menntamálaráðuneytis felist einkum í samræmingu á námi með setningu rammanámskrár, fjárlagaáætlunum fyrir skólastigið í heild og eftirliti. Jafnframt hafi ráðuneytið forgöngu um umbætur í starfi framhaldsskóla, svo sem varðandi rannsókna- og tilraunastarf, samningu námsefnis eftir því sem þörf krefur og setningu reglugerða um einstaka þætti skólastigsins.

Veigamesta skipulagsbreytingin felst í tilfærslu verkefna frá ríki til lýðkjörinna fræðsluráða í hverju umdæmi. Fræðsluráðunum er ætlað margþætt hlutverk samkvæmt frv. Meðal verkefna fræðsluráðs er að starfrækja fræðsluskrifstofu, móta tillögur um meginskipan framhaldsmenntunar í umdæminu, fjalla um árlegar fjárhagsáætlanir vegna framhaldsskóla og að ákveða endanlega skiptingu á fjárframlögum ríkis og sveitarfélaga milli skólanna og sameiginlegra verkefna. Við stefnumótun um skólastarfið skal fræðsluráð hafa hliðsjón af ábendingum frá uppeldismálaþingi sem gert er ráð fyrir að haldið verði í umdæminu, ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

Fræðsluráð ræður fræðslustjóra til að veita fræðsluskrifstofu forstöðu. Fræðsluskrifstofunni eru ætluð mörg og umfangsmikil verkefni. Hún tekur m.a. við ýmsum verkefnum sem áður voru á hendi menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Sem dæmi má nefna gerð heildaráætlana um skólahald og skólamannvirki í umdæminu, umsýslu fjármála vegna byggingaframkvæmda og launagreiðslur til starfsmanna skóla. Þá kemur í hlut skrifstofunnar að veita skólunum margháttaða þjónustu og aðstoð. Dæmi hér um eru samhæfing á skólastarfi, starfræksla kennslugagnamiðstöðvar og ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, aðstoð vegna tengsla skólanna við atvinnulíf, málefni fjarkennslu o.fl.

Ákvæði frumvarpsins eiga að stuðla að eflingu hvers skólasamfélags. Skólastjórn, sem skipuð er fulltrúum kennara, nemenda og annarra starfsmanna skóla, er fenginn í hendur réttur til að kjósa skólastjóra til fjögurra ára í senn. Þá er gert ráð fyrir að nemendaráð starfi við hvern skóla og er samtökum nemenda tryggður tillögu- og umsagnarréttur varðandi ýmsa þætti námsins. Til að stuðla að sem nánustum tengslum skóla við íbúa skólasvæðis er skólanum skylt að kynna starfsemi sína eftir föngum.

Niðurlag.

Svo brýnt sem það er að setja hér skýra löggjöf um framhaldsmenntun er ljóst að löggjöf ein sér tryggir ekki nauðsynlegar úrbætur. Þar þarf margt fleira að koma til. Skólastarf og nám er margþætt ferli þar sem „einfaldar lausnir“ eiga ekki við. Svo mikilvæg sem öll ytri skilyrði eru fyrir skólastarfið ræðst árangur fræðslunnar öðru fremur af samstarfi leiðbeinandans og nemandans. Varast þarf að líta frá of þröngu sjónhorni á vandamál framhaldsmenntunar. Þótt skólastig séu aðskilin í starfslegu tilliti orka þau hvert á annað. Árangur nemenda í framhalds- og háskólanámi ræðst m.a. af grunnmenntun þeirra. Á sama hátt er háskólamenntun kennara og annarra uppeldisstétta einn af hornsteinum starfs á fyrri skólastigum.

Við umfjöllun um framhaldsmenntun er einnig ástæða til að hafa í huga að skólastarf á víða í vök að verjast um þessar mundir. Þeirrar tilhneigingar gætir hér á landi sem annars staðar að litið sé á skólann sem hluta af markaðskerfi, menntun er vegin á mælistiku taps og gróða, verður að „skila arði“, eins og það er orðað án frekari skilgreininga. Slík viðhorf eiga ekkert skylt við það sjálfsagða stefnumið að nýta skynsamlega alla þætti sem tengdir eru skólastarfi heldur styðjast þau við það brenglaða gildismat að menntun lúti lögmálum vöruframleiðslu, hana sé hægt að kaupa eins og hvert annað góss hjá þeim sem best býður. Í þessari hugmyndafræði hefur sjálft inntak menntunarinnar gleymst.

Um leið og vinna ber að hagkvæmni í rekstri framhaldsskóla þarf að bægja þeirri hættu frá að markaðshyggja og einsýni ráði ferðinni varðandi hlutverk skóla og þróun menntamála. Aðeins vakandi almenningsálit og samstaða þeirra, sem vilja efla skólann sem vettvang fyrir þekkingarleit og skapandi uppeldisstarf, getur hindrað slíka öfugþróun og veitt brautargengi hugmyndum og tillögum sem miða að betri skóla.

Ed. 776. Frumvarp til laga [422. mál]

um starfsmenn þjóðkirkju Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI
Um presta.

1. gr.

1. Kirkjumálaráðherra skipar sóknarpresta í embætti, nema annan veg sé mælt í lögum.
2. Biskup gerir tillögur til kirkjumálaráðherra um skipun í embætti, svo og um setningu í embætti, en biskup setur þó presta um stundarsakir, sbr. 54. gr.

2. gr.

Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í embætti sóknarprests eru þessi:

1. 25 ára aldur. Kirkjumálaráðherra getur þó að tillögu biskups veitt undanþágu frá því ákvæði.
2. Embættispróf frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla, og skal biskup um hið síðarnefnda atriði leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands.
3. Áður en kandídat hlýtur vígslu skal hann hafa starfað með sóknarpresti eigi skemur en 4 mánuði undir eftirliti prófasts. Um framkvæmd og eftirlit þessa skal nánar kveðið á í reglugerð. Að öðru leyti fer um nám í kennimannlegri guðfræði svo sem segir í reglugerð um nám í guðfræðideild Háskóla Íslands.
4. Aðili hafi ekki gerst sekur um athæfi, sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Nú telur biskup, að hæfni kandídats orki tvímælis, getur hann þá kvatt þriggja manna nefnd sér til ráðuneytis.
5. Að öðru leyti verður maður að fullnægja almennum skilyrðum 3. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

3. gr.

Sóknarprestar og aðrir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem lög þessi ná til og taka laun úr ríkissjóði, eru opinberir starfsmenn og njóta lögkjara og bera skyldur samkvæmt því, sbr. lög nr. 38/1954.

4. gr.

Skylt er sóknarpresti að taka við embætti sínu jafnskjótt og föng eru á, eftir að hann hefur hlotið skipun. Ráðherra getur þó, samkvæmt tillögu biskups, veitt presti, er situr jörð, frest til næstu fardaga til að taka við embættinu, sbr. tilskipun frá 6. janúar 1847.

5. gr.

Kirkjumálaráðherra skal láta byggja og halda við prestssetrum og hlutast til um, að fé fáist til þess á fjárlögum, sbr. lög nr. 63/1970, III. kafla, um skipan opinberra framkvæmda. Ráðherra felur sérfróðum mönnum, þegar eftir að lög þessi taka gildi, að vinna í samstarfi við biskup og fulltrúa Prestafélags Íslands að samningu samfelldrar áætlunar um byggingu og viðhald prestssetra næstu tíu ár.

6. gr.

Sóknarprestar skulu hafa prestssetur til umráða. Óheimilt er, að ráðstafa með kaupum, sölu, leigu eða með öðrum hætti réttindum og eignum prestssetra (beneficia), nema til komi samþykki biskups, að fenginni umsögn viðkomandi prófasts, héraðsfundar og sóknarnefnda í hlutaðeigandi prestakalli, og skal þá enn fremur liggja fyrir samþykki sóknarprests þess, er veitingu hefur fyrir viðkomandi brauði. Eigi má ráðstafa prestssetrum (beneficia), gögnum þeirra og gæðum, er óveitt standa, með öðrum hætti en þeim, er greinir í tilskipun frá 24. júlí 1789, einkum 7. gr.

7. gr.

1. Prestur, sem veitingu hefur fyrir brauði, hefur óskoraðan rétt til prestsseturs þess, sem því fylgir, með öllum gögnum þess og gæðum svo sem landsvenja er til. Vegna prestssetursjarðarinnar skal honum reiknað tillegg þess er hann bætir, en álag þess er úr sér gengur, og skal kirkjustjórnin ábyrgjast, að fjármunir þessir nýtist prestssetrinu. Allar framkvæmdir á prestssetrinu skulu háðar heimild kirkjustjórnarinnar og skal nánar kveðið á um það í reglugerð, sbr. 58. gr.
2. Skylt er sóknarpresti að hafa aðsetur og lögheimili á prestssetri, nema biskup heimili annað um stundarsakir að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefnda. Sóknarprestur ber þó ávallt ábyrgð á prestssetrinu og skal sjá til þess að það sé vel hirt og varðveitt í hvívetna.

8. gr.

Nú verða prestaskipti og prestssetur losnar, og eru þá lausir allir samningar og aðrar kvaðir, er prestur hefur bundið prestssetrinu svo sem leiga á landi þess eða réttindum, sbr. og tilskipun frá 6. janúar 1847 og 24. júlí 1789.

9. gr.

Nú er kirkja á prestssetursjörð, og skal prestur þá hafa umsjón með henni í samvinnu við sóknarnefnd. Ef prestur situr ekki prestssetursjörð, skal ábúanda skylt, að ósk sóknarnefndarmanna, að hafa eftirlit með slíkri kirkju.

10. gr.

Sóknarprestur skal að jafnaði sitja sóknarnefndarfundi, sbr. lög um kirkjusóknir o.fl., nr. 25/1985, 17. gr. Hann á sæti á héraðsfundum og er skylt að sækja þá. Þá er honum að forfallalausu skylt að sitja fundi, er biskup og prófastur boða honum, sbr. 53. gr. laga þessara og VII. kafla laga nr. 25/1985.

11. gr.

Sóknarpresti er skylt að taka að sér þjónustu til viðbótar embætti sínu innan prófastsdæmis, ef þörf krefur, samkvæmt boði biskups, gegn launum samkvæmt 26. gr. laga nr. 38/1954.

12. gr.

1. Sóknarprestar fá greiddan að fullu ferða- og skrifstofukostnað embætta sinna, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda að fengnum tillögum biskups og stjórnar Prestafélags Íslands, sbr. lög nr. 36/1931. Kostnaður þessi greiðist mánaðarlega með launum prests.
2. Sóknarprestum ber þóknun fyrir aukaverk svo sem tíðkast hefur, sbr. prestastefnusamþykkt í júlí 1764 og lög nr. 36/1931.
3. Nú ákveður prestastefna Íslands að breyta fyrirkomulagi þóknunar fyrir aukaverk, og skal það þá heimilt að fengnu samþykki ráðherra.
4. Sóknarpresti skal að jafnaði gert kleift að sækja námskeið til endurmenntunar eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

13. gr.

Biskup leggur sóknarprestum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og aðrar skýrslur, sem presti er skylt að láta í té, og undir embættisvottorð. Hagstofa Íslands leggur sóknarprestum til eyðublöð undir skýrslur, sem senda á þangað.

14. gr.

1. Um einstakar embættisathafnir presta fer svo sem segir í lögum um þau efni og venjur kveða á um.
2. Biskup setur hverjum presti erindisbréf og skal það stílað í samráði við prófastafund, stjórn Prestafélags Íslands og biskupafund.

II. KAFLI

Um aðra starfsmenn kirkjunnar og þjóðkirkjusafnaða.

15. gr.

Kirkjumálaráðherra skipar biskupsritara að tillögu biskups Íslands.

16. gr.

Um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar fer samkvæmt lögum nr. 3/1981.

17. gr.

Biskupi er heimilt að ráða tvo prestvígða menn til þess að gegna þjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur, eða prestakall er prestslaust eða prest þarf að ráða af öðrum sérstökum ástæðum. Ef þörf krefur, er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða fleiri prestvígða menn til starfa samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígðan mann til sérstakrar þjónustu við heyrnarskert fólk.

19. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígðan mann til sérstakrar þjónustu við fanga.

20. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestvígða menn til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga búsettra erlendis með aðsetri í Kaupmannahöfn, Lundúnum eða annars staðar eftir ákvörðun ráðherra.

21. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða forstöðumann fyrir starfi kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði.

22. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ráða guðfræðing sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Þá er biskupi heimilt, með samþykki ráðherra, að ráða tvo eða fleiri menn til starfa með æskulýðsfulltrúa kirkjunnar.

23. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar. Jafnframt er biskupi heimilt með samþykki ráðherra að ráða menn til starfa með ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar.

24. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prest til sérstakrar sjúkrahúsþjónustu til að þjóna, skipuleggja og leiðbeina um kirkjulegt starf á sjúkrahúsum.

25. gr.

Biskupi Íslands er heimilt með samþykki ráðherra að ráða fréttafulltrúa. Skal hann annast tengsl við fjölmiðla og sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun biskups.

26. gr.

1. Biskup Íslands setur starfsmönnum, sem fjallað er um í 15. og 17.—25. gr., erindisbréf og kveður á um ráðningartíma þeirra, sem skal að jafnaði vera 3—5 ár í senn.
2. Ákvæði 1. mgr. á ekki við um núverandi biskupsritara.

27. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða söfnuðum aðstoðarpresta, einnig að vígja aðstoðarpresta, sem söfnuðir kalla og launa og setja þeim erindisbréf.

28. gr.

1. Laun og annar kostnaður við störf þau, sem greind eru hér að framan, greiðist úr ríkissjóði, samkv. úrskurði ráðherra, sbr. og upphaf laga.
2. Prestvígðir menn, sem störfum þessum gegna, skulu teljast þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Óheimilt er þeim að vinna aukaverk sóknarpresta nema í umboði þeirra.

29. gr.

Aðrir þeir sem vígslu hljóta til sérþjónustu innan félagasamtaka eða stofnana skulu þjóna undir eftirliti þeirra svo sem nánar er ákveðið í erindisbréfi, sem biskup setur.

III. KAFLI

Um prófasta.

30. gr.

1. Kirkjumálaráðherra skipar prófasta úr hópi þjónandi presta í prófastsdæminu með ráði biskups, er leitað hefur áður álits þjónandi presta í prófastsdæminu og þriggja fulltrúa leikmanna, sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en þjónandi prestar eru í prófastsdæminu. Sóknarpresti er skylt að takast á hendur prófastsembætti. Biskup getur falið presti eða nágrannaprófasti að gegna prófasts-

embætti um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á, svo sem vegna fjarveru prófasts eða veikinda hans, eða vegna þess að prófasts missir við.

2. Nú lætur prófastur af prestsembætti í prestakalli, og verður prófastsembætti þá laust. Nú telur prófastur sér óhægt að gegna embættinu vegna veikinda eða af öðrum sérstökum persónulegum ástæðum, og er þá heimilt að leysa hann undan því embætti, þótt hann gegni prestsembætti sínu eftirleiðis.

31. gr.

1. Prófastur er fulltrúi biskups í prófastsdæminu og trúnaðarmaður hans og hefur í umboði hans almenna umsjón með kirkjulegu starfi þar. Hann er í fyrirsvari fyrir prófastsdæmið að því er varðar sameiginleg málefni þess gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og einstaklingum.
2. Nú er kirkjuleg starfsstöð stofnuð í prófastsdæminu, og veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu og skipuleggur starfsemi á hennar vegum. Hann er formaður stjórnar héraðssjóðs prófastsdæmis, svo og héraðsnefndar. Hann boðar héraðsfund í samvinnu við héraðsnefnd og stjórnar fundum hennar, undirbýr mál, sem sá fundur fær til meðferðar og kemur ályktunum fundarins til biskups og annarra aðila og fylgir þeim eftir, sbr. og VII. kafla laga nr. 25/1985.

32. gr.

1. Prófastur hefur eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, sbr. og tilskipun 24. júlí 1789, og bókasöfnum prestakalla, sbr. lög nr. 17/1931. Hann skýrir biskupi frá því, sem honum þykir athugavert um þessar eignir, þ. á m. skorti á viðhaldi, og getur biskup lagt fyrir rétta aðila að bæta úr.
2. Prófastur framkvæmir úttekt á prestssetrum og embættisbústöðum presta við prestaskipti og þegar prestur flytur í annað húsnæði innan prestakallsins. Hann gerir úttekt á nýjum kirkjum og kapellum.
3. Prófastur setur nýjan prest í embætti, heimsækir presta og vísiterar kirkjur og söfnuði samkvæmt nánari ákvæðum í erindisbréfi. Hann fylgir biskupi á vísitasíum hans til presta og safnaða í prófastsdæminu, sbr. 52. gr.
4. Prófastur gengur eftir því að starfsskýrslum og endurskoðuðum reikningum sé skilað á réttum tíma, og leggur fyrir héraðsfundi með athugasemdum sínum og sóknarnefnda, eftir atvikum, og tillögum um úrlausn. Þá fjallar hann um ágreining, sem kann að rísa milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar.
5. Prófastur löggildir gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, eftir því sem við á.
6. Prófastur veitir presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stundarsakir, en leyfi til lengri fjarvista veitir biskup að höfðu samráði við kirkjumálaráðherra.
7. Prófastur skipuleggur sumarleyfi og önnur samningsbundin leyfi presta í prófastsdæminu.
8. Nú getur sóknarprestur ekki gegnt embætti vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum, og ákveður prófastur þá í samráði við sóknarprest, hvernig þjónusta hans skuli leyst af hendi.

33. gr.

1. Prófastur hefur þau afskipti af veitingu prestakalla, sem lög kveða á um.
2. Prófastur skipuleggur endurmenntun presta, sem prófastsdæmið beitir sér fyrir í samráði við biskup og prestafélög.
3. Prófastur sér um bókasafn prófastsdæmis, en guðfræðilegu bókasafni prófastsdæmis skal komið á fót samkvæmt ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar fyrir fé, sem veitt kann að vera á fjárlögum í þessu skyni og úr héraðssjóði, svo og fyrir framlög einstakra manna.

34. gr.

Prófastur hefir þau afskipti af kirkjugörðum og heimagrafreitum, sem lög kveða á um.

35. gr.

Í hverju prófastsdæmi skal með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups leggja prófasti til sérstaka aðstöðu eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds, eftir því sem ráðuneytið samþykkir.

36. gr.

1. Launakjör prófasta eru ákveðin með sama hætti og launakjör presta, að viðhöfðu samráði við Prófastafélag Íslands.
2. Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

37. gr.

Biskup boðar prófasta til fundar a.m.k. einu sinni á ári til umræðna um málefni þjóðkirkjunnar og þau mál, er sérstaklega varða störf prófasta og tengsl þeirra við biskup og kirkjumálaráðuneyti. Ferðakostnaður prófasta og önnur útgjöld vegna fundarsetu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt reikningi, er kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

38. gr.

Biskup setur próföstum erindisbréf að fengnu samþykki biskupafundar.

IV. KAFLI

Um biskupa og biskupsdæmi íslensku þjóðkirkjunnar.

39. gr.

Biskupsdæmin á Íslandi skulu vera þrjú: Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi.

40. gr.

1. Reykjavíkurbiskupsdæmi nær yfir Reykjanes, Vesturland og Vestfirði frá Kjalarnesprófastsdæmi til og með Ísafjarðarprófastsdæmi.
2. Skálholtsbiskupsdæmi nær yfir Austurland og Suðurland frá Múlaprófastsdæmi til og með Árnesprófastsdæmi.
3. Hólabiskupsdæmi nær yfir Norðurland frá Húnavatnsprófastsdæmi til og með Þingeyjarprófastsdæmi.

41. gr.

1. Biskup Íslands situr í Reykjavík.
2. Skálholtsbiskup situr í Skálholti.
3. Hólabiskup situr á Hólum.
4. Með tilskipun forseta Íslands má þó að tillögu kirkjumálaráðherra ákveða önnur biskupssetur innan biskupsdæmanna, enda mæli meiri hluti þjónandi sóknarpresta og leikmanna, sem rétt eiga til biskupskjörs í hlutaðeigandi biskupsdæmi, með því.

42. gr.

1. Biskup Íslands fer með yfirstjórn sameiginlegra mála þjóðkirkjunnar og kemur fram fyrir hennar hönd út á við gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum í málum, sem varða kirkjuna í heild. Biskup Íslands hefur samráð og samstarf við hina biskupana um ákvörðun mála og getur falið þeim að koma fram fyrir hönd kirkjunnar.

2. Biskupar fara hver með sérmál biskupsdæmis síns. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum þar að lútandi.
3. Biskupar vígja presta og kirkjur og hafa tilsjón með kristnihaldi hver í sínu biskupsdæmi, hafa yfirumsjón með öllu kirkjulegu starfi þar og setja fram tillögur, umsagnir og álitsgjörðir um mál, er varða biskupsdæmi þeirra sérstaklega. Þeir vísitera kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmis síns eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, sbr. 52. gr.

43. gr.

1. Biskupsstofa skal vera í Reykjavík. Þar hafa kirkjuþing og kirkjuráð einnig aðsetur. Biskupsstofa annast afgreiðslu sameiginlegra mála kirkjunnar, einnig mála kirkjuþings og kirkjuráðs svo og sérmála Reykjavíkurbiskupsdæmis.
2. Skálholts- og Hólabiskupum er heimilt að ráða sér fulltrúa.
3. Biskup hefur forræði á dómkirkju biskupsdæmis síns og ber ábyrgð á helgihaldi í henni.
4. Eignir og sjóðir, sem bundnir eru ákveðnu biskupsdæmi, heyra undir biskup þess, en Biskupsstofa annast vörslu og reikningshald annarra eigna. Kirkjuþing ræður kirkjueignum þeim, sem hér um ræðir, enda mæli lög, skipulagsskrár eða löggerningar því eigi í gegn.

44. gr.

1. Þegar biskup vígir kirkju, setur hann henni máldaga, þar sem lýst er kirkjunni og getið gripa hennar, eigna og réttinda. Þar skal þess og getið, hversu mikilli þjónustu kirkjan á rétt á árlega, sbr. lög nr. 25/1985, 8. og 9. gr., svo og hver sóknarmörk eru. Kirkjumáldaga skal rita í sérstaka bók, er varðveitist við biskupsembættið.
2. Þá leggur biskup hverri kirkju til sérstaka bók, kirkjubók, sem í verði færðar allar athafnir, sem framkvæmdar eru í kirkjunni, sbr. lög nr. 25/1985, 23. gr., svo og kirkjuskrá, sbr. sömu grein.
3. Verði ágreiningur um fornar eignir og réttindi kirkna, skulu eftirtaldar skrár taldar áreiðanlegar og löggildar kirkjuskrár og máldagabækur:
   1. Auðunar biskups frá 1318.
   2. Jóns biskups Eiríkssonar frá 1360.
   3. Péturs biskups Þorsteinssonar frá 1394.
   4. Vilchins biskups frá 1397.
   5. Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 og síðar.
   6. Sigurðarregistur, safnað eftir siðaskipti.
   7. Gísla biskups Jónssonar frá um 1570.

45. gr.

Biskupar skulu vandlega gæta þess, að eigi veljist aðrir til prestþjónustu í þjóðkirkjunni en þeir, sem til þess eru hæfir að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna. Er engum óvígðum guðfræðingi heimilt að sækja um prestsstarf í þjónustu kirkjunnar, nema hann hafi áður fengið vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gjörðar eru til prestsvígslu.

46. gr.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Aðrir biskupar eiga sæti á kirkjuþingi með málfrelsi og tillögurétti.

47. gr.

1. Biskup Íslands boðar prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju, en viðkomandi biskup prestastefnu, sem bundin er við biskupsdæmi. Eru biskupar forsetar prestastefnu.

2. Á prestastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju eiga atkvæðisrétt allir starfandi þjóðkirkjuprestar og þeir, sem hafa stöðu þjónandi presta, sbr. 28. gr., svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands með guðfræðimenntun. Aðrir prestar og guðfræðingar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Hliðstæðar reglur eiga við um prestastefnu biskupsdæmis að því er varðar starfsmenn þjóðkirkjunnar og guðfræðinga með búsetu innan biskupsdæmis.
3. Um ferðakostnað og önnur útgjöld presta vegna prestastefnu fer svo sem segir í 12. og 28. gr. Annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

48. gr.

1. Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Á henni eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi, en þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi, kjörnir af leikmönnum á héraðsfundi, er kjósa jafnmarga varamenn. Þá eiga þar sæti einn fulltrúi fyrir hver landssamtök kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar.
2. Kostnaður vegna leikmannastefnu skal goldinn úr ríkissjóði, en ferðakostnaður fulltrúa og önnur útgjöld skulu greidd úr héraðssjóði.

49. gr.

Prestastefna og leikmannastefna geta lagt mál fyrir kirkjuráð til flutnings á kirkjuþingi.

50. gr.

Biskup Íslands boðar biskupafund eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Biskupafundur getur lagt mál fyrir kirkjuþing.

51. gr.

Leggja skal biskupum til embættisbústaði.

52. gr.

1. Við vísitasíur skal biskup kynna sér kirkjulegt og kristilegt starf í sóknunum, sambúð prests og sóknarfólks, ásigkomulag kirkju og prestsseturs og annað það, er varðar hag sóknar og prests. Skal hann gjöra tillögur til úrbóta, þar sem þurfa þykir.
2. Sóknarpresti og sóknarnefnd er skylt að koma til vísitasíu biskups og vera honum til aðstoðar og láta honum í té þær upplýsingar, sem leitað er eftir. Þeir skulu undirrita vísitasíugjörðina ásamt biskupi, en heimilt er þeim að láta bóka þar ágreining, ef um slíkt er að ræða.
3. Þyki biskupi í einhverju áfátt um búnað kirkju eða viðhald hennar, störf sóknarnefndar, framkomu prests og embættisstörf eða það, hvernig hann situr staðinn, skal hann vanda um við hlutaðeigendur. Enn fremur getur hann í vísitasíu bókað ákveðnar kröfur sínar í þessum efnum.
4. Prófastur skal fylgja biskupi á vístitasíum og hlutast til um, að ákvörðunum vísitasíu sé fylgt eftir.

53. gr.

Auk lögboðinna skýrslna embættismanna þjóðkirkjunnar er biskupi rétt að krefja þá skýrslna um störf þeirra og embættisrekstur í því formi, sem hann ákveður. Þá getur biskup skyldað presta til þess að sækja kirkjulega fundi, sbr. 10. gr.

54. gr.

Biskupar setja presta og prófasta um stundarsakir þegar þörf krefur, sbr. 1. og 30. gr.

55. gr.

1. Nú getur biskup ekki gegnt störfum vegna veikinda, fjarveru eða af öðrum sérstökum ástæðum, og getur hann þá með samþykki ráðherra falið öðrum, eftir því sem við á, að gegna embættinu um hríð á sína ábyrgð.
2. Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti, og skal þá setja þann biskup, sem eldri er að biskupsvígslu, til þess að gegna embættinu, uns nýr biskup hefur verið skipaður. Nú fellur Skálholts- eða Hólabiskup frá eða lætur af embætti, og skal þá biskup Íslands gegna störfum hans, uns nýr biskup hefur verið skipaður.

56. gr.

Biskup Íslands vígir biskupa eða sá hinna biskupanna, sem eldri er að biskupsvígslu.

57. gr.

Nú losnar biskupsembætti í þjóðkirkjunni. Skal þá ráðherra láta fara fram biskupskjör. Um biskupskjör er kveðið á í öðrum lögum.

V. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

58. gr.

Kirkjumálaráðherra er rétt að setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð að fengnum tillögum biskups.

59. gr.

1. Lög þessi taka gildi þegar í stað, sbr. þó 26. gr. 2. málsgr.
2. Frá sama tíma falla úr gildi þessi lög og réttarreglur:
   Konungsbréf 16. febr. 1621, um aldur presta.
   Alþingissamþykkt 30. júní 1629 um legorð presta.
   Alþingissamþykkt 1. júlí 1629 um prestsmötu.
   Konungsbréf 10. desember 1646 um legorð presta.
   Dönsku lög Kristjáns V. frá 15. apríl 1683, 2. bók 2. kap. 5. gr. og 2. bók 11. kap. 13. gr.
   Konungsbréf 9. maí 1738 um legorð andlegrar stéttar manna.
   Konungsbréf 6. maí 1740 um portionsreikning bændakirkna.
   Tilskipun 29. maí 1744 áhrærandi umgdómsins catachisation á Íslandi.
   Konungsbréf 19. maí 1747 um gegnumdregnar bækur.
   Konungsbréf 27. febr. 1756 um uppreist presta, er vikið hefur verið frá embætti.
   Konungsbréf 11. mars 1796 um prestsverk prófasta innan prófastsdæmis.
   Tilskipun 29. maí 1744 áhrærandi ungdómsins catachisation á Íslandi.
   Lög nr. 4 27. febr. 1880 um eftirlaun presta.
   Lög nr. 13 3. okt. 1884 um eftirlaun prestsekkna.
   Lög nr. 21 22. maí 1890, viðaukalög við lög nr. 5 27. febr. 1880 um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og héraðsfunda.
   Lög nr. 47 16. nóv. 1907, um laun prófasta, 3. gr.
   Lög nr. 48 16. nóv. 1907, um ellistyrk presta og eftirlaun.
   Lög nr. 49 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
   Lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.
   Lög nr. 35 9. maí 1970 um skipan prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, 6. gr. 2. mgr., 7. — 10. gr., 16. og 17. gr.

3. Enn fremur skulu önnur þau ákvæði laga, er eigi fá samrýmst ákvæðum laga þessara, falla úr gildi við gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af kirkjulaganefnd.

Ýmsar stofnanir kirkjunnar bæði kirkjuþing, kirkjuráð og prestastefna hafa fjallað um frumvarpið og gert á því ýmsar breytingar. Frumvarpið var að því búnu sent kirkjulaganefnd. Eftir þá umfjöllun, sem frumvarpið fékk hjá hinum ýmsu kirkjulegu stofnunum, ákvað nefndin að gera að svo stöddu ekki efnislegar breytingar á því.

Í frumvarpinu er ákvæði, sem ríkisstjórnin getur ekki samþykkt óbreytt. Það er hins vegar eindregin ósk kirkjuráðs, að það verði lagt fram á Alþingi óbreytt. Því hefur verið ákveðið að leggja frumvarpið fram til kynningar án þess að afstaða hafi verið tekin til þess í heild. Augljóst er að einhverjar breytingar þarf að gera á frumvarpinu áður en það hlýtur endanlega afgreiðslu.

Með frumvarpinu fylgdi af hálfu kirkjulaganefndar svo hljóðandi

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að stofni til samið af kirkjulaganefnd, en í henni áttu sæti dr. Sigurbjörn Einarsson biskup og síðar Pétur Sigurgeirsson biskup, formenn, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri og síðar Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri. Upphaflega frv. var sent til umsagnar kirkjuráðs og kirkjuþings 1982. Eftir það var ýmsu breytt í frv. í meðförum kirkjulaganefndar. Kom frv. síðan til umfjöllunar í kirkjuráði, á prófastafundum og biskupafundum svo og á synódus 1984, er kaus nefnd til að setja fram ábendingar og breytingartillögur. Lágu þessar tillögur fyrir kirkjuþingi haustið 1984 og voru þá ýmsar breytingar gerðar á frv. Að svo búnu kom frumvarpið til kirkjuráðs, er sendi það að nýju til kirkjulaganefndar.

Kirkjulaganefnd telur, að eftir umfjöllun þá, sem frv. hefir hlotið hjá stofnunum þjóðkirkjunnar, sé eðlilegast, að frv. verði sent til kirkjumálaráðherra með ósk um, að það verði flutt á Alþingi á þeim grundvelli og í þeim búningi, er þessir aðiljar hafa valið því. Lokaafgreiðsla kirkjulaganefndar hefir því aðeins varðað lagatæknileg atriði og samningu greinargerðar, en ekki hefir verið haggað við efnisatriðum frv., eins og það kom frá stofnunum þjóðkirkjunnar, í neinu, sem verulegu skiptir.

I.

Lagaákvæði um starfsmenn Þjóðkirkju Íslands eru sundurleit og frá mismunandi tímum. Við vinnubrögð að samningu frv. þessa hefir það verið haft að leiðarljósi, að löggjöf um þetta efni yrði jafn samfelld og heildstæð og kostur væri. Felur það m.a. í sér endurskoðun á gömlum lagaákvæðum, sem felld yrðu úr gildi að svo miklu leyti, sem efni þeirra yrði skipað með ákvæðum frv. þessa. Við athugun málsins varð þó ljóst, að ýmis atriði í þessum gömlu lagaboðum eða lagaboðin í heild sinni eiga ekki lengur við, og þótti þá rétt að leggja þau fyrir róða án þess að ný efnisákvæði kæmu í staðinn. Að öðru leyti hefir það verið grundvallarsjónarmið við samningu frv. að kanna þörf Þjóðkirkjunnar á nýjum

starfsmönnum, miðað við stóraukin störf kirkjunnar í vaxandi þjóðfélagi. Í frv. þessu fjallar einn kaflinn, IV. kafli um biskupa og biskupsdæmi Þjóðkirkjunnar og felst í honum, að biskupar verði þrír, svo sem greint verður hér síðar. Í II. kafla frv. er einnig gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, annarra en sóknarpresta, en frv. geymir ekki ákvæði um prestaköll og prestakallaskipun og ekki um veitingu prestsembætta.

Meginefni frv. fjallar um embættisgengi, störf og starfshætti presta, prófasta og biskupa og nokkurra annarra starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Fjarri fer því þó, að tæmandi ákvæði séu um þessi efni í frv., enda hlýtur margt á þessu sviði að ráðast af venjum og skipan innri málefna kirkjunnar, sbr. 13. gr. laga 48/1982. Við samningu frv. var rík hliðsjón höfð af lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en ljóst er þó, að um starfsmenn Þjóðkirkjunnar hljóta að gilda sérstæðar reglur eftir eðli máls og af trúarlegum og sögubundnum ástæðum.

Á Alþingi 1922 var flutt frv. til laga um presta Þjóðkirkjunnar og prófasta (Alþtíð. þ.á., þingskjal 3), og var það samið á grundvelli frv., er Jón biskup Helgason tók saman. Þessu frv. var vísað frá umræðu með rökstuddri dagskrá til frekari undirbúnings af hálfu ríkisstjórnar, og skyldi m.a. leita umsagnar ýmissa aðilja um frv. Frv. þetta var ekki lagt síðar fyrir Alþingi. Frv. til laga um biskupa og biskupsdæmi hafa verið flutt þrívegis á Alþingi (1941, 1945 og 1976) án þess að hljóta efnisafgreiðslu. Samkvæmt frv. 1941 og 1976 (á vor- og haustþingi) skyldu biskupar vera tveir, en í frv. 1945 var gert ráð fyrir, að biskup yrði einn, en vígslubiskupar tveir með auknum verkefnum.

Kirkjuþing hefir margoft gert ályktanir um biskupsdæmi, einkum um þrjá biskupa (1964, 1966, 1968 og síðast 1982 og 1984). Starfsháttanefnd Þjóðkirkjunnar lagði fram tillögur sínar árið 1977, og hafa margar þeirra hlotið afgreiðslu á kirkjuþingi, þ. á m. eru tillögur er varða það efni, er frv. þetta fjallar um. Hefir mikil hliðsjón verið höfð af þeim tillögum við samningu frv. þessa. Hér á eftir fer greinargerð um einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um skipun og setningu í prestsembætti, reglur um embættisgengi og réttarstöðu og lögkjör presta. Um einstakar embættisathafnir eru ekki ákvæði hér, sbr. 14. gr. frv. Svo sem áður greinir eru ekki ákvæði í frv. um skipun prestakalla.

Um 1. gr.

Skv. greininni skipar kirkjumálaráðherra sóknarpresta í embætti eftir tillögum biskups, þ.e. í samræmi við tillögur hans. Gert er ráð fyrir, að sú venjubundna tilhögun standi óbreytt, að biskup setji (ráði) menn til að gegna embætti um stundarsakir. Hér gætir því eigi breytinga frá þeirri framkvæmd, sem nú tíðkast. Sjá og 30. og 54. gr. frv.

Um 2. gr.

Í greininni er mælt fyrir um embættisgengi sóknarpresta, þ.e. hvaða skilyrðum maður verður að fullnægja til þess að verða skipaður eða settur í embætti sóknarprests.

1. Í 1. tölulið er áskilinn 25 ára aldur, sbr. konungsbréf 16. febrúar 1621, sem gert er ráð fyrir, að numið verði úr lögum. Ákvæðið er undanþægt, sbr. og tilgreint lagaboð. Á árum áður var það alltítt, að aldursleyfi væru veitt, en er fátítt hin síðari ár.
2. Í 2. tölulið er það lagaskilyrði, að maður hafi lokið embættisprófi í guðfræði frá guðfræðideild Háskóla Íslands eða kandídatsprófi frá viðurkenndri guðfræðideild eða guðfræðiskóla. Um hið síðastnefnda skal biskup leita umsagnar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Telja má víst, að próf frá norrænu guðfræðideildunum yrðu

viðurkennd hér á landi, en um kennimannlega guðfræði kann þó að gegna sérstöku máli. Með þessu ákvæði er lagt til að lögfestar verði reglur, sem nú gilda í raun, að því er ætla verður.

3. Í 3. tölulið er kveðið á um starfsþjálfun kandídats í a.m.k. 4 mánuði, áður en hann hlýtur vígslu. Er það nýmæli. Kirkjunnar menn hafa oft bent á nauðsyn slíkrar starfsþjálfunar, og hefir þessu máli m.a. verið hreyft á kirkjuþingi. Í frv. er lagt til, að prófasti sé falin umsjón í þessu efni, en um framkvæmd og eftirlit verði nánar mælt í reglugerð. Eftir sem áður er gert ráð fyrir, að kandídat hljóti fræðslu í kennimannlegri guðfræði í guðfræðideild Háskólans eftir því sem nánar segir í reglugerð um það nám. Lágmarkstími starfsþjálfunar er 4 mánuðir, en hann má lengja með reglugerðarákvæði. Eigi er kveðið á um launakjör guðfræðings í starfsþjálfun, en á því er byggt, að hann hljóti laun, meðan á þessari starfsþjálfun stendur. Ekki er það forsenda fyrir því, að kandídat geti hlotið starfsþjálfun, að hann hafi vottorð biskups um, að hann sé hæfur til að takast á hendur prestþjónustu í þjóðkirkjunni, sbr. 4. tölulið 2. gr. og 45. gr. frv. Benda má á í sambandi við 3. tölulið, að á Alþingi 1942 flutti séra Sveinbjörn Högnason frv. til laga um verklegt nám kandídata frá Háskóla Íslands, þ. á m. guðfræðinga, en það frv. náði ekki fram að ganga.
4. Í 4. tölulið eru ákvæði um, að sá maður sé ekki embættisgengur, sem gerst hafi sekur um athæfi, sem ætla megi að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi. Í þessu felst, sbr. og tilvísun 5. töluliðs til 3. gr. laga 38/1954, að sá maður, sem hefir flekkað mannorð i lagaskilningi, sé ekki embættisgengur, nema fengið hafi uppreist æru. Í 4. tölulið er hins vegar gengið lengra svo sem títt er um ýmsa aðra ríkisstarfsmenn, sbr. t.d. um dómara 35. gr. laga 85/1936 og um lækna, læknalög 80/1969. Að því er varðar siðferðiskröfur orkar ekki tvímælis að gera verður ríkar kröfur til presta, en ýmis lagaboð frá 17. og 18. öld, sem enn eru tekin í lagasöfn, eru gersamlega úrelt, og er lagt til, að þau verði afnumin, sbr. 59. gr. frv. Tekið skal fram, að skv. 4. tölulið þarf athæfi, sem maður er sakaður um, að vera sannað með dómi eða með öðrum ótvíræðum hætti og má hér benda á ákvæðin um kirkjudóm í 7. gr. laga 74/1974 og Synódalrétt í 3. gr. laga 75/1973.
5. Í 5. tölulið er vísað um almenn skilyrði til að gegna embætti til 3. gr. laga 38/1954, og felst í því, að íslenskur ríkisborgararéttur er almennt áskilinn, sbr. þó undanþáguheimild í 4. tölulið 3. gr., fjárræði og væntanlega fjárforræði svo og óflekkað mannorð. Enn fremur felst í þessari tilvísun, að konur og karlar hafa sama rétt til embætta innan þjóðkirkjunnar, sbr. og lög 37/1911, og sama rétt til launa og annarra starfskjara.

   Skilyrðum um embættisgengi verður bæði að fullnægja, þegar manni er veitt embætti og svo síðar.

Um 3. gr.

Gefur ekki tilefni til athugasemda. Ákvæðið er ekki tæmandi og ber að varast gagnályktun.

Um 4. gr.

Hér er lagt til, að unnt sé að veita sóknarpresti, sem skipaður hefir verið í embætti nokkurn frest til að taka við því. Reynir einkum á þetta þegar prestur flyst milli prestakalla. Getur verið erfitt fyrir hann að flytjast til nýs prestakalls fyrirvaralítið, þ. á m. þegar hann situr prestssetur, sem bújörð fylgir. Er það gömul regla, að þá skuli miða við fardaga, ef prestur óskar, sbr. tilsk. 6. janúar 1847, og er lagt til, að ákvæði, sem að því lúti, verði áréttað í þessari grein. Ekki er vikið sérstkalega að því, hvernig ráðstafa skuli þjónustu í því prestakalli, sem prestur hefir verið skipaður í, og geta ýmsir kostir komið þar til greina, en um það fer eftir almennum reglum, sem myndast hafa.

Um 5. gr.

Hér er m.a. mælt fyrir um, að kirkjumálaráðherra feli sérfróðum mönnum þegar eftir gildistöku laganna að vinna í samstarfi við biskup og fulltrúa Prestafélags Íslands að samningu samfelldrar áætlunar um byggingu og viðhald prestssetra næstu 10 árin. Er vissulega þörf á markvísum vinnubrögðum í þessu efni á grundvelli rækilegri kannana á núverandi ástandi prestssetra og tillögugerðar um úrbætur. Í því efni þarf einnig að hyggja að nýjum prestssetrum.

Um 6.—8. gr.

Ákvæði þessara greina fjalla um prestssetur og m.a. stöðu presta að lögum, að því er þau varðar. Eru ákvæði 6. gr. reist á því, að prestssetrin séu sjálfseignarstofnanir og fari um ráðstafanir að því er þau varðar samkvæmt því. Í 7. gr. eru fyrirmæli um fégreiðslur til prests, er bætir prestssetursjörð, og svo álag vegna þess, er úr sér hefir gengið. Er presti skylt að sitja á prestssetri, nema biskup heimili annað um stundarsakir að fenginni umsögn prófasts og viðkomandi sóknarnefndar. Í 8. gr. er það ákvæði, að allir samningar, sem prestur gerir um prestssetur séu lausir, við prestaskipti, er prestssetur losna.

Sérstök athygli er vakin á upphafi 6. gr., er kveður svo á, að sóknarprestur skuli hafa prestssetur til umráða.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar mun vera í samræmi við lagaframkvæmd.

Um 10. gr.

Í þessari grein segir um skyldu sóknarprests til að sitja fundi sóknarnefndar, sbr. og lög um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985, 17. gr., og skyldu til að sækja héraðsfundi, svo og fundi, sem biskup eða prófastur boðar honum, sbr. og 52. gr. frv. um vísitasíur. Þessi grein mun vera í samræmi við það, sem nú er talið gilda, en ástæða er til að lögfesta þær reglur.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar er til að taka af tvímæli, en greinin er í samræmi við lagaframkvæmdina.

Um 12. gr.

Ákvæði 12. gr. um ferða- og skrifstofukostnað eru í samræmi við þá lagaframkvæmd, sem á hefir komist.

Um aukaverk eru ákvæði í lögum 36/1931. Segir í 12. gr., að sóknarprestum beri þóknun fyrir aukaverk, svo sem tíðkast hefir, þ.e. eftir gjaldskrá, sem ráðherra setur á grundvelli tillagna Prestafélags Íslands. Þetta mál hefir verið rætt mikið í félagsskap presta og þykir rétt að kveða svo á í greininni, að heimilt sé að breyta fyrirkomulagi um aukaverk að fengnu samþykki ráðherra, þ.e. án þess að lagabreyting þurfi til að koma.

Prestum er vissulega mikil þörf á endurmenntun og er síðasta málsgrein 12. gr. við það miðuð, að fjárstuðningur sé veittur í því skyni.

Um 13. gr.

Greinin er í samræmi við núverandi lagaframkvæmd.

Um 14. gr.

Svo sem áður er greint, er eigi fjallað í frv. þessu um einstakar embættisathafnir presta, svo sem guðsþjónustuhald, skírn, fermingu, greftrun, sálgæslu o.fl. Fer um það eftir almennum reglum og venjum, sem myndast hafa. Er þess að gæta, að hér er um margt um innri málefni kirkjunnar að ræða, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga 48/1982.

Biskup setur presti erindisbréf í samráði við prófastafund, stjórn Prestafélags Íslands og biskupafundi, sbr. 2. mgr., og verður þar væntanlega fjallað m.a. um einstaka þætti í störfum presta.

Um II. kafla

Í þessum kafla eru ákvæði um aðra starfsmenn þjóðkirkjunnar en presta, en um biskupa er fjallað í IV. kafla. Með lögum um skipun prestakalla og prófastsdæmi og um kristnisjóð nr. 35/1970 var veitt heimild til að ráða ýmsa starfsmenn í þágu þjóðkirkjunnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. (farprestur), 7. gr. (æskulýðsfulltrúi og tveir menn honum til aðstoðar), 8. gr. (ráðning prestvígðra manna til sérstakrar sjúkrahúsa- og fangahúsaþjónustu), 9. gr. (ráðning prestvígðs manns til starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum).

Þeir starfsmenn, sem þessi ákvæði lúta að, hafa gegnt veigamiklu hlutverki í þjónustu þjóðkirkjunnar. Vaxandi starfsemi kirkjunnar hefir leitt í ljós þörf á að fjölga starfsmönnum í ýmsum þeim störfum, sem ákvæðin víkja að. Þá hafa enn myndast nýjar þarfir og ný verkefni, sem nauðsynlega þarf að sinna. Taka ákvæði II. kafla frv. mið af þessu.

Gæta þarf þess skv. framansögðu, að ákvæði 6. gr. 2. mgr. og 7.—9. gr. laga 35/1970 eru felld inn í frv. þetta, og fjölgun starfsmanna sem frv. felur í sér kemur því fram með samanburði á ákvæðum þessa frv. og ákvæðum laga 35/1970, sem til var vitnað. Fer hér á eftir yfirlit yfir þá fjölgun starfsmanna sem í frv. felst:

1. Skv. 17. gr. er kveðið á um heimild til ráðningar tveggja presta, er gegna þjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakall er prestslaust eða aðrar sérstakar ástæður koma til, (sbr. 6. gr. laga 35/1970). Leiðir reynslan í ljós að brýn þörf er á þessari heimild, þar sem oft ber svo við, að t.d. vegna heilsuhaga eru tveir prestar í veikindaleyfi í senn. Í 17. gr. er lagt til, að heimiluð verði ráðning fleiri presta, ef sérstaklega stendur á.
2. Skv. 18. gr. frv. er lagt til, að heimiluð sé ráðning prestvígðs manns til þjónustu við heyrnarskert fólk. Hér er raunverulega eingöngu farið fram á lögfestingu á starfi, sem nú er fyrir hendi, en reynslan sýnir, að mikil þörf er á því.
3. Skv. 19. gr. er heimil ráðning prests til þjónustu við fanga. Er sú ráðning nú fyrir hendi skv. 8. gr. laga 35/1970, og er þörf á að auka þá starfsemi.
4. Í 20. gr. er heimiluð ráðning presta til starfa meðal Íslendinga erlendis með aðsetri í Kaupmannahöfn, Lundúnum eða annars staðar, enda samþykki ráðherra það, sbr. 9. gr. laga 35/1970 um prest í Kaupmannahöfn. Þessi grein er staðfesting á þróun, sem orðið hefir, en nú eru tveir prestar starfandi meðal Íslendinga erlendis, með aðsetri í Kaupmannahöfn og Lundúnum, en greinin er þó víðtækari þar sem ráðherra getur bætt við fleiri prestum til starfa þessara, sbr. hins vegar 9. gr. laga 35/1970. Störf presta þessara hafa mjög aukist m.a. vegna þjónustu við sjúklinga og menn, sem lenda í vandræðum erlendis, þ. á m. vegna afbrota eða óreiðulífs.
5. Í 21. gr. frv. er heimiluð með samþykki ráðherra ráðning forstöðumanns fyrir starfi kirkjunnar að Löngumýri í Skagafirði. Skólinn að Löngumýri var afhentur Þjóðkirkju Íslands með gjafabréfi 1. júní 1962 og var það mikilsmetin gjöf. Skólinn starfaði í umsjá kirkjunnar frá hausti 1962 og allt til áramóta 1983–1984, en þá var skólinn lagður niður. Voru laun kennara á þessum tíma greidd skv. fjárlögum, en Kristnisjóður styrkti starfsemi skólans. Laun forstöðukonu, er skipuleggur og hefir umsjón með kirkjulegri starfsemi þar, eru greidd skv. fjárlögum. Í greininni er það eitt lagt til, að þessi heimild verði lögfest.
6. Heimildin til ráðningar æskulýðsfulltrúa og aðstoðarmanna hans skv. 22. gr. frv. er að mestu í samræmi við 7. gr. laga 35/1970. Hér er þó miðað við guðfræðing, en eigi prestvígðan mann, svo sem segir í 7. gr. laga 35/1970. Lagt er og til að heimilað verði að

ráða tvo eða fleiri aðstoðarmenn hans. Æskulýðsstarfsemi þjóðkirkjunnar hefir mjög aukist hin síðari ár, og verður henni ekki haldið uppi, svo að vel fari, nema með allmiklum mannafla. Er ákvæði á þessu reist.

7. Í 23. gr. frv. er lagt til, að heimilað verði með samþykki kirkjumálaráðherra að ráða ellimálafulltrúa þjóðkirkjunnar, svo og að ráða aðra starfsmenn til starfa með ellimálafulltrúanum. Þessi starfsemi kirkjunnar hlýtur að fara mjög í vöxt, enda fjölgar öldruðu fólki mjög, eins og alkunna er. Þessi starfsemi er margþætt, og tekur bæði til þjónustu við aldraða í heimahúsum og á elliheimilum og svo margs konar starfsemi í kirkjum og á samkomum. Aldrað fólk þarf mjög á aukinni félagslegri þjónustu að halda og liðsinni trúrækilegs eðlis. Í lögum er ekki vikið að þessari starfsemi, en veitt hefir þó verið fé til hennar frá hinu opinbera nokkur umliðin ár. Athugandi er, að það er ekki skilyrði skv. 23. gr., að starfsmennirnir séu guðfræðingar, enda kemur annars konar menntað fólk þar mjög til greina. Gert er ráð fyrir að ellimálafulltrúi þjóðkirkjunnar skipuleggi starfið og leiðbeini og hafi yfirumsjón með því.
8. Í 24. gr. frv. er heimilað, að ráðinn verði prestur til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu, sbr. nú 8. gr. laga 35/1970. Þarf nauðsynlega að efla þessa starfsemi, undir umsjón prests, sem er sérstaklega menntaður og þjálfaður á þessu sviði. Ljóst er, að það kemur mjög í hlut sóknarpresta almennt að sinna sjúkrahúsaþjónustu.
9. Í 25. gr. er lagt til, að heimilað verði að ráða fréttafulltrúa þjóðkirkjunnar. Slíkur starfsmaður hefir gegnt starfi um nokkurra ára skeið. Er mikil nauðsyn á því, að starf þetta verði lögfest og öruggur lagagrundvöllur fenginn fyrir því.

Um aðrar greinar kaflans en 17.—25. gr.

Um 15. gr.

Um biskupsritara nýtur eigi við lagaákvæða, þótt starf hans hafi lengi verið við lýði. Var það á sínum tíma í launalögum, og er greint í kjarasamningum o.fl. Þykir rétt að lögfesta embættið og fari eftir tillögum biskups um skipun í það, svo sem verið hefir. Skv. 26. gr. frv. er gert ráð fyrir, að starfið sé tímabundið, 3—5 ár að jafnaði, en ekki getur það þó átt við núverandi biskupsritara, sem skipaður hefir verið í starfið ótímabundið. Bent er á, að ekki er það skilyrði, að biskupsritari hafi guðfræðimenntun.

Um 16. gr.

Greinin felur aðeins í sér tilvísun til laga um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og breytir ákvæðið engu efnislega.

Um 17.—25. gr.

Sjá hér að framan.

Um 26. gr.

Gert er ráð fyrir í þessari grein, að ráðning til starfa, sem greinir í þessum kafla, verði tímabundin, 3–5 ár að jafnaði. Þetta gildir þó ekki um starf söngmálastjóra, sbr. 16. gr. Eru hliðstæð ákvæði um ráðningu æskulýðsfulltrúa og prests til starfa með Íslendingum erlendis, sbr. 7. og 9. gr. laga 35/1970, en þar er ráðningartími bundinn við allt að 3 árum í senn. Hefir reyndin orðið sú, ekki síst með prest í Kaupmannahöfn, að ráðning hefir verið framlengd allmikið. Rök fyrir tímabundnum ráðningum við þessi störf eru m. a. þau, að mikilvægt er að guðfræðingar eigi kost á sem víðtækastri starfsreynslu, en hreyfileiki í þeim störfum, sem hér um ræðir, stuðlar mjög að þessu. Orðin „að jafnaði“ fela í sér, að unnt er, ef sérstaklega stendur á, að víkja frá þessu, og orðin „í senn“ sýna, að heimilt er að framlengja ráðningartíma um allt að 3–5 árum, og er fordæmi fyrir því, sbr. framanritað.

Um 27. gr.

Lengi hefir verið talið heimilt að ráða aðstoðarpresta til þjónustu en lagaákvæði um það eru af skornum skammti sbr. kirkjuskipan 1607, IV., II–9. Er lagt til með þessu ákvæði, að heimildin sé að nýju fest í skráðum lögum.

Um 28. gr.

Í fyrri málsgr. er fjallað um laun og annan kostnað, þ. á m. ferðakostnað og skrifstofukostnað.

Í síðari málsgr. segir, að prestvígðir menn, sem gegna störfum þessum séu þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. og 10. gr. laga 35/1970, en megi þó ekki vinna aukaverk sóknarpresta nema í umboði þeirra, þ. e. með samþykki þeirra. Á þetta t. d. við um skírn barna og hjónavígslu, sbr. um hið síðargreinda 16. gr. laga 60/1972.

Um 29. gr.

Eðlilegt þykir að skipa málinu svo sem hér segir.

Um III. kafla

Í þessum kafla eru ákvæðin um prófasta. Þau hafa sætt rækilegri athugun á prófastafundum, en ákvæðin í frv. eru eins og kirkjuþing afgreiddi þau haustið 1984. Ákvæðin gera ráð fyrir, að prófastur verði virkari um eftirlit og umsjón með kirkjustarfi en nú er, en störf sín vinnur hann að verulegu leyti í umboði biskups. Ef kirkjulegri starfsstöð verður komið á fót í prófastsdæmi, veitir prófastur henni jafnaðarlega forstöðu, sbr. 31. gr. Störf prófasta verða skv. frv. með svipuðum hætti ella og verið hefir. Bent er á, að í lögum nr. 25/1985 um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o. fl., er m. a. gert ráð fyrir að héraðsnefnd verði stofnuð undir forsæti prófasts. Í lögum um sóknargjöld o. fl. nr. 80/1985 er kveðið á um stofnun héraðssjóðs, og er prófastur stjórnarformaður. Búast má við því, að störf prófasta aukist til muna, sérstaklega í þéttbýli. Er því nauðsynlegt að hyggja sérstaklega að starfsaðstöðu prófasta, og er að því vikið í 35. gr. frv.

Um 30. gr.

Nokkur nýmæli eru í þessari grein.

1. Þjónandi prestar í prófastsdæmi kjósa prófast, skv. þessu ákvæði, og er það í samræmi við það, sem nú tíðkast. Það er nýmæli, að auk þess skuli taka þátt í tilnefningunni þrír fulltrúar leikmanna, sem kosnir eru á héraðsfundi til fjögurra ára í senn, þó ekki fleiri en prestar eru í prófastsdæmi. Um hluttöku leikmanna í þessari tilnefningu hafa verið uppi ýmsar hugmyndir, en frv. er hér í samræmi við afgreiðslu kirkjuþings. Biskup og kirkjumálaráðherra eru ekki bundnir við álit presta og leikmanna skv. þessu. Byggt er hér á, að ráðherra muni ávallt fara eftir tillögu biskups.

2. Í 30. gr. 1. mgr. segir að sóknarpresti sé skylt að takast á hendur prófastsembætti, en þó er heimilt skv. 2. mgr. að leysa hann undan því starfi, ef hann telur sér óhægt að gegna því vegna veikinda eða af öðrum persónulegum ástæðum, þótt hann gegni prestsembætti áfram.

3. Sérstök ákvæði eru um það, er prófastur getur ekki gegnt embætti um stundarsakir vegna veikinda eða fjarvista eða af öðrum ásæðum. Getur biskup þá falið presti eða nágrannaprófasti að gegna embættinu um stundarsakir. Er þetta í samræmi við venjur.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. eru almenn ákvæði um stöðu prófasta, og eru þau í samræmi við venjur og lög.

Í 2. mgr. er rætt um kirkjulega starfsstöð í prófastsdæmi. Eru hugmyndir uppi um það innan kirkjunnar að stofna slíka stöð, er skipuleggi starfsemi kirjunnar innan prófastsdæmis og verði til liðsinnis við kirkjulegt starf ýmiss konar. Í tengslum við það er svo hugmyndin um

héraðssjóði, sbr. 8. gr. laga 80/1985 um sóknargjöld o. fl. Er lagt til í 31. gr. frv., að prófastur verði að jafnaði forstöðumaður starfsstöðvar. Um hið síðarnefnda skal tekið fram, að heimilt er að ráða einn af sóknarprestum prófastsdæmis forstöðumann starfsstöðvar, m. a. þegar prófastur færist undan að gegna þeim starfa.

Í 2. mgr. segir enn fremur um störf prófasts í tengslum við héraðsfundi, bæði um boðun fundar, undirbúning hans og um að fylgja eftir ályktunum fundarins, sbr. nánar í lögum um kirkjusóknir o. fl., nr. 25/1985, VII. kafla, er áður greinir.

Um 32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um ýmis störf prófasta. Er greinin um sumt samantekt á ýmsum lagaákvæðum og venjum, en að öðru leyti er um nýmæli að ræða.

1. Eitt af meginverkefnum prófasts frá fornu fari er eftirlit með prestssetrum, kirkjum og kirknaeignum í prófastsdæmi, sbr. tilsk. 24. júlí 1789, og svo bókasöfnum prestakalla, sbr. lög 17/1931, og er þess getið í 1. mgr. greinarinnar.
2. Annað meginverkefni er úttekt á prestssetrum og öðrum embættisbústöðum presta við prestaskipti, sbr. 2. mgr., þar sem því er bætt við að prófastur geri úttekt á nýjum kirkjum og kapellum.
3. Þriðja verkefnið, sbr. 3. mgr. er að vísitera kirkjur og söfnuði, og að fylgja biskupi á vísitasíum hans, sbr. 3. mgr.
4. Fjórða verkefni er að setja nýjan prest í embætti, og er löng venja fyrir því.
5. Í 4. mgr. eru ákvæði um störf prófasta í tengslum við starfsskýrslur og endurskoðaða reikninga, sem hann leggur fyrir héraðsfundi.
6. Í sömu málsgr. er vikið að því, að prófastur fjalli um ágreining sem rísa kynni milli sóknarprests, sóknarnefndar og safnaðar, í því skyni að jafna þann ágreining.
7. Í 5. mgr. er svo fyrir mælt, að prófastur löggildi gerðabækur og aðrar bækur sóknarnefndar, þar á meðal reikningsskilabækur.
8. Í 6. mgr. segir, að prófastur veiti presti leyfi til fjarvista úr prestakalli um stutta stund, en til lengri leyfa þarf samþykki ráðherra að fenginni tillögu biskups.
9. Í 7. málsgr. segir, að prófastur skipuleggi sumarleyfi og önnur samningsbundin leyfi presta í prófastsdæmi. Er mikilvægt, að þeim málum sé skipað með hagkvæmum hætti.
10. Að lokum er svo prófasti ætlað í 8. mgr. að ákveða, hvernig þjónusta skuli af hendi leyst, ef sóknarprestur getur ekki vegna veikinda, fjarvista eða af öðrum ástæðum gegnt embætti er sú skipan á gerð í samráði við sóknarprest. Ef um t. d. meiri háttar og langvarandi veikindi er að ræða, hlýtur mál að koma til kasta biskups og ráðherra.

Flest þessara starfa eru í samræmi við gildandi lög og venjur.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. segir almennt, að prófastur hafi þau afskipti af veitingu prestakalla, sem lög kveði á um. Skv. lögum 32/1915 er prófasti ætlað mikið hlutverk við prestskosningar, og vísast til þeirra laga í heild sinni um það efni. Ef þessum reglum verður breytt, verður í nýrri löggjöf kveðið á um störf prófasta við hina breyttu hætti.

Í 2. mgr. er prófasti ætlað að skipuleggja endurmenntun presta, sem prófastsdæmi beitir sér fyrir. Myndi slík endurmenntun væntanlega fara fram í samvinnu við starfsstöð, sem komið kynni að vera á fót. Þetta ákvæði er nýmæli.

Í 3. mg. segir, að prófastur sjái um bókasafn prófastsdæmis, er koma skuli á fót. Er þetta nýmæli. Vitaskuld er hér átt við yfirumsjón með bókasafni, en vinna við það kæmi eftir atvikum í hlut annarra manna.

Um 34. gr.

Í þessari grein er vísað til laga um afskipti prófasts af kirkjugörðum og heimagrafreitum. Eru nú fyrirmæli um það efni í lögum um kirkjugarða 21/1963. Eru prófasti þar ætluð margs konar verkefni, og vísast til laganna í heild sinni um það efni.

Um 35. gr.

Hér er kveðið á um, að í hverju prófastsdæmi verði prófasti lögð til starfsaðstaða með samþykki ráðherra og að fenginni tillögu biskups eða árlegt fjárframlag vegna skrifstofuhalds. Hagar hér mismunandi til eftir aðstæðum. Er alveg ljóst, að prófastar geta ekki gegnt störfum sínum nema þeim sé tryggð starfsaðstaða, sem sé við hæfi eftir staðháttum.

Um 36. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um launakjör prófasta og greiðslur til þeirra vegna ferðalaga.

Um 37. gr.

Biskup hefir boðað prófasta til fundar einu sinni á ári sl. árum. Hafa fundirnir gegnt mikilvægu hlutverki. Hér er lagt til, að lagagrundvöllur verði fenginn fyrir fundum þessum.

Um 38. gr.

Þar er kveðið svo á, að biskup setji prófföstum erindisbréf. Er efalaust ávinningur að því, sbr. og um erindisbréf presta 14. gr. frv. og um erindisbréf annarra starfsmanna, sbr. 26. og 29. gr. frv.

Um IV. kafla

Í þessum kafla frv. er fjallað um biskupa og biskupsdæmi íslensku þjóðkirkjunnar. Svo sem fyrr greinir, er lagt hér til í samræmi við rækilega markaða stefnu kirkjuþings, að biskupsdæmi verði þrjú á landi hér, Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Eru síðan ákvæði í frv. um landfræðileg mörk biskupsdæma, sbr. 39. gr. og svo um störf og starfshætti biskupa og embættisleg tengsl milli Reykjavíkurbiskupsdæmis og hinna biskupsdæmanna tveggja, en biskup Reykjavíkurprófastsdæmis er nefndur biskup Íslands í frv. Um starfsþætti í biskupsembætti gætir ekki verulegra nýmæla. Eru þau ákvæði um sumt samtaka annarra laga og endursamin ákvæði eldri laga, þ. á m. erindisbréfs handa biskupum frá 1. júlí 1746. Í nokkrum efnum er lagt til, að lögfestar verði venjur, sem myndast hafa í lagaframkvæmd.

I.

Hér að framan er það rakið, að frv. til laga um fjölgun biskupa og um biskupsdæmi hafa verið flutt þrívegis á Alþingi, 1941, 1945 og 1976. Jafnframt var sýnt fram á, að kirkjuþing hefir alloft samþykkt frumvörp, sem fela í sér fjölgun biskupa, þ. e. árin 1958, 1964, 1966 og 1968 og síðast 1982 og 1984. Á prestastefnu og hjá Prestafélagi Íslands hafa slíkar hugmyndir einnig oft verið uppi. Sama er og um kirkjuráð. Langoftast hafa hugmyndir manna hnigið að því, að biskupsdæmi yrðu þrjú og biskupar þrír með fullu biskupsvaldi, en jafnframt yrði biskupinn í Reykjavíkurbiskupsdæmi biskup Íslands. Er frv. það, sem hér er flutt í samræmi við þetta.

Rökin fyrir fjölgun biskupa með sjálfstæðu biskupsvaldi eru bæði reist á sögulegum ástæðum og mati á raunhæfum þörfum.

1. Frá **sögulegu viðhorfi** minnast menn þess, að allt til ársins 1800 voru biskupssetrin tvö, í Skálholti og á Hólum. Af biskupssetrunum stafar mikill ljómi. Þau voru helstu menningar- og skólasetrin í landinu öldum saman. Þaðan var miðlað ýmsum menningar- og mannbótaáhrifum. Þar sátu trúarleiðtogar og kirkjuskörungar, er komu mjög við sögu lands og þjóðar. Hins minnast allir Íslendingar, að það var á niðurlægingartíma þjóðarinnar, sem

biskupssetrin voru flutt frá Hólum og Skálholti. Sú sögulega staðreynd orkar sterkt á hugi margra, er telja það löngu tímabært að endurreisa biskupssetrin og koma þar upp kirkju- og menningarstofnunum með þeirri reisn, sem hæfir, — stofnunum, er auðgað geta íslenska menningu og trúarlíf landsmanna og stuðlað að gróandi þjóðlífi. Stórkostlegt átak hefir orðið um endurreisn Skálholtsstaðar og ekki síst fyrir atbeina Skálholtsfélagsins, félagssamtaka margra ágætra manna. Að sínu leyti hefir Hólafélagið, félag áhugamanna um endurreisn Hólastaðar, unnið ágætt starf. Starfsemi þessara tveggja félaga sýnir glögglega, að það er almennur áhugi á endurreisn biskupssetranna og það eru ekki eingöngu stofnanir kirkjunnar sem láta sig þetta mál miklu skipta.

2. **Starfsemi þjóðkirkjunnar hefir vaxið** stórkostlega síðustu áratugina með auknum íbúafjölda, fjölgun kirkna og safnaða og með stórauknum verkefnum, sem kirkjan sinnir nú til viðbótar við hefðbundinn starfsvettvang sinn. Allt þetta kallar á aukna starfskrafta í þágu kirkjunnar og þá einnig skipulagningu, uppörvun og umsjón með starfseminni svo og stjórnsýslu. Slík skipulagning og uppörvun til starfa kemur ekki síst frá biskupum. Mönnum hefir lengi verið það ljóst, að einum biskupi er ofviða að valda því mikla hlutverki, sem biskupi er ætlað í þjóðkirkju landsins, þ. á m. eftirlit og yfirumsjón með kristnihaldi og hinni víðtæku starfsemi kirkjunnar og miklum stjórnsýsluverkefnum.

Hér koma og til tengslin við erlend kirkju- og trúarfélög, en þau samskipti fara mjög vaxandi til ómetanlegs gagns fyrir íslensku þjóðkirkjuna. Er biskupi ofvaxið að rækja þau tengsl, svo sem æskilegt væri, við vaxandi verkefni innanlands.

Sú leið er farin í þessu frv. að mæla fyrir um þrjú biskupsdæmi. Verður biskupinn í Reykjavíkurbiskupsdæmi þá biskup Íslands, er fari með stjórn sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, en hinir biskuparnir tveir fari með sérmálefni hvors biskupsdæmis um sig. Miðað er við, að kostnaði af skrifstofuhaldi á biskupssetrunum í Skálholti og á Hólum verði stillt í hóf og eftir atvikum, að biskupsritari þar (fulltrúi) gegni einnig prestsembætti að hluta til. Á það er að líta, að ekki verður undan því vikist að létta störfum af biskupi. Virðast þá einkum vera þeir tveir kostir að efla vígslubiskupsembættin eða stofna til sjálfstæðra biskupsembætta. Þótt fyrri leiðin yrði farin, hlyti að stafa svipaður kostnaður af henni að því er varðar skrifstofuhald og mannafla þar eins og þeirri leið, sem hér er stungið upp á, og jafnframt yrði að létta af vígslubiskupum hluta af prestsstörfum þeirra.

II.

Á Alþingi 1976, vorþingi og haustþingi, var flutt frumvarp um biskupsdæmi hinnar íslensku þjóðkirkju, en frv. dagaði uppi og var ekki flutt síðar, eins og fyrr greinir. Í greinargerð með því frv. eru reifuð nokkur söguleg atriði, varðandi biskupsdæmin. Þykir mega vísa til þeirrar greinargerðar um þau efni.

Þess er áður getið, að ákvæði IV. kafla þessa frv. er í samræmi við frv. kirkjuþings frá 1984. Um þá hugmynd að hafa biskupsembættið eitt, eins og nú er, en efla vígslubiskupsdæmin og fela vígslubiskupum ýmis verkefni biskups, hvorum í sínu biskupsdæmi, má m. a. benda á frv. það, er flutt var á Alþingi 1945.

III.

Hér á eftir verður nú vikið að hverri einstakri grein þessa kafla.

Um 39. gr.

Hér er mælt fyrir um, að þrjú skuli vera biskupsdæmi á landi hér. Reykjavíkurbiskupsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi. Jafnframt er gert ráð fyrir, að víglsubiskupsembætti verði lög niður.

Um 40. gr.

Í þessari grein er kveðið á um mörk biskupsdæma. Nær Reykjavíkurbiskupsdæmi yfir Reykjanes, Vesturland og Vestfirði, frá Kjalarnesprófastsdæmi til og með Ísafjarðarprófastsdæmi, Skálholtsbiskupsdæmi yfir Austurland og Suðurland frá Múlaprófastsdæmi til og með Árnesprófastsdæmi, en Hólabiskupsdæmi yfir Norðurland frá Húnavatnsprófastsdæmi til og með Þingeyjarprófastsdæmi. Teljast 6 prófastsdæmi til Reykjavíkurbiskupsdæmis, 5 til Skálholtsbiskupsdæmis og 4 til Hólabiskupsdæmis. Verður Reykjavíkurprófastsdæmi miklu fjölmennast, með 169 263 íbúa, þá Hólabiskupsdæmi með 37 907 íbúa, en Skálholtsbiskupsdæmi með 33 273 íbúa, allt miðað við 1. desember 1984 (af þeim eru 93,1% þjóðkirkjumenn).

Um 41. gr.

Í henni segir um biskupssetur, og skulu þau vera í Reykjavík, í Skálholti og á Hólum, en með tilskipun forseta Íslands má þó, að tillögu kirkjumálaráðherra, ákveða önnur biskupssetur innan biskupsdæma, enda mæli meiri hluti þjónandi presta og leikmanna, sem rétt eiga þar til biskupskjörs, með því. Um þetta mál hefir verið mikið rætt á undanförnum árum og áratugum, og fylgir frv. hér afstöðu kirkjuþings til þessa máls. Er þetta svipað fyrirkomulag að sínu leyti eins og í frv. 1976. Byggt er á, að atkvæði presta og leikmanna verði talin samfellt og er ákvæðið um meiri hluta við það miðað.

Um 42. gr.

Hér segir um tengslin milli biskups Íslands og hinna biskupanna tveggja, svo og um starfsvettvang biskupa og nokkur störf þeirra.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn mála þjóðkirkjunnar og er fulltrúi hennar gagnvart stjórnvöldum og erlendum aðilum í málum, sem varða kirkjuna í heild sinni. Boðið er, að biskup Íslands hafi samráð og samstarf við hina biskupana og getur hann falið þeim að koma fram fyrir hönd kirkjunnar. Á hið síðastnefnda bæði við fyrirsvar gagnvart stjórnvöldum innanlands og svo erlendis.

Í 2. mgr. segir hins vegar um sérmál biskupsdæmis, og fer hver biskup með þau. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum þar að lútandi. Ekki eru í greininni fyrirmæli um málskot til kirkjumálaráðherra.

Í 3. mgr. segir um verkefni biskupa og er þar getið vígslu presta og kirkna og yfirumsjónar með kristnihaldi og svo tillagnagerðar, umsagna og álitsgjörða um mál, er varða biskupsdæmi sérstaklega. Þá er þess getið, að þeir setji próföstum og prestum og sóknarnefndum erindisbréf, sbr. og 14. og 38. gr. frv. Biskup Íslands setur þá starfsmönnum skv. 15. og 17.–25. gr. erindisbréf. Þá segir, að biskupar skuli vísitera kirkjur, presta og söfnuði biskupsdæmis, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Um þær vísitasíur segir svo nánar í 52. gr.

Í þessari grein eru tekin upp ýmis verkefni, sem biskupar hafa rækt frá fornu fari og m. a. er getið í erindisbréfi handa biskupum 1. júlí 1746.

Um 43. gr.

Í þessari grein er kveðið á um sameiginleg málefni kirkjunnar. Annast Biskupsstofa í Reykjavík afgreiðslu þeirra mála, þ. á m. málefni kirkjuþings og kirkjuráðs. Þá heyra sérmál Reykjavíkurbiskupsdæmis einnig undir Biskupsstofu.

Skv. 2. mgr. er Skálholtsbiskupi og Hólabiskupi heimilt að ráða sér fulltrúa og þá annað starfslið eftir ákvörðun kirkjumálaráðherra. Fulltrúi þarf ekki að vera guðfræðingur skv. þessu.

Í 3. mgr. segir, að biskup hafi forræði á dómkirkju biskupsdæmis síns og beri ábyrgð á helgihaldi í henni. Vænta má þess, að venjur mótist um tengsl biskups og sóknarnefndar og sóknarpresta við dómkirkju.

Í 4. mgr. er kveðið á um eignir og sjóði. Ef þeir eru bundnir við sérstök biskupsdæmi, heyra þeir undir biskup þess, en um aðra sjóði og eignir annast Biskupsstofa að því er vörslu þeirra og reikningshald varðar. Kirkjuþing ræður þessum eignum, enda mæli lög, skipulagsskrár og aðrir löggerningar því eigi í gegn. Til ráðstöfunar kirkjueigna er skv. þessu áskilið samþykki kirkjuþings.

Sérlög eru um Skálholtsstað, sbr. lög 32/1963, og má telja líklegt, að slík lög verði einnig sett um Hólastað.

Úr vafaatriðum um skil milli biskupa einnig að því er varðar þau málefni, sem greinin tekur yfir, sker biskup Íslands, sbr. 42. gr.

Ef ákvæði IV. kafla frv. verða lögfest, verður sýnilega að fara fram rækileg úttekt á því, hver málefni heyri undir biskupsdæmin og hver undir biskup Íslands. Geta þar orðið vafaatriði, sem kirkjunnar menn geta sjálfsagt leyst farsællega.

Um 44. gr.

Í 1. mgr. eru fyrirmæli um, að þegar biskup vígir kirkju skuli hann setja henni máldaga með lýsingu á kirkjunni og greiningu á gripum hennar, eignum og réttindum, svo og greiningu á þjónustu, sem kirkjan á rétt á, og enn á því hver sóknarmörk séu. Máldaga skal varðveita við biskupsembætti. Er þetta forn háttur.

Í 2. mgr. er kveðið svo á, að biskup leggi hverri kirkju til sérstaka bók, kirkjubók, sem í verði færðar allar athafnir, sem framkvæmdar eru í kirkjunni. Slík bók getur haft mikið gildi, sbr. og lög um kirkjusóknir o. fl., 23. gr. Einnig er vikið að kirkjuskrá, sbr. sömu heimild.

Í 3. mgr. er endurtekið ákvæði erindisbréfs handa biskupum frá 1746, 16. gr., og konungsbréfs 5. apríl 1749 um gildi kirkjuskráa og máldaga (en leiðrétt er rangt ártal í 16. gr. að því er varðar máldaga Auðunar biskups), sbr. m. a. um þetta Eignarétt eftir Ólaf Lárusson, bls. 151–152, Kirkjurétt Jóns Péturssonar, bls. 220 0. áfr., og Kirkjurétt Einars Arnórssonar, bls 163 o. áfr. Hefir reynt á gildi þessa ákvæðis í allmörgum dómum og er niðurstöðum þeirra lýst svo „að það, að kirkju væri eignuð tiltekin réttindi í einhverjum af þessum máldagabókum, væri nægileg sönnun fyrir því, að þessi réttindi tilheyrðu henni, og að sá, sem vefengdi það, yrði að sanna betri rétt sinn...“ (Eignaréttur Ólafs Lárussonar, bls. 152), sbr. og Lyfd. X (eldra), bls 118.34.

Um 45. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um, að óvígður guðfræðingur, er sækir um prestsstarf í þjóðkirkjunni, skuli fá vottorð biskups um, að hann fullnægi þeim kröfum, sem gera verði til manns, sem slíka víglsu fær, en þeir einir fá slík vottorð, sem eru hæfir til „að framkvæma prestlegt embætti og annast sálgæslu sóknarbarna sinna“, Um lagaskilyrði fyrir prestsembætti segir í 2. gr. frv., og er sérstök ástæða til að benda á 4. tl. 2. gr. í tengslum við 45. gr. Þetta eru forn ákvæði í kirkjurétti, sbr. einnig 43. gr. í erindisbréfi handa biskupum frá 1. júlí 1746. Biskup verður vitaskuld að gæta lögmæltra embættisskilyrða og réttra lagasjónarmiða, og t. d. væri eigi lögmætt að synja kvenguðfræðingi um vottorð vegna kynferðis hennar, sbr. 5. tl. 2. gr. Vísað er annars til athugasemdar við 2. gr. frv. m. a. við 3. tölulið.

Um 46. gr.

Biskup Íslands er forseti kirkjuþings og kirkjuráðs. Biskup Íslands er fulltrúi á kirkjuþingi, en hinir biskuparnir tveir eiga einnig sæti þar, með málfrelsi og tillögurétti. Þeir eiga hins vegar ekki sæti í kirkjuráði skv. frv.

Um 47. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um prestastefnu.

Biskup Íslands boðar til prestastefnu íslensku þjóðkirkjunnar og er forseti hennar eins og verið hefir. Á prestastefnu hafa atkvæðisrétt allir starfandi þjóðkirkjuprestar, og þá einnig biskupar Skálholtsbiskupsdæmis og Hólabiskupsdæmis, svo og fastir kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, þeir er guðfræðimenntun hafa. Er hér átt við prófessora og dósenta og lektora í föstu starfi, ef því væri að skipta. Aðrir prestar, þ. á m. fríkirkjuprestar, svo og aðrir guðfræðingar, þ. á m. prestar, er látið hafa ef embætti, eiga rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Ekki eru ákvæði í frv. um verkefni prestastefnu og fá lagaákvæði tengjast henni, sbr. þó um bókanefnd prestakalla lög 17/1931, 4. gr. Þykir ekki þörf á að setja ákvæði í frv. um þetta efni.

Viðkomandi biskup boðar prestastefnu, er bundin er við biskupsdæmi. Er hann forseti hennar. Um fundarsetu og atkvæðisrétt gilda hliðstæðar reglur og um prestastefnu þjóðkirkjunnar eftir því sem við á.

Um 48. gr.

Ákvæðið fjallar um leikmannastefnu, og er það nýmæli.

Biskup Íslands boðar til hennar. Leikmannastefna á að fjalla um ýmis sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða, einkum þau, er varða leikmenn og störf þeirra innan kirkjunnar. Ekki þykir þörf að lögfesta ákvæði um verkefni leikmannastefnunnar. Á leikmannastefnu eiga sæti einn fulltrúi frá hverju prófastsdæmi, en þó tveir úr Reykjavíkurprófastsdæmi, kjörnir af leikmönnum á héraðsfundi, og einn fulltrúi fyrir hver landssamtök kristilegra félaga, sem starfa á kenningargrundvelli þjóðkirkjunnar, og enn kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands, sem ekki eru guðfræðingar. Leikmenn einir eru kjörgengir, og er eðlilegt að telja, að guðfræðingar séu það ekki, enda eiga þeir sæti á prestastefnu. Biskup Íslands sker úr vafaatriðum um setu á leikmannastefnu, þegar hann boðar til stefnunnar, þ. á m. hvaða landssamtök þar eru, sem til greina kemur að sendi fulltrúa. Um kennara guðfræðideildar er þess að geta, að hér eru eingöngu fastir kennarar, sem til greina koma. Gert er ráð fyrir, að leikmannastefna setji sér fundarsköp og þ. á m. um kosningu forseta og varaforseta og annarra starfsmanna, um undirbúning funda, milliþinganefndir o. fl.

Benda má á, að hinir svonefndu almennu kirkjufundir tíðkuðust um alllangt árabil og gegndu góðu hlutverki sem vettvangur til almennra umræðna um málefni þjóðkirkjunnar. Eru þeir m. a. fyrirmyndin að ákvæðum frv. um leikmannastefnu.

Ekki er það bundið í greininni, að leikmannastefna verði haldin ár hvert, en biskup Íslands ræður því máli til lykta hverju sinni. Er á því byggt, að kostnaður við þinghald verði greiddur af ráðuneytinu. Þess er enn fremur vænst að héraðssjóðir muni standa straum af kostnaði fulltrúa við að sitja leikmannastefnu.

Um 49. gr.

Hér segir, að prestastefna og leikmannastefna geti lagt mál fyrir kirkjuráð til flutnings á kirkjuþingi. Að sínu leyti má vænta þess, að leitað verði álits prestastefnu og leikmannastefnu um ýmis mál, sem þessir aðiljar fjalla um.

Um 50. gr.

Hér er mælt fyrir um biskupafundi og að þeir geti lagt mál fyrir kirkjuþing. Slíkir fundir tíðkast nú þegar, þ. e. fundur biskups og vígslubiskupanna tveggja.

Um 51. gr.

Biskup Íslands hefir embættisbústað í Reykjavík, hinir biskuparnir tveir sitja á Hólum og í Skálholti, og felst í ákvæðinu, að þeim verði fengnir þar embættisbústaðir. Að sjálfsögðu verður einnig að búa þeim skrifstofuaðstöðu og aðra starfsaðstöðu á biskupssetrunum.

Um 52. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um vísitasíur biskupa. Er þar fylgt venjubundnum reglum, sbr. og erindisbréf handa biskupum 1. júlí 1746. Er ekki ástæða til að fjalla frekar um það efni, en tekið skal fram, að ákvæði þetta er ekki tæmandi.

Ed. 777. Frumvarp til laga [423. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað er telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem dæma skal um hvort veitingastaður telst vera fyrsta flokks. Skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar, en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár.

Lögreglustjóri veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun skal höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar viðkomandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi nema sveitarstjórn hafi mælt með leyfisveitingu. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en 4 ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal sótt um nýtt leyfi, en fyrra leyfi gildir áfram meðan umsókn er til meðferðar. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að mati lögreglustjóra.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri telur nauðsynleg; m. a. er heimilt að binda leyfi við ákveðinn afgreiðslutíma, að það nái einungis til veitinga léttra vína eða til ákveðins hóps manna, t. d. dvalar- eða matargesta. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa leyfi sitt.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna eftirlitsins eftir reglum sem ráðherra setur, m. a. með hliðsjón af stærð veitingastaða og opnunartíma.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þ. á m. um veitingatíma, álagningu og eftirlit

með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér þá meginbreytingu að ákvörðunarvald um útgáfu leyfa til áfengisveitinga á veitingastað er lagt í hendur lögreglustjóra í stað dómsmálaráðherra. Jafnframt er gert ráð fyrir því að óheimilt verði að gefa út slíkt leyfi nema viðkomandi sveitarstjórn mæli með leyfisveitingu, en nú er óheimilt að veita leyfi ef hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd er leyfisveitingu mótfallin.

Rétt þykir að flytja ákvörðunarvald um útgáfu leyfa þessara til staðbundinna lögreglustjóra að fengnum meðmælum sveitarstjórnar sem í hlut á. Með frumvarpinu ef að lögum verður er aukin ábyrgð lögð á sveitarstjórnir í landinu, en ákvörðunarvaldi því sem dómsmálaráðherra hefur nú haldið innan lögreglustjórnarinnar. Jafnframt er tekið fram að við ákvörðun um leyfisveitingu skuli lögreglustjóri hafa hliðsjón af tilgangi áfengislaganna sem fram kemur í 1. gr. þeirra, þ. e. „að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara."

Haldið er því skilyrði að veitingastaður skuli vera fyrsta flokks að því er varðar húsakynni, veitingar og þjónustu. Til að meta það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks og til að tryggja samræmt mat um land allt er gert ráð fyrir starfsemi matsnefndar áfengisveitingastaða svo sem verið hefur.

Auk þeirra breytinga sem raktar hafa verið felur frumvarpið í sér nokkrar minni breytingar, þ. e.:

Tekið er upp hugtakið veitingastaður í stað veitingahús, sbr. lög um veitinga- og gististaði, nú lög nr. 67 28. júní 1985.

Skipunartími matsnefndar áfengisveitingastaða er ákveðinn 4 ár, sbr. 2. mgr.

Umsókn um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað í hreppi skal leggja fyrir hreppsnefnd en ekki sýslunefnd, sbr. 3. mgr.

Ákvæði er um skyldu sveitarstjórnar til að leita umsagnar áfengisvarnanefndar, sbr. 3. mgr.

Ákvæði er um gildi áfengisveitingaleyfis meðan umsókn um endurnýjun er til meðferðar og þegar nýr veitingamaður tekur við rekstri, sbr. 4. mgr.

Nánari talning er á skilyrðum sem binda má leyfi, sbr. 5. mgr.

Ákvæði er um að dómsmálaráðherra geti sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 5. mgr. Slíkar reglur yrðu settar á grundvelli áfengismálastefnu sem mótuð væri á hverjum tíma.

Ákvæði um eftirlit með áfengisveitingastöðum er gert almennra, sbr. 6. mgr.

Ed. 778. Frumvarp til laga [128. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

1. gr.

Tollur á vörum í tollskrárnúmeri 87.02.11 í 1. gr. tollskrárinnar lækki í 70%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 779. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og kallað á sinn fund Guðrúnu Erlendsdóttur dósent til þess að fjalla um efni þess.

Leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem lögð er til á sérstöku þingskjali.

Stefán Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Pálmi Jónsson.	Kristófer Már Kristinsson.

Nd. 780. Breytingartillaga [26. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Við 2. gr. Í stað „1986“ komi: 1987.

Sþ. 781. Tillaga til þingsályktunar [424. mál]

um bifreiðakaup öryrkja.

Flm.: Helgi Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lög og reglur um eftirgjöf bifreiðagjalda til öryrkja með það að leiðarljósi að öryrkjar njóti áfram samsvarandi fyrirgreiðslu og þeir hafa haft umfram almenna bifreiðakaupendur varðandi kaup þeirra á bifreiðum.

Greinargerð.

Eftir þá almennu tollalækkun, sem orðið hefur á bifreiðum, er ljóst að þau sérstöku kjör, sem öryrkjar hafa notið umfram almenna bifreiðakaupendur, eru nú nær því úr sögunni. Sannast það best á þeim upplýsingum fjármálaráðherra að öryrkjar fái aðeins 25 þús. kr. aukalega í eftirgjöf og því borið við m.a. að lög heimili ekki meira. Möguleikar öryrkja til að njóta eðlilegs lífs, stunda vinnu við sitt hæfi o.s.frv. ráðast óneitanlega mjög af því hvort þeir eiga og hafa til umráða eigin bifreið. Þetta hefur verið viðurkennt af löggjafanum sem félagslegt réttlætismál þessu fólki til handa og áfram ber að vinna í þeim anda.

Aðstæður öryrkja eru enda þær í dag að sjaldan hefur verið meiri nauðsyn en nú að viðhalda áður fengnum réttindum þessa fólks.

Fjármálaráðherra hefur m.a. bent á að eðlilegt gæti verið að fella mál þetta inn í hið almenna tryggingakerfi með einhverjum hætti og ber vissulega að skoða þá leið. En fyrst og síðast ber að tryggja það að þessi ákveðnu hlunnindi, sem öryrkjar hafa notið umfram aðra, megi haldast áfram í einhverju formi. Því er tillaga þessi flutt.

Nd. 782. Frumvarp til laga [425. mál]

um breytingu á lögum nr. 39/1985, um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni.

Flm.: Kristófer Már Kristinsson.

11. gr. laganna orðast svo:

Nú eru upplýsingar skráðar skv. 5. gr. og er þá skráningaraðila skylt að skýra þeim, sem upplýsingarnar fjalla um, frá efni þeirra og því mati sem skráningaraðili hefur látið frá sér fara til annarra varðandi hagi þess sem um ræðir.

Einnig er skylt að greina hinum skráða frá því hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Greinargerð.

Markmið með flutningi þessa frv. er að tryggja að ekki gangi kaupum og sölum upplýsingar um einkahagi manna án þess að þeir sjálfir hafi hugmynd um áreiðanleika þeirra eða notkun.

Sþ. 783. Nefndarálit [90. mál]

um till. til þál. um gerð langtímaáætlunar um jarðgangagerð.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Orkustofnun, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Verkfræðingafélagi Íslands, Vegagerð ríkisins, Fjórðungssambandi Norðlendinga og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í umsögn Fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur fram að áætlunin, eins og henni er lýst í tillögunni, sé viðamikil og eflaust megi gera hana einfaldari og mundi hún þó nýtast við ákvörðun í málinu. Mikilvægt sé að jarðgangagerð verði sett í samhengi við aðra vegagerð í landinu og framlög ákvörðuð til málaflokksins í heild.

Í umsögninni kemur og fram að kostnaður við jarðgangagerð sé mjög mikill þrátt fyrir bætta tækni. Með tilliti til stöðu vegamála hér á landi muni jarðgangagerð í einhverjum mæli því koma mikið niður á uppbyggingu og endurbótum á vegakerfinu nema heildarframlög til vegamála verði aukin verulega. Miðað við fjárlagagerð allra síðustu ára sé svigrúm til aukinna framlaga ekki fyrir hendi og verði fyrirsjáanlega ekki mikið á næstu árum.

Í umsögn Vegagerðar ríkisins kemur fram að hún sé samþykk þeirri meginhugmynd sem fram komi í tillögunni, þ.e. að gerð skuli langtímaáætlun um jarðgangagerð sem falli að

og verði hluti langtímaáætlunar í vegagerð. Vegagerðin bendir og á mikinn kostnað við jarðgangagerð og að miðað við hina miklu þörf fyrir endurbætur á vegakerfinu sé því ekki óeðlilegt að svo dýrar lausnir sem jarðgöng eru sitji nokkuð á hakanum.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jóhanna Sigurðardóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

Alþingi, 9. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm. | Garðar Sigurðsson, fundaskr. | Eggert Haukdal.
Björn Dagbjartsson. | Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 784. Svar [347. mál]

forsætisráðherra við fyrirspurn Svavars Gestssonar og Kjartans Jóhannssonar um viðræður við Alusuisse.

1. Hvert var tilefni ferðar forsætisráðherra til Sviss fyrri hluta marsmánaðar til viðræðna við Alusuisse og hvenær var ferðin ákveðin?

Ferðin var ákveðin með u.þ.b. 10 daga fyrirvara. Hún var farin í framhaldi af dvöl í Kaupmannahöfn á Norðurlandaráðsþingi dagana 2.–5. mars til þess að vera viðstaddur leiki landsliðs Íslands í handknattleik í heimsmeistaramótinu sem fram fór í Sviss. Jafnframt notaði ég tækifærið til þess að eiga fund með Alusuisse. Sá fundur var undirbúinn í samráði við Halldór H. Jónsson, stjórnarformann Íslenska álfélagsins. Einnig gafst tækifæri til að ræða við dr. Ernst Furgler, ráðherra efnahags- og viðskiptamála í Sviss.

2. Fór forsætisráðherra til Sviss í þessar viðræður við Alusuisse í umboði iðnaðarráðherra eða í samráði við hann?

Nei.

3. Hversu margir fundir voru haldnir og hve lengi stóðu þeir?

Einn fundur sem stóð í tvo og hálfan tíma.

4. Hvaða forustumenn Alusuisse sóttu fundina?

Dr. Dietrich Ernst.

5. Hver var niðurstaða viðræðnanna?

Fróðlegar upplýsingar fengust um þær miklu breytingar sem verið er að gera í æðstu stöðum hjá fyrirtækinu, um erfiðleika í áliðnaði, um viðhorf til Ísals og um möguleika á stækkun í Straumsvík.

6. Hefur verið fjallað um niðurstöðu viðræðnanna í ríkisstjórn þegar þessi fyrirspurn er lögð fram?

Nei.

Nd. 785. Lög [199. mál]

um breyting á lögum nr. 7 26. febrúar 1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 578 (sbr. 299).

Sþ. 786. Tillaga til þingsályktunar [426. mál]

um þjóðaratkvæði um sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta við næstu kosningar til Alþingis fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort koma eigi á fót einum sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn samkvæmt eftirfarandi hugmyndum í stað þess lífeyrissjóðakerfis sem við lýði er.

Við það skal miðað að hinn sameiginlegi lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa í ársbyrjun 1990 og leysi þá núverandi lífeyrissjóðakerfi af hólmi. Megineinkenni hins sameiginlega sjóðs skulu vera þessi:

1. Í sjóðinn skal greiða iðgjald sem sé 10% af öllum launatekjum hvers launþega og reiknuðum launatekjum þeirra sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda.
2. Hlutverk sjóðsins er að greiða tekjutengd og verðtryggð eftirlaun, örorkulífeyri, makalífeyri og makabætur svo og barnalífeyri í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur hvers aðila og í svo ríkum mæli sem unnt er miðað við tekjur sjóðsins og langtímaávöxtun hans.
3. Bóta-, lífeyris- og eftirlaunagreiðslur sjóðsins skulu vera til viðbótar þeim greiðslum sem almannatryggingar inna af hendi.
4. Starfandi lífeyrissjóðir skulu eiga þess kost að flytja eigur sínar og skyldur til hins nýja sjóðs og hætta starfsemi eða halda áfram að starfa sem viðbótarsjóðir.
5. Ef starfandi sjóður óskar eftir innlögn í hinn nýja sjóð skal meta rétt í hinum fyrra sjóði á raunvirði og miðað við greiðslugetu. Reynist hinn fyrri sjóður samkvæmt þessu mati vanmegnugur að greiða þann rétt sem hann hefur heitið sjóðsfélögum sínum skal hinn nýi sjóður eigi að síður skuldbundinn til þess að greiða sjóðsfélögum eigi minna en 85% þess réttar sem heitið var. Það sem upp á vantar að staða hins eldri sjóðs rísi undir 85% þess réttar sem heitið var skal greitt af ríkissjóði.
6. Með lífeyrisréttindi hjóna skal fara með eftirfarandi hætti:
   a. Lífeyrisrétt eftirlifandi maka skal ákvarða eigi lægri en lífeyrisrétt þess hjónanna sem við fráfallið hafði aflað meiri réttar.
   b. Þegar annað hvort hjóna fellur frá skal greiða hinu eftirlifandi sérstakar makabætur fyrstu 18 mánuðina eftir fráfallið.
   c. Sérstakar reglur verði settar um skiptingu á samanlögðum rétti hjóna við skilnað eða búskipti.
7. Stjórn lífeyrissjóðsins skal skipuð eftir tilnefningu samtaka launafólks atvinnurekenda og ríkissjóðs. Ráðherra tryggingamála skal skipa í stjórnina. Formaður skal skipaður án tilnefningar. Að öðru leyti skal skipað í stjórnina eftir tilnefningum með eftirfarandi hætti: Tvo menn frá ASÍ, einn mann frá BSRB, einn mann frá BHM, einn mann frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einn mann frá Stéttarsambandi bænda, tvo menn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, einn mann frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og einn mann frá fjármálaráðuneytinu.
   Stjórnin velji tvo menn í fimm manna framkvæmdaráð en fastafulltrúar í ráðinu séu, auk formanns stjórnar, einn fulltrúi frá ASÍ og einn fulltrúi frá VSÍ.
8. Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans og skal henni skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma. Við ávöxtun á fé sjóðsins skal stjórnin að öðru leyti líta til þarfa atvinnulífsins og gæta þess í því sambandi að jafnræði sé milli landshluta.

Greinargerð.

Núverandi lífeyrissjóðakerfi Íslendinga er meingallað. Um 90 sjóðir eru nú starfandi, margir þannig staddir að talið er að þeir geti ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Takmarkanir á áunnum rétti og varðandi flutning réttar eru margbreytilegar þannig að fullvíst má telja að verulegar greiðslur renni til sjóðanna án þess að menn öðlist rétt út á þær eða þá einungis mjög skertan rétt. Illmögulegt er fyrir venjulegt fólk að halda því til haga hvaða rétt það eigi og hvar það eigi hann, enda teljast nú um 7300 manns aðilar að sex sjóðum eða fleiri. Með ítrekaðri lagasetningu á undanförnum árum hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi en árangur hefur þó ekki orðið meiri en raun ber vitni.

Kostir þess að hafa einn sameiginlegan sjóð eru hins vegar fjölþættir. Nokkrir helstu kostirnir eru þessir:

1. Þegar einn sjóður nær til allra landsmanna þarf enginn að velkjast í vafa um rétt sinn. Rétturinn er á einum stað og engum glatast neinn réttur þótt hann skipti um starf. Ekki er þörf á neinum reglum um flutning réttinda milli sjóða.
2. Einn sjóður yrði sterkur og öflugur. Áhættudreifing yrði því mikil og sjóðnum ekki hætt vegna áfalla t.d. vegna slysa eins og hinum smáu sjóðum sem nú eru við lýði. Tryggingafræðileg rök fyrir einum sjóði eru því augljós.
3. Rekstrarkostnaður af einum sameiginlegum sjóði yrði mun minni en af fjölsjóðakerfinu. Þannig nýttust tekjur sjóðanna betur til þess að standa undir réttindagreiðslum.
4. Mismunun í réttindum mundi hverfa og allar réttindabætur yrðu auðunnari í framtíðinni.

Ýmsar tillögur og frumvörp hafa verið fluttar á undanförnum árum um að koma á einum sameiginlegum lífeyrissjóði allra landsmanna. Árið 1972 fluttu þingmenn Alþýðuflokksins undir forustu Gylfa Þ. Gíslasonar tillögu um þetta efni og Bjarnfríður Leósdóttir flutti tillögu um það 1974, en Guðmundur H. Garðarsson flutti lagafrumvarp um Lífeyrissjóð Íslands 1975 og 1978 ásamt fleirum. Þau Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson og Salome Þorkelsdóttir endurfluttu þetta frumvarp endurskoðað árið 1980 og sömu aðilar ásamt Agli Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni endurfluttu það árið 1981. Jóhanna Sigurðardóttir o.fl. þingmenn Alþýðuflokksins fluttu á hinn bóginn þingsályktunartillögu um framtíðarskipan lífeyrismála. Eins og kunnugt er hefur málið ekki náð fram að ganga. Að dómi flutningsmanna mun því helst um að kenna að ýmsir áhrifaaðilar hafa á hverjum tíma lagst gegn hugmyndinni og hefur þá gjarnan verið til þess vitnað að einhver endurskoðunin væri í gangi. Núverandi kerfi er á hinn bóginn svo ófullkomið og vanburða að sérhver endurskoðun bætir aðeins úr fáum göllum þess og það fær aldrei staðist samanburð við kosti sameiginlegs sjóðs.

Það er skoðun flutningsmanna að miklum fjölda fólks, líklega meiri hluta landsmanna, sé þetta ljóst og vilji gjarnan að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna verði stofnaður hvað sem líður andstöðu ýmissa áhrifamanna. Þessi tillaga er flutt til þess að gengið verði úr skugga um þennan stuðning almennings við hugmyndina og þannig skapaðar nýjar og sterkar forsendur fyrir Alþingi til þess að hrinda í framkvæmd sameiginlegum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn.

Hér á eftir er fyrst gerð nánari grein fyrir því lífeyrisréttindakerfi sem hér er gert ráð fyrir að upp yrði tekið með hinum sameiginlega lífeyrissjóði og síðan er stutt lýsing á núverandi kerfi. Loks er í fylgiriti útdráttur úr skýrslu endurskoðunarnefndar lífeyriskerfis frá 2. maí 1985 sem flutningsmenn hafa tekið saman.

I. Hvers konar lífeyrisréttindakerfi.

Nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir hvers konar lífeyrisréttindakerfi er æskilegast að koma á og búa við. Að dómi undirritaðs er það kerfi sem er markvissast, skilar öruggum og viðunandi lágmarksréttindum, þeim jöfnuði sem menn geta sæst á, en veitir jafnframt möguleika til sveigjanleika, byggt upp af þremur meginþáttum.

1. Þrír meginþættir:

a. *Almannatryggingakerfi* í núverandi mynd sem greiðir tiltölulega lágan almennan lífeyri til allra án tillits til ævitekna. Í þessu felst framlag samfélagsins til jöfnunar milli þjóðfélagshópa.

b. *Skyldutrygging í einum sameiginlegum sjóði* sem tryggir ásamt með bótum og lífeyri almannatrygginga viðunandi og öruggan lífeyri til allra. Þessi réttur yrði tekjutengdur og verðtryggður þannig að réttur og lífeyrir hvers og eins væri í hlutfalli við samanlagðar iðgjaldagreiðslur í sjóðinn.

c. *Viðbótartrygging* fyrir þá sem óska að kaupa sér aukinn rétt. Þessi starfsemi gæti verið á hendi lífeyrissjóða sem störfuðu utan sviðs skyldutrygginga.

Leiðin til þess að koma þessu kerfi á laggirnar felst fyrst og fremst í því að stofna einn sameiginlegan lífeyrissjóð allra landsmanna sem tæki við hlutverki skyldutrygginganna. Þeir sjóðir, sem nú starfa á því sviði, ættu jafnframt að eiga möguleika á því að færa starfssvið sitt yfir í viðbótartryggingar fyrir þá sem þess óska.

2. Iðgjaldsstofn og réttindi hjóna.

Jafnframt er nauðsynlegt að setja ný og skýr ákvæði um iðgjaldsstofn annars vegar og lífeyrisréttindi hjóna (og sambýlisfólks) hins vegar sem taki mið af núverandi þjóðfélagsháttum. Þessi ákvæði ættu að vera eftirfarandi:

a. Að iðgjald sé greitt af öllum launatekjum, en ekki einhverjum hluta þeirra eins og nú er algengt. Réttindi mundu þá jafnframt myndast miðað við allar launatekjur.

b. Að viðurkenna og ákveða að lífeyrisréttindi hjóna séu sameign þeirra og heildareignin skiptist að öðru jöfnu til helminga við skilnað eða búskipti, en jafnframt skal hvorugt hjóna búa við minni rétt en þann rétt sem það hjónanna hefur áunnið sér sem meiri rétt hefur. Þegar annað hvort hjóna fellur frá ætti á hinn bóginn að greiða ríflegar makabætur í takmarkaðan tíma (18 mánuði) og barnalífeyri vegna barna allt fram til 19 ára aldurs.

3. Söfnunarkerfi.

Um hríð hölluðust margir að því að svonefnt gegnumstreymiskerfi gæti hentað í lífeyrissjóðsmálum en slíkt kerfi einkennist af því að engin sjóðssöfnun á sér stað heldur er lífeyrisgreiðslum mætt með samtímaiðgjöldum. Ýmsir gallar slíkra kerfa hafa með tímanum orðið æ ljósari og nýtur sjóðssöfnunarkerfið því meira álits bæði hér á landi og erlendis. Gallar gegnumstreymiskerfis felast m.a. í aukinni byrði þegar illa árar eða þegar hlutfall milli mannfjölda á lífeyrisaldri og starfsaldri hækkar. Umskipti í ávöxtunarmálum hérlendis hafa á hinn bóginn gert sjóðskerfið aðgengilegra en áður. Þar að auki mætir það þörf þjóðfélagsins fyrir innlendan sparnað. Sjóðskerfið er jafnframt það form, sem menn hafa vanist, og hvers konar umbætur í lífeyriskerfamálum, sem reistar eru á sjóðsmyndun, eru því framhald þess sem upp hefur verið byggt.

4. Staða núverandi sjóða í nýju kerfi.

Sú tillaga, sem hér er lýst, gerir ráð fyrir að einn sameiginlegur lífeyrissjóður allra landsmanna taki til starfa frá og með 1. jan. 1990. Frá og með þeim tíma skyldu allir landsmenn greiða iðgjöld í þann sjóð og safna réttindum þar.

Á hinn bóginn yrðu þeir lífeyrissjóðir, sem nú eru starfandi, að ákveða hvernig þeir mundu haga starfsemi sinni við þessar nýju aðstæður.

4.1. Innlögn réttinda.

Í fyrsta lagi ættu sjóðirnir kost á að leggja eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð. Í því tilviki yrðu eignir og skuldbindingar metnar. Ef í ljós kæmi að eignir hrykkju ekki fyrir skuldbindingum skv. þeim réttindum, sem viðkomandi sjóður hefur heitið félögum sínum, er gert ráð fyrir því að hinn nýi sjóður ábyrgist þó að lágmarki 85% þessara réttinda gagnvart sjóðsfélögunum.

Hér yrði því um hreina réttarbót að ræða gagnvart félögum þeirra sjóða sem geta í rauninni ekki staðið við heit sín um rétt sjóðsfélaga.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram fé til þess að tryggja að ná megi þessum lágmarksréttindum til handa félaga í þeim sjóðum sem ekki rísa undir þeim.

4.2. Umsýsla eldri réttinda.

Þeir sjóðir, sem á hinn bóginn kysu að starfa áfram sem almennir sjóðir eftir 1. jan. 1990, ættu þess kost en starfsemin tæki þá einungis til þeirra eigna sem sjóðirnir ættu hinn 1. jan. 1990 og þeirra réttinda sem sjóðsfélagar hefðu þá aflað sér.

4.3. Viðbótarsjóðir.

Í annan stað og óháð því hvort lífeyrissjóðirnir legðu eignir sínar og skuldbindingar inn í hinn sameiginlega sjóð gætu þeir tekið ákvörðun um að starfa áfram sem viðbótarlífeyrissjóðir sem tækju þá sérstök viðbótariðgjöld af sjóðsfélögum sínum. Sá sjóður, sem leggur eigur sínar og skuldbindingar inn í hinn nýja sjóð, getur því valið að hætta starfsemi alfarið eða breyta starfsemi sinni yfir í viðbótarlífeyrissjóð (umfram skyldutryggingu). Sá sjóður, sem legði ekki eigur sínar og skuldbindingar í hinn nýja sameiginlega sjóð, mundi halda áfram vörslu eigna og greiðslu réttinda vegna liðins tíma. Hann gæti á hinn bóginn og með sama hætti og áður er lýst ákveðið að láta sér nægja það eitt eða hefja starfsemi sem viðbótarlífeyrissjóður frá 1. jan. 1990.

II. Núverandi kerfi.

Lífeyrissjóðakerfi Íslendinga er slíkt kraðak að undrun sætir að ekki hafi komið til almennrar uppreisnar gegn því. Helsta skýringin er væntanlega sú að svo fáir hafa gert sér ljóst hversu gallað kerfið er.

Þannig eru starfandi 90 sjóðir með mjög mismunandi réttindum bæði á pappírunum og í framkvæmd, en margir hverjir þannig að þeir geta greinilega ekki staðið við skuldbindingarnar gagnvart sjóðsfélögum sínum.

Takmarkanir á áunnum rétti og varðandi flutning á rétti eru hins vegar af því tagi að vísast er að margir greiði verulegar fjárhæðir í lífeyrissjóði án þess að öðlast neinn rétt út á það eða mjög skertan rétt. Hins vegar býður hið margfalda lífeyrissjóðakerfi upp á að menn tíni saman rétt sinn úr ótal sjóðum þegar að greiðslu lífeyris kemur enda teljast nú um 7300 manns aðilar að sex sjóðum eða fleiri.

1. Uppálöppun — lagafjöld.

Á undanförnum árum hefur verið reynt að lappa upp á þetta kerfi með smáskammtalækningum. Þannig hafa verið sett lög um ýmsa þætti lífeyrissjóðsmála, þ.e. lög um eftirlaun aldraðra (27 greinar), lög um skráningu lífeyrisréttinda (8 greinar), lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (10 greinar) og lög um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Um fimm lífeyrissjóði hafa hins vegar verið sett sérstök lög, þ.e. um lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra, sjómanna, bænda og eru þá

lífeyrisdeildir alþingismanna og ráðherra taldar með lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Hér hafa því verið nefnd níu gildandi lög um lífeyrissjóði. Auk þess hafa legið fyrir í þrjú ár drög að frumvarpi til laga um starfsemi lífeyrissjóða í 42 greinum þar sem leitast er við að setja fram samræmdar reglur um starf sjóðanna, réttindi sjóðsfélaga og lífeyrisþega, iðgjöld, starfsleyfi sjóðanna og eftirlit með þeim. Er hér á ferðinni ein tilraunin enn til þess að koma skipulagi á þann óskapnað sem lífeyrissjóðakerfið er. Öllum ætti hins vegar að vera ljóst að þetta fjölsjóðakerfi mun aldrei jafnast á við það að hafa einn sameiginlegan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

2. Fjölskrúðugt kerfi.

Svonefnd Nafnaskrá lífeyrissjóða 21. nóv. 1984 gefur yfirlit yfir núverandi lífeyrissjóðakerfi. Af því má m.a. ráða eftirfarandi varðandi ástandið í árslok 1983.

a. Lífeyrissjóðirnir eru 91 talsins.
b. Sjóðsfélagar teljast 171 360, þar af eru 13 155 ekki á þjóðskrá lifenda!
c. Utan sjóða eru 25 021 eða 14% þeirra sem á þjóðskrá eru.
d. Að jafnaði eru sjóðsfélagar í 2,3 sjóðum en 62% sjóðsfélaga eru í fleiri en einum lífeyrissjóði.
e. 218 eru í tíu lífeyrissjóðum eða fleiri, 7088 eru í sex til níu lífeyrissjóðum eða fleiri, 54 403 eru í þremur til fimm lífeyrissjóðum eða fleiri, 45 241 eru í tveimur lífeyrissjóðum eða fleiri, 64 409 eru í einum lífeyrissjóði eða fleiri.
f. 79 lífeyrissjóðir eru með færri en 10 000 sjóðsfélaga, 48 lífeyrissjóðir með færri en 1000 sjóðsfélaga og 29 lífeyrissjóðir með færri en 500 sjóðsfélaga.

3. Einkenni kerfisins.

Ekki er ástæða til að ætla að ástandið í lífeyrissjóðakerfinu hafi tekið neinum umtalsverðum breytingum á þeim tveimur árum sem liðin eru síðan þetta yfirlit var unnið. Þessar upplýsingar gefa tilefni til að ítreka fáein einkenni þess kerfis sem við búum við.

a. Það má vera til marks um hversu skilvirkt kerfið er að talning skuli leiða í ljós að til sjóðsfélaga teljist 13 155 einstaklingar sem ekki eru í tölu lifenda á þjóðskrá!
b. Sú ofrausn að ætla 240 þús. manna samfélagi um 90 lífeyrissjóði leiðir vitaskuld til þess að langstærstur hluti sjóðanna er mjög fáliðaður og vanburða, enda eru um 87% sjóðanna með færri en 10 000 sjóðsfélaga. Hjá hinum fámennari sjóðum má nánast ekkert út af bera til þess að þeir lendi ekki í vandræðum og greiðsluþroti.
c. Hið fjölskrúðuga lífeyrissjóðakerfi leiðir vitanlega til þess að flestir safna réttindum í fleiri en einum sjóði og margir safna réttindum í mörgum sjóðum. Því þarf ekki að koma á óvart og liggur í eðli kerfisins að um 7300 manns skuli vera í sex sjóðum eða fleiri. Það má þá vera umhugsunarefni hvernig fólkinu í landinu gengur að halda til haga réttindum sínum og e.t.v. rifja það upp nokkra áratugi aftur í tímann í hvaða lífeyrissjóði það hafi verið á hverjum tíma. Á hinn bóginn felst vitaskuld í kerfinu að lífeyrisgreiðslur skuli fólk þegar þar að kemur tína úr ýmsum áttum, eina ögnina frá hverjum. Þegar kemur að ellilífeyris- eða örorkulífeyrisgreiðslum þeirra 7300 einstaklinga sem eru í sex sjóðum eða fleiri munu væntanlega um 50 þús. greiðslur fara út mánaðarlega til þeirra. Sumir mundu ganga í sex staði um hver mánaðamót til þess að tína saman þessar krónur sínar, aðrir fá sjö ávísanir sendar í pósti, og enn aðrir munu taka við um og yfir 10 greiðslum um hver mánaðamót, sitt lítið smáræðið frá hverjum.

4. Lélegur réttur og réttindasvipting.

Algengt er að krafist sé ákveðins lágmarkstíma, t.d. fimm ára iðgjaldagreiðslu, til þess að um rétt til lífeyris sé að ræða. Þegar sjóðsfélagi hættir þátttöku í lífeyrissjóði er algengast að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark greiðslutíma. Þótt

skilyrðum um lágmarksréttindatíma sé fullnægt breytist réttarstaðan að ýmsu leyti við úrgöngu. Algengast er að réttur til barnalífeyris falli niður. Í sjóðum, þar sem réttindi eru framreiknuð, fellur slíkur framreikningur niður við úrgöngu. Í sumum sjóðum fellur réttur til örorkulífeyris að fullu niður við úrgöngu og í sumum sjóðum verður verðtrygging einskis virði við úrgöngu.

Af þessu má ráða að mörg iðgjaldagreiðslan ber ekki ávöxt í réttindum. Sá sem yfirgefur tiltekinn sjóð of snemma vegna þess að hann skiptir um starf kann að hafa greitt í sjóðinn til einskis því að réttur hans hefur ýmist aldrei orðið neinn eða rýrnar og glatast að meira eða minna leyti vegna ýmissa mjög mismunandi sérákvæða.

Flutningur réttinda milli sjóða var mjög algengur um skeið, en á undanförnum árum hafa flestir sjóðirnir stöðvað flutning réttinda til sín. Þess vegna fjölgar nú þeim stubbum og stúfum af iðgjaldagreiðslum sem veita engin eða mjög takmörkuð réttindi.

Má þetta vera til marks um hversu öfugsnúið núverandi lífeyriskerfi er þegar fólki er gert skylt að greiða í lífeyrissjóði en í rauninni er undir hælinn lagt hversu mikil réttindi það hlýtur að launum vegna þess að uppsafnaður réttur við starfsskipti verður að engu.

Fylgiskjal.

ÚR SKÝRSLU ENDURSKOÐUNARNEFNDAR LÍFEYRISKERFIS TIL FJÁRMÁLARÁÐHERRA FRÁ 2. MAÍ 1985.

Endurskoðunarnefnd lífeyriskerfis var skipuð þann 20. júlí 1976. Sú nefnd gengur yfirleitt undir nafninu „17 manna nefnd“ og hlutverk hennar var að vinna að endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins miðað við markmið sem sett voru fram í samkomulagi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda um lífeyrismál frá 28. febr. 1976. Þau markmið voru:

- að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna;
- að lífeyrissjóður og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma;
- að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta;
- að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ.e. að lífeyrir verði því lægri sem taka hans hefst fyrr;
- að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna.

Frá upphafi var skipuð undirnefnd undir þessa 17 manna nefnd, svokölluð sjö manna nefnd, sem síðar varð átta manna nefnd með því að Farmanna- og fiskimannasambandið gerðist aðili að því samkomulagi, sem hér um ræðir, og hlutverk átta manna nefndarinnar hefur verið að kanna sérstaklega málefni lífeyrisþega á samningssviði Alþýðusambands Íslands.

Lög og drög að lögum.

Nefndin hefur nú í áratug eða svo unnið að því meginverkefni að undirbúa gerð tillagna um lífeyriskerfið en auk þess hefur hún haft afskipti af og frumkvæði að lagasetningu, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, en það er 1) lög nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, sem síðar urðu lög nr. 2/1985, 2) lög nr. 50/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 3) lög nr. 91/1980, um skráningu lífeyrisréttinda, og 4) lög nr. 95/1980, um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Þessi nefnd hefur jafnframt gert drög að frv. til laga um lífeyrissjóði eða um starfsemi lífeyrissjóða. Þar er kveðið á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, þ.e. hvernig réttindi myndast, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu

og ávöxtun iðgjalda og enn fremur um skipulag, reikningshald og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðanna. Í þessum frumvarpsdrögum er kveðið á um þau skilyrði, sem lífeyrissjóðir verða að uppfylla til þess að þeir teljist fullnægja þeim kvöðum um skyldutryggingu sem í lögum felst, og auk ákvæða um eftirlit með starfsemi sjóðanna er þar m.a. gert ráð fyrir ákvæði um verðtryggingu lífeyris. Þessi frumvarpsdrög eru í 42 greinum.

Í sérstakri álitsgerð hefur átta manna nefnd látið í ljósi álit sitt á þessum frumvarpsdrögum. Eitt meginsjónarmið átta manna nefndarinnar hefur verið að löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða ætti að fela í sér ákvæði um samræmd lágmarksréttindi og iðgjaldagreiðslur. Það hefur verið krafa nefndarinnar að slík ákvæði tækju með sama hætti til allra lífeyrissjóða hvort sem þeir störfuðu skv. sérlögum eða á grundvelli almennra reglugerða.

Jöfnun réttinda.

Það sjónarmið býr þá að baki að það sé óhjákvæmilegt að lífeyrisréttindi allra manna verði jöfnuð og samræmd og að greiðsla sama lífeyrisiðgjalds af sambærilegum tekjum leiði til sömu lífeyrisréttinda. Í samræmi við þetta er það frá sjónarhóli nefndarinnar skilyrði þess að lífeyrissjóður fái að starfa að *iðgjöld og réttindi standist á og sjóðirnir standi undir sér.*

Ekki er hægt að standa við skuldbindingar.

Í þessu sambandi er vert að benda á að víða í skýrslu nefndarinnar kemur fram að víða hafi verið stofnað til skuldbindinga af hálfu lífeyrissjóðanna, sem ekki sýnist hægt að standa við, þ.e. *eignir sjóðanna eru ónógar til þess að þeir geti greitt þau lífeyrisréttindi sem þeir hafa heitið félögum sínum.* Í þessu sambandi hafa þá verið gerðir ýmsir útreikningar sem hafa leitt þetta í ljós. Þær athuganir sýna tvímælalaust að framtíðarhorfur núverandi lífeyrissjóðakerfis eru verri en menn höfðu almennt gert sér grein fyrir. Jafnframt er ljóst að staða lífeyrissjóðanna í dag gagnvart skuldbindingum, sem þegar hefur verið stofnað til, er miklu lakari en margir höfðu áttað sig á.

Gallar gegnumstreymiskerfis.

Þær athuganir, sem hér um ræðir, hafa bæði beinst að svonefndu gegnumstreymiskerfi og svonefndu söfnunarkerfi. Þeir útreikningar gefa til kynna að í söfnunarkerfi þyrfti iðgjald að jafnaði ekki að vera svo hátt sem í svonefndu gegnumstreymiskerfi. Gallar gegnumstreymiskerfisins eru þá þeir að þegar illa árar eða við breytingu á hlutfallslegri skiptingu mannfjöldans, þá þarf iðgjald að hækka mjög verulega. Því er gegnumstreymiskerfið miður heppilegt þegar miklar breytingar á aldursskiptingu eru fram undan eins og einmitt á við um þessar mundir á Íslandi.

Geymd eða glötuð réttindi.

Leitt hefur af hinni almennu þátttöku í lífeyrissjóðum, sem innleidd hefur verið með lögum, að það verður æ algengara að menn eigi geymd réttindi í fleiri sjóðum en einum sem þeir greiða ekki lengur iðgjald til. Sjóðirnir hafa brugðist við þessu með tvennum hætti. Annars vegar hafa þeir dregið mjög úr eða jafnvel fellt alveg niður lágmarksskilyrði um iðgjaldafjárhæðir og iðgjaldagreiðslutíma, sem veitt getur rétt til lífeyris, og hins vegar gert með sér samskiptasamning þar sem kveðið er á um að litið skuli á réttindi sem samfelld þótt menn skipti um sjóð, svo og um flutning minni háttar réttinda milli sjóða þegar til lífeyrisgreiðslu kemur. Það munu vera um 45 sjóðir, sem eiga aðild að þessu samkomulagi, en það er um helmingur sjóðanna í landinu.

Í sérstakri greinargerð, sem fylgir skýrslunni, og nefnist yfirlit um lífeyriskerfið og er dags. 12. maí 1982, er að finna ýmsar greinargóðar upplýsingar um lífeyriskerfið eins og það nú er. Þar er þess m.a. getið að eftir því sem félögum lífeyrissjóða fjölgaði þá var flutningur réttinda sífellt stærri þáttur í starfsemi sjóðanna, en jafnframt hafði verðbólgan það í för með

sér að það var mikið misræmi á milli þeirra skuldbindinga sem lífeyrissjóðir tóku á sig er þeir veittu flutningi viðtöku og þeirrar fjárhæðar, þ.e. iðgjalda ásamt vöxtum sem þeir fengu greiddar skv. gildandi venjum. Að undanförnu, en einkum þó á árinu 1980, hefur hins vegar mikið kveðið að einhliða ákvörðunum einstakra lífeyrissjóða um stöðvun réttindaflutninga eftir eldri reglum, en jafnframt hefur verið unnið að almennu samkomulagi lífeyrissjóða með því markmiði að réttindi glatist ekki þó menn skipti um starf og lífeyrissjóð.

Tilgangur lagasetningar.

Með lögum um starfskjör launafólks var komið á skyldu fyrir alla þá sem tekjur hafa af atvinnu til að tryggja sér réttindi í lífeyrissjóði. Tilgangurinn með lögunum um skráningu lífeyrisréttinda var hins vegar sá að tryggja greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild, stuðla að framkvæmd lagaákvæðanna um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og afla vitneskju um þau réttindi sem lífeyrissjóðakerfið í heild veitir. Á hinn bóginn er Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda ætlað það hlutverk að taka við mönnum, sem tryggingarskyldir eru, en fullnægja ekki tryggingaskyldu sinni með aðild að og greiðslu iðgjalda til annarra lífeyrissjóða.

Fjöldi sjóða.

Í þessari skýrslu er þess getið að í árslok 1980 töldust vera starfandi hér á landi 96 lífeyrissjóðir og af þeim höfðu 90 sjóðir hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins skv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en um eftirtalda 6 sjóði hafa verið sett sérstök lög: Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, Lífeyrissjóð ljósmæðra, Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð bænda og Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Margbreytileiki bótaákvæða ...

Um lífeyrisréttindi lífeyrissjóðanna segir m.a. að nær allir lífeyrissjóðir hér á landi veiti 4 tegundir lífeyris, elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Að öðru leyti segir að bótaákvæði séu svo margbreytileg að þeim verði ekki lýst til neinnar hlítar í stuttu máli.

... í ellilífeyri,

Algengast er að krafist sé a.m.k. fimm ára iðgjaldagreiðslu til þess að um rétt til ellilífeyris geti verið að ræða. Gildir sú regla í 53 sjóðum með 82 000 starfandi sjóðsfélaga. Á hinn bóginn felst ekki ávallt það sama í þessu ákvæði þar eð sumir sjóðir krefjast 60 mánaða iðgjaldagreiðslu en hjá öðrum er krafist tiltekinna lágmarksgreiðslna er skuli dreifast á a.m.k. 5 almanaksár. Hjá 20 sjóðum, þar með töldum séreignasjóðunum, er ekki krafist neins lágmarksiðgjaldagreiðslutíma, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár en hjá öðrum sjóðum gilda sérreglur í þessu efni. Hér er því um fjölskrúðugar reglur að ræða varðandi ellilífeyrisgreiðslur.

... í örorkulífeyri,

Um örorkulífeyri gilda önnur ákvæði. Skv. bótaákvæðum SAL-sjóðanna er það skilyrði fyrir rétti til örorkulífeyris að umsækjandi hafi greitt iðgjöld til hlutaðeigandi sjóðs undanfarandi 3 almanaksár og a.m.k. 6 mánuði á næstu 12 mánuðum, áður en orkutap á sér stað. Réttindi miðast við áunnin stig að viðbættum framreiknuðum stigum til 70 ára aldurs. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins gildir einnig skilyrðið um þriggja ára réttindatíma, þ.e. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þar er höfuðreglan hins vegar sú að fjárhæð lífeyris miðast eingöngu við áunnin réttindi nema rekja megi örorkuna til starfs sjóðsfélaga. Þriggja ára lágmark réttindatíma gildir í 40 sjóðum, ekkert slíkt lágmark er hjá 15 sjóðum, 15 sjóðir hafa 5 ára lágmark, 8 sjóðir miða við 10 ár og 12 sjóðir fylgja öðrum reglum. Hér er því sömuleiðis um mikla fjölbreytni að ræða.

... í makalífeyri,

Varðandi makalífeyri er það að segja að algengast er að réttur til makalífeyris sé bundinn skilyrðum um a.m.k. sex mánaða réttindatíma. Sú regla gildir hjá 41 sjóði. Hjá 27 sjóðum er ekkert lágmark, hjá fjórum sjóðum er eins árs lágmark, hjá tíu sjóðum fimm ára lágmark, en hjá sex sjóðum gilda enn aðrar reglur.

... í barnalífeyri,

Varðandi barnalífeyri og réttindi í því sambandi, þá er hjá 47 sjóðum veittur barnalífeyrir við fráfall sjóðsfélaga án tillits til lengdar réttindatímans en 38 sjóðir krefjast sex mánaða lágmarkstíma og fjórir sjóðir fylgja enn öðrum reglum í þessum efnum.

... í verðtryggingu.

Fjölbreytni er einnig nokkur í verðtryggingu. Verðtrygging elli-, örorku- og makalífeyris er þannig með nokkuð mismunandi hætti. Í 19 sjóðum með um 33 000 starfandi sjóðsfélaga er kveðið á um fulla verðtryggingu. Þá er átt við að bótafjárhæðir breytist í samræmi við tiltekinn kauptaxta eða fylgi breytingum er verða á launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri eða starfi sem sjóðsfélaginn gegndi. Hjá svo nefndum SAL-sjóðum gilda ákvæði til bráðabirgða um verðtryggingu elli-, örorku- og makalífeyris í samræmi við samkomulag ASÍ, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaga frá 1977, með síðari breytingum, og sömu eða hliðstæðar reglur gilda hjá mörgum öðrum sjóðum. Alls er hér um að ræða 40 sjóði með um 69 000 sjóðsfélögum. Hjá 13 sjóðum með 15 000 starfandi sjóðsfélaga gilda aðrar reglur í þessu efni og er þar almennt um að ræða takmarkaðar uppbætur. En 23 sjóðir með 6000 starfandi sjóðsfélaga hafa engin ákvæði um uppbætur á lífeyri eftir að hann hefur upphaflega verið úrskurðaður.

Takmarkaður réttur við úrgöngu ...

Réttur við úrgöngu er tiltölulega takmarkaður. Hætti maður þátttöku í lífeyrissjóði, þ.e. iðgjaldagreiðslur falla niður af öðrum ástæðum en vegna elli eða örorku eða gjaldfrelsi að tilskildum iðgjaldagreiðslutíma loknum, þá telst hlutaðeigandi ýmist sjóðsfélagi áfram um sex mánaða skeið og nýtur á þeim tíma óskertra réttinda eða hann telst farinn úr sjóðnum um leið og hann hættir iðgjaldagreiðslum. Reglan um sex mánaða umþóttunartíma gildir hjá 41 sjóði en 49 sjóðir hafa engan umþóttunartíma. Þegar sjóðsfélagi hins vegar telst hættur þátttöku og umþóttunartíminn er liðinn, ef um hann er að ræða, þá er það mismunandi eftir sjóðum hverra réttinda maðurinn nýtur. Algengast er að réttindi falli niður ef ekki eru uppfyllt skilyrði um tiltekið lágmark iðgjaldagreiðslutíma og e.t.v. einnig um lágmark áunninna stiga. Í 50 sjóðum með um 81 þús. starfandi sjóðsfélaga eru skilyrði um 5 ára lágmarkstíma. Hjá 18 sjóðum er ekkert slíkt lágmark, hjá 10 sjóðum er lágmarkið 10 ár, en hjá 12 sjóðum gilda enn aðrar reglur. Nái réttindatími ekki tilskildu lágmarki eru iðgjöldin geymd án þess að þau veiti nokkurn lífeyrisrétt. Þau geta þó komið að notum síðar annaðhvort með því að hlutaðeigandi hefji aftur þátttöku í sjóðnum eða annar sjóður samþykki að veita iðgjöldum viðtöku.

... og breytt réttarstaða.

Þótt skilyrðum um lágmarksréttindatímann sé fullnægt þá breytist réttindastaðan að ýmsu leyti við úrgöngu. Algengast er að réttur til barnalífeyris falli þá niður. Í sjóði þar sem réttindi eru framreiknuð við ákvörðun örorku og makalífeyris fellur slíkur framreikningur niður við úrgöngu en geymd réttindi miðast eingöngu við liðinn réttindatíma. Í 29 sjóðum fellur réttur til örorkulífeyris að fullu niður við úrgöngu og verðtrygging lífeyris er í sumum sjóðum takmarkaðri og jafnvel nær einskis virði eftir úrgöngu.

Stöðvun flutninga.

Í þessu yfirliti, um lífeyrissjóðakerfið dags. 12. maí 1982, segir enn fremur að undanfarin tvö ár hafi flestir lífeyrissjóðir stöðvað flutning réttinda til sín en einstök mál hafi oft verið leyst með sérstöku samkomulagi þegar nauðsyn hefur krafið. Jafnframt hafi samtök sjóðanna, þ.e. Landssamband lífeyrissjóða og Samband almennra lífeyrissjóða, haft frumkvæði um gerð almenns rammasamkomulags um þessi mál en það hafi ekki náð fram að ganga. Staða þessara mála nú skv. skýrslunni er því sú að mjög lítið kveður að flutningi réttinda milli lífeyrissjóða.

Gjaldstofn er hreyfilegur.

Í þessari skýrslu segir líka um tryggðar tekjur að gjaldstofn sá eða tryggðar tekjur, sem iðgjöld til lífeyrissjóða reiknast af, eru mismunandi eftir sjóðum og mismunur að þessu leyti getur jafnvel verið milli einstakra starfshópa innan sama sjóðs. Það er algengt að iðgjöld séu greidd af föstum launum eða dagvinnutekjum skv. umsömdum launataxta. Hlutfallið milli lífeyris og fyrri heildarvinnutekna fer þá að verulegu leyti eftir því hve mikinn hluta heildarteknanna menn fá í formi fastra launa. Dæmi eru um að iðgjöld séu greidd af fastri yfirvinnu og einnig eru dæmi um að vaktavinnutekjur séu að verulegu leyti gjaldskyldar þannig að hér er um nokkra fjölbreytni að ræða.

Í þeim kafla, sem fjallar um heildarréttindi og fjölda lífeyrisþega, segir m.a.:

Lítil réttarbót fyrir 25 ára starf (290 kr.).

„Það vekur athygli hve lítil viðbótarréttindi láglaunamaður ávinnur sér með áratuga greiðslum til lífeyrissjóðs. Skýrast kemur þetta fram í dæmunum þar sem einhleypur verkamaður getur vænst þess að fá í heild kr. 4980 á mánuði í ellilífeyri ef hann greiðir iðgjald til lífeyrissjóðs í 40 ár; en verkamaður, sem nýtur 15 ára réttinda samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra og hefur e.t.v. aldrei greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs, fær nú kr. 4690 á mánuði."

Hér er því greinilega um mikið misræmi að ræða sem hlýtur að skapa úlfúð og tortryggni í þeim mæli sem menn uppgötva hvernig mál eru hér í pott búin.

Frumvarpsdrög um starfsemi lífeyrissjóða — þriggja ára gömul.

Eins og áður getur eru þau drög að frv. til l. um starfsemi lífeyrissjóða, sem starfshópur á vegum 17 manna nefndar hefur unnið, 42 greinar samtals. I. kaflinn fjallar um gildissvið, II. kafli um réttindi lífeyrisþega, reglugerðir lífeyrissjóða, iðgjöld o.fl., III. kafli fjallar um stjórn, IV. kafli um endurskoðun ársreikninga o.fl., V. kafli um starfsleyfi lífeyrissjóða og eftirlit, VI. kafli um afturköllun starfsleyfis, slit lífeyrissjóða og sameiningu, VII. kafli um lífeyrissjóði er starfa við gildistöku laga þessara og í VIII. kafla eru ýmis ákvæði.

Afstaða BSRB.

Þessi drög eru dags. 12. apríl 1983 eða fyrir u.þ.b. þremur árum síðan. Ekki hafa þau enn verið lögð fyrir Alþingi. Í sérstökum bréfum frá formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem fylgja þessum frumvarpsdrögum, er þess getið að stjórn BSRB telur sér ekki fært að taka afstöðu til frumvarpsdraganna fyrr en niðurstöður tryggingafræðings, sem gerði fjárhagslega úttekt á lífeyrissjóðunum með hliðsjón af frumvarpsdrögunum, liggi fyrir. Enn fremur telur bandalagsstjórnin að þau fylgifrumvörp, sem um hefur verið rætt, þurfi að vera fyrir hendi áður en afstaða er tekin til frumvarpsdraganna.

Afstaða átta manna nefndar...

Í greinargerð um drög að þessum frumvörpum frá átta manna nefndinni kemur fram að nefndin telur þær tillögur um ákvæði, um lífeyrisréttindi og lífeyrisiðgjöld, sem fram koma í

frumvarpsdrögunum í 13. og 14. gr., ófullnægjandi. Í því sambandi bendir nefndin á að óvarlegt sé að gera ráð fyrir ávöxtun iðgjaldasjóðs umfram breytingu kaupgjalds og telur reynslu annarra þjóða sýna að kaupgjald hafi hækkað með fáum undantekningum umfram nafnvexti. Nefndin telur jafnframt að niðurstöður þeirra útreikninga, sem gerðir hafa verið bendi til þess að *iðgjöld séu of lág og/eða lífeyrisréttindi séu of ríkuleg nema hvort tveggja sé.*

... á móti gegnumstreymiskerfi.

Jafnframt telur hún að þau dæmi sem reiknuð hafa verið sýni glöggt að *með upptöku gegnumstreymiskerfis væri verið að velta vandanum á undan sér,* en að auki bendir nefndin á þjóðhagslega þýðingu sparnaðar í lífeyriskerfinu með söfnun og virðist því taka afdráttarlaust undir það að svonefnt söfnunarkerfi skuli vera við lýði. Vegna breytinga sem orðið hafa á undanförnum árum á vinnuframlagi hjóna er það mar þessarar nefndar (átta manna nefndarinnar) að sú breyting kalli á breytingu á ákvörðun um makalífeyri og jafnframt leggur nefndin til að barnalífeyrir verði stórhækkaður og lífeyrisréttindum verði skipt milli hjóna.

... um tryggingafræðilega úttekt á hverjum sjóði.

Vegna stöðu sjóðanna bendir nefndin á að óhjákvæmilegt sé að gerð verði tryggingafræðileg úttekt á hverjum starfandi lífeyrissjóði sem leiði til mats á raunverulegum réttindum sjóðsfélaga á grundvelli eigna í sjóðnum. Nefndin gerir ráð fyrir því að lífeyristryggingar almannatrygginga muni starfa áfram með svipuðum hætti og nú er, þ.e. að núverandi elli- og örorkulífeyri verði haldið og hann greiddur án tillits til ævitekna lífeyrisþega. Hann yrði þannig áfram grunnlífeyrir í nýju lífeyriskerfi.

... um tekjutengdan lífeyri,

Úr lífeyrissjóðum yrði hins vegar greiddur tekjutengdur ellilífeyrir í samræmi við hugmyndir sem fram eru settar um það að samanlögð iðgjöld sjóðsfélaga hvert almanaksár skuli umreiknuð í stig sem myndi grundvöll lífeyrisréttinda hans. Umreikningurinn skal gerður þannig að í iðgjaldsstofn hvers iðgjaldsgreiðanda skal deila með ákveðnum grundvallarlaunum. Grundvallarlaun skulu miðast við áætlaðar meðalatvinnutekjur fullvinnandi framteljanda og skulu þau taka sömu breytingum og áætlað er að meðaltekjur af atvinnu hafi gert frá næst liðnu almanaksári. Upphæð ellilífeyris skal ákvarðast sem hundraðshluti af grundvallarlaunum. Þessi hundraðshluti skal ákvarðaður á grundvelli samanlagðs stigafjölda sem sjóðsfélagið hefur áunnið sér. Lífeyrisgreiðslur skulu innan hvers almanaksárs breytast með breytingum kauptaxta allra launþega á grundvelli upplýsinga frá opinberum aðilum. Lífeyrisréttur ræðst þannig af greiðslum iðgjalda af tekjum á starfsævi.

... um réttindi hjóna,

Um skiptingu réttinda milli hjóna segir: Í hugmyndum átta manna nefndarinnar er tekin ákveðin afstaða til ellilífeyrisréttar heimavinnandi maka. Gengið er út frá því að í hjónabandi felist sameiginlegt fjárfélag hjónanna og að þær eignir, sem myndaðar eru af tekjum sem aflað er meðan hjónaband varir, séu sameign hjónanna. Af þessu er ályktað að ellilífeyrisréttur sem stofnast með greiðslu iðgjalda á atvinnutekjum sé sameign hjónanna. Nefndin leggur því til að ellilífeyrisréttindi skiptist á milli hjóna við slit hjónabands hvort sem heldur er af völdum skilnaðar eða dauða. Lagt er til að við skilnað sé þeim ellilífeyrisréttindum, sem áunnist hefur meðan hjónabandið stóð, skipt jafnt á milli hjóna. Við dauða annars hjóna er hins vegar lagt til að við fráfall þess hjóna, sem hefur aflað minni réttar meðan á hjónabandinu stóð, haldi hitt hjónanna áunnum rétti sínum óskertum. Falli það hjónanna frá, sem hefur haft meiri tekjur og því aflað meiri lífeyrisréttinda meðan á

hjónabandinu stóð, er hins vegar lagt til að ellilífeyrisréttindi hins eftirlifandi yrðu hækkuð í það að nema hinu sama og hinn látni hafði aflað meðan á hjónabandinu stóð.

... um fjölskyldulífeyri,

Um svonefndan fjöldskyldulífeyri segir: Núgildandi ákvæði flestra lífeyrissjóða taka mið af veröld sem var. En í því fólst að eiginkonan væri fullkomlega háð eiginmanni sínum fjárhagslega og væri á framfæri hans. Við andlát eiginmannsins greiðist konunni því framfærslueyrir, þ.e. makalífeyrir. Geysilegar breytingar hafa átt sér stað varðandi launaða vinnu eiginkvenna utan heimilis á undanförnum tveim áratugum og má ætla að um 65% giftra kvenna starfi utan heimilis og hlutfallið sé mun hærra í yngri aldursflokkum.

... um makalífeyri,

Sem fyrr segir leggur nefndin til að makalífeyrir í sinni núverandi mynd verði ekki í nýju réttindakerfi. Í stað þess er lagt til að ellilífeyrisréttindum hjóna verði skipt svo að við fráfall maka verði greiddur tímabundinn fjölskyldulífeyrir sem miðist við framfærslubyrði. Er hér annars vegar um að ræða makabætur sem greiddar verði í 1–2 ár eftir fráfall maka. Hins vegar er um að ræða barnalífeyri. Leggur nefndin áherslu á að hann verði stóraukinn og greiddur til framfæranda barna látins sjóðsfélaga til 19 ára aldurs barna. Nefndin telur að skipting ellilífeyrisréttinda hjóna, upptaka makábóta og stórhækkun barnalífeyris en niðurfelling makalífeyris sé aðlögun að breyttum þjóðfélagsháttum.

... um iðgjald af öllum launum,

Varðandi iðgjaldsstofn leggur nefndin til að iðgjaldsstofni verði breytt þannig að í stað þess að iðgjald sé eingöngu greitt af dagvinnutekjum þá skuli það greiðast af heildaratvinnutekjum og um leið yrði tekjutengdur lífeyrir miðaður við heildaratvinnutekjur. Nefndin telur að breyting á iðgjaldsstofni og dagvinnutekjur í allar launatekjur hafi mun meiri kosti en ókosti í för með sér. Í fyrsta lagi má nefna að eðlilegra virðist að miða réttindamyndun fremur við launatekjur í heild en eingöngu við tekjur af dagvinnu. Í öðru lagi er oft mjög erfitt að skilgreina dagvinnulaun svo að vel sé og vafi getur m.a. leikið á meðferð álags- og bónusgreiðslna. Í þriðja lagi er nær ógerlegt að koma við eftirliti með því að iðgjaldsgreiðslur séu inntar af hendi svo sem vera ber, ef miðað er við dagvinnutekjur, þar sem ekki er greint á milli dagvinnulauna og annarra launa á launaseðlum eða launauppgjörum.

... um afstöðu og stofnsetningu lífeyrissjóðaeftirlits.

Í bréfi dags. 6.5.1983 til formanns 17 manna lífeyrisnefndar hefur átta manna nefndin áréttað afstöðu sína til frumvarpsdraganna. Þar kemur fram að nefndin tekur ekki afstöðu til efnis og orðalags 13. og 14. gr. frumvarpsdraganna af því að hún telur að í þeim felist engin efnisbreyting á núverandi kerfi lífeyrisréttinda en á skorti ný og samræmd ákvæði sem taki með sama hætti til allra starfandi manna í landinu. Í öðru lagi kemur fram að nefndin leggur til að málefni lífeyrissjóða verði flutt frá fjmrn. til sérstakrar stofnunar, lífeyrissjóðaeftirlits, sem heyri undir ráðherra tryggingamála. Nefndin leggur enn fremur til að lífeyrissjóðaeftirlitið lúti stjórn sérstaks eftirlitsráðs. Og í þriðja lagi telur nefndin að eftirlitsráð eigi að vera skipað skv. tilnefningu samtaka launþega, atvinnurekenda og ríkissjóðs með svipuðum hætti og gilt hefur um skipun 17 manna nefndarinnar þannig að fulltrúar þeirra hagsmunasamtaka, sem að sjóðunum standa, verði gerðir ábyrgir fyrir eftirlitinu.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [427. mál]

um jöfnun húsnæðiskostnaðar.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að nauðsyn beri til að jafna húsnæðiskostnað milli mismunandi hópa í þjóðfélaginu með því að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á síðast liðnum árum. Því ályktar Alþingi að fela félagsmálaráðherra að tilnefna fimm menn í nefnd til þess að setja reglur um endurgreiðslu á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til aðila sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–85 og urðu fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðarölluninni vegna ytri aðstæðna sem ekki voru á valdi þessara aðila. Við setningu reglnanna um ofangreindan endurgreiðsluhluta skal taka mið af svofelldri meginstefnu:

1. Til grundvallar skal leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verða raktar til íbúðakaupa eða íbúðarbyggingar á þessu tímabili.
2. Hámarksviðmiðun sé 2,5 milljóna króna skuld á verðlagi í des. 1985.
3. Endurgreiðsluhluti nemi 50% af þeirri hækkun viðkomandi skulda sem átt hefur sér stað fram til 31. des. 1985 umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu.
4. Endurgreiðsluhlutinn renni til þess að
   a. greiða vanskil,
   b. lækka skammtímaskuldir viðkomandi,
   c. lækka skuldir viðkomandi til langs tíma, og þá í þeirri forgangsröð sem hér er upp talin og svo langt sem til hrekkur.
5. Útreikningur endurgreiðsluhlutans skal gerður af Húsnæðisstofnun ríkisins í samráði við skattstofu hvers aðila og skal sótt um endurgreiðsluhlutann til Húsnæðisstofnunar.
6. Húsnæðisstofnun veiti til endurgreiðslunnar á þessu ári allt að 300 milljónum kr. af því fé sem henni hefur verið ætlað til að mæta vanda þeirra sem við sérstaka greiðsluerfiðleika eiga að stríða. Afgangur, sem verða kynni, yrði reiddur af hendi á næsta ári.
7. Húsnæðisstofnun annist útgreiðslu endurgreiðsluhlutans og samninga við lánardrottna eftir því sem við ætti.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvernig kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala hefur leikið þá sem aflað hafa sér húsnæðis á næstliðnum árum. Þeir, sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði fyrir 1980, nutu aðstoðar verðbólgu og niðurgreiddra lána við fjármögnun íbúða sinna. Nú er fram undan að stórbæta húsnæðislánakerfið skv. samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar við nýgerða kjarasamninga. Þeir, sem afla sér íbúðar skv. því kerfi sem fram undan er, munu því njóta allhagstæðs lánakerfis ef að líkum lætur. Eftir situr þá sá þjóðfélagshópur sem aflaði íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–85 og er sligaður af skuldastöðu sinni. Við slíkt misrétti verður ekki unað. Hér duga engar lánalengingar því að eignastaða aðilanna er orðin óbærileg. Til þess að jafna muninn er það eitt til ráða að greiða niður hluta af skuldum þessara aðila svo að eignastaða þeirra skáni. Því er þessi tillaga flutt. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að sú mismunun, sem hér um ræðir, verði jöfnuð að hluta með því að almannafé verði sérstaklega til þess varið. Hér er gert ráð fyrir því að hluti af þeirri skuldaaukningu sem viðkomandi hópur hefur orðið fyrir verði endurgreiddur. Til viðmiðunar er að 50% af skuldaaukningu viðkomandi persóna umfram almenna hækkun kaupgjalds verði endurgreidd. Sú endurgreiðsla á beinlínis að fara til þess

að lækka skuldir þessara aðila eins og tilgreint er í tillögunni. Gert er ráð fyrir tilteknu þaki á endurgreiðslunni þannig að hámarksviðmiðun svari til skuldar að upphæð 2,5 millj. króna að verðlagi í des. s.l.

Flutningsmönnum er ljóst að hér er um vandasamt og flókið mál að ræða þannig að það þarfnast sérstaks undirbúnings. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefnd til þess að setja reglur um framkvæmdina skv. þeim meginlínum sem hér eru lagðar. Jafnframt er ætlun flutningsmanna að Húsnæðisstofnun annist framkvæmdina skv. umsóknum frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, enda yrði hluta af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar á þessu ári varið til þessa verkefnis.

Sþ. 788. Tillaga til þingsályktunar [428. mál]

um rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnsævi.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur J. Guðmundsson, Helgi Seljan, Ragnar Arnalds, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir að fram fari skipulegar rannsóknir á botnlægum tegundum á grunnslóð og kortlagning slíkra miða til að auðvelda veiðar, ekki síst innfjarða.

Gerð verði áætlun um þetta verkefni með það í huga að ljúka slíkum yfirlitsrannsóknum á næstu fimm árum og til þess veitt sérstakt fjármagn úr ríkissjóði, í fyrsta sinn á fjárlögum 1987.

Greinargerð.

Vaxandi áhugi er á að hagnýta fleiri tegundir sjávardýra hér við land en verið hefur til veiða og vinnslu. Takmarkanir á hefðbundnum veiðum, aukin útgerð smábáta og bætt aðstaða og tækni ýta undir þennan áhuga, svo og þörfin á meiri fjölbreytni í atvinnulífi víða um land.

Veiðar á **hörpudiski** og **rækju** hafa þegar reynst mikil búbót og telur Hafrannsóknastofnun að stofnar þessara dýra séu nú nær fullnýttir á grunnslóð.

Hins vegar þurfa að koma til *rannsóknir innfjarða og víðar á grunnsævi til að skipulegar veiðar geti hafist á ýmsum öðrum botndýrum sem lítið eða ekkert hafa verið nýtt til þessa.* Hér er m.a. um að ræða tegundir svo sem *trjónukrabba, beitukóng, kúfskel, krækling, öðu, „báruskeljar" ogígulker.*

Tilraunaveiðar á nokkrum þessara tegunda lofa góðu og hefur Hafrannsóknastofnunin reynt að styðja við þær, t.d. með því að lána áhugaaðilum rannsóknatæki.

Hins vegar er ljóst að hér er á mörgum sviðum „ónumið land" þar eð ekki hefur verið unnið skipulega að slíkum rannsóknum á botndýralífi við landið, hvað þá að unnt sé að vísa á tiltekin mið svo sem æskilegt væri.

Vitneskja um stofnstærð ýmissa tegunda er einnig brotakennd, svo og um vaxtarhraða þeirra og lífshætti. Afla þarf þekkingar á slíku til að unnt sé að hafa stjórn á nýtingu og varast ofveiði.

Markaðsöflun og vöruþróun þurfa síðan að fylgja veiðitilraunum þótt í ýmsum tilvikum sé talið að selja megi afurðir hryggleysingja eins og t.d. ígulkerahrogn fyrir hátt verð erlendis.

Flytjendur þessarar þingsályktunartillögu hafa orðið varir við áhuga sveitarstjórna og fleiri aðila á að fá úttekt á lífríki innfjarða með hagnýtingu í huga, þar á meðal erindi frá hreppsnefnd Búðahrepps í Fáskrúðsfirði til Hafrannsóknastofnunar nýlega. Möguleikar Hafrannsóknastofnunar til að sinna slíkum beiðnum eru hins vegar takmarkaðir og þarf að ráða bót á því hið fyrsta. Hafrannsóknastofnun er sjálfsagður aðili til að undirbúa og hafa forustu um þær rannsóknir sem tillagan gerir ráð fyrir. Samvinna Hafrannsóknastofnunar við fleiri rannsóknastofnanir gæti reynst gagnleg, t.d. við Líffræðistofnun Háskólans, og varðandi vöruþróun hlýtur að koma til kasta Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Eðlilegast er að gengið verði í þetta verkefni skipulega með það fyrir augum að *taka fyrir svæði á grunnslóð eitt af öðru og kortleggja botninn með tilliti til botngerðar og helstu sjávardýra sem þar halda sig*, þannig að unnt sé að vísa með sem mestu öryggi á hagnýtanleg mið.

Hér er með vissum hætti um vistfræðilega úttekt að ræða en haga verður verkinu eftir ákveðinni forgangsröð og með hliðsjón af tilkostnaði. Miklu skiptir að auðvelt verði að bæta síðar við slíka úttekt innfjarða og annars staðar á grunnslóð við landið með nánari rannsóknum. Hafa ber í huga í því sambandi *hugsanlega ræktun botnlægra tegunda.*

Við undirbúning þessarar þingsályktunartillögu var leitað aðstoðar Hafrannsóknastofnunar. Var *Hrafnkell Eiríksson* fiskifræðingur svo vinsamlegur að taka saman yfirlit um „rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum í fjörðum og flóum hérlendis". *Koma þar fram mikilsverðar ábendingar um stöðu þessara mála og rannsóknaþörf* og ritgerð Hrafnkels birt í heild sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

Hrafnkell Eiríksson:

Rannsóknir á botnlægum hryggleysingjum í fjörðum og flóum hérlendis.

Nú eru stundaðar hefðbundnar innfjarðaveiðar á tveimur botnlægum hryggleysingjum hér við land, þ.e. hörpudiski og rækju. Enn fremur eru nýlega hafnar eða í undirbúningi tilraunaveiðar á trjónukrabba, beitukóngi og kúfskel. Auk ofangreindra hafa verið til umræðu möguleikar á nýtingu fleiri botndýrategunda, t.d. kræklingi, öðu, sandskel, skeljum af báruskeljaætt og ígulkerjum. Eins og að líkum lætur eru upplýsingar um þessar tegundir oft af skornum skammti, t.d. hvað varðar útbreiðslu, magn og veiðimöguleika. Sama gildir raunar um ýmsa líffræðilega þætti sem máli skipta ef til nýtingar kæmi, svo sem vöxt, hrygningartíma o.fl.

Hér á eftir verður í stuttu máli greint frá núverandi vitneskju og stöðu rannsókna á nokkrum helstu botndýrum sem nýtanleg eru talin á innfjarðasvæðum hér við land.

Hörpudiskur.

Þessi stofn er nú þegar fullnýttur með um 15–16 þús. tonna innfjarðaveiði á ári. Möguleikar á auknum hörpudisksveiðum byggjast nú einkum á því að „úthafsmið" finnist á landgrunninu fyrir Norðurlandi og Austfjörðum og mun hörpudisksleit hefjast þar sumarið 1986.

Rækja.

Rækjustofninn á grunnslóð er nú fullnýttur með um 7 þús. tonna veiði á ári. Stórauknar rækjuveiðar á undanförnum árum eru hins vegar fólgnar í vaxandi sókn á úthafsmiðum.

Eins og nú er háttað er því ekki talið að auknar innfjarðarannsóknir muni skila sér í umtalsverðri aukningu hörpudisks- og rækjuveiða á komandi árum. Þær eru hins vegar forsenda þess að skipulegar veiðar geti hafist á ýmsum öðrum botndýrum sem lítið eða ekkert hafa verið nýtt til þessa.

Trjónukrabbi.

Rannsóknir, sem hófust 1983, benda til þess að útbreiðsla þessa krabba sé einkum á 5–50 m dýpi inni á fjörðum og flóum. Veiðanlegt magn hefur fengist í gildrur allvíða við landið, enda þótt rannsóknir hafi ekki verið nægilega skipulegar til þess að meta stofnstærð eða veiðiþol. Gera má þó ráð fyrir að veiðarnar gætu numið fáeinum þúsundum tonna á ári. Trjónukrabbaveiðar hófust nýlega í Faxaflóa og hafa tvö fyrirtæki þegar markaðssett krabbaafurðir sem virðast lofa nokkuð góðu.

Beitukóngur.

Um útbreiðslu og magn þessa kuðungs er lítið vitað nákvæmlega, en hann er talinn algengur á allt að 100 m dýpi umhverfis landið. Tilraunaveiðar hófust nýlega í Faxaflóa með gildrum. Enn sem komið er stendur það nokkuð í járnum að aflamagn sé nægilegt til þess að stunda arðbærar veiðar. Talsverðar líkur eru þó taldar á betri árangri með skipulegum tilraunaveiðum á fleiri stöðum bæði í Faxaflóa og víðar. Beitukóngur er vel þekkt markaðsvara og gera má ráð fyrir að veiðar gætu numið a.m.k. nokkur hundruð tonnum á ári.

Kúfskel.

Hér er tvímælalaust um að ræða stærsta botndýrastofninn sem nýtanlegur er við Ísland. Útbreiðslan er allt í kringum landið og dýptarsviðið niður á a.m.k. 200 m. Mesta magn virðist vera fyrir hendi á sandbotni af kornastærð 0,15–0,25 mm. Víðátta útbreiðslusvæða með ákjósanlegri botngerð ásamt þéttleika skelja á svæðunum munu því ráða úrslitum um það hversu stór stofn er hér fyrir hendi.

Sumarið 1986 er áætlað að hefja veiðitilraunir á kúfskel með fullkomnum veiðarfærum af bandarískri gerð, enda eru Bandaríkjamenn með mesta reynslu af þessum veiðum. Þessar veiðitilraunir eru liður í víðtæku starfi hóps á vegum sjávarútvegsráðuneytisins um möguleika á kúfskelsveiðum við Ísland.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið fram til þessa með ófullkomnum veiðarfærum, benda til þess að kúfskelsveiðar við Ísland geti skipt nokkrum tugum þúsunda tonna á ári. Þar eð kúfskelsveiðar eru háðari góðu sjólagi en flestar aðrar veiðar munu innfjarðamið skipta mjög miklu máli fyrir öryggi í veiðum og vinnslu.

Kræklingur.

Algengur í fremur skjólsælum fjörum og niður á nokkurra metra dýpi. Hafinn er undirbúningur að tilraunum með kræklingsrækt við Hvítanes í Hvalfirði. Er þetta samvinnuverkefni Hafrannsóknastofunarinnar og einkafyrirtækis.

Aða.

Algeng tegund frá fjöruborði og niður á nokkra tugi metra. Oft fást 100–200 kg af öðu í stuttum togum í hörpudisksplóga. Enda þótt aðeins sé hægt að veiða öðu á hluta útbreiðslusvæðisins með skelplógum er talið mögulegt að veiða nokkur hundruð tonn á ári með þeim hætti.

Sandskel.

Þessi skel er þekkt á leirum á nokkrum stöðum við landið. Í Kollafirði hafa t.d. fundist blettir með allt að 100 skeljum á m^2. Slík svæði virðast þó mjög lítil að flatarmáli þannig að veiðar gætu vart numið nema fáeinum tonnum á ári.

„Báruskeljar".

Af þessum skeljum er hjartaskelin sú eina sem er þekkt markaðsvara. Hún lifir grunnt á sendnum fjörum og leirum. Enn sem komið er hefur þessi skel ekki fundist í veiðanlegum þéttleika hér á landi. Í ýmsa skelplóga hefur oft fengist vottur af báruskel og krókskel, a.m.k. niður á um 50 m dýpi. Hér er mögulega um markaðsvöru að ræða ef í ljós kemur með frekari rannsóknum að veiðanlegt magn sé fyrir hendi.

Ígulker.

Í hörpudisksplóga fæst oft talsvert af ígulkerum, eða allt að 100–300 kg í stuttum togum. Hér er um tvær tegundir að ræða sem virðast a.m.k. víða algengar á 10–60 m dýpi inni á fjörðum og flóum. Báðar þessar tegundir eru þekkt markaðsvara, en mjög hátt verð er stundum í boði fyrir ígulkerahrogn, einkum á Japansmarkaði. Álitið er að veiða megi allt að fáeinum hundruðum tonna af ígulkerum hér við land með skelplógum og froskköfun þar sem dýpi er lítið og botn of harður fyrir veiðarfæri.

Hér að framan hafa verið taldir upp nokkrir möguleikar í nýtingu ónýttra botndýra á grunnslóð við Ísland. Enda þótt rannsóknir hafi í flestum tilvikum verið fremur litlar eða engar á þeim sérstaklega liggja fyrir smávegis upplýsingar í tengslum við aðrar rannsóknir eða veiðar. Að sama skapi eru því ekki fyrir hendi neinar nákvæmar upplýsingar um stofnstærð eða veiðimöguleika á þessum tegundum. Enn fremur eru sumar þeirra að svo komnu máli ekki þekktar á mörkuðum og því e.t.v. óálitlegur kostur í slíkri upptalningu. Þrátt fyrir ofangreinda óvissuþætti þykir þó við hæfi að gefa grófar upplýsingar um hugsanlega stærðargráðu veiða á umræddum tegundum enda gæti það komið að notum við val eða forgang verkefna.

Áætlað veiðiþol á ári (tonn)	Tegund	Veiðarfæri
>10.000	kúfskel	vatnsþrýstiplógur
>1.000	trjónukrabbi	gildrur
>100	beitukóngur	gildrur
	aða	hörpudisksplógur
	ígulker	hörpudisksplógur+köfun
>10	báruskel	vatnsþrýstiplógur
	krókskel	— —
>1	sandskel	vatnsþrýstiplógur+handtínsla
<1	hjartaskel	vatnsþrýstingur+handtýnsla
<1— >10.000	kræklingur	reiparæktun

Eins og sakir standa er Hafrannsóknastofnunin illa búin til rannsókna á umræddum tegundum. Ýmis rannsóknatæki eru þó fyrir hendi, t.d. botngreipar sem geta gefið upplýsingar um botndýralíf almennt á góðum botni og kornastærð setsins sem um ræðir. Slík tæki eru þó að jafnaði ónákvæm til áætlana um magn hinna stærri botndýra sem helst eru nýtanleg. Hörpudisksplógar (botnsköfur) eru væntanlega nothæfir til athugana á stærri botndýrum sem liggja ofan á botninum nema á mjög hörðum botni. Þannig má skipta poka þessara plóga í t.d. tvær mismunandi möskvastærðir til þess að fá betri upplýsingar um

þéttleika smærri einstaklinga. Með slíku tæki mætti meta magn öðu, ígulkera og beitukóngs a.m.k. á hluta útbreiðslusvæða þessara tegunda. Á mjög hörðum botni er hins vegar ekki hægt að koma neinum veiðarfærum við og þar þarf froskköfun eða neðansjávarmyndatöku til áætlana á magni og tegundum botndýra. Til rannsókna á þeim tegundum, sem lifa ofan í botninum (kúfskel, „báruskeljar", sandskel), þarf hins vegar vatnsþrýstiplóga eða dæluplóga til þess að meta magnið með einhverju öryggi. Veiðarfæri af þessu tagi eru ekki enn þá til en væntanlega verður svo á þessu ári á vegum kúffisknefndar sjávarútvegsráðuneytisins. Enda þótt sá útbúnaður miðist við kúfskel mætti hugsanlega með smærri möskvum í plógnum fá markverðar upplýsingar með þessu tæki um a.m.k. báruskel og krókskel. Hjartaskel og sandskel er hægt að rannsaka á fjörum en ekki verða fyrirsjáanlega til staðar dæluplógar til að rannsaka þær neðan fjöruborðs á mjög grunnu vatni. Kræklingur er hægt að rannsaka og veiða í fjörum á grunnsævi en raunhæf nýting á þessum stofni mun byggjast á kræklingsrækt vegna meiri vaxtarhraða, betri gæða og nýtingar á ræktuðum kræklingi. Vísir að kræklingsrækt og rannsóknum þar að lútandi er nú í undirbúningi.

Ed. 789. Frumvarp til laga [429. mál]

um breytingu á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Jón Sveinsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Við 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. bætist ný mgr. er orðist svo:

Vaxtagjöld, sem eru umfram leyfilegt árlegt hámark vaxtagjalda, sbr. 121. gr., er heimilt að flytja til næsta árs framreiknað skv. ákvæðum 26. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Greinargerð.

Í áliti milliþinganefndar um húsnæðismál frá 7. desember s.l. var lagt til m.a. að hámark verðtryggingar og vaxtafrádráttar verði endurskoðað til hækkunar. Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt var fram á Alþingi stuttu síðar og samþykkt 20. desember, var tekið tillit til annarra ábendinga milliþinganefndarinnar. Á vaxtafrádrættinum var hins vegar ekki tekið sérstaklega enda tíminn skammur til endurskoðunar laganna og um nokkuð yfirgripsmikið mál að ræða.

Það hámark, sem hér um ræðir, er á skattárinu 1986 vegna tekna ársins 1985 216 757 kr. hjá einstaklingum og 433 514 kr. hjá hjónum.

Í greinargerð með áðurnefndu frumvarpi ríkisstjórnarinnar sagði m.a.:

„Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nutu 16 669 framteljendur vaxtafrádráttar við álagningu 1985. Að meðaltali nam frádráttur þessi 97 554 kr. hjá hjónum og 70 669 kr. hjá einstaklingum. Tiltölulega mjög fáir verða fyrir skerðingu vegna hámarksins. Þeir, sem verða fyrir henni, eru og að jafnaði tekjuháir. Því þykir ekki nauðsynlegt að svo stöddu að leggja til að umrætt hámark vaxtafrádráttar verði hækkað."

Rétt er að tiltölulega fáir verði fyrir skerðingunni. Er hins vegar dregin í efa sú staðhæfing að skerðingin bitni að jafnaði á tekjuháum. Að mati flutningsmanna skiptir skerðingin verulegu máli fyrir þá sem hana verða að þola sem eru oft einmitt þeir sem lent hafa í miklum greiðsluerfiðleikum og jafnvel greiðsluþroti. Þykir ekki sanngjarnt gagnvart slíkum aðilum að tugir og jafnvel hundruð þúsunda falli niður sem ónýttur vaxtafrádráttur eins og núgildandi lög gera ráð fyrir. Miðar tillagan að leiðréttingu þessa án þess þó að hækka vaxtafrádráttinn árlega. Heimilaður er í staðinn flutningur þess sem ónýtt er til næsta árs framreiknað með verðbreytingarstuðli.

Tiltölulega fáir lenda í þeirri skerðingu sem nefnd hefur verið eins og fyrr segir og því er tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga mjög óverulegt. Breytingin er hins vegar réttlætismál þeirra sem fyrir skerðingunni verða.

Til glöggvunar eru í sérstöku fylgiskjali rakin tvö dæmi um skerðingu af því tagi sem um er rætt.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum um tekju- og eignarskatt er einungis heimilt að gjaldfæra vexti og áfallnar verðbætur að ákveðnu hámarki hjá einstaklingum og hjónum. Vaxtagjöld umfram hámarksákvörðun hverju sinni hafa til þessa ekki verið yfirfæranleg til næsta árs og því fallið niður án þess að koma greiðanda að neinum notum. Gerir greinin ráð fyrir þeirri breytingu að vaxtagjöld umfram hámarksákvörðun verði yfirfæranleg til næsta árs framreiknað með verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laganna.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að ónýttur vaxtafrádráttur frá 1984, er féll niður á skattárinu 1985, nýtist til fulls, framreiknaður á tekjuárinu 1985, á skattárinu 1986, nái frumvarpið fram að ganga.

Fylgiskjal.

Dæmi I.
Fylgiblað með skattframtali 1986.

	Upphaflegt lán	Lán án verðbóta við sölu	Lán með verðbótum við sölu	Áfallnar verðbætur	Greiddir vextir og verðbætur 1985	
Lífeyrissjóður, 1	320 000				77 306	
Landsbanki Íslands	100 000				2 500	
Landsbanki Íslands	80 000	48 000	75 664	27 664	19 161	
Landsbanki Íslands	110 000	82 500	114 427	31 927	23 341	
Lífeyrissjóður, 2	63 000	53 550	152 690	99 140	33 253	
Handhafi	210 000	70 000	70 000	0	214 269	
Samvinnubanki Íslands	150 000	112 500	166 457	53 957	55 328	
	1 033 000 kr.	366 550 kr.	579 238 kr.	212 688 kr.	+ 425 158	= 637 846 kr.
Hámarksfrádráttur hjóna:						433 514 kr.
Ónýttur vaxtafrádráttur						204 332 kr.

Dæmi II.
Fylgiblað með skattframtali 1986.

	Upphaflegt lán	Lán án verðbóta við sölu	Lán með verðbótum við sölu	Áfallnar verðbætur	Greiddir vextir og verðbætur 1985	
Samvinnubanki Íslands	50 000				1 358	
Samvinnubanki Íslands	100 000				2 737	
Landsbanki Íslands	120 000				3 064	
Alþýðubankinn	100 000				2 500	
Lífeyrissjóður	106 944				0	
Veðdeild Landsbanka Íslands	18 000	15 153	145 307	130 154	16 390	
Veðdeild Landsbanka Íslands	18 000	15 153	112 813	97 660	21 406	
Veðdeild Landsbanka Íslands	18 000	15 748	95 236	79 488	13 147	
Landsbanki Íslands	100 000	53 125	236 840	183 715	73 485	
Landsbanki Íslands	126 000	50 400	183 905	133 505	83 563	
Byggingarsjóður	150 000	138 963	200 108	61 145	16 131	
Landsbanki Íslands	200 000	168 750	224 897	56 147	43 541	
	1 106 944 kr.	457 292 kr.	1 199 106 kr.	741 814 kr.	277 322	
Kostnaður vegna vanskila					32 046	
				741 814 kr.	+ 309 368 kr.	= 1 051 182 kr.
Hámarksfrádráttur hjóna:						433 514 kr.
Ónýttur vaxtafrádráttur						617 668 kr.

Ed. 790. Frumvarp til laga [430. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsl. e-liðar orðast svo: Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 2004.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum, svo og peningahappdrættis, sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti. Ágóða af rekstri þessum skal varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til rekstrar peningahappdrættis hér á landi síðan 1934, sbr. lög nr. 44 19. júní 1933. Hefur happdrættið síðan að lang mestu leyti staðið undir öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng, en jafnframt hefur happdrættið að sama skapi sparað ríkissjóði útgjöld.

Sá háttur hefur verið hafður á, að lagaheimild til einkaleyfisveitingarinnar hefur verið bundin til 10 eða 15 ára í senn. Núgildandi heimild rennur út 1. janúar 1989. Vegna áætlana

um reksturinn og framkvæmdir á vegum Háskóla Íslands er tímabært að leita eftir framlengingu nú. Er gert ráð fyrir 15 ára framlengingu einkaleyfisins, og er það í samræmi við það sem gert var síðast þegar leyfið var framlengt.

Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur hug á að brjóta upp á nýmælum í rekstrinum. Reynsla er fyrir því erlendis, að happdrætti, sem eru þannig gerð, að kaupendur miða sjá strax, hvort þeir hafa hlotið vinning, njóta vinsælda margra og þykir rétt að reyna, hvort svo verður ekki einnig hérlendis. Enn fremur happdrætti, sem ekki eru flokkahappdrætti, en dregið um vinninga í lok sölutímabils. Enn fremur eru til happdrætti, sem sameina þetta tvennt.

Frumvarpið miðar að því að Happdrætti Háskóla Íslands verði gert kleift að fullnægja óskum viðskiptavina sinna og tryggja þar með, að það geti enn sem fyrr verið fjárhagslegur bakhjarl Háskóla Íslands.

Nákvæm lýsing á happdrættisnýmælinu er ekki tekin upp í frumvarpið, en gert er ráð fyrir, að því verði nánar ráðið til lykta í reglugerð. Er það gert til hagræðis, þar sem gert er ráð fyrir, að ekki verði um samfelldan rekstur að ræða, heldur verði heimildar leitað hverju sinni og verð miða og vinningar ákveðnir fyrir hvert sinn.

Nd. 791. Frumvarp til laga [431. mál]

um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. KAFLI

Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla innlendar rannsóknir á fisksjúkdómum og reglubundið eftirlit með heilbrigði hrogna, seiða og alifiska.

II. KAFLI

Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2. gr.

Við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal starfa deild, Rannsóknadeild fisksjúkdóma, er hafi það hlutverk að annast rannsóknir á fisksjúkdómum, sjúkdómsgreiningar á fiski, útgáfu heilbrigðisvottorða og aðra skylda starfsemi.

Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit og rannsóknir deildarinnar gefa tilefni til.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 11/1947, og setur honum erindisbréf. Hann skal hafa sérmenntun á sviði fisksjúkdómarannsókna.

Deildarstjóri sér um stjórn deildarinnar og markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og reglur og sér um tengsl við þá er varnir gegn fisksjúkdómum varða. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar, ber ábyrgð á fjárreiðum deildarinnar og ræður henni starfsfólk.

4. gr.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar í meinafræðum.

5. gr.

Verkefni Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu m. a. vera:

1. Að stunda rannsóknir á sviði fisksjúkdóma.
2. Að greina sjúkdóma er upp kunna að koma í alifiski.
3. Að rannsaka, þegar þess er þörf, alifiska sem fengið hafa lyfjagjöf.
4. Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og tryggja heilbrigði fiska.
5. Að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt tillögum fisksjúkdómanefndar og í samræmi við erlendar kröfur vegna útflutnings. Heilbrigðisvottorðin byggi á reglubundnu eftirliti og sýnum frá eldisstöðvum, sem og sýnum úr villtum fiskum sem valdir eru til undaneldis.
6. Að sinna öðrum skyldum verkefnum eftir ákvörðun forstöðumanns.

Menntamálaráðherra setur Rannsóknadeildinni starfsreglur.

6. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal starfa í samvinnu við fisksjúkdómanefnd og dýralækni fisksjúkdóma.

Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast rannsóknir vegna fisksjúkdóma í landinu.

7. gr.

Starfsmenn rannsóknadeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir fiskeldisfyrirtækjum eða sitja í stjórn slíkra fyrirtækja.

8. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal árlega semja skýrslu um starfsemi sína og senda hana menntamálaráðherra.

9. gr.

Rannsóknadeildinni skal sett gjaldskrá fyrir þjónustu er hún veitir. Skal hún staðfest af menntamálaráðherra.

III. KAFLI

Fisksjúkdómarannsóknir.

10. gr.

Fisksjúkdómanefnd setur reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri klak- og eldisstöð til að tryggja grunneftirlit. Skulu allar klak- og eldisstöðvar hlíta slíku eftirliti hvort sem um sölu úr stöðinni er að ræða eða ekki. Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

Í hverri eldisstöð skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform þar sem skráðar eru heimsóknir fulltrúa Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og niðurstöður eftirlits dýralækna og athugasemdir þeirra, sem og önnur fyrirmæli er varða sjúkdómavarnir.

Vilji umsjónarmaður eldisstöðvar eigi hlíta skriflegum fyrirmælum eftirlitsaðila er rétt að skjóta málinu til úrskurðar landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Á grundvelli reglubundins eftirlits og sýnatöku skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma rannsaka sýni með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

Ef tilteknir smitsjúkdómar, sem taldir eru hættulegir eða sérstaklega er getið í reglugerð, greinast skal rannsóknadeildin þegar í stað tilkynna um sjúkdóminn til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma.

Fisksjúkdómanefnd skal þá í samráði við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar aðgerðir og varúðarráðstafanir.

Að fengnum úrskurði ráðherra skal dýralæknir fisksjúkdóma hafa með höndum nauðsynlegar aðgerðir í samvinnu við héraðsdýralækna.

12. gr.

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, dýralæknir fisksjúkdóma, svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra, skulu hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar.

Gæta skulu þeir þó þess að valda ekki meiri truflun á starfseminni en nauðsynleg er hverju sinni.

Eigi er þó heimilt að krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Ekki er heimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem ætla má að fara eigi leynt.

13. gr.

Forráðamönnum eldisstöðva er skylt að tilkynna Rannsóknadeild fisksjúkdóma, héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóm í stöðinni. Þeim er og skylt að upplýsa um öll þau atriði sem að gagni mega koma til að greina sjúkdóminn og hefta útbreiðslu hans.

14. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal veita klak- og eldisstöðvum heilbrigðisvottorð, enda hafi reglubundið eftirlit og rannsóknir sýna ekki leitt í ljós sjúkdóma í stöðinni eða grun um þá. Slíkt vottorð veitir heimild til sölu á fiski og sótthreinsuðum hrognum innanlands eða til útlanda, sbr. 10. gr., með þeim almennu takmörkunum sem um það kunna að gilda hverju sinni.

15. gr.

Óski fiskeldisstöð eftir frekari rannsóknum en mælt er fyrir um í lögum þessum skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma verða við slíkri beiðni eftir því sem kostur er, á kostnaðarverði, og afhenda síðan niðurstöður í skýrslu eða með vottorði eftir því sem við á.

IV. KAFLI
Kostnaður.

16. gr.

Gjaldskrá skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Fiskeldisstöð leggur til sýni vegna eftirlits og rannsókna án endurgjalds. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af því að fiskeldisstöðvarnar greiði tvo þriðju hluta af launa- og rekstrarkostnaði við skyldurannsóknir, sbr. 10. gr.

Kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna uppkomins sjúkdóms, skal greiddur úr ríkissjóði.

Að öðru leyti skal starfsemi deildarinnar kostuð úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

2. mgr. 75. gr. laga nr. 76/1970 orðast svo:

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og dýralæknir fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

18. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum en með varðhaldi séu sakir miklar.

Með mál vegna brota skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Stöðu sérfræðings fisksjúkdóma skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samræmi við þingsályktanir á síðasta þingi skipaði forsætisráðherra nefnd til þess að gera tillögur um hvernig efla megi fiskeldi hér á landi og með hvaða hætti stjórnsýslulegri ábyrgð á fiskeldi skuli fyrir komið. Í nefnd þessari eiga sæti alþingismennirnir Eyjólfur Konráð Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Stefán Valgeirsson, Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra, Jónas Matthíasson verkfræðingur, tilnefndur af Sambandi fiskeldisstöðva, Árni Ísaksson deildarstjóri á Veiðimálastofnun og Gunnlaugur M. Sigmundsson viðskiptafræðingur sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hóf störf s. l. haust og hefur síðan skilað áfangaskýrslum til ríkisstjórnarinnar. Nefndin markaði þegar á fyrsta fundi sínum þá stefnu að brýnast í fiskeldismálum væri að setja reglur um heilbrigðiseftirlit með eldisfiski. Eftir samráð við ýmsa þá aðila, er mál þetta varðar, var það samdóma niðurstaða nefndarmanna að rétt væri að koma á fót sjálfstæðri deild til þess að sinna slíku eftirliti við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum. Nefndin samdi í framhaldi af því lagafrumvarp það sem hér er lagt fram.

Að mati nefndarinnar er það einkum tvennt sem kallar á að settar séu nú þegar ítarlegar reglur um heilbrigðiseftirlit með fiskeldisfyrirtækjum. Í fyrsta lagi þarf að gæta hagsmuna heildarinnar og koma í veg fyrir að sjúkdómur, sem upp kann að koma í einni stöð, nái að breiðast út til annarra stöðva og jafnvel heilla landsvæða. Í öðru lagi liggur fyrir að á bestu mörkuðum fyrir afurðir eldisstöðva er ekki leyfður innflutningur seiða eða eldisfisks nema opinbert eftirlit votti heilbrigði fisksins. Jafnframt þarf eftirlitsstofnun að hafa sinnt reglubundnu eftirliti með viðkomandi eldisstöð allan eldistímann samkvæmt forskrift þessara þjóða.

Hér eru miklir viðskiptahagsmunir í húfi og ljóst að núverandi heilbrigðiseftirlit annar engan veginn eftirliti með þeim mikla fjölda stöðva sem nú eru komnar eða eru að komast í rekstur. Fyrir liggur að helstu viðskiptalönd okkar gera misjafnlega miklar kröfur til þeirra stöðva er framleiða eldisfisk eða seiði sem flytja á inn í viðkomandi lönd. Sá aðili, sem sinnir

þessu heilbrigðiseftirliti hér á landi, verður því að vera undir það búinn að taka tillit til ófyrirséðra og nýrra krafna sem fram kunna að koma í þessum löndum. Því er hér gert ráð fyrir að sá aðili, sem með þessi mál fer, njóti allmikils sjálfstæðis til að ákveða hverra rannsókna er þörf á hverjum tíma.

Undanfarin ár hefur verið starfandi við Tilraunastöð Háskólans að Keldum einn fisksjúkdómafræðingur. Staða þessi var stofnuð á grundvelli 2. mgr. 75. gr. í X. kafla laga um lax- og silungsveiði. Samkvæmt þeim lögum er ráðherra þeim, er fer með málefni tilraunastöðvarinnar, „rétt" að skipa í umrædda stöðu. Málefni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum heyra undir menntamálaráðherra.

Á s. l. vori voru samþykkt lög á Alþingi um breytingu á lögum um dýralækna. Samkvæmt þeim er heimilt að skipa sérstakan dýralækni í fisksjúkdómum. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur réttindi og skyldur héraðsdýralækna og starfar undir stjórn yfirdýralæknis sem aftur heyrir undir landbúnaðarráðherra. Í sömu lögum er kveðið svo á að dýralækni í fisksjúkdómum skuli sköpuð starfsaðstaða í tengslum við fisksjúkdómadeild Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Rannsóknir á fisksjúkdómum og lækningar fisksjúkdóma eru því undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta. Nefndin, sem frumvarpið samdi, taldi að af þessu væri nokkurt óhagræði en sá þó ekki ástæðu til að gera breytingar þar á að sinni a. m. k.

Rannsóknadeildinni er fyrst og fremst ætlað að greina sjúkdóma með rannsókna- og tilraunavinnu eða staðfesta með sama hætti að fiskur eða seiði úr tilteknum stöðvum séu ekki haldin sjúkdómum. Talið er að slík starfsemi njóti hagræðis af sambýli við aðra rannsóknastarfsemi Háskólans og því sé ekki rétt að sameina þetta nú. Í niðurstöðum sínum taldi nefndin þó að ykist fiskeldi verulega hér á landi gæti verið rétt að endurskoða þessa tilhögun, sérstaklega ef umfang fiskeldisins verður það mikið að rétt þyki að koma á fót sérstakri stofnun. Gæti hún sinnt öllum þörfum þessarar atvinnugreinar, bæði rannsóknum, eftirliti, vottorðagjöf, lækningum og jafnvel gæðamati. Nokkur ár munu enn líða áður en ljóst verður hvort fiskeldið verður það umfangsmikið að kalli á slíkar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa umfram það sem sagt er í almennum athugasemdum.

Um 2. gr.

Mikið hagræði er í því fólgið að þessi starfsemi hafi aðgang að aðstöðunni á Keldum, bæði tækjum, rannsóknastofum og þeirri þekkingu sem til er að Keldum og í Háskóla Íslands. Hins vegar er talið rétt að hafa þessa starfsemi skýrt aðgreinda fjárhagslega þar sem eldisfyrirtækjum er ætlað að greiða stærstan hluta rekstrarkostnaðar við deildina, svo sem vikið er að síðar í athugasemdum við 4. og 16. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr.

Greinin felur í sér að menntamálaráðherra skipi deildarstjóra deildarinnar eins og nú er um fisksjúkdómafræðinginn. Ákvæði eru um menntunarkröfur til þess er starfinu gegnir þar sem sýnt hefur verið fram á að erlend heilbrigðisyfirvöld, sérstaklega í Bandaríkjunum, gera ríkar kröfur til menntunar þess aðila sem vottar heilbrigði á fiski sem flytja á inn til landsins. Í reglum í Bandaríkjunum eru auk þess heimildir til þess að láta viðkomandi einstakling gangast undir próf áður en stofnun sú, er hann veitir forstöðu, fær viðurkenningu til að votta heilbrigði eldisfisks.

Gert er ráð fyrir að deildarstjórinn hafi umsjón með starfi hennar að öðru leyti en því er segir í 4. gr, um forstöðumann Tilraunastöðvarinnar sjálfrar.

Um 4. gr.

Ætlast er til þess að eldisstöðvarnar beri umtalsverðan hluta af kostnaði við rekstur Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. einnig athugasemdir við 16. gr. Því er talið rétt að hafa fjárhag deildarinnar og bókhald alveg aðskilið frá öðrum rekstri Tilraunastöðvarinnar að Keldum. Deildin verður rekin sem sjálfstæð deild innan Tilraunastöðvarinnar að Keldum.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því er að útgáfu heilbrigðisvottorða lýtur. Samkvæmt því, sem hér er lagt til, gerir fisksjúkdómanefnd tillögur um það lágmarkseftirlit sem sinna þarf til að vernda hagsmuni heildarinnar og til þess að heimilt sé að selja eldisfisk innanlands. Rannsóknadeildin getur hins vegar þurft að gera fleiri rannsóknir á fiski úr þeim stöðvum sem hyggjast selja afurðir sínar til landa sem gera aðrar eða strangari kröfur en gerðar eru hér innanlands.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um samband deildarinnar og fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma. Gert er ráð fyrir að náið samband sé milli þessara aðila. Tekið er fram að deildin geti leitað til annarra rannsóknastofnana um úrlausn einstakra verkefna, svo sem fóðurrannsókna o.fl.

Um 7. gr.

Vegna þeirra miklu hagsmuna, sem í húfi geta verið, er talið rétt að starfsmenn deildarinnar séu hvorki fjárhagslega tengdir einstökum fiskeldisfyrirtækjum né sitji í stjórn slíkra fyrirtækja.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein er deildinni gert að senda menntamálaráðherra árlega skýrslu um starfsemi sína. Skal það veita deildinni og starfsmönnum hennar aðhald og vera trygging þess að stöðin sé vel rekin.

Um 9. gr.

Sjá athugasemdir við 16. gr.

Um 10. gr.

Greinin skýrir sig sjálf, sbr. og það sem sagt er í athugasemdum við 5. gr.

Um 11. gr.

Samkvæmt ákvæðum í þessari grein skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma tilkynna þegar í stað til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma ef vart verður við smitsjúkdóma í fiski í eldisstöð.

Samkvæmt lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, skal fisksjúkdómanefnd gera tillögur til ráðherra um aðgerðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma. Rétt er því talið að Rannsóknadeild fisksjúkdóma sé gert að tilkynna fisksjúkdómanefnd þegar í stað ef vart verður við tiltekna smitsjúkdóma.

Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi breyting á lögum um dýralækna er stofnað var embætti dýralæknis í fisksjúkdómum. Með hliðsjón af þessu er Rannsóknadeildinni einnig gert að tilkynna til embættis dýralæknis í fisksjúkdómum ef vart verður við sjúkdóm.

Samkvæmt 80. gr. laga um lax- og silungsveiði er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að ákveða hvers konar ráðstafanir sem að gagni megi koma til þess að hefta útbreiðslu sjúkdóma í fiski. Áður en ráðherra fyrirskipar tilteknar ráðstafanir skal hann þó leita tillagna frá fisksjúkdómanefnd. 3. mgr. 11. gr. frumvarps þess sem hér er lagt fram kveður hins vegar svo á að fisksjúkdómanefnd skuli áður en hún sendir ráðherra tillögur sínar hafa um þær samráð við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um rétt starfsmanna deildarinnar, svo og dýralækna, til aðgangs að fiskeldisfyrirtækjum og trúnaðarskyldu þeirra gagnvart fyrirtækjunum.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Heilbrigðisvottorð, sem fjallað er um í þessari grein, á að gefa eldisfyrirtækjum heimild til að selja seiði, fisk og sótthreinsuð hrogn milli stöðva hér innanlands. Slík vottorð eru til þess fallin að gæta hagsmuna heildarinnar og koma í veg fyrir að sjúkdómur, sem kann að leynast í einni stöð, nái að breiðast út til annarra stöðva.

Um 15. gr.

Eins og áður er vikið að eru gerðar misjafnlega strangar kröfur um heilbrigðisvottorð eldisfisks í þeim löndum sem íslenskar stöðvar munu helst selja til. Gera verður ráð fyrir að sum eldisfyrirtækin vilji eiga kost á frekara eftirliti og rannsóknum en krafist verður vegna sölu innanlands. Samkvæmt þessari grein skal deildin sinna slíkum óskum enda greiði eldisfyrirtækið kostnaðarverð slíkrar þjónustu.

Um 16. gr.

Greinin fjallar um greiðslu rekstarkostnaðar stöðvarinnar. Samkvæmt þessari grein er fyrirtækjum þeim, er njóta þjónustu deildarinnar, ætlað að greiða tvo þriðju hluta af kostnaði við rekstur hennar. Ríkissjóði er hins vegar ætlað að greiða einn þriðja hluta rekstrarkostnaðar vegna þess þáttar í starfsemi deildarinnar sem lýtur að því að gæta hagsmuna heildarinnar, þ.e. að gæta þess að landið verði áfram tiltölulega laust við þá sjúkdóma sem vitað er að herja á eldisstöðvar í sumum nágrannalöndum okkar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 15. gr. er ráð fyrir því gert að eldisstöðvar greiði að fullu kostnað við aðrar rannsóknir en krafist er af innlendum yfirvöldum.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir því að staða sérfræðings í fisksjúkdómum við Tilraunastöð Háskólans að Keldum breytist við gildistöku laga þessara í stöðu deildarstjóra rannsóknadeildarinnar, enda býr hann yfir víðtækri þekkingu á fisksjúkdómum og hefur fylgst náið með þróun þessara mála hér á landi s.l. áratug. Þá er og sett ákvæði um endurskoðun laga þessara innan fimm ára frá gildistöku. Nefndin, sem frumvarpið samdi, álítur þróun í fiskeldismálum svo öra að ógerlegt sé að segja um hvað henta kunni í þessum efnum að fimm árum liðnum. Því sé rétt að lögin komi sjálfkrafa til endurskoðunar innan ákveðins tíma.

Sþ. 792. Tillaga til þingsályktunar [432. mál]

um vistunarmál aldraðra.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að beina því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hann hafi frumkvæði að sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem ríkir í vistunarmálum aldraðra á þessu svæði.

Greinargerð.

Hver könnunin á fætur annarri sýnir það ófremdarástand sem ríkir í vistunarmálum aldraðra á höfuðborgarsvæðinu. Á annað þúsund manns eru á biðlistum fyrir vistunarrými og íbúðir í Reykjavík einni, þar af 700 á forgangslista. Talið er að a.m.k. um tvö hundruð búi við neyðarástand eða séu í afar brýnni þörf fyrir skjóta úrlausn. Þarf reyndar ekki talnanna við til að vitna um ástandið, svo margir sem hafa haft kynni af því úr umhverfi sínu hversu slæmt ástandið er. Við þetta ástand verður ekki unað. Að dómi flutningsmanna eiga ríki og sveitarfélög á svæðinu að sameinast um átak til úrlausnar, samhæfa krafta sína og velja forgangsröð framkvæmda þannig að þær verði að sem mestu og skjótustu gagni. Því er þessi tillaga flutt og því beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að hafa frumkvæði í þessu efni.

Ed. 793. Nefndarálit [228. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Varðandi það frumvarp, sem hér um ræðir, skal á það bent að nú liggur fyrir Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um Seðlabanka Íslands sem felur í sér heildarlöggjöf um bankann. Það verða því að teljast óeðlileg vinnubrögð að samþykkja nú frv. um eitt afmarkað atriði í starfsemi Seðlabankans í stað þess að fella það inn í heildarlöggjöfina.

Undirritaður, sem skipar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, telur eðlilegt að bindiskylda Seðlabankans verði rædd þegar heildarlöggjöf um bankann kemur til umræðu í deildinni og leggur því til að málinu verði vísað frá með svohljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem innan skamms kemur til umræðu í deildinni frumvarp til heildarlaga um Seðlabanka Íslands eru ekki efni til frekari afgreiðslu þessa máls og því tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1986.

Jón Kristjánsson.

Ed. 794. Frumvarp til laga [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anbari, Lahcen, verkamaður í Reykjavík, f. 17. október 1957 í Marokkó.
2. Anderlová, Alena, arkitekt í Reykjavík, f. 21. janúar 1945 í Tékkóslóvakíu.
3. Arelakis, Joannis Georgios, sjómaður á Siglufirði, f. 24. maí 1954 í Grikklandi.
4. Boulter, John Andres, sjómaður í Reykjavík, f. 20. nóvember 1957 í Bandaríkjunum.
5. Challender, Christopher Matthew, barn í Hafnarfirði, f. 26. nóvember 1976 í Keflavík.
6. Didriksen, Katrín, gullsmiður í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 í Noregi.
7. Drake, George, Kópavogi, f. 25. apríl 1942 á Siglufirði.
8. Elín Alice Eltonsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 15. maí 1946 í Bandaríkjunum.
9. Fleckenstein, Randall Craig, kennslufræðingur í Reykjavík, f. 16. júní í Bandaríkjunum.
10. Hand, Patrica Isobel, skrifstofumaður í Vogum, Vatnsleysuströnd, f. 2. janúar 1939 í Ástralíu.
11. Hoeltje, Claudia, fiðluleikari í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Brasilíu.
12. Ingrid Herdís Jónsdóttir, nemi í Mosfellssveit, f. 2. nóvember 1959 í Kópavogi.
13. Johnson, Stephen Robert, verkamaður á Höfn í Hornafirði, f. 22. október 1952 í Englandi.
14. Kata Gunnvör Hansen, verkakona í Reykjavík, f. 6. ágúst 1922 í Færeyjum.
15. Khoo, Gilbert Yok Peck, verslunarmaður í Kópavogi, f. 23. febrúar 1953 í Malaysíu.
16. Labidi, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 9. ágúst 1957 í Túnis.
17. Laskowska, Janina, veitingahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 18. desember 1960 í Póllandi.
18. Lau Ming Loy, matsveinn í Reykjavík, f. 3. apríl 1956 í Malaysíu.
19. Markovic, Ljubodrag, verkamaður á Skagaströnd, f. 15. október 1951 í Júgóslavíu.
20. Marth, Ulrich Richard Wilhelm, forstjóri í Rangárvallasýslu, f. 23. desember 1920 í Þýskalandi.
21. Martin, Leoncia Maria, tónlistarkona í Kópavogi, f. 19. mars 1953 á Indlandi.
22. McMahon, Neil Martin Gerard, kennari í Kópavogi, f. 11. desember 1950 á Írlandi.
23. Moestrup, Jörgen Ernst Grum, markaðsstjóri í Kópavogi, f. 28. ágúst 1944 í Danmörku.
24. Nycz, Marek, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 9. júlí 1957 í Póllandi.
25. Pakjou, Koroush, nemi í Reykjavík, f. 2. nóvember 1960 í Íran.
26. Ponzi, Margrét Jósefína, nemi í Reykjavík, f. 2. maí 1961 í Reykjavík.
27. Rail, Guðríður Blanche, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 14. janúar 1959 í Hafnarfirði.
28. Raiss Hammouch, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. nóvember 1954 í Marokkó.
29. Rasmussen, Peter Sönderberg, kennari í Reykjavík, f. 6. september 1945 í Danmörku.
30. Reid, Arthur Wilfred, bankamaður í Reykjavík, f. 26. ágúst 1948 í Englandi.
31. Reid, Rosalind Jóhanna, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 27. febrúar 1950 í Englandi.
32. Salbert, Iwona Danuta, tannlæknir í Kópavogi, f. 14. september 1951 í Póllandi.
33. Salbert, Miroslaw Stefan, læknir í Kópavogi, f. 7. júní 1946 í Póllandi.
34. Slaughter, Jacqueline Mary, námsstjóri í Reykjavík, f. 23. september 1940 í Englandi.
35. Sævar Leifsson, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 5. júní 1951 í Reykjavík. Fær réttinn 5. ágúst 1986.

36. Vestergård, Súsanna Helen, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 6. september 1958 í Keflavík.
37. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Reykjavík.
38. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 795. Tillaga til þingsályktunar [433. mál]

um friðarfræðslu.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran, Páll Pétursson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að frekari fræðslu um friðarmál á dagvistarheimilum, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Markmið fræðslunnar verði að glæða skilning á mikilvægi friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða.

Greinargerð.

Æ fleiri þjóðir hafa tekið upp friðarfræðslu í skólum sínum í anda samþykktar Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu. Þessi samþykkt var gerð árið 1974 og eiga Íslendingar aðild að henni eins og aðrar Norðurlandaþjóðir. Það er því full ástæða til þess að vekja athygli á því sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, styðja það og efla þannig að kennurum sé gert kleift að sinna þessu verkefni svo sem þeim ber skylda til, en á markvissari hátt en áður.

Stöðugt fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir því að sú leið ofbeldis, hernaðar og ógnarjafnvægis, sem þjóðir heimsins hafa farið til að ná fram vilja sínum og staðfesta mátt sinn, er óviðunandi. Tortímingargeta þeirra vopna, sem herveldin hafa nú yfir að ráða, er svo mikil að hún ógnar öllu lífi á jörðinni. Þó að oft hafi verið þörf er nú meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr að efla frið milli manna og þjóða.

Ein vænlegasta leið til friðar er að tryggja honum sess í hugum og atferli þeirra, sem erfa löndin, og efla hæfileika þeirra til þess að leysa deilur sínar á friðsamlegan hátt. „Þar sem stríð eiga upptök sín í hugum manna þá er það í mannshuganum sem við þurfum að treysta varnir friðarins“ (úr formála stofnskrár UNESCO).

Þegar á árinu 1947, í lok síðari heimsstyrjaldarinnar, hafði UNESCO, menningar- og fræðslustofnun Sameinuðu þjóðanna, frumkvæði að alþjóðlegri ráðstefnu til að leggja grundvöll að uppeldi sem aukið gæti skilning á milli þjóða. Ráðstefnan var grundvölluð á hugsjónum Þjóðabandalagsins og viðfangsefni hennar voru tillögur að alþjóðasamvinnu, gerðar af Albert Einstein, Thomasi Mann, Marie Curie og fleirum. Árangur þessarar ráðstefnu var m.a. gerð námsefnis fyrir skóla.

Þessar og aðrar seinni hugmyndir og samþykktir um friðaruppeldi fengu aukinn byr eftir aðalfund UNESCO í París árið 1974 þar sem samþykkt var að mæla með því að aðildarlöndin beittu sér fyrir fræðslu til eflingar skilnings þjóða á milli, samvinnu og friðar, svo og fræðslu um grundvallarmannréttindi. Þessi fræðsla skyldi ná til allra stiga og gerða uppeldis- og fræðslustofnana. Aðalfundinum lauk með svohljóðandi ályktun:

„Stríð og valdbeiting eru útilokuð á okkar tímum. Sérhver einstaklingur verður að læra að taka persónulega ábyrgð til að tryggja frið."

Það er úr þessum jarðvegi sem viðleitni til friðaruppeldis á s.l. áratug er sprottin. Þann 1. júlí 1983 höfðu 1650 skólar í 81 þjóðlandi tekið þátt í samvinnuverkefni til að efla alþjóðlega samvinnu og frið (Associated School's Project in Education for International Cooperation and Peace, ASPRO). Þarna er um að ræða skóla allt frá forskólum til háskóla sem leggja sérstaka áherslu á fræðslu til að efla skilning og samvinnu við önnur lönd. Allir skólar geta tekið þátt í þessu verkefni. Bæði Bandaríkin og Sovétríkin eru aðilar að þessu samstarfi.

Á kvennaráðstefnunni, sem haldin var í Nairobi á s.l. sumri í tilefni af lokum kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna, var samþykkt viðamikil skýrsla um ýmis þau málefni sem talið er að muni leiða til góðs fyrir konur. Í þessari skýrslu eru a.m.k. 6 málsgreinar af 372 sem fjalla beinlínis um nauðsyn friðarfræðslu og nauðsyn þess að konur verði virkir aðilar að henni.

Sem dæmi má taka 255. málsgrein, þar segir:

„Friðarfræðslu ber að koma á fyrir alla þjóðfélagsþegna, einkum börn og unglinga. Gildi umburðarlyndis, jafnréttis milli kynþátta og kynja, virðingar og skilnings á öðrum og náungakærleika ber að þróa, hvetja og styrkja."

Þessi skýrsla var svo borin upp í þriðju nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna á s.l. hausti þar sem hún var nefnd framtíðaráætlun kvennaráðstefnunnar og var hún samþykkt þar án atkvæðagreiðslu.

Friðarfræðsla í skólum erlendis, t.d. í þeim löndum sem við höfum mest menningartengsl við, eins og á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum, er sjaldnast aðskilin námsgrein, en er öllu heldur aðlöguð sem ný vídd eða viðurkenning þess að í hverri námsgrein þurfum við stöðugt að standa frammi fyrir málefnum friðar og deilna. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á að friðarfræðsla er ekki hugsuð sem ný námsgrein sem skjóta þurfi inn í námsefnið á kostnað einhverrar annarrar námsgreinar. Markmiðið er miklu fremur að tryggja það að innan almennrar námsstefnu skóla sé skýr stefna um friðarfræðslu.

Segja má að enn sé ekki til nein alþjóðlega viðurkennd skilgreining á hugtakinu friðarfræðsla. Þær þjóðir, sem hafa tekið upp friðarfræðslu, hafa sjálfar skilgreint hugtakið í samræmi við þær samþykktir Sameinuðu þjóðanna sem þær styðja. Anatole Pikas, dósent í uppeldisfræði við Uppsalaháskóla, sem hefur stjórnað kennslu í friðaruppeldi við þá stofnun, gefur þessa skilgreiningu:

„Friðaruppeldi er að móta gerðir og viðhorf manna í þá veru að þau minnki hættu á stríði. Þessi áhrif mega ekki skerða þjóðernislega eða pólitíska vitund manna eða mannréttindi þeirra. Markmiðum friðaruppeldis er unnt að ná með auknum skilningi milli þjóða sem vígbúast af ótta hver við aðra. Mikilvægasta tæki friðaruppeldis er aukin þekking og hæfni til að leysa deilur með viðræðum deiluaðila á jafnréttisgrundvelli."

Pikas skýrir skilgreiningu sína nánar:

„Viðleitni til aukinna gagnkvæmra friðarviðræðna milli ríkja og þjóða má ekki stefna pólitískri og þjóðernislegri vitund manna í hættu. Þetta þýðir að friðaruppeldi í einu landi má ekki hafa það að markmiði að breyta þjóðfélagsskipun annars lands."

Stefanie Duczek hefur skilgreint markmið friðarfræðslu á eftirfarandi hátt:

„Friðarfræðsla leitast við að dýpka vitund, vitneskju og skilning á deilum milli einstaklinga, innan þjóðfélags og milli þjóða. Hún rannsakar deilur og orsakir þess að deilur leiða til átaka eða ofbeldis en þessar orsakir eru samofnar skynjunum, verðmætamati og viðhorfum einstaklinga. Enn fremur má finna orsakirnar í félagslegri, stjórnmálalegri og efnahagslegri gerð þjóðfélagsins. Friðarfræðsla hvetur til þess að leita annarra leiða sem fela í sér lausnir á deilum án ofbeldis, og hvetur jafnframt til aukins þroska þeirra hæfileika sem nauðsynlegir eru til að beita slíkum lausnum."

Markmið friðarfræðslu er því skv. framangreindum skilgreiningum að skilja þýðingu og hlutverk friðar og rækta hæfileika til að leita friðar í samskiptum einstaklinga, hópa og þjóða; að glæða ábyrgðartilfinningu fyrir eigin ákvörðunum og gerðum, að þroska skilning á því hve einstaklingar, hópar og þjóðir eru háð hvert öðru; að skilja eðli og orsakir deilna og athuga, skilja, meta og nýta aðferðir til að leysa deilur; að þekkja ýmsa líffræðilega og félagslega þætti sem hafa áhrif á mannlega hegðun; að rækta skilning á réttlæti og velferð meðal einstaklinga og þjóðfélaga; að glæða virðingu og ábyrgðartilfinningu einstaklinga fyrir frelsi einstaklingsins og mannréttindum, menningarlegum fjölbreytileika, umhverfinu, samvinnu, bæði innan bekkjarins og utan, hugsun sem skírskotar til viðmiðunar við heiminn, þjóðareiningu, bæjarsamfélag eða smærri hópa; að þróa sjálfsvitund, skilning á öðrum og þá hæfileika sem nauðsynlegir eru til að gera einstaklingum kleift að taka virkan þátt í að mynda réttlát og friðsamleg tengsl við aðra; að þróa kennsluaðferðir sem byggjast á samvinnu og hlutdeild í samræmi við það sem að framan greinir.

Það námsefni, sem notað hefur verið til friðarfræðslu, er ýmist útbúið af UNESCO eða í viðkomandi löndum eða skólum. Nauðsynlegt er að byrja nú þegar að útbúa og velja viðeigandi námsefni sem nota mætti við friðarfræðslu hérlendis. Má í því sambandi vísa til úrvals námsefnis frá UNESCO og eins hjá nágrannaþjóðum okkar. Eðlilegt er að þetta verði í tengslum við þá námsefnisgerð og það þróunarstarf í skólum sem nú er unnið að. Markmið friðarfræðslu falla mjög vel að þeim markmiðum sem lýst er í aðalnámskrá grunnskóla.

Í aðalnámskrá grunnskóla í samfélagsfræðum stendur:

„Í samfélagsfræði er m.a. stefnt að því að nemendur

- séu færir um að setja sig í annarra spor og geti þannig gert sér grein fyrir eigin viðhorfum og annarra þótt þau séu ólík,
- geri sér grein fyrir eigin gildismati og annarra,
- viðurkenni ólík sjónarmið og rétt hvers manns til að hafa sjálfstæða skoðun,
- hafi áhuga á að kynnast vandamálum í samskiptum manna og leita lausna á þeim,
- viðurkenni gildi samstarfs og nauðsyn samhjálpar í samskiptum manna,
- öðlast það viðhorf að þeir þurfi stöðugt að afla sér nýrrar þekkingar og skoða hana gagnrýnum augum."

Um framkvæmd friðarfræðslu gilda sömu lögmál og um annað nám. Það verður að sníða eftir getu og aldri og vera í samræmi við skilning og þroskastig barnsins eða unglingsins.

Meginkennsluaðferð í friðarfræðslu, einkum hjá yngri börnum, er að beina huga barnsins að því að skilja eigin viðbrögð og samskipti við aðra. Barninu er kennt að kljást við eigin vandamál, eðlileg ágreiningsmál og deilur sem koma upp í nánasta umhverfi. Þegar

barnið skilur orsakir og mögulegt ferli eigin deilna við aðra getur það smám saman, eftir því sem það eldist, yfirfært þennan skilning á nærtækum dæmum yfir á fjarlægari ágreiningsmál, bæði innan eigin þjóðfélags og milli þjóða. Jafnframt er lögð áhersla á að rækta hæfileika barna til þess að leysa ágreining og deilur sín á milli á friðsamlegan hátt, án ofbeldis.

Auðvitað mundu kennarar og aðrir þeir, sem að námsefnisgerð standa hérlendis, sjá um að vinna það námsefni sem best þætti henta íslenskum aðstæðum í samræmi við viðurkennd markmið fræðslunnar. Erlendis hefur þessi fræðsla oft verið í nánum tengslum við kirkjur, enda á siðfræði og friðarboðskapur kristinnar trúar samleið með markmiðum og viðleitni friðarfræðslunnar. Foreldrar hafa einnig tengst þessari fræðslu og hún er kjörinn vettvangur til að auka tengsl fjölskyldu og skóla.

Sþ. 796. Tillaga til þingsályktunar [434. mál]

um upplýsingaöflun um markaðsaðstæður erlendis.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að leita samninga við einhverja Norðurlandaþjóð, eina eða fleiri, um aðgang íslenskra fyrirtækja að þeim fjölbreyttu og markvissu upplýsingum sem þær þjóða fyrirtækjum landa sinna um markaði og markaðsaðstæður í einstökum þjóðlöndum.

Greinargerð.

Það er flestum ljóst hve mikilvægt það er fyrir þjóðarhag Íslendinga að við eflum útflutning okkar. Markaðsöflun erlendis hefur reynst okkur erfið viðfangs og kemur þar margt til, m.a. er hún mjög kostnaðarsöm. Það er því mikilsvert að það fé, sem til markaðsöflunar er varið, nýtist sem best en sé ekki eytt til markaðssvæða sem reynast síðan mjög óhentug fyrir íslenskar afurðir.

Á Norðurlöndum og víða meðal annarra þjóða hafa utanríkis- eða viðskiptaráðuneyti mikið safn upplýsinga um staðhætti og sérkenni ýmissa markaðssvæða. Þar koma m.a. fram mikilsverðar upplýsingar um lög og reglur sem varða innflutning, skatta og tolla ásamt neysluvenjum. Upplýsingar þessar eru gjarnan gefnar út í handhægum bókum og bæklingum til hjálpar þeim fyrirtækjum sem eru að velja sér líkleg markaðssvæði. Það þarf ekki að taka fram að slíkar upplýsingar yrðu óheyrilega dýrar ef hvert fyrirtæki fyrir sig þyrfti að afla þeirra. Eins koma þær oft í veg fyrir alvarleg og dýrkeypt mistök.

Þar sem íslensk utanríkis- og viðskiptaþjónusta hefur ekki haft bolmagn til að safna og dreifa slíkum upplýsingum hérlendis enn þá þykir flutningsmönnum þessarar tillögu skynsamlegt að leita stuðnings hjá frændþjóðum okkar þar til betur horfir í þessum efnum hérlendis.

Sþ. 797. Tillaga til þingsályktunar [435. mál]

um aðgerðir til úrbóta á högum hinna efnaminnstu í þjóðfélaginu.

Flm.: Kristín Halldórsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra að setja á stofn starfshóp skipaðan fulltrúum allra þingflokka, Félags einstæðra foreldra, Samtaka aldraðra, Öryrkjabandalags Íslands og Samtaka íslenskra félagsmálastjóra, undir forustu fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Hlutverk starfshópsins verði að móta ákveðnar tillögur til úrbóta á högum hinna efnaminnstu í þjóðfélaginu. Starfshópurinn fjalli m.a. um eftirfarandi atriði:

1. Hvernig fella megi skattakerfið að launakerfinu, t.d. með hækkun skattleysismarka, hækkun tekjutengdra barnabóta og útborgun ónýtts persónuafsláttar.
2. Hækkun mæðralauna.
3. Hækkun örorkubóta og ellilauna sem hlutfalls af launum.
4. Aðgerðir til verðlækkunar á matvælum og öðrum brýnustu nauðsynjum.
5. Húsaleiguaðstoð.

Hópurinn hraði störfum svo sem frekast er unnt og skili tillögum eigi síðar en fyrir þingbyrjun að hausti.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga getur ekki setið aðgerðarlaust gagnvart þeirri staðreynd að fátækt er vaxandi vandamál í þjóðfélaginu, enda er sú staðreynd fyrst og fremst afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem Alþingi sjálft ber ábyrgð á, burtséð frá afstöðu einstakra fulltrúa þess. Nýsett lög um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafa fest þetta ástand í sessi enn um sinn þar sem þær koma þeim síst að gagni sem minnstar tekjur hafa.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þeirrar skoðunar að atvinnureksturinn í landinu eigi að geta staðið undir launum sem hægt sé að lifa af og að hækkun grunnlauna hinna lægstlaunuðu sé algjört forgangsmál. Með nýgerðum kjarasamningum skutu aðilar vinnumarkaðarins þessu forgangsmáli enn einu sinni á frest. Því er óhjákvæmilegt að mati flutningsmanna að löggjafinn grípi inn í og tryggi öllum lágmarkstekjur fyrir dagvinnu sem miðist við framfærslukostnað einstaklings, sbr. frumvarp til laga um lágmarkslaun fyrir dagvinnu á þskj. 750.

Hins vegar eru aðstæður fólks svo mismunandi að slík lágmarkslaun geta ekki tryggt allra hag. Aldur, hjúskaparstaða, barnafjöldi og heilsufar skipta þar mestu máli og geta ráðið öllu um það hvort viðkomandi verði að búa við fátækt eða komast sæmilega af.

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig skilgreina beri fátækt og kom það m.a. fram á nýlegri ráðstefnu Samtaka íslenskra félagsmálastjóra þar sem sérfræðingar töldu allt frá 8% til 24,1% íslenskra fjölskyldna þurfa að búa við fátækt. Starfshópurinn, sem hér er gerð tillaga um, verður að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess við hvað skuli miðað og njóta við það faglegrar þjónustu kjararannsóknarnefndar, Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar, svo og sérstakrar nefndar undir forsæti hagstofustjóra sem skipuð var á s.l. ári til að kanna þróun tekjuskiptingar í þjóðfélaginu.

Hins vegar greinir menn ekki á um hvaða þjóðfélagshópar það eru sem búa við lökust kjör hér á landi. Það eru fyrst og fremst einstæðir foreldrar, öryrkjar, aldraðir og sjúkir og með tilliti til þess er lagt til að fulltrúar þeirra skipi þann starfshóp sem tillagan gerir ráð fyrir, ásamt með fulltrúum þingflokkanna.

Úrbætur á högum hinna efnaminnstu er vitanlega fyrst og fremst siðferðilegt atriði og engin spurning í hugum flutningsmanna um skyldur Alþingis í þeim efnum. Það eitt út af fyrir sig er nægilegur rökstuðningur fyrir flutningi þessarar tillögu.

Hins vegar munu efalaust margir segja sem svo að slíkar úrbætur séu dýrar í framkvæmd og því sakar ekki að minna á þá staðreynd að það er einnig dýrt að halda fólki niðri í launum og lífskjörum. Lausnir þeirra óteljandi og þungbæru vandamála, sem fylgja í kjölfar sárrar fátæktar, eru þjóðfélaginu áreiðanlega dýrari en þær úrbætur á högum hinna efnaminnstu sem mundi leiða af framkvæmd þessarar tillögu.

Sþ. 798. Tillaga til þingsályktunar [436. mál]

um nýtingu heimavistarhúsnæðis skóla í þágu aldraðra.

Flm.: Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að láta gera úttekt á möguleikum og hagkvæmni þess að nýta ónotað heimavistarhúsnæði í grunnskólum, héraðsskólum og húsmæðraskólum sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Jafnframt verði könnuð félagsleg viðhorf til sambýlis barna og unglinga annars vegar og aldraðra hins vegar í heimavistum þessum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið byggðar heimavistir við fjölmarga grunnskóla í landinu. Breytt viðhorf hafa síðan leitt til þess að nokkuð af þessu húsnæði er ekki lengur nýtt til fulls. Heimanakstur hefur aukist, þ.e. börnum er ekið til og frá skóla á hverjum degi, skólum hefur fjölgað og skólar í þéttbýli stækkað þannig að börn eru ekki lengur send úr kaupstöðum og kauptúnum í heimavistarskólana. Illa nýtt skólahúsnæði, ekki síst þar sem einnig er um að ræða dýrt og vandað heimavistarhúsnæði með mötuneyti og annarri tilheyrandi aðstöðu, verður óhagkvæmt í rekstri og getur orðið nánast ofviða fámennum og fjárhagslega veikbyggðum sveitarfélögum.

Svipaða sögu má segja um suma héraðsskóla og húsmæðraskóla. Þar hafa áherslur einnig breyst og þessir skólar eru því ekki fullnýttir. Flestir eða allir skólarnir eru heimavistarskólar og mannvirki öll og aðstaða byggð samkvæmt því.

Skólarnir eru yfirleitt vel í sveit settir, víða er jarðhiti fyrir hendi, sundlaugar á mörgum stöðum og möguleikar til að koma upp þjálfunar- og endurhæfingaraðstöðu sem vel gæti hentað öldruðum. Víða hafa risið þéttbýliskjarnar kringum skólana og er þar nú þegar margvísleg þjónusta fyrir hendi.

Á síðari árum hefur þörfin fyrir dvalarheimili aldraðra orðið æ brýnni og mun samkvæmt spám aukast enn að miklum mun á næstu árum. Þótt víða hafi risið upp heimili fyrir aldraða eru biðlistarnir langir og margir eiga ekki kost á öðru en reyna að leita dvalar fjarri sínum heimahögum, ættingjum og vinum.

Í ljósi þessa er hér flutt tillaga til þingsályktunar um könnun á möguleikum þess að nýta ónotað heimavistarhúsnæði í þágu aldraðra. Gert er ráð fyrir að menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra standi sameiginlega að gerð þessarar könnunar þar sem málefni aldraðra heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og huga þarf vandlega að því að húsnæði það, sem hugsanlega kæmi til greina að nýta í þessu skyni, þarf að uppfylla ýmis

skilyrði til að henta öldruðum. Einnig er í tillögunni gert ráð fyrir þeim möguleika að samnýta húsnæðið fyrir unga og aldna og þarf sjálfsagt að kanna ýmislegt sérstaklega í því sambandi. Má vel vera að hér sé ein leið til að brúa hið svokallaða kynslóðabil og skapa aftur að einhverju leyti það félagslega umhverfi sem áður ríkti á fjölmennum heimilum en hvarf þegar stórfjölskyldan, sem stundum er nefnd svo, fjölskylda margra ættliða er bjuggu saman, leið undir lok.

Á það skal bent að margir heimavistarskólar eru nýttir til hótelreksturs yfir sumartímann. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur rekið Eddu-hótel í mörgum þeirra og á öðrum stöðum hafa heimaaðilar rekið þar hótel eða nýtt skólana til sumardvalar fyrir ákveðna hópa og haft af þessu nokkrar tekjur. Ekkert er athugavert við slíka ráðstöfun og vissulega þörf á að hafa einnig í huga hvernig mæta eigi auknum ferðamannastraumi yfir sumarið. Einnig má telja líklegt að sumt af þessu húsnæði henti betur fyrir aðra starfsemina en hina og svo öfugt þó að oftast fari nýtingarmöguleikarnir sjálfsagt saman. Jafnframt má minna á þá staðreynd að sums staðar hafa sumarhótel dregið úr aðsókn að þeim hótelum sem rekin eru allt árið og þar með gert rekstur þeirra verulega erfiðan.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja vistunarvanda aldraðra svo mikinn að brýn nauðsyn sé á skjótum aðgerðum. Þar er því tvímælalaust rétt að kanna til hlítar hvort ekki er hér um að ræða leið til úrbóta sem jafnframt mundi leiða til betri nýtingar á opinberu húsnæði í stað viðbótarfjárfestingar.

Ed. 799. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Salome Þorkelsdóttir, varaform., frsm. | Helgi Seljan, fundaskr. | Björn Dagbjartsson.

Árni Johnsen. | Jón Sveinsson.

Ed. 800. Nefndarálit [399. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og einnig brtt. sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mælti fyrir samhliða frv. á þskj. 772.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt ásamt brtt. ráðherra og brtt. er nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Karl Steinar Guðnason og Kolbrún Jónsdóttir.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Salome Þorkelsdóttir, varaform., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Björn Dagbjartsson.
Árni Johnsen.		Jón Sveinsson.

Nd. 801. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, varaform., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Guðmundur H. Garðarsson.	Halldór Blöndal.	Stefán Guðmundsson.
	Jóhanna Sigurðardóttir.	

Sþ. 802. Framhaldsnefndarálit [11. mál]

um till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur að nýju tekið tillöguna til meðferðar ásamt þeim brtt. sem fram hafa komið eftir að nál. á þskj. 507 var skilað. Þar sem fluttar hafa verið efnislegar brtt. og miklar umræður orðið um tillögu nefndarinnar um málsmeðferð á þskj. 507 fellst nefndin á að draga tillögu sína á því þskj. til baka. Um málið efnislega vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Kjarasamningar kveða með mjög misjöfnum hætti á um rétt starfsmanna til aldurshækkana. Þannig er í kjarasamningum opinberra starfsmanna að fullu tekið tillit til starfa hjá opinberum aðilum hafi starfsmaður fengið greidd laun skv. launakerfi opinberra starfsmanna. Heimilt er að meta starfsaldur hjá öðrum aðilum allt að sex árum og jafnframt getur lífaldur starfsmanns ráðið ákvörðun starfsaldurs. Á almennum vinnumarkaði er þessu á annan veg farið. Meginreglan er sú að starfsaldur ávinnst í hverri starfsgrein fyrir sig. Þannig fær t.d. starfsmaður í fiskvinnslu að fullu viðurkenndan starfsaldur í öðrum fiskvinnsluhúsum en ekki er tekið tillit til starfa í öðrum greinum. Sá sem hefur tíu ára starfsaldur í fiskvinnslu á skv. samningum að byrja á byrjunarlaunum ef hann hefur störf í annarri grein, t.d. í verslun.

Í ýmsum kjarasamningum, t.d. hjá ríkisverksmiðjum og hjá Íslenska álfélaginu, er einungis litið til starfsaldurs í viðkomandi verksmiðju, þ.e. á vinnustað. Þá má einnig nefna að í sumum tilvikum er ekki um að ræða starfsaldurshækkanir á launum, t.d. í þingmennsku og ákvæðisvinnu margs konar.

Í kjarasamningum opinberra starfsmanna er heimild til þess að meta heimilisstörf til allt að sex ára starfsreynslu. Hliðstætt ákvæði er í samningum Starfsmannafélagsins Sóknar og í ýmsum öðrum kjarasamningum er að finna ákvæði af sama toga.

Öllum er ljóst að reynsla af heimilisstörfum getur oft nýst á vinnumarkaði, stundum að fullu. Enginn dregur væntanlega í efa hæfni margra barna móður til þess að vinna að barnagæslu svo að dæmi sé nefnt. Fyrir liggur að í gildandi samningum er tekið tillit til þessarar reynslu þegar um skyld störf er að ræða en umdeilanlegt er hvort slíkt er gert í nægilega ríkum mæli. Öðru máli gegnir þegar um óskyld og sérhæfð störf er að ræða. Næði tillagan fram að ganga óbreytt gæti t.d. komið upp sú staða að kona, sem unnið hefur á tölvu í ríkisstofnun í 5 til 10 ár, fengi samstarfskonu sem hefði aldrei unnið að störfum utan heimilis en ætti engu síður rétt á hærri launum. Starfsmaðurinn með lengri starfsreynslu, sem kenna ætti nýliðanum, væri á lægri launum jafnvel þótt viðkomandi hefði sinnt heimilisstörfum samhliða vinnu utan heimilis lengur en nýliðinn. Í tilviki sem þessu er líklegt að ráðning húsmóður til starfans yrði talin óæskileg en ella hlyti starfsmaðurinn, sem fyrir var, að telja sér verulega misboðið.

Af framansögðu má ljóst vera að það mál, sem hér um ræðir, er ekki einfalt og að tillagan er að óbreyttu ekki til þess fallin að leysa vanda húsmæðra sem vilja fara til starfa úti á vinnumarkaðinum.

Með skírskotun til framanritaðs leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Guðmundur J. Guðmundsson, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Geir H. Haarde.	Eggert Haukdal.
	Eiður Guðnason.	

Sþ. 803. Breytingartillaga [11. mál]

við till. til þál. um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla.

Sþ. **804. Svar** [282. mál]

landbúnaðarráðhera við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um verðuppgjör til bænda vegna verðlagsársins 1984—85.

1. Verðuppgjör til bænda vegna verðlagsársins 1984–85.

Í lok verðlagsársins 1984–85 var óvenjumikið af landbúnaðarafurðum í birgðum og ekki ljóst hversu mikil verðskerðing yrði ákveðin til bænda þess vegna. Í samningi milli Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnarinnar, um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985–86 og 1986–87 var gerð bókun um að birgðir afurða, er væru við upphaf samningsins, snertu ekki magntölur hans, en áætlun gerð um hvernig unnt væri á sem hagkvæmastan hátt að koma birgðunum í eðlilegt horf.

Í framhaldi af því var gert verulegt söluátak fyrir kindakjöt í nóvember s.l. og verð á smjöri var stórlega lækkað við verðlagningu 1. mars 1986. Fyrir þann tíma var ekki séð hvernig haga mætti uppgjöri við bændur á verðlagsárinu 1984–85, en í framhaldi af þessum ákvörðunum voru settar uppgjörsreglur og tekin ákvörðun um nauðsynlega verðskerðingu til bænda. Rétt er að komi fram að fyrirkomulag uppgjörs á verði til bænda fyrir verðlagsárið 1984–85 var í engu frábrugðið fyrirkomulagi uppgjörs fyrir undangengin verðlagsár og fór fram eftir lögum nr. 95/1981. Ekki var unnt skv. þeim að láta fullnaðaruppgjör fara fram fyrr en lokið var sölu afurða frá því verðlagsári sem gera átti upp.

2. Heildarniðurstöður bráðabirgðauppgjörs.

Ekkert bráðabirgðauppgjör var gert áður en uppgjörsreglur voru samþykktar af landbúnaðarráðherra þann 17. febr. s.l.

3. Lokauppgjör.

Lokauppgjör þann 21. mars 1986:

	Verðskerðing:
Sauðfé	7 276 707,20 kr.
Mjólk	16 798 016,50 kr.
	24 074 723,70 kr.

4. Heildarniðurstöður miðað við búmarkssvæði.

Verðskerðingin er flokkuð eftir sláturleyfishöfum og mjólkurafurðastöðvum því að öll úrvinnsla gagna hefur miðast við þá flokkun. Það er ekki fyrr en verðlagsárið 1985–86 sem vinnsla gagna miðast við búmarkssvæðin.

5. Skipting verðskerðingar.

a. Kindakjöt.

Sláturleyfishafi:	Verðskerðing: kr.
Kaupfélag Eyfirðinga	891 934,56
Verslun Fr. Friðrikssonar, Rang.	49 110,50
Slátursamlag Skagfirðinga	44 345,19
Kaupfélag A-Skaftfellinga	156 883,71
Kaupfélag Svalbarðseyrar	126 228,07
Sameignarfélag fjáreigenda, Siglufirði	96 394,48
Kaupfélag Berufjarðar	189 478,66
Höfn hf., Selfossi	187 265,65
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík	67 622,89
Sláturhúsið, Vík	32 837,08
Matkaup hf.	9 827,13
Kaupfélag Suðurnesja	291 012,75
Sláturfélag Suðurlands	1 872 331,82
Kaupfélag Borgfirðinga	265 557,39
Kaupfélag Grundarfjarðar	17 810,34
Verslunarfélagið Grund	63 740,75
Kaupfélag Stykkishólms	14 294,81
Verslunin Hólmakjör	162 764,51
Kaupfélag Hvammsfjarðar	42 443,31
Kaupfélag Saurbæinga	44 533,16
Kaupfélag Króksfjarðar	22 792,90
Kaupfélag V-Barðstrendinga	69 335,66
Sláturfélag Arnfirðinga	77 170,56
Kaupfélag Dýrfirðinga	80 213,67
Kaupfélag Önfirðinga	6 301,74
Verslun Einars Guðfinnssonar	3 438,40
Kaupfélag Ísfirðinga	149 587,98
Kaupfélag Steingrímsfjarðar	53 763,79
Kaupfélag Bitrufjarðar	4 221,82
Kaupfélag Hrútfirðinga	29 529,64
Kaupfélag V-Húnvetninga	70 423,66
Verslun Sig. Pálmasonar	198 464,91
Sölufélag A-Húnvetninga	397 642,86
Kaupfélag Skagfirðinga	511 106,83
Kaupfélag N-Þingeyinga	57 171,03
Kaupfélag Langnesinga	9 338,98
Kaupfélag Vopnfirðinga	132 023,93
Kaupfélagið Fram	151 537,45
Pöntunarfélag Eskfirðinga	34 535,89
Kaupfélag Héraðsbúa	413 383,29
Verslunarfélag Austurlands	52 691,17
Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar	25 766,76
Sláturfélag Suðurfjarðar	99 847,52
Samtals	7 276 707,20

b. Mjólk:

Afurðastöð:	Verðskerðing: kr.
Ms. Reykjavík	792 481,50
Ms. Borgarnesi	1 020 333,50
Ms. Búðardal	127 778,00
Ms. Kf. Hvammstanga	570 021,00
Ms. Blönduósi	271 788,00
Ms. Sauðárkróki	1 161 274,50
Ms. Akureyri	4 852 701,50
Ms. Húsavík	1 172 123,50
Ms. Egilsstöðum	153 481,50
Ms. Hornafirði	415 384,50
Mb. Flóamanna	6 260 649,00
Samtals	16 798 016,50

Sþ. 805. Þingsályktun [7. mál]

um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu.

Ed. 806. Nefndarálit [260. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og farið yfir einstakar greinar þess og athugasemdir þær sem frumvarpinu fylgja. Þá hefur dr. Páll Sigurðsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, sent nefndinni athugasemdir sínar varðandi frumvarpið. Enn fremur kvaddi nefndin þá Björn Líndal, deildarstjóra í viðskiptaráðuneytinu, og Þorgeir Örlygsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, annan höfunda frumvarpsins, á sinn fund.

Meginefni frumvarpsins felur í sér tillögu um lögleiðingu almennrar víðtækrar ógildingarreglu í III. kafla samningalaganna, nr. 7/1936, og að ákvæði 7. gr. laga nr. 58/1960 verði flutt í III. kafla samningalaganna. Aðrar þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, eru fyrst og fremst tæknilegs eðlis og óhjákvæmilegar afleiðingar af lögleiðingu hins nýja ógildingarákvæðis. Er grein gerð fyrir því í athugasemdum með frumvarpinu.

Nefndin varð sammála um að mæla með lögfestingu frumvarpsins. Bendir nefndin á í því sambandi að þrátt fyrir lögfestingu hinnar nýju reglu frumvarpsins yrði það áfram grundvallarregla í íslenskum rétti að gerða samninga beri að efna. Hin nýja ógildingarregla er í eðli sínu, eins og allar aðrar ógildingarreglur, undantekningarregla, sem skýra ber þröngt. Hún er hugsuð til öryggis og notkunar í undantekningartilvikum til þess að forðast það m.a. að menn verði fyrir réttarspjöllum vegna breyttra aðstæðna sem til koma eftir gerð samnings.

Nefndin varð sammála um að gera eina breytingartillögu við 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins og er sú tillaga á sérstöku þingskjali.

Að öðru leyti mælir nefndin með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Með nefndaráliti þessu fylgir yfirlit um ógildingarreglur í íslenskum rétti og yfirlit um fjölda dóma þar sem ógildingarákvæði einstakra laga koma við sögu sem Þorgeir Örlygsson hefur tekið saman og lagði fram á fundi nefndarinnar.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 9. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Ragnar Arnalds.	Egill Jónsson.	Valdimar Indriðason.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Fylgiskjal I.

ÓGILDINGARREGLUR Í ÍSLENSKUM RÉTTI

I. **Reglur III. kafla laga nr. 7/1936.**

1. 28. og 29. gr. Nauðung.
2. 30. gr. Svik.
3. 31. gr. Misritun — mistök.
4. 32. gr. Almennur óheiðarleiki.
5. 33. gr. Málamyndalöggerningar.
6. 35. gr. Févítisákvæði.
7. 36. gr. Missir endurheimturéttar v. riftunar.
8. 37. gr. Skerðing á atvinnufrelsi.

Skilyrði ógildingar:

1. Löggerningsmóttakandinn grandsamur (huglæg krafa).
2. Tímamarkið: Á þeirri stundu er löggerningur kom til vitundar honum (tímaskilyrði).

II. **Ógildingarreglur einstakra sérlaga.**

1. Lög nr. 75/1917, 2. mgr. 2. gr. (verslunarlóðir).
2. Lög nr. 39/1922, 5. og 6. gr. (lausafjárkaup).
3. Lög nr. 20/1954, 34. gr. (vátryggingasamningar).
4. Lög nr. 73/1972, 29. gr. (höfundasamningar).
5. Lög nr. 44/1979, 11. gr. (húsaleigusamningar).
6. Lög nr. 34/1985, 167. gr. (siglingalög, björgunarsamningar).
7. Lög nr. 60/1972, 51. og 54. gr. (sifjalög).

Einkenni þessara reglna:
1. Ekki gerð huglæg krafa.
2. Ekki tímaskilyrði.
3. Heimild til ógildingar af sanngirnisástæðum.

III. **Aðrar heimildir.**
1. Óskráðar réttarreglur um brostnar forsendur.
2. Venjureglur um túlkun og fyllingu samninga.

Fylgiskjal II.

Lagaákvæði	Heildarfjöldi mála skv. ákvæðinu	Krafa tekin til greina	Kröfu um ógildingu hafnað	Önnur efnisleg niðurstaða	Ógilding skv. annarri heimild	Frávísun eða ómerking
1) 32. gr. l. nr. 7/1936	42	5	15	9	7	6
2) 35. gr. l. nr. 7/1936	5	2	1	2	0	0
3) 36. gr. l. nr. 7/1936	2	0	1	0	0	1
4) 37. gr. l. nr. 7/1936	1	1	0	0	0	0
5) 7. gr. okurl. 58/1960	30	2	13	10	3	2
6) 34. gr. vátrsml. 20/1954	3	1	2	0	0	0
7) 11. gr. l. nr. 44/1979	0	0	0	0	0	0
13. gr. l. nr. 39/1943	1	1				
8) 29. gr. l. nr. 73/1972	0	0	0	0	0	0
9) 36. gr. l. nr. 36/1961 og eldri ábúðarlög	4	1	0	2	1	0
10) 2. gr. l. nr. 75/1917	9	4	0	4	0	1
11) 5. gr. l. nr. 39/1922	16	2	10	3	0	1
12) 6. gr. l. nr. 39/1922	3	0	3	0	0	0
13) 51. og 54. gr. l. nr. 60/1972	6	0	2	1	1	2
14) Brostnar forsendur	22	5	12	4	1	0

Ed. 807. Breytingartillaga [260. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Við 6. gr. Upphaf síðari mgr. hljóði svo: Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings o.s.frv.

Ed. 808. Breytingartillaga [399. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

k. Hjúkrun vegna alvarlegra langvinnra sjúkdóma eða slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir.

Ed. 809. Nefndarálit [259. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fimm fundum og kallað til viðtals fulltrúa frá viðskiptaráðuneyti, Verslunarráði Íslands, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og iðnaðarráðuneyti.

Að lokinni athugun á frumvarpinu er nefndin einhuga um að mæla með samþykkt þess. Þó er ágreiningur í nefndinni um eitt ákvæði frumvarpsins.

Innan nefndarinnar hafa orðið miklar umræður um það hvernig stjórn Útflutningsráðs skuli skipuð, einkum hverjir skuli tilnefna fulltrúa ríkisins í stjórnina. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni leggja áherslu á að ekki verði fjölgað í stjórninni frá því sem lagt er til í frumvarpinu — enda er þar gert ráð fyrir að stjórnarmenn verði alls átta — en þó sé tryggt að sjónarmið þeirra ráðuneyta, sem sinna útflutningsmálum, eigi greiðan aðgang að stjórnarfundum. Í samræmi við þetta leggja þeir til að 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni varamenn í stjórn Útflutningsráðs fyrir þá aðalmenn sem viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna í stjórnina. Aðrir nefndarmenn hafa fyrirvara um afstöðu sína til þessarar tillögu.

Ragnar Arnalds leggur til að í stað þess að nokkur stórfyrirtæki tilnefni menn í stjórn verði stjórnarmenn, aðrir en fulltrúar ríkisins, kjörnir af Útflutningsráði.

Í annan stað er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að endurskoða ákvæði a-liðar 6. gr. frumvarpsins þar sem lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins en þar er gert ráð fyrir afnámi laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Nefndin hefur orðið sammála um að þessi endurskoðun fari fram milli 2. og 3. umræðu um frumvarpið í deildinni.

Nefndin telur að lokum ástæðu til að minna á að samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal Útflutningsráð opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Að mati nefndarinnar ber ekki að skýra þetta ákvæði þröngt enda væri slík lögskýring vart í samræmi við hlutverk Útflutningsráðs skv. 1. gr.

frumvarpsins. Í þessu sambandi telur nefndin eðlilegt að t.d. Bandalagi íslenskra listamanna verði boðið að gerast stofnaðili Útflutningsráðs.

Valdimar Indriðason var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson, frsm.
Egill Jónsson.	Stefán Benediktsson, með fyrirvara.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.	

Ed. 810. Breytingartillögur [259. mál]

við frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 3. málsl. 1. mgr. 4. gr. orðist svo: Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefnir varamann fyrir þann fulltrúa sem viðskiptaráðherra tilnefnir og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

Nd. 811. Breytingartillögur [368. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála er selveiðar varða.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Landbúnaðarráðuneytið skal í samráði við sjávarútvegsráðuneytið leita samninga um að Hafrannsóknastofnun annist rannsóknir á selum við Ísland. Verði öðrum tilteknum aðilum falið að annast selarannsóknir skulu rannsóknaáætlanir þar að lútandi sendar Hafrannsóknastofnun áður en rannsóknir hefjast. Skal þá Hafrannsóknastofnun ávallt gert kleift að fylgjast með gangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Við framkvæmd laga þessara skal landbúnaðarráðuneytið hafa samráð við Náttúruverndarráð, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands varðandi ákvarðanir er lúta að friðun eða fækkun sela.

Sþ. 812. Skýrsla [437. mál]

fulltrúa Íslands á 37. þingi Evrópuráðsins apríl 1985 – janúar 1986.

1. Inngangur.

Í upphafi skal farið nokkrum orðum um Evrópuráðið og hlutverk þings þess.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun sem framar öllu er þing sem fer með umboð þjóðþinga aðildarríkjanna annars vegar og ráðherranefnd sem fer með umboð ríkisstjórnanna hins vegar. Tengslum milli þessara tveggja umboðsaðila er haldið uppi af svokallaðri samvinnunefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar þessum aðilum. Í skýrslu þessari verður fjallað um starfsemi Evrópuráðsins.

Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing sem svipar til þjóðþinga að eðli og lýtur áþekkum þingsköpum en hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er það haldið í þrennu lagi, að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur en ella með gangi alþjóðamála. Þingið lætur hin margvíslegustu mál til sín taka, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg og menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndunum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

2. Fulltrúar Íslands.

Fulltrúar Íslands á 37. þinginu voru:
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, formaður,
Ingvar Gíslason,
Garðar Sigurðsson.

Varafulltrúar:
Kjartan Jóhannsson,
Halldór Blöndal.

Aðalfulltrúar og varafulltrúar tóku þátt í störfum þingsins og skipuðu nefndir sem hér segir:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson:
- Fastanefnd.
- Stjórnmálanefnd.
- Laganefnd (varamaður).

Ingvar Gíslason:
- Samvinnunefnd.
- Menntamálanefnd.
- Sveitarstjórna- og skipulagsnefnd.
- Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd (varamaður).

Garðar Sigurðsson:
- Efnahagsnefnd.
- Nefnd um farandverkafólk og flóttamenn (varamaður).
- Nefnd um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins (varamaður).
- Fjárhags- og áætlunarnefnd.

Kjartan Jóhannsson:
Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd.
Vísinda- og tækninefnd.

Halldór Blöndal:
Þingskapanefnd.
Fastanefnd (varamaður).
Stjórnmálanefnd (varamaður).

Formaður íslensku þingfulltrúanna var Þorvaldur Garðar Kristjánsson og ritari Friðrik Ólafsson, skrifstofustjóri Alþingis.

3. Störf þingsins almennt.

37. þing Evrópuráðsins var venju samkvæmt haldið í þrennu lagi og var fyrsti hlutinn frá 22.–26. apríl 1985, annar hlutinn frá 25. september til 3. október 1985 og þriðji hlutinn frá 27.–31. janúar 1986. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strassborg.

Vestur-þýski jafnaðarmaðurinn Karl Ahrens var endurkjörinn forseti þingsins á vorfundi og ellefu varaforsetar kosnir.

Að venju ávarpaði aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins, Oreja, þingið sem og formenn ráðherranefndar Evrópuráðsins sem á 37. þinginu voru fyrri hluta þingsins utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, Hans-Dietrich Genscher, og síðar Peter Barry, utanríkisráðherra Írlands, en þeir fluttu skýrslu ráðherranefndarinnar.

Meðal gesta þingsins má nefna Hosni Mubarak, forseta Egyptalands, sem ávarpaði þingið á fundi þess í janúar. Michel Delabarre, ráðherra í ríkisstjórn Frakklands, sem fer með atvinnumál og starfsþjálfun, ávarpaði vorfundinn. Ben Osman, landbúnaðarráðherra Túnis, og Léon Schlumpf, samgönguráðherra Sviss, ávörpuðu einnig þingið. Þá ávarpaði Hroun Tazieff, aðstoðarráðherra sem fer með almannavarnir í Frakklandi, haustfundinn og að venju flutti framkvæmdastjóri OECD, Jean-Claude Paye, skýrslu OECD og formaður EFTA-ráðsins, Jermu Laine frá Finnlandi, formaður ráðherranefndar EFTA, flutti skýrslu ráðsins.

4. Alþjóðamál og mál sem tengjast þeim Evrópuráðsríkjum sem eiga ekki aðild að Evrópuráði.

Ástandið á Tyrklandi var enn á dagskrá þingsins og lá á vorfundi fyrir skýrsla stjórnmálanefndarinnar og laganefndar sem Steiner, þingmaður austurríska þjóðarflokksins, mælti fyrir. Fram kom að herlög eru enn í gildi í 26 sýslum Tyrklands, þar á meðal þeim stærstu, þó að þeim hafi verið aflétt á öðrum svæðum. Á vettvangi stjórnmálanna væri framkvæmd herlaganna ekki rædd en hins vegar hefði stjórnmálaflokkum bæði fjölgað og svo kæmust menn upp með að gagnrýna stjórnvöld í æ ríkara mæli.

Fulltrúar þings Evrópuráðsins, sem fylgst hafa með málum í Tyrklandi, eru mjög gagnrýnir á stjórnarskrána, lög um stjórnmálaflokka, lög um verkalýðsfélög, takmörkun ritfrelsis og mannréttinda. Mjög oft hafa menn spurt hvort mannréttindi og lýðræði sé með þeim hætti í Tyrklandi að landið geti talist fullnægja frumskilyrðum um aðild að Evrópuráðinu, þ.e. lýðræði og mannréttindum. Eins og jafnan áður skiptust menn mjög í afstöðu sinni til Tyrklands eftir stjórnmálaflokkum sem kenndir hafa verið við hægri eða vinstri.

Framsögumaður taldi þó nokkra þróun til batnaðar hafa átt sér stað síðan síðasta skýrsla þingsins var samin og ályktun nr. 822 var samþykkt á þingi Evrópuráðsins vorið 1984. Niðurstaða framsögumanns var sú að allir stjórnmálamenn í Tyrklandi væru sammála

um að samskipti Tyrklands við önnur Evrópuríki væru mikilvæg og þyrfti að vinna af krafti til að bæta þau. *Samþykkt var ályktun nr. 840 um ástandið í Tyrklandi.*

Ástandið á Möltu var rætt eftir að stjórnmálanefndin og laganefndin höfðu skilað skýrslu og áliti um málið. Schwarz, kristilegur demókrati frá Vestur-Þýskalandi, hafði framsögu um málið. Sagði hann að stjórn Möltu hefði árið 1982 lagt lagafrumvarp fyrir þingið um erlenda íhlutun (Foreign Interference Bill) sem samþykkt var. Samkvæmt því var tjáningarfrelsi erlendra manna á Möltu skert, svo og frelsi þeirra til ýmissa athafna, og þeir sem búa á Möltu mega ekki leggja neitt til erlendra útvarps- og sjónvarpsstöðva, hvort sem þeir eru Möltubúar eða þegnar annarra ríkja. Í öðru lagi voru tveir þingmenn frá Möltu skipaðir í þingmannanefnd á þingi Evrópuráðsins. Báðir voru þeir þingmenn verkamannaflokksins sem situr í stjórn en frá kosningunum 1982 höfðu þingmenn stjórnarandstöðunnar, þjóðarflokksins, ekki setið á þingi. Enginn þingmaður frá Möltu var skipaður til að sækja vorfundinn þegar ástandið á Möltu var rætt. Sú tillaga kom fram að þingmönnum frá Möltu yrði meinuð þátttaka í þinginu en henni var hafnað.

Samþykkt var ályktun nr. 841 um erlenda íhlutun á Möltu og önnur mál sem áhrif hafa á samskipti Möltu og Evrópuráðsins. Í skýrslu um 36. þing Evrópuráðsins er nánar gerð grein fyrir forsögu málsins og þeim skoðunum sem fram höfðu komið í umræðum þingmanna Evrópuráðsins.

Rætt var um *aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum og samþykkt ályktun nr. 845* um það efni. Hugosson, þingmaður jafnaðarmanna í Svíþjóð, hafði framsögu um málið en hann er formaður nefndar um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins. Hann sagði aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum hafa versnað síðan 1983 og færri kæmust úr landi. Menning þeirra væri fótum troðin og andsíoníska áróður í fjölmiðlum væri í raun andgyðinglegur. „Refusnik" væri sá Gyðingur nefndur sem ekki hefur fengið að fara frá Sovétríkjunum þrátt fyrir umsókn um leyfi. Eru þeir nú orðnir um 10 þúsund og sæta miklu og æ versnandi harðræði. Aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum eru í engu samræmi við mannréttindaákvæði.

Hugosson skoraði á þingmenn að taka málið upp bæði á vettvangi Evrópuráðsins og á þjóðþingum. Doron, þingmaður í Knesset í Ísrael, tók þátt í umræðunni og sótti þingið sem áheyrnarfulltrúi. Í ályktuninni, sem þingið samþykkti um aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum, er skorað á sovésk stjórnvöld að leyfa Gyðingum að halda sérkennum sínum og stunda trú sína án þess að þeim sé mismunað í þjóðfélaginu, að hætta andgyðinglegum áróðri, að leysa alla samviskufanga úr haldi og veita þeim Gyðingum sem vilja leyfi til að halda brott frá Sovétríkjunum.

Samþykkt var *ályktun nr. 846 um aðstæður minnihlutahópa og múhameðstúarmanna í Búlgaríu*. Atkinson, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu um málið fyrir hönd nefndar um samskipti við ríki utan Evrópuráðsins. Á síðustu árum, einkum síðan í desember 1984, hefur Tyrkjum, sem búa í Búlgaríu, verið þröngvað til að taka upp búlgörsk nöfn, verið bannað að tala tyrknesku og þeir neyddir til að haga sér í einu og öllu að hætti Búlgara og búlgarskrar menningar. Þeir hafi mætt mikilli andstöðu vegna trúar sinnar. Atkinson telur að með þessu brjóti búlgörsk stjórnvöld gegn eigin stjórnarskrá en einnig gegn ákvæðum í mörgum alþjóðasamþykktum sem Búlgaría er aðili að.

Sarioglu, þingmaður frá flokki alþýðunnar í Tyrklandi (Populist Party), tók þátt í umræðunni og sagði það ohugnanlegt að búlgörsk stjórnvöld viðurkenndu ekki einu sinni tilvist tyrkneska minni hlutans í landinu þótt forseti þeirra hefði talað um Tyrkina síðast í blaðaviðtali árið 1981.

Cox, þingmaður breska verkamannaflokksins, kvaðst vera í vináttufélagi breskra og búlgarskra þingmanna og hafa fengið í hendur óundirritað bréf frá tyrkneskum trúarleiðtogum í Búlgaríu þar sem þeir segjast ekki kannast við neinar ofsóknir og vildi þingmaðurinn draga í efa margt það sem kom fram í skýrslunni um málið. Atkinson kvaðst hafa afhent búlgarska sendiherranum í Stokkhólmi bréf um málið en því hefði ekki verið svarað.

Stríðið milli Írans og Íraks var rætt og ályktun nr. 949 samþykkt á haustfundi. Van den Bergh, þingmaður jafnaðarmanna í Hollandi, hafði framsögu um málið. Skoraði hann á þingheim að beita sér fyrir því að minna á mannréttindabrot í þessu stríði sem geisað hefði á fimmta ár. Sagði hann að stríðið væri ekki langt frá Evrópu. Evrópuríki ættu fyrst og fremst að hætta vopnasölu til Írans og Íraks og styðja samningamenn, þar á meðal bæði aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og samtök múhameðstrúarríkja þar sem Tyrkland gæti beitt áhrifum.

Tillaga nr. 1014 um vegabréfsáritun fyrir tyrkneska ríkisborgara í nokkrum Evrópuríkjum. Framsögumaður var Francisco Foschi, kristilegur demókrati frá Ítalíu. Hann vitnaði í samning Evrópuráðsins, nr. 25 1957, sem fjallar um ferðir borgara Evrópuráðsríkja milli ríkja innan Evrópuráðsins. Sex ríki, sem voru aðilar að þessum samningi, höfðu gert fyrirvara um þau ákvæði er varða tyrkneska ríkisborgara og Norðurlandaþjóðirnar í Evrópuráðinu höfðu gert sama fyrirvara en eru ekki aðilar að samningnum. Samkvæmt samningnum getur fyrirvari sem þessi aðeins verið tímabundinn og þá í tengslum við öryggismál eða heilbrigði. Lagði framsögumaður til að öll Evrópuráðsríkin afléttu þessum fyrirvara, bæði þau sem voru aðilar að samningum og hin þar sem það samræmist ekki setu í Evrópuráðinu að mismuna borgurum aðildarríkjanna. Slíkt gæti fælt Tyrki frá Evrópusamstarfi.

Ástandið í Líbanon var rætt á janúarfundi eftir að Dupont, þingmaður róttæka demókrataflokksins í Sviss, hafði lagt fram skýrslu um ferð sína til Líbanons. Dupont sagði að fólk í Líbanon vonaðist til þess að Evrópuríkin gætu miðlað málum í landinu þar sem þau litu ekki á landið sem peð í stórveldasamskiptum. Sýrland er í lykilstöðu í Líbanon. En þó að Sýrland sé í aðstöðu til að styðja samninga sé nauðsynlegt að leggja sjálfstæði Líbanons í framtíðinni til grundvallar öllum samningum en ekki áform um að innlima ríkið í Sýrland. Þá beri Evrópuríkjum að beita Ísraelsmenn þrýstingi til að kalla heim hersveitir frá Suður-Líbanon. Líbanonmálið var ekki tekið til umræðu á þinginu, en skýrslunni var dreift meðal þingfulltrúa.

Þá gerði Eysink, kristilegur demókrati frá Hollandi, grein fyrir aðstæðum *palestínskra flóttamanna.* Í framsögu sinni sagði Eysink að neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna væri aðeins smyrsl á sárin. Nauðsynlegt væri að komast að varanlegu pólitísku samkomulagi um málið. Þá skoraði hann á Evrópuráðið að standa fyrir ráðstefnu um Palestínumenn, sem flýja til Evrópu í stórum stíl, og hugsanlega lausn málsins.

Umræður um *málefni Írlands* hófust árið 1983 til að leita lausnar á Írlandsmálinu. Í umfjöllun um málið var samningur Bretlands og Írlands frá 15. nóvember 1985 nefndur í því samhengi sem skref í rétta átt.

Á janúarfundi var samþykkt *ályktun nr. 853 um ástandið í Suður-Afríku.* Baumel, þingmaður lýðveldisbandalagsins í Frakklandi (Union for the Republic), hafði framsögu fyrir hönd stjórnmálanefndar. Benti hann á versnandi ástand í Suður-Afríku og aukið ofbeldi. Hann fagnaði því að Evrópuríkin hefðu þegar margsinnis mótmælt mannréttindabrotum í Suður-Afríku. Breski íhaldsþingmaðurinn Sir John Biggs-Davidson tók þátt í umræðunum og fagnaði því ákvæði í tillögu fyrir þinginu þar sem hvatt er til raunverulegra samningaviðræðna „milli allra hópa í þjóðfélaginu" (í Suður-Afríku). Hann kvaðst styðja þá afstöðu bresku ríkisstjórnarinnar að fallast ekki á efnahagslegar þvinganir. Budtz, þingmaður jafnaðarmanna í Danmörku, vitnaði m.a. til samþykktar Norðurlandaráðs um málefni Suður-Afríku. Norski þingmaðurinn Aano, frá kristilega flokknum, sagði að þrennt bæri að hafa í huga. Málið væri einstakt og kallaði á einstök viðbrögð, efnahagsþvinganir gætu borið meiri árangur einmitt gegn Suður-Afríku en nokkurri annarri stjórn fyrr og síðar og loks væru efnahagsaðgerðir, sem víðtæk samstaða næðist um, síðasti möguleikinn til að hafa áhrif á gang mála í landinu áður en allt yrði komið í bál og brand þar. 23 þingmenn tóku til máls um þetta efni.

5. Efnahags-, þróunar- og orkumál.

Paye, aðalframkvæmdastjóri OECD, ávarpaði janúarfund þingsins og gerði í annað sinn síðan hann tók við því starfi grein fyrir starfsemi OECD. Árið 1984 var hagvöxtur 5% í OECD-ríkjum að meðaltali, verðbólga hafði hjaðnað um 5% og milliríkjaviðskipti aukist um 10%. Síðan hefur hagvöxtur að vísu haldist í Japan en minnkað í Bandaríkjunum og er aðeins 2–2,5% í Evrópu. Nefndi hann fjóra þætti sem gæta þyrfti að: Aukinn hagvöxt, sveigjanleika vinnumarkaðarins til að auka framleiðni, umbætur á alþjóðaefnahagskerfinu og verndunaraðgerðir.

Crespo, þingmaður sósíalista í Portúgal, hafði framsögu fyrir hönd efnahagsnefndarinnar um skýrslu OECD. *Samþykkt var ályktun nr. 850 um svar við skýrslu OECD 1984.* Í ályktuninni eru aðildarríkin hvött til aðgerða í kjölfar greiningar OECD á efnahagsvandanum og aukinni efnahagssamvinnu til að bæta kjör og framleiðni í löndunum.

Ályktun nr. 839 um flugsamgöngur í Evrópu var samþykkt. Framsögu um málið hafði Björck, þingmaður sænska íhaldsflokksins, fyrir hönd efnahagsnefndarinnar. Í skýrslunni er leitað leiða til þess að lækka fargjöld í Evrópu og gera flugið hagkvæmara og ódýrara eins og þegar hefur verið gert á leiðinni yfir Atlantshafið til Bandaríkjanna. Óeðlilegt sé að verðlagsákvæði gildi í flugi þegar frjáls samkeppni er látin ráða verði á flestum sviðum viðskipta í Evrópu. Þá verði haft samráð við aðrar alþjóðlegar stofnanir í Evrópu og stefnt að því að nýta betur lofthelgi landa.

Samþykkt var *ályktun nr. 843 um aðgerðir í framhaldi af ráðstefnu um samskipti norðurs og suðurs og hlut Evrópu í þeirri þróun* en um það mál var haldin ráðstefna í Lissabon í apríl 1984 og jafnframt voru samþykktir gerðar um hungursneyðina í Afríku eins og sjá má í landbúnaðarkaflanum.

Laine, utanríkisviðskiptaráðherra Finnlands, fylgdi úr hlaði *skýrslu ráðherra EFTA-ríkja en Finnland hafði fengið fullnaðaraðild að EFTA á árinu.*

Undir þessum lið ræddi Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokki, um hlutverk EFTA og þings Evrópuráðsins í viðskiptamálum en vék síðan að saltfisk- og skreiðartolli Efnahagsbandalagsins sem bandalagið hefði nýverið ákveðið að leggja á. Benti þingmaðurinn á að Íslendingar teldu að bandalagið hefði með þessu í raun svikið samkomulag við Íslendinga um þetta mál og beinlínis komið í bakið á þeim. Skoraði hann á alla viðstadda þingmenn Efnahagsbandalagsins að taka þetta mál fyrir hjá ríkisstjórnum sínum og leggja Íslendingum lið við að fá tollinn felldan niður.

6. Mannfjöldi og málefni flóttamanna.

Samþykkt var á vorþingi *tillaga nr. 1007 um farandverkamenn sem snúa aftur til heimalands síns.* Julian Grimaldos, þingmaður spænskra jafnaðarmanna, hafði framsögu um málið fyrir hönd nefndar um farandverkafólk og flóttamenn. Vísað er til fjölda farandverkamanna sem um áratuga skeið hafa búið og starfað utan heimalands og eignast börn sem eru fremur borgarar gistiríkis en heimalands þeirra. Nokkur ríki, þar sem farandverkamenn eru búsettir, hafa hvatt þá, jafnvel með því að bjóða þeim greiðslu, til að snúa aftur heim. Þar sem þeir hafa misst tengsl við heimahaga og sína upprunalegu menningu og atvinnuleysi ríkir þar eru gistiríkin hvött til að láta af þessum greiðslum og öðrum skammtímaaðgerðum en vinna þess í stað að þróunarverkefnum í samvinnu við upprunaland farandverkamanna þannig að sköpuð sé raunveruleg atvinna fyrir þá í heimalandi. Einnig eru gistiríkin minnt á tilvist Viðreisnarsjóðs Evrópu sem m.a. starfar að því að skapa vinnu fyrir þetta fólk.

Þá var samþykkt *tillaga nr. 1016 um aðbúnað og vinnuaðstæður flóttamanna og þeirra sem sækja um pólitískt hæli.* Framsögu hafði Böhm, þingmaður kristilegra demókrata í Vestur-Þýskalandi. Hann sagði að fyrir þá, sem létu sig varða mennréttindi, vektu aðstæður áðurgreindra manna, sem leitað hafa hælis í Evrópu, óhug. Í fimm ár þyrftu þeir að bíða

áður en mál þeirra eru endanlega afgreidd og búa þá við mikla óvissu, fordóma og þröngan kost. Jafnvel glæpahringir í Asíu og Afríku hafa lofað fólki gulli og grænum skógum í Evrópu og hafa stjórnir Frakklands og Svíþjóðar þegar sent mótmæli og vestur-þýska stjórnin fengið yfir sig flóð af flóttamönnum sem koma til í Berlínar. Hvatt er til að stjórnvöld í aðildarríkjum Evrópuráðsins taki ákvarðanir um hvort þeir veiti flóttamönnum hæli á skemmri tíma en nú tíðkast.

7. Félagsmál.

Büchner, þingmaður vestur-þýskra jafnaðarmanna, hafði framsögu um *skýrslu um breyttan og styttan vinnutíma*, fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Í niðurstöðu segir hann að slíka samninga eigi vinnuveitendur og launþegar að ákveða sín á milli, en hann ritar skýrsluna í framhaldi af umræðum á þinginu árið 1982 en þá var rætt um styttan vinnutíma sem aðferð til að draga úr atvinnuleysi. Hann telur að mjög verði að draga úr lengd vinnutíma til þess að það fækki atvinnulausum. Yfir 30 ræður voru fluttar um þetta mál og nokkrar breytingartillögur komu fram, en tillagan var felld.

Tillaga nr. 1022 um félagsmálasáttmála Evrópu, stjórnmálalegt álit, var samþykkt á janúarfundi. Giust, þingmaður kristilegra demókrata í Ítalíu, hafði framsögu um málið fyrir hönd heilbrigðis- og félagsmálanefndar. Félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins var gerður fyrir 25 árum síðan og eru aðeins 14 af 21 ríki Evrópuráðsins aðilar að sáttmálanum. Í skýrslunni var sáttmálinn skoðaður og kannað hvernig ákvæði hans reynast í framkvæmd og síðan voru gerðar tillögur um framtíðarskipan mála. Sáttmálinn getur orðið grundvöllur að víðtæku samráði, einnig með ríkjum Evrópubandalagsins, til að gera Evrópu að einni heild er varðar stefnu í þessum málum. Sáttmálinn er orðinn úreltur eins og hann er nú, setja þarf ákvæði um eftirlit og þingið ætti að taka upp árlega athugun á því hvort fleiri ríki vildu gerast aðilar og væri vel hægt að fara út fyrir raðir Evrópuríkja og gera hann alþjóðlegan.

Þá var *álitsgerð nr. 121 samþykkt um áttunda tímabilið í endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu*.

Jafnréttismál voru rædd á janúarfundi og *ályktun nr. 855 um jafnrétti karla og kvenna samþykkt*. Anderson, þingmaður sænska miðflokksins, hafði framsögu. Hún taldi að Evrópuráðið ætti að leiða jafnréttisbaráttuna í krafti grundvallarhugsjóna Evrópuráðsins og fjölda aðildarríkja. Hún benti á mörg dæmi þess að jafnrétti hefði ekki náðst í Evrópu.

Skýrsla um atvinnu ungmenna (Youth Employment) var lögð fram og *tillaga nr. 1023 um atvinnuleysi ungs fólks*. Foschi, kristilegur demókrati frá Ítalíu, var framsögumaður. Hann lagði áherslu á að atvinnuleysi hefði víðtækar félagslegar afleiðingar og gæti jafnvel skaðað heilsu manna. Áhersla skyldi lögð á allsherjarlausn á vanda sem bæði er félagslegur og efnahagslegur. Hægt væri að leysa einhvern vanda með sveigjanlegri vinnutíma. Í framhaldi af umræðu um ofangreinda tillögu var lögð fram skýrsla frá ráðstefnu um atvinnuleysi ungmenna sem haldin var í Haag í Hollandi í september 1985. Þar kom fram að af fólki á aldrinum 16–25 ára í Evrópu eru um 6 milljónir atvinnulausar. Tillögur til úrbóta voru m.a. starfsþjálfun, þróunarverkefni fyrir ungt fólk, lágmarkslaun meðan á þjálfun stendur o.fl. Skorað var á stjórnvöld að nýta betur það fé sem veitt er til styrktar atvinnulausum og það verði ekki aðeins notað til beinna styrkja til viðkomandi heldur til þess að standa straum af kostnaði við að skapa þeim atvinnu.

Tillaga nr. 1008 um konur í stjórnmálum var samþykkt á vorfundi og var Hawlicek, þingmaður sósíalista frá Austurríki, framsögumaður. Í ræðunni kom fram að Evrópuríkjum væri hægt að skipta í þrennt eftir þátttöku kvenna í stjórnmálum. Á Norðurlöndum og í Hollandi væri þátttaka þeirra 15–30% og mest í Svíþjóð. Í öðrum hópnum væru þær 8–10% (Austurríki, Portúgal, Sviss) og loks væri þriðji hópurinn þar sem áberandi fæstar konur væru í stjórnmálum: Frakkland, Bretland, Spánn, Írland, Kýpur og Tyrkland. Nefndi hún nokkrar aðferðir sem beitt væri í aðildarríkjunum til að auka þátttöku kvenna: Eins konar

kvótakerfi væri beitt í nokkrum flokkum, þ.e. nokkur sæti á framboðslistum væru frátekin fyrir kvenframbjóðendur, og sérstök námskeið væru haldin til að þjálfa konur í stjórnmálum. Loks ber að geta þess að víða hafa sérstök ráðuneyti eða stjórnarstofnanir farið með jafnréttismál og hefur það skilað árangri.

Í ofangreindri tillögu er skorað á stjórnvöld, stjórnmálaflokka og verkalýðsfélög að sjá til þess að konur séu fleiri í ábyrgðarstöðum. Þá er hvatt til þess að jafnréttisráð vinni að því marki að auka hlut kvenna í opinberum stöðum.

8. Menningar- og menntamál.

Tillaga nr. 1019 var samþykkt um þátttöku ungs fólks í opinberu lífi. Martinez, þingmaður sósíalista á Spáni, mælti fyrir tillögunni sem sett er fram í framhaldi af ráðstefnu æskufólks sem haldin var í eina viku í Strassborg í júlí 1985. Aðildarríkin eru minnt á það að framtíð lýðræðisins sé í höndum unga fólksins og því fyrr sem það kynnist beinni þátttöku í opinberu lífi því betur sé það fært um að axla ábyrgðina sem framtíðin mun færa því.

Tillaga nr. 1018 um styrk frá einkaaðilum til lista og menningar. Murphy, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu og benti á að styrkir til þessara mála væru með mjög mismunandi hætti í aðildarríkjunum. Skorað er á stjórnvöld að gera skattalöggjöfina þannig úr garði að einkaaðilar og fyrirtæki sjái sér hag í því að styrkja listir. Þá er einnig lögð áhersla á að ríkin móti heildstæða menningarstefnu.

Ályktun nr. 848 um frelsi einstaklinga til að ráða því hvort þeir hlusta á tónlist eða ekki. Erna Hennicot-Schoepges, kristilegur demókrati (Social Christianparty) frá Luxemborg, var framsögumaður. Hún vitnaði til ráðstefnu um sama efni sem haldin var á Írlandi á ári tónlistarinnar 1985. Varað er við þeim afleiðingum sem það getur haft fyrir heyrn manna að hlusta á tónlist sem er stillt of hátt. Þá eru opinberir aðilar beðnir að stilla tónlist á ýmsum opinberum stöðum í hóf þannig að menn geti valið sjálfir hvort þeir hlýða á tónlist eða hafi þögn.

Tillaga nr. 1030 fjallar um samvinnu háskóla í Evrópu og Suður-Ameríku. Nunez, sósíalisti frá Spáni, hafði framsögu og benti á að stúdentum fjölgaði með miklum hraða í Suður-Ameríku og þar með ykist þörfin á kennurum. En í Evrópu væri lítil fjölgun stúdenta og eftirspurn eftir kennurum eftir því. Miklu betri möguleikar væru á framhaldsmenntun í Evrópu en í Suður-Ameríku, en háskólakennara í Suður-Ameríku skortir einmitt doktorsnám eða sambærilega menntun sem þarf til að halda uppi góðri háskólakennslu. Stjórnvöld eru hvött til að koma á samvinnu við Suður-Ameríku, bæði á fjölþjóðlegum og tvíhliða grundvelli.

9. Löggjafarmálefni.

Skýrsla var lögð fram á haustfundi á vegum laga- og mannréttindanefndar sem fjallaði um það *hvort fóstur væru hugsanlega notuð í snyrtivöruiðnaðinum í Evrópu.* Haase, jafnaðarmaður frá Vestur-Þýskalandi, var framsögumaður og sagði að auk þessa væri ekki ólíklegt að fóstur væru notuð í vísindaskyni, en hér er um látin — ekki lifandi — fóstur að ræða. Í niðurstöðu eru aðildarríkin hvött til að banna ofangreinda starfsemi, standa að lagasetningu um málið og banna að láta glasafóstur sæta þessari meðferð og láta refsingu koma fyrir ef brotið er gegn slíku banni.

Á vorfundi var samþykkt *álitsgerð nr. 123 um drög að Evrópusáttmála (convention)* um að alþjóðastofnanir sem ekki eru á vegum ríkisvaldsins fái viðurkenningu sem aðilar að málum fyrir Evrópudómstólnum. Sir Dudley Smith, þingmaður íhaldsmanna í Bretlandi, hafði framsögu um málið og mælti með tillögunni og vonaðist til þess að gengið yrði frá málinu hið fyrsta.

10. Vísinda-, tækni og umhverfismál.

Tillaga nr. 1015 um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið. Ítalski þingmaðurinn Mezgapesa, sem er fulltrúi kristilegra demókrata, var framsögumaður fyrir hönd nefndar um sveitarstjórnar- og skipulagsmál. Ræðumaður vitnaði til ráðstefnu um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið sem haldin hafði verið vorið áður og öll ríki við Miðjarðarhaf nema Albanía og Malta höfðu sótt. Ákvæði í ofangreindri tillögu eru sömu og niðurstöðu ráðstefnunnar, þ.e. skorað er á ríkin að auka samvinnu og standa að sameiginlegri stefnu og vekja athygli sveitarstjórna í Miðjarðarhafsríkjum á ýmsum samþykktum sem gerðar hafa verið á alþjóðavettvangi um málið.

Terzieff, sem er aðstoðarráðherra í forsætisráðuneyti Frakklands og fer með almannavarnamál, var gestur fundarins. Terzieff sagði að ástand mála við Miðjarðarhaf væri orðið svo slæmt að hægt væri að líkja því við jarðskjálftana í Mexíkó. Hann kvaðst vera jarðfræðingur og sannfærður um að jarðskjálftar yrðu á þessu svæði á næstu 15 árum. Hvatti hann stjórnvöld til að sinna viðbúnaði vegna náttúruhamfara ekki síður en varnarviðbúnaði vegna styrjalda. Mikils virði væri að hernum yrði falið að stjórna aðgerðum og koma til hjálpar í náttúruhamförum og borgararnir þjálfaðir í samvinnu við herina. Þá þyrfti að vera liðsafli utan svæðisins sem kæmi á vettvang þegar ósköpin dyndu yfir.

Ályktun nr. 847 um meðferð á kjarnorkuúrgangi var samþykkt á haustfundi. Miller, Verkamannaflokki Bretlands, var framsögumaður vísinda- og tækninefndar. Hann upplýsti að fjórðungur raforkuframleiðslu í aðildarríkjum Evrópuráðsins væri nú framleiddur í kjarnorkuverum og væri spáð að í lok þessa áratugar yrði hlutfall þriðjungur. Umræður um kjarnorkuúrgang væru oft byggðar á röngum eða misvísandi upplýsingum. Skýrslan, sem að ofan greinir, fjallar ekki um það hvort kjarnorka er æskileg orkulind eða ekki. Viðfangsefni hennar væri hvernig best verði losnað við kjarnorkuúrgang sem safnast hefur saman á síðustu 40 árum. Breskur þingmaður tók dæmi í umræðunni og sagði að milljón gallon af svolítið geislavirku vatni úr Windscale kjarnorkuverinu væri losað út í Írlandshaf í hverjum degi. Vitnað er til sérfræðinga á ráðstefnu í Stokkhólmi um sama efni, en þeir sögðu að áhættan við losun þessa úrgangs væri hvorki meiri né minni en áhætta sem tekin væri daglega á öðrum sviðum er varðaði velferð almennings. Í tillögunni er skorað á aðildarríkin að finna aðrar aðferðir en þá að henda úrgangi út í sjó, bæta frágang og meðferð þessa efnis þegar það er flutt úr kjarnorkuverunum og þangað sem á að fleygja því, finna nýjar aðferðir við að gera þennan úrgang hættulausan og nýja staði til að geyma hann, standa fyrir umræðum meðal almennings um þessi mál til að tryggja lýðræðislegar ákvarðanir.

Kjartan Jóhannsson, Alþýðuflokki, lagði fram breytingartillögu nr. 5 við fyrrgreinda tillögu. Í henni var mælt gegn því að kjarnorkuúrgangi sé hent í hafið, en í tillögunni sjálfri eru stjórnvöld beðin að bíða átekta þar til ráðstefna í London um sama efni hefur skilað áliti. Þá gagnrýndi Kjartan í ræðu sinni að í skýrslu Millers væri því haldið fram að sannanir virtust liggja fyrir um það að kjarnorkuúrgangur ylli ekki skaða í hafinu. Kjartan benti á að 100 þús. tonn af þessum úrgangi hefðu verið sett í hafið á 15 árum og mundi slíkt stóraukast á næstu árum. Ekki er hægt að taka þá áhættu að óbætanlegur skaði verði á hafinu, annaðhvort við breyttar aðstæður eða síaukinn úrgang. Það verður ekki aftur tekið ef fiskveiðar í sjónum minnka eða annar skaði kemur í ljós, úrgangurinn verður ekki aftur sóttur til hafsins. Á síðustu tveim árum hefur engum úrgangi verið hellt í sjóinn og enginn virðist sakna þess og það er öruggara að hefja það ekki að nýju.

Nokkrar umræður urðu um málið og breytingartillögu nr. 5. Holst, þingmaður danska jafnaðarmannaflokksins, studdi breytingartillöguna og einnig Fiskesjö, þingmaður sænska jafnaðarmannaflokksins. Hardy frá Bretlandi, þingmaður Verkamannaflokksins, taldi á hinn bóginn að breytingartillagan gæti skaðað málstaðinn ef hún fengi minni hluta atkvæða. Miller, framsögumaður, sagði að vísindamenn héldu því fram að sá úrgangur, sem um væri að ræða, væri skaðlaus og ástæðulaust væri að vantreysta því mati vísindamanna.

Daginn eftir umræðurnar átti Kjartan Jóhannsson að mæla fyrir breytingartillögu sinni en þá var umræddri ráðstefnu í London lokið með ályktun um að kjarnorkuúrgangi skyldi ekki fleygt í sjóinn enn um sinn, þar til frekari niðurstöður rannsókna lægju fyrir. Kjartan hafði fyrr um daginn komist að samkomulagi við framsögumann um að kalla breytingartillögu sína aftur þar sem sjálfri tillögunni yrði breytt í sömu átt, þ.e. getið yrði ályktunar ráðstefnunnar í London.

Á janúarfundi var *tillaga nr. 1028 samþykkt um samvinnu milli Evrópu og Japans á vísinda- og tæknisviði*, en sjötta ráðstefna japanskra og evrópskra þingmanna og vísindamanna hafði verið haldin í Tókíó í júníbyrjun 1985. Blenk, þingmaður kristilegra demókrata í Austurríki, skýrði frá efni skýrslunnar og því að vísindanefnd Evrópuráðsþingsins hefði sett á stofn undirnefnd sem móta ætti stefnu í vísindum og fleiri lýðræðisríki en aðildarríkin yrðu þátttakendur í. Þá er ráðgert að Evrópuráðið verði aðili að skrifstofu sem Evrópubandalagið mun koma upp og á að meta ýmsa kosti í vísinda- og tækniþróun.

Bassenet, þingmaður franskra sósíalista, hafði framsögu með skýrslu um vísinda- og tæknisamvinnu í Evrópu. Mælt er með því að Evrópuríkin hafi samvinnu á þessu sviði og geri sitt til þess að dragast ekki aftur úr öðrum heimsálfum. Samþykkt var *tillaga nr. 1029 um samvinnu á sviði vísinda og tækni í Evrópu.*

11. Landbúnaðarmál.

Þrjú mál voru rædd undir þessum lið og öll á janúarfundi. Hið fyrsta var skýrsla um fæðukreppuna í Afríku sem Corrie, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, mælti fyrir. Í framhaldi skýrslunnar var samþykkt *ályktun nr. 856 um fæðukreppuna í Afríku.* Þá mælti Rumpf, Vestur-Þjóðverji, Frjálslynda flokknum, fyrir skýrslu um langtímaþróun Afríkuríkja sem orðið hafa fyrir hungursneyð. Aðildarríkin eru hvött til að auka tvíhliða aðstoð við Afríkuríkin og skipuleggja aðstoðina þannig að hún komi örugglega að gagni. Í skýrslunni um langtímaþróun er einkum mælt með aðgerðum til að draga úr frjósemi í Afríku og bæta umhverfisvernd. Evrópuríkin eru hvött til að taka virkan þátt í verkefnum á vegum Alþjóðabankans í löndum fyrir sunnan Sahara og áhersla er lögð á að samhæfa betur aðgerðir milli ríkja og alþjóðastofnana. Þessi mál voru tekin upp í framhaldi af ráðstefnu Evrópuráðsins um málefni norðurs og suðurs í Lissabon árið 1984, en Ólafur Ragnar Grímsson var meðal frumkvöðla að þeirri ráðstefnu. Loks var samþykkt *ályktun nr. 857 um landbúnaðarframleiðsluna í Evrópu og náið Evrópusamstarf.* Þar er mælt með því að landbúnaðarframleiðslan í Evrópu verði einskorðuð við gæðaframleiðslu.

Á haustfundinum samþykkti þingið ályktun nr. 842 um ógnun við laxveiðar í Evrópu. Kjartan Jóhannsson, þingmaður Alþýðuflokksins, hafði haft forgöngu í landbúnaðarnefnd um flutning tillögu að þessari ályktun. Í ályktun þessari eru Evrópuþjóðirnar, sem standa að laxveiðum í Norður-Atlantshafi, hvattar til að beita sér fyrir banni á laxveiðum í sjó.

12. Sveitarstjórnarmál.

Tillaga nr. 1021 um aukinn fjölda fulltrúa frá landsbyggðinni í sveitarstjórnarnefnd Evrópu. Cuatredasas, þingmaður frá Katalóníu á Spáni, var framsögumaður. Þingið mælir með því við ráðherranefndina og aðila í Evrópu að samstarf verði á sviði sveitarstjórnarmála og Evrópusáttmálinn um þetta efni verði tekinn til endurskoðunar til þess að landsvæði innan Evrópu hafi öll sinn fulltrúa á þessum vettvangi.

Þá voru samþykktir 19. þings sveitarstjórna í Evrópu frá október 1984 samþykktar sem *álitsgerð nr. 122.*

13. Önnur mál.

Skoðanakannanir voru teknar til umræðu í kjölfar skýrslu sem Sir John Page, þingmaður Íhaldsflokksins í Bretlandi, hafði framsögu um. Í henni kemur fram að þeirri

skoðun hafi verið varpað fram að skoðanakannanir hafi of mikil áhrif á niðurstöður kosninga og séu gerðar of oft. Á hinn bóginn telji svo aðrir að þær séu mikilvægur þáttur í nútímalýðræði og geri kjósendum valið auðveldara í kosningum. Niðurstaða skýrslunnar var sú að ekki væri þörf neinna aðgerða í þessu sambandi. Æskilegt væri þó að aðildarríkin kæmu sér saman um siðareglur varðandi framkvæmd skoðanakannana.

Þá var framtíð *samvinnu í Evrópu* rædd í kjölfar skýrslu Colombo-nefndarinnar um sama efni sem lögð var fram á haustfundi. Framsögu hafði Lied, þingmaður Íhaldsflokksins í Noregi. Í nefndinni eiga margir frammámenn Evrópuríkja sæti og formaðurinn er ítalski stjórnmálamaðurinn Emilio Colombo. Í þessari fyrstu skýrslu, sem fjallar um hugmyndafræði Evrópusamstarfs, er mælt með aukinni samvinnu á grundvelli sameiginlegrar arfleifðar sem í æ ríkara mæli verði beint inn á þær brautir þar sem þörfin er mest hverju sinni. Skýrslunni var vel tekið bæði hjá þinginu og ráðherranefndinni. Seinni hluti skýrslunnar kemur væntanlega á næsta ári og verður úttekt á stofnunum sem fara með Evrópusamstarf.

Stjórnmálanefndin hafði frumkvæði um að gera skýrslu um breytingu á 14. og 25. grein í sáttmála Evrópuráðsins. Framsögu hafði Steiner, kristilegur demókrati frá Austurríki. Það er skoðun meiri hluta nefndarinnar að aðildarríki, sem ekki útnefnir sendinefnd á þing Evrópuráðsins, eigi ekki heldur að taka sæti sitt í ráðherranefndinni og að fylgjast eigi með því að engin sendinefnd þingsins sé eingöngu með fulltrúa frá stjórnarflokki í ríkisstjórn viðkomandi ríkis en án aðildar stjórnarandstöðu.

14. Yfirlit yfir ákvarðanir þingsins.

(37. þing Evrópuráðsins apríl 1985 – janúar 1986.)

Tillögur:

1007 um farandverkamenn sem snúa aftur til heimalands síns.
1008 um konur í stjórnmálum.
1009 um ferðamál og landbúnað. Getur hvort tveggja þróast saman án árekstra?
1010 um öryggi í flugi.
1011 um atvinnudansara í Evrópu.
1012 um samhæfingu reglna um trúnaðarmál í starfi.
1013 um samvinnu milli landamærahéraða í Evrópu.
1014 um vegabréfsáritun fyrir tyrkneska ríkisborgara í nokkrum Evrópuríkjum.
1015 um umhverfisvernd við Miðjarðarhafið.
1016 um aðbúnað og vinnuaðstæður flóttamanna og þeirra sem sækja um pólitískt hæli.
1017 um framtíð samstarfs í Evrópu. Fyrsta skýrsla Colombo-nefndarinnar.
1018 um styrk frá einkaaðilum til lista og menningarmála.
1019 um þátttöku ungs fólks í opinberu lífi.
1020 um Mannréttindadómstól Evrópu.
1021 um aukinn fjölda fulltrúa frá landsbyggðinni í sveitarstjórnarnefnd Evrópu.
1022 um félagsmálasáttmála Evrópu, stjórnmálalegt álit.
1023 um atvinnuleysi meðal ungs fólks.
1024 um viðbrögð Evrópuríkja við alþjóðahryðjuverkum.
1025 um aðstæður flóttamanna frá Palestínu.
1026 um breytingu á 14. gr. í sáttmála Evrópuráðsins.
1027 um breytingu á 25. gr. í sáttmála Evrópuráðsins.
1028 um samvinnu milli Evrópu og Japans á vísinda- og tæknisviði á grundvelli niðurstöðu 6. ráðstefnu þingmanna og vísindamanna í Tókíó, 3.–6. júní 1985.
1029 um samvinnu á sviði vísinda og tækni í Evrópu.
1030 um samvinnu háskóla í Evrópu og Suður-Ameríku.

Ályktanir:

839 um flugsamgöngur í Evrópu.
840 um ástandið í Tyrklandi.
841 um útlendingalög á Möltu og önnur mál sem áhrif hafa á samskipti Möltu og Evrópuráðsins.
842 um ógnun við laxveiðar í Evrópu.
843 um aðgerðir í framhaldi af ráðstefnu um samskipti norðurs og suðurs og hlut Evrópu í þeim (ráðstefna í Lissabon 9.–11. apríl 1984.)
844 um að hefja þingumræðu um mál sem efst eru á baugi.
845 um aðstæður Gyðinga í Sovétríkjunum.
846 um aðstæður minnihlutahópa og múhameðstrúarmanna í Búlgaríu.
847 um meðferð á kjarnorkuúrgangi.
848 um frelsi einstaklinga til að velja um það hvort þeir hlusta á tónlist eða ekki.
849 um stríðið milli Írans og Íraks.
850 um svar við skýrslu OECD 1984.
851 um svar við 24. ársskýrslu EFTA.
852 um breytingar á fundarsköpum þingsins.
853 um ástandið í Suður-Afríku.
854 um versnandi ástand í Afganistan.
855 um jafnrétti karla og kvenna.
856 um fæðukreppuna í Afríku.
857 um landbúnaðarframleiðsluna í Evrópu og náið Evrópusamstarf.
858 um svar við 30. og 31. ársskýrslu Ráðstefnu evrópskra samgönguráðherra.

Álitsgerðir:

121 um áttunda tímabilið í endurskoðun félagsmálasáttmála Evrópu.
122 um samþykktir 19. þings sveitarstjórna í Evrópu (16.–18. október 1984).
123 um drög að Evrópusáttmála (convention) um viðurkenningu á lögaðild alþjóðastofnana sem ekki eru á vegum ríkisstofnana.

Sþ. 813. Skýrsla [438. mál]

um norrænt samstarf árið 1985.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

1. 33. þing Norðurlandaráðs í Reykjavík 4. til 8. mars 1985.

1.1. Almennu umræðurnar á 33. þingi Norðurlandaráðs.

Í almennu umræðunum á 33. þingi Norðurlandaráðs bar hæst, eins og á þinginu árið áður, umræðurnar um efnahags- og atvinnumál. Á 32. þingi Norðurlandaráðs hafði Norræna ráðherranefndin lagt fram ráðherranefndartillögu um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand á Norðurlöndum. Á því þingi kom fram mikil óánægja meðal fulltrúa Norðurlandaráðs vegna þess að í tillöguna vantaði öll fyrirheit um beinar aðgerðir til að auka hagvöxt og minnka atvinnuleysi. Var hún ekki talin fela annað í sér en viljayfirlýsingu sem lítið væri á að treysta eina sér. Á 33. þinginu lagði Norræna ráðherranefndin síðan fram nýja tillögu um sama efni sem fékk undantekningarlítið mjög góðar viðtökur. Mörgum þykir sem brotið hafi verið með henni blað í samstarfi þjóðanna á sviði efnahagsmála. Markmið tillögunnar er að hrint verði í framkvæmd beinum aðgerðum sem stuðla munu að aukningu hagvaxtar og bættu atvinnuástandi á Norðurlöndum, bættum samgöngum og bættu innra skipulagi samgöngukerfis Norðurlanda, samstarfi á sviði iðnaðar og tölvutækni, samstarfi um útflutning tækniþekkingar og samstarfi á sviði ferðamála. Tillagan fjallar og um breytta lánaskipan Norræna fjárfestingarbankans sem m.a. eykur möguleika á lánveitingum til samgöngumála og innra skipulags þeirra.

Fyrirhugaðar breytingar á skipulagi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar voru og mjög til umræðu og þá ekki síst staða menningarmálasamstarfs Norðurlanda. Margir hvöttu og til aukins samstarfs um sjónvarpsmál.

Matthías Á. Mathiesen, þáverandi samstarfsráðherra, taldi þá samvinnu milli Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs, sem leiddi til þess að ný ráðherranefndartillaga um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand var lögð fyrir Norðurlandaráð, vera gott dæmi um þá jákvæðu þróun sem orðið hefði í norrænu samstarfi. Hann nefndi að ætlun Norrænu ráðherranefndarinnar væri með þessari tillögu að tengja norrænt samstarf um efnahagsmál því starfi sem unnið væri í hverju landi fyrir sig á þessu sviði. Hann benti sérstaklega á í ræðu sinni að eitt höfuðmarkmið tillögunnar væri að bæta atvinnuástand á Norðurlöndum og að rík áhersla væri lögð á að auka atvinnumöguleika fremur en atvinnuleysisbætur. Hann nefndi áætlanir um samstarf, um samræmingu á og úrbætur varðandi innra skipulag samgöngumála á Norðurlöndum sem dæmi um norrænt samstarf á sviði sem venjulega er sinnt af þjóðunum hverri fyrir sig.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður taldi ráðherranefndartillöguna vera betur unna en tillögu þá sem lögð var fram árið áður. Hún taldi þó hættu vera á að norrænt samstarf á öðrum sviðum drægist saman vegna þeirra auknu fjárveitinga sem samstarf samkvæmt tillögunni krefðist. Hún taldi og nokkuð skorta á að tillagan byggðist á frumlegri hugsun. Einnig taldi hún vafa leika á að þeir erfiðleikar, sem að steðjuðu á Norðurlöndum, væru í eðli sínu efnahagslegir.

Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra lýsti stuðningi við ráðherranefndartillöguna og þá sérstaklega við þær aðgerðir sem stuðla mundu að því að gera Norðurlönd að sameiginlegum heimamarkaði og við breytingar á skipan lána Norræna fjárfestingarbankans sem ykju möguleika á lánum til samgöngumála. Hann benti á að þessi lán gætu orðið áhugaverð fyrir Ísland, Grænland og Færeyjar. Hann lýsti og ánægju yfir stofnun hins fyrirhugaða vestnorræna lánasjóðs en benti þó á að grænlenska þjóðin þyrfti fremur á styrkjum að halda en lánum. Hann taldi og ástæðu til að minna á að skynsamlegt væri að beita þeim reglum, sem settar yrðu um sjóðinn, frjálslega og láta ekki skriffinnskuhugsunarháttinn ná yfirhöndinni.

Eiður Guðnason alþingismaður fjallaði í ræðu sinni m.a. um þau vandkvæði sem ríkisstyrkir Norðmanna til sjávarútvegs baka Íslendingum. Hann ræddi og sel- og hvalveiðar Norðmanna, Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga og átaldi í því sambandi þau erlendu samtök sem reynt hafa að hindra þessar veiðar og taldi aðgerðir þeirra mótast af vanþekkingu á aðstæðum og menningu viðkomandi þjóða. Hann mæltist til samvinnu Norðmanna, Grænlendinga, Færeyinga og Íslendinga um verndun þessara sameiginlegu hagsmuna og menningar.

Geir Hallgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, fjallaði um hafréttarmál og kvað þróunina á sviði hafréttarmála hafa verið hraða undanfarin ár og merki þessa vera þá staðreynd að Norðurlönd hafi nú öll áunnið sér rétt til 200 sjómílna efnahagslögsögu. Hann minnti á að í nyrsta hluta Atlantshafsins væri nú einungis tiltölulega lítið svæði utan efnahagslögsögu Norðurlanda. Hann benti á að hinn nýi hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna væri, að vissum skilyrðum uppfylltum, grundvöllur að réttindum yfir landgrunni utan 200 sjómílna efnahagslögsögu. Þetta legði norrænum þjóðum vissar skyldur á herðar vegna samninga um nýtingu sameiginlegra fiskistofna en samið hefði verið um fiskveiðar og landgrunnsréttindi á Jan Mayen-svæðinu þegar á árunum 1980 og 1982. Óleyst væri þó deila Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga um nýtingu íslenska loðnustofnsins við Jan Mayen og Grænland. Þar sem Grænlendingar hefðu nú gengið úr Efnahagsbandalaginu væri þetta alfarið norrænt mál og mikilvægt væri fyrir norrænt samstarf og það orð, er af því færi, að lausn, sem allir gætu sætt sig við, næðist sem fyrst á deilu þessari.

Hann fjallaði og um kröfur Íslendinga og Dana fyrir hönd Færeyinga til réttinda á Hatton-Rockall-svæðinu sem einnig byggðist á ákvæðum hafréttarsáttmálans og lagði áherslu á nauðsyn þess að réttur Færeyinga yrði virtur og að Norðurlandaþjóðir störfuðu saman að þessu mikilvæga máli.

1.2. Þingmannatillögur, ráðherranefndartillögur og fyrirspurnir.

Við upphaf 33. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir þrjátíu og fimm þingmannatillögur og komu tuttugu og tvær þeirra til umræðu og atkvæðagreiðslu á þinginu. Þær sjö ráðherranefndartillögur, sem lágu fyrir, komu allar til umræðu og atkvæðagreiðslu. Af ofangreindum þingmanna- og ráðherranefndartillögum samþykkti þingið tuttugu og fimm en felldi fjórar. Á þinginu voru lagðar fram fimm nýjar þingmannatillögur og fram að áramótum 1985–1986 hafa auk þeirra verið lagðar fram tuttugu og fimm nýjar þingmannatillögur og sjö ráðherranefndartillögur. Af eldri samþykktum tillögum, sem voru við upphaf 33. þingsins eitt hundrað og sjö að tölu, felldi þingið af dagskrá tuttugu og fjórar.

Bornar voru fram á þinginu 35 fyrirspurnir.

2. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

2.1. Fundir Íslandsdeildar og kjör í nefndir.

Á fundi sameinaðs Alþingis 21. desember 1984 fór fram kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Kosningin gilti þar til ný kosning fór fram á næsta reglulegu Alþingi.

Eftirtaldir þingmenn hlutu kosningu: Pétur Sigurðsson, Páll Pétursson, Guðrún Helgadóttir, Friðjón Þórðarson, Eiður Guðnason, Ólafur G. Einarsson og Stefán Benediktsson. Varamenn voru kjörnir eftirtaldir þingmenn: Salome Þorkelsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Hjörleifur Guttormsson, Árni Johnsen, Jóhanna Sigurðardóttir, Þorsteinn Pálsson og Guðrún Agnarsdóttir.

Verkefnum skipti Íslandsdeild þannig með sér að Páll Pétursson var endurkjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í efnahagsmálanefnd ráðsins. Varamaður Páls í forsætisnefnd var kjörinn Ólafur G. Einarsson sem einnig tók sæti í efnahagsmálanefnd og fjárlaganefnd. Á fundi deildarinnar 6. febrúar 1986 tók Ólafur G. Einarsson við formennsku Íslandsdeildar og Páll Pétursson við varaformennsku. Eiður Guðnason var kjörinn í menningarmálanefnd og fjárlaganefnd, Friðjón Þórðason í laganefnd, Pétur Sigurðsson í félags- og umhverfismálanefnd, Guðrún Helgadóttir í samgöngumálanefnd og upplýsingamálanefnd og Stefán Benediktsson í menningarmálanefnd og upplýsingamálanefnd. Ólafur G. Einarsson tók sæti í eftirlitsnefnd Norræna fjárfestingarbankans, Eiður Guðnason í eftirlitsnefnd Norræna menningarmálasjóðsins og Páll Pétursson varð varamaður Eiðs í þeirri nefnd.

Íslandsdeild hélt níu fundi og tvo fréttamannafundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs. Meðan á þingum Norðurlandaráðs stendur heldur Íslandsdeild að jafnaði fundi dag hvern.

Íslandsdeild fjallaði um umsækjendur um stöðu aðalritstjóra tímaritsins Nordisk Kontakt og ákvað að mæla með því að dómnefnd sú, sem skipuð hafði verið, ætti viðtal við umsækjendurna Einar Karl Haraldsson og Sigurð Sigurðarson. Einar Karl Haraldsson var síðan ráðinn í stöðuna.

Deildin samþykkti álitsgerð um tilhögun upplýsingastarfs Norðurlandaráðs eftir að upplýsingamálanefnd ráðsins yrði lögð niður.

Deildin samþykkti og álitsgerð um fyrirhugaðar breytingar á meðferð fjárlaga Norðurlandaráðs og um samnorrænt launakerfi fyrir starfsmenn ráðsins.

Enn fremur fjallaði deildin um þá samnorrænu ritgerðasamkeppni fyrir ungt fólk sem fram fór á starfsárinu. Verðlaun í keppninni voru þátttaka í ráðstefnu sem haldin var í Lundi um miðjan desember 1985. Tvö ungmenni frá Íslandi, sem hlutskörpust höfðu orðið, tóku þátt í ráðstefnunni.

Fjórir íslenskir blaðamenn, þeir Sveinn Sigurðsson, Jón G. Kristjánsson, Magnús Sigurðsson og Bjarni Sigtryggsson, hlutu norræna fréttamannastyrkinn árið 1985 að tillögu fulltrúa Íslands í upplýsingamálanefnd Norðurlandaráðs.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur gerði á fundi með deildinni grein fyrir tillögu um norrænt samstarf um jarðskjálftarannsóknir á Íslandi. Guðrún Helgadóttir o.fl. lögðu síðan fram þingmannatillögu um mál þetta á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Deildin ræddi stofnun vestnorræna þróunarsjóðsins, fjárframlög Íslands í sjóðinn og hvar aðsetur hans yrði.

Deildin ræddi við Sighvat Björgvinsson, framkvæmdastjóra Norræna félagsins, um fjármál Norræna félagsins og styrk íslenska ríkisins til félagsins sem ekki var talinn nægilegur til að félaginu væri tryggð starfsemi á sama grundvelli og hingað til.

Deildin ræddi ferðamál og ferðakostnað ungs fólks á Norðurlöndum vegna erindis Norræna félagsins og með hliðsjón af þeirri umræðu sem orðið hefur um málið í menningarmálanefnd og samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs.

Deildin ræddi drög að þingmannatillögu um norræna starfsáætlun gegn krabbameini. Frumkvæðið að tillögugerð þessari átti dr. G. Snorri Ingimarsson, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands, ásamt sérfræðingum frá öðrum norrænum löndum. Páll Pétursson o.fl. lögðu síðan tillögu þessa fram á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Guðrún Helgadóttir alþingismaður kynnti á fundi deildarinnar þingmannnatillögu um breytingar á samningi Norðurlanda um almannaskráningu og þjóðskrá sem hún lagði síðan fram. Tillaga þessi var samþykkt á 34. þingi Norðurlandaráðs.

Loks voru á fundum Íslandsdeildar rædd ýmis framkvæmdaatriði, ferða- og fjármál.

3. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs.

Á 33. þingi Norðurlandaráðs var Páll Pétursson alþingismaður kosinn forseti ráðsins og um leið formaður forsætisnefndar þess. Frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings þess hélt forsætisnefnd tólf fundi. Að auki hélt hún tvo fundi með forsætisráðherrum Norðurlanda, tvo fundi með samstarfsráðherrum Norðurlanda og einn fund með formönnum fastanefnda Norðurlandaráðs.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum þann 13. desember 1984 hafði forsætisnefnd lýst stuðningi sínum við yfirlýsingu forsætisráðherranna um varnir gegn loftmengun. Yfirlýsingu þessa hafði sendiherra Íslands í Bretlandi afhent ríkisstjórn Bretlands. Svar bresku ríkisstjórnarinnar var talið ófullnægjandi og var því málið rætt á ný á fundi forsætisnefndar og forsætisráðherra þann 4. mars 1985. Á grundvelli þessara umræðna boðaði forsætisnefnd síðan til ráðstefnu með þátttöku þingmanna landa þeirra sem liggja að Eystrasalti og Norðursjó, auk Sviss og Austurríkis, til að ræða um úrbætur sem draga mundu úr loftmengun. Ráðstefna þessi verður haldin í Stokkhólmi dagana 8. til 10. september 1986.

Á fundi forsætisnefndar með forsætisráðherrum þann 18. desember 1985 var meðal annars rædd þróun mála innan Efnahagsbandalags Evrópu og áhrif þess á norrænt samstarf, t.d. í hljóðvarps- og sjónvarpsmálum, loftmengunarmálum og ferðamálum ungs fólks, einkum áhrif ferðakortsins sem gildir í ferju- og lestarferðum á Norðurlöndum.

Á fundum forsætisnefndar með samstarfsráðherrum Norðurlanda voru meðal annars eftirtalin mál til umræðu: Fjárlög Norrænu ráðherranefndarinnar, samstarf Norðurlanda um þróunaraðstoð, loftmengun, samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um þróun efnahagsmála og bætt atvinnuástand og upplýsinga- og útgáfumál.

Á fundi sínum 7. maí 1985 setti forsætisnefnd reglur fyrir hina nýju fjárlaga- og eftirlitsnefnd ráðsins sem meðal annars tók við störfum fjárlaganefndar sem lögð var niður í lok 34. þings Norðurlandaráðs.

Á sama fundi setti forsætisnefnd reglur fyrir ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt sem tók til starfa við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs en upplýsinganefnd Norðurlandaráðs, sem lögð var niður frá sama tíma, hafði verið ritstjórnarnefnd tímaritsins.

Enn setti forsætisnefnd á sama fundi nýjar starfsreglur fyrir skrifstofu forsætisnefndar og ritaranefndar Norðurlandaráðs. Nýju reglurnar tóku gildi 12. febrúar 1986.

Í því skyni að efla tengsl Norðurlandaráðs við aðrar fjölþjóðastofnanir og kynna starfsemi Norðurlandaráðs fór forsætisnefnd Norðurlandaráðs í kynnisferð til sjö fjölþjóðastofnana í Genf, Strassborg og París dagana 20. til 25. október 1985. Eftirtaldar stofnanir voru heimsóttar og rætt við forsvarsmenn þeirra: Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA; Alþjóðavinnumálastofnun Sameinuðu þjóðanna, ILO; Efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, ECE; Alþjóðastofnunin um tolla- og viðskiptamál, GATT; þing Evrópubandalagsins; höfuðstöðvar Evrópuráðsins og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, OECD.

4. Fastanefndir Norðurlandaráðs.

4.1. Laganefnd.

Laganefnd hélt sjö fundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs. Tveir þessara funda voru haldnir með Norrænu ráðherranefndinni, annar með dómsmálaráðherrum landanna og hinn með ráðherrum þeim sem atvinnumál heyra undir.

Formaður nefndarinnar var danski þingmaðurinn Bernhardt Tastesen og varaformaður Friðjón Þórðarson alþingismaður.

Nefndin sinnti á starfsárinu öðrum málum fremur þingmannatillögu um samstarf Norðurlanda um aðstoð við flóttamenn sem lögð var fyrir 34. þing og samþykkt þar. Auk þessarar tillögu voru fimm þingmannatillögur á dagskrá nefndarinnar. Fjölluðu þær um vernd barna á stríðstímum, um breytingar á samningi frá 1968 um almannaskráningu og þjóðskrá, um norræna kvennaráðstefnu og um norræna skrásetningu aðila sem hafa verið sviptir rétti til að stunda atvinnurekstur og um samræmingu réttarreglna á Norðurlöndum um gervifrjóvgun.

Á fundi nefndarinnar með dómsmálaráðherrum landanna var rætt um viðurlög við fíkniefnabrotum, aðstoð við flóttamenn, samræmingu kauplaga á Norðurlöndum, réttaráhrif hjúskapar, réttaröryggi útlendinga búsettra á Norðurlöndum og um réttarstöðu samkynhneigðra.

Á fundi nefndarinnar með atvinnumálaráðherrum landanna var m.a. rætt um norrænt samstarf á sviði vinnuréttar og um atvinnumál.

Haldin var á vegum nefndarinnar ráðstefna um fíkniefnamál dagana 22. til 25. apríl 1985 á Borgundarhólmi.

Ritari nefndarinnar tók ásamt finnska þingmanninum Elsi Hetemäki-Olander og danska þingmanninum Dorte Bennedsen þátt í kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Nairobi í júlí 1985.

4.2. Menningarmálanefnd.

Menningarmálanefnd hélt á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs sex fundi og var einn þeirra haldinn með menntamálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var Eiður Guðnason alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Ingrid Sundberg.

Helsta mál menningarmálanefndar var, eins og undanfarin ár, norrænt samstarf um útvarps- og sjónvarpssendingar um gervihnött. Útlit hafði verið fyrir að ráðherranefndartillaga um málið yrði lögð fyrir 33. þing Norðurlandaráðs. Sú tillaga var þó ekki lögð fram fyrr en í nóvember 1985. Samkvæmt tillögunni munu beinar sjónvarpssendingar um TELE-X-gervihnöttinn hefjast árið 1987 og tilraunaútsendingar standa yfir í þrjú ár. Sent verður á tveimur sjónvarpsrásum efni frá ríkisútvarpi þeirra landa sem aðilar eru að samstarfinu. Menningarmálanefndin studdi tillögu þessa en æskti þess að Danir gerðust aðilar að samstarfinu og að Íslendingum yrði gert kleift að gerast aðilar. Nefndin lagði og áherslu á að það yrði frá upphafi ljóst að markmið tilraunasendinganna væri að ryðja braut áframhaldandi samstarfi um sjónvarpssendingar um gervihnött. Forsætisnefnd Norðurlandaráðs lagði fram álit um tillöguna fyrir hönd Norðurlandaráðs þann 13. nóvember 1985.

Samþykkt var nefndarálit um þingmannatillögu um norræna menningar- og upplýsingamiðstöð fyrir Austur- og Mið-Finnland. Tilgangur tillögunnar var að auka norræn menningartengsl finnskumælandi Finna í Austur-Finnlandi.

Í nefndinni voru og til umræðu tillögur um að samræma menntun í byggingariðnaðinum, stofna sjóð til stuðnings samískra, færeyskra og grænlenskra bókmennta og stofna sjóð til styrktar tónlistarlífi á Norðurlöndum.

Þann 15. október 1985 átti nefndin viðræður við Norrænu ráðherranefndina um menningarmálasamstarfið og fjárveitingar til þess árið 1987. Á þeim fundi var norrænt samstarf um hljóðvarps- og sjónvarpssendingar um gervihnött aðalmálið. Nefndin lagði þar og til að Norræna ráðherranefndin legði fram sérstaka framkvæmdaáætlun um þróun menningarmálasamstarfs landanna fyrir 35. þing Norðurlandaráðs árið 1987.

Menningarmálanefnd stóð fyrir ráðstefnu í Álasundi dagana 21. til 23. október 1985 um norrænt samstarf skóla á Norðurlöndum og norræn nemenda- og kennaraskipti.

Þann 17. apríl 1985 heimsóttu formaður nefndarinnar, Eiður Guðnason, og ritari nefndarinnar þing Evrópubandalagsins í Strassborg og dagana 18. og 19. apríl heimsóttu þeir auk varaformanns nefndarinnar, Ingrid Sundberg, skrifstofur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, í París og ræddu þar við fulltrúa Norðurlanda og ýmsa embættismenn.

4.3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd hélt á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings Norðurlandaráðs fimm fundi og var einn þessara funda haldinn með umhverfismálaráðherrum Norðurlanda.

Formaður nefndarinnar var forseti norska Stórþingsins Jo Benkow og varaformaður finnski þingmaðurinn Kaj Bärlund.

Nefndin lauk á starfsárinu umfjöllun um ellefu þingmannatillögur og mælti með því að ráðið samþykkti sjö þeirra.

Meðal þeirra tillagna, sem nefndin mælti með, var tillaga um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir þá sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, tillaga um aukin réttindi Norðurlandabúa sem flytja búferlum milli norrænna landa og tvær tillögur um aðgerðir gegn loftmengun erlendis frá. Einnig mælti nefndin með samþykkt tillögu um aðgerðir til að sporna við verslun með dýrategundir sem hætt er við að verði útrýmt og tillögu um að auka starfsemi Norræna heilsugæsluháskólans.

Á fundi nefndarinnar með umhverfismálaráðherrum Norðurlanda þann 12. nóvember voru m.a. rædd loftmengunarmál, þróunarhjálp og umhverfisvernd í þróunarlöndunum og verndun hafsins.

Sænski þingmaðurinn Grethe Lundblad var ásamt ritara nefndarinnar viðstödd þing Alþjóðavinnumálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Genf dagana 17. til 21. júní 1985.

4.4. Samgöngumálanefnd.

Á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings þess hélt samgöngumálanefnd sex fundi og af þeim var einn haldinn með ráðherrum þeim sem sinna samgöngu- og umferðaröryggismálum.

Finnski þingmaðurinn Marjatta Väänänen var formaður nefndarinnar og varaformaður var Bjarne Mörk Eidem.

Í janúar 1985 ákvað forsætisnefnd ráðsins að auk samgöngumála, umferðaröryggis- og ferðamála skyldi nefndin sinna tölvutækni og öðrum tæknimálum.

Aðalverkefni nefndarinnar á starfsárinu voru á sviði umferðaröryggis og töluvtækni. Á fundi nefndarinnar í febrúar 1985 ræddi nefndin við sérfræðinga á tölvutæknisviði um þróun tölvutækni og þann þátt sem nefndin og Norðurlandaráð gæti átt í því að beina þróun tölvutækni inn á brautir sem væru íbúum Norðurlanda hagstæðar.

Á starfsárinu var tíu þingmannatillögum vísað til nefndarinnar sem lauk umfjöllun um sjö tillögur og mælti með því að Norðurlandaráð samþykkti fimm þeirra.

Á fundi nefndarinnar þann 12. nóvember 1985 með samgönguráðherrum og ráðherrum þeim, sem hafa umferðaröryggismál innan sinna málaflokka, var meðal annars rætt um flugsamgöngur milli Mið-Svíþjóðar, Mið-Noregs og Mið-Finnlands, gildi norrænna ökuskírteina á Norðurlöndum utan heimalands skírteinishafa, samræmingu reglna á Norðurlöndum um bílbelti og starfsáætlun á sviði umferðaröryggismála.

4.5. Efnahagsmálanefnd.

Efnahagsmálanefnd hélt fjóra fundi á tímabilinu frá lokum 33. þings Norðurlandaráðs og til upphafs 34. þings ráðsins. Níumannanefndin hélt auk þess þrjá fundi.

Nefndin hefur og á starfsárinu haldið fundi með efnahagsmálaráðherrum, ráðherrum þeim sem hafa þróunarhjálp innan síns verkahrings, utanríkisviðskiptaráðherrum og orkumálaráðherrum Norðurlanda.

Sænski þingmaðurinn Gunnar Nilsson var formaður nefndarinnar á starfsárinu fram að 12. nóvember en þá tók landi hans Arne Gadd við formennsku. Varaformaður var danski þingmaðurinn Ivar Hansen.

Nefndin fjallaði á starfsárinu um fimm þingmannatillögur og sex ráðherranefndartillögur.

Nefndin lagði til að Norðurlandaráð samþykkti ráðherranefndartillögu um að stofna vestnorrænan þróunarsjóð með aðsetri í Reykjavík, ráðherranefndartillögu um að endurskoða samstarfsáætlun um byggðamál, ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun um að auka atvinnumöguleika í byggingariðnaðinum, ráðherranefndartillögur um aukið fjármagn til Norræna fjárfestingarbankans og um norræna samstarfsáætlun á sviði orkumála.

Nefndin lagði til stuðning við þingmannatillögu um norrænt samstarf á alþjóðavettvangi.

Varðandi þingmannatillögu þá um líftæknistofnun á Íslandi, sem íslensku fulltrúarnir í Norðurlandaráði höfðu átt frumkvæði að, lagði nefndin til að Norræna ráðherranefndin léti á árinu 1986 kanna hvaða möguleikar væru á framtíðarsamstarfi á líftæknisviði og hvaða hlutverki norræn líftæknistofnun, sem hugsanlegt væri að hefði aðsetur á Íslandi, gæti gegnt fyrir atvinnulíf á Norðurlöndum.

4.6. Fjárlaganefnd.

Fjárlaganefnd hélt fimm fundi á starfsárinu.

Formaður nefndarinnar var norski þingmaðurinn Bjarne Mörk Eidem og varaformaður danski þingmaðurinn Jens Peter Jensen.

Í tilefni tillögu frá Svíþjóð, um að stytta þann tíma sem liði milli samþykktar fjárlaga Norrænu ráðherranefndarinnar og gildistöku, var stofnaður vinnuhópur sem var að störfum á árinu og lagði fram tillögur sínar í október 1985. Samkvæmt tillögum vinnuhópsins skyldu nefndir Norðurlandaráðs fjalla á sumrin um umsóknir embættismannanefnda og annarra um fjárveitingar af fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar og síðan skyldi nefndin leggja í september fram drög að fjárlögum næsta árs. Í tengslum við nóvemberfundi nefnda Norðurlandaráðs skyldi þing Norðurlandaráðs kallað saman til haustþings til að fjalla um fjárlögin eingöngu. Norræna ráðherranefndin tæki fljótlega eftir það endanlega ákvörðun um fjárlögin sem kæmi síðan til framkvæmda um áramót.

Þessi tillaga var send landsdeildum og fjárlaganefnd Norðurlandaráðs til umsagnar. Voru þessir aðilar hlynntir því að stytta þann tíma sem það tæki að fjalla um fjárlögin en þeir voru ekki á eitt sáttir um að kalla saman haustþing. Í stað þess var lagt til að forsætisnefnd skyldi fyrir hönd Norðurlandaráðs gefa umsögn um fjárlögin að lokinni umfjöllun um þau í nefndum ráðsins. Forsenda þessara tillagna var þó að þegar á Norðurlandaráðsþingunum skyldu liggja frammi það ítarlegar upplýsingar um væntanleg fjárlög að umræður gætu farið þar fram um þau.

Á fundi forsætisnefndar og Norrænu ráðherranefndarinnar þann 18. desember 1985 var tekin ákvörðun um breytingar á meðferð fjárlaga í samræmi við tillöguna með þeim breytingum sem landsdeildir og fjárlaganefnd lögðu til.

Norræna ráðherranefndin lagði til að almennu fjárlögin fyrir árið 1986 skyldu vera að upphæð 269,8 millj. norskra króna og menningarmálafjárlögin að upphæð 159,5 millj. danskra króna. Fjárlaganefndin lagði til að almennu fjárlögin yrðu hækkuð um 500 000 norskar krónur og menningarmálafjárlögin um 1,7 millj. danskra króna. Eftir umfjöllun á 33. þingi Norðurlandaráðs var upphæð almennu fjárlaganna ákveðin 272,6 millj. norskra króna og upphæð menningarmálafjárlaganna 160,1 millj. danskra króna.

4.7. Upplýsingamálanefnd og ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt.

Upplýsingamálanefnd hélt tvo fundi á starfsárinu.

Formaður nefndarinnar var Guðrún Helgadóttir alþingismaður og varaformaður sænski þingmaðurinn Rune Gustavsson.

Nefndin hélt tvær ráðstefnur á starfsárinu, aðra í maí 1985 í Villmanstrand fyrir fréttamenn um atvinnu- og efnahagsmál á Norðurlöndum en hina í Lundi. Síðari ráðstefnan var (sbr. 2.1.) haldin fyrir þau ungmenni sem hlutskörpust höfðu orðið í ritgerðasamkeppni Norðurlandaráðs. Ritgerðasamkeppnin var hluti þeirrar herferðar sem upplýsinganefnd Norðurlandaráðs stóð fyrir til að kynna ungu fólki norrænt samstarf.

Upplýsingamálanefndin, sem lögð var niður í lok starfsársins, samdi af því tilefni áætlun um framtíð upplýsinga- og útgáfustarfsemi Norðurlandaráðs. Áætlun þessi var lögð fyrir forsætisnefnd Norðurlandaráðs en upplýsingamál munu hér eftir heyra undir hana. Upplýsingamálanefnd lagði til að sérstök áhersla yrði lögð á það að kynna norrænt samstarf í fjölmiðlum, skólum og í félagasamtökum. Einnig skyldi leggja áherslu á að upplýsa stjórnmálamenn og aðila tengda stjórnmálaflokkum og stjórnsýslu á Norðurlöndum um samstarfið. Áhersla var og lögð á hlutverk starfsfólks landsdeilda Norðurlandaráðs í upplýsingastarfinu og á mikilvægi þess að komið yrði á framfæri aðgengilegum upplýsingaritum um samstarfið.

Við upphaf 34. þings Norðurlandaráðs tók til starfa sérstök ritstjórnarnefnd tímaritsins Nordisk Kontakt (sbr. 3). Í henni eiga sæti tíu fulltrúar og er formaður hennar Guðrún Helgadóttir alþingismaður. Aðalritstjóri tímaritsins er Einar Karl Haraldsson en Björn Jóhannsson er einn þeirra fimm ritstjóra sem sjá um öflun efnis í tímaritið, hver frá sínu heimalandi.

Nd. 814. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Páll Pétursson, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Ólafur G. Einarsson.
Guðmundur H. Garðarsson.	Kristófer Már Kristinsson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 815. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr. 6. tölul. orðist svo:
   Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
2. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Leita skal tillagna siglingamálastjóra um skipun í þessi störf. Siglingamálastjóri ræður annað fast starfsfólk samkvæmt ráðningarsamningi.
3. Við 5. gr.
   a. 2. tölul. falli brott.
   b. 4. tölul., sem verði 3. tölul., orðist svo:
   Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingu.
4. 8. gr. orðist svo:
   Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík en auk þess skal stofnunin hafa umdæmisskrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum.
   Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

Nd. 816. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við fulltrúa fjármálaráðuneytis og hagsmunasamtaka. Frumvarpið er flutt til staðfestingar bráðabirgðalögum sem gefin voru út 20. september 1985.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Minni hl. er andvígur því að skattheimta á bifreiðar sé aukin á sama tíma og útgjöld til vegamála eru skorin niður. Frumvarpið gengur einnig þvert á þá stefnu sem nú er uppi að færa niður verðlag í landinu og standa gegn öllum hækkunum. Minni hl. leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Svavar Gestsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson. Kristófer Már Kristinsson.

Nd. 817. Breytingartillaga [368. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Friðjóni Þórðarsyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein er verði 6. gr. svohljóðandi:

Á Breiðafirði og fjörðum þeim, sem inn úr honum ganga, eru öll selaskot bönnuð fyrir innan línu sem hugsast dregin frá Eyrarfjalli sunnan Breiðafjarðar, í Stagley, um Oddbjarnarsker í Bjargtanga í Barðastrandarsýslu. Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessu ákvæði í samráði við landeigendur.

Nd. 818. Lög [288. mál]

um sérstakan kostnaðarhlut útgerðar.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 533.

Nd. 819. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. apríl.)

1. gr.

90. gr. laganna orðist svo:

Um skipti á öðrum búum en dánarbúum, t.a.m. samlagsbúum, er hrökkva fyrir skuldum, og búum sambýlisfólks við slit á óvígðri sambúð eða við andlát annars aðilans, fer sem um opinber skipti á dánarbúum með þeim breytingum sem leiðir af eðli þeirra. Svo skal einnig við skipti á þrotabúum, sem ekki eru dánarbú, fara eftir fyrirmælum 8. kap. sem og öðrum ákvörðunum í lögum þessum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru.

Það telst óvígð sambúð skv. 1. mgr. ef karl og kona stofna til sambúðar og hafa átt barn saman eða kona er þunguð af hans völdum eða ef sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og skal þeim beitt við skipti á búum þeirra er slitið hafa sambúð og ekki hafa komið sér saman um eignaskipti, enda hafi þá ekki þegar verið höfðað mál fyrir almennum dómstóli vegna eignaskiptanna.

Nd. 820. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. l. nr. 78/1977.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og fékk til viðtals þá Herluf Clausen og Stefán Pálsson.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, leggur til að það verði samþykkt eins og það er komið frá Ed. og vísar til ítarlegs nefndarálits á þskj. 688.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Páll Pétursson, form. | Ólafur G. Einarsson, frsm. | Halldór Blöndal.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 821. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur haldið marga fundi um málið og fengið til viðræðna Ólaf St. Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing frá samgönguráðuneyti, Magnús Jóhannsson siglingamálastjóra, dr. Pál Sigurðsson dósent, Ásgeir Pétursson bæjarfógeta, Harald Henrýsson sakadómara og Magnús Thoroddsen hæstaréttardómara, formann réttarfarsnefndar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með brtt. sem koma fram á sérstöku þskj.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm. | Kristín Halldórsdóttir, fundaskr. | Eggert Haukdal.

Friðjón Þórðarson. | Karvel Pálmason. | Stefán Guðmundsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Nd. 822. Breytingartillaga [383. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Stefáni Guðmundssyni.

Við 1. gr. 1. málsl. greinarinnar orðist svo: Samgönguráðherra skal skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn.

Nd. 823. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur haldið marga fundi um málið og fengið til viðræðna Ólaf St. Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing frá samgönguráðuneyti, Magnús Jóhannsson siglingamálastjóra, dr. Pál Sigurðsson dósent, Ásgeir Pétursson bæjarfógeta, Harald Henrýsson sakadómara og Magnús Thoroddsen hæstaréttardómara, formann réttarfarsnefndar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Friðjón Þórðarson.	Karvel Pálmason.	Stefán Guðmundsson.
	Steingrímur J. Sigfússon.	

Nd. 824. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Ólafur G. Einarsson.	Kjartan Jóhannsson.	Geir H. Haarde.

Nd. 825. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 3. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðist svo:

c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 826. Nefndarálit [312. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Páll Pétursson, form.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Gunnar G. Schram, frsm.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Nd. 827. Breytingartillögur [312. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 2. gr.

1. Orðin „(möbel- og interiörarkitekt)“ í nýrri 10. gr. falli brott.
2. Ný 11. gr. orðist svo:
Engum má veita leyfi það sem um getur í 10. gr. nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða.
Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

Nd. 828. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Hafa komið til viðtals við nefndina embættismennirnir Hallvarður Einvarðsson, Ásgeir Friðjónsson, Böðvar Bragason, Jón Thors, Hjalti Zóphóníasson og Arngrímur Ísberg.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.
Guðrún Helgadóttir, fundaskr.
Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

Nd. 829. Breytingartillögur [295. mál]

við frv. til l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.
2. Við bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:
   Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

Nd. 830. Nefndarálit [383. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og fengið til viðræðna eftirtalda aðila: Ólaf St. Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur lögfræðing frá samgönguráðuneyti, Magnús Jóhannsson siglingamálastjóra, dr. Pál Sigurðsson, dósent við Háskóla

Íslands, Ásgeir Pétursson bæjarfógeta, formann Dómarafélags Íslands, Harald Henrýsson sakadómara og Magnús Thoroddsen hæstaréttardómara, formann réttarfarsnefndar.

Nokkrir nefndarmenn vilja samþykkja frv. óbreytt. Aðrir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma, og undirrita nál. með fyrirvara.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 11. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., með fyrirvara.	Kristín Halldórsdóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Stefán Guðmundsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason.
	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	

Nd. 831. Nefndarálit [419. mál]

um frv. til l. um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið.

Eyjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuleysistryggingasjóðs, kom á fund nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einstakir nefndarmenn undirrita álitið með fyrirvara. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Kjartan Jóhannsson og Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi, 14. apríl 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr., með fyrirvara.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.
Ólafur G. Einarsson.		Geir H. Haarde.

Sþ. 832. Fyrirspurn [439. mál]

til iðnaðarráðherra um úrbætur í málefnum ullariðnaðarins.

Frá Helga Seljan og Hjörleifi Guttormssyni.

Til hvaða ráðstafana hyggjast stjórnvöld grípa svo að leysa megi sem best úr bráðum vanda ullariðnaðarins þannig að ekki komi til fjöldauppsagna í greininni?

Sþ. 833. Nefndarálit [382. mál]

um till. til þál. um fullgildingu Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Haraldur Ólafsson.	Guðrún Agnarsdóttir.
Gunnar G. Schram.	Birgir Ísl. Gunnarsson.	Hjörleifur Guttormsson.

Nd. 834. Breytingartillögur [302. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1887, um veð, sbr. l. nr. 87/1960.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Kjartani Jóhannssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir orðunum „sem veðsali á eða eignast kann“ í 1. málsl. komi: eða hefur til sölu.
b. Aftan við greinina bætist nýr málsliður: Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

Ed. 835. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá Eiði Guðnasyni.

10. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986 og gilda til 31. maí 1990. Í þingbyrjun 1989 skal viðskiptaráðherra leggja fyrir Alþingi nýtt frumvarp til laga um Útflutningsráð Íslands.

Nd. 836. Breytingartillaga [387. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Frá Guðrúnu Helgadóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 2. gr. laganna falli brott.

Ed. 837. Breytingartillögur [232. mál]

við frv. til l. um talnagetraunir.

Frá Eiði Guðnasyni, Stefáni Benediktssyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. 2. mgr. 1. gr. orðist svo:
   Heimild þessi gildir til ársloka 1992.
2. Á eftir 1. mgr. 2. gr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Reikningar félagsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.
3. 4. gr. orðist svo:
   Helmingi af söluverði miða skal varið til vinninga. Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla til útborgunar.

Ed. 838. Frumvarp til laga [260. mál]

um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá þannig að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því er fyrir þá kom eða skyldi koma eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila er á var hallað með honum. Sama gildir þótt annar maður en sá sem gerningurinn var gerður við eigi sök á misferli því sem getið er í 1. málsl. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess, er gerði hann, hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað.

Nú er löggerningur sendur í símskeyti og aflagast hann í meðförum símans og er hann þá eigi skuldbindandi fyrir sendanda í þeirri mynd sem hann kemur fram í og það enda þótt móttakandi sé grandlaus. Sama gildir sé munnlegum löggerningi, sem boðbera er falið að skila, skilað röngum.

Eigi sendandi sök á mistökunum skal honum skylt að bæta móttakanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim. Nú fær sendandi vitneskju um mistökin og skal hann þá, án ástæðulausrar tafar, skýra gagnaðilja frá því ef hann ætlar að bera þau fyrir sig. Að öðrum kosti gildir löggerningurinn svo sem hann var er hann kom til móttakanda nema því aðeins að móttakandi hafi vitað um mistökin eða mátt um þau vita.

3. gr.

33. gr. laganna orðast svo:

Löggerning, sem ella mundi talinn gildur, getur sá maður, er við honum tók, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

4. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur skriflegur löggerningur verið gerður til málamynda og hefur sá maður, sem við gerningnum tók, framselt grandlausum þriðja manni rétt sinn samkvæmt honum og verður það þá eigi borið fram gegn þeim manni að gerningurinn hafi verið gerður til málamynda.

5. gr.

35. gr. laganna orðast svo:

Hafi kröfuhafi gegn vilja sínum misst kvittun fyrir peningaupphæð er skuldari samt sem áður laus mála ef hann í grandleysi greiðir, á gjalddaga eða eftir, gegn afhendingu kvittunarinnar.

6. gr.

36. gr. laganna orðast svo:

Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggerninga.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til.

7. gr.

37. gr. laganna orðast svo:

Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því hverju það varðar rétthafann að þessi skuldbinding sé haldin.

Hafi starfsmaður við verslun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu sem getur um í 1. mgr. gagnvart þeim sem fyrirtækið rekur og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið þá er sú skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.

8. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Nú hefur maður afhent tilkynningu skv. 4., 6., 9., 19., 28. og 32. gr. laga þessara til flutnings með síma, pósti eða öðru því flutningstæki sem gilt þykir að nota og kemur það þá eigi honum að sök þótt þeirri tilkynningu seinki eða hún komist eigi til skila.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

a. 7. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl.
b. 34. gr. laga nr. 20 frá 8. mars 1954, um vátryggingasamninga.
c. 29. gr. höfundalaga, nr. 73 frá 29. maí 1972.
d. 11. gr. laga nr. 44 frá 1. júní 1979, um húsaleigusamninga.
e. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 75 frá 14. nóv. 1917, um útmælingar lóða í kaupstöðum, löggiltum kauptúnum o.fl.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1986.

Ed. 839. Breytingartillaga [259. mál]

við frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá Ragnari Arnalds.

Fyrri mgr. 4. gr. orðist svo:

Viðskiptaráðherra skipar átta menn í stjórn Útflutningsráðs til tveggja ára í senn, svo og átta varamenn, þar af skulu fimm aðalmenn og fimm varamenn tilnefndir af ráðinu en ríkisstjórnin tilnefnir þrjá.

Ed. 840. Frumvarp til laga [259. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Nú óskar einstaklingur, fyrirtæki eða samtök eftir aðild og skal þá sækja um hana til stjórnar ráðsins sem tekur endanlega ákvörðun um aðild. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði fulltrúar viðskiptaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, landbúnaðarráðuneytis, samgönguráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis.

Almennir fundir ráðsins skulu að jafnaði haldnir tvisvar á ári eða oftar eftir ákvörðun viðskiptaráðherra eða stjórnar ráðsins. Viðskiptaráðherra, eða sá sem hann tilnefnir, boðar til þessara funda og stýrir þeim.

4. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa átta menn, valdir til tveggja ára í senn. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband íslenskra samvinnufélaga, Flugleiðir hf., Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og Félag íslenskra iðnrekenda tilnefna einn mann hver, viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna einn mann hvor og einn stjórnarmaður skal tilnefndur sameiginlega af aðilum í Útflutningsráði, öðrum en hér hafa verið nefndir. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefnir varamann fyrir þann fulltrúa, sem viðskiptaráðherra tilnefnir, og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Viðskiptaráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

5. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og helstu starfsmenn og ákveður laun og önnur starfskjör þeirra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður árgjöld, sbr. 6. gr., og gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru skv. beiðni einstakra útflytjenda.

6. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

a. Tekjur af útflutningsgjaldi skv. lögum nr. 52/1983.
b. Tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi skv. lögum nr. 55/1984.
c. Árgjöld.
d. Framlag ríkissjóðs.
e. Þóknun fyrir veitta þjónustu.
f. Sérstök framlög og aðrar tekjur.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa, sem starfa í sendiráðum, að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið og utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör skulu settar sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Viðskiptaráðherra getur, skv. tillögum stjórnar Útflutningsráðs, sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 14/1971, um Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, og tekur Útflutningsráð Íslands við starfsemi hennar.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1986.

Ed. 841. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur frumvarpinu af eftirgreindum ástæðum:

Hér er um það að ræða að selja einstaklingi á Reykjavíkursvæðinu jörð úr ríkiseigu í Breiðdalshreppi.

Ekkert liggur fyrir um að væntanlegur kaupandi ætli að flytjast á jörðina og setjast þar að.

Í fylgiskjölum með frumvarpinu kemur aðeins fram að viðkomandi einstaklingur hyggist nytja jörðina „fyrir æðarfugl, angórakanínur, garðrækt o.fl.“ Ekkert hefur komið fram sem bendir til að þessi jörð henti sérstaklega til þessara nytja.

Minni hl. nefndarinnar telur eðlilegt að sá háttur sé á hafður, ef einstaklingar óska eftir að kaupa ríkisjarðir sem nú eru í eyði, að slíkar jarðir séu alls ekki seldar eða leigðar undir hefðbundinn búrekstur, og ef einstaklingar óska að hefja þar búskap í nýjum búgreinum sé þeim gefinn kostur á að fá jarðirnar á leigu uns séð er hver alvara felst í áformum þeirra.

Minni hl. telur engin þau sjónarmið hafa komið fram sem réttlæti sölu þessarar ríkisjarðar og leggur því til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 14. apríl 1986.

Eiður Guðnason, frsm. Skúli Alexandersson. Kolbrún Jónsdóttir.

Nd. 842. Frumvarp til laga [383. mál]

um breytingu á siglingalögum, nr. 34 19. júní 1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

230. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra skal skipa sérstaka fimm manna nefnd kunnáttumanna til fjögurra ára í senn. Nefndin skal kanna orsakir allra sjóslysa er íslensk skip farast. Nefndin rannsakar einnig öll slys þar sem manntjón verða, svo og önnur þau sjóslys sem hún telur ríkar ástæður til að rannsaka.

Nefndin skal starfa sjálfstætt og óháð.

Samgönguráðherra ræður, að fenginni umsögn nefndarinnar, starfsmann með sérþekkingu á þeim málum sem hún fjallar um.

Nefndin skal í starfi sínu fylgja meginreglum laga þessara um sjópróf eftir því sem við verður komið. Um skyldu manna til skýrslugjafar fyrir nefndinni og um öflun sönnunargagna almennt, svo og um vettvangskönnun, gilda sömu reglur og í opinberum dómsmálum eftir því sem við getur átt. Nefndin ákveður sjálf hvort fundir hennar eru opnir eða lokaðir og hverjar upplýsingar eru veittar um framvindu rannsóknar. Nefndin getur leitað til Siglingamálastofnunar ríkisins við rannsókn máls eftir því sem tilefni er til. Embættisdómur-

um eða lögreglustjórum á hverjum stað er skylt að aðstoða nefndina við skýrslutöku og aðra þætti málsrannsóknar. Einnig getur nefndin kallað til sérfræðinga eða leitað aðstoðar rannsóknarstofnana í þágu rannsóknar máls, svo og allra þeirra aðila sem að öryggis- og björgunarmálum vinna. Er þeim aðilum skylt að aðstoða nefndina við rannsókn í heild eða einstaka þætti hennar.

Nú óskar einhver framangreindra aðila eftir að koma á framfæri upplýsingum í þágu rannsóknar máls og er nefndinni þá skylt að taka slíkar upplýsingar til athugunar.

Um starfshætti nefndarinnar skal nánar kveðið á í reglugerð sem samgönguráðherra setur. Þar skal m.a. getið um vinnuskyldu starfsmanns og önnur störf, svo sem fræðslustörf í skólum og á námskeiðum.

Kostnaður vegna starfsemi nefndarinnar og rannsóknar máls skv. þessari grein skal greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 843. Frumvarp til laga [302. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð, sbr. lög nr. 87/1960.

(Eftir 3. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

2. gr.

5. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Nú hefur eigandi veðsetts afla, eldisfisks eða afurða afhent öðrum hinar veðsettu vörur og öðlast veðhafinn þá veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim sem við hinum veðsettu afurðum tók um endurgjald af hans hálfu fyrir afla, eldisfisk eða afurðir sem af hendi voru látin. Sá sem við aflanum, eldisfiskinum eða afurðunum tók bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari hafi hann greitt hana veðsala áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 844. Frumvarp til laga [399. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málsliður svohljóðandi:
Frá 1. júní 1986 hækkar þetta aldursmark í 17 ár og frá 1. janúar 1987 í 18 ár.

2. gr.

Í 1. mgr. 43. gr. laganna kemur nýr stafliður er orðast svo:

k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum er tryggingaráð setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 845. Frumvarp til laga [238. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins starfar undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.
2. Að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa skv. lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum settum skv. þeim.
3. Að annast framkvæmd alþjóðasamþykkta um öryggi mannslífa á hafinu sem Ísland er aðili að.
4. Að annast framkvæmd alþjóðahleðslumerkjasamþykkta sem Ísland er aðili að.
5. Að ákveða hleðslumerki fyrir fiskiskip eftir nánari reglum er ráðherra setur.
6. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa hjá siglingadómi og sjódómi og veita aðstoð við rannsókn sjóslysa. Rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
7. Að annast framkvæmd laga um varnir gegn mengun sjávar og reglugerða skv. þeim í samræmi við alþjóðasamþykktir og samninga sem Ísland er aðili að.
8. Að annast framkvæmd laga og reglna um mælingu skipa, svo og mál er varða alþjóðasamþykkt um mælingu skipa.
9. Að annast framkvæmd laga um skráningu skipa og skýrslugerð um íslenskan skipastól. Ráðherra getur sett nánari reglur um gerð skipaskrár.
10. Að annast af Íslands hálfu samstarf við alþjóðastofnanir varðandi þau mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.
11. Að annast framkvæmd laga og reglugerða um kafarastörf.

12. Að annast mál er varða siglingalög og sjómannalög að því leyti sem þau varða skráningu skipa, skip og búnað þeirra, siglingaöryggi og önnur mál sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.

3. gr.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingamálastofnunarinnar og um einstök verkefni hennar.

4. gr.

Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

Ráðherra skipar einnig yfirmenn deilda og skal einn þeirra vera staðgengill siglingamálastjóra.

Leita skal tillagna siglingamálastjóra um skipun í þessi störf. Siglingamálastjóri ræður annað fast starfsfólk skv. ráðningarsamningi.

Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

5. gr.

Samgönguráðherra skipar siglingamálaráð.

Verkefni siglingamálaráðs skal vera:

1. Að vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og siglingamálastjóra í málum varðandi starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins, svo og öðrum þeim málum sem ráðsmenn eða siglingamálastjóri telja rétt að ráðið fjalli um.
2. Að gera tillögur um breytingar á lögum og reglum varðandi verkefni Siglingamálastofnunar ríkisins.
3. Að fjalla almennt um öryggismál skipa og báta, þar á meðal að sjá um birtingu á niðurstöðum af rannsóknum sjóslysa, ekki sjaldnar en árlega, í samvinnu við nefnd þá er starfar að rannsóknum sjóslysa skv. 230. gr. siglingalaga, nr. 34/1985, með síðari breytingu.

6. gr.

Samgönguráðherra skipar sjö fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

Ef aðalmaður er fjarverandi situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu þótt aðalmaður sé á fundi og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

Siglingamálaráð skal hafa aðsetur hjá Siglingamálastofnun ríkisins og situr siglingamálastjóri fundi hennar ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða nefndin óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

7. gr.

Siglingamálaráð skal kvatt saman svo oft sem þurfa þykir að mati formanns eða meiri hluta nefndarmanna eða ef siglingamálastjóri óskar eftir en þó aldrei sjaldnar en sex sinnum á ári.

8. gr.

Aðalaðsetur Siglingamálastofnunar skal vera í Reykjavík en auk þess skal stofnunin hafa umdæmisskrifstofur í Vesturlandsumdæmi, Vestfjarðaumdæmi, Norðurlandsumdæmi, Austurlandsumdæmi og Vestmannaeyjum.

Samgönguráðherra ákveður að fengnum tillögum siglingamálastjóra mörk umdæma og hvar umdæmisskrifstofur skuli vera.

9. gr.

Þegar starfsmenn Siglingamálastofnunar eru að starfi hafa þeir rétt til þess að fara um borð í hvert skip, sem statt er í íslenskri höfn eða innan íslenskrar landhelgi, til þess að rannsaka það sem þeim ber skv. stöðu sinni.

Siglingamálastofnunin getur óskað aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands til skyndiskoðana á skipum í höfnum og á hafi úti skv. nánara samkomulagi þessara aðila.

Útgerðarmenn, skipstjórar, vélstjórar og aðrir, er í þeirra umboði starfa, svo og aðrir skipverjar, eru skyldir til að veita Siglingamálastofnuninni alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er og starfið varða.

Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar skulu á hinn bóginn gæta þess að valda ekki skipi óþarfa töfum né torvelda vinnu um nauðsyn fram.

10. gr.

Starfsmenn Siglingamálastofnunarinnar eru opinberir starfsmenn og njóta réttar og bera skyldur í samræmi við það.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. um skipunartíma siglingamálastjóra skal skipun núverandi siglingamálastjóra halda gildi sínu.

Nd. 846. Frumvarp til laga [312. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig:

Á milli orðanna „húsameistara“ og „tæknifræðinga“ komi orðin: húsgagna- og innanhússhönnuði.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verða 10. og 11. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis, svohljóðandi:

(10. gr.)

Rétt til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

(11. gr.)

Engum má veita leyfi það sem um getur í 10. gr. nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 847. Frumvarp til laga [295. mál]

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Opinber mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980 og lög nr. 13/1985, og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim og vegna brota á 173. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, skulu rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sjá þó 5. gr.

2. gr.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Ráðherra skipar sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa þekkingu á rannsókn og meðferð ávana- og fíkniefnamála. Hann nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar. Hann getur haldið dómþing hvar á landinu sem er.

3. gr.

Við embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum skulu starfa svo margir fulltrúar er fullnægi skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa skv. 1. mgr. og fullnægja ákvæðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, heimild til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum sem þeim eru falin.

4. gr.

Nú þykir þörf á aðgerðum sem að lögum þarf atbeina dómara til, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls varðandi ávana- og fíkniefni, meðan frumrannsókn stendur yfir og getur lögreglustjóri þá snúið sér til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Þó er lögreglustjóra heimilt að leita til almenns sakadómara ef það þykir betur henta. Þegar þörf er slíkra aðgerða vegna rannsóknar máls sem getur varðað bæði ávana- og fíkniefni og önnur sakarefni getur lögreglustjóri snúið sér hvort heldur til sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum eða almenns sakadómara.

5. gr.

Þegar höfða skal mál til refsingar þar sem um er að ræða brot á ákvæðum þeim sem talin eru í 1. gr. og jafnframt öðrum lagaákvæðum ákveður ríkissaksóknari hvort málið skuli höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum eða almennum sakadómi.

6. gr.

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74 21. ágúst 1974, eftir því sem við á.

7. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar að öðru leyti en lög þessi ákveða hver störf skuli lögð undir embætti sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra ræður sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum starfsmenn.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Jafnframt eru felld úr gildi lög um sérstakan dómara og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 52/1973, og lög nr. 66/1974, um breyting á þeim lögum.

Nd. 848. Frumvarp til laga [12. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr stafliður er orðast svo:

c. Ferðakostnað að ¾ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 849. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá félagsmálaráðherra.

Í niðurlagi 1. mgr. ákvæðis I til bráðabirgða komi ártalið 1988 í stað „1987“.

Ed. 850. Lög [302. mál]

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð, sbr. lög nr. 87/1960.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 843.

Nd. 851. Breytingartillögur [431. mál]

við frv. til l. um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit, sbr. lög nr. 76/1970 og lög nr. 61/1985, og rannsóknir og önnur starfsemi deildarinnar skv. lögum þessum gefa tilefni til.
2. Við 3. gr. Síðasti málsl. greinarinnar orðist svo: Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ber ábyrgð á fjárhag deildarinnar.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði.
4. Við 5. gr.
   a. 4. tölul. fyrri mgr. orðist svo:
      Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska.
   b. Síðari mgr. falli brott.
5. Við 6. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast tiltekna þætti rannsókna vegna fisksjúkdóma í landinu.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra setur Rannsóknadeild fisksjúkdóma starfsreglur og staðfestir gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, með reglugerð.
7. Við 10. gr.
   a. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo: Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur og úrvinnsla séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

b. Í stað orðanna „sem og önnur fyrirmæli“ í 2. mgr. komi: sem og fyrirmæli.

8. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal rannsaka sýni frá fiskeldisstöðvum með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður, ásamt reglubundnu eftirliti, eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

9. Við 14. gr. Í stað orðsins „fiski“ í síðari málsl. komi: alifiski.

Ed. 852. Nefndarálit [364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frá árinu 1962 hefur lausaskuldum í landbúnaði verið breytt í föst lán fyrir atbeina veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Síðast átti sér stað skuldbreyting árið 1984. Skuldbreytingarlánin eru ýmist til 10 eða 12 ára. Heildarupphæð þeirra er um 500 millj. kr. U.þ.b. 100 millj. kr. eru lánaðar með viðmiðun við bandaríkjadollara og eru vaxtakjör þeirra lána 9,25%. Önnur lán eru að upphæð u.þ.b. 400 millj. kr. með 2,75% vöxtum.

Þeir bændur, sem hér eiga hlut að máli, eru um 700 og eru heildargreiðslur vaxta og afborgana á ári af skuldbreytingarlánunum um 75 millj. kr.

Það verður að teljast eðlilegt að lengja lánin um 10 ár og samræma vexti þeirra kjörum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Greiðslur eftir slíkar aðgerðir, sem Stofnlánadeildin verður að taka á sig, munu því nema um 35 millj. kr. á ári. Lækka því greiðslur bænda af skuldbreytingarlánum um sömu upphæð.

Skuldbreytingar í landbúnaði hafa átt sér stað á nokkurra ára fresti. Með þeim ráðstöfunum, sem hér eru áformaðar, er farið inn á aðrar brautir, þ.e. að bæta lánskjör frekar en að skuldbreyta.

Framangreindum ákvörðunum fylgja miklar kvaðir á Stofnlánadeildina. Samkvæmt upplýsingum sem framkvæmdastjóri hennar, Leifur Jóhannesson, gaf nefndinni er deildin fær um að taka þessi verkefni að sér. Hins vegar er augljóst að Stofnlánadeildin ræður ekki við frekari skuldbindingar vegna yfirtöku lána frá veðdeildinni. Þess vegna flytur nefndin tillögu á sérstöku þingskjali sem tryggir að þær kvaðir, sem Stofnlánadeildin tekur á sig, séu að upphæð og greiðslukjörum þær sömu og gilda um þau skuldabréf sem Stofnlánadeildin eignast. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Sveinsson.
Eiður Guðnason.	Helgi Seljan.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 853. Breytingartillaga [364. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Aftan við 1. mgr. nýrrar 12. gr. bætist: Stofnlánadeildin skal þó ekki yfirtaka hærri skuldir frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en sem svarar verðmæti og greiðslukjörum (vextir, verðtrygging, gjaldmiðlar) þeirra bankavaxtabréfa sem Stofnlánadeildin eignast.

Ed. 854. Nefndarálit [365. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979 og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. samhliða frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, enda um tengd mál að ræða. Mælir nefndin með samþykkt frv. en vísar að öðru leyti til álits á þskj. 852.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Sveinsson.
Eiður Guðnason.	Helgi Seljan.	Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 855. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er samþykk efni þess.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt í þeirri mynd er það kom frá neðri deild.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Helgi Seljan.		Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 856. Nefndarálit [248. mál]

um frv. til póstlaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og kvaddi á sinn fund til viðræðna um málið Halldór S. Kristjánsson skrifstofustjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur deildarstjóra í samgönguráðuneyti og Rafn Júlíusson póstmálafulltrúa.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Sturla Böðvarsson.	

Nd. 857. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á fundum sínum og fengið til viðræðu Pál Agnar Pálsson yfirdýralækni, Sigurð Helgason fisksjúkdómafræðing, Jón Sveinsson, formann Félags fiskeldis- og hafbeitarstöðva, og Tryggva Gunnarsson lögfræðing.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með breytingum sem eru á sérstöku þskj.

Halldór Blöndal var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr.	Pálmi Jónsson.
Kjartan Jóhannsson.	Eggert Haukdal.	Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 858. Nefndarálit [275. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Sveinsson, frsm.	Björn Dagbjartsson.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 859. Nefndarálit [268. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Sveinsson, frsm.	Björn Dagbjartsson.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 860. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Málið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar. Leggur meiri hl. hennar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Egill Jónsson, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Sveinsson, frsm.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 861. Nefndarálit [366. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Stefán Benediktsson, fundaskr.	Jón Sveinsson, frsm.	Björn Dagbjartsson.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Sturla Böðvarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Nd. 862. Nefndarálit [272. mál]

um frv. til l. um ríkisendurskoðun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það kom frá efri deild.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Guðmundur H. Garðarsson.	Halldór Blöndal.
Jón Baldvin Hannibalsson.	Svavar Gestsson.	

Nd. 863. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um verðbréfamiðlun.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað umsagnar laganefndar Lögmannafélags Íslands. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Ólafur G. Einarsson.	Guðmundur H. Garðarsson.
Halldór Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.	Svavar Gestsson.

Nd. 864. Nefndarálit [387. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og tryggingarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund fulltrúa frá Augnlæknafélagi Íslands, þá Ólaf Grétar Guðmundsson og Véstein Jónsson.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Guðmundur H. Garðarsson.

Alþingi, 14. apríl 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm. Ólafur G. Einarsson. Kjartan Jóhannsson.

Geir H. Haarde.

Nd. 865. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað málið á fundum sínum, aflað um það umsagna frá viðskiptabönkunum og Sambandi sparisjóða. Þá kvaddi nefndin á sinn fund Þórð Ólafsson, forstöðumann bankaeftirlits, Lúðvík Jósepsson, Stefán Pálsson bankastjóra, Val Valsson bankastjóra, Sigurð Markússon, framkvæmdastjóra sjávarafurðadeildar SÍS, Guðmund H. Garðarsson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Hjört Hjartarson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Finn Geirsson og Árna Árnason frá Verslunarráði Íslands, Gunnar Helga Hálfdanarson frá Fjárfestingarfélaginu og Björn Líndal frá viðskiptaráðuneytinu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Meiri hl. flytur breytingartillögu við 1. mgr. 8. gr. þar sem felld er niður heimild ráðherra til að ákveða með reglugerð hvað felist í orðinu *ráðstöfunarfé*. Þess í stað leggur meiri hl. til að orðið verði skýrt þannig í lögum að það taki til alls þess fjár sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þar er auk innlána einkum um erlent lánsfé stofnunar að ræða, svo og fjáröflun innanlands með útgáfu og sölu verðbréfa og skuldabréfa. Meiri hl. nefndarinnar þykir þó ekki rétt að skylt verði að miða ætíð við þessa skilgreiningu og leggur því jafnframt til að heimilt verði að undanskilja tiltekna flokka útlána þegar og ef binding verður miðuð við ráðstöfunarfé. Er þá haft í huga að binding ráðstöfunarfjár trufli ekki eðlilega fyrirgreiðslu banka og annarra innlánsstofnana við framleiðsluatvinnuvegina. Leggur nefndin áherslu á að þessa sjónarmiðs verði ævinlega gætt þegar binding ráðstöfunarfjár er ákveðin. Í þessu skyni hefur meiri hl. nefndarinnar talið rétt að ráðherra samþykki hverjir skuli vera þeir flokkar útlána sem undanþegnir skulu bindingu þegar binding á ráðstöfunarfé stendur fyrir dyrum.

Einnig leggur meiri hl. nefndarinnar til að áskilið verði samþykki ráðherra til þess að reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar geti öðlast gildi. Er með þessari tillögu m.a.

stefnt að því að tryggja að sama féð verði ekki bundið tvisvar, svo sem þegar banki annast milligöngu fyrir annan banka um útvegun erlends lánsfjár.

Hvað varðar breytingu á 10. gr. verður að telja eðlilegt að Seðlabankinn geti að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum. Ekki getur talist heppilegt að vaxtaákvarðanir hér á landi þróist í miklu ósamræmi við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum okkar. Einnig verður að gæta þess að vaxtamunur inn- og útlána verði ekki óhæfilega mikill.

Síðast en ekki síst má nefna að ríkisstjórn kann að vera nauðsynlegt að geta haft bein áhrif á vaxtastig við undirbúning og framkvæmd alhliða efnahagsráðstafana.

Varðandi breytingar á 18. gr. þykir sjálfsagt að bankaráði viðskiptabanka, eða félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða, sé gerð grein fyrir kröfum, athugasemdum og fyrirhuguðum aðgerðum bankaeftirlitsins þegar í stað.

Þar sem enn þá hafa ekki verið sett sérstök lög um dráttarvexti er nauðsynlegt að lögfesta í seðlabankalögum ákvæði til bráðabirgða þar um.

Einnig er nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða varðandi ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. | Ólafur G. Einarsson. | Halldór Blöndal.

Guðmundur H. Garðarsson.

Nd. 866. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÓE, HBl, GHG).

1. Við 6. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo: Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum skv. að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.
2. Við 8. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli hjá hverri stofnun af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.
3. Við 9. gr. Greinin falli brott.
4. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði

eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

5. Við 11. gr. 2. málsl. 1. mgr. orðist svo: Skulu innlán ríkissjóðs geymd í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.
6. Við 17. gr. A- og b-liðir falli brott.
7. Við 18. gr. 1. málsl. 5. mgr. orðist svo: Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skv. þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði hlutaðeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða.
8. Við 20. gr. Í stað orðanna „Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar og sparisjóðir rétt til að versla með erlendan gjaldeyri“ komi: Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.
9. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

   Í reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, skal setja nánari ákvæði um starfsemi bankans í samræmi við lög þessi, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt.
10. Við ákvæði til bráðabirgða bætast tvö ný ákvæði:
    a. Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilega dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o.fl.
    b. Við ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986, sbr. 37. gr., skal miða við helming af meðalhagnaði bankans árin 1985 og 1984 og endurmeta hagnað ársins 1984 til verðlags ársins 1985.

Nd. 867. Breytingartillaga [202. mál]

við frv. til l. um verðbréfamiðlun.

Frá Halldóri Blöndal.

Við 4. gr. 1. málsl. d-liðar 1. mgr. orðist svo:

Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi.

Ed. 868. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga. [54. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 636 (sbr. 602) með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

I

Kosning sýslunefnda vorið 1986 fer fram skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 58 29. mars 1961, með síðari breytingum, og skulu þær fara með umboð þar til sveitarfélög eða byggðasamlög geta tekið við verkefnum þeirra, en þó ekki lengur en til 31. desember 1988.

Oddvitar sýslunefnda skulu hafa forgöngu um flutning verkefna og önnur skil af hálfu sýslufélaga til sveitarfélaga og héraðsnefnda. Ráðuneytið skal setja nánari reglur um þessi efni.

II

Kosningar sveitarstjórna vorið 1986 skulu fara fram laugardaginn 31. maí nema í þeim sveitarfélögum þar sem færri en ¾ hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum. Þar skulu kosningarnar fara fram laugardaginn 14. júní. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um þær kosningar.

Ed. 869. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Sturla Böðvarsson.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Ed. 870. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Jón Kristjánsson.
Sturla Böðvarsson.	Egill Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.	

Ed. 871. Nefndarálit [400. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.
Stefán Benediktsson var viðstaddur fundi nefndarinnar og er samþykkur áliti þessu.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Eiður Guðnason, fundaskr.
Jón Kristjánsson.
Sturla Böðvarsson.
Egill Jónsson.

Ed. 872. Nefndarálit [295. mál]

um frv. til l. um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.
Stefán Benediktsson, fundaskr.
Eiður Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson.
Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.
Sturla Böðvarsson.

Ed. 873. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fasteigna- og skipasölu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu Ármann Snævarr, fyrrv. hæstaréttardómara, og lögfræðingana Jón Sveinsson og Sigurbjörn Magnússon, en þeir unnu að undirbúningi málsins.
Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.
Stefán Benediktsson, fundaskr.
Eiður Guðnason.
Ey. Kon. Jónsson.
Helgi Seljan.
Salome Þorkelsdóttir.
Sturla Böðvarsson.

Ed. 874. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til viðræðna menn frá áfengisvarnaráði, auk Tómasar Helgasonar, Jóhannesar Bergsveinssonar og Ingólfs Guðmundssonar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja breytingartillögum eða flytja þær.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Valdimar Indriðason og Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form. | Stefán Benediktsson, fundaskr., frsm. | Ey. Kon. Jónsson.

Eiður Guðnason.

Sþ. 875. Fyrirspurn [440. mál]

til samgönguráðherra um nýja legu Vesturlandsvegar.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 20. júní 1985, um könnun á nýrri legu Vesturlandsvegar með sérstakri gerð brúa er hannaðar væru með tilliti til hafbeitarstöðva í Kollafirði og Leiruvogi?

Sþ. 876. Fyrirspurn [441. mál]

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um könnun á heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Hyggst heilbrigðisráðherra gera opinberar niðurstöður könnunar frá ágúst 1985 á heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu svo að almennar umræður geti farið fram um þær?
2. Hverjir reyndust stærstu kostnaðarliðir í heilsugæslu á Stór-Reykjavíkursvæðinu skv. þessari könnun?
3. Til hvaða aðgerða hyggst ráðherra grípa vegna niðurstaðna könnunarinnar í ljósi nýrrar stefnumörkunar í heilbrigðismálum?

Nd. **877. Nefndarálit** [205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti um frv. þar sem hann er í grundvallaratriðum andvígur þeirri stefnu sem nú er fylgt í vaxta-, peninga- og bankamálum, en þessi stefna hefur m.a. haft í för með sér stórfellt vaxtaokur þannig að raunvextir eru hér einhverjir þeir hæstu í heimi um þessar mundir. Jafnframt er ljóst að stefnan í vaxtamálum mun nú á þessu ári stofna í hættu þeim árangri sem ætlunin er að ná í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Er ljóst að forusta fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins ræður þarna úrslitum: Ríkissjóður er rekinn með stórfelldum halla og hallinn er fjármagnaður með lántökum á almennum markaði sem spenna upp vexti í landinu.

Seðlabankafrumvarpið á sér langa sögu sem ekki verður rakin hér í nefndaráliti. Bent skal á að svokölluð bankamálanefnd skilaði frumvarpi sem aldrei hefur birst í þingskjölum. Frumvarpið hafði að geyma fjölmargar breytingartillögur við gildandi seðlabankalög sem margar voru til bóta eins og fram kom í álitum Lúðvíks Jósepssonar og Kjartans Jóhannssonar sem birt voru sem fylgiskjöl með frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands á þskj. 393. Eftir að bankamálanefnd hafði skilað áliti sínu gerði Seðlabankinn verulegar breytingar á frumvarpi nefndarinnar og voru þær yfirleitt ekki til bóta. Síðan breytti ríkisstjórnin fáeinum atriðum — þar á meðal í 10. gr. frumvarpsins — og þannig kom málið fyrir þingið. Málið hefur legið fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd deildarinnar í nokkra mánuði og loks á fundi hennar í dag, 15. apríl, kom meiri hl. sér saman um breytingartillögur við frumvarpið. Á sama fundi lagði minni hl. fram nokkrar breytingartillögur og eru flestar þeirra fluttar í deildinni svo að þingið geti tekið afstöðu til þeirra.

Áður en vikið er að breytingartillögunum skal tekið fram að auk þess að fjalla um seðlabankafrumvarpið ræddi nefndin um frumvarp Guðrúnar Helgadóttur o.fl. um sjálfstætt bankaeftirlit og að ákvæðin um bankaeftirlit yrðu tekin út úr seðlabankafrumvarpinu. Ekki náðist samstaða um það í nefndinni og flytur minni hl. breytingartillögur um bankaeftirlitið þar sem gert er ráð fyrir því að styrkja stöðu þess þó að það verði áfram innan Seðlabankans. Verður vonandi unnt að afla stuðnings meiri hl. þingsins við þessi sjónarmið við meðferð málsins í þingdeildinni.

Þá er vert að geta þess að 17. mars s.l. lagði Svavar Gestsson fram í nefndinni ellefu spurningar til viðskiptaráðherra um frumvarpið og einstakar greinar þess. Þegar nefndarstörfum lauk 15. apríl var ekki komið svar við þessum spurningum en því lofað að það birtist á þessum sólarhring.

Grundvallaratriði þeirra breytingartillagna, sem minni hl. flytur, eru þessi:

1. Gerðar eru tillögur um að skerða vald Seðlabankans verulega frá frumvarpinu, bæði með því að bankaeftirlitið verði sjálfstæðara og heyri beint undir bankaráð en ekki bankastjóra, með því að sjóðavarsla verði tekin undan Seðlabankanum og með því að draga úr heimildum bankans til þess að binda innlánsfé.

2. Minni hl. flytur ekki breytingartillögu við 10. gr. og greiðir atkvæði gegn tillögu meiri hl. Í greininni er vaxtafrelsið tekið aftur og ríkisstjórninni gert kleift að taka ákvarðanir um vaxtastig ef vaxtaþróun fer úr böndum eins og gerst hefur að undanförnu. Þetta er mikilvægt ákvæði og jákvætt skref að mati minni hl. að hverfa frá hinu algera vaxtafrelsi.
3. Breytt er reglum um ráðningu seðlabankastjóra og öll undanþáguákvæði vegna núverandi bankastjóra eru felld niður.
4. Útþensla Seðlabankans hefur sætt sívaxandi gagnrýni innan þings og utan. Til þess að setja útþenslu bankans eðlilegar skorður er lögð til sú regla að bankinn skili hagnaði sínum árlega í ríkissjóð.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögum minni hl. í framsögu.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson, frsm.

Svavar Gestsson.

Fylgiskjal.

BANKAMÁLANEFND

FRUMVARP TIL LAGA

UM

SEÐLABANKA ÍSLANDS

FRUMVARP TIL LAGA UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

I. KAFLI

SKIPULAG BANKANS OG HLUTVERK

1.gr.

Seðlabanki Íslands, hér eftir nefndur Seðlabankinn, er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum.

2.gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3.gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

1. að annast seðlaútgáfu, láta slá og gefa út mynt og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt;

2. að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við;

3. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum;

4. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál;

5. að vera banki innlánsstofnana og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum;

6. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt, sem varðar hlutverk hans;

7. að annast önnur verkefni, sem samrýmanleg eru tilgangi hans sem seðlabanka.

4.gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

II. KAFLI

SEÐLAÚTGÁFA OG MYNT

5.gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil, er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar og mynt, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra sá, sem fer með bankamál, ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans, lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar, sem bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni.

6.gr.

Seðlabankinn skal stefna að því að eiga ávallt á móti að minnsta kosti helmingi seðlamagnsins, sem í umferð er, gulleign, innstæður eða aðrar auðseldar og óbundnar eignir í erlendum gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er. Skal bankinn birta reglulega skýrslur um það, hve miklum hluta seðlaveltunnar þessi trygging nemi.

III. KAFLI

INNLEND VIÐSKIPTI SEÐLABANKANS

7.gr.

Seðlabankinn tekur við innlögum frá innlánsstofnunum, sem eru viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og hver sú stofnun önnur, sem tekur við innlánum frá almenningi.

Seðlabankinn getur veitt innlánsstofnunum lán með endurkaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum, sem bankinn metur gildar.

Bankinn ákveður form innlánsreikninga og setur reglur um lánveitingar sínar.

8.gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum,sem svarar tilteknum hundraðshluta af heildarinnlánsfé hverrar stofnunar, til að mæta endurkaupum á afurða- og framleiðslulánum til atvinnuveganna. Innlánsbinding samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við endurkaup á hverjum tíma, en má þó hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem

viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er í 1.mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 1. og 2.mgr., að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

9.gr.

Auk innlánsbindingar, samkvæmt 8.gr., er Seðlabankanum heimilt, til að hafa áhrif á útlánaþróun og stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, að ákveða,að innlánsstofnanir skuli eiga á sérstökum bundnum reikningum við Seðlabankann allt að 5% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun. Heimilt er Seðlabankanum að ákveða bindiskylduhlutfallið hærra að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Óheimilt er að ráðstafa fé því, sem bundið er samkvæmt þessari grein, til útlána.

10.gr.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Einnig ákveður hann, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni.

11.gr.

Seðlabankinn ákveður vexti af innstæðum á reikningum við bankann og af útlánum, sem hann veitir. Ákvarðanir bankans um vexti skulu birtar fyrirfram.

Seðlabankanum er heimilt að ákveða hámark vaxtamunar milli inn- og útlánsvaxta hjá innlánsstofnunum.

12.gr.

Seðlabankanum er heimilt að endurkaupa af innlánsstofnunum lán vegna útflutningsframleiðslu, sem framleiðendur og útflytjendur stofna

til við þær, með þeim kjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris, breytingu á gengi íslenskrar krónu eða höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi.

Með erlendum gjaldeyri, samkvæmt þessari grein, er einnig átt við reikningseiningar, sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánaviðskiptum á alþjóðamarkaði.

13.gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu.

Seðlabankinn getur tekið til ávöxtunar sjóði á vegum ríkisins, enda sé það ákveðið í lögum fyrir hlutaðeigandi sjóði eða af stjórn sjóðsins.

Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skal við það miðað, að slík lán greiðist upp eigi síðar en í lok hvers fjárhagsárs.

Ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru útgefin af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir, skulu teljast lán til ríkissjóðs samkvæmt 3. málsgrein.

14.gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal hann vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing, þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkvæmt reglum, sem bankastjórnin setur og að fenginni staðfestingu ráðherra.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Um skattalega meðferð þeirra gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innstæður í bönkum og sparisjóðum.

15.gr.

Seðlabankinn skal ekki annast viðskipti, sem samkvæmt lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

Engu að síður er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að annast önnur verkefni, sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka.

IV. KAFLI

GENGISMÁL OG ERLEND VIÐSKIPTI

16.gr.

Seðlabankinn ákveður, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri svo og mörk kaup- og sölugengis út frá því. Innan þeirra marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda, sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Seðlabankinn getur einhliða fellt niður gengisskráningu um stundarsakir.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innstæðum og í gjaldeyri, sem nota má til greiðslu hvar sem er.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.

17.gr.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar og sparisjóðir rétt til að versla með erlendan gjaldeyri. Seðlabankanum er heimilt að leyfa póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn setur reglur um gjaldeyrisviðskipti og ákveður takmarkanir þeirra að fengnu samþykki ráðherra.

18.gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum, eftir því sem um verður samið.

19.gr.

Seðlabankanum er heimilt að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti sín.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

20.gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því, að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Seðlabankanum er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans samkvæmt ákvæðum þessara laga og laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.

21.gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

V. KAFLI

HAGSKÝRSLUGERÐ

22.gr.

Seðlabankinn safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað, sem hlutverk bankans varðar, og skal hann birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta bankanum í té þær upplýsingar, sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar.

VI. KAFLI

STJÓRN BANKANS

23.gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum ráðherra þess, sem fer með bankamál og bankaráðs, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

24.gr.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti þrír bankastjórar. Bankastjórnin kýs sér formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

Ráðherra ræður bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórar skulu ráðnir til sex ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

25.gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

26.gr.

Bankaráð ákveður laun bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar njóta biðlauna í 12 mánuði. Taki bankastjóri við stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankastjórar skulu ekki gegna öðrum launuðum störfum. Þeir mega ekki eiga sæti í stjórn annarra peningastofnana og fyrirtækja né vera á annan hátt þátttakendur í atvinnurekstri. Þeim er þó heimilt að taka að sér sérstök verkefni fyrir einstök ráðuneyti að fengnu samþykki ráðherra.

27.gr.

Ráðherra getur, að fengnu áliti bankaráðs, vikið bankastjóra frá starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar. Bankastjóri skal eiga rétt á fullum launum í 1 - 3 ár, þó aldrei lengur en til loka ráðningartíma, og eftirlaunum, samkvæmt nánari ákvörðun bankaráðs. Segi bankastjóri upp starfi áður en ráðningartíma hans er lokið, skal hann njóta fullra launa í allt að 12 mánuði og eftirlauna, samkvæmt ákvörðun bankaráðs.

Ráðherra getur vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust og án sérstakrar launagreiðslu, ef hann hefur brotið af sér í starfi.

28.gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn, kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar einn hinna kjörnu aðalmanna formann bankaráðs til fjögurra ára, en annan varaformann.

Ráðherra ákveður laun bankaráðsmanna.

29.gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans, og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt og leita álits þess um ákvarðanir í mikilvægum málum, er stefnu bankans varðar. Ennfremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra, er ráðherra gefur út.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum, en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Formaður bankaráðs undirbýr fundi bankaráðs með bankastjórn. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum, nema bankaráð ákveði annað.

Bankaráð skal hafa eftirlit með öllum eignum bankans, taka ákvarðanir um framkvæmdir og ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki, sem annað er ekki ákveðið í lögum.

30.gr.

Fundir bankaráðs eru lögmætir, ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

31.gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af tveimur endurskoðendum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til

fjögurra ára í senn, og löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar til sama tíma.

32.gr.

Bankaráð ræður, að fengnum tillögum bankastjórnar, aðalféhirði Seðlabankans, aðalbókara og aðra yfirmenn bankans og segir þeim upp starfi. Í reglugerð fyrir Seðlabankann skal ákveða hverjir séu yfirmenn, sem bankaráð ræður samkvæmt þessari málsgrein. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessara yfirmanna.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.

Alla aðra starfsmenn ræður bankastjórnin og segir þeim upp starfi, sbr. þó 40.gr.

VII. KAFLI

BANKAEFTIRLIT

33.gr.

Í Seðlabankanum skal starfrækja Bankaeftirlit, sem er sjálfstæð stofnun, er lýtur yfirstjórn ráðherra og bankaráðs Seðlabankans svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Kostnaður vegna eftirlitsins skal greiðast af Seðlabankanum.

34.gr.

Hlutverk Bankaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því, að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Bankaeftirlitinu er skylt að veita ráðherra upplýsingar um allt, er varðar starfsemi innlánstofnana. Eigi ákvæði 38.gr. við, skulu ráðherra tilkynntar athugasemdir Bankaeftirlitsins þegar í stað.

35.gr.

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana og framkvæma aðrar athuganir á fjárhagsstöðu þeirra og starfsemi, sem það telur nauðsynlegar, og svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum

er skylt að veita Bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar,er varða starfsemina,og veita allar þær upplýsingar í því formi og svo oft sem óskað er.

36.gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með því, að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu,sem í viðskiptunum felast, með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé. Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir,að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða skuldbindingar þeirra gagnvart innlánsstofnun sameiginlega.

37.gr.

Bankaeftirlitið hefur heimild til að krefjast þess að innlánsstofnanir:

1. Hagi bókhaldi sínu, ársuppgjöri og endurskoðun eftir reglum, sem það ákveður og ráðherra staðfestir.
2. Birti reikninga sína í því formi og svo oft sem það ákveður.
3. Veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur í því formi og svo sundurliðað,sem óskað er.
4. Veiti aðrar upplýsingar,sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

38.gr.

Komi það í ljós við athugun Bankaeftirlitsins, að innlánsstofnun hefur ekki farið að lögum, og öðrum reglum, sem um starfsemina gilda, getur Bankaeftirlitið krafist þess að úr því sé bætt innan tilskilins tíma.

39.gr.

Nú hefur stjórn innlánsstofnunar vanrækt skyldu, sem á henni hvílir samkvæmt lögum, reglugerðum eða samþykktum, og getur þá Bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar. Á fundinn skal mæta fulltrúi Bankaeftirlitsins með málfrelsi og tillögurétti og stýrir hann fundinum.

40.gr.

Ráðherra skipar forstöðumann Bankaeftirlitsins að fengnum tillögum bankaráðs. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra, að fengnum tillögum bankaráðs, sett mann í hans stað.

Bankaráð ákveður laun og launakjör forstöðumanns og gerir tillögur um erindisbréf honum til handa, sem ráðherra gefur út.

Alla aðra starfsmenn ræður forstöðumaður. Bankaráð ákveður fjölda starfsmanna.

41.gr.

Starfsmenn Bankaeftirlitsins mega ekki vera í stjórn innlánsstofnuanr eða eiga hlutabréf í banka eða vera stofnaðilar eða ábyrgðarmenn sparisjóðs eða annarrar stofnunar, sem er háð eftirliti Bankaeftirlitsins.

Forstöðumaður Bankaeftirlitsins má ekki taka lán hjá banka eða sparisjóði eða annarri stofnun, sem Bankaeftirlitið hefur eftirlit með, né stofna til annarra skuldbindinga gagnvart þeim stofnunum, nema með leyfi bankaráðs.

Aðrir starfsmenn skulu tilkynna forstöðumanni um lán, sem þeir hafa fengið og aðrar skuldbindingar gagnvart þeim stofnunum, sem Bankaeftirlitið hefur eftirlit með.

Ekki mega starfsmenn Bankaeftirlitsins koma fram sem umboðsmenn annarra gagnvart þeim stofnunum, sem eftirlit er haft með.

42.gr.

Áður en innlánsstofnun hefur starfsemi, stofnar útibú eða afgreiðslu, skal Bankaeftirlitinu tilkynnt um stofnunina í því formi, sem það ákveður.

Tilkynna skal Bankaeftirlitinu hverjir séu kjörnir í stjórn innlánsstofnunar,ráðnir bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar eða forstöðumenn annarra innlánsstofnana, svo og hverjir séu kjörnir eða ráðnir endurskoðendur og forstöðumenn útibúa, innan mánaðar frá kjöri þeirra eða ráðningu.

VIII. KAFLI

REIKNINGSSKIL

43.gr.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning,og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs.

44.gr.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning, skal hann undirritaður með fyrirvara, og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar, eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Seðlabankans. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaðinu í því formi, sem ráðherra ákveður að fengnum tillögum bankaráðs.

45.gr.

Í byrjun hvers árs skal bankinn greiða arð til ríkissjóðs, sem nemi helmingi af hagnaði næstliðins árs af innlendri lánastarfsemi bankans, að frádregnum öllum rekstrarkostnaði og arðgreiðslum til Arðsjóðs sbr. 2.mgr. Reikna skal áhrif verðlagsbreytinga á innlendar eignir og innlendar skuldir bankans í samræmi við 53. grein laga nr. 75/1981. Undanþegnar arðskilum eru tekjur af sölu gjaldeyris og umboðslaun af gjaldeyrisyfirfærslum, þegar frá hefur verið dreginn skattur af þessum tekjum. Ef rekstrarhalli er á starfsemi bankans færist hann framreiknaður, sbr. 26.gr. laga nr. 75/1981, til frádráttar hagnaði síðari ára. Gengismunur af erlendum eignum og skuldum bankans telst ekki til tekna og gjalda í rekstrarreikningi, heldur færist á sérstakan endurmatsreikning, og er gengismunurinn að öllu leyti undanþeginn arðskilum.

Arðgreiðsla til Arðsjóðs, sbr. 1.mgr., skal nema 5% af stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðslan aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangs af innlendri lánastarfsemi bankans. Arðsjóður skal varðveittur í Seðlabankanum, en hálfar árlegar tekjur sjóðsins skulu renna til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957 um Vísindasjóð.

IX. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

46.gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er varðar hagi viðskiptamanna bankans, og um

málefni bankans sjálfs, og um önnur atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þrátt fyrir ákvæði 1.mgr., er Bankaeftirlitinu heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að gera samkomulag um gagnkvæm upplýsingaskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir er varða athugun á fjárhagslegu öryggi innlánsstofnana hér á landi og erlendis.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

47.gr.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti, sbr. lög. nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

48.gr.

Setja skal í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, nánari ákvæði um starfsemi bankans og Bankaeftirlitsins í samræmi við lög þessi. Þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta eða refsivaxta, ef ákvörðunum bankans eða Bankaeftirlitsins er ekki hlýtt.

49.gr.

Lög þessi öðlast gildi ..... Um leið falla úr gildi lög nr. 10 frá 29. mars 1961 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 20 frá 16. apríl 1962, nr. 10 frá 13. maí 1964, nr. 103 frá 28. desember 1973, nr. 114 frá 30. desember 1978, nr. 13 frá 10. apríl

1979, nr. 10 frá 13. apríl 1981, nr. 12 frá 30. apríl 1981, nr. 36 frá 25. mars 1983. Lög nr. 58 frá 28. júní 1960 svo og önnur lög og lagaákvæði, sem kynnu að brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 45.gr. um ráðstöfun tekjuafgangs Seðlabankans til ríkissjóðs koma fyrst til framkvæmda vegna rekstarársins 1984.

ALMENNAR ATHUGASEMDIR:

Í júlímánuði 1981 skipaði þáverandi viðskiptaráðherra, Tómas Árnason, fimm manna Bankamálanefnd. Í skipunarbréfi nefndarinnar sagði að henni væri falið "að endurskoða allt bankakerfið, þ. á m. löggjöfina um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, með það að markmiði að mynda stærri og virkari heildir og einfalda bankakerfið innan ramma heilsteyptrar löggjafar um viðskiptabanka".

Í nefndina voru skipaðir: Halldór Ásgrímsson, alþingismaður, formaður, Matthías Á. Mathiesen, alþingismaður, Jón G. Sólnes, fyrrverandi alþingismaður, Kjartan Jóhannsson, alþingismaður og Lúðvík Jósepsson, fyrrverandi alþingismaður.

Í maímánuði 1983 tóku tveir nefndarmanna, þeir Halldór Ásgrímsson og Matthías Á. Mathiesen, sæti í nýrri ríkisstjórn og voru þá skipaðir í þeirra stað í nefndina Þorsteinn Pálsson, alþingismaður, sem formaður og Björn Líndal, lögfræðingur. Ritari nefndarinnar var ráðinn Þórður Ólafsson, forstöðumaður Bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Gildandi lög um Seðlabanka Íslands eru nr. 10, frá 29. mars 1961 og er það fyrsta heilsteypta löggjöfin um Seðlabanka. Áður voru í gildi lög nr. 63, 1957 um Landsbanka Íslands, en skv. þeim lögum var Landsbankanum skipt í tvær deildir, seðlabanka og viðskiptabanka, er hvor um sig laut sérstakri stjórn. Hélst sú skipan til ársins 1961 er seðlabankinn var skilinn frá Landsbanka Íslands og gerður að sjálfstæðri stofnun.

Árið 1972 var skipuð bankamálanefnd til að endurskoða bankakerfið, þ. á m. löggjöf varðandi Seðlabankann og hlutverk hans. Nefndin skilaði áliti í janúar 1973. Í áliti nefndarinnar kemur fram sú niðurstaða að ekki komi til greina nein meiriháttar skipulagsbreyting á Seðlabanka Íslands. Nefndin taldi þó ástæðu til ýmissa breytinga er varða starfsemi bankans og tilgreindi sérstaklega ákvæði um útlánahámörk innláns-

stofnana, takmörkun á lántökum þeirra erlendis og eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða. Taldi nefndin þó ekki ástæðu til að setja tillögur sínar varðandi Seðlabankann í lagafrumvarpsform á því stigi málsins. Aðrar heildarathuganir á löggjöfinni um Seðlabanka Íslands, hafa ekki farið fram þar til ný bankamálanefnd hóf störf í júlímánuði 1981. Þetta frumvarp er niðurstaða af starfi nefndarinnar.

Í starfi sínu aflaði nefndin mikilla og margvíslegra upplýsinga bæði með söfnun gagna og viðtölum, sérstaklega var aflað upplýsinga um starfsháttu Seðlabanka á Norðurlöndum. Þá kallaði nefndin fyrir sig bankastjórn Seðlabankans til þess að ræða þau atriði er helst snerta hlutverk og starfssvið bankans, svo og hlutverk peninga- og innlánsstofnana.

Auk þessa frumvarps að nýjum lögum um Seðlabanka Íslands hefur bankamálanefnd samið frumvarp að lögum um viðskiptabanka.

Með þessu frumvarpi til nýrra laga um Seðlabanka Íslands eru gerðar tillögur um all verulegar breytingar frá gildandi lögum, en þau eru eigi að síður uppistaðan í frumvarpinu.

Þessar breytingar eru helstar:

1. Gert er ráð fyrir að rekstur Seðlabankans verði bundinn í ríkara mæli en verið hefur við hefðbundin verkefni seðlabanka. Þannig er við það miðað að bankinn verði banki ríkissjóðs, banki annarra banka og innlánsstofnana, en ekki peningastofnana almennt. Felld eru niður ákvæði í eldri lögum um skyldu peningastofnana og sjóða til að geyma fé sitt í bankanum. Stefnt er að því að fé slíkra aðila verði geymt í viðskiptabönkum nema annað sé sérstaklega ákveðið í hverju tilviki með lögum, eða sérstökum samþykktum stjórna þeirra stofnana sem í hlut eiga.
2. Fellt er niður vald Seðlabankans til að setja almennar reglur um innláns- og útlánsvexti. Hér er um að ræða algjöra nýskipan í vaxtamálum. Seðlabankanum er skv. þessum tillögum ætlað að ákveða vexti af þeim útlánum sem hann veitir og innlánum við

bankann sjálfan og setja að öðru leyti reglur um þau viðskipti. Ákvarðanir um vexti inn- og útlána eru á hinn bóginn færðar til innlánsstofnana sjálfra, en ráð er fyrir því gert að Seðlabankinn geti ákveðið hámark vaxtamunar sem innlánsstofnanir mega taka. Með þessu er stefnt að auknu frjálsræði í vaxtamálum þar sem aðstæður á peningamarkaði munu móta ákvarðanir um vaxtakjör.

3. Veruleg breyting er gerð á ákvæðum um bindiskyldu innlánsstofnana við Seðlabankann. Tillögurnar gera ráð fyrir að um tvenns konar bindiskyldu geti verið að ræða. Annars vegar er bindiskylda að hámarki 28% af innlánsfé vegna endurkaupa Seðlabankans á rekstrar- og afurðalánum. Við það er miðað að heildarinnlánsbinding sé þá í sem nánustu samræmi við heildarendurkaup. Hins vegar er gert ráð fyrir að Seðlabankinn geti ákveðið allt að 5% bindiskyldu vegna stjórnar peningamála. Með heimild frá ráðherra er unnt að hækka þetta hlutfall. Óheimilt er að nota slíkt bindifé til útlána.

4. Bankaeftirlitið verður skv. þessu frumvarpi sjálfstæð stofnun innan Seðlabankans. Forstöðumaður þess verður skipaður af bankamálaráðherra og hann verður óháður bankastjórn Seðlabankans. Fram til þessa hefur Bankaeftirlitið verið deild í Seðlabankanum. Það verður áfram kostað af Seðlabankanum, en lýtur nú yfirstjórn ráðherra bankamála og bankaráðs Seðlabankans.

5. Tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir sjálfstæðum ákvörðunarrétti viðskiptabanka til þess að stofna útibúi og versla með erlendan gjaldeyri innan almennra takmarkana. Af þeim sökum fellur niður það hlutverk sem Seðlabankinn hefur haft fram til þessa varðandi umsagnir um leyfi til stofnunar útibúa og réttindi til gjaldeyrisverslunar.

6. Þá er gert ráð fyrir að bankastjórar Seðlabankans gegni ekki öðrum launuðum störfum og taki ekki þátt í stjórnun fyrirtækja eða stofnana utan bankans nema alveg sérstaklega standi á, enda komi þá til leyfi ráðherra.

7. Sérstakar reglur eru settar um skattgreiðslur bankans.

8. Lagt er til að endurskoðun á reikningum bankans verði með hliðstæðum hætti og hjá ríkisviðskiptabönkum, þ.e. Alþingi kjósi tvo endurskoðendur og ráðherra skipi einn löggiltan endurskoðanda.

Fjölmargar aðrar breytingar koma fram í frumvarpi þessu frá eldri lögum og er nánar vikið að þeim í athugasemdum um einstakar greinar.

Bankamálanefnd vann sameiginlega að gerð þessa frumvarps að nýjum lögum um Seðlabanka Íslands. Mismunandi sjónarmið komu fram um einstök efnisatriði og fylgja bókanir þar að lútandi, sem sérstök fylgiskjöl með athugasemdum þessum.

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR.

Um 1.gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. mgr. 1.gr. gildandi laga að öðru leyti en því, að ekki er tekið upp í frumvarpið heiti Seðlabankans á ensku, The Central Bank of Iceland. Engu að síður er gert ráð fyrir því að hið erlenda heiti sé notað áfram, þar sem það á við.

Í 2. mgr. 1.gr. gildandi laga er kveðið á um að Seðlabanki Íslands taki við öllum eignum og skuldbindingum Landsbanka Íslands/ Seðlabankans, og að 100 millj.kr. af stofnfé og varasjóðum Landsbanka Íslands/Seðlabankans skuli teljast stofnsjóður Seðlabanka Íslands. Ákvæði þetta var nauðsynlegt á sínum tíma en hefur ekki sömu þýðingu nú. Því er lagt til í frumvarpinu að ákvæðið verði fellt niður. Stofnfé bankans er eftir sem áður 1 millj. nýkr. en hefur enga aðra þýðingu en þá, sem kemur fram í 45.gr. frumvarpsins.

Um 2.gr.

Grein þessi er óbreytt 2.gr. gildandi laga.

Um 3.gr.

Í grein þessari er hlutverk Seðlabankans skilgreint. Í meginatriðum er sú skilgreining óbreytt frá gildandi lögum.

Um 1.tl. Bætt er við ákvæði þess efnis, að hlutverk Seðlabankans sé, auk þess að annast seðlaútgáfu, að láta slá og gefa út mynt. Í 8.gr. gildandi laga er ákvæði þess efnis, að fjármálaráðuneytið geti samið við Seðlabankann um að hann taki við útgáfu myntar af ríkissjóði, og skulu þá falla úr gildi lög nr. 19/1925 um innlenda skiptimynt. Slíkt samkomulag var gert 21. október 1966 og tók gildi 1. apríl 1967.

Hinn 23. apríl 1968 tóku svo gildi lög um gjaldmiðil Íslands, nr. 22/1968 og veittu þau m.a. Seðlabankanum einkarétt til að láta slá og gefa út peninga úr málmi. 8.gr. laganna er því úrelt og lagt er til að hún verði felld niður í frumvarpinu en ákvæðin um útgáfu myntar verði tekin upp í þessum tölulið, sbr. einnig 5.gr. frumvarpsins.

Um 2.-4.tl. Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5.tl. Í 5.tl. 3.gr. gildandi laga er hlutverk Seðlabankans orðað svo: "Að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum".

Ákvæði frumvarpsins miðar að því að þrengja hlutverk Seðlabankans frá því sem nú er hvað varðar viðskipti við aðrar peningastofnanir en innlánsstofnanir, og eftirlit með bankastarfsemi. Í frumvarpinu er kveðið svo á um, að Seðlabankinn skuli vera banki innlánsstofnana en þær stofnanir eru skilgreindar í 7.gr. frumvarpsins. Viðskipti við aðra aðila eru því bundin við að þau séu ákveðin í lögum fyrir hlut-aðeigandi sjóði eða af stjórn sjóðsins. Þá er lagt til að eftirlit með starfsemi innlánsstofnana samkvæmt gildandi lögum, verði áfram á vegum Bankaeftirlitsins, sem nú fær sjálfstæða stöðu við Seðlabankann, sbr. VII. kafla frumvarpsins.

Um 6. og 7.tl. Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4.gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum. Í athugasemdum við greinina í frv. til laga um Seðlabanka Íslands sem var lagt fyrir 86. löggjafarþing 1960-61 sagði m.a.: "Grein þessari er ætlað að skilgreina stöðu Seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu. Hér er um þrjú meginatriði að ræða:

1. að bankinn skuli hafa nána samvinnu við ríkisstjórn og gera henni grein fyrir skoðunum sínum;
2. að bankanum sé sett sem sjálfstæðum sérfróðum aðila að halda fram skoðunum sínum opinberlega, jafnvel þótt um ágreining við ríkisstjórn sé að ræða;
3. að endanlegt ákvörðunarvald um stefnu í efnahagsmálum hljóti þó ætíð að vera hjá ríkisstjórninni og undir það hljóti Seðlabankinn ætíð að beygja sig að lokum."

Um 5.gr.

Grein þessi er óbreytt 6.gr. gildandi laga nema felld hafa verið inn í frumvarpið ákvæði um einkarétt Seðlabankans til að láta slá og gefa út mynt sbr. lög nr. 22/1968 um gjaldmiðil Íslands, sbr. einnig athugasemdir við 5.tl. 3.gr. frumvarpsins.

Um 6.gr.

Grein þessi er óbreytt 7.gr. gildandi laga.

Um 7.gr.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um skyldu Seðlabankans til að taka við innlánum frá innlánsstofnunum. Hins vegar er skylda innlánsstofnana til að geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, skv. 1. mgr. 11.gr. gildandi laga afnumin. Eftir sem áður er reiknað með því að innlánstofnanir geymi laust fé sitt í Seðlabankanum, þar sem einn megintilgangur Seðlabanka er að vera banki banka og annarra innlánsstofnana. Ákvæði greinarinnar tekur einungis til innlánsstofnana, sbr. athugasemdir við 5.tl. 3.gr. frumvarpsins. Innlánsstofnanir eru hér skilgreindar á svipaðan hátt og gert er í 1. mgr. 10.gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringar.

2. mgr. er efnislega samhljóða ákvæðum 9.gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er kveðið svo á um, að Seðlabankinn ákveði form innlánsreikninga við bankann og aðra viðskiptaskilmála svo og reglur um lánveitingar sínar, og er það í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 8.gr.

Í þessari grein er heimild fyrir Seðlabankann til að ákveða að innlánsstofnanir skuli binda tiltekinn hluta af heildarinnstæðufé sínu hjá Seðlabankanum. Er það fé, sem bundið er samkvæmt þessari grein, eingöngu ætlað til þess að mæta endurkaupum Seðlabankans á

afurða- og framleiðslulánum, sem innlánsstofnanir hafa veitt til atvinnuveganna. Ætlast er til að innlánsbinding og endurkaup standist á þannig, að ekki þurfi að koma til viðbótarfjármögnun Seðlabankans á endurkaupum eins og oft hefur átt sér stað á undanförnum árum. Þá er ekki ætlast til, að innlánsbinding samkvæmt þessari grein, sé umfram endurkaup Seðlabankans, þannig að bankinn geti ráðstafað því fé í önnur útlán. Hámark innlánsbindingar samkvæmt þessari grein er 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun og er það í samræmi við gildandi lög, en bindiskylduhámarkið var síðast ákveðið með lögum nr. 13/1979.

2. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum.

Greinin er heimildarákvæði fyrir Seðlabankann til að fjármagna endurkaup afurða- og framleiðslulána með þessum hætti en um skyldu er ekki að ræða. Jafnframt er í 3. mgr. tekið fram, að reglur um framkvæmd innlánsbindingar, samkvæmt þessari grein, skuli hljóta samþykki ríkisstjórnarinnar og er það í samræmi við ákvæði gildandi laga. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að mismuna innlánsstofnunum í innlánsbindingu, þar sem ákvæði í 4. mgr. 11.gr. gildandi laga, um að bindiskyldan skuli vera hin sama fyrir allar stofnanir, er felld niður í frumvarpinu.

Um 9.gr.

Grein þessi er nýmæli. Hér er um að ræða heimild fyrir Seðlabankann til þess að binda fjármagn innlánsstofnana í bankanum eftir því sem þurfa þykir, til þess að hafa áhrif á útlánaþróun bankakerfisins og til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði og er það í samræmi við hlutverk bankans, sbr. 1.tl. 3. greinar. Er bankanum í þessu skyni heimilt að binda allt að 5% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun. Sé það ekki talið nægjanlegt til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að, er heimilt að ákveða bindiskylduhlutfallið hærra, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Í 2. mgr. er sérstaklega tekið fram, að bankanum sé með öllu óheimilt að ráðstafa fé því, sem bundið er samkvæmt þessari grein, til útlána.

Ekki er gerð krafa um að innlánsbinding samkvæmt greininni sé jöfn fyrir allar innlánsstofnanir og er heimilt að ákveða bindinguna

mismunandi eftir innlánsstofnun, rekstrarformi þeirra eða landfræðilegri skiptingu eða með öðrum hætti eftir því sem nauðsynlegt er til þess að ná þeim markmiðum sem stefnt er að.

Í 5.gr. laga nr. 12 frá 30. apríl 1981 var Seðlabanka Íslands heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana er kveðið var á um í 31.gr. laga nr. 13/1979, en skv. þeim lögum var hámark almennrar innlánsbindingar ákveðið 28%. Heimildin var tímabundin til 30. apríl 1983. Í athugasemdum við 5.gr. frumvarpsins var m.a. tekið fram, "að nauðsynlegt sé að hafa skjótvirk og öflug stjórntæki í peningamálum til að hafa áhrif á peningamyndun og útlánsþróun bankakerfisins. Með sveigjanlegri innlánsbindingu er beiting peningamála til viðnáms gegn verðbólgu auðvelduð og gerð áhrifameiri." Þykir nauðsynlegt að veita Seðlabankanum aukið svigrúm til stjórnunar peningamála með þessum hætti.

Um 10.gr.

Grein þessi er samhljóða fyrstu tveimur málsliðum 12. greinar gildandi laga. Hefur því ákvæði ekki verið beitt til þessa, enda eru ákvæði í gildandi lögum um viðskiptabankana hvers um sig og í lögum um sparisjóði, sem gera ríkari kröfur til þeirra um ávöxtun innlánsfjár í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum. Engu að síður getur verið nauðsynlegt að hafa heimildarákvæði sem þetta í Seðlabankalögum, þar sem gert er ráð fyrir því í frumvarpi til laga um viðskiptabanka og í frumvarpi til laga um sparisjóði, að áðurnefnd ákvæði þeirra verði felld brott úr lögum og orðuð almennara en nú er.

Um 11.gr.

Í gildandi lögum um Seðlabankann eru engin bein ákvæði um það, hver ákveði vexti af inn- og útlánum bankans. Ýmis ákvæði laganna styðja þá niðurstöðu, að bankinn ákveði sjálfur vaxtakjör og aðra viðskiptaskilmála vegna viðskipta sinna við aðra og má þar benda á 5.tl. 3. greinar og 9. grein. Eitt meginhlutverk Seðlabankans er, bæði samkvæmt gildandi lögum og almennum sjónarmiðum, að hafa áhrif á þróun peningamála í landinu í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Eitt af þeim hag-

stjórnartækjum sem bankinn hefur, er að takmarka útlán innlánsstofnana, bæði með innlánsbindingu og ákvörðun vaxta og annarra viðskiptakjara af innlánum, sem bankinn tekur á móti og útlánum sem hann veitir innlánsstofnunum. Hefur Seðlabankinn ákveðið vexti af innlánum og útlánum við bankann á þessum meginforsendum frá árinu 1957 með gildistöku laga nr. 63/1957.

Engu að síður er eðlilegt að svo mikilvæg heimild sé lögfest til þess að taka af allan vafa í þeim efnum, og er mælt fyrir um það í 1.mgr. Í síðari málslið 1. málsgreinar er lagt til, að ákvarðanir bankans um vexti skulu birtar fyrirfram. Er mikilvægt fyrir innlánsstofnanir og aðra viðskiptaaðila bankans að vita fyrirfram um þau vaxtakjör sem bankinn veitir, en til skamms tíma voru vextir á skyldubundin innlán, innlánsbindingu, ákvarðaðir í lok ársins fyrir liðið ár. Ekki er gerð krafa um að ákvarðanir bankans skuli birtar með tilteknum hætti. Nægilegt er að öllum viðskiptaaðilum bankans séu tilkynntar ákvarðanir bankans sérstaklega, en birting í Lögbirtingablaðinu tekur þó af allan vafa.

Í 2. mgr. er það mikilvæga nýmæli, að Seðlabankanum er heimilt að ákveða hámark vaxtamunar milli inn- og útlánsvaxta hjá innlánsstofnun. Samkvæmt 13.gr. gildandi laga hefur Seðlabankinn rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir mega reikna af innlánum og útlánum. Nær vald bankans einnig til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvöxtum og fleira. Einnig nær ákvörðunarvald bankans til að ákveða þóknanir, sem jafngilda vöxtum að áliti hans.

Vaxtaákvörðunarvald bankans nær enn fremur til þess að ákveða vaxtakjör utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála og fleira.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir afnámi 13.gr. gildandi laga. Hættir þá Seðlabankinn að ákveða vexti við innlánsstofnanir og önnur ákvæði í lögum, sem veita Seðlabankanum heimild til að ákveða vexti, eða skylda bankann til að ákveða vexti í viðskiptum utan innlánsstofnana, verða jafnframt felld úr gildi. Er gert ráð fyrir því, að innlánsstofnanir ákveði vexti af eigin inn- og útlánum og taki ákvarðanir um þóknun fyrir þá þjónustu sem þær veita. Um þau atriði er mælt fyrir í frumvarpi

til laga um viðskiptabanka og í frumvarpi til laga um sparisjóði. Er þar jafnframt mælt fyrir um, að samráð í ákvörðun vaxta og þjónustugjalda sé óheimil milli innlánsstofnana. Munu ákvarðanir innlánsstofnana í þeim efnum ráðast af aðstöðum á fjármagnsmarkaði.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar veitir Seðlabankanum heimild til að ákvarða vaxtamun inn- og útlánsvaxta, sem talinn er eðlilegur og fullnægjandi til þess að vaxtamunurinn, ásamt öðrum tekjum af starfseminni, nægi til þess að standa undir rekstri vel rekinnar innlánsstofnunar. Innan þeirra marka er innlánsstofnunum heimilt að ákveða vaxtakjör innlána og útlána. Nánari útfærsla á þessu ákvæði er á valdi Seðlabankans.

Um 12.gr.

1. mgr. þessarar greinar er óbreytt 2. mgr. 15.gr. gildandi laga eins og hún var ákveðin með lögum nr. 114/1978, að því undanskildu að síðasti málsliður gildandi ákvæðis, um ákvörðun vaxta af þeim lánum sem hér um ræðir, er felldur brott. Gert er ráð fyrir að innlánsstofnanir ákveði sjálfar vexti og önnur lánskjör þeirra lána sem þær veita. Ákvörðun um vexti endurkeyptra lána af Seðlabankanum ákveður bankinn sjálfur í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11.gr.

2. mgr. er nýmæli, en þar er tekið fram, að með gjaldeyri sé einnig átt við reikningseiningar, sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánaviðskiptum á alþjóðamarkaði. Er talið nauðsynlegt að hafa skilgreiningu sem þessa í lögum sem ótvírætt sé, að viðmiðun lána við t.d. SDR eða aðrar reikningseiningar sama eðlis, falli undir ákvæði greinarinnar.

Um 13.gr.

Um þessa grein vísast til 14.gr. gildandi laga.

Eitt meginhlutverk Seðlabankans er að vera viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu, sbr. 5.tl. 3.gr. frumvarpsins. Í 1. mgr. greinarinnar er það hlutverk Seðlabankans ítrekað. Í greininni felst þó ekki að ríkissjóður geti ekki, ef það er talið henta, beint bankaviðskiptum sínum til viðskiptabanka eða

sparisjóða.

Samkvæmt gildandi lögum skulu allar innstæður ríkissjóðs og þeirra ríkisstofnana, sem eru á fjárlögum, geymdar í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið. Í frumvarpinu er lagt til að sú skylda verði afnumin.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá þessari meginreglu. Þar er kveðið svo á um, að Seðlabankinn geti tekið til ávöxtunar sjóði á vegum ríkisins, enda sé það ákveðið í lögum fyrir viðkomandi sjóði eða af stjórn viðkomandi sjóðs. Nær ákvæðið einungis til sjóða á vegum ríkisins en ekki á vegum annarra opinberra aðila s.s. sveitarstjórna. Með ákvæði þessu er verið að þrengja heimildir Seðlabankans til að skipta við aðra opinbera aðila en ríkissjóð og beina viðskiptum þeirra til innlánsstofnana nema í undantekningartilvikum, þegar það er talið eðlilegt vegna sérstöðu einstakra opinberra sjóða, að viðskiptin séu við Seðlabankann. Þarf þá annað hvort að koma til, lagaheimild fyrir viðkomandi sjóð eða ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Í 2. mgr. 14.gr. gildandi laga er rætt um lán Seðlabankans til ríkissjóðs og sú meginstefna ákveðin að slík lán skuli veitt til þess fyrst og fremst til að mæta árstíðabundnum fjárþörfum ríkissjóðs og greiðast upp í lok hvers fjárhagsárs. Í 3. mgr. þessarar greinar er megininntak gildandi ákvæðis ítrekað með orðalagsbreytingu, sem ætlað er að herða á þeirri meginreglu, að ríkissjóður sé ekki rekinn á lánum frá Seðlabankanum.

4. mgr. er nýmæli. Er ákvæðinu ætlað að girða fyrir að komist verði framhjá ákvæði 3. mgr. Gildir ákvæðið jafnt hvort heldur sem bankinn kaupir beint lánsskjöl frá ríkissjóði eða hann kaupir þau af þriðja aðila svo fremi sem ríkissjóður er aðalskuldari.

Um 14.gr.

Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 15.gr. gildandi laga. Heimild Seðlabankans til að stofna og reka kaupþing hefur ekki verið notuð til þessa, m.a. vegna smæðar peningamarkaðarins og óstöðugleika í efnahagsmálum undanfarandi ára. Ýmis merki þess, að hér á landi geti skapast grundvöllur fyrir óháð kaupþing hafa þó komið í ljós á s.l. 2 - 3 árum með stofnun fjárfestingarfélaga, sem versla með verð-

bréf á frjálsum markaði. Þar til meiri stöðugleiki er orðinn á innlendum peningamarkaði, er talið heppilegt að Seðlabankinn hafi forgöngu um stofnun reglulegs kaupþings, enda má segja að heilbrigð verðbréfa- og hlutabréfaviðskipti séu nauðsynlegur þáttur í að byggja upp starfhæft peningakerfi.

2. mgr. er óbreytt 3.gr. laga nr. 10/1964 og þarfnast ekki skýringa.

Um 15.gr.

Í 1. mgr. er lagt bann við því að Seðlabankinn annist viðskipti, sem eru talin vera verkefni innlánsstofnana samkvæmt lögum, venjum eða eðli máls. Sérhver viðskipti við almenning eru því óheimil og er honum með öllu bannað að keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Úrskurðarvald um ágreining sem kann að rísa vegna þessa ákvæðis, er í höndum ráðherra.

Vera kann að í frumvarp þetta skorti ákvæði, sem taka til annarra verkefna sem talin eru verkefni Seðlabankans í dag eða kunna síðar að vera talin samrýmast hlutverki Seðlabankans, og er því svo fyrir mælt í 2. mgr., að Seðlabankanum sé slík starfsemi heimil enda liggi fyrir samþykki ráðherra.

Um 16.gr.

Samkvæmt 18.gr. gildandi laga ákveður Seðlabankinn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Ekki er lengur stuðst við stofngengishugtakið, er tengt var "per value" framsetningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er löndin byggðu á gullinnihaldi gjaldmiðla sinna. Nú er íslenska krónan byggð á mið- eða meðalgengi (central rate) fleiri gjaldmiðla. Ákvarðanir um viðmiðun íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum eru háðar ýmsum ytri aðstæðum frá einum tíma til annars. Er því lagt til í greininni, að í stað stofngengis og viðmiðun þess gagnvart gulli, sé notað almennara orðalag, sem er það rúmt að ákvarðanir um breytta viðmiðun íslenska gjaldmiðilsins gagnvart öðrum gjaldmiðlum, geti verið teknar án þess að breyta þurfi lögum.

Í síðasta málslið 1. mgr. er ákvæði, sem heimilar Seðlabankanum einhliða að fella niður gengisskráningu um stundarsakir. Ákvæði sama efnis er nú að finna í 1. mgr. 7.gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála.

2. og 3. mgr. er óbreytt 2. og 3. mgr. 18.gr. gildandi laga.

Um 17.gr.

Samkvæmt 19.gr. gildandi laga er Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands veittur réttur til þess að versla með erlendan gjaldeyri auk Seðlabankans. Ennfremur er Seðlabankanum heimilt að fengnu samþykki ráðherra að veita öðrum bönkum og póststjórninni leyfi til að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hún ákveður. Búnaðarbanka Íslands var veitt heimild til að versla með gjaldeyri í lok ársins 1982. Með lögum nr. 73/1983 var gerð breyting á 1. mgr. 5.gr. laga nr. 63/1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, þar sem Seðlabankanum er heimilað, að fengnu samþykki ráðherra, að veita sparisjóðum leyfi til að versla með gjaldeyri innan takmarka sem hann ákveður. Á grundvelli þessara heimilda hefur öllum viðskiptabönkum og nokkrum sparisjóðum verið heimilað að versla með erlendan gjaldeyri.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að viðskiptabankar og sparisjóðir hafi rétt til þess að versla með erlendan gjaldeyri án þess að þurfa að sækja um heimild til þess sérstaklega, enda fullnægi þeir öllum skilyrðum um viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi, samkvæmt þeim lögum sem þeir starfa eftir. Þá er Seðlabankanum heimilt að veita póststjórninni leyfi til að versla með erlendan gjaldeyri og er það ákvæði óbreytt frá gildandi lögum, en sú breyting er fólgin í frumvarpinu að samþykkis ráðherra er ekki krafist.

Í 2. mgr. er svo fyrir mælt, að Seðlabankinn setji reglur um gjaldeyrisviðskipti banka og sparisjóða og geti sett ákvæði um takmarkanir þeirra að fengnu samþykki ráðherra. Að öðru leyti vísast til gildandi laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og reglugerðar nr. 519/1979, sem er sett samkvæmt heimild í 18.gr. þeirra laga.

Um 18.gr.

Grein þessi er óbreytt 1. mgr. 20.gr. gildandi laga.

Um 19.gr.

Grein þessi er óbreytt 2. og 3. mgr. 20.gr. gildandi laga sbr. lög nr. 20/1962. Er talið heppilegra að hafa efni 20.gr. gildandi laga í tveimur greinum því að hér er fjallað um tvö aðskilin mál.

Um 20.gr.

Greinin er efnislega óbreytt 21.gr. gildandi laga. Lagt er til að í stað "Gjaldeyriseftirliti" í 2. málslið 1. mgr. sé notað "Seðlabankanum er heimilt ..." enda ástæðulaust að lögfesta heiti einstakra deilda bankans, sem hafa með höndum tiltekin verkefni en starfa á ábyrgð bankastjórnar. Hér er um orðalagsbreytingu að ræða en ekki efnisbreytingu.

Um 21.gr.

Hér er kveðið svo á um, að Seðlabankinn sé fyrir hönd ríkisins fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er greinin í samræmi við 2.gr. gildandi laga en felld eru brott úr þeirri grein ákvæði, sem ekki hafa þýðingu lengur.

Hér er einungis um það að ræða að Seðlabankinn leggi fram fjárframlög til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins samkvæmt reglum sjóðsins og samkvæmt heimild Alþingis hverju sinni, en þau greiðist ekki úr ríkissjóði sbr. 2.gr. laga nr. 82/1968. Um aðild Íslands að öðru leyti að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fer skv. lögum nr. 105/1945.

Um 22.gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. og 3. mgr. 23.gr. gildandi laga. Er svo fyrir mælt að Seðlabankinn skuli safna upplýsingum og gera

áætlanir um þau verkefni sem bankanum eru falin samkvæmt lögum þessum og birta opinberlega upplýsingar um þau efni. Er bankastjórn látið eftir að ákveða með hvaða hætti þessar skyldur eru uppfylltar, og óþarft er að taka fram í lögunum, að sérstök deild skuli hafa þá starfsemi með höndum.

Efni 2. mgr. 23.gr. gildandi laga er fellt út í frumvarpinu enda er starfandi sérstök stofnun, Þjóðhagsstofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 54/1974 en samkvæmt 1.gr. þeirra laga skal Þjóðhagsstofnun "... vinna að hagrannsóknum og vera ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis í efnahagsmálum." Í 4.tl. 2.gr. laga nr. 51/1974 er ennfremur tekið fram að Þjóðhagsstofnun skuli annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerðir um efnahagsmál fyrir ríkisstjórnina og fleiri aðila þ.m.t. Seðlabanka Íslands.

Um 23.gr.

Greinin er óbreytt 24.gr. gildandi laga.

Um 24.gr.

Um efni greinarinnar vísast til 1. og 2. mgr. 25.gr. gildandi laga. Í greininni eru tvö nýmæli. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að formaður bankastjórnar sé kosinn til eins árs í senn. Samkvæmt gildandi lögum er hann kosinn til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

Í öðru lagi er lagt til að bankastjórar séu ráðnir til sex ára í senn og er það í samræmi við ákvæði í frumvarpi til laga um viðskiptabanka um ráðningu bankastjóra ríkisviðskiptabankanna. Engin takmörk eru á því hversu oft megi endurráða bankastjóra.

Um 25.gr.

Greinin er óbreytt 26.gr. gildandi laga.

Um 26.gr.

Í 1. mgr. er það nýmæli að taki bankastjóri við stöðu í þjónustu ríkisins og þeirri stöðu fylgja jafnhá eða hærri laun en nema biðlaunum við starfslok, þá falli niður greiðsla biðlauna en ella greiðist mismunurinn til loka biðlaunatímans. Er þetta í samræmi við lög um laun starfsmanna ríkisins nr. 92/1955.

2. mgr. er nýmæli. Óeðlilegt er, að bankastjórar Seðlabankans séu í öðrum störfum, en sem stjórnendur æðstu peningastofnunar landsins.

Samkvæmt 3. mgr. 25.gr. gildandi laga mega bankastjórar ekki vera í stjórn annarra peningastofnana eða fyrirtækja eða gegna öðrum störfum, sem ekki má skoða í beinum tengslum við starf þeirra við bankann, nema samþykki ráðherra komi til. Í reynd hefur þetta ákvæði ekki sett nein takmörk á þátttöku bankastjóra í stjórn peningastofnana eða fyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri.

Er því lagt til að bankastjórum Seðlabankans séu þau með öllu óheimil.

Frá þessu er þó gerð undantekning í síðasta málslið greinarinnar þegar um sérstök verkefni er að ræða fyrir einstök ráðuneyti, enda sé aflað samþykkis ráðherra þess sem fer með bankamál.

Um 27.gr.

Ákvæði þessarar greinar er samhljóða 27.gr. gildandi laga með hliðsjón af þeim breytingum, sem lagt er til að verði gerðar á ráðningartíma bankastjóra, sbr. 34.gr. frumvarpsins.

Um 28.gr.

Greinin er efnislega óbreytt 1. og 3. mgr. 28.gr. gildandi laga. Ákvæði 2. mgr. þeirrar greinar um að bankaráðsmenn og varamenn þeirra skuli vera búsettir í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sé auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er, er fellt brott úr frumvarpinu.

Um 29. og 30.gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 31.gr.

Hér er lagt til að gerð verði sú breyting frá gildandi lögum að Alþingi kjósi tvo endurskoðendur hlutbundinni kosningu til fjögurra ára. Er eðlilegt að Alþingi kjósi endurskoðendur með Seðlabankanum á sama hátt og það kýs endurskoðendur hjá ríkisviðskiptabönkunum. Þá er gert ráð fyrir því að ráðherra skipi löggiltan endurskoðanda einnig til fjögurra ára. Samkvæmt 30.gr. gildandi laga er sérstakur bókhaldsfróður endurskoðandi ráðinn af bankaráði til að sinna endurskoðun á þess vegum. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að bankaráð beri ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Um 32.gr.

Samkvæmt 36.gr. gildandi laga ræður bankaráð aðalféhirði Seðlabankans og forstöðumann endurskoðunardeildar. Eðlilegt er að bankaráð ráði einnig aðalbókara, en það starf er eitt af mikilvægari störfum innan Seðlabankans.

Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru flest nýmæli en önnur koma í stað 1.-3. mgr. 10.gr. gildandi laga.

Um 33.gr.

Hér er lagt til að Bankaeftirlitið sé sjálfstæð stofnun sem starfi innan Seðlabankans. Í því felst m.a. að bankinn skuli sjá Bankaeftirlitinu fyrir starfsaðstöðu og greiða allan kostnað vegna eftirlitsins. Yfirstjórn Bankaeftirlitsins er í höndum ráðherra og bankaráðs Seðlabankans en heyrir ekki að neinu leyti undir bankastjórn Seðlabankans.

Um 34.gr.

Í 1. mgr. er meginhlutverk Bankaeftirlitsins skilgreint. Er það í samræmi við ákvæði 2. mgr. 10.gr. gildandi laga. Hér er þó ekki tekið fram, að Bankaeftirlitinu sé heimilt að gera athugasemdir ef það telur rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan þótt reksturinn sé ekki í andstöðu við lög og önnur fyrirmæli. Óþarft er að taka slíkt fram sérstaklega því að það er eðlilegt hlutverk eftirlitsins að gera athugasemdir í þeim tilvikum og stuðla að öðru leyti að því að hér á landi sé starfsemi innlánsstofnana rekin á heilbrigðan og öruggan hátt. Eftirlitið nær til innlánsstofnana, sem eru nánar skilgreindar í 7.gr. frv.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 35.gr.

Hér er kveðið á um skyldu Bankaeftirlitsins til að kanna fjárhagsstöðu og starfsemi innlánsstofnana svo oft sem það telur nauðsynlegt, og um skyldu innlánsstofnana til að veita Bankaeftirlitinu aðgang að öllum gögnum, sem varða starfsemi þeirra, og veita aðrar upplýsingar, sem Bankaeftirlitið telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Samkvæmt þessu ákvæði er augljóst, að ákvæði um þagnarskyldu í lögum, sem gilda um starfsemi innlánsstofnana, geta stjórnendur og starfsmenn þeirra stofnana ekki borið fyrir sig gagnvart Bankaeftirlitinu. Að öðru leyti þarnfast greinin ekki skýringa.

Um 36.gr.

Í 15.gr. laga nr. 69/1941 um sparisjóði er ákvæði, sem miðar að því að takmarka áhættu sparisjóðanna vegna útlána og annarra skuldbindinga eins viðskiptaaðila, eða fleiri viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að skoða beri skuldbindingar þeirra sameiginlega þegar áhætta vegna fyrirgreiðslunnar er metin. Er við það miðað að heildarskuldbindingar séu ekki meiri en sem svarar 50% af eigin fé sparisjóða að frádregnum nánar tilgreindum greiðslutryggingum. Í gildandi lögum um viðskiptabanka er ekki að finna sambærilegt ákvæði, og í frumvarpi til laga um viðskiptabanka er ekki gert ráð fyrir slíku ákvæði.

Í stað þess að lögfesta sambærilegt ákvæði fyrir viðskiptabanka og/eða sparisjóði er í þessari grein svo fyrir mælt, að Bankaeftirlitið skuli fylgjast með því, að heildarfyrirgreiðsla innlánsstofnana við einn einstakan viðskiptaaðila eða fleiri viðskiptaaðila, sem eru svo fjárhagslega tengdir að skoða beri fyrirgreiðsluna til þeirra sameiginlega, sé ekki í ósamræmi við þá áhættu sem í viðskiptum felst með hliðsjón af fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og öðrum atriðum sem hafa áhrif á það mat. Er ætlast til að Bankaeftirlitið geri um það athugasemdir og krefjist úrbóta ef talin er ástæða til.

Um 37.gr.

Á undanförnum árum hefur Bankaeftirlitið beitt sér fyrir samræmingu á opinberum efnahags- og rekstrarreikningum innlánsstofnana og lagt fram drög að reikningsskilareglum. Fullu samræmi á reikningum þeirra hefur ekki verið náð ennþá, enda hefur Bankaeftirlitið skort heimildir til þess að setja slíkar bindandi reglur. Nauðsynlegt er að setja reglur um reikningsskil innlánsstofnana til þess að unnt sé að bera saman afkomu og fjárhag einstakra stofnana. Mikilvægt er t.d. að eigið fé innlánsstofnana sé reiknað á sama hátt hjá öllum innlánsstofnunum vegna fjölmargra ákvæða, sem lagt er til að verði lögfest í frumvörpum til laga um viðskiptabanka og um sparisjóði og taka mið af eigin fé með einum eða öðrum hætti.

1. og 2.tl. greinarinnar mæla fyrir um heimildir Bankaeftirlitsins til þess að setja reglur um framangreint atriði.

Í 3. og 4.tl. er kveðið á um heimildir Bankaeftirlitsins til að krefjast reglulega upplýsinga í því formi sem það óskar eftir frá innlánsstofnun, og er það í samræmi við framkvæmdina eins og hún er nú.

Um 38.gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 39.gr.

Ákvæði þetta veitir Bankaeftirlitinu heimild til að boða til fundar í stjórn innlánsstofnunar og stýra þeim fundi. Nær heimildin jafnt til

þess að boða til fundar í æðstu stjórn hverrar stofnunar, s.s. hluthafafundar í hlutafélagsbönkum og ábyrgðarmanna í sparisjóðum og með framkvæmdastjórn innlánsstofnunar.

Er ákvæði þessarar greinar varaúrræði ef ekki tekst með öðrum hætti að knýja fram úrbætur vegna vanrækslu á skyldum, sem hvíla á stjórnendum innlánsstofnana.

Um 40.gr.

Hér er mælt fyrir um ráðningu forstöðumanns Bankaeftirlitsins og ákvörðun launa og launakjara á sama hátt og um bankastjóra Seðlabankans, að öðru leyti en því, að ekki er gert ráð fyrir að ráðningartími hans sé bundinn til ákveðins tíma.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 41.gr.

Mikilvægt er að starfsmenn Bankaeftirlitsins séu óháðir þeim stofnunum, sem eru undir eftirliti Bankaeftirlitsins og eigi ekki hagsmuna að gæta sem hluthafar í viðskiptabönkum né ábyrgðarmenn eða stofnaðilar sparisjóða, né annarra stofnana sem Bankaeftirlitinu kann að vera falið eftirlit með.

Í 1. mgr. er lagt bann við því að starfsmenn Bankaeftirlitsins séu í stjórn eða eigi eignarhlut í þeim stofnunum sem eru háðar eftirliti Bankaeftirlitsins.

Í 2. mgr. er ákvæði um að forstöðumanni Bankaeftirlitsins sé óheimilt, án leyfis bankaráðs, að taka lán eða stofna til skuldbindinga við stofnun, sem er undir eftirliti Bankaeftirlitsins. Er þetta sjálfsögð regla því að forstöðumaðurinn má ekki á nokkurn hátt vera fjárhagslega skuldbundinn þeim stofnunum, sem hann hefur eftirlit með.

Ákvæði 3. mgr. er sett til þess að unnt sé að komast hjá því að öðrum starfsmönnum sé falið eftirlit hjá innlánsstofnunum, þar sem þeir hafa fengið lán eða stofnað til annarra skuldbindinga.

4. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 42.gr.

Gert er ráð fyrir því að Bankaeftirlitið haldi skrá yfir starfandi innlánsstofnanir og miðar ákvæði þessarar greinar að því, að tryggja, að upplýsingar um stofnun nýrra afgreiðslustaða og um stjórnendur innlánsstofnana og endurskoðendur þeirra séu þar ávallt fyrir hendi.

Um 43. og 44.gr.

Í greinum þessum eru ýmis nýmæli sem kveða nánar á um atriði er snerta gerð ársreiknings og reikningsskil. Þarfnast þau ekki skýringa.

Um 45.gr.

Grein þessi er nýmæli. Samkvæmt gildandi lögum er Seðlabankinn undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarsjóða. Í aths. við 47.gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir þeim sköttum sem bankinn greiðir samkvæmt sérstökum lögum sem hafa vikið til hliðar skattfrelsisákvæði gildandi Seðlabankalaga. Í 47.gr. frumvarpsins er kveðið svo á um að bankinn skuli undanþeginn greiðslu tekju- og eignarskatts sbr. lög nr. 75/1981.

Ekki eru sömu rök til að skattleggja starfsemi Seðlabanka á sama hátt og önnur rekstrarfyrirtæki. Afkoma Seðlabanka er háð öðrum lögmálum en afkoma fyrirtækja og innlánsstofnana eða annarra þjónustustofnana. Taka verður tillit til sérstöðu Seðlabankans í þeim efnum við ákvörðun skatta eða annarra álaga sem taka mið af rekstrarafkomu bankans.

Hér er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn greiði árð til ríkissjóðs sem nemi 50% af hagnaði síðasta rekstrarárs vegna innlendrar lánastarfsemi bankans en að frádregnum öllum rekstrarkostnaði og arðgreiðslu til Arðsjóðs. Lagt er til að reikna skuli áhrif verðlagsbreytinga á innlendar eignir og skuldir bankans í samræmi við skattalög og verður að telja það eðlilega leiðréttingu. Enn fremur er gert

ráð fyrir því að rekstrarhalli færist framreiknaður til frádráttar hagnaði síðari ára í samræmi við skattalög.

Samkvæmt lögum nr. 40/1969 um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna greiðir Seðlabankinn 60% af heildartekjum sínum vegna mismunar kaup- og sölugengis gjaldeyris svo og 60% af þóknun vegna þeirra viðskipta. Því er gert ráð fyrir að undanþiggja tekjur bankans vegna gjaldeyrisviðskipta arðskilum ella mundi vera um tvísköttun að ræða.

Uppfærsla á gjaldeyriseign bankans færist á sérstakan endurmatsreikning í efnahagsreikningi og telst ekki til tekna og gjalda í rekstrarreikningi og er uppfærslan undanþegin arðskilum enda óháð rekstri bankans að öðru leyti.

Samkvæmt 33.gr. gildandi laga skal greiða af tekjuafgangi, að frádregnum rekstrarkostnaði og tapi, sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu, 5% arð af stofnfé bankans, þó aldrei meira en sem nemur helmingi tekjuafgangsins. Arður sá sem hér um ræðir myndar sérstakan sjóð, Arðsjóð, sem Seðlabankinn varðveitir. Af tekjum Arðsjóðs, sem eru vextir og 5% árlegur arður, er helmingur greiddur til Vísindasjóðs, sbr. lög nr. 51/1957 um Vísindasjóð.

Í 2. mgr. þessarar greinar er lagt til að ákvæði gildandi laga verði óbreytt að því er varðar greiðslu í Arðsjóð og framlög til Vísindasjóðs. Í athugasemdum við 1.gr. frumvarpsins kemur fram, að stofnfé Seðlabankans sé kr. 1 millj. og hefur það einungis þýðingu í sambandi við ákvæði þessarar greinar.

Um 46.gr.

1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. er Bankaeftirlitinu veitt heimild til að veita opinberum erlendum eftirlitsaðilum með innlánsstofnunum þær upplýsingar, sem um getur í greininni og í þeim tilgangi sem þar greinir. Á undanförnum árum hefur tekist að ná nokkuð víðtækri samvinnu á milli þessara aðila víða í heiminum. Er unnið að því að treysta samstarfið enn frekar

einkum vegna þess að bankastarfsemi yfir landamæri ríkja hefur vaxið mjög ört. Þótt starfsemi erlendra bankastofnana þekkist ekki enn hér á landi og eignaraðild íslenskra innlánsstofnana í erlendum bönkum sé óveruleg, er talið eðlilegt að veita Bankaeftirlitinu undanþágu frá ákvæðum um þagnarskyldu gagnvart erlendum eftirlitsaðilum.

Um 47.gr.

Í 35.gr. gildandi laga er bankinn undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana. Samkvæmt sérstökum lögum hefur bankanum hins vegar verið gert skylt að greiða ýmis gjöld til ríkissjóðs og sveitarfélaga og má þar nefna gjald til ríkissjóðs vegna gjaldeyrisviðskipta, landsútsvar, fasteignagjöld, sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og launatengd gjöld.

Hér er lagt til að bankinn sé undanþeginn tekju- og eignarskatti sbr. lög nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt en gert er ráð fyrir að bankinn greiði arð til ríkissjóðs skv. 45.gr. frumvarpsins.

2. mgr. er óbreytt 2. mgr. 35.gr. gildandi laga.

Um 48. og 49.gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 878. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Jóni Baldvini Hannibalssyni og Svavari Gestssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný gr. er orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal í ársbyrjun og síðan ársfjórðungslega birta Seðlabankanum stefnu ríkisstjórnarinnar og markmið í peninga- og efnahagsmálum, þar á meðal um peningamagn í umferð, raunvaxtastig, markmið varðandi viðskiptajöfnuð og útlána- og innlánaþróun í samræmi við það. Hlutverk Seðlabankans er að framfylgja þessum markmiðum með þeim tækjum og ráðum sem hann hefur til umráða.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög sem til þess hafa sérstaka lagaheimild að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar, sbr. 26. gr. l. nr. 86/1985, um viðskiptabanka. Þó skal Seðlabankanum heimilt að semja við Lánastofnun sparisjóðanna og viðskiptabanka, sem hafa með sér takmarkað samstarf, um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða og viðskiptabanka hjá Seðlabankanum.
   Ráðherra setur nánari reglur um viðskipti skv. þessari gr.
3. Við 7. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Ráðherra setur nánari reglur um viðskipti Seðlabankans skv. þessari grein.
4. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Seðlabankanum er heimilt að ákveða að innlánsstofnanir skuli eiga varasjóð á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af heildarinnlánsfé hverrar stofnunar, allt að 15% af innlánsfénu. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.
   Óheimilt er að ráðstafa fé því, sem bundið er skv. þessari grein, til útlána.
   Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti af auknum innlánum við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé, sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.
   Seðlabankinn greiði eðlilega vexti af bundnu innlánsfé þannig að innlánsbinding hafi sem minnsta röskun í för með sér á starfi innlánsstofnana.
   Ráðherra setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd innlánsbindingar skv. 1., 3. og 4. mgr.
5. Við 9. gr. Greinin falli brott.
6. Við 10. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Seðlabankinn ákveður í samráði við ríkisstjórn vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.
7. Við 11. gr. 1. og 2. málsl. síðari mgr. orðist svo: Heimilt er Seðlabankanum að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skal við það miðað að slík lán greiðist í lok hvers fjárhagsárs en eigi síðar en innan mánaðar frá lokum fjárhagsársins, með fjáröflun utan Seðlabankans.
8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Seðlabankinn skal ekki annast viðskipti sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

9. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Í Seðlabankanum skal starfrækja bankaeftirlit sem er sjálfstæð stofnun er lýtur yfirstjórn ráðherra og bankaráðs Seðlabankans svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Kostnaður vegna eftirlitsins skal greiðast af Seðlabankanum.

10. Á eftir 14. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:

a. Hlutverk bankaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Bankaeftirlitinu er skylt að veita ráðherra upplýsingar um allt er varðar starfsemi innlánsstofnana. Eigi ákvæði 18. gr. við skulu ráðherra tilkynntar athugasemdir bankaeftirlitsins þegar í stað.

b. Ráðherra skipar forstöðumann bankaeftirlitsins og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

Bankaráð ákveður laun og launakjör forstöðumanns og gerir tillögur um erindisbréf honum til handa sem ráðherra gefur út.

Alla aðra starfsmenn ræður forstöðumaður. Bankaráð ákveður fjölda starfsmanna.

c. Starfsmenn bankaeftirlitsins mega ekki vera í stjórn innlánsstofnunar eða eiga hlutabréf í banka eða vera stofnaðilar eða ábyrgðarmenn sparisjóðs eða annarrar stofnunar sem er háð eftirliti bankaeftirlitsins.

Forstöðumaður bankaeftirlitsins má ekki taka lán hjá banka eða sparisjóði eða annarri stofnun, sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með, né stofna til annarra skuldbindinga gagnvart þeim stofnunum nema með leyfi bankaráðs.

Aðrir starfsmenn skulu tilkynna forstöðumanni lán sem þeir hafa fengið og aðrar skuldbindingar gagnvart þeim stofnunum sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með. Ekki mega starfsmenn bankaeftirlitsins koma fram sem umboðsmenn annarra gagnvart þeim stofnunum sem eftirlit er haft með.

11. Við 15. gr. Greinin orðist svo:

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana skv. skilgreiningu á innlánsstofnun í 1. mgr. 6. gr. Skal bankaeftirlitið kanna fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar er varða starfsemina og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

12. Á eftir 16. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:

a. Bankaeftirlitið skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga um verðbréfamiðlun. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð skilyrðum laga.

Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varðar starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

b. Vegna ákvæða 6. gr. laga um verðbréfamiðlun skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitsgerð um efni viðskiptaauglýsinga sem verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitsgerðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóða brjóti í bága við lög skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. laga um verðbréfamiðlun eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu um það til verðlagsráðs.

c. Bankaeftirlitið skal hafa eftirlit með lánaþjónustu og viðskiptakjörum greiðslukortafyrirtækja, enda skal þeim skylt að veita bankaeftirlitinu allar nauðsynlegar upplýsingar, sbr. 15. gr.

13. Við 17. gr. Greinin orðist svo:

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir sem undir eftirlit þess heyra skv. lögum þessum:

a. hagi bókhaldi sínu, ársuppgjöri og endurskoðun eftir reglum sem það ákveður og ráðherra staðfestir,
b. birti reikninga sína á þann hátt og svo oft sem það ákveður,
c. veiti reglulegar upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðaðan sem óskað er,
d. veiti aðrar upplýsingar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

14. Á eftir 17. gr. komi ný grein er orðist svo:

Bankaeftirlitinu er skylt að veita innlánsstofnunum, sem eftir því leita, tæknilega ráðgjöf um bankastarfsemi, þjónustu og reikningsskil.

15. Við 18. gr.

a. Við 2. mgr. bætist: Jafnframt skal bankaráði og skoðunarmönnum viðkomandi innlánsstofnunar gert viðvart.
b. 5. mgr. orðist svo:

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir skv. 4. mgr. skulu tilkynntar ráðherra þegar í stað. Jafnframt skal bankaráði og skoðunarmönnum — eða félagsstjórn sé um innlánsstofnun að ræða — gert viðvart. Þá skal bankaeftirlitið gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

16. Á eftir 18. gr. komi ný gr. er orðist svo:

Áður en innlánsstofnun hefur starfsemi, stofnar útibú eða afgreiðslu, skal bankaeftirlitinu tilkynnt um stofnunina í því formi sem það ákveður.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu hverjir séu kjörnir í stjórn innlánsstofnunar, ráðnir bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar eða forstöðumenn annarra innlánsstofnana, svo og hverjir séu kjörnir eða ráðnir endurskoðendur og forstöðumenn útibúa, innan mánaðar frá kjöri þeirra eða ráðningu.

17. Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti aðalbankastjóri og tveir aðstoðarbankastjórar. Aðalbankastjóri gegnir formennsku bankastjórnar.

Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Aðalbankastjóri skal eigi skipaður til lengri tíma en sex ára, en aðstoðarbankastjórar til þriggja ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

18. Við 29. gr.

a. Í stað „12 mánuði“ í 1. mgr. komi: sex mánuði.
b. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo: Um eftirlaun bankastjóra fer eftir kjarasamningum.
c. Orðin „að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að“ í síðari mgr. falli brott.

19. Við 30. gr. Í stað „1–3 ár“ í fyrri mgr. komi: eitt ár.

20. Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar Seðlabankans, sem og aðalféhirði og aðalbókara, og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þeirra.

Bankastjórn ræður alla aðra starfsmenn bankans og segir þeim upp starfi. Bankaráð ákveður fjölda starfsmanna.

21. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er eftir árslok.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á einstökum liðum og önnur atriði.

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:

a. heildarlaunagreiðslur,
b. föst yfirvinna,
c. önnur yfirvinna,
d. hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í a-, b- og c-lið.

II. Bifreiðakostnaður:

a. fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra,
b. notkun bílaleigubifreiða,
c. notkun leigubifreiða,
d. greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:

a. föst risna greidd einstökum starfsmönnum,
b. risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:

a. ferðakostnaður innanlands, þar með taldir dagpeningar,
b. ferðakostnaður utanlands, þar með taldir dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:

a. húseignir, lóðir og lendur,
b. vélar, áhöld, húsgögn o.fl.,
c. bifreiðar,
d. aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. keypt og byggt á árinu,
2. selt á árinu,
3. afskrifað og fært á rekstrarreikning,
4. endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Ráðherra skal setja nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs.

22. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Í byrjun hvers árs skal Seðlabankinn greiða arð til ríkissjóðs sem nemi hagnaði næstliðins árs af innlendri lánastarfsemi bankans, sölu gjaldeyris og umboðslaunum af gjaldeyrisfærslum, að frádregnum rekstrarkostnaði. Gengismunur af erlendum eignum

og skuldum bankans telst ekki til tekna og gjalda í rekstrarreikningi heldur færist á sérstakan endurmatsreikning og er gengismunurinn að öllu leyti undanþeginn arðskilum.

23. Við 41. gr. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falli brott.
24. Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Vísindasjóður skal starfa áfram á árinu 1986 í samræmi við eldri lög, reglur og venjur. Fyrir haustþing 1986 skal ríkisstjórnin leggja frumvarp til laga um starfsemi Vísindasjóðs er hafi tekjustofna svo sem verið hefur en heyri framvegis undir menntamálaráðherra.

Nd. 879. Nefndarálit [285. mál]

um frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefndir beggja deilda hafa unnið saman að athugun frv. og haldið fjóra sameiginlega fundi.

Frv. var sent til umsagnar fjölmargra aðila og fulltrúar menntamálaráðuneytis, háskóla og kennarasamtaka komu á fund nefndanna, auk skólastjóra á framhaldsskólastigi.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. með brtt. á sérstöku þskj. sem er aðeins leiðrétting.

Jón Baldvin Hannibalsson og Kristín S. Kvaran voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Halldór Blöndal, form., frsm.	Birgir Ísl. Gunnarsson, með fyrirvara.	Ólafur Þ. Þórðarson, með fyrirvara.
Hjörleifur Guttormsson.		Ólafur G. Einarsson.

Nd. 880. Breytingartillaga [285. mál]

við frv. til l. um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Frá menntamálanefnd.

Við 14. gr. 3. mgr. orðist svo:

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 2. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar um að lausráða annan starfsmann.

Nd. 881. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

9. gr. breytist svo:

a. 2. og 3. tölul. orðast svo:

2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.

3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til lífeyrissjóða skv. samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.

b. Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi:

Samningar Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ekki vera til skemmri tíma en tveggja ára. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

2. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða tvö undanfarandi ár áður en lánsumsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða næstu tvö árin áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum, sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita, og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðarbundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóðs samtals í a.m.k. tvö ár, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr. eiga lágmarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku, þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Áður en gengið er frá lánssamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast, og/eða íbúðir verða veðhæfar, þó þannig að úthlutun til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, gangi fyrir úthlutun annarra lána skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð. Heimilt er að skipta láninu í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Ekki skal að jafnaði veita lán til sama umsækjanda oftar en á fimm ára fresti.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir.

a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hverrar íbúðar kr. 2 100 000, en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur lán til hverrar íbúðar kr. 700 000. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrisjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.
b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hverrar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.
c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar greinar skulu skerðast um 2,0% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 170 m^2. Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls að frádregnum bílskúr.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt.

Lán skv. þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

4. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn á rétt á láni sem nemur 70% af lánum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein, að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

5. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákvarða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein af byggingarkostnaði. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld. Sé lán greitt út í tveimur eða fleiri hlutum skulu lánshlutarnir fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

6. gr.

18. gr. breytist svo:

a. 2. mgr. orðist svo:

Lán til viðbyggingar eða endurbóta miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr. og má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun en þó ekki hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., sbr. og c-lið þeirrar greinar.

b. 5. mgr. orðist svo:

Lán til meiri háttar endurbóta má að jafnaði fyrst veita ef íbúð er eldri en 15 ára og ekki má veita slíkt lán til sömu íbúðar oftar en á 15 ára fresti.

7. gr.

3. mgr. 19. gr. orðast svo:

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánum skv. 2. tölul. 11. gr. en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

8. gr.

1. mgr. 21. gr. orðast svo:

Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfé-

lagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að 70% af hámarksláni skv. a-lið 13. gr. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

9. gr.

22. gr. breytist svo:

a. 3. mgr. orðast svo:

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri upphæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 5. mgr. orðist svo:

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

10. gr.

24. gr. breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns skv. 6. tölul. 11. gr. má nema allt að 70% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 3. mgr. orðist svo:

Lánstími má vera allta að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

11. gr.

26. gr. breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 4. mgr. orðist svo:

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

12. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Lánskjör.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.–8. tölul. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til, eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

Lán skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum

verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánum skv. 8. tölul. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tölul. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

13. gr.

2. mgr. 31. gr. falli brott.

14. gr.

32. gr. laganna falli brott.

15. gr.

1. mgr. 39. gr. falli brott.

16. gr.

41. gr. orðast svo:

Stærð íbúða í verkamannabústöðum miðast við fjölskyldustærð umsækjanda.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að stærð íbúða, hagkvæmni þeirra og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð með sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, með stöðlun og samkeppnisútboðum. Senda skal skriflega álitsgerð um framangreind atriði til hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

17. gr.

1. mgr. 42. gr. orðast svo:

Telji húsnæðismálastjórn að ekki sé gætt ákvæða 41. gr. eða að íbúðir séu óhóflegar í stærð og gerð synjar hún um lán til slíkra framkvæmda.

18. gr.

49. gr. orðast svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður. Einnig er heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun.

Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða eða íbúðir eru keyptar skal Húsnæðisstofnun fara yfir teikningar og gera tillögur um lánveitingu.

Sveitarstjórn eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði ber fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu greiðir viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Sé veitt sérstakt lán til þriggja ára til þeirra, sem eiga í erfiðleikum með útborgun, skulu lánin vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna endursöluíbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum þessara laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af dagvinnutekjum greiðanda.

19. gr.

7. mgr. 51. gr. orðast svo:

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 85% af endursöluverði íbúðarinnar.

20. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 58. gr. koma 1. og 2. mgr. svohljóðandi:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutaðeigandi byggingaraðili þann kostnað sem umfram er.

21. gr.

3. mgr. 64. gr. orðast svo:

Slíkt lán má nema allt að 85% söluverðs íbúðar en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er að láta áhvílandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1986.

Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem lagt hafa inn fullgilda umsókn um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku laga þessara en eiga eftir að fá lánið greitt að öllu leyti eða hluta þess, skulu eiga kost á því að farið verði með lánsumsóknir þeirra eftir lögum þessum á eftirfarandi hátt,

enda hafi lífeyrissjóðir umsækjanda þá gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 9. gr. laga þessara:

Finna skal þann mismun sem er á ógreiddum lánshlutum miðað við lánsrétt skv. lögum þessum og á ógreiddum lánshlutum skv. eldri lögum að viðbættu samsvarandi hlutfalli af þeim lífeyrissjóðslánum sem umsækjandi hefur fengið síðan 1. janúar 1985. Umsækjandi á þess kost að fá hækkun sem ofangreindum mismun nemur á þeim lánshlutum sem til greiðslu koma frá 1. september 1986, enda sé lífeyrissjóður umsækjanda reiðubúinn til að auka sérstaklega skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins sem mismuninum nemur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem forsætisráðherra skipaði 18. mars s.l. til að gera tillögur um húsnæðismál á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um það efni 27. febrúar s.l. Var yfirlýsing þessi gefin af tilefni samkomulags um húsnæðismál sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna undirrituðu í tengslum við gerð kjarasamninga 26. febrúar.

Samkomulag þetta var fylgiskjal með kjarasamningi samningsaðila og er svohljóðandi:

„ASÍ, VSÍ og VMS eru sammála um að eitt brýnasta úrlausnarefni kjarasamninganna sé að leita leiða til úrlausnar á þeim greiðsluvanda húsbyggjenda sem nú eiga í erfiðleikum og jafnframt að finna varanlega lausn á fjármögnunarvanda þeirra sem eru að eignast sína fyrstu íbúð.

Samkomulag er milli aðila um eftirfarandi aðgerðir í þessum efnum:

1. **Aðgerðir til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar.**

   Nú þegar verði varið 300 millj. kr. til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem fyrir stuttu var ákveðið að verja til þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Þessum 500 millj. kr. verði varið, samkvæmt nánari reglum sem stjórn Húsnæðisstofnunar setur, til viðbótarlána til þeirra sem hófu byggingarframkvæmdir eða keyptu húsnæði á árinu 1980 eða síðar og eiga í greiðsluerfiðleikum eða hafa ekki getað lokið framkvæmdum. Lán þessi verði með sama lánstíma og almennt er á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þeir, sem veitt er lánafyrirgreiðsla með þessum hætti, skulu eiga rétt á húsnæðisafslætti X kr. í Y ár talið frá byggingar- eða kauptíma í stað vaxtafrádráttar ef þeir kjósa það frekar.

   Ráðgjafarþjónusta Húsnæðisstofnunar verði efld verulega um tíma þannig að afgreiðslu allra umsókna verði lokið innan tveggja mánaða. Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að húsbyggjendum og kaupendum verði gefinn kostur á lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum þannig að lánstími verði a.m.k. 10 ár.

2. **Byggingarsjóður ríkisins.**

   Lögum um Byggingarsjóð ríkisins verði breytt þannig að lánveitingar úr honum verði bundnar því að lífeyrissjóður umsækjanda hafi gert samkomulag við sjóðinn um skuldabréfakaup. Stefnt sé að því að lögin taki gildi 1. september 1986.

   a. Lán til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa nýja íbúð í fyrsta sinn, verði sem hér segir miðað við samninga um skuldabréfakaup lífeyrissjóða í eftirfarandi hlutfalli af ráðstöfunarfé sjóðanna að vali hvers lífeyrissjóðs.

Hlutfall ráðstöfunarfjár.	Lánsfjárhæð kr. á íbúð miðað við verðlag í febrúar 1986.
20%	700 000
30%	1 000 000
40%	1 500 000
50%	1 900 000
55%	2 100 000

Lán til þeirra, sem eru að kaupa eldri íbúð í fyrsta sinn, verði 70% af framangreindum tölum. Lánstími verði 40 ár og vextir aldrei hærri en 3,5%. Lán samkvæmt þessum tölulið hafi forgang fram yfir lán samkvæmt b-lið hér á eftir. Ef um tvo einstaklinga er að ræða, sem eru að byggja eða kaupa saman íbúð, skal taka meðaltal þeirra hlutfallstalna sem gilda fyrir viðkomandi sjóði.

Dæmi: Sjóður A 30% og B 50%, meðaltal 40%.

b. Áfram verði lánað til þeirra sem áður hafa átt íbúðir. Lán þessi skulu þó vera víkjandi fyrir lánum samkvæmt a-lið. Til viðmiðunar verði að lán séu um 70% af láni samkvæmt a-lið. Ef um notað húsnæði er að ræða verði miðað við samanlagt nýtt lán og áhvílandi lán frá Byggingarsjóði ríkisins.

c. Lánaafgreiðslu skal breytt þannig að einstaklingum verði gefið lánsnúmer og fái þeir nákvæmar upplýsingar um það hvenær þeir geta vænst þess að fá lánið útborgað. Lánið skal síðan borgað út á fyrir fram ákveðnum tíma enda hafi nýtt húsnæði náð X byggingarstigi og síðari greiðsla eða greiðslur X mánuðum síðar eða þegar húsnæðið hefur náð Z byggingarstigi þegar um nýbyggingu er að ræða. Innan tveggja mánaða skulu lánsumsækjendur hafa fengið bindandi loforð um afgreiðslutíma lánsins og lánsfjárhæð enda fylgi hún verðlagsbreytingum frá þeim tíma sem loforðið er gefið á.

d. Áður en gerður er lánssamningur samkvæmt c-lið skal gengið úr skugga um með greiðsluáætlunum að umsækjandi geti fært sönnur á að eigna- og tekjustaða hans sé slík að hann geti lagt fram eigið fé til nýbyggingar eða kaupa og staðið undir miðað við núverandi aðstæður ásamt lánafyrirgreiðslu.

3. **Afgreiðsla lána til þeirra sem nú eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins.**

Þeir, sem eiga óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins þegar breytingarnar taka gildi, skulu eiga kost á láni sem miðist við að þær væru afgreiddar samkvæmt nýju kerfi, sbr. lið 2, á þeim hlutum lánsins sem verða óafgreiddar eftir gildistöku nýrra reglna.

4. **Byggingarsjóður verkamanna.**

Fé Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 millj. kr. á árinu 1986. Lánsfé Byggingarsjóðs verkamanna verði síðan aukið miðað við fast verðlag. Lánshlutfall á lánum til 42 ára hækki nú þegar úr 80% í 85%. Veitt verði lán til allt að tveggja ára til þeirra sem eiga í erfiðleikum með 15% útborgun.

Stjórnir verkamannabústaða skulu eftir því sem kostur er og hagkvæmt þykir kaupa íbúðir á frjálsum markaði. Þær íbúðir sem eru keyptar á þann hátt skulu endurnýjaðar miðað við eðlilegar kröfur á hverjum tíma áður en þær eru afhentar viðkomandi kaupanda. Enn fremur skal gæta ýtrustu hagkvæmni við byggingu íbúða m.a. með útboðum.

5. **Leiguhúsnæði.**

Húsnæðisstofnun ríkisins verði falið að framkvæma könnun á þörf fyrir leiguhúsnæði hér á landi. Skal þeirri könnun hraðað eins og kostur er þannig að hægt sé við gerð fjárhagsáætlana fyrir árið 1987 að veita fjármagni til byggingar leiguhúsnæðis í ljósi þeirrar þarfar sem er fyrir byggingu slíks húsnæðis hér á landi.

6. **Lánveitingar lífeyrissjóða til húsnæðismála.**

a. Stefnt verði að því að lífeyrissjóðir verji tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum af ríkissjóði sem renni óskipt til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Bréf þessi skulu vera verðtryggð og boðin með ekki lakari kjörum en ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði hverju sinni.

b. Skilyrði fyrir lánveitingu frá Byggingarsjóði ríkisins skal framvegis vera að viðkomandi hafi greitt í a.m.k. tvö ár með fullnægjandi hætti til lífeyrissjóðs enda hafi lántaki ekki verið við nám, sé öryrki eða hafi af öðrum gildum ástæðum ekki verið á vinnumarkaði. Ef um slíkt er að ræða skal lán vera miðað við lán samkvæmt 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðs.

7. **Húsnæðisafsláttur.**

Frá og með árinu 1986 verður þeim, sem kaupa eða byggja í fyrst sinn, veittur húsnæðisafsláttur X kr. á ári í 10 ár miðað við núgildandi verðlag. Afsláttur þessi miðist við hvern einstakling og dragist frá sköttum og getur verið útborganlegur. Jafnframt verði þak á afslætti í núverandi mynd 200 000 kr. Þeir, sem byggðu 1985 eða fyrr, geta valið um það hvort þeir fylgja núgildandi reglum eða nýjum reglum enda verði þeirri ákvörðun ekki breytt eftir að hún hefur verið tekin.

8. **Útfærsla hugmynda.**

Samningsaðilar eru sammála því að starfshópur aðila útfæri þær tillögur, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, í samráði við stjórnvöld. Skal slíkur starfshópur m.a. hafa það hlutverk að útbúa frumvarp til laga vegna þessa máls."

Í bréfi ríkisstjórnarinnar til samningsaðila 27. febrúar s.l. gaf ríkisstjórnin eftirfarandi yfirlýsingu um húsnæðismál:

„Ríkisstjórnin fellst á grundvallaratriði þeirra hugmynda sem fram koma í yfirlýsingu samningsaðila um húsnæðismál og er tilbúin til þess að athuga þær vandlega í samráði við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega útgjöld ríkisins í þessu sambandi. Ríkisstjórnin er reiðubúin til að beita sér fyrir breytingum á lögum og reglum um húsnæðismál í samræmi við niðurstöður þeirrar athugunar."

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar skipaði forsætisráðherra nefnd til að gera tillögur um húsnæðismál. Í nefndina voru skipaðir Ásmundur Hilmarsson og Jóhannes Siggeirsson samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Örlygur Geirsson samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Gunnar Birgisson og Vilhjálmur Egilsson samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Jóhann Einvarðsson samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra og Geir H. Haarde samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Forsætisráðherra skipaði Hallgrím Snorrason formann. Með nefndinni hafa unnið Gylfi Kristinsson og Þorgerður Benediktsdóttir frá félagsmálaráðuneytinu, Helgi Guðmundsson, Hilmar Þórisson, Katrín Atladóttir og Percy Stefánsson frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Yngvi Örn Kristinsson frá Seðlabanka Íslands. Tekið skal fram að nefndin hefur haldið þrjá sameiginlega fundi með milliþinganefnd um húsnæðismál.

Nefndinni var skammtaður naumur tími til starfa og tók hún því í upphafi þá ákvörðun að einbeita sér að athugun á þeim hluta húsnæðissamkomulags samningsaðila sem lýtur að breytingum á hinu opinbera húsnæðislánakerfi og samningu tillagna um það efni. Í framhaldi af þessu mun nefndin fjalla um aðra þætti húsnæðissamkomulagsins og stefnir að því að ljúka gerð tillagna um þau efni hið allra fyrsta. Frumvarp þetta hefur því eingöngu að geyma tillögur um breytingar á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Meginatriði húsnæðissamkomulagsins, svo og þessa frv., er það að lagt er til að lánsréttindi í hinu opinbera húsnæðislánakerfi verði tengd aðild manna að lífeyrissjóðum og lánveitingum lífeyrissjóðanna til húsnæðislánakerfisins. Er lagt til að einstaklingar hafi mismikinn lánsrétt eftir því hve lífeyrissjóðir þeirra hafa lánað mikið fé til húsnæðislánakerfisins í hlutfalli við ráðstöfunarfé sitt. Lánveitingar lífeyrissjóða til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna hafa um árabil verið ein meginuppspretta lánsfjár þessara sjóða. Þessar lánveitingar, eða skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af byggingarsjóðunum tveimur, hafa bæði verið reistar á sérstöku samkomulagi um að sjóðirnir tækju með því móti þátt í fjármögnun félagslegra íbúðarbygginga en hins vegar á lögum. Með lögum nr. 13/1981

var ákveðið að hverjum lífeyrissjóði sé skylt að verja a.m.k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs Íslands og fjárfestingarlánasjóða. Skuldabréfakaupin í heild sinni hafa þó aldrei náð þessu marki og skuldabréfakaup sjóðanna allra hafa numið 33–37% ráðstöfunarfjár þeirra undanfarin ár. Að auki hafa sjóðirnir keypt mjög mismikið af skuldabréfum, margir sjóðir hafa staðið við kaupskylduna og vel það en aðrir hafa keypt mun minna. Geta sjóðanna til annarra útlána, einkum til einstaklinga, hefur því þegar af þessum ástæðum verið mjög misjöfn og yfirleitt má segja að því minna sem sjóðirnir hafa varið af fé sínu til skuldabréfakaupa af hinu opinbera því hærri lán hafa þeir geta veitt sjóðfélögum.

Meginrökin fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru með frv. þessu um að lánsréttur einstaklinga hjá Byggingarsjóði ríkisins verði háður skuldabréfakaupum lífeyrissjóðanna sem einstaklingarnir greiða til, eru því þau að heildarlánsréttur manna hjá Byggingarsjóði ríkisins og lífeyrissjóðunum sé nú mjög misjafn eftir lífeyrissjóðsaðild. Þannig eigi allir rétt á opinberum húsnæðislánum en mismikinn rétt hjá lífeyrissjóðunum eftir því hve miklu af ráðstöfunarfé sínu sjóðirnir verji til skuldabréfakaupa af hinu opinbera. Kaupi sjóður mikið af skuldabréfum af hinu opinbera og fjárfestingarlánasjóðum á sjóðfélaginn einungis kost á litlu láni úr sjóðnum, en hann á kost á því hærra láni þeim mun minna sem sjóðurinn kaupir af skuldabréfum. Sjóðir, sem vilja lána sem mest til sjóðfélaga, gæta því þess að kaupa sem minnst af skuldabréfum byggingarsjóðanna og annarra fjárfestingarlánasjóða. Það er skoðun samningsaðilanna að verði ekki breyting á þessu og lánsréttindi manna gerð jafnari en nú er verði að gera ráð fyrir að sjóðirnir hætti almennt að kaupa skuldabréf byggingarsjóðanna en fari í þess stað að lána beint til sjóðfélaga sinna.

Auk þess sem hér hefur verið rakið má benda á að með þeim hætti sem hér er lagt til verður unnt að tryggja húsnæðislánakerfinu verulega aukið fjármagn á næstu árum án þess að til komi aukið ríkisframlag.

Tillögur frv. þessa um **Byggingarsjóð ríkisins** eru þríþættar:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. lagt til að lagaákvæðum um fjáröflun sjóðsins verði breytt á þann veg að gert verði ráð fyrir sérstökum samningum um skuldabréfakaup lífeyrissjóða og enn fremur að felld verði niður ákvæði um lágmarksfjárframlag ríkissjóðs.

Í öðru lagi eru í 2.–4. gr. gerðar tillögur um lánsrétt einstaklinga og lánsfjárhæðir og lengingu lánstíma.

Í þriðja lagi eru í 5.–12. gr. gerðar ýmsar tillögur um lagabreytingar til að samræma ýmis gildandi ákvæði laganna megintillögum frv. um lánsrétt, lánsfjárhæðir og endurgreiðslutíma lána.

Tillögur frv. um **Byggingarsjóð verkamanna** eru þríþættar:

Megintillagan er í 18. gr. og fjallar um hækkun lánshlutfalls úr 80% í 85%.

Í öðru lagi eru í 13.–17. gr. ýmsar tillögur sem leiða af þeim tillögum sem gerðar eru um Byggingarsjóð ríkisins, einkum þeirri að hætt sé að miða lán við svonefnda staðalíbúð.

Í þriðja lagi eru í 19.–21. gr. tillögur um breytingar sem leiða af hækkun lánshlutfallsins. Hér á eftir verður fjallað um tillögur frv. í einstökum atriðum:

Fjáröflun Byggingarsjóðs ríkisins (1. gr.). Í gildandi ákvæðum um fjáröflun segir í 2. tölul. 9. gr. laganna um Húsnæðisstofnun að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skuli ekki nema lægri fjárhæð en 40% af samþykktri útlánaáætlun sjóðsins hvert ár. Í 1. gr. frv. er lagt til að þetta ákvæði um lágmarksframlag verði fellt niður og framlag ríkissjóðs verði óbundið og ákveðið með fjárlögum hvers árs. Þessi tillaga er rökrétt afleiðing þeirrar tillögu frv. að lánsréttur og lánsfjárhæðir verði lögfestar. Skv. gildandi lögum er við ákvörðun framlags ríkissjóðs ár hvert gengið út frá útlánaáætlun sem félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra samþykkja. Í þeirri áætlun er m.a. gert ráð fyrir ákveðnum fjölda útlána

og ákveðnum fjárhæðum nýbyggingarlána sem miðaðar eru við byggingarkostnað. Eins og nú háttar geta stjórnvöld því stýrt útlánum sjóðsins með breytingum á hlutfalli lána af byggingarkostnaði og að vissu marki með ákvörðunum um fjölda útlána og þar með ákveðið ríkissjóðsframlagið. Í tillögum þessa frv. er á hinn bóginn gert ráð fyrir að lánsfjárhæðir verði lögfestar miðað við verðlag á fyrsta fjórðungi þessa árs og að þær breytist síðan í hátt við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Þetta á ekki aðeins við nýbyggingarlán heldur og um lán til kaupa á notuðum íbúðum. Þetta hefur í för með sér að möguleikar stjórnvalda til að stýra útlánum og hafa þau áhrif á íbúðabyggingar og fasteignaviðskipti, sem heppileg eru talin með hliðsjón af framvindu efnahagsmála og efnahagsstefnu stjórnvalda, eru takmarkaðri en nú er og því eðlilegt að ekki sé kveðið á um lágmarksframlag ríkissjóðs í lögum. Jafnframt er nú gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir beini fjármagni sínu í mun meiri mæli en nú er til Húsnæðisstofnunar, en í því felst að vissu marki sameining á núverandi húsnæðislánum og lífeyrissjóðslánum.

Gera verður ráð fyrir að þörfin fyrir framlög úr ríkissjóði ráðist fyrst og fremst af tvennu, af niðurgreiðslu vaxtakostnaðar húsbyggjenda og íbúðarkaupenda (þ.e. af muninum á vöxtum af teknum lánum hjá lífeyrissjóðum og veittum lánum til einstaklinga) og af lánsfjáreftirspurn. Í tillögum nefndar þeirrar sem samdi frv. þetta er gert ráð fyrir að kveðið verði á um að vextir af útlánum megi ekki vera hærri en 3,5% á ári. Ríkisstjórnin telur það ekki heppilegt að kveðið sé á um hámark vaxta í lögum. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin ákveðið að vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins verði 3,5% á ári eins og þeir eru nú og verði ekki hærri meðan þessi ríkisstjórn situr.

Í 1. gr. frv. þessa er gert ráð fyrir að vextir af skuldabréfum þeim sem lífeyrissjóðirnir kaupa af Húsnæðisstofnun verði miðaðir við að lánskjör á þessum bréfum verði miðuð við þau kjör sem ríkissjóður býður á fjármagnsmarkaði hverju sinni eins og gert er ráð fyrir í húsnæðissamkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

Ljóst er að þetta getur falið í sér mikla óvissu fyrir Byggingarsjóð ríkisins um þær skuldbindingar sem hann tekst á hendur gagnvart lífeyrissjóðum og um niðurgreiðslu vaxtakostnaðar einstaklinga. Jafnframt leggur þessi tilhögun auknar skyldur á ríkissjóð um þátttöku hans á lánsfjármarkaði. Ýmislegt verður þó að hafa í huga í þessu sambandi:

1. Niðurgreiðsla vaxtakostnaðar hjá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna hefur viðgengist um langt skeið. Eins og nú háttar eru vextir af útlánum Byggingarsjóðs ríkisins 3,5% en 1% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Vextir af skuldabréfum þeim, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af byggingarsjóðunum tveimur, eru nú 6–9%. Vaxtamunurinn er því nú 2,5–5,5% hjá Byggingarsjóði ríkisins og 5–8% hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þess ber þó að geta að þessi mikli vaxtamunur hefur staðið í tiltölulega skamman tíma. Á árunum 1980–1981 var vaxtamunurinn hjá Byggingarsjóði ríkisins 1% og um 1¼–1¾% á árunum 1982–1983.
2. Hafa verður í huga að þrátt fyrir háa vexti á fjármagnsmarkaði að undanförnu og þann vaxtamun sem nú er hafa útlánavextir byggingarsjóðanna ekki orðið hærri en að ofan greinir. Því er óvíst að ákvæði um vaxtaþak, eins og tillögur nefndarinnar gerðu ráð fyrir, breyti svo miklu um vaxtaákvarðanir, og núverandi ríkisstjórn mun ekki hækka vextina umfram 3,5%.
3. Þá má nefna, eins og síðar verður rakið nánar, að horfur eru á að ráðstöfunartekjur lífeyrissjóðanna aukist mjög mikið á næstu árum. Þetta stafar ekki síst af því að í kjarasamningunum í febrúar tókst samkomulag um að iðgjaldagreiðslur yrðu auknar í áföngum á árunum 1987–1990 frá því að miðast við dagvinnulaun nú í það að iðgjald greiðist af öllum launum. Þessi breyting er talin munu auka iðgjaldatekjur um 50% og er það varlega áætlað. Að auki hefur ávöxtun á ráðstöfunarfé sjóðanna batnað mjög mikið undanfarin ár. Á hinn bóginn er ljóst að vegna aldursskiptingar þjóðarinnar mun

líða langur tími þar til lífeyrisgreiðslur sjóðanna fara að aukast svo um munar. Af þessu leiðir að lánsfjárframboð frá lífeyrissjóðunum vex mjög ört á næstu árum og verður að ætla að sú aukning geti haft talsverð áhrif á vexti á almennum fjármagnsmarkaði.

4. Þeir útreikningar sem gerðir hafa verið á vegum nefndarinnar, sem vann að máli þessu, benda til að verði mismunurinn á vöxtum á teknum lánum og veittum hjá Byggingarsjóði ríkisins meiri en 2–3% til lengdar muni lánakerfið sligast. Þannig sýna dæmi sem tekin hafa verið um 5–6% vaxtamun til langs tíma að slík niðurgreiðsla krefðist sífellt meiri ríkisframlaga og lántöku hjá lífeyrissjóðum. Þetta gæti aðeins staðið mjög skamma hríð og hlyti að kalla á gagngera endurskoðun þessara mála og breytingu á lögum.

Sem fyrr segir er í frv. þessu gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun geri bindandi samninga við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup. Lagt er til að samningar þessir verði til a. m. k. tveggja ára þar sem óhjákvæmilegt er að sem mest festa skapist um lánamálin og Húsnæðisstofnun komi við traustri áætlunargerð. Þetta er ekki síst nauðsynlegt fyrir væntanlega lántakendur, enda er það eitt markmiða húsnæðissamkomulagsins að eytt sé óvissu einstaklinga um væntanlega lántökumöguleika eftir því sem kostur er. Gert er ráð fyrir að í samningum þessum verði kveðið á um að viðkomandi lífeyrissjóður skuldbindi sig til að verja að lágmarki tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðanna. Jafnframt yrðu að vera ákvæði um eftirlit með því að við það væri staðið og hvernig bregðast skuli við frávikum. Verður þá að reikna með að vanefndir lífeyrissjóðs hefðu í för með sér skerðingu á lánsrétti sjóðfélaga hjá Byggingarsjóði ríkisins hafi þeir ekki fengið bindandi lánsloforð fyrir. Í samningum þessum yrðu loks ákvæði um lánskjör og endurgreiðslu.

Auk þess sem þegar hefur verið nefnt um vexti má benda á að endurgreiðslutími á lánum lífeyrissjóðanna til byggingarsjóðanna er nú tiltölulega skammur, eða mest 10 ár, miðað við endurgreiðslutíma útlána til einstaklinga sem eru 40 ár skv. tillögum þessa frv. Með hliðsjón af því að iðgjaldatekjur lífeyrissjóðanna munu vaxa mjög á næstu árum en greiðslubyrði þeirra af lífeyri tekur fyrst að vaxa að mun að alllöngum tíma liðnum virðist eðlilegt að reynt verði að semja um mun lengri endurgreiðslutíma af lánum lífeyrissjóðanna til byggingarsjóðanna en nú er. Þá má enn fremur hafa í huga að lán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga eru yfirleitt til 20–40 ára. Lenging lánstímans gæti bætt stöðu byggingarsjóðanna til muna næstu árin og þar með útlánagetu þeirra í framtíðinni.

Í 1. gr. er lagt til að í 3. tölul. 9. gr. verði kveðið á um að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fremur en af Byggingarsjóði ríkisins eins og nú er. Þetta stafar af því að lántökuréttur einstaklinga er í frv. háður lánveitingum lífeyrissjóðanna til hins opinbera húsnæðislánakerfis í heild. Því er eðlilegt að skuldabréfaviðskiptin verði við Húsnæðisstofnunina sem komi fram fyrir hönd byggingarsjóðanna beggja og skipti síðan niður lánsfénu milli sjóðanna eftir þörfum.

Útlána- og lánsfjárþörf. Talsverð óvissa ríkir um útlánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins næstu árin. Undanfarin fimm ár hafa að meðaltali verið veitt 1368 nýbyggingarlán á ári og um 2000 lán til kaupa á notuðum íbúðum. Auk þessa má við mat á byggingarþörf næstu ára taka mið af tölum um breytingar mannfjöldans. Í hverjum árgangi á aldrinum 20–30 ára eru nú um 4300 manns en árlega deyja um 1700 manns. Mismunurinn er 2600 en sýnt er að þessi tala fer lækkandi. Þetta stafar bæði af því að fallandi fæðingartíðni veldur því að fækkar í árgöngunum á aldrinum 20–30 ára frá því sem nú er og að tala þeirra sem deyja á ári hverju fer vaxandi vegna aukins fjölda roskins og aldraðs fólks. Séu tveir um hverja íbúð benda þessar tölur til að byggingarþörfin nemi 1300 íbúðum á ári og fer sú tala lækkandi. Við þetta bætist svo íbúðarþörf einhleypinga sem gera má ráð fyrir að aukist, m.a. vegna tíðra hjónaskilnaða.

Tölur Húsnæðisstofnunar sýna að undanfarin ár hefur fjöldi lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn verið um helmingur allra lána til byggingar á nýju húsnæði og kaupa á nýju og notuðu húsnæði. Í áætlunum um útlánaþörf er hér miðað við að útlán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn skiptist í svipuðum hlutföllum milli nýrra og notaðra íbúða og verið hefur. Enn fremur er miðað við að útlán skiptist líkt á milli þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og hinna sem eiga íbúð fyrir. Þá má nefna að sýnt er að meðallán til þeirra sem eru að kaupa notaða íbúð og eiga íbúð fyrir muni fara lækkandi ár frá ári eftir því sem meira verður áhvílandi af húsnæðismálastjórnarlánum á slíkum íbúðum. Þetta gæti haft veruleg áhrif þegar fram líða stundir þótt naumast verði þau áhrif mikil allra næstu árin.

Niðurstaða áætlana um útlán miðað við fyrrgreindar tölur um fjölda lána og skiptingu þeirra, svo og miðað við þær tillögur um lánsfjárhæðir sem gerðar eru í þessu frumvarpi, er sú að útlánaþörf gæti numið 4,5–5,5 milljörðum króna á næstu árum en fari síðan minnkandi. Á hinn bóginn er hæpið að stefna strax í upphafi að ýtrustu útlánum heldur virðist eðlilegt að útlánaeftirspurn verði næstu fjögur árin fullnægt með hliðsjón af vexti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna. Auk þess er æskilegt að reynt sé að forðast stökkbreytingar í framboði íbúðarlána vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem það hefði vafalaust á íbúðarverð og fasteignaviðskipti, svo og á efnahagslífið í heild sinni. Því þykir rétt að gera ráð fyrir að útlánaeftirspurninni í upphafi verði sinnt á þann hátt að þeir, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn og eiga forgang, fái lán sín afgreidd með eðlilegum hætti en eftirspurn hinna, sem eiga íbúð fyrir, verði jafnað yfir lengi tíma.

Við könnun á fjárflæði Byggingarsjóðs ríkisins hefur nefndin notið liðsinnis Yngva Arnar Kristinssonar, hagfræðings hjá Seðlabanka Íslands. Þá fékk nefndin dr. Pétur H. Blöndal tryggingastærðfræðing til þess að gera áætlun um þróun ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna.

Í áætlunum Péturs H. Blöndals kemur fram að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna muni vaxa úr tæpum 5 milljörðum króna á árinu 1986 í 8–9,5 milljarða króna árið 1990 eftir því hvernig ávöxtunar sjóðirnir njóta og lánstíma og fjárráðstöfun þeirra er háttað. Sé reiknað með að sjóðirnir verji yfirleitt 55% af ráðstöfunarfé til kaupa á skuldabréfum (hafa þarf í huga að verði hlutfallið lægra skerðist lánsréttur einstaklinga og þar með útlánaþörf að sama skapi) og sé gert ráð fyrir svipuðum lántökum Byggingarsjóðs verkamanna og á þessu ári má gera ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hafi til umráða af lífeyrissjóðafé um 3,1 milljarð króna á árinu 1987 en um eða yfir 5 milljarða króna árið 1990.

Sé gert ráð fyrir a) ofangreindum lántökum hjá lífeyrisjóðum, b) að aðrar lánveitingar en til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum nemi 300–400 millj. kr. eins og nú háttar og c) áætlað fyrir greiðslum af teknum lánum, tekjum af afborgunum og vöxtum af veittum lánum og rekstrarkostnaði, fæst sú niðurstaða að Byggingarsjóður muni hafa til ráðstöfunar af eigin fé og lánsfé um 2,5–2,6 milljarða króna til útlána til byggingarlána og lána til kaupa á nýjum og notuðum íbúðum árið 1987 og 3,8 milljarða króna árið 1990.

Útlánaáætlun má byggja á eftirfarandi forsendum:

1. „Eðlileg“ eftirspurn eftir lánum til kaupa á nýjum íbúðum er talin svara til bygginga 1400 íbúða á ári. Fyrstu tvö árin verði eftirspurnin þó meiri eða sem nemur lánum til 1600 íbúða. Þar af verði um 800 lántakendur sem ekki eiga íbúð fyrir og njóta því forgangs.
2. „Eðlileg“ eftirspurn eftir lánum til kaupa á notuðum íbúðum er talin vera 2000 en jafnframt er bætt við 200 tvö fyrstu árin. Þar af er gert ráð fyrir að um 1100 lán gangi til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir.
3. Gera má ráð fyrir að veitt meðallán verði nokkru lægri en svarar fullum lánsfjárhæðum, m.a. vegna þess að ekki njóti allir óskerts lánsréttar, að áhvílandi lán verki til lækkunar

á veitt lán og vegna mismunandi veðhæfni íbúða. Hér er gert ráð fyrir að meðallán nemi 80% af fullum lánsfjárhæðum. Niðurstaða þessa er sú að lánsfjárþörf vegna forgangslána geti numið um 2,6 milljörðum króna en lánsfjárþörf vegna þeirra sem eiga íbúð fyrir geti numið 1,8 milljörðum króna. Þessar tölur ættu að eiga við árin 1987 og 1988 en eftir það gætu þær lækkað í 2300–2400 millj. kr. og 1600–1700 millj. kr.

Auk takmarkaðs fjármagns er margt sem mælir með því að hluta af lánsfjáreftirspurn þeirra, sem eiga íbúð fyrir og eiga því ekki forgang að lánum skv. frv., verði í upphafi jafnað yfir lengri tíma en eitt ár. Þetta væri ekki síst til að draga úr þenslu- og verðbólguáhrifum útlánaaukningarinnar á byggingar- og fasteignamarkaði. Má þá jafnframt hafa í huga að sparnaður í hagkerfinu mun aukast í áföngum á árunum 1987–1990 vegna þeirrar aukningar á greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóða sem um samdist í kjarasamningunum í febrúar.

Sé gert ráð fyrir að um helmingi af þeim lánveitingum, sem reiknað er með hér á undan til þeirra sem eiga íbúð fyrir, verði frestað um eitt ár yrði fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins til lána vegna nýrra og notaðra íbúða um 3,5 milljarðar króna á árinu 1987. Framlag ríkissjóðs mætti á þessum forsendum ekki vera lægra en 1000 millj. kr. Lögbundið lágmarksframlag ríkissjóðs miðað við samþykktar útlánaáætlanir á árinu 1986 er 940 millj. kr. Á hinn bóginn mun ríkissjóður verja á þessu ári 1100 millj. kr. til sjóðsins auk 200 millj. kr. til lána til þeirra sem eiga í sérstökum greiðsluerfiðleikum. Hafa verður í huga að framlag ríkissjóðs umfram hið lögbundna lágmark byggist á sérstakri fjáröflun sem fellur niður í lok þessa árs. Þessu til viðbótar ver ríkissjóður 300 millj. kr. til Byggingarsjóðs verkamanna þannig að samtals nema framlög ríkissjóðs til byggingarsjóðanna beggja 1600 millj. kr. á þessu ári.

Vegna mikillar aukningar ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna næstu árin á ekki að skapast hætta á sífellt vaxandi biðröð þótt lánum sé frestað í upphafi. Heppilegt virðist að útjöfnunar lánsfjáreftirspurnarinnar gæti fyrst og fremst á árinu 1987 en eftir það ætti ekki að taka nema 2–3 ár að ná jafnvægi. Er þá miðað við lánsfjárhæðir skv. frv. þessu, ofangreindar tölur um fjölda lána og að framlag ríkissjóðs verði ekki lægra en 1000 millj. kr. á ári.

Þörfin fyrir framlag ríkissjóðs ræðst þegar fram í sækir ekki einungis af lánsfjáreftirspurn heldur ekki síður af vaxtaniðurgreiðslunni. Hún er svo aftur háð vaxtamuninum á teknum lánum og veittum og muninum á endurgreiðslutíma lánanna. Verði hér um verulegan mun að ræða í vöxtum og tíma og vaxtaniðurgreiðslan því mikil kallar það sem fyrr segir á vaxandi framlag ríkissjóðs. Á hinn bóginn er einnig ljóst að framlag ríkissjóðs ræður miklu um eiginfjárstöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Því er óhjákvæmilegt að ákvarðanir um framlög ríkissjóðs á fjárlögum til Byggingarsjóðs ríkisins ár hvert verði teknar með hliðsjón af hvoru tveggja, útlánaþörf sjóðsins á árinu og eiginfjárstöðu sjóðsins.

Lánsréttur, lánsfjárhæðir o.fl. (2.–4. gr.). Sem fyrr segir er í frv. þessu gert ráð fyrir að lánsréttur sé háður skuldabréfakaupum lífeyrissjóða hjá Húsnæðisstofnun. Í 2. gr. eru gerðar tillögur um lánsrétt einstaklinga og er megintillagan sú að einstaklingar eigi fullan lánsrétt kaupi lífeyrissjóður þeirra skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu, lágmarkslánsrétt ef skuldabréfakaupin nema 20% af ráðstöfunarfé, en verji sjóðirnir enn lægra hlutfalli af ráðstöfunarfé til Húsnæðisstofnunar eiga félagar í þeim sjóðum engan lánsrétt hjá Byggingarsjóði. Þessar tillögur stefna að því að jafna heildarlánsrétt einstaklinga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi og hjá lífeyrissjóðum og að tryggja húsnæðislánakerfinu nægilegt fjármagn til útlána.

Jafnframt er hér lagt til að þeir sem ekki eiga íbúð fyrir njóti forgangs til lána fram yfir hina sem eiga íbúð.

Þessar tillögur eru teknar beint eftir húsnæðissamkomulagi ASÍ, VSÍ og VMS og er hér stefnt að því að sjóðirnir séu hvattir til skuldabréfakaupa fyrir a.m.k. 55% ráðstöfunarfjár en með því móti tryggja þeir sjóðfélögum sínum sem mestan lánsrétt.

Athygli skal vakin á því að þótt lán verði eftir sem áður veitt til byggingar eða kaupa tiltekinnar íbúðar verða þau jafnframt háð persónulegum rétti einstaklinganna. Af þessu leiðir m.a. að viðmiðun við byggingarkostnað og fjölskyldustærð, sem er í gildandi lögum, fellur niður.

Í 3. og 4. gr. eru tillögur um lánsfjárhæð og eru þær teknar eftir húsnæðissamkomulagi samningsaðilanna. Er lagt til að hámarkslán til þeirra sem eru að byggja eða kaupa nýja íbúð verði 2,1 millj. kr. Til samanburðar má nefna að húsnæðismálastjórnarlán tveggja til fjögurra manna fjölskyldu var á fyrsta fjórðungi þessa árs 1050 þús. kr. Lífeyrissjóðslán til einstaklinga voru á bilinu frá u.þ.b. 100 þús. kr. til 1,0 millj. kr. í lok s.l. árs. Algengt er nú að slík lán séu um 400–500 þús. kr. en rétt til svo hárra lána vinna menn sér þó yfirleitt inn með iðgjaldagreiðslum í nokkur ár. Af tillögum frv. leiðir hins vegar að menn geta eignast fullan lánsrétt með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða í tvö ár.

Sú hækkun á lánum til einstaklinga, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu og flestir lántakendur munu njóta verði frv. að lögum, er ekki síst mikilvæg fyrir þá sök að hún dregur úr þörf fyrir skammtímalán og léttir því greiðslubyrði verulega fyrstu árin eftir íbúðakaupin. Jafnframt er lagt til að lánstími verði lengdur í 40 ár úr 31 ári fyrir nýbyggingarlán og úr 21 ári hvað varðar lán til kaupa á notuðum íbúðum. Áhrif þessara þátta koma skýrt fram í meðfylgjandi töflu sem sýnir samanburð á greiðslubyrði lántakenda af 2,1 millj. kr. láni í núverandi lánakerfi og í því kerfi sem frv. gerir ráð fyrir.

Í tillögum frv. þessa er gert ráð fyrir að þeir sem eiga íbúð fyrir og fullan lánsrétt eigi kost á láni til byggingar eða kaupa á nýrri íbúð sem nemi 70% af lánum til þeirra sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn. Fjárhæðin yrði því 1470 þús. kr. Sömu fjárhæð eiga þeir að eiga kost á sem ekki eiga íbúð áður en kaupa notaða íbúð. Þeir, sem eiga íbúð fyrir og ætla að kaupa notaða íbúð, eiga loks að eiga kost á 1029 þús. kr. láni, þ.e. 70% af láninu til þeirra sem ekki eiga íbúð fyrir. Loks má nefna að lagt er til að lánin eða hlutar þess, sé það greitt út í áföngum, séu verðtryggðir. Í þessu felst í reynd hækkun á lánum frá því sem nú er og eykur stórlega öryggi einstaklinga um fjármögnun íbúðakaupa.

Greiðslubyrði lántakenda.

Samkvæmt núverandi kerfi.

	Ársgreiðslur, kr.		
	1. ár	2. ár	5. ár
1. Húsnæðismálastjórnarlán, 1050 þús. til 31 árs, 3,5% ársvextir	36 750	36 750	58 218
2. Lífeyrissjóðslán, 500 þús. til 25 ára, 5% ársvextir	45 000	44 000	41 000
3. Bankalán, 550 þús. til 6 ára, 5% ársvextir	119 167	114 584	100 834
Samtals	200 917	195 334	200 052

Samkvæmt frumvarpi þessu.

Húsnæðismálastjórnarlán, 2,1 millj. kr. til 40 ára, 3,5% ársvextir	73 500	73 500	100 762

Samræming ýmissa ákvæða við megintillögur frv. (5.–11. gr.). Í þessum greinum eru tillögur sem miðast við að samræma ýmis ákvæði, er varða aðra lánaflokka, þeim tillögum um lánsrétt, lánsfjárhæðir og lánstíma sem gerðar eru í frv. þessu. Um þetta efni vísast til skýringa við einstakar greinar frv.

Byggingarsjóður verkamanna. Megintillagan, sem gerð er í frv. þessu um Byggingarsjóð verkamanna, felst í 18. gr. Þar er tekin upp sú tillaga samningsaðila að lánshlutfall verði hækkað úr 80% í 85%. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að veita sérstök skammtímalán til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun. Ekki þykir raunhæft að þessi lán verði til skemmri tíma en þriggja ára. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að þeir sem fá slík lán þurfi ekki að greiða afborganir af langtímaláni sínu hjá sjóðnum á sama tíma.

Að öðru leyti eru tillögurnar um breytingar á ákvæðum um Byggingarsjóð verkamanna aðallega gerðar vegna tillagna frv. um Byggingarsjóð ríkisins eða til samræmingar vegna tillögunnar um hækkun lánshlutfalls. Hér er m.a. um það að ræða að vegna þeirra breytinga, sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum um lánsrétt og ákvörðun lánsfjárhæða hjá Byggingarsjóði ríkisins, verður hætt að ákveða lán sem hlutfall af byggingarkostnaði svonefndrar staðalíbúðar. Ákvæði um staðalíbúðir eru því felld niður en þau hafa jafnframt gilt um lán til verkamannabústaða. Í frv. er gert ráð fyrir að í þess stað ákvarði húsnæðismálastjórn sérstakan kostnaðargrundvöll sem hún geti miðað verkamannabústaðalánin við. Um þetta vísast til athugasemda við einstakar greinar frv.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um. 1. gr.

Um ákvæði þessarar greinar er fjallað ítarlega í almennum athugasemdum hér að framan og vísast til þeirra um þetta efni. Þó skal ítrekað að hér þykir rétt að kveðið sé á um að lífeyrissjóðirnir geri samninga við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup en ekki við byggingarsjóðina tvo eins og nú er. Þetta stafar af því að samkvæmt frv. er lántökuréttur einstaklinga í Byggingarsjóði ríkisins háður lánveitingum lífeyrissjóðanna til hins opinbera húsnæðislánakerfis í heild. Því er eðlilegt að skuldabréfaviðskiptin verði við Húsnæðisstofnunina sem komi fram fyrir hönd byggingarsjóðanna beggja og skipti síðan niður lánsfénu milli sjóðanna eftir þörfum.

Um. 2. gr.

Í þessari grein eru tillögur um hvernig lánsréttur manna skuli skilgreindur. Er meginreglan sú að lánsréttur ákvarðist af greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs og skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs af Byggingarsjóði ríkisins. Að því er lífeyrissjóðsaðild varðar er hér gert ráð fyrir að menn þurfi að hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs eða lífeyrissjóða í a.m.k. tvö ár til þess að eignast lánsrétt. Í þessu sambandi má minna á að skv. gildandi lögum um starfskjör launamanna og skyldutryggingu lífeyrissréttinda, sem sett voru á árinu 1980, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði. Þessi ákvæði voru fyrst sett í lög á árinu 1974. Með lögum frá árinu 1980 var jafnframt stofnaður sérstakur lífeyrissjóður, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, til þess að taka við og ávaxta iðgjöld manna sem ekki eiga sjálfsagðan rétt til aðildar að lífeyrissjóði. Því er ljóst að um fimm ára skeið hefur öllum starfandi mönnum verið skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði og að engar hindranir hafa verið í veginum fyrir því að þeir eignuðust slíka aðild með greiðslum iðgjalda til lífeyrissjóðs.

Á hinn bóginn þykir sanngjarnt að réttur þeirra, sem vegna veikinda hafa ekki getað stundað atvinnu og greitt til lífeyrissjóðs, skerðist ekki af þeim sökum. Því er lagt til að kveðið verði sérstaklega á um þetta í 2. mgr. og að enn fremur nái þau ákvæði til þeirra sem hafa haft árstíðabundna atvinnu. Hér er átt við menn sem eru reglulegir þátttakendur á vinnumarkaði en hafa ekki samfellda atvinnu vegna þess að hún er breytileg frá einum árstíma til annars. Hér getur m.a. verið um störf í sjávarútvegi að ræða. Óvíst er að fólk, sem hefur haft slitrótta vinnu af þessu tagi, hafi sótt um og fengið atvinnuleysistryggingabætur og haldið uppi iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs með þeim hætti og því þykir rétt að taka af allan vafa um lánsrétt þessa fólks.

Þá þykir einnig rétt að skilgreina lánsrétt elli- og örorkulífeyrisþega og er það gert í 4. mgr. Meginreglan er sú að lífeyrisþegar eigi sama rétt og iðgjaldsgreiðendur til lífeyrissjóða hafi þeir greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. tvö ár. Að öðrum kosti eiga þeir lágmarksrétt og er lagt til að svo verði einnig um þá sem ekki hafa stundað launaða atvinnu vegna örorku og fötlunar en þiggja þó ekki örorkulífeyri.

Í 3. mgr. er fjallað um þá sem ekki hafa verið á vinnumarkaði að neinu ráði vegna heimilisstarfa. Sanngjarnt þykir að ef um fólk í hjúskap eða sambúð er að ræða eigi þeir ekki lægri rétt en útivinnandi makinn en ef um einhleyping er að ræða eigi þeir hámarksrétt. Um hjón og sambýlisfólk er lagt til að miðað sé við meðaltal lánsréttar þeirra. Hér gæti komið upp sú staða, ef einhverjir lífeyrissjóðir kaupa skuldabréf fyrir minna en 55% af ráðstöfunarfé, að annar makinn eigi betri rétt en hjónin saman. Þetta er ágalli en á hinn bóginn þykir ekki fært að slaka á í þessu efni þar sem þá væri jafnframt dregið mjög úr þeirri hvatningu sem í þessu felst að lífeyrissjóðirnir geri allir samninga um þau skuldabréfakaup sem tryggja sjóðfélögum þeirra hámarkslánsrétt.

Um tillögur um lánsrétt hefur þegar verið fjallað í almennum athugasemdum en ítrekað skal að tillögur um tengingu lánsréttar við skuldabréfakaup lífeyrissjóða miða að tvennu fyrst og fremst: Að jafna heildarlánsrétt einstaklinga í hinu opinbera húsnæðislánakerfi og í lífeyrissjóðum og að tryggja húsnæðislánakerfinu nægilegt fjármagn til útlána. Tillagan um að menn eigi engan lánsrétt nema lífeyrissjóðir þeirra kaupi skuldabréf fyrir minna en 20% af ráðstöfunarfé og síðan fari lánsrétturinn stighækkandi eftir skuldabréfakaupunum allt upp í að þau nemi 55% af ráðstöfunarfé er í samræmi við þessi markmið.

Í sambandi við samninga Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði er rétt að fram komi að hér er átt við eiginlega og sjálfstæða lífeyrisjóði sem taka við iðgjöldum og ávaxta þau með eðlilegum hætti. Sé um skiptan lífeyrissjóð eða fjárhag að ræða þannig að til hliðar við lífeyrissjóðinn sé starfræktur sérstakur lánasjóður yrði nauðsynlegt að líta til fjárhagsins í heild og miða skuldabréfakaupin við það. Því verður að gera ráð fyrir að Húsnæðisstofnun geti synjað lífeyrissjóði um gerð samnings við hann sé talið að slíkur samningur sé í andstöðu við anda þessara laga.

Rétt er að fram komi að með ráðstöfunarfé lífeyrissjóða er átt við heildarinnstreymi iðgjalda og afborgana, vaxta og verðbóta af veittum lánum að frádregnum úgjöldum þeirra vegna lífeyrisgreiðslna og rekstrarkostnaðar.

Síðari hluti 2. gr. fjallar um lánsumsóknir, afgreiðslu lána og úthlutun. Hér er lagt til að umsækjendur um lán eigi rétt á bindandi svari um hvenær lán þeirra verði afgreitt og miðar þessi tillaga að því að eyða sem mest óvissu umsækjanda um væntanlega lánsfjármögnun og tímasetningu lána. Þeir eiga því að geta hagað framkvæmdum sínum, íbúðakaupum eða fjárráðstöfunum sínum í samræmi við þessi svör. Þá er lagt til að í tengslum við lánsumsókn skuli fjallað um hvaða kostnað og greiðslur viðkomandi umsækjandi sé að takast á hendur með framkvæmd sinni eða kaupum. Sé um nýbyggingu að ræða er gert ráð fyrir að kostnaðaráætlun hönnuða fylgi teikningum en mikill misbrestur mun nú vera á því að hönnuðir skili slíkum áætlunum. Þau ákvæði sem hér er lagt til að lögfest verði miða að því fyrst og fremst að hinn væntanlegi lántaki sé sem best upplýstur um skuldbindingar þær sem hann tekst á hendur þannig að á því sé minni hætta en ella að hann lendi í óyfirstíganlegum greiðsluerfiðleikum.

Í 7. mgr. 2. gr. er lagt til að heimilað verði að skipta lánum í þrjá hluta og á það bæði við um lán til kaupa á nýjum og gömlum íbúðum. Tekið skal fram í þessu sambandi að óhjákvæmilegt er að þessi heimild sé til staðar, bæði vegna þess að lánum er nú skipt og koma því lán veitt á þessu ári að hluta til útborgunar á næsta ári og bætast því við lán skv. frv. þessu. Að auki kann svo að vera að íbúðir í byggingu séu misvel veðhæfar og því geti verið hentugt að skipta lánum. Á hinn bóginn er ljóst að stefna ætti að því að greiða lán út í samræmi við framvindu byggingarinnar eða ákvæða í kaupsamningum.

Í lok þessarar greinar er loks gert ráð fyrir að lánsviðskipti Húsnæðisstofnunar við umsækjendur geti farið fram á vegum viðskiptabanka, sparisjóðs eða jafnvel lífeyrissjóðs umsækjandans. Þetta atriði ætti að geta skipt miklu fyrir lántakendur því með þessu móti fengju þeir á einum stað fjallað um fjárþörf sína og fjármögnun íbúðakaupanna og yfirlit yfir greiðslur sínar og greiðslubyrði af lántökum sínum í heild. Þetta gerir vissulega þá kröfu til þessara lánastofnana að þær séu reiðubúnar til að taka á málum viðskiptamanna sinna, veita þeim ráðgjöf um fjárfestingu í íbúðum í samræmi við greiðslugetu þeirra og jafnframt að veita þeim þá lánafyrirgreiðslu sem af þessu leiðir og til nægilega langs tíma til þess að greiðslubyrði verði ekki óraunhæf á meðan á byggingu eða íbúðakaupum stendur.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er kveðið á um fjárhæðir lána til þeirra sem eru að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Lagt er til að lánsfjárhæð sé háð lánsrétti umsækjandans, því hvort hann á íbúð fyrir eða ekki og loks stærð íbúðarinnar. Gert er ráð fyrir að félagar í lífeyrissjóðum, sem kaupa skuldabréf af byggingarsjóði fyrir 55% af ráðstöfunarfé og eiga því hámarkslánsrétt, eigi kost á láni að fjárhæð 2,1 millj. kr. ef þeir eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Eigi þeir íbúð fyrir eiga þeir rétt á láni að fjárhæð 1470 þús. kr. eða 70% af hámarksfjárhæðinni, 2,1 millj. kr. Sérstök ákvæði eru um þá sem átt hafa íbúð áður en hafa misst hana, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Er þá gert ráð fyrir að þessir aðilar hafi sama lánsrétt og þeir væru að byggja í fyrsta sinn. Þær tillögur sem gerðar eru í þessu efni eru mjög svipaðar núverandi verklagsreglum Húsnæðisstofnunar í þessum tilvikum.

Þá er lagt til að í stað núverandi reglna um íbúðastærðir og skerðingu lána, ef farið er fram úr ákveðnum mörkum, verði kveðið á um að sé íbúð stærri en 170 m^2 skuli lánið skert um 2,0% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er umfram það mark. Samkvæmt þessu er ekki veitt lán til íbúðar sem er 220 m^2 eða stærri. Jafnframt er hér kveðið á um hvernig stærð íbúðar skuli skilgreind og er reynt að gera það með einföldum hætti. Lagt er til að miðað verði við innanmál útveggja alls hússins eða íbúðarinnar en að frádregnum bílskúr. Allt annað rými á að teljast með, hvort sem er á hæð eða í kjallara og hvað sem líður hæð undir loft, jarðvegslínum eða öðru. Er þetta talið nauðsynlegt þar sem íbúðastærðir eru oft skilgreindar með ýmsu móti.

Í 2. og 3. mgr. þessarar greinar eru tillögur um hámark lána. Lagt er til að hámark verði 70% af kostnaðaráætlun eða kaupverði og þykir það hæfilegt bæði miðað við veðhæfni íbúða þegar fram í sækir og miðað við eðlilega fjámögnun af eigin fé.

Loks er í þessari grein lagt til að lán þessi verði til allt að 40 ára. Um áhrif þessa á greiðslubyrði lántakenda vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Í 4. gr. eru gerðar tillögur um lán til kaupa á eldri íbúðum og eru þær hliðstæðar þeim sem gerðar eru um lán til kaupa á nýjum íbúðum. Hér er gert ráð fyrir að sá sem á hámarkslánsrétt, er að kaupa notaða íbúð og á ekki aðra fyrir, eigi rétt á láni sem nemur 70% af láni til kaupa á nýrri íbúð, þ.e. 1470 þús. kr. Eigi lántakandinn íbúð fyrir á hann rétt á láni sem er 70% af þeirri fjárhæð eða 1029 þús. kr. Til samanburðar má nefna að hámarksfjárhæðir þessar eru nú 526 þús. kr. og 263 þús. kr.

Hér er gengið út frá því að yfirleitt hvíli eitthvað af lánum á notuðum íbúðum sem kaupandinn yfirtekur og þurfi því minna af nýju lánsfé en ella. Enn fremur er reiknað með að eigi hann íbúð fyrir eigi honum að vera kleift að leggja þeim mun meira af eigin fé sínu af sölu þeirrar íbúðar til kaupa hinnar nýju íbúðar.

Í 4. mgr. er lagt til að þessum lánum verði sett það hámark að hið nýja lán að viðbættum áhvílandi lánum frá Byggingarsjóði ríkisins geti aldrei orðið hærra en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Samtals mega því nýja lánið og eldra lán frá sjóðnum,

uppfært, aldrei vera hærra en 1470 þús. kr. og er þá miðað við að umsækjandi eigi hámarkslánsrétt. Samkvæmt þessu getur lánsféð aldrei orðið hærra en mest má veita til kaupa á notaðri íbúð.

Í 4. gr. er loks lagt til í samræmi við húsnæðissamkomulag ASÍ, VSÍ og VMS að endurgreiðslutími á lánum til kaupa á notuðum íbúðum verði lengdur úr 21 ári í 40 ár. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í frv. þessu er lagt til að lán til kaupa á notuðum íbúðum verði hækkuð verulega og því eðlilegt að lánstíminn verði lengdur.

Um 5. gr.

Í 5. gr. er gerð tillaga um breytingu á ákvæðum er lúta að byggingu leiguíbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana. Er breytingin á þá leið að sé lánum skipt skuli lánshlutarnir verðtryggðir á sama hátt og gert er ráð fyrir að gildi um lán til einstaklinga.

Um 6. og 7. gr.

Þessar greinar fjalla um lán til meiri háttar viðbygginga og endurbóta. Í a-lið 6. gr. er lagt til að ákvæði um lánsfjárhæðir og hámark þeirra verði fært til samræmis við þær tillögur sem gerðar eru um lán til þeirra sem eiga íbúð fyrir.

Í b-lið 6. gr. er lagt til að breytt verði ákvæðum 18. gr. laganna um hve oft megi veita lán til meiri háttar endurbóta jafnframt því sem kveðið verði á um hve fljótt megi veita slík lán. Húsnæðismálastjórn veitir nú slík lán fyrst er byggingin er 20 ára gömul og síðan má veita þau á 10 ára fresti. Lagt er til að í þess stað megi veita lán er íbúðin er 15 ára og síðan á 15 ára fresti.

Í 7. gr. er tillaga gerð um hliðstætt ákvæði og í a-lið 6. gr. til samræmis við aðra tillögur frv. þessa um lánsfjárhæðir.

Um 8. og 9. gr.

Tillögur þær sem gerðar eru í þessum greinum lúta að lánum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og eru þær gerðar til samræmis við aðrar tillögur frv., bæði hvað varðar hámark lána og lánstíma. Að öðru leyti þarfnast þær ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingar á 24. gr. laganna og fjallar hún um sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir. Hér er enn um að ræða samræmingu við aðrar tillögur frv. hvað varðar hámark þessara lána. Jafnframt þykir eðlilegt að endurgreiðslutími þessara lána verði lengdur úr 16 árum í allt að 26 ár í samræmi við þá lengingu lánstíma aðallánaflokka húsnæðismálastjórnar sem hér er gert ráð fyrir.

Um 11. gr.

Hér er lagt til að ákvæðum 26. gr. um lán til orkusparandi breytinga verði hvað varðar hámark lána og endurgreiðslutíma breytt til samræmis við megintillögur þessa frv. um lánsfjárhæðir og lánstíma.

Um 12. gr.

12. gr. fjallar um lánskjör, tryggingar og endurgreiðslur lána. Um þessa grein má nefna að í 2. mgr. er lagt til að heimilt sé að ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati. Eðlilegt þykir að heimilt sé að setja slíkar reglur með hliðsjón af þeirri hækkun lána og lengingu lánstíma sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Þetta á ekki síst við um lán til kaupa á notuðum íbúðum en við veitingu

þeirra lána er nauðsynlegt að höfð verði hliðsjón af veðhæfni eignanna til þess að endurgreiðsla lána sé sem best tryggð. Um vaxtaákvæði í þessari grein vísast til þess sem segir í almennum athugasemdum.

Um 13. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er gert ráð fyrir að ákvæði um staðalíbúðir í 32. gr. laganna falli brott. Þessi tillaga leiðir af þeirri megintillögu þessa frv. að lánsréttur ráðist af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs en miðist ekki við kostnaðarverð ákveðinnar viðmiðunaríbúðar eða staðalíbúðar og fjölskyldustærð eins og í gildandi lögum.

Um 15. gr.

Ákvæði 15.–21. gr. þessa frv. lúta að Byggingarsjóði verkamanna og byggingu, kaupum og endursölu verkamannabústaða.

Í 15. gr. er lagt til að ákvæði 1. mgr. 39. gr. falli brott. Hér er um að ræða tilvísun til ákvæða um staðalíbúðir sem falla brott skv. frv. þessu og hámarksstærðar verkamannabústaða. Í stað þessara ákvæða eru í 16.–18. gr. gerðar tillögur um hliðstæð ákvæði í 41., 42. og 49. gr. laganna.

Um 16. gr.

Tvenns konar tillögur eru gerðar í 16. gr. um breytingar á 41. gr. laganna. Vegna niðurfellingar ákvæða um staðalíbúðir eftir fjölskyldustærð er í 1. mgr. lagt til að kveðið verði á um að stærðir verkamannabústaða skuli miðast við fjölskyldustærð umsækjanda. Jafnframt er í 2. mgr. lagt til að auk þess að húsnæðismálastjórn meti tillögur stjórna verkamannabústaða um nýjar íbúðir með hliðsjón af hagkvæmni og byggingarkostnaði skuli jafnframt huga að stærð íbúðanna. Þessi tillaga er afleiðing þess að staðalíbúðarákvæðin eru felld niður og þar með viðmiðun við stærð þeirra.

Enn fremur er í 2. mgr. tillaga um breytingu á orðalagi og er hún gerð til þess að koma í veg fyrir misskilning um hvað við sé átt og herða á gildandi ákvæðum um að beita skuli samkeppnisútboðum í því skyni að tryggja sem lægst íbúðarverð. Í gildandi lögum segir að þetta skuli gert „með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið“. Hér er hins vegar lagt til að kveðið sé á um að reynt sé að tryggja sem lægst íbúðarverð „með sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, með stöðlun og samkeppnisútboðum“. Með þessu er lögð áhersla á að beita skuli samkeppnisútboðum.

Um 17. gr.

Hér er gerð tillaga um breytingu á 42. gr. laganna en hún fjallar um mat og ákvörðun húsnæðismálastjórnar um hvort fyrirhugaðar byggingar séu í samræmi við lagaákvæði um verkamannabústaði. Er lagt til að kveðið sé skýrt á um að húsnæðismálastjórn skuli synja um lán til framkvæmda telji hún að þess sé ekki gætt að íbúðir séu hóflegar að stærð og gerð eða að ekki sé gætt ákvæða 41. gr. um hagkvæmni í byggingum, m.a. með samkeppnisútboðum.

Um 18. gr.

Megintillögurnar um breytingar á lögum um Byggingarsjóð verkamanna eru gerðar í 18. gr. og eru þær reistar á húsnæðissamkomulagi samningsaðila.

Í fyrsta lagi er lagt til að lánshlutfall verði hækkað úr 80% í 85% en jafnframt sé haldið heimild til að veita lán sem nemi 90% af samþykktri kostnaðarviðmiðun. Jafnframt er lagt til að heimilað verði að veita sérstök skammtímalán til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun. Ekki er reiknað með að þessi heimild verði nýtt nema brýna nauðsyn þyki bera til en í þeim tilvikum getur þá orðið um fulla lánsfjármögnun að ræða. Talið er óraunhæft að þessi lán verði til skemmri tíma en þriggja ára. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á endurgreiðslum hinna venjulega langtímalána en þó er lagt til að ef veitt er skammtímalán sem á að greiða á þremur árum verði ekki krafist afborgunar af langtímalánum fyrr en að þeim tíma liðnum.

Í öðru lagi er hér lagt til að lán til verkamannabústaða verði miðuð við sérstakan kostnaðargrundvöll, sem húsnæðismálastjórn lætur gera, í stað þess að miðað sé við kostnaðarverð staðalíbúða eins og nú er. Hér er í sjálfu sér ekki um efnislega breytingu að ræða en tillagan um að hætt verði að miða við staðalíbúðir við lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins veldur því að nauðsynlegt er að lán til verkamannabústaða miðist við sjálfstæðan kostnaðargrundvöll húsnæðismálastjórnar.

Um 19.–21. gr.

Þær tillögur sem gerðar eru í þessum greinum lúta að ákvæðum 51. gr., 58. gr. og 64. gr. laganna. Tillögurnar eru tvenns konar og er hér aðallega um samræmingu að ræða. Annars vegar er lagt til að ákvæðum þessara greina um lánshlutfall verði breytt til samræmis við tillögur 18. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir að í stað staðalíbúðar verði lán miðuð við þann kostnaðargrundvöll að lánveitingu sem lagt er til að kveðið verði á um í 49. gr. laganna.

Um 22. gr.

Hér er lagt til að lögin taki gildi 1. september 1986. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að venju samkvæmt munu mjög margir gera fokhelt og eiga rétt á láni í byrjun vetrar og að lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins eru yfirleitt mjög miklar á síðustu mánuðum ársins. Til þess að unnt sé að fjármagna útlánin á tímabilinu september–desember 1986 er því lagt til að lánsréttur manna verði háður því hve háu hlutfalli af heildarráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðirnir verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar. Til þess að tryggja sjóðfélögum sínum hámarksrétt þennan tíma þurfa lífeyrissjóðirnir því að kaupa skuldabréf Húsnæðisstofnunar á árinu 1986 fyrir sem svarar 55% af heildarráðstöfunarfé þeirra á árinu.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Lagt er til að lánsréttur skv. hinu nýja kerfi geti einnig náð til þeirra sem eiga enn óafgreidd lán að öllu leyti eða hluta hjá Byggingarsjóði ríkisins. Er þá lagt til að þar sem í frv. þessu er að vissu marki gert ráð fyrir sameiningu lífeyrissjóðslána og húsnæðisstjórnarlána sé tekið tillit til þeirra lífeyrissjóðslána sem viðkomandi hefur fengið á þessu ári og síðasta í sama hlutfalli og nemur ógreiddum lánshluta hans af láninu öllu.

Nd. 882. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt.
Kristín S. Kvaran var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. apríl 1986.

Halldór Blöndal, form.	Ólafur G. Einarsson, frsm.	Hjörleifur Guttormsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Ed. 883. Nefndarálit [332. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Undirritaður getur af eðlilegum ástæðum ekki stutt frv. þetta. Megintilgangur þess er að dómi undirritaðs sá að bæta enn við þá ofneyslu vímuefna sem alls staðar blasir við þó hann efi ekki að önnur muni ætlan flutningsmanna. Í þessu efni ber fyrst og fremst að taka tillit til álits þeirra sem af ýmsum ástæðum þekkja gleggst hér til og hafa kannað þessi mál út frá vitrænu og vísindalegu sjónarmiði. Um þeirra álit velkist enginn í vafa sem kynnt hefur sér málið.

Vá vímuefna hvers konar er nú mjög umrædd og ekki að ástæðulausu. Gegn þeirri vá vilja menn snúast af alefli og alvöru, en enn þá fást menn að mestu við illar afleiðingar. Fátt gerist í fyrirbyggjandi starfi enn sem komið er.

Á sama tíma og talað er um sérstakt heilbrigðisátak fram til næstu aldamóta, sem ekki hvað síst snýr að átaki og forvarnarstarfi í vímuefnamálum, er löggjafarþing Íslendinga að fjalla um leið til aukningar vandans, viðbót ofan á allt sem fyrir er og öllu hugsandi fólki þykir meira en nóg um. Þetta er í senn dapurleg og umhugsunarverð staðreynd.

Í þessu nefndaráliti kemur undirritaður á framfæri nokkrum ábendingum og áliti merkra aðila á málum þessu frv. tengdu. Skal þó aðeins örfátt talið.

Meðal þeirra aðilja, sem látið hafa í ljós álit á „bjórmálinu“, skal fyrst fræga telja, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. — Einn framkvæmdastjóri hennar í Sviss hefur látið svo um mælt að það yrði ekki aðeins áfall fyrir Íslendinga ef áfengt öl yrði lögleyft heldur einnig fyrir áætlun stofnunarinnar um heilbrigði öllum til handa um aldamót. — Það er því í hæsta máta undarlegt, ef við ætlum að stefna að þessu marki, að byrja ferðina í átt að því með lagasetningu sem dregur mjög úr möguleikum okkar á að komast á leiðarenda.

Rétt er að minna á að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hvetur til að þjóðir dragi úr áfengisneyslu, a.m.k. um fjórðung (25%) fyrir árið 2000.

Rannsóknastofnun Ontariofylkis í vímuefnamálum (Addiction Reasearch Foundation (ARF) of Ontario) er þekktasta stofnun sinnar tegundar í heimi og vinnur náið með Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. — Tvisvar hefur verið leitað álits þeirrar stofnunar á hverjar afleiðingar líklegast sé að samþykkt „ölfrumvarps“ hefði á Íslandi. Svörin eru ótvíræð: Neysla áfengis mun aukast og þá einnig tjónið sem af henni hlýst.

Nýlegar rannsóknir, sem gerðar hafa verið í háskólanum í Mainz í hinu mikla bjórdrykkjulandi, Þýska sambandslýðveldinu, leiða í ljós að bjórdrykkja er *skaðvænlegri* fólki sem þjáist af magasári en neysla víns og brenndra drykkja, og eru slíkar veigar þó engir heilsudrykkir að flestra dómi.

En því er þessa getið hér að þeir, sem láta hafa sig til að tala eða skrifa um „hollustu“ áfengs öls vitna tíðum í Þjóðverja. Vill þá oft gleymast að bruggarar hafa í sinni þjónustu mýgrút „sérfræðinga“ sem birta það eitt sem er húsbóndanum í hag.

Öldrykkja hefur hvergi aukist meira á síðustu árum en í þróunarlöndum Afríku. Þá neyta Grænlendingar áfengis mestan part í bjór. Flestir vita hvernig ástandið í áfengismálum er þar.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum (Detroit), benda til að bein tengsl séu milli öldrykkju og neyslu sterkra vímuefna. Það kemur í rauninni heim og saman við það að vandræði vegna ólöglegra vímuefna eru hvergi í Evrópu meiri en í þeim löndum þar sem ölneysla er almennust (t.d. Danmörku, Þýskalandi og Bretlandseyjum).

Þuríður Jónsdóttir félagsráðgjafi hefur bæði starfað hér á landi og í Kanada. — Hún sagði í blaðaviðtali í fyrra: „Í Halifax leitaði *yngra* fólk hjálpar en hér — vegna vímugjafaneyslu árum saman — þar var um tvær tegundir að ræða, áfengt öl og hass ...“

Meðal þekktra erlendra sérfræðinga, sem hafa tjáð sig um tjón af völdum öldrykkju, má nefna dr. Gunnar Ågren í Stokkhólmi. Hann bendir m. a. á að hörmulegar afleiðingar barna- og unglingadrykkju á milliölsáratugnum (1965–1977) séu enn að koma í ljós (heilaskemmdir, lifrarmein, flogaveiki).

Þeir vísindamenn íslenskir, sem gerst þekkja til þessara mála, leggjast eindregið gegn því að áfengt öl verði lögleyft hér. Má þar til nefna prófessorana dr. Tómas Helgason og dr. Þorkel Jóhannesson og Jóhannes Bergsveinsson yfirlækni. Einnig er rétt að minna á ummæli læknanna Guðsteins Þengilssonar, Jóseps Blöndals, Óttars Guðmundssonar, Péturs Péturssonar og Þórarins Tyrfingssonar.

Að lokum mætti minna á eftirfarandi orð úr ræðu Vilmundar heitins Jónssonar landlæknis hér á hinu háa Alþingi þegar fyrsta ölfrumvarpið var til umræðu 1932:

„Ég verð því að segja það, að þegar verið er að brigsla um blindni í áfengismálunum, getur það ekki átt við aðra en þá, sem eru svo blindir á þá reynslu, sem við höfum fengið með öllum tilslökununum, að þeir ætla sér að bæta ástandið með því að gera eina tilslökunina enn.“

Undirritaður mun rekja ítarlega í framsögu fyrir þessu nefndaráliti þau ummæli sem vitnað er til hér á undan.

Um önnur atriði, svo sem form frumvarpsins og fleira því um líkt, áskilur undirritaður sér allan rétt til athugasemda í framsögu.

Undirritaður leggur til að frv. sem slíkt með sínum megintilgangi verði fellt.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Helgi Seljan.

Ed. 884. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Agli Jónssyni.

1. Við 6. gr. 4. mgr. falli brott.
2. IX. kafli (97.–105. gr.) falli brott.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Tölul. I orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á þeim ákvæðum sveitarstjórnarlaga er lúta að frjálsu og lögbundnu samstarfi sveitarfélaga og leggja frumvarp til laga um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 121. gr. skal IV. kafli sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, gilda þar til ný ákvæði hafa verið lögfest um það efni.

Sþ. 885. Nefndarálit [261. mál]

um till. til þál. um tafarlausa afplánun dóma vegna fíkniefnabrota.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og hafa nefndarmenn orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin „og hafi afplánun slíkra dóma þannig forgang að öðru jöfnu“ í niðurlagi tillögunnar falli brott.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Geir H. Haarde.	Eggert Haukdal.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Sþ. 886. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi“ og tillögur til úrbóta.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og farið yfir umsagnir sem bárust um samhljóða tillögu sem flutt var á síðasta þingi. Þessar umsagnir eru frá fjármálaráðuneytinu, skattrannsóknarstjóra, Landssambandi iðnaðarmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands.

Í umsögn skattrannsóknarstjóra segir m.a.:

„Af þessu tilefni leyfi ég mér að vekja athygli nefndarinnar á samþykkt Alþingis á s.l. vori (þ.e. vorið 1984) á tillögu til þingsályktunar á úttekt á umfangi skattsvika, 169. mál. Í framhaldi af þessari samþykkt skipaði fjármálaráðherra nú í vetur (þ.e. 1984–85) fimm manna starfshóp til þess að vinna að nefndri úttekt. Mér er kunnugt um að sá starfshópur hefur þegar haldið allmarga fundi. Hætt er við að starf nefndar, er hér er gerð tillaga um, mundi verða það sama og nefnds starfshóps er nú starfar og leiða til tvíverknaðar. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu atriði, en vil þó jafnframt taka það fram að ég er í meginatriðum samþykkur þeim sjónarmiðum er að baki tillögunnar liggja.“

Svipuð sjónarmið komu og fram í umsögn fjármálaráðuneytisins.

Að þessum sjónarmiðum fengnum taldi nefndin rétt að kynna sér nánar starf starfshópsins en formaður hans er Þröstur Ólafsson. Ljóst er að starfshópurinn hefur tekið til meðferðar „svarta atvinnustarfsemi“ þótt viðfangsefni hans hafi verið mun víðtækara. Hefur nefndin haft tækifæri til að kynna sér efni skýrslu starfshópsins og lauk hún störfum fyrir örfáum dögum. Skýrslan verður lögð fyrir Alþingi á næstu dögum og verður að öðru leyti til meðferðar hjá ríkisstjórninni. Rétt er að þingsályktunartillaga þessi verði tekin til umræðu og meðferðar í ríkisstjórninni í tengslum við afgreiðslu hennar á skýrslu þessari.

Með tilvísun til þess, sem að ofan greinir, leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson.
Kristín Halldórsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.
	Björn Dagbjartsson.	

Sþ. 887. Nefndarálit [235. mál]

um till. til þál. um gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, landbúnaðarráðuneyti og Búnaðarfélagi Íslands.

Í umsögn landbúnaðarráðuneytisins segir m.a.:

„Ráðuneytið tekur undir með háttv. flutningsmanni að þörf sé á áætlun um uppbyggingu loðdýraræktar hér á landi. Ráðuneytið hefur áður gert áætlanir um uppbygginguna en síðla á árinu 1985 kom í ljós að hún mundi verða enn örari en gert var ráð fyrir. Þess vegna skrifaði ráðuneytið Byggðastofnun bréf, dags. 29. okt. 1985, þar sem þess er óskað að Byggðastofnun annist endurskoðun áætlana miðað við breyttar forsendur.

Með bréfi, dags. 18. nóv. 1985, svarar Byggðastofnun og ákveður að taka verkið að sér. Til ráðuneytis hafa verið kallaðir fulltrúar frá Búnaðarfélagi Íslands, Sambandi ísl. loðdýraræktenda, Samtökum fóðurstöðva, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og landbúnaðarráðuneytinu. Auk þess hefur verið leitað til annarra aðila eftir því sem þurft hefur.

Miðað við framanskráð lítur ráðuneytið svo á að gerð áætlunar um skipulag loðdýraræktar sé þegar langt komin.“

Nefndin er þeirrar skoðunar að mikil þörf sé á áætlun um skipulag loðdýraræktar og að sú áætlun komist í framkvæmd sem fyrst. Með tilvísun til þess sem fram kemur í umsögn landbúnaðarráðuneytisins um slíka áætlun leggur nefndin til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Garðar Sigurðsson, fundaskr.	Þórarinn Sigurjónsson, frsm.
Kristín Halldórsdóttir.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Eggert Haukdal.
	Björn Dagbjartsson.	

Ed. 888. Lög [312. mál]

um breyting á lögum nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 846.

Ed. 889. Frumvarp til laga [364. mál]

um breytingu á lögum nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist nýr tölul. í stað 2. tölul., sem felldur var niður með 2. gr. laga nr. 60/1978, svohljóðandi:

Til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, eins og nánar greinir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Í stað 12. gr. laganna, sem felld var niður með 5. gr. laga nr. 60/1978, komi ný 12. gr. og orðast svo:

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að yfirtaka allar eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán árin 1962 til 1985. Stofnlánadeildin skal þó ekki yfirtaka hærri skuldir frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en sem svarar verðmæti og greiðslukjörum (vextir, verðtrygging, gjaldmiðlar) þeirra bankavaxtabréfa sem Stofnlánadeildin eignast.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að gefa út bankavaxtabréf sem skulu notuð til að skuldbreyta eldri lánum veðdeildar Búnaðarbankans vegna lausaskulda bænda sem veitt

voru skv. lögum nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 og enn fremur til að veita ný slík lán framvegis ef til kemur.

Ákvæði laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skulu gilda eftir því sem við getur átt um útgáfu bankavaxtabréfa Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. þessari grein auk ákvæða laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að því breyttu að Stofnlánadeildin komi þar í stað veðdeildar Búnaðarbankans.

Ákvæði laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, gilda um allar lánveitingar og lánskjör á lánum vegna lausaskulda bænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 890. Lög [128. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 778.

Nd. 891. Lög [272. mál]

um ríkisendurskoðun.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 770 (sbr. 506).

Ed. 892. Frumvarp til laga [202. mál]

um verðbréfamiðlun.

(Eftir 3. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 721 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að hafa með höndum verðbréfamiðlun nema með leyfi viðskiptaráðherra, sbr. þó 5. mgr. Leyfi til þeirrar starfsemi skal veitt fullnægi umsækjandi eftirfarandi skilyrðum:

a. Er íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlendis.
b. Hefur óflekkað mannorð.
c. Er fjárráða og hefur aldrei verið sviptur forræði á búi sínu.

d. Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands, að víkja frá skilyrði þessu hafi umsækjandi sambærilega menntun eða víðtæka starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar. Ráðherra er heimilt að kveða svo á með reglugerð að þeir, sem fullnægja skilyrðum þessum, þurfi að auki að standast sérstakt próf um verðbréfaviðskipti sem haldið skal í samráði við stjórn Verðbréfaþings Íslands, og skal í slíkri reglugerð ákveða hvers efnis prófraun þessi verði, hversu oft hún skuli haldin og hver árangur þurfi að vera til þess að standast hana.
e. Setur bankatryggingu að fjárhæð 2 000 000 kr. til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð bankatryggingar skal bundin lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

Félagi eða stofnun er óheimilt að reka verðbréfamiðlun nema sá maður, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu og hefur daglega stjórn hennar með höndum, hafi leyfi skv. 1. mgr. og bankatrygging skv. e-lið 1. mgr. nái einnig til bóta sem félaginu eða stofnuninni kann að verða gert að greiða.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðherra skal fella úr gildi leyfi til verðbréfamiðlunar missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem getið er í 1. mgr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að veita tilteknum viðskiptamanni sínum þjónustu sem skv. lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni.

Sþ. 893. Svar [376. mál]

utanríkisráðherra við fyrirspurn Karls Steinars Guðnasonar um alþjóðaflugvöll við Sauðárkrók.

1. Flotastjórn Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi hefur lýst áhuga á að kannaður verði möguleiki á því að byggður verði varaflugvöllur fyrir Keflavíkurflugvöll.
2. Engar formlegar viðræður hafa farið fram. Flotastjórn Atlantshafsbandalagsins hefur fyrir milligöngu varnarliðsins boðið íslenskum stjórnvöldum að forathugun fari fram á því hvar heppilegast væri að gera slíkan varaflugvöll. Flotastjórnin er reiðubúin að leggja fé til þessarar forathugunar.
3. Viðræður munu leiða í ljós hvaða skilyrði eru sett fyrir fjárveitingu í framkvæmd sem þessa af hálfu Atlantshafsbandalagsins. Áhugi flotastjórnarinnar byggist á nauðsyn þess að hafa varaflugvöll fyrir flugvélar varnarliðsins ef Keflavíkurflugvöllur er lokaður fyrir flugumferð vegna veðurs. Engar hugmyndir eru um varnarsveit eða gæslulið við varaflugvöll. Ekkert liggur fyrir um sérstaka þörf á eldsneytisbirgðarými fyrir flugvélar Atlantshafsbandalagsins.

Sþ. **894. Svar** [359. mál]

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Davíðs Aðalsteinssonar um útflutning dilkakjöts til Bandaríkjanna.

1. Hlutur landbúnaðarráðuneytisins.

Í júlímánuði s.l. kynnti Sigurgeir Þorgeirsson, ráðunautur í sauðfjárrækt, fyrir hönd Landssamtaka sauðfjárbænda landbúnaðarráðherra að áhugi væri á að kanna möguleika á sölu lambakjöts í Bandaríkjunum því að ástæða væri til að ætla að hagstæðara verð mætti fá þar en á öðrum mörkuðum erlendis þar sem íslenskt dilkakjöt væri selt.

Sigurgeir fór síðan ásamt Gunnari Páli Ingólfssyni til Bandaríkjanna í sama mánuði til að kanna markaðshorfur. Á grundvelli athugana sinna gerðu þeir Gunnar Páll og Sigurgeir að ósk landbúnaðarráðherra tillögur um framkvæmd markaðsátaks í Bandaríkjunum.

Ráðherra samþykkti að unnið skyldi að útflutningstilraun og höfð hliðsjón af þeim tillögum sem lagðar höfðu verði fram er m.a. vörðuðu samskipti við viðskiptaaðila, val á kjöti, undirbúning í sláturhúsi og fleira.

Væntanlegum viðskiptaaðilum frá Bandaríkjunum var boðið til Íslands í október til viðræðna og samningsgerðar. Hingað komu fyrir hönd fyrirtækisins Pride of Iceland Ívar Guðmundsson og J. McGourty sem er eigandi þess. Af hálfu seljenda önnuðust viðræður Steinar Berg Björnsson, þáverandi formaður útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, skv. tilnefningu ráðherra en Sigurgeir Þorgeirsson og Jóhannes Kristjánsson fyrir hönd Landssambands sauðfjárbænda.

Viðræður stóðu dagana 4. til 8.nóvember s.l. og gerðu aðilar með sér drög að samkomulagi um sölu á 80 tonnum kjöts til Pride of Iceland árið 1986 fyrir um það bil 100–110 ísl. kr. á kg og áframhald sölu næstu fimm ár. Sölu- og kynningarkostnaður er ekki innifalinn í þeirri fjárhæð. Skv. samningsdrögunum átti kaupandi að setja fullnægjandi tryggingar fyrir andvirði kjötsins en honum var gefinn kostur á greiðslufresti í þrjá til fjóra mánuði eftir aðstæðum.

Samkomulag varð með aðilum um að samningurinn yrði yfirfarinn í New York af bandarískum lögfræðingum áður en hann yrði undirritaður. Steinar Berg Björnsson reyndi síðan í nóvember að ná fundi McGourtys í New York til að ljúka samningi en tókst það ekki. Staðfest pöntun og trygging frá McGourty barst aldrei.

Í janúarmánuði fóru Sigurgeir Þorgeirsson og Jóhannes Kristjánsson til Bandaríkjanna til viðræðna við McGourty og eftir þær viðræður tilkynntu þeir slit á samstarfi við hann og fyrirtækið Pride of Iceland.

Ráðuneytið hefur eftir þessi málalok lagt áherslu á það við búvörudeild SÍS að selja það kjöt sem var sérstaklega valið vegna hinna væntanlegu viðskipta og er ekki bógbundið eins og annað kjöt úr íslenskum sláturhúsum. Kjötið er enn óselt.

2. Kostnaður.

Kostnaður, sem ráðuneytið hefur séð um greiðslu á vegna máls þessa, er greiddur af Framleiðnisjóði og sundurliðast þannig:

Landssamband sauðfjárbænda	150 000 kr.
Gunnar Páll Ingólfsson	224 736 kr.
Sigurgeir Þorgeirsson	16 976 kr.
Steinar Berg Björnsson	56 339 kr.
Ívar Guðmundsson	54 331 kr.
Flutningskostnaður	9 341 kr.

Flugfargjöld	66 206 kr.
Hótelkostnaður	102 143 kr.
Auglýsingar og prentun	100 326 kr.
Samtals	780 326 kr.

3. Árangur af þessari tilraun.

Vísað er til svars við fyrstu spurningu.

Þess skal jafnframt getið að vegna tilraunarinnar var unnið undirbúningsstarf við pökkun og frágang í samráði við kröfur á Bandaríkjamarkaði.

Úrbætur voru gerðar á sláturhúsi Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi þannig að það fullnægir nú kröfum bandarískra yfirvalda varðandi kjötinnflutning. Þess er vænst að slíkar aðgerðir muni skila árangri.

Fylgiskjal.

Bréf Sigurgeirs Þorgeirssonar til landbúnaðarráðherra.

(Dags. 7. febrúar 1986.)

Á fundi, sem haldinn var í ráðuneyti yðar 23. jan. s.l. vegna útflutningstilraunar til Bandaríkjanna, óskuðuð þér álits undirritaðs og Jóhannesar Kristjánssonar, formanns Landssamtaka sauðfjárbænda, á því hvert skyldi vera næsta skref að fengnum málalokum við J. McGourty í New York. Við lögðum til að þér færuð þess á leit við búvörudeild SÍS að hún hæfi þegar athugun allra möguleika til að hefja útflutning á sérpökkuðu dilkakjöti á neytendamarkað í Bandaríkjunum þar sem leitast yrði við að kynna vöruna og skapa henni sérstöðu á markaði. Enn fremur kom fram að LS mundi halda áfram að reyna að afla sölusambanda þar vestra og yrði ráðuneyti yðar og búvörudeild SÍS gert viðvart um leið og eitthvað kæmi fram sem okkur þætti athugunar virði.

Virðingarfyllst,

Sigurgeir Þorgeirsson.

Nd. 895. Frumvarp til laga [431. mál]

um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

I. KAFLI

Tilgangur.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að efla innlendar rannsóknir á fisksjúkdómum og reglubundið eftirlit með heilbrigði hrogna, seiða og alifiska.

II. KAFLI

Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2. gr.

Við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal starfa deild, Rannsóknadeild fisksjúkdóma, er hafi það hlutverk að annast rannsóknir á fisksjúkdómum, sjúkdómsgreiningar á fiski, útgáfu heilbrigðisvottorða og aðra skylda starfsemi.

Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit, sbr. lög nr. 76/1970 og lög nr. 61/1985, og rannsóknir og önnur starfsemi deildarinnar skv. lögum þessum gefa tilefni til.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 11/1947, og setur honum erindisbréf. Hann skal hafa sérmenntun á sviði fisksjúkdómarannsókna.

Deildarstjóri sér um stjórn deildarinnar og markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og reglur og sér um tengsl við þá er varnir gegn fisksjúkdómum varða. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ber ábyrgð á fjárhag deildarinnar.

4. gr.

Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði.

5. gr.

Verkefni Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu m.a. vera:

1. Að stunda rannsóknir á sviði fisksjúkdóma.
2. Að greina sjúkdóma er upp kunna að koma í alifiski.
3. Að rannsaka, þegar þess er þörf, alifiska sem fengið hafa lyfjagjöf.
4. Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska.
5. Að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt tillögum fisksjúkdómanefndar og í samræmi við erlendar kröfur vegna útflutnings. Heilbrigðisvottorðin byggi á reglubundnu eftirliti og sýnum frá eldisstöðvum, sem og sýnum úr villtum fiskum sem valdir eru til undaneldis.
6. Að sinna öðrum skyldum verkefnum eftir ákvörðun forstöðumanns.

6. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal starfa í samvinnu við fisksjúkdómanefnd og dýralækni fisksjúkdóma.

Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast tiltekna þætti rannsókna vegna fisksjúkdóma í landinu.

7. gr.

Starfsmenn rannsóknadeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir fiskeldisfyrirtækjum eða sitja í stjórn slíkra fyrirtækja.

8. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal árlega semja skýrslu um starfsemi sína og senda hana menntamálaráðherra.

9. gr.

Menntamálaráðherra setur Rannsóknadeild fisksjúkdóma starfsreglur og staðfestir gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, með reglugerð.

III. KAFLI

Fisksjúkdómarannsóknir.

10. gr.

Fisksjúkdómanefnd setur reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri klak- og eldisstöð til að tryggja grunneftirlit. Skulu allar klak- og eldisstöðvar hlíta slíku eftirliti hvort sem um sölu úr stöðinni er að ræða eða ekki. Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur og úrvinnsla séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

Í hverri eldisstöð skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform þar sem skráðar eru heimsóknir fulltrúa Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og niðurstöður eftirlits dýralækna og athugasemdir þeirra, sem og fyrirmæli er varða sjúkdómavarnir.

Vilji umsjónarmaður eldisstöðvar eigi hlíta skriflegum fyrirmælum eftirlitsaðila er rétt að skjóta málinu til úrskurðar landbúnaðarráðherra.

11. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal rannsaka sýni frá fiskeldisstöðvum með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður, ásamt reglubundnu eftirliti, eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

Ef tilteknir smitsjúkdómar, sem taldir eru hættulegir eða sérstaklega er getið í reglugerð, greinast skal rannsóknadeildin þegar í stað tilkynna um sjúkdóminn til fisksjúkdómanefndar og dýralæknis fisksjúkdóma.

Fisksjúkdómanefnd skal þá í samráði við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar aðgerðir og varúðarráðstafanir.

Að fengnum úrskurði ráðherra skal dýralæknir fisksjúkdóma hafa með höndum nauðsynlegar aðgerðir í samvinnu við héraðsdýralækna.

12. gr.

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, dýralæknir fisksjúkdóma, svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra, skulu hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar.

Gæta skulu þeir þó þess að valda ekki meiri truflun á starfseminni en nauðsynleg er hverju sinni.

Eigi er þó heimilt að krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Ekki er heimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem ætla má að fara eigi leynt.

13. gr.

Forráðamönnum eldisstöðva er skylt að tilkynna Rannsóknadeild fisksjúkdóma, héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóm í stöðinni. Þeim er og skylt að upplýsa um öll þau atriði sem að gagni mega koma til að greina sjúkdóminn og hefta útbreiðslu hans.

14. gr.

Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal veita klak- og eldisstöðvum heilbrigðisvottorð, enda hafi reglubundið eftirlit og rannsóknir sýna ekki leitt í ljós sjúkdóma í stöðinni eða grun um þá. Slíkt vottorð veitir heimild til sölu á alifiski og sótthreinsuðum hrognum innanlands eða til útlanda, sbr. 10. gr., með þeim almennu takmörkunum sem um það kunna að gilda hverju sinni.

15. gr.

Óski fiskeldisstöð eftir frekari rannsóknum en mælt er fyrir um í lögum þessum skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma verða við slíkri beiðni eftir því sem kostur er, á kostnaðarverði, og afhenda síðan niðurstöður í skýrslu eða með vottorði eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Kostnaður.

16. gr.

Gjaldskrá skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Fiskeldisstöð leggur til sýni vegna eftirlits og rannsókna án endurgjalds. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af því að fiskeldisstöðvarnar greiði tvo þriðju hluta af launa- og rekstrarkostnaði við skyldurannsóknir, sbr. 10. gr.

Kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna uppkomins sjúkdóms, skal greiddur úr ríkissjóði.

Að öðru leyti skal starfsemi deildarinnar kostuð úr ríkissjóði.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

2. mgr. 75. gr. laga nr. 76/1970 orðast svo:

Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og dýralæknir fisksjúkdóma skulu vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis.

18. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum en með varðhaldi séu sakir miklar.

Með mál vegna brota skal fara að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Stöðu sérfræðings fisksjúkdóma skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Ed. 896. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Til viðtals við nefndina kom Guðmundur Sigþórsson frá landbúnaðarráðuneytinu.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, leggur til að það verði samþykkt með breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Egill Jónsson, form.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Sveinsson, frsm.
Skúli Alexandersson.		Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 897. Breytingartillaga [396. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar (EgJ, EKJ, JSv, SkA, ÞK).

Við 1. gr. Í stað orðanna „búvörum, sbr. 2. gr.“ komi: kartöflum.

Nd. 898. Nefndarálit [236. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá efri deild og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Pálmi Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Kristófer Már Kristinsson.

Nd. 899. Breytingartillögur [236. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

1. Aftan við 19. tölul. bætist: Fær réttinn 9. september 1986.
2. Við greinina bætist í stafrófsröð:
   a. Anna Jónasdóttir Velek, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1904 á Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd.
   b. Grujovic, Rade, sjómaður í Ólafsvík, f. 27. september 1952 í Júgóslavíu.
   c. Lieberman, Arie, fréttaljósmyndari í Grundarfirði, f. 17. maí 1947 í Tékkóslóvakíu.
   d. Roman, Dmitri Sergeyevich, nemi í Reykjavík, f. 27. september 1960 í Sovétríkjunum.

Ed. 900. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, með samþykkt þess. Minni hl. skilar séráliti.

Ragnar Arnalds skrifar undir nál. með þessum fyrirvara:

„Framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu hafa legið niðri nú um skeið vegna fjárskorts. Ég hlýt að átelja að ekkert fjármagn skuli ætlað til byggingar þjóðarbókhlöðu á þessu ári. Frumvarpið fjallar um tekjuöflun og framkvæmdir á árinu 1987 og eðlilegast hefði verið, úr því sem komið er, að fjalla um þetta mál í tengslum við fjárlagagerð fyrir næsta ár. Ég verð einnig að fordæma hvernig staðið hefur verið að málinu og hefði talið æskilegra að gefist hefði tóm til að skapa almenna samstöðu um framkvæmd þess. Hins vegar er löngu kominn tími til að ljúka byggingu þjóðarbókhlöðu og því styð ég frumvarpið með þessum fyrirvara.“

Alþingi, 16. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Egill Jónsson.	Sturla Böðvarsson.	Jón Kristjánsson.

Nd. 901. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Pálma Jónssyni og Friðjóni Þórðarsyni.

1. Við 6. gr. 4. mgr. falli brott.
2. IX. kafli (97.–105. gr.) falli brott.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Tölul. I orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta fara fram endurskoðun á þeim ákvæðum sveitarstjórnarlaga er lúta að frjálsu og lögbundnu samstarfi sveitarfélaga og leggja frumvarp til laga um þau efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 121. gr. skal IV. kafli sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, gilda þar til ný ákvæði hafa verið lögfest um það efni.

Nd. 902. Breytingartillaga [417. mál]

við frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá Halldóri Blöndal.

Við bætist ný grein, er verði 2. gr., svohljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 903. Breytingartillaga [248. mál]

við frv. til póstlaga.

Frá Eiði Guðnasyni.

3. mgr. 2. gr. orðist svo:
Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró) og inn- og útlánastarfsemi fyrir póstgíróreikningshafa.

Ed. 904. Breytingartillögur [320. mál]

við frv. til l. um fasteigna- og skipasölu.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 6. gr. Við 2. mgr. bætist: á sama stað og fasteignasalan er rekin.
2. Við 14. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo:
   Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar o.s.frv.

Nd. 905. Frumvarp til póstlaga [248. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 477 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:
Bréfapóstsendingar má senda í ábyrgð.

Enn fremur er heimilt að senda bréf og böggla sem verðsendingar.

Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró) og inn- og útlánastarfsemi fyrir póstgíróreikningshafa.

Póstsendingar skv. þessari grein skulu ávallt bókfærðar.

Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

Nd. 906. Frumvarp til laga [320. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 591 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara en ráða skal hann þá forstöðumann sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti hvar starfsstöð hans er en hann getur aðeins haft eina starfsstöð á sama stað og fasteignasalan er rekin.

14. gr. hljóðar svo:

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin. Honum er heimilt að áskilja sér þóknun fyrir tímabundna vinnu við tilraun til að selja fasteign eða skip.

Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa.

Ed. 907. Lög [365. mál]

um breytingu á lögum nr. 15/1962, nr. 31/1969, nr. 33/1979 og nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 660.

Ed. 908. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, form., frsm.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, með fyrirvara.
Ey. Kon. Jónsson.	Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.
	Sturla Böðvarsson.	

Sþ. 909. Skýrsla [443. mál]

fjármálaráðherra um störf nefndar sem kannaði umfang skattsvika, sbr. ályktun Alþingis 3. maí 1984.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–1986.)

1 Yfirlit yfir störf

1.1 Skipun og störf

Með bréfi dags. 8. nóvember 1984 skipaði þáverandi fjármálaráðherra, Albert Guðmundsson, starfshóp til þess að gera m.a. úttekt á umfangi skattsvika. Þetta var í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 3. maí sama ár.

Verkefni hópsins var að gera grein fyrir og leggja mat á eftirfarandi:

„1. Umgang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum og öðrum opinberum gögnum annars vegar og upplýsingum um framtaldar tekjur í skattframtölum hins vegar.

2. Hvort skattsvik megi rekja sérstaklega til ákveðinna starfsstétta og starfsgreina.
3. Umfang söluskattssvika hér á landi.
4. Helstu ástæður fyrir skattsvikum og hvaða leiðir eru vænlegastar til úrbóta."

Í starfshópinn voru skipaðir:

Þröstur Ólafsson, hagfræðingur, sem jafnframt var skipaður formaður hópsins,
Eyjólfur Sverrisson, löggiltur endurskoðandi,
Jónatan Þórmundsson, prófessor,
Ólafur Davíðsson, framkvæmdastjóri,
Þórólfur Matthíasson, hagfræðingur, sem jafnframt hefur starfað sem ritari starfshópsins.

Eins og dagsetning skipunarbréfsins ber með sér dróst skipun nefndarinnar nokkuð. Þáverandi fjármálaráðherra var strax skýrt frá því, að nefndin gæti ekki hafið störf fyrr en í byrjun árs 1985 og myndi örugglega ekki getað skilað af sér á því sama ári. Nefndin hóf síðan störf um miðjan janúar.

Starfshópurinn hefur haldið alls 30 formlega fundi en auk þess hafa undirhópar starfað án þess að fundir þeirra hafi verið skrásettir.

Nefndin starfaði framan af náið með Garðari Valdimarssyni skattrannsóknarstjóra og Ævari Ísberg vararíkisskattstjóra.

Auk fyrrnefndra embættismanna hafa eftirtaldir menn mætt á fundum nefndarinnar:
Hallvarður Einvarðsson, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins,
Atli Hauksson, löggiltur endurskoðandi og ráðgjafi hjá rannsóknarlögreglunni,
Gunnar Jóhannsson, formaður ríkisskattanefndar,
Gylfi Knudsen, lögfræðingur, starfsmaður hjá ríkisskattanefnd,
Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi,
Stefán Svavarsson, lektor, löggiltur endurskoðandi,
Gestur Steinþórsson, skattstjóri í Reykjavík,
Sigurbjörn Þorbjörnsson, ríkisskattstjóri,
dr. Þorkell Helgason, prófessor,
dr. Guðmundur Guðmundsson, tölfræðingur.

Sú verkefnalýsing sem um getur í skipunarbréfi starfshópsins mótaði að mestu störf hans. Nefndarmenn eru þó sammála um að verklýsing þingslályktunarinnar sé of þröng.

Þar er t.d. eingöngu minnst á skattsvik, þótt þau séu hluti af stærri heild, sem við höfum kosið að nefna einu nafni dulda efnahagsstarfsemi. Við töldum óhjákvæmilegt að gera því nokkur skil, og er því einn kafli sem fjallar um það efni. En þar sem það var ekki meginmál verkefnis okkar var ekki lögð sérstök vinna í það viðfangsefni. Í kafla 2.1 er gefið nokkurt yfirlit yfir dulda efnahagsstarfsemi svo og einstök svið hennar og raktar helstu orsakir. Í kafla 2.4 er síðan settar fram skilgreiningar á hugtakinu skattsvik. Í ályktun Alþingis segir einnig að leggja skuli mat á umfang skattsvika hérlendis miðað við upplýsingar um þjóðartekjur í þjóðhagsreikningum m.a. og upplýsingum um framtaldar tekjur í skattframtölum.

Þetta er gert að því marki sem tiltæk gögn leyfðu, en okkur sem að þessu unnum fannst þetta ekki nægilega haldgóð tilraun og vorum sammála um að gera fleiri tilraunir til að nálgast þetta erfiða mat. Í því skyni kynntum við okkur sambærilegar tiltækar erlendar kannanir og er þeirra getið í þriðja hluta.

Í fjórða hluta er gerð grein fyrir þeim aðferðum sem beitt er til að nálgast þetta frá fleiri en einni hlið og fá þannig fleiri niðurstöður.

Það vakti athygli okkar, hve niðurstöður voru líkar þótt mismunandi aðferðum væri beitt.

Það er rétt að geta þess að í viðauka með nefndaráliti þessu er greinargerð eftir þá dr. Þorkel Helgason prófessor og dr. Guðmund Guðmundsson tölfræðing, um samanburð á eigna- og tekjumyndun starfsstétta hér. Nefndarmenn kynntu sér niðurstöður þessarar aðferðar. Þar er um athyglisverða tilraun að ræða sem við vitum ekki til að hafi verið reynd annars staðar.

Viljum við hér gera nokkra grein fyrir meginaðferðum og helstu niðurstöðum úr hverri aðferð fyrir sig:

Fyrsta aðferðin var sú sem þingsályktunin ætlaðist til að notuð væri. Aðferðin felst í því að bera saman niðurstöður svokallaðs framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga og ráðstöfunaruppgjörs. Í kafla 4.2 er gerð grein fyrir forsendum og vanköntum þessarar aðferðar og öllum þeim óvissuþáttum sem haft geta áhrif á niðurstöður. Skv. þessari aðferð virtist erfitt að rökstyðja að duldar tekjur hafi numið meira en 5 — 7% af vergri landsframleiðslu árin 1973 — 1982. Þetta er svipað niðurstöðum og fengist hafa með hliðstæðum aðferðum í nokkrum nágrannalöndum, t.d. í Svíþjóð.

Í sama kafla er einnig gerð grein fyrir skattatapi hins opinbera m.v. ofangreinda niðurstöðu.

Önnur aðferðin sem beitt var er svokölluð matsaðferð. Hún felst í því að reynt er að meta aðstöðu hverrar atvinnugreinar út frá möguleikum hverrar greinar fyrir sig til að dylja tekjur sínar. Þar var m.a. unnið úr upplýsingum sem snertu hugsanleg eftirlitskerfi skattyfirvalda, s.s. afurðamiðakerfi, upplýsingar um útflutning og verðmæti hans, launamiðakerfi o.s.frv. Einnig var stuðst við stærðardreifingu fyrirtækja í atvinnugreininni, hverjir væru kaupendur o.s.frv. Á grundvelli fyrrgreindra upplýsinga, svo og reynslu íslenskra skattrannsóknarmanna, var atvinnugreinum skipt í átta áhættuflokka og sett fram þrjú tilbúin dæmi um mögulegan tekjuundandrátt greinanna. Frekari grein fyrir forsendum og vinnubrögðum er gerð í kafla 4.3.

Niðurstaðan skv. þessari aðferð er svipuð og samkvæmt þjóðhagsreikningaaðferðinni. Samkvæmt lægsta áhættutilviki gæti verið um að ræða að 2,2% vantaði á verga landsframleiðslu. Skv. miðtilviki er niðurstaðan 4,2% af landsframleiðslu. En í hæstu tilvikum reynist þurfa að bæta 9,1% við VLF.

Niðurstaða okkar er því sú að erfitt sé að rökstyðja að umfang dulinna viðskipta löglegrar starfsemi metin samkvæmt þessari aðferð hafi numið meira en 4 — 6% árið 1980, sem nefndin notaði sem viðmiðunarár. Í lok þessa kafla er einnig reynt að flokka atvinnugreinar eftir möguleikum til dulinnar starfsemi (áhættuhópa), enda um það spurt í þingsályktuninni hvort rekja megi skattsvik sérstaklega til ákveðinna starfsstétta.

Í þriðja lagi var gerð spurningakönnun. Úrtakið var 1000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá. Heildarfráfall nam 20% þannig að niðurstöður byggja á svörum 800 einstaklinga.

Hér var um frumkönnun að ræða og verður að hafa það í huga, ekki síst þegar athugað er val þeirra 10 spurninga sem fyrir spyrjendur voru lagðar. Fróðlegt væri að framkvæma hliðstæða spurningakönnun árlega til að fylgjast með breytingum á svörum milli ára. Taka

verður strax fram og undirstrika vendilega að þeir spurðu voru einstaklingar en ekki fyrirtæki. Til að meta heildarumfang nótulausra viðskipta þarf því að meta hlut fyrirtækjanna sérstaklega.

Í kafla 4.4 er gerð nánari grein fyrir niðurstöðum, s.s. einkennum kaupenda og seljenda óuppgefinnar þjónustu eftir aldri, kyni og starfsstétt. Athygli vakti að tæp 37% þeirra sem viðurkenndu að hafa keypt vöru/þjónustu utan skattakerfisins höfðu háskólapróf en aðeins liðlega 7% þeirra sem lokið hafa skyldunámi (sjá 4.2.2 — 4.4.3). Þær starfsgreinar sem oftast voru nefndar sem móttakendur óframtaldra tekna voru: Iðnaður og byggingarstarfsemi, svo og verslun og þjónusta, þar af um helmingur í byggingargreinum, svo og í bílgreinaþjónstu (4.4.5). Niðurstöður spurningakönnunarinnar eru þær að nótulaus viðskipti hafi numið um 1% af vergri landsframleiðslu (VLF) á tímabilinu maí 1984 til maí 1985. Ef nótulaus viðskipti fyrirtækja eru metin til viðbótar og auk þess bætt við upphæð sem ætla má að jafngildi hærra verði á uppgefinni þjónustu en dulinni má líklega tvöfalda fyrrnefnda tölu (sjá 4.4.4).

Á Norðurlöndum virðast nótulaus viðskipti þó vera einna minnst að umfangi hérlendis (sbr. 4.4.4).

Nauðsynlegt er að taka skýrt fram að afar erfitt er að mæla starfsemi sem hvergi er til og engar skýringar eru til um. Vandinn við dulda atvinnustarfsemi og skattsvik er sá að hvorugt er nokkurs staðar skráð og af þeim sem taka þátt í þessum leik er allt gert til að hylja vegsummerki.

Allar tilraunir til mats verða því að skoðast í því ljósi, að hér er um afar ófullkomnar aðferðir að ræða og niðurstöður verða að skoðast eftir því.

1.2 Samandregnar niðurstöður

1.2.1 Niðurstaða starfshópsins er sú að umfang dulinnar starfsemi hérlendis sé á bilinu 5 — 7% af VLF. Ef miðað er við 6% sem meðaltal nemur þetta um 6,5 milljörðum króna árið 1985 m.v. áætlaða verga landsframleiðslu.

Tap hins opinbera vegna vangoldinna beinna skatta og söluskatts má áætla um 2,5 — 3,0 milljarða króna árið 1985 (sjá kafla 4.2).

1.2.2 Samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunarinnar (4.4.5) og matsaðferðarinnar (4.3) eru mestar líkur fyrir dulinni starfsemi og skattsvikum í eftirtöldum greinum, raðað eftir áhættustigi:

a. Byggingarstarfsemi,
b. Persónuleg þjónustustarfsemi (s.s. bílaþjónustugreinar, gúmmíviðgerðir, hjá hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv.),
c. Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur.

1.2.3 Engar óyggjandi leiðir eru til að áætla söluskattssvik. Samkvæmt þeirri aðferð sem lýst er í kafla 5 má gera ráð fyrir að umfang söluskattssvika hér á landi sé um 11% af skiluðum söluskatti. Þetta jafngilti um 1,3 milljörðum kr. 1985.

1.2.4 Helstu ástæður skattsvika teljum við vera þessar:

a. Flókið skattkerfi með óljósum mörkum milli hins löglega og ólöglega. Frádráttar- og undanþáguleiðir íþyngja mjög framkvæmd skattalaga og opna margvíslegar sniðgönguleiðir.
b. Skattvitund almennings er tvíbent og verður óljósari eftir því sem einstök skattaleg ívilnunarákvæði einstakra hópa aukast og skatteftirlitið versnar. Þetta grefur undan réttlætiskennd skattgreiðenda.
c. Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Þau hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika og það þeim mun meira sem hlutföllin eru hærri.

d. Auk þessa ber að nefna að eflaust á tilhneiging til lagasetningar og opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í örvun til skattsvika.

1.3 Tillögur til úrbóta

1.3.1 Skattalög og skattaframkvæmd (kafli 8.1)

a. Einfalda þarf skattalögin, fækka undanþágum og afnema margs konar frádráttarliði þannig að skattstofnar verði skýrir og afmarkaðir og greiðsluskylda auðreiknanleg. Einföldun skattalaga og fækkun undanþága og frádráttarliða auðveldar öll skattskil virkara skatteftirlits. Um leið þarf að fækka skatttegundum og gæta þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.
b. Endurskoða þarf ákvæði um refsingu og álag. Setja þarf nýtt refsiákvæði um stórfelld skattsvik inn í almenn hegningarlög þar sem fangelsi (allt að sex árum) yrði lagt við brotum.

1.3.2 Bókhaldslög og framkvæmd þeirra (kafli 8.2)

a. Herða þarf bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar auknar heimildir, s.s. sektarheimild vegna bókhaldsbrota.
b. Lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldsbrot svipuð þeirri sem hún hefur vegna skattabrota.
c. Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög. Brot verði þar skilgreind sjálfstætt eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Setja þarf í lögin ákvæði um heimild til sviftingar starfsréttinda að því leyti sem almenn ákvæði hegningarlaga eru talin ófullnægjandi.
d. Endurskoða þarf ákvæði í almennum hegningarlögum um „stórfellda óreglusemi" í færslu bókhalds. Verknaðarlýsing ákvæðisins er óljós og refsimörk mjög væg.
e. Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila svipuð þeirri sem nú er að finna um skattabrot.

1.3.3 Skattaeftirlit (kafli 8.3)

a. Embætti ríkisskattstjóra verði breytt í stofnun er fari með heildarstjórnun skattamála bæði faglega og verkstjórnarlega. Það býður upp á mun meiri möguleika til bættrar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða sem bæta munu skatteftirlit. Öll úrvinnsla og allt eftirlit með framtölum færi fram á einum stað þar sem sérhæft, menntað starfsfólk er fyrir hendi í nægilegum mæli. Skattstofur í núverandi mynd legðust niður en eftir yrðu aðilar sem mundu veita upplýsingar til almennings og hugsanlega afla gagna vegna framtala.
b. Til vara er lagt til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl verði unnin hjá embættinu, svo og álagning og eftirlit með söluskatti. Skattstofunum verði fækkað en haldi þó áfram fyrrverandi störfum að undanskildum atvinnurekstrarframtölum, undir beinni verkstjórn ríkisskattstjóra.
c. Gera þarf verulegt átak í menntunarmálum starfsfólks á skattstofum. Endurvekja þarf skattskólann og festa hann betur í sessi.
d. Komið verði á fót sérstakri eftirlitssveit sérhæfðra skattrannsóknarmanna sem geri skyndikannanir á bókhaldi fyrirtækja og taki til rannsóknar flókin og erfið framtöl.
e. Endurskoðuð verði ákvæði um skattalega meðferð hlunnindagreiðslna.

2 Hugtök, skilgreiningar og afmörkun efnis

2.1 Dulin efnahagsstarfsemi

Í þingsályktun þeirri sem liggur til grundvallar starfi nefndarinnar er viðfangsefni hennar takamarkað við hugtakið „skattsvik“. Skattsvik eru hins vegar aðeins hluti af þeirri efnahagslegu starfsemi sem fer fram utan hins skráða hagkerfis.

Hér á eftir verður reynt að varpa ljósi á þá efnhagsstarfsemi sem er dulin og leynd fyrir yfirvöldum og gefur af sér tekjur sem hvergi eru skrásettar. Fjölmargar nafngiftir eru hugsanlegar yfir þetta fyrirbæri og mótast þær nokkuð af stöðu skrásetjara hverju sinni og hvað hann telur mikilvægast að draga fram í dagsljósið. Hugtök eins og „neðanjarðarhagkerfi“, „óskrásett starfsemi“, „svört viðskipti“ o.s.frv. hafa öll verið notuð í þessu skyni. Hér á eftir verður aðallega notast við hugtakið „dulin efnahagsstarfsemi“. Er þá átt við efnahagslegar athafnir sem eiga sér stað utan við hið reglulega efnahagslíf og komast þar að auki fram hjá opinberri mælingu eða skráningu, einkum til þess að sleppa við greiðslu ýmissa opinberra eða umsaminna gjalda, sem samið er um í kjarasamningum.

Þannig mynda hin eiginlegu skattsvik ekki alla dulda efnahagsstarfsemi sem fer fram í hagkerfinu. Erfitt er að segja til um hve stór hluti þessarar duldu tekjumyndunar, sem hvergi er til í opinberum skýrslum, á rót sína að rekja til skattsvika. Sennilega er hann þó allstór, a.m.k. hérlendis.

Það er augljóst að erfitt er að mæla starfsemi sem er haldið leyndri og falin er á alla vegu og því verulegum vandkvæðum bundið að komast að umfangi hennar. Hér geta engar skýrslur leitt menn í sannleika, hvorki þjóðhagsreikningar, skattskýrslur eða ársreikningar fyrirtækja. Skráningunni er alls staðar sleppt.

Þrátt fyrir margvíslegar endurbætur í gerð þjóðhagsreikninga og í opinberri skýrslugerð er það staðreynd að þessar skýrslur ná ekki til allra efnahagsathafna í hagkerfinu. Kemur þar margt til. Bæði eðli og uppsetning þjóðhagsreikninga en einnig, eins og áður er sagt, vísvitandi yfirhylming þeirra sem dylja vilja athafnir sínar á þessu sviði. Ef tilraun er gerð til að tilgreina allar tegundir duldrar efnahagsstarfsemi rekst maður á fjölskrúðugan garð.

Eftirfarandi upptalning ætti að gefa nokkuð yfirlit yfir þetta svið:

Vinna, sem ekki er gefin upp.

Vinna, án nauðsynlegra leyfa.

Skiptivinna og skiptiviðskipti.

Þóknanir og greiðslur fyrir margvíslega þjónustu sem ekki eru gefnar upp til skatts.

Nótulaus viðskipti.

Óuppgefin sala á heimaunnum munum eða eigin framleiðsla beint til neytenda og/eða kaupmanna.

Óuppgefin húsaleiga.

Fjárhættuspil.

Tekjur af okurstarfsemi og misneytingu.

Smygl á hátollavörum.

Sala á bannvörum, s.s. fíkniefnum.

Auk þess sem hér er upptalið á sér stað margvíslegur undandráttur frá tekjuskattsstofni, þ.e. það sem nefnt er ýmist **skattsvik eða annars konar skattundankoma** (refsilausar sniðgönguleiðir). Munurinn á þessu tvennu er sá að skattsvik eru að öllu leyti ólögleg og refsiverð athöfn, framkvæmd í þeim tilgangi að lækka skattstofn eða komast hjá greiðslu skatta. Skattaundankoma er athöfn sem hagnýtir ýmsan ófullkomleika skattalaga, margvísleg göt til að komast undan eðlilegri skattgreiðslu. Hér er ekki endilega um ólöglega athöfn að ræða, þótt mörkin kunni að vera mjög óskýr og athöfnin gangi jafnvel gegn tilgangi löggjafans.

2.2 Einstök svið dulinnar efnahagsstarfsemi

2.2.1 Lögleg starfsemi með óskráð viðskipti

Flest bendir til þess að langstærstur hluti hins óskráða, dulda efnahagskerfis sé fólginn í athöfnum sem byggjast á annars löglegri starfsemi. Athöfnum er leynt ýmist vegna þess að tilskilin opinber leyfi vantar og menn eru reiðubúnir að sniðganga reglugerðir og samþykktir eða menn vilja auðgast á leyndinni. Almennt er það hið opinbera sem verður fyrir skaðanum, en einnig ýmis samtök almennings, s.s. verkalýðsfélög og lífeyrissjóðir.

Skilgreina má helstu svið þessara leyndu athafna nánar.

Í fyrsta lagi má telja margvísleg form dulinnar eða leyndrar vinnu. Svokölluð „svört vinna“ er óskráð vinna sem fer fram án tilskilinna leyfa (s.s. atvinnuréttinda) eða er haldið leyndri af öðrum ástæðum. Erlendis er mikið um slíkt hjá útlendingum sem starfa án atvinnuleyfis eða styrkþegar á bótum taka að sér vinnu án þess að frá því sé skýrt eða það gefið upp til að koma í veg fyrir skerðingu á bótum.

Hér má einnig flokka svokallaða „verktakastarfsemi“, þar sem viðkomandi launþegi tekur að sér að sjá um ákveðið verk á eigin ábyrgð án þess að það sé gefið upp.

Í öðru lagi má nefna margvíslega atvinnustarfsemi sem er í alla staði lögleg og skrásett opinberlega með tilskildum leyfum en er rekin þannig að einungis hluti af tekjum er bókfærður og gefinn upp.

i) Þar ber hæst svokölluð nótulaus viðskipti. Þau eru margvísleg og koma fyrir víða. Hvati þess er sá, að kaupandi þjónustunnar fær hana á lægra verði og sá sem selur hana sparar sér gjöld til hins opinbera.

   Eins og kemur fram í niðurstöðum spurningakönnunarinnar hér á eftir hefur verið áætlað að heildarmagn nótulausra viðskipta hérlendis frá maí 1984 til jafnlengdar 1985 gæti hafa numið allt að 2% af vergi landsframleiðslu. Þær greinar þar sem nótulaus viðskipti virðast tíðust eru ýmsar iðngreinar í byggingarstarfsemi bílaþjónusta og persónuleg þjónusta margvísleg. Einnig mætti nefna óuppgefna húsaleigu, afnot af opinberum eignum eða eignum fyrirtækja án skrásetningar.

ii) Hér verður einnig að telja til þá tilhneigingu sumra að dylja tekjur og lækka hagnað með því að stinga undan staðgreiðslu á seldri framleiðslu og þjónustu.

   Að hluta er hér um að ræða sama fyrirbæri og undir i-lið en er þó annars eðlis vegna þess að segja má að í þessu tilviki sé ekki eðlilegt að láta nótu af hendi (nema e.t.v. kassakvittun) og því ekki um að ræða gagnkvæmt samkomulag eins og í i-lið hér að framan. Undir þetta atferli flokkast þjónusta, sem veitt er gegn staðgreiðslu og á sér stað s.s. í hótel- og ferðamannaþjónustu, í myndbandaleigum, í smásöluverslunum, margvísleg, bein sala afurða til neytenda o.s.frv.

iii) Vanmat vörubirgða hjá fyrirtækjum getur leitt til dulins hagnaðar.

Í þriðja lagi er rétt að minnast á margvíslegar leiðir til að hækka **kostnaðarhlið** (lækka tekjuhlið) rekstrar til undandráttar frá tekjuskattsstofni og snýr því eingöngu að fyrirtækjum eða atvinnustarfsemi. Þessar tegundir eru helstar:

Persónuleg útgjöld einstaklinga í atvinnurekstri eru færð sem rekstrarkostnaður.

Persónuleg útgjöld hluthafa/hlutareiganda eru færð sem rekstrarkostnaður hjá lögaðila.

Persónuleg útgjöld launþega í þjónustu eintaklings eða lögaðila færð sem rekstrarkostnaður.

Greiðslur sem á að eignfæra og afskrifa eru færðar sem rekstrarkostnaður, t.d. viðhald.

Óheimilar afskriftir útistandandi skulda.

Endurgreiðsla kostnaðar er ekki færð.

Afhending eigna til hluthafa eða hlutareiganda án skráningar í reikningi lögaðila.

Kaup eigna hluthafa eða ættingja þeirra á verði sem er hærra en almennt markaðsverð.

Sala eigna til hluthafa eða ættingja þeirra undir markaðsverði.

Vaxtalaus lán til hluthafa eða starfsmanna lögaðila eða vextir undir markaðsvöxtum. Óeðlileg lánakjör í því sambandi.

Ýmis viðskipti tengdra eða skyldra aðila, þ.m.t. viðskipti móður- og dótturfyrirtækis, t.d. í sambandi við lán.

Gjafir færðar sem rekstrarkostnaður.

Það sem hér að framan hefur verið gerð grein fyrir (2.2.1) eru yfirleitt athafnir sem nefnd eru skattsvik (refsiverð skattsvik) sem er sá hluti hinnar duldu efnahagsstarfsemi sem er meginviðfangsefni nefndarinnar, en nokkrar ofangreindra athafna eru þess eðlis að þær þurfa ekki að vera refsiverðar, en geta falið í sér slíka sniðgöngu á skattalögum að til nýrrar skattlagningar komi, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1981.

2.2.2 Ólögleg starfsemi

Í „neðanjarðarhagkerfinu" finnst fleira en það sem gert er til að komast hjá að greiða eðlilega skatta til ríkisins. Þar er einnig stunduð ólögleg starfsemi í atvinnuskyni.

Hugsanlega ætti að bæta við þjóðhagsreikninga þeim verðmætum sem í eðli sínu byggjast á refsiverðu athæfi, s.s. fíkniefnasölu og smygli. Auðvitað hlýtur það að teljast vafasamt hvort telja eigi til þjóðarframleiðslunnar verðmæti sem bannað er að framleiða eða selja, en engu að síður hlýtur slík starfsemi að falla undir hugtakið dulin starfsemi, þar sem opinber skráning fer ekki fram. Í hagkerfinu myndar þessi starfsemi tekjur sem ekki verða raktar eða útskýrðar hér frekar. Þessi starfsemi fellur ekki undir hugtakið skattsvik og verður henni því enginn frekari gaumur gefinn í starfi nefndarinnar.

2.2.3 Duldar viðbótartekjur

Auk þess sem að framan greinir eru ýmsar fleiri aðferðir til að afla viðbótartekna og byggjast þær einkum á slælegu eftirliti innan fyrirtækja. Margt mætti telja til, en almennt kemur þetta fram sem einhvers konar birgðarýrnun innan fyrirtækjanna.

Venjulegur þjófnaður, t.d. starfsmanna, telst ekki til dulinnar starfsemi, þar sem fyrst og fremst er um að ræða breytingu á tekjuskiptingunni. Verknaðurinn og verðmætið er í flestum tilvikum skrásett og þekkt, þótt nýr „vörslumaður" sé óþekktur.

2.3 Orsakir dulinnar starfsemi

Dulin starfsemi er ekki ný af nálinni. Hún er í einhverjum mæli jafn gömul þeirri ákvörðun að láta lög móta og stjórna mannlegum athöfnum, því að alltaf hafa fundist einstaklingar sem hafa talið sig hagnast á því að sniðganga lögin. Hitt virðast flestir sammála um að þessarar tilhneigingar gæti meira á seinni hluta þessarar aldar en áður. Almennt má auðvitað fullyrða að auðgunarhvötin sé meginástæða fyrir dulinni efnahagsstarfsemi. En fleira kemur til og skal þess helsta getið hér á eftir.

2.3.1 Skattsvik

Það liggur í augum uppi að auðgunarhvötin er meginorsök dulinnar efnahagsstarfsemi en auðgunarhvötin kemur fram í skattsvikum.

Ástæður skattsvika eru m.a. þessar:

i) Vaxandi skattbyrði.
ii) Flókið skattkerfi, lítil áhætta en mikill hagnaður vegna lélegs eftirlits.
iii) Tvíbent réttarvitund almennings.

Þessu verður nánar gerð skil í kafla 6 hér á eftir og því er um frekari umfjöllun vísað þangað.

2.3.2 Höft og auknar kvaðir

Eflaust á tilhneiging til lagasetningar og setning opinberra hafta á ákveðnum sviðum sinn þátt í því að ýmsir virðast reiðubúnir til að sniðganga nýjar kvaðir og opinber afskipti, s.s. framleiðslukvóta, vinnuverndarákvæði o.s.frv. Sumum finnst opinber afskipti vera komin úr í öfgar og vera farin að drepa framtak einstaklinganna í dróma. Andsvar þeirra getur verið aukin dulin efnahagsstarfsemi.

2.3.3 Andóf gegn jöfnun lífsgæða

Heyrst hefur sú skoðun að ein ástæðan fyrir dulinni starfsemi sé andóf gegn jöfnunartilhneigingu velferðarþjóðfélaga, s.s. hækkandi skattþrepum, en einnig öðrum jöfnunartilraunum sem samið er um á vinnumarkaði. Með því að sniðganga skrásetningu og skattgreiðslur heldur viðkomandi einstaklingur „sínum“ hlut og viðheldur með því launamismuninum.

2.3.4 Andstaða gegn stjórnarstefnu

Því hefur verið haldið fram að hluta skýringarinnar á dulinni starfsemi sé að leita í afstöðumun einstaklinga og hópa til ríkisstjórna og stjórnarstefnu á hverjum tíma. Einnig getur verið um að ræða andúð á stjórnarfarinu eða andstöðu við að setja skattpening í ákveðin verkefni eða vissar umdeildar framkvæmdir.

2.4 Hugtakið skattsvik

Þingsályktun sú frá 3. maí 1984 sem liggur til grundvallar starfi nefndarinnar lýtur að úttekt á umfangi **skattsvika.** Í hinum einstöku liðum ályktunarinnar er alls staðar notað hugtakið skattsvik. Sama er að segja um aðra þingsályktun, er samþykkt var sama dag, um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum. Engan veginn kemur skýrt fram í þessum ályktunum né í athugasemdum með þeim, hvaða merkingu skuli leggja í þetta hugtak og þar með hvernig afmarka skuli viðfangsefni nefndarinnar. Notkun hugtaksins í umræddum athugasemdum um tiltekinn hundraðshluta af þjóðartekjum bendir að vísu til allrúmrar merkingar. Við útreikning á þjóðartekjum eru allir skattstofnar ríkisins taldir með, þ.á m. tollatekjur. Á hinn bóginn er ljóst, að margir, raunar flestir skattstofnar, hafa hverfandi lítil áhrif á heildarfjárhæð þjóðartekna og skipta því litlu máli fyrir könnun þessa. Þegar betur er að gáð koma mismunandi merkingar til álita, án þess þó að tilteknar merkingar verði eignaðar ákveðnum fræðigreinum eða daglegu máli. Nauðsynlegt er fyrir nefndina að skilgreina hugtakið fyrir sitt leyti með hliðsjón af markmiðum rannsóknarinnar og þeim tíma og aðstöðu sem hún hefur yfir að ráða. Áður en það er gert þykir rétt að gera grein fyrir mismunandi inntaki og umfangi hugtaksins skattsvik, jafnframt því sem önnur hugtök verða athuguð um leið, svo sem skattlagabrot, skattundandráttur og skattasniðganga.

2.4.1 Refsiverð háttsemi

Ætla má, að báðar þingsályktanirnar séu miðaðar við refsiverða háttsemi, enda er í annarri þeirra vikið að skattsvikum sem afbroti. Er það raunar eðlilegasti skilningurinn og sá sem yfirleitt er lagður til grundvallar. Sniðganga skattareglna innan ramma laganna, t.d. vegna mats eða ágalla á lögum, verður betur skýrð með öðrum hugtökum eða orðum.

1) Sú merking skattsvikahugtaksins, sem víðtækust er samkvæmt hinum formlega mælikvarða laganna, tekur til allra refsiverðra brota gegn skattalögum yfirleitt, hver sem skattstofninn er (tekjuskattar, eignarskattar, neysluskattar, skattar tengdir rekstrarkostnaði, innflutningsgjöld, útflutningsgjöld) og hvort sem slík brot eru upplýst eða dulin. Það eitt nægir, að refsiskilyrði séu til staðar, þar með talin saknæmisskilyrði (yfirleitt ásetningur eða

stórfellt gáleysi). Í þessari merkingu er eðlilegast að tala um skattabrot, skattlagabrot eða skattundandrátt.

2) Orðið skattsvik bendir til þrengri merkingar en nú var lýst, sbr. hugtökin fjársvik, umboðssvik o.fl. Svik eru í eðli sínu verk sem menn vinna vísvitandi, þ.e. af ásetningi. Þess vegna er hugtakið skattsvik oft í lögfræðiritum skýrt sem ásetningsbrot[1]). Í skattalögum er hins vegar algengast að stórfellt gáleysi dugi einnig til refsiábyrgðar, sbr. 107. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, 25. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, 24. gr. og 39. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga (útsvar og aðstöðugjald). Í öðrum tilvikum nægir almennt gáleysi, sbr. t.d. 33. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. og 12. gr. laga nr. 52/1983 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Þá ber og við, að engin refsiákvæði sé að finna í skattalögum, sbr. II. kafla laga nr. 73/1980 (fasteignaskattur) og laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt. Um þessi síðustu dæmi verður ekki sagt að undandráttur falli undir skattsvik eða önnur refsiverð skattabrot í þeirri merkingu sem hér er um að ræða.

3) Nokkur tilhneiging er til þess að takmarka skattsvik við þann þátt verknaðarlýsingar er lýtur að beinum athöfnum (undandrætti), þ.e. röngum eða villandi yfirlýsingum til stjórnvalda, en útiloka vanrækslu á að gefa upplýsingar (vanrækslu á framtali til skatts), sbr. einkum 1. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981.

4) Ytri takmörkun kemur einnig til álita, þannig að skattsvik teljist bundin við t.d. álagningarskatta, þ.e. skatta, sem ákvarðaðir eru einhliða af skattstjórum eða öðrum skattyfirvöldum á grundvelli lögskyldra upplýsinga um gjaldstofninn[2]). Í umræðum um skattsvik er jafnvel stundum miðað við hina mikilvægari skattstofna, svo sem tekjuskatt, eignarskatt og söluskatt.

5) Hugtakið skattsvik kemur sjaldan fyrir í lögum. Má hér helst nefna 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981: „Hafi skattstjóri grun um að veruleg skattsvik hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra sem ákveður hver annast skuli rannsókn í málinu". Að efni til tekur ákvæði þetta til allra refsiverðra brota á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, án tillits til huglægrar afstöðu og verknaðarforms. Áskilnað um **veruleg** skattsvik mætti reyndar tengja hinni huglægu afstöðu, en hann á þó líklega fremur við grófleika brots hlutrænt séð, þ.e. með tilliti til þeirra fjárhæða sem dregnar eru undan skatti. Með hliðsjón af 2. og 3. mgr. 102. gr. laga nr. 75/1981 nær hugtakið einnig til annarra skatta sem skattsjórar leggja á.

Í nefndaráliti frá 13. mars 1985, um hraðari og skilvirkari meðferð skatta- og efnahagsbrota í dómskerfinu, eru hugtökin skattabrot og skattsvik notuð jöfnum höndum, að því er virðist í mjög rúmri merkingu, sbr. einkum upptalningu á bls. 4: „skattsvik, bókhaldsbrot, gjaldeyrisbrot, faktúrufalsanir, verðlagsbrot og fleiri skyld brot."

2.4.2 Refsilausar sniðgönguleiðir

Rétt þykir að víkja hér einnig að refsilausum sniðgönguleiðum. Sniðganga, sem varðar við refsiákvæði skattalaga, t.d. óheimilt framtal rekstrarkostnaðar, byggt á heimildarlausum færslum um lengri eða skemmri tíma, fellur beint undir umfjöllunina í lið 2.4.1 hér að framan. Aðrar sniðgönguleiðir varða einkum skýringu skattalaga.

Málamyndagerningar, t.d. kaupsamningur sem ekki á að koma til framkvæmda eða er í raun annars efnis, gerðir í því skyni að sniðganga skattareglur geta verið refsilausir, en ógildanlegir að einkarétti og/eða marklausir við skattákvörðun. Í skattalögum er allvíða að

---

1) Sjá Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot* (fyrra hefti, 1975), bls. 11; Ole Björn, Lida Hulgaard og Aage Michelsen: *Lærebog om indkomstskatt* (5. útg. 1985), bls. 779-80; Ernst Bulmenstein: *System des Steuerrechts* Zürich (1971), bls. 317 o. áfr. (Steuerbetrug, sbr. Steuerhinterziehung).

2) Jónatan Þórmundsson: *Fyrirlestrar í skattarétti* (fjölr. 1982), bls. 16.

finna ákvæði sem stefnt er gegn tilraunum manna til að haga fjármálum sínum á þann veg að þeir hagnist á reglum skattlaga, sbr. einkum 58. gr. laga nr. 75/1981[1]).

Tilraunir skattaðila til að sniðganga skattalög geta á ýmsan hátt skipt máli um afstöðu dómstóla til fjármálaráðstafana hans og um skýringu skattalaga. Augljóst er, að eigi skattalög að ná tilgangi sínum, verður að stemma stigu við því, annaðhvort með beinum lagareglum eða í réttarframkvæmd, að þegnarnir geti með stoð í öðrum réttarreglum gert þennan tilgang að engu. Deilt hefur verið um það, hvort unnt sé við beitingu skattalaga að víkja frá venjulegum lögskýringaleiðum. Á meginlandi Evrópu hefur verið gengið nokkuð langt í því að leggja áherslu á efni fjármálagerninga og víkja þeim til hliðar ef með þeim hefði verið komist fram hjá reglum skattalaga. Á Norðurlöndum og í Bretlandi hefur verið farið varlegar í þessu efni. Ætlast má til þess, að meiri háttar göt í skattalögum séu lagfærð af löggjafanum[2]).

Engar reglur eða lögskýringarsjónarmið um sniðgöngu taka til þeirra ráðstafana skattaðila sem fela í sér raunverulegar breytingar á högum þeirra og eru ekki bundnar við skattamarkmið, t.d. hjónaskilnaður eða breyting á sameignarfélagi í hlutafélag, og það jafnvel þótt skattsparnaðarsjónarmið séu höfð í huga.

2.4.3 Afmörkun efnis

Með hliðsjón af framansögðu, markmiðum rannsóknarinnar og tiltækum aðferðum og vinnuaðstöðu telur nefndin rétt að takmarka umfjöllun sína um skattsvik við refsiverð brot gegn lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um söluskatt, án tillits til verknaðarforms og huglægrar afstöðu.

3 Erlendar niðurstöður

Hér á eftir fer yfirlit yfir niðurstöður þeirra kannana erlendra er tiltækar voru við gerð þessarar skýrslu. Ekki verður gerð tilraun til að rekja fræðilegan bakhjarl þessara niðurstaðna.

Í grófum dráttum má tala um fimm aðferðir. Fyrsta má nefna peningamagnsaðferðina. Gengið er út frá að dulin viðskipti séu reiðufjárviðskipti. Leitað er eftir samhengi breytingar reiðufjáreftirspurnar og breytingum á heildarskattbyrði.

Önnur aðferðin er tengd hugmyndinni um að gera upp annars vegar allar framtaldar tekjur í hagkerfinu og hins vegar öll hugsanleg útgjöld. Komi fram munur á þessu tvennu á þann veg að útgjöld séu hærri en tekjur er gengið út frá að rekja megi það til vanframtalinna tekna. Þessi aðferð er stundum kölluð þjóðhagsreikningaaðferðin, þar sem gagnanna er aðallega aflað úr þjóðhagsreikningaskýrslum.

Þriðja aðferðin er kennd við spurningakannananir. Þá er tekið slembiúrtak úr þjóðskrá og þeir er í því lenda beinlínis spurðir um afskipti sín af dulinni starfsemi. Niðurstöður varðandi heildarumfang dulinnar starfsemi fæst með því að gera ráð fyrir að úrtakið gefi smækkaða mynd af samfélaginu.

Fjórðu aðferðina mætti kalla matsaðferðina. Þá er reynt að meta dulin viðskipti á nánar afmörkuðum sviðum hagkerfisins. Nokkur afbrigði eru til við þessa aðferð.

Fimmta aðferðin tengist nýtingu gagna úr neyslukönnunum. Þá er reynt að tengja

---

1) Sjá nánar Jónatan Þórmundsson: *Fyrirlestrar í skattarétti* (1982), bls. 55-56; Thöger Nielsen: *Indkomstbeskatning I* (1965), bls. 35-47.

2) Jónatan Þórmundsson: *Fyrirlestrar í skattarétti* (1982), bls. 55-56; Nils Mattsson: *Kringgåendeproblemet i skatterätten*. Fyrirlestur á Norræna lögfræðingamótinu í Oslo 1985.

saman tekjur og gjöld skv. neyslukönnunum. Komi fram mismunur er reynt að skýra hann sem dulin viðskipti. Þessi aðferð þykir nokkuð óáreiðanleg.

Eins og áður var sagt eru þessar aðferðir þróaðar til að meta umfang dulinna viðskipta af einu eða öðru tagi. Misjafnt er hversu stóran hlut dulinna og ólöglegra viðskipta hverri aðferð er ætlað að mæla. Í sumum tilvikum er talað um öll slík viðskipti, í öðrum tilvikum um afmarkaðri þætti. En hvernig svo sem rannsakendur skilgreina þessa hluti er rétt að minna á það hér að iðkendur þessara viðskipta slétta yfir slóð sína eins vel og þeir geta. Þessum viðskiptum á að gleyma þegar þeim hefur verið komið í kring. Góðar rannsóknaraðferðir geta engu um þetta breytt. Því ber að taka allar niðurstöður þeirra kannana sem hér eru nefndar sem og annarra með mikilli varúð. Telja verður víst að nákvæmni í niðurstöðum sé verulega miklu lakari en gengur og gerist um þjóðhagsstærðir yfirleitt.

Samræmt hugtakakerfi um mismunandi deildir dulinnar efnahagsstarfsemi er ekki til. Í þeirri samantekt sem fram fer hér á eftir er þeirri reglu fylgt að þýða hrátt þau hugtök sem rannsakendur hafa notað hver í sinni skýrslu. Ekki er gerð nein tæmandi grein fyrir innihaldi hugtakanna en áhugasömum aðilum bent á að kynna sér skilgreiningar höfunda í skýrslunum sjálfum.

3.1 Norðurlönd

3.1.1 Noregur

Tilraunir hafa verið gerðar til að meta umfang „svartrar atvinnustarfsemi“ í Noregi, annars vegar með beinum spurningarkönnunum og hins vegar með óbeinum athugunum á mögulegum áhrifum skattahækkana á seðlaeftirspurn almennings.

Spurningakönnun hefur verið gerð, a.m.k. tvívegis. Niðurstöður fyrri könnunarinnar sem gerð var 1980 var að samtals hefðu 40% aðspurðra tekið þátt í „svartri atvinnustarfsemi“, annað hvort sem kaupendur eða sem seljendur eða hvort tveggja. Samkvæmt seinni könnuninni, sem var gerð 1983, var þetta hlutfall 33%. Þrátt fyrir lægra hlutfall er talið að umsvif innan „dulda hagkerfisins“ séu um 4—6% af vergri landsframleiðslu bæði árin. Duldar vinnutekjur voru taldar u.þ.b. helmingur þessarar upphæðar í báðum tilvikum.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að meta umfang dulda hagkerfisins skv. peningamagnsaðferðinni. Í fyrstu greinum um það efni er dulda hagkerfið talið svara til 6—7% af vergri þjóðarframleiðslu. Frekari rannsóknir benda þó til að ekkert verði fullyrt með aðstoð peningamagnsaðferðarinnar um umfang dulinna viðskipta í Noregi.

3.1.2 Svíþjóð

Tilraun var gerð til að meta umfang „svartrar starfsemi“ í Svíðþjóð með því að nálgast málið frá mörgum hliðum. Taldar eru upp fjórar aðferðir sem líklegar eru til að gefa hugmynd um umfang svartrar starfsemi. Þessar aðferðir eru: i) Samanburður á þjóðhagsreikningum, uppgerðum annars vegar samkvæmt tekjuáætlun og hins vegar samkvæmt framleiðsluáætlun. ii) Spurningakönnun. iii) Sérstakar rannsóknir á afmörkuðum hlutum. hagkerfisins; sem dæmi er nefnd könnun í Svíþjóð á byggingariðnaðinum. iv) Athugun á breytingum starfsmanna skattstofa á framtölum. Niðurstaðan er að umfang „svartrar starfsemi“, metið skv. leiðunum fjórum, svari til 4—7% af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt er talið að umfang „svartrar starfsemi“ hafi ekki aukist í Svíþjóð „undanfarið“.

3.1.3 Danmörk

Danskir aðilar hafa lagt mikla vinnu í að þróa spurningakönnunaraðferðina sem fyrr er nefnd. Höfuðáhersla hefur verið lögð á að skýra tengsl svartrar starfsemi við vinnumarkaðinn. Skv. niðurstöðu nýlegrar könnunar höfðu 13% aðspurðra unnið svart. Einnig kom í ljós

að 19% aðspurðra höfðu fengið aðra aðila til að vinna svart fyrir sig. Auk spurningar um þátttöku voru þeir er sögðust hafa unnið svart spurðir um hversu miklum tíma þeir hefðu varið í þess háttar vinnu. Út frá þeim upplýsingum er reiknað út heildarumfang svartra atvinnutekna launþega. Þannig fæst sú niðurstaða að óframtaldar tekjur af atvinnustarfsemi launþega nemi sem svari 3,9% af vergri þjóðarframleiðslu. Með því að gera ráð fyrir að aðrir aðilar en launþegar dragi svipað hlutfall undan verður niðurstaðan að undandregnar atvinnutekjur svari til 5,5% af vergri þjóðarframleiðslu.

Hagfræðingaráðið danska og danska hagstofan hafa einnig reynt að áætlað möguleg skattsvik. Niðurstaða þeirra var að dregnar væru undan upphæðir er svari til 4—7% af skattskyldum tekjum.

Peningamagnsaðferðinni hefur einnig verið beitt á dönsk gögn. Niðurstaðan er að „skuggahagkerfið" í Danmörku svari til 7—13% árið 1982. Einnig er gerð tilraun til að meta vöxt og viðgang „skuggahagkerfisins" frá árinu 1955. Gögnin virðast benda til að það hafi vaxið nokkuð hratt frá 1955 og fram til 1970 en hafi staðið í stað síðan, mælt sem hlutfall vergrar þjóðarframleiðslu.

3.2 Önnur lönd

3.2.1 Bandaríkin

Bandarískir vísinda- og embættismenn hafa sýnt viðfangsefninu mikinn áhuga. Af því leiðir aftur að margs konar aðferðir hafa verið viðhafðar og að niðurstöður eru vart einhlítar.

Embætti ríkisskattstjóra (Internal Revenue Service) rannsakaði framtöl 50.000 aðila sem valdir voru af handahófi og bar saman við upplýsingar vinnuveitenda eða annarra tekjugreiðenda. Niðurstaða þeirrar athugunar var að vanframtaldar tekjur af löglegri starfsemi næmi 99,7 milljörðum dollara 1976. Þetta er talið svara til 4—6% af vergri þjóðarframleiðslu.

Peningamagnsaðferðum hefur verið beitt af nokkrum aðilum. Í grein frá 1977 telur upphafsmaður þeirrar matsaðferðar að umfang tekna af óframtöldum og óskattlögðum peningaviðskiptum svari til 10% af vergri þjóðarframleiðslu. Aðrir aðilar hafa komist að mun hærri niðurstöðum með sömu aðferðum. Nefndar hafa verið tölur frá 13—21% og allt upp í 20—33% af vergri þjóðarframleiðslu. Á hinum enda skalans er svo að finna aðila sem með sömu aðferðafræði telja tekjur af dulinni löglegri starfsemi nema 5% af vergri þjóðarframleiðslu.

Þjóðskráin bandaríska hefur reynt að meta umfang dulinnar atvinnuþátttöku. Bornar eru saman upplýsingar úr mismunandi áttum um vinnumarkaðsþátttöku. Upplýsingarnar eru í misríkum mæli taldar ná til þeirra er vinna í neðanjarðarhagkerfinu. Með samanburði má þannig fá mynd af vexti atvinnuþátttöku í því. Niðurstaðan er að undanfarin 25—30 ár hafi mannafli neðanjarðarhagkerfisins vaxið um 0,2 prósentum meira en mannafli ofanjarðarhagkerfisins. Þetta svarar til 4,4% af fullvinnandi mönnum árið 1981. Gerð er tilraun til að meta vantaldar tekjur þessu tengdar. Þær eru taldar geta sveiflast milli 5,2% og 11,8% af heildarþjóðartekjum, eftir því við hvaða forsendur er miðað.

3.2.2. Stóra-Bretland

Það á við um Stóra-Bretland jafnt og um Bandaríkin að margir hafa beitt mismunandi aðferðum til að meta umfang svartrar atvinnustarfsemi eða neðanjarðarhagkerfis, eða hvað menn vilja nefna fyrirbærið. Meðal annars hefur verið gerð tilraun til að meta atvinnugreinar eftir því hvort þeir sem í þeim starfa hafi auðveldan aðgang að „óséða" hagkerfinu. Atvinnugreinunum er þannig skipt í þrjá hópa: Þá sem eiga hlutfallslega auðveldan aðgang,

þá sem eiga hlutfallslega torveldan aðgang, og síðasta hópinn fylla atvinnugreinar sem eiga afar takmarkaðan aðgang að „óséða" hagkerfinu. Þessu næst er lagt mat á raunverulega þátttöku hvers þessara hópa. Gefin eru tvö tilvik: Hátt og lágt. Samkvæmt lága tilvikinu er um að ræða „óséða" vinnu er svarar til 4% af unnum tímum. Samsvarandi tala skv. háa tilvikinu samsvarar 7,2% af unnum tímum.

Samanburður á tekjum og útgjöldum skv. þjóðhagsreikningum benda til að „óséða" hagkerfið í Bretlandi sé 2% af vergri þjóðarframleiðslu.

Athuganir á mismun tekna og útgjalda einkaaðila skv. neyslukönnunum benda til að sama stærð nemi 2—3% af vergri þjóðarframleiðslu. Ríkisskattstjóraembættið breska (Inland Revenue) metur óséða hagkerfið 7,5% af vergri þjóðarframleiðslu. Peningamagnsaðferðir gefa 3—15%.

3.2.3 Ástralía

Hjá Kjararannsóknanefndinni áströlsku (Bureau of Labour Market Research) í Canberra hafa verið gerðar tilraunir til að meta dulda hagkerfið og „óformlegan vinnumarkað". Tekinn er fyrir hver þáttur einkaneyslu og fjárfestingar í þjóðhagsreikningum og metið hversu auðvelt sé að stunda dulin viðskipti með viðkomandi vöru- eða þjónustuflokk. Í samræmi við þessa einkunnagjöf eru dulin viðskipti í viðkomandi grein metin. Niðurstaðan er að dulda hagkerfið svari til sem næst 3—4% af vergri þjóðarframleiðslu. Aðferðin er talin ofmeta raunverulegt umfang dulinna viðskipta. Þó er bent á að sennilega sé vöxtur dulda hagkerfisins hraðari en vöxtur opinbera hagkerfisins.

Þessar niðurstöður má bera saman við niðurstöður tveggja peningamagnstilrauna. Önnur tilraunin sýnir þá niðurstöðu að dulda hagkerfið svari til 10% af vergri þjóðarframleiðslu. Hin tilraunin sýnir að duldar greiðslur svari til 13,4% af mældum greiðslum á árunum 1981—1982.

3.2.4 OECD

Eins og oftlega hefur verið bent á í þessari skýrslu má skipta dulinni starfsemi í a.m.k. tvo hluta, annars vegar starfsemi sem er ólögleg í eðli sínu, hins vegar starfsemi þar sem umsvifum er haldið leyndum til að komast hjá toll- og skattagreiðslum en brýtur ekki að öðru leyti í bága við lög. Flest aðildarríkja OECD beita þeirri reglu að þjóðhagsreikningar skuli ná til allrar reglulegrar atvinnustarfsemi í landinu, þar með talin dulin en þó að öðru leyti lögleg starfsemi. Mörg landanna áætla þennan þátt sérstaklega. Áætlunarhlutfallið hefur verið lágt og almennt undir 2% af vergri þjóðarframleiðslu.

Ágiskanir um umfang dulinnar starfsemi hækkuðu ört á seinni hluta 8. áratugarins. Ættu þessar ágiskanir við rök að styðjast væri þjóðhagsreikningagerð í því formi sem nú er haldlítil. Í ljósi þessa bað hagtölu- og þjóðhagsreikningadeild OECD aðildarþjóðirnar að senda inn upplýsingar um með hvaða hætti væri fjallað um dulda starfsemi í þjóðhagsreikningum þeirra. Á grundvelli þeirra upplýsinga samdi Derek Blades skýrslu er bar nafnið „The Hidden Economy and the National Accounts".

Skýrsla Blades er samantekt á nokkrum þeirra athugana er þegar hafa verið nefndar í þessari skýrslu. Auk þess fjallar hann sérstaklega um dulda starfsemi og tengsl hennar við þjóðhagsstærðir. Þannig telur Blades að dulin lögmæt starfsemi hafi numið 2,2% af vergri þjóðarframleiðslu Bandaríkjanna árið 1976. Ólögmæta starfsemi telur hann hafa numið 1,5% og þjófnað launþega 0,5%. Samtals 4,2%. Á það er þó að líta að u.þ.b. 30% þessarar starfsemi er þegar meðtalin í þjóðhagsreikningakerfinu. Þetta táknar að vanmat vergrar þjóðarframleiðslu vegna dulinnar starfsemi nemur samtals undir 3%. Sé við það miðað að halda ólögmætri starfsemi utan þjóðhagsreikningakerfisins nemur vanmatið ríflega 1/2%!

Eins og ofangreint ber með sér telur Blades vandamálið ofmetið í almennri umræðu.

Hann dregur upp eftirfarandi dæmi: Setjum sem svo að umfang dulinnar starfsemi (ólögmætrar og „lögmætrar") væri 4% af VÞF. Þá má reikna út hver útgjöld fjögurra manna fjölskyldu til þessarar starfsemi væru. Blades reiknar það fyrir öll aðildarlönd OECD. Honum telst til að útgjöld íslensku fjölskyldunnar yrðu 2 980 USD en það jafngildir u.þ.b. 125 þús. krónum (á verðlagi í apríl 1986). Blades dregur þá ályktun að jafnvel ágiskun um að umfangið nemi 4% af VÞF sé of há.

Helstu heimildir:

Noregur:

Isachsen, A.J. og Steinar Ström (1980): *Skattefritt, svart sektor i vekst.* Universitetsforlaget.

Isachsen, A.J. og Steinar Ström (1985): *The Size and Growth of the Hidden Economy in Norway.* The Review of Income and Wealth.

Isachsen, A.J., Jan Tore Klovland og Steinar Ström (1982): *The Hidden Economy in Norway.* prentað í Tanzi (1982): The Underground Economy in the United States and Abroad.

Svíþjóð:

Klovland, J.T.(1984): *Tax Evasion and the Demand for Currency in Norway and Sweden. Is There a Hidden Relationship?* í Scandinavian Journal of Economics, bls. 423—439.

Hansson, I. (1980: *Sveriges svarta sektor,* í Ekonómisk Debatt 1980:8, bls. 595—602.

Nationalekonomiska Föreningen (1985): *Skattefusk och skatteplanering — några samhällsekonomiska synpunkter,* Förhandlingar, í Ekonomisk Debatt 1985:5, bls. 380—392.

Svenska institutet för opinionsundersökningar AB (1980): *Svartbetalare och Svartjobbare.*

Danmörk:

Mogensen, Gunnar Viby (1985): *Sort arbejde i Danmark.* Köbenhavn, april 1985.

Mogensen, Gunnar Viby (1985): *Sort ökonomi,* Socialforskningsinstituttets pjece nr. 15

Schneider, Friedrich (1985): *Estimating the Size of the Danish Shadow Economy using the Currency Demand Approach.* Fjölrit.

Bandaríkin:

Carson, Carol S. (1984): *The Underground Economy: An Introduction,* Survey of Current Business 84:5—7

O'Neill, David M. (1983): *Growth of the Underground Economy, 1950—81: Some Evidence from the Current Population Survey,* Washington.

Internal Revenue Service (ódagsett): *Estimates of Income Unreported on Individual Income Tax Returns.*

Tanzi, Vito (1982) ritsjóri: *The Underground Economy in the United States and Abroad,* Lexington Books.

Stóra-Bretland:

Rose, R. (1983): *Getting by in Three Economies: The Resources of the Official, Unofficial and Domestic Economies,* University of Strathclyde.

Dilnot, A. og Morris, C.N. (1982): *What Do We Know about the Black Economy in the United Kingdom?,* prentað í Tanzi, V. (1982): The Underground Economy in the United States and Abroad.

Ástralía:

Fisher, N.W.F. (1983): *An Expenditure Approach to Estimation of the Hidden Economy and Informal Labour Market,* Bureau of Labour Market Research Working Paper No. 12.

4 Umfang skattsvika, vinnuaðferðir og niðurstöður athugana

4.1 Peningamagnsaðferðin

Sett er fram tilgáta þess efnis að dulin viðskipti skilji eftir sig slóð sem rekja megi og þannig draga saman efni er gefi vísbendingu um heildarumfang þeirra.

Í sinni einföldustu mynd byggir kenningin á að greiðslumiðill í duldum viðskiptum sé reiðufé og að fast hlutfall sé milli reiðufjár og bankainnistæðna og milli bankainnistæðna og þjóðarframleiðslu. Enn fremur að á tilteknu tímabili hafi dulin starfsemi verið nánast engin. Að þessum forsendum gefnum má reikna út upphæð reiðufjár sem notuð er til dulinna viðskipta. Þegar sú upphæð er fundin er hægur vandi að finna heildarumfang dulinna viðskipta að því tilskildu að forsendurnar standist.

Trúverðugri útgáfa af líkaninu byggir á að samhengi sé á milli dulinnar starfsemi og eftirspurnar eftir reiðufé. Enn fremur að efnisleg rök liggi að baki þátttöku í dulinni starfsemi. Þetta er útfært þannig að fundið er samhengi skattbreytinga annars vegar og (annars óútskýrðar) breytingar á reiðufjáreftirspurn hins vegar.

Varðandi fyrri kenninguna sem hér er nefnd má nefna að raungildi seðla og myntar í umferð sveiflast verulega. Þó má sjá þess merki að þessi viðskiptaskjöl hopi fyrir öðrum. Ef t.d. er litið á seðla og mynt sem hlutfall peningamagns (samtölu seðla og óbundinna bankainnistæðna, M_2) kemur í ljós að þetta hlutfall fer lækkandi. Það er því fátt í íslenskum gögnum sem styður þessa kenningu, nema því aðeins að „hið vammlausa“ tímabil liggi mun nær okkur í tíma en almennt er talið vera í öðrum löndum!

Nokkuð meira þarf við að hafa til að reyna síðar nefndu kenninguna á íslensk gögn. Skal það ekki rakið hér. En reynt var að líkja eftir tilraun sem gerð var fyrir Noreg og Svíþjóð. Niðurstöður voru þær að ef um samhengi væri að ræða milli skattbreytinga og reiðufjáreftirspurnar væri það á þann veg að auknir skattar ykju reiðufjáreftirspurn. Það gengur þvert á forsendur kenningarinnar.

Spyrja má hvort forsenda um að viðskiptamiðill í duldum viðskiptum sé einvörðungu reiðufé standist við íslenskar aðstæður. Norsk athugun bendir til að 80% af duldum viðskiptum séu gerð upp með reiðufé. Samsvarandi dönsk athugun bendir til að einvörðungu 35% duldra viðskipta séu gerð upp með reiðufé eða ávísun. Engar handfastar upplýsingar eru um þetta atriði varðandi Ísland. Þó má finna mörg dæmi þess að ávísanir hafi verið góður gjaldmiðill í ólöglegum viðskiptum.

Niðurstaða starfshópsins var því sú að ekki yrði byggt á peningamagnskenningum við mat á umfangi skattsvika við íslenskar aðstæður.

4.2 Samanburður úr þjóðhagsreikningum

Ein þeirra aðferða, sem gjarnan eru notaðar í erlendum athugunum til þess að fá vísbendingu um umfang skattsvika og breytingu milli ára, er samanburður á niðurstöðum þjóðhagsreikninga eftir mismunandi uppgjörsaðferðum. Þessi aðferð er oft nefnd þjóðhagsreikningaaðferðin. Tilgangur þjóðhagsreikninga er að mæla afrakstur þjóðarbúsins og mikilvægasta hugtakið eða stærðin í þessum reikningum er landsframleiðslan, þ.e. sú verðmætasköpun sem á sér stað í landinu.

Til þess að mæla landsframleiðsluna má nota þrjár aðferðir, sem nefndar eru ráðstöfunaruppgjör, framleiðsluuppgjör og tekjuskiptingaruppgjör[1]). Aðferðin við meta

1) Um skilgreiningu á hugtökum þjóðhagsreikninga og um lýsingu á uppgjörsaðferðum, sjá rit Þjóðhagsstofnunar, *Þjóðhagsreikningar 1973–1980,* júní 1985.

umfang skattsvika út frá þjóðhagsreikningum felst í því að bera saman niðurstöður tekjuskiptingaruppgjörs (eða framleiðsluuppgjörs) og ráðstöfunaruppgjörs. Þar sem tekjuskiptingaruppgjör liggur enn ekki fyrir í íslenskum þjóðhagsreikningum verður samanburður við ráðstöfun hér gerður út frá framleiðsluuppgjöri. Munur á tekjuskiptingaraðferð og framleiðsluaðferð er aðallega þessi:

Framleiðsluaðferðin byggist á því að skrá verðmætasköpunina þar sem hún á sér stað, þ.e. í einstökum fyrirtækjum og atvinnugreinum. Tekjuskiptingaraðferðin byggist aftur á móti á skráningu verðmætasköpunarinnar, þ.e. landsframleiðslunnar, eftir að þessum verðmætum hefur verið ráðstafað til framleiðsluþáttanna, vinnu og fjármagns, sem umbun fyrir notkun þeirra. Svo dæmi sé tekið þá er upplýsingum um launatekjur einstaklinga safnað úr framtölum þeirra sjálfra eða á hliðstæðan hátt í tekjuskiptingaruppgjörinu, en í framleiðsluuppgjörinu er athyglinni beint að vinnsluvirði fyrirtækjanna fyrst og fremst, en einnig einstökum þáttum þess eins og launagreiðslum.

Þar sem tekjuskiptingaruppgjörið í íslenskum þjóðhagsreikningum verður í veigamiklum atriðum byggt á framleiðsluuppgjörinu og stemmt af við það, skiptir ekki máli hvort uppgjörið er síðan borið saman við ráðstöfunina.

Mikilvægasta heimildin fyrir framleiðsluuppgjöri í íslenskum þjóðhagsreikningum er ársreikningar fyrirtækja eins og þeim er skilað til skatts. Þetta þýðir hins vegar ekki endilega að launatekjur samkvæmt framleiðsluuppgjöri séu þær sömu og framtaldar launatekjur á skattframtölum einstaklinga. Hér munar þó ekki miklu.

Þjóðhagsreikningaaðferðin við mat á umfangi skattsvika felst í aðalatriðum í því að bera saman landsframleiðsluna annars vegar eins og hún myndast í einstökum atvinnugreinum eða er talin fram til tekna og hins vegar eins og henni er ráðstafað. Þá er gengið út frá því að duldar tekjur séu dregnar undan í framleiðsluuppgjöri en að þær komi fram þegar þeim er ráðstafað. Mismunurinn gefi því vísbendingu um þær tekjur sem ekki koma til skatts. Hér þarf þó að hafa ýmsa fyrirvara.

Jafnvel þótt ekki væri um nein skattsvik að ræða gefa mismunandi uppgjörsaðferðir aldrei sömu niðurstöður um landsframleiðslu, þótt þær ættu fræðilega að gera það. Nægir þar að nefna mismunandi tímasetningu á greiðslum auk ýmissa álitamála og matsatriða í uppgjöri, sem nánar verður vikið að. Gildi þessarar aðferðar við leit að skattundandrætti rýrnar einnig ef t.d. heimildir framleiðsluuppgjörs eru að einhverju leyti notaðar í ráðstöfunaruppgjöri.

Matsskekkjur í ráðstöfunaruppgjöri, sem áhrif hafa á samanburð við framleiðsluuppgjör, geta verið margs konar. Innflutningshluti einkaneyslunar fæst yfirleitt með því að innflutningsverð er reiknað til smásöluverðs á grundvelli ákveðinna reiknistuðla sem eiga að ná til innlends kostnaðar og álagningar. Ekki er vissa fyrir því að þær fjárhæðir sem þannig fást svari nákvæmlega til hliðstæðra fjárhæða í reikningum fyrirtækja eins og þær birtast í framleiðsluuppgjöri. Annar óvissuþáttur er að margar innfluttar vörur fara ýmist til einkaneyslu eða eru aðföng atvinnurekstrar og þarf því að áætla skiptinguna. Þessi skipting getur verið óviss og kemur sú óvissa að fullu fram í einkaneyslunni.

Heimildir um innlenda framleiðslu vöru og þjónustu eru oft þær sömu í ráðstöfunaruppgjöri og framleiðsluuppgjöri, þ.e. ársreikningar fyrirtækja. Þetta rýrir gildi þjóðhagsreikningaaðferðarinnar til þess að áætla duldar tekjur, eins og áður sagði. Þótt heimildir séu þær sömu getur komið fram mismunur vegna ónógra upplýsinga um skiptingu veltu í atvinnugreinum eftir því hvort viðskipti eru við heimili (einkaneysla) eða fyrirtæki (aðföng). Dæmi af þessu tagi eru póstur og sími, flugrekstur og bifreiðaviðgerðir.

Að því er fjárfestingu varðar er farið með innflutning véla og tækja á svipaðan hátt og áður var lýst fyrir innfluttar neysluvörur. Ráðstöfunaruppgjör innlendrar byggingarstarfsemi byggir að miklu leyti á uppmargföldun á rúmmetraverði á grundvelli áætlaðs byggingarkostnaðar. Af ýmsum ástæðum getur reynst torvelt að bera þær niðurstöður

saman við upplýsingar úr ársreikningum byggingarverktaka og iðnmeistara. Má þar nefna að starfsemi þessara aðila nær einnig til viðhalds og þá bæði til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.

Heimildir um launagreiðslur eru ársreikningar fyrirtækja. Ef laun eru vantalin þar má leiða líkur að því að tekjum sé leynt á móti. Hér ætti því ekki að koma fram mismunur ef ársreikningar eru einnig notaðir í ráðstöfunaruppgjörinu. Svo er þó alls ekki alltaf og aðrar heimildir eru einnig notaðar. Má þar nefna, að útgjöld vísitölufjölskyldunnar eru stundum notuð og færð upp til heildarstærðar. Útgjöld samkvæmt þeirri aðferð geta orðið önnur en fram koma í ársreikningum. Fríðindagreiðslur, t.d. í formi bílastyrkja, geta fallið niður sé þeim leynt í framtöldum tekjum. Af því leiðir að laun eru vantalin en einkaneysla þarf ekki að vera það.

Ýmis óvissa getur leynst í uppgjöri á rekstrarafgangi. Má þar nefna óvissuna við matið á verðbólguleiðréttingu birgða. Hér mætti einnig nefna, að sé einkaúttekt eiganda einstaklingsfyrirtækis færð á rekstur verður rekstrarafgangur lægri sem því nemur og niðurstöður framleiðsluuppgjörsins einnig.

Af því sem hér hefur verið rakið má draga þá ályktun, að mismun uppgjörsaðferða megi rekja til margra ólíkra þátta sem tengdir eru ónákvæmni í útreikningum af þessu tagi. Einn þessara þátta eru vissulega skattsvikin, en þau verða ekki á haldbæran hátt aðgreind frá öðrum óvissuþáttum.

Í skýrslum Þjóðhagsstofnunar hafa verið birtar niðurstöður ráðstöfunaruppgjörs og framleiðsluuppgjörs fyrir árin 1973 til 1980 og lítur samanburður á niðurstöðum þannig út[1]):

Verg landsframleiðsla á verðlagi hvers árs

Ár	(1) Ráðstöfunar-uppgjör m.kr.	(2) Framleiðslu-uppgjör m.kr.	(3) Mismunur uppgjörs-aðferða í % (3) = (1)/(2) %
1973	968	965	0,3
1974	1.411	1.396	1,1
1975	2.013	1.957	2,9
1976	2.856	2.738	4,3
1977	4.119	3.892	5,8
1978	6.396	5.969	7,2
1979	9.439	8.783	7,5
1980	15.180	14.530	4,5
Skv. breyttri uppgjörsaðferð (nýja SNA-aðferðin)			
1980	15.505	14.530	6,7

Í Þjóðhagsstofnun liggja nú fyrir niðurstöður úr uppgjöri landsframleiðslu fyrir árin 1981 og 1982, þótt þær hafi enn ekki verið birtar. Séu þessar niðurstöður bornar saman við ráðstöfunaruppgjör fyrir sömu ár minnkar munurinn milli uppgjörsaðferða verulega frá því sem var árin á undan.

Mismunurinn er eftirfarandi:

1981 5,8%
1982 4,7%

1) Þjóðhagsstofnun: *Þjóðhagsreikningar 1973–1980,* Þjóðhagsreikningaskýrsla nr. 3, bls. 89, júní 1985.

Ráðstöfunaruppgjör áranna 1981 og 1982 er að vísu enn að nokkru leyti byggt á bráðabirgðatölum. Fyrri reynsla bendir til þess að endanlegar tölur gætu orðið hærri en bráðabirgðatölurnar og munur milli uppgjörsaðferða því heldur meiri en hér er sýndur. Engu að síður má telja víst að munurinn árin 1981 og 1982 sé minni en munurinn árið 1980.

Þegar kemur að því að ráða í þessar niðurstöður og meta hugsanlegt umfang skattsvika út frá þeim er mikill vandi á höndum.

Ráðstöfunaruppgjörið sýnir hærri landsframleiðslu öll árin og er það í samræmi við það sem búast mátti við fyrirfram. Athygli vekur hve munurinn fer ört vaxandi frá árinu 1973 til 1978 en stendur síðan í stað árið 1979 og snarminnkar árin 1980—1982. Sé litið á erlendar kannanir þá ná þær yfirleitt yfir mun lengra tímabil en hér er sýnt. Íslenskar tölur ná þannig líklega enn yfir of stuttan tíma til þess að draga af þeim afdráttarlausa ályktun um það hvort skattsvik hafi farið vaxandi undanfarin ár eða ekki. Rétt er einnig að nefna að verðbólga var mikil öll þau ár sem hér um ræðir. Mikil verðbólga veldur ýmsum vandkvæðum við reikningsuppgjör og hættan á skekkjum er því meiri sem verðbólgan er meiri. Áður var nefnd verðbólguleiðrétting birgða, sem gerð er í framleiðsluppgjöri. Árið 1982 nam þessi leiðrétting 6,6% af vergri landsframleiðslu sem var mun meira en mismunurinn á uppgjörsaðferðunum tveimur. Þetta sýnir hve álitamálin geta verið stór.

Sé litið á framangreindar tölur benda þær einar út af fyrir sig ekki til þess að dulin atvinnustarfsemi og skattsvik hafi farið vaxandi á síðustu 10—15 árum. Þessi aðferð og þessar tölur einar eru hins vegar ekki nægjanlegar til þess að staðhæfa að svo hafi verið.

Áður hafa verið raktar ýmsar ástæður fyrir því að mismunur getur verið á þeim tveimur uppgjörum þjóðhagsreikninga sem hér eru borin saman. Þessar skýringar geta gengið í báðar áttir, þ.e. að munurinn væri minni ef unnt væri að eyða matsskekkjum en einnig að hann væri meiri ef betri heimildir lægju fyrir um ráðstöfunina, þ.e. heimildir sem væru óháðar heimildum framleiðsluuppgjörsins. Að öllu samanlögðu virðist þó erfitt að rökstyðja út frá fyrirliggjandi gögnum að duldar tekjur hafi numið meira en 5—7% af vergri landsframleiðslu árin 1973—1982. Það skal enn ítrekað að hér er aðeins lýst einni tiltekinni aðferð við að meta umfang dulinnar atvinnustarfsemi og að sú aðferð hlýtur jafnan að vera verulegri óvissu háð að því er varðar áreiðanleika heimilda. Í þessu sambandi má nefna að þessi niðurstaða er mjög svipuð niðurstöðum sem fengist hafa með hliðstæðum aðferðum í nokkrum nágrannalöndum, t.d. í Svíþjóð.

Ef meta á hvaða áhrif framangreindur undandráttur tekna gæti hafa haft á skatttekjur hins opinbera þarf að huga að nokkrum atriðum. Ef tekjur væru taldar fram og greiddur af þeim skattur væri verð á þeirri vöru og þjónustu, sem er tilefni skattsvika, mun hærra en raunverulega greitt verð, þar sem þá þyrfti að reikna inn í verðið skatta af tekjum þess sem selur og einnig þyrfti í sumum tilvikum að bæta við söluskatti. Hærra verð á vöru eða þjónustu þýðir hins vegar að minna er keypt af henni en ella, eða með öðrum orðum að nokkur hluti þeirra viðskipta, sem voru tilefni skattsvika, hefðu aldrei átt sér stað. Hér má nefna sem dæmi að einstaklingar hefðu aldrei látið vinna tiltekin verk fyrir fullt verð eða að þeir hefðu unnið þau sjálfir. Á sama hátt byðu aðrir einstaklingar ekki fram tiltekna vöru eða þjónustu ef þeir þyrftu að standa skil á sköttum vegna þessarar starfsemi, þeir hefðu frekar kosið aukinn frítíma. Heildarumfang viðskipta hefði orðið minna en það hefur raunverulega verið. Á móti þessu kemur verðhækkun á þeim viðskiptum sem hafa verið tilefni skattsvika, þegar skattar eru reiknaðir með, eins og áður sagði. Hver endanleg niðurstaða magn- og verðbreytinga verður er ógerningur að áætla og hér verður því gert ráð fyrir að skattstofninn hækki um áðurnefnd 5—7% af vergri landsframleiðslu.

Til þess að áætla þær skatttekjur sem hið opinbera missir af þarf að áætla skatthlutfall þeirra viðbótartekna, sem kæmu til skatts. Hér munar mest um útsvar, tekjuskatt og söluskatt. Sé gert ráð fyrir að meðaljaðarskattur í tekjuskatti sé um 40%, eða 36% þegar tekið er tillit til 10% fastafrádráttar, útsvar 10% og sjúkratryggingagjald 2%, þá er

jaðarskattur í heild 48% miðað við álagningarár, en um 40% miðað við greiðsluár og 20% verðbólgu, eins og hún er áætluð milli áranna 1985 og 1986. Við þetta þarf síðan að bæta einhverju vegna söluskatts, e.t.v. um 12%, og er þá miðað við að nær helmingur dulinna viðskipta sé söluskattsskyld velta. Jaðarskattur í heild er þá 52%. Hér þarf einnig að hafa í huga að ekki er víst að allur sá munur á landsframleiðslu eftir mismunandi uppgjörsaðferðum, sem áður var nefndur, sé í raun skattskyldar tekjur. Af þessum sökum er raunverulegt skatthlutfall af duldum tekjum lægra en áðurnefnd 52%, e.t.v. um 45%.

Séu þessar forsendur dregnar saman verður niðurstaðan sú að skattstofn ársins 1985 ætti að vera hærri en hann raunverulega var sem næmi 5—7% af landsframleiðslu. Skattur af þessum viðbótarstofni væri þá á bilinu 2500 — 3500 milljónir króna á verðlagi ársins 1985. Þetta eru 6,8—9,5% af heildarskatttekjum hins opinbera. Hærri tölurnar eru þó sennilega ofmat m.v. tölur um mun landsframleiðslu eftir uppgjörsaðferðum árin 1981—1982. Líklegasta niðurstaðan er sú að þær skatttekjur, sem hið opinbera verður af vegna dulinna tekna, séu á bilinu 2500—3000 milljónir króna eða 7—8% af heildarskatttekjum. Ef þessar tekjur skiluðu sér til skatts en aðrir skattar yrðu lækkaðir á móti þannig að heildarskatttekjur hins opinbera héldust óbreyttar, mundi heildarskattbyrðin sem hlutfall af landsframleiðslu lækka úr 33% í um 31%. Jafnframt mundi þetta hafa áhrif á dreifingu skattbyrðarinnar. Hér hlýtur þó að vera um afar óvissa áætlun að ræða.

4.3 Möguleikar til skattsvika og tilraun til mats

4.3.1 Erlendar tilraunir

Sé hlutur dulinnar starfsemi í einstökum greinum þekktur má finna heildarumfang slíkrar starfsemi á tiltölulega einfaldan hátt.

Þeirri aðferð að meta hlut dulinnar starfsemi innan einstakra undirdeilda þjóðarframleiðslunnar hefur verið beitt í Ástralíu (Fisher 1982). Þar var litið á skiptingu þjóðarútgjalda og reynt að meta umfang dulinnar starfsemi eftir notkunarsviði framleiðslunnar. Útgjaldaþættir voru flokkaðir í eftirtalda fjóra flokka:

—Lágmark: Duldar greiðslur minni en 3% af útgjöldum skv. þjóðhagsreikningum.
—Óverulegar: Duldar greiðslur á bilinu 3—10% útgjalda.
—Marktækar: Duldar greiðslur á blinu 10—20 % útgjalda.
—Verulegar: Duldar greiðslur yfir 20% útgjalda.

Samneysla og opinberar fjárfestingar voru umsvifalaust taldar til lágmarksflokksins. Útflutningur og innflutningur var einnig talið til þess flokks, þó með örlitlum semingi. Einkaneysla og fjármunamyndun einstaklinga var tekin til rækilegrar skoðunar lið fyrir lið. Skal það ekki rakið frekar. Eftir að allir þættir þjóðarútgjalda höfðu þannig fengið viðhlítandi merkingu gaf höfundur sér að raunverulegar duldar greiðslur næmu 0% af útgjöldum til þeirrar vöru og þjónustu er fellur undir lágmarksflokkinn, 5% af útgjöldum vegna næsta flokks, 15% vegna þess þriðja og loks 25% vegna þess fjórða. Heildarumfang viðskiptanna taldist með þessum hætti nema 3—4% af vergri þjóðaframleiðslu.

Svipaðri aðferð var beitt gagnvart umfangi dulinna viðskipta í Bretlandi (Rose 1983). Þar var miðað við dreifingu mannaflans á atvinnugreinar en aðferðarfræði annars svipuð. Niðurstaða þar var að dulin atvinnustarfsemi bætti 4—7% við opinberar mannaflatölur.

Aðferð af þessu tagi hefur verið beitt til að meta umfang dulinna viðskipta í Sviss (Weck-Hannemann, Frey 1985). Niðurstaða þeirra var að dulin starfsemi bætti 2,9% við opinberlega þekkta starfsemi í Sviss árið 1975.

4.3.2 Gagnaöflun og tilraun til mats

Fljótlega í starfi nefndarinnar kom upp sú hugmynd að beita aðferðum á íslensk gögn er svipaði til þeirra er á undan voru nefndar.

Í samráði við skattyfirvöld var farið yfir ýmsa þætti atvinnustarfseminnar í landinu. Yfirferðin var bundin við svonefnda þriggja stafa ISIC skiptingu. Þær upplýsingar er safnað var vörðuðu:

1. Eftirlitskerfi skattyfirvalda.
2. Stærðardreifingu fyrirtækjanna í atvinnugreininni.
3. Hverjir eru kaupendur afurða greinarinnar.
4. Hvort vitneskju og þátttöku kaupenda afurðar sé krafist svo að viðskipti verði dulin.
5. Hvaða skattstofni undandráttur beinist að.

Skal nú nánari grein gerð fyrir eðli hvers þáttar fyrir sig og ástæðum þess að talið var að upplýsingar um viðkomandi þátt gætu varpað ljósi á möguleika fyrirtækis í atvinnugrein til að skjóta undan hluta tekna sinna:

1. Eftirlitskerfi skattyfirvalda. Þessi upplýsingakerfi eru:

a) Afurðamiðakerfi: Sem dæmi má nefna að sláturleyfishafar senda skattyfirvöldum upplýsingar um slátrun.

b) Varðandi útflutning: Skattyfirvöld fá upplýsingar unnar úr útflutningsskýrslum frá Ríkisendurskoðun.

c) Varðandi innfluting: Skattyfirvöld fá sams konar upplýsingar og er varða útflutning.

d) Launamiðakerfi: Launagreiðanda er skylt að senda skattyfirvöldum upplýsingar um launagreiðslur og verktakagreiðslur.

2. Stærðardreifing fyrirtækjanna. Samkvæmt nánar skilgreindum forsendum voru atvinnugreinarnar flokkaðar í þrennt eftir því hvort greinin einkenndist af:

a) nokkrum stórum fyrirtækjum og fáum litlum,

b) jafnstórum fyrirtækjum,

c) jafnari stærðardreifingu en í tilvikum a) og b).

Gengið var út frá að væru fyrirtæki mörg og stærðardreifing jöfn væri innra eftirlitskerfi þeirra slakara en ef um væri að ræða grein þar sem fyrirtæki væru tiltölulega fá.

3. Kaupendur vöru og þjónustu. Spurt var hvort sala afurða færi fram gegnum sölusamtök, hvort atvinnureksturinn væri helsti kaupandi eða hvort aðallega væri selt til neytenda.

Skattyfirvöld geta aflað mjög áreiðanlegra upplýsinga um sölu fyrirtækja gegnum sölusamtök. Sama á við ef vara eða þjónusta er fyrst og fremst seld til atvinnurekstrar. Tekjur eins fyrirtækis eru þá jafnframt kostnaður annars. Skattyfirvöld hafa þannig möguleika á að staðreyna fullyrðingar um sölu frá tveim hliðum. Sé afurð fyrst og fremst seld aðilum sem ekki eru bókhaldsskyldir verður slíkt verkefni erfiðara.

4. Hvort þátttöku kaupanda þyrfti til svo að undandrætti yrði við komið.

Sem dæmi má nefna að húsbyggjendum ber að skila upplýsingum um greiðslur til iðnaðarmanna á launamiðum. Vilji iðnaðarmaður ekki telja fram tekjur sínar vegna slíks starfs þarf að komast á samkomulag um að greiðslan verði ekki talin fram á launamiða.

Í mörgum tilvikum hefur kaupandi ekki framtalsskyldu til skattyfirvalda. Þar sem svo háttar þarf ekki samkomulag kaupanda og seljanda svo að af skattundandrætti geti orðið.

5. Hvaða skattstofni undandráttur beinist að. Fyrst og fremst var grennslast fyrir um hvort umtalsverður hluti framleiðslu og sölu greinarinnar væri söluskattsskyldur. Væri afurð söluskattsskyld var álitið að seljandi gæti boðið kaupanda hærri afslátt væri látið hjá líða að gefa skattalegar upplýsingar.

Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar eru sýndar í samandregnu formi í viðauka C.

Í ljósi upplýsinganna að framan var framleiðslugreinunum skipt í átta áhættuflokka.

Í fyrsta áhættuflokki lentu greinar þar sem opinber fyrirtæki og stofnanir eru fyrirferðarmiklar. Auk þess fyrirtæki sem undanþegin eru söluskatti, þar sem þátttaka kaupanda er nauðsynleg, fyrirtæki eða sölusamtök eru aðalkaupendur afurða og virkt eftirlitskerfi skattyfirvalda er til staðar.

Í áttunda áhættuflokki lentu m.a. greinar sem framleiða afurðir sem eru söluskattsskyldar, þar sem þátttöku kaupanda er ekki krafist, þar sem einstaklingar eru aðalkaupendur afurða og ekkert sérgert eftirlitskerfi skattyfirvalda er til staðar.

Á milli þessara jaðartilvika voru svo sex milliflokkar.

Merkingin var látin eiga við launagreiðslur atvinnugreinarinnar annars vegar og hreinan hagnað hins vegar. Þannig eru dæmi um atvinnugreinar er fengu mismunandi mat eftir því hvort um hagnað eða launagreiðslur var að ræða. Var þar m.a. stuðst við reynslu skattyfirvalda varðandi eðli undandráttar í viðkomandi atvinnugreinum.

Sett voru fram þrjú dæmi um mögulegan tekjuundandrátt greinanna:

Viðbót við hreinan hagnað eða launagreiðslur

Áhættuflokkur	Lágt tilvik	Meðaltilvik	Hátt tilvik
1	1%	1%	5%
2	2%	2%	10%
3	3%	3%	15%
4	5%	10%	20%
5	7%	15%	25%
6	9%	20%	30%
7	11%	25%	40%
8	13%	30%	50%

Á grundvelli þeirra merkinga sem nefndar voru hér á undan var mögulegur skattundandráttur greinanna reiknaður út. Fyrir hverja grein urðu til þrjú dæmi um mögulegan skattundandrátt. Væru laun ákveðinnar greinar merkt í áhættuflokk nr. 8 voru skattsvik vegna launa áætluð 13% í lága tilvikinu, 30% í meðaltilvikinu og 50% í háa tilvikinu. Sama á við varðandi hreinan hagnað væri hann merktur í áhættuflokk 8. Samtala undandregins hagnaðar og undandreginna launa er heildarundandráttur í atvinnugreininni. Lága og háa tilvikið er hugsað sem jaðartilvik. Þannig verður að teljast harla ólíklegt að þriðju hverri krónu sé skotið undan að meðaltali hjá öllum fyrirtækjum ákveðinnar atvinnugreinar.

Niðurstaða þessa mats var: Ef gengið er út frá lága tilvikinu mætti bæta 2,2% við verga þjóðarframleiðslu á árinu 1980 til að finna raunverulegt umfang efnhagsstarfseminnar það ár. Niðurstaðan varðandi meðaltilvikið var að bæta mætti 4,2% við verga þjóðarframleiðslu. Í háa tilvikinu reyndist viðbótin 9,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Undirstrika ber að 9,1% er niðurstaða sem fengin er með því að gera ráð fyrir mjög verulegum duldum tekjum hjá þeim sem á annað borð hafa möguleika til að dylja tekjur sínar.

Nefndinni var með erindisbréfi sínu falið að kanna hvort skattsvik megi rekja til ákeðinna starfsstétta og starfsgreina.

Mat á möguleikum innan atvinnugreinanna til að dylja tekjur er gert með hliðsjón af undiratvinnugreinum[1]). Grófari skipting fæst með því að slá atvinnugreinunum saman í yfirgreinar. Úrvinnslan í Yfirliti 1 miðast við yfiratvinnugreinarnar. Eftirfarandi atriði koma til álita þegar niðurstöður eru metnar:

Í fyrsta lagi kann að vera að mat á möguleikum atvinnugreina til að dylja tekjur sé byggt á röngum forsendum.

Í öðru lagi: Þó almennar forsendur séu réttilega fram taldar kann mat á einstaka atvinnugrein að vera rangt.

---

1) Nafngiftin undiratvinnugrein er hér notuð um atvinnugreinasundurliðun skv. þriðja staf ISIC staðalsins. Nafngiftin yfiratvinnugrein verður á sama hátt notuð um atvinnugreinasundurliðun skv. fyrsta staf ISIC staðalsins.

Í þriðja lagi: Þó möguleikamat sé byggt á réttum forsendum og einstakar undiratvinnugreinar réttilega merktar í samræmi við það kunna þær að nota sér möguleika sína með mismunandi hætti.

Þegar Yfirlit 1 er skoðað vaknar eðlilega sú spurning hversu miklu meira sé dulið af tekjum í þeim atvinnugreinum sem hafa mikla möguleika en í þeim greinum er hafa minnsta möguleika.

Þær upplýsingar sem nefndin byggir þennan þátt athugunar sinnar á leyfa ekki svör við þess háttar spurningum. Hins vegar má benda á niðurstöður annarrar athugunar sem raktar eru í kafla 4.4.

Yfirlit 1:

Möguleikar til að dylja tekjur, yfiratvinnugreinar

Minnstir	möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Landbúnaður, fiskveiðar, starfsemi hins opinbera, rekstur rafveitna, hita- og vatnsveitna, þ.e.a.s greinar er bera atvinnugreinanúmer 1 og 4 skv. alþjóðlegum staðli atvinnugreinaskiptingar (ISIC staðall).[a]
Nokkrir	möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Peningastofnanir, tryggingar og þjónusta við atvinnureksturinn, samgöngur, póstur og sími, geymslustarfsemi. Þ.e.a.s. atvinnugreinar með ISIC númer 7 og 8.
Allmiklir	möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Iðnaður, verslun, veitinga- og hótelrekstur. Þessar greinar hafa ISIC númer 3 og 6.
Miklir	möguleikar til dulinnar starfsemi og skattsvika: Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, ýmiss konar persónuleg þjónustustarfsemi. Þessar greinar hafa ISIC númer 5 og 9.[b]

a) Varðandi nánari sundurliðun atvinnugreina er falla undir þessa höfuðflokka atvinnugreinaskiptingarinnar vísast til viðauka C.

b) Rétt þykir að benda á að atvinnugrein 5, Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, er mjög samsett. Innan hennar rúmast bæði mannvirkjagerð hins opinbera og starfsemi handverksmanna.

Benda má á að niðurstöður varðandi heildarumfang dulinna viðskipta eru á svipuðu róli og niðurstöður Fishers og Rose varðandi Ástralíu og Bretland sem nefndar eru í kafla 4.3.1.

Starfshópurinn telur því rétt að álykta út frá þessum niðurstöðum að erfitt sé að rökstyðja að umfang dulinna viðskipta á Íslandi fari mikið fram úr 4—6% af vergri landsframleiðslu. Starfshópurinn finnur ekki réttlætingu fyrir ágiskun á borð við þá að umfang dulinna viðskipta á Íslandi séu um eða yfir 10% af vergri landsframleiðslu.

4.4 Spurningakönnun

4.4.1 Aðdragandi

Eins og fram kemur í kafla 3 hefur spurningakönnunum verið beitt á nokkrum stöðum erlendis til að ná fram upplýsingum um svört viðskipti eins og það er gjarnan kallað í því samhengi.

Að undirlagi nefndarinnar voru settar inn tíu spurningar um nótulaus viðskipti í spurningavagn Hagvangs í maí 1985. Tilgangurinn var tvíþættur. Annars vegar að afla reynsluraka fyrir áliti hópsins á umfangi skattsvika, hins vegar að afla gagna er mætti nota til samanburðar við nágrannalöndin, Noreg, Danmörku og Svíþjóð.

Spurningarnar fjölluðu um hvort aðspurður hefði keypt vöru eða þjónustu sem hann teldi að yrði ekki gefin upp til skatts. Þá var spurt hversu háa upphæð væri um að ræða næstu

12 mánuði á undan. Einnig var spurt um hvort viðmælandi hefði sjálfur tekið á móti greiðslum sem ekki hefðu verið taldar fram til skatts. Spurt var hvort viðmælandi myndi taka við tekjum utan skattakerfis stæði honum slíkt til boða. Loks voru nokkrar spurningar er vörðuðu afstöðu viðmælandans til skattsvika, hverja möguleika hann teldi skattayfirvöld hafa til að uppgötva skattsvik og hvaða aðgerðir viðkomandi teldi árangursríkastar til að draga úr skattsvikum.

Hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi helstu niðurstöður könnunarinnar. Varðandi nánari útfærslu spurninganna og nákvæmni talnalegra niðurstaðna vísast til viðauka.

4.4.2 Einkenni kaupanda

Í ljós kom að 15,9% aðspurðra kváðust hafa greitt fyrir þjónustu sem ekki væri gefin upp til skatts. Karlar reyndust nokkru umsvifameiri hvað þetta varðar, en 18,4% þeirra svöruðu spurningunni játandi en afturámóti aðeins 13,7% kvennanna.

Þar sem um úrtakskönnun er að ræða er ávallt nokkur hætta á að viðmælendurnir gefi ekki rétta mynd af atferli meðal-Íslendings. Með fullnægjandi vissu má þó fullyrða að þátttökuhlutfall karla liggi á bilinu 14,6—22,3% og að þátttökuhlutfall kvenna liggi á bilinu 10,3—17,1%.

Í ljós kom að þátttökuhlutfall eykst eftir því sem skólaganga einstaklingsins er lengri. Þannig töldu 36,8% þeirra er höfðu háskólapróf sig hafa keypt afurð utan skattakerfisins. Samsvarandi hlutfall þeirra er aðeins hafa lokið skyldunámi er 7,1%.

Tíðni kaupa utan skattakerfis aukast eftir því sem heimilistekjur aukast.

Hinn dæmigerði kaupandi er á aldrinum 25—40 ára.

4.4.3 Einkenni seljanda

Spurt var „Hefur þú sl. 12 mánuði haft tekjur sem þú hefur ekki gefið upp til skatts eða hyggst ekki gefa upp til skatts?". 11% aðspurðra svörðu spurningunni játandi. Aðeins 0,6% neituðu að svara. Karlar eru annað tveggja fúsari að viðurkenna verknað af þessu tagi eða þá iðnari seljendur en konur: 16,9% karla svara spurningunni játandi, en aðeins 5,3% kvennanna.

Marktækur munur er á atferli fólks hvað þetta varðar eftir starfsgreinum, sbr. meðfylgjandi töflu:

Tafla 1: Hlutfallslegur fjöldi þeirra er taka á móti óframtöldum tekjum eftir starfsgreinum

Starfsgrein	Hlutfall
Iðnaður og byggingarstarfsemi	21,0
Landbúnaður	7,4
Opinber þjónusta	3,8
Verslun og þjónusta	12,0
Sjávarútvegur	7,4
Heimavinnandi	8,3
Nemi	12,9
Lífeyrisþegi	(33,3)

Sú starfsgreinaskipting sem hér er víkur nokkuð frá atvinnugreinaskiptingu þeirri er kennd er við ISIC-staðal. Rétt er að hafa það í huga séu þessar niðurstöður bornar saman við atvinnugreinaskiptar upplýsingar aðrar í samantekt þessari.

Fyrir utan lífeyrisþega sem nánar verður komið að síðar eru þrjár starfsgreinar sem skera sig sérstaklega úr: Það er iðnaður með u.þ.b. tvöfalda þátttöku samanborið við meðaltalið. Auk þess ber að nefna nema og þá er vinna við verslun og þjónustu. Eins og

fram kemur annars staðar beinast kaup fyrst og fremst að afurðum iðnaðar og þjónustugreina. Það er því líklegt að starfsfólk í þeim greinum verði öðrum fremur til að sinna kvabbi er gert er upp nótulaust. Varðandi nema má geta sér þess til að þeir hafi tíma aflögu og sækist því hugsanlega eftir aukagetu.

Varðandi lífeyrisþega er rétt að geta þess að mjög fáir þeirra eru í úrtakinu og því varhugavert að draga miklar ályktanir af þeirri háu hlutfallstölu er hér er sýnd. Samtímis er rétt að benda á að háa tölu mætti styðja þeim rökum að lífeyrisþegar kunna að hagnast hlutfallslega meira af að dylja tekjur fyrir skattyfirvöldum en aðrir þegnar landsins. Tekjur ellilífeyrisþega hafa ekki einasta áhrif á væntanlegar skattgreiðslur heldur einnig væntanlegar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins þar eð upphæð svokallaðrar tekjutryggingar er háð tekjum liðins árs.

Svörin sýna að algengara er að ungt fólk taki á móti óframtöldum tekjum en eldra fólk. Tæp 22% þeirra sem eru 18—19 ára svara spurningunni játandi. Sama á við um 13—16% þeirra er eru á aldursbilinu 20—40 ára. Heiðarlegast hvað þetta snertir er fólk á aldrinum 50—59 ára, en aðeins tæp 3% þeirra svara spurningunni játandi.

Ekki var fundinn marktækur munur á atferli fólks hvað þetta snertir eftir búsetu eða heimilistekjum.

4.4.4 Tilraun til mats á umfangi nótulausra viðskipta

Þeir aðilar er svöruðu spurningunni varðandi kaup á afurðum utan skattakerfisins voru jafnframt spurðir um heildarupphæð slíkra kaupa undangengna 12 mánuði. Yfirlit yfir niðurstöður er gefið í töflu 2:

Tafla 2: Nótulausar greiðslur eftir greiðsluupphæð

Upphæð	Hlutfall
< 1.000	5,4
1.000— 4.999	14,7
5.000— 9.999	16,3
10.000— 14.999	9,3
15.000— 19.999	3,9
20.000— 24.999	6,2
25.000— 29.999	7,0
30.000— 49.999	8,5
50.000— 99.999	9,3
100.000—149.999	5,4
150.000—199.999	1,6
> 200.000	0,8

Til að reyna að meta þessar tölur var aflað upplýsinga frá Danmörku varðandi niðurstöður sams konar athugunar þar. Kom í ljós að tæp 90% svöruðu sams konar spurningu á þá leið að kaupupphæð væri undir DKK 5.000 sem samsvarar u.þ.b. 20.000 krónum íslenskum. Samkvæmt Isachsen og Ström (1981) má ráða að tekjur einstaklinga af nótulausum viðskiptum hafi í 78% tilfella verið undir NOK 5.000 á ári.

Upphæðirnar virðast þannig vera hærri í hverju tilviki fyrir sig hér á landi. Sú skoðun styrkist þegar tafla 2 er skoðuð nánar. Athygli vekur að tíðnidreifingin sem þar kemur fram hefur tvo toppa, annan við tiltölulega lága upphæð (5—10 þús.kr.) og hinn við mun hærri upphæð (50—100 þús. kr.).

Gerð var tilraun til að nota þær upplýsingar er að ofan koma fram til að meta heildarumfang nótulausra viðskipta í þjóðfélaginu. Var það gert með þeim hætti að úrtakinu var skipt eftir fæðingarári. Fundin var tíðnidreifing kaupupphæðar fyrir hvern árgang. Þá var

gengið út frá að alhæfa mætti um atferli hvers árgangs allra Íslendinga miðað við þær upplýsingar er lágu fyrir varðandi úrtakið. Þannig mátti áætla heildarfjölda kaupa í hverjum greiðsluflokki. Heildarupphæð kaupa var síðan fundin með því að áætla að meðalupphæð greiðslu í hverjum greiðsluflokki væri sem næst miðju bilsins. Þannig var áætlað að meðalgreiðsla í bilinu 5—10 þús. kr. væri 7.500 krónur.

Tafla 3: Heildarumfang nótulausra viðskipta

Upphæð greiðslu	Kaup, áætlaður heildarfjöldi	Kaup, áætluð heildarupphæð M.kr.
< 1.000	1.276	0,5
1.000— 4.999	4.004	12,0
85.000— 9.999	4.644	34,8
10.000— 14.999	2.627	32,8
15.000— 19.999	990	17,3
20.000— 24.999	1.730	38,9
25.000— 29.999	1.748	48,1
30.000— 49.999	1.639	65,6
50.000— 99.999	3.110	233,3
100.000—149.999	1.382	172,8
150.000—199.999	757	132,0
> 200.000	101	20,2
Veit ekki	2.908	93,1
Samtals	27.416	901,9

Samkvæmt ofangreindu áætlast heildarumfang nótulausra viðskipta u.þ.b. 902 m.kr. á tímabilinu maí 1984 til jafnlengdar 1985. Ætla má að verg þjóðarframleiðsla á sama tímabili hafi numið sem næst 85 milljörðum króna. Nótulaus viðskipti hafa því numið ríflega 1% af vergri þjóðarframleiðslu.

Nú er oft haldið fram að þau viðskipti er að framan greinir yrðu fyrst og fremst til að hækka launalið þjóðartekna ef bókhaldarar þjóðarhags kæmu tölum yfir. Gerum nú ráð fyrir að vantaldar tekjur vegna rekstrarhagnaðar fyrirtækja væru hlutfallslega jafnmiklar og samkvæmt ofangreindu á við um launaþáttinn. Þá má hækka fyrrnefnda áætlun um 225 milljónir króna. Heildarumfang nótulausra viðskipta yrði skv. því ríflega 1.100 milljónir króna. Þetta svarar til 1,3% af vergum þjóðartekjum á tímabilinu maí 1984 til maí 1985.

Nú er á það að líta að 54% þeirra er kaupa vöru og þjónustu með þessum hætti telja sig hafa fengið hana ódýrar en ef skattalega væri staðið rétt að málum. Einföld ágiskun gengur út á það að hækka megi töluna hér að ofan um 25—50%. Þetta má m.a. rökstyðja með að þó nokkur hluti þeirrar þjónustu sem um ræðir er söluskattsskyld. Seljandi getur þá veitt 25% afslátt að lágmarki án þess að „skaða“ sjálfan sig. Í öðru lagi er almennt álitið að í könnunum af þessu tagi séu upphæðir vantaldar. Kemur til gleymska og auk þess hugsanlega takmarkaður vilji til að viðurkenna verknað sem jafnvel gæti reynst ólöglegur. Til áréttingar má nefna að Isachsen og Ström (1981) reikna út heildarumfang nótulausra viðskipta með mörgum aðferðum, hafa enda aðgang að greinargóðum upplýsingum. Minnst umfang kemur einmitt upp þegar þeir beita aðferð svipaðri þeirri sem hér er notuð. Munnlegar upplýsingar þeirra er staðið hafa að sams konar könnunum í Danmörku hníga í sömu átt. Loks má nefna skiptiverslun. Að svo miklu leyti sem svarendur hafa haft slíkt í huga má ætla að tölulegar stærðir í slíku dæmi séu verulega vanmetnar.

Þegar allt er talið gæti því umfang nótulausra viðskipta numið allt að 2% af vergri þjóðarframleiðslu.

Til samanburðar má geta þess að niðurstöður Isachsens og Ström (1981) í sambærilegum útreikningum með norskum gögnum voru að heildarumfang nótulausra viðskipta (óleiðréttra) næmi 1,5% af vergri þjóðarframleiðslu. Óleiðréttu tölurnar fyrir Ísland er ⅔ hlutar þess.

4.4.5 Þjónusta sem keypt var

Spurt var hvers eðlis þjónusta sem keypt var hafi verið. Sú regla var viðhöfð að spyrjendur Hagvangs skrifuðu niður svörin. Reynt var að meta í hvaða atvinnugrein uppgefin viðskipti ættu heima. Á grundvelli þeirra upplýsinga og upplýsinga um upphæð greiðslu var umfang nótulausrar sölu eftir atvinnugreinum áætlað.

Ef miðað er við svokallaðan tveggja stafa ISIC staðal dreifast viðskiptin á 10 til 12 þessara atvinnugreina. Tvær greinar skera sig verulega úr. Það eru byggingargreinar og persónuleg þjónusta. Innan persónulegu þjónustunnar voru bílaþjónustugreinarnar áberandi. Á grundvelli úrvinnslu nefndarinnar á fyrrnefndum upplýsingum má setja upp eftirfarandi yfirlit:

Tafla 4: Nótulaus viðskipti eftir atvinnugreinum

Atvinnugrein	Áætluð heildarsala
Byggingargreinar	440 Mkr
Bílaþjónustugreinar	110 Mkr
Aðrar greinar persónulegrar þjónustu	88 Mkr
Aðrar greinar	264 Mkr
Samtals	902 Mkr

Gerð hefur verið tilraun til að meta talnalega breytingu á umfangi byggingar- og þjónustugreina, tækist að færa þessi viðskipti til bókar í þjóhagsreikningum. En áður en slíkir útreikningar eru gerðir þarf að gera upp við sig hvers eðlis þær tölur eru sem upp eru gefnar. Er um að ræða greiðslu fyrir vinnu einvörðungu eða vinnu og efni? Spurningin var vísvitandi orðuð þannig að spurt var um greiðslur fyrir þjónustu (vinnu). Ekki er þó hægt að útiloka að einhverjir hafi gefið hvort tveggja upp. Þegar almennt mat er lagt á niðurstöður er þetta eitt atriða er gæti dregið uppgefnar tölur upp fyrir raunverulegar. En eins og bent hefur verið á eru veigamiklar röksemdir fyrir að frekar sé vantalið en of. Því var ekki tekið tillit til þessa þegar mat var lagt á sennileika útreiknaðrar upphæðar í kafla 4.4.4. En þar sem verulegur hluti þessara viðskipta beinist að takmörkuðum atvinnugreinum þykir rétt að gera ráð fyrir þeim möguleika að umfang viðskipta **einstaka** atvinnugreina gæti verið ofmetið.

Því eru reiknuð tvö tilvik: Í öðru tilvikinu er gert ráð fyrir að uppgefin viðskipti eigi bæði við um efnisútvegun og vinnu, í hinu tilvikinu er gert ráð fyrir að uppgefin viðskipti eigi einvörðungu við vinnulaun. Niðurstöður eru sýndar í töflu 5 hér á eftir:

Tafla 5: Hækkun vergs vinnsluvirðis og rekstrartekna í völdum atvinnugreinum væru nótulaus viðskipti hrein viðbót við þessar stærðir

Atvinnugrein	Nótulaus viðskipti sem hlufall af: vergu vinnsluvirði	rekstrartekjum
Byggingargreinar	29%	16%
Bifreiðagreinar	13%	5%
Aðrar þjónustugreinar	16%	6%

Af töflu 5 má ráða að nokkur munur sé á hvort miðað er við vergt vinnsluvirði eða rekstrartekjur. Ætla má að „rétt" hlutfall sé einhvers staðar á milli þeirra talna sem sýndar eru í töflunni, þó sennilega nær hærri tölunni en þeirri lægri.

Af ofangreindu verður að draga þá ályktun að nótulaus viðskipti séu verulegt vandamál innan ákveðinna atvinnugreina þó svo að heildarumfangið sé tæpast umtalsvert sé miðað við niðurstöðurnar hér að framan.

4.4.6 Vilji til að taka á móti óskattlögðum tekjum

Afstaða viðmælanda til þess að taka á móti tekjum sem ekki þyrfti að telja fram til skatts var könnuð með spurningu er hljóðaði þannig: „Ef þú ættir kost á tekjum, sem þú þyrftir ekki að gefa upp til skatts, myndir þú þá þiggja þær?"

Niðurstaðan er ótvíræð. 70,3% aðspurðra segist munu taka móti slíkum tekjum, 11,1% segja kannski, og aðeins 14% neita ótvírætt.

Hlutfallslega fæstir þeirra er hafa skyldunáms- og háskólamenntun svara þessari spurningu með afdráttarlausu jái, eða 64 og 53%. Hins vegar svara 80,5% þeirra sem eiga að baki iðnnám, vélstjóranám eða stýrimannaskóla spurningunni játandi. Flest neiin eru hjá skyldunámsfólkinu og fæst hjá iðnmenntaða fólkinu. Afstaða háskólamenntaða hópsins er mjög hentistefnukennd. Þannig segjast 32,7% þeirra munu kannski taka á móti óskattlögðum tekjum!

Ein athyglisverðasta niðurstaða könnunarinnar tekur til dreifingar svara við þessari spurningu eftir aldri. Vísast til töflu 6 hvað talnalegar upplýsingar varðar:

Tafla 6: Vilji til að taka á móti óskattlögðum tekjum

Aldurshópur	Hlutfall er svarar: Já	E.t.v.	Nei
18—19 ára	90,6	6,3	3,1
20—24 ára	90,0	4,0	6,0
25—29 ára	77,8	11,1	11,1
30—39 ára	74,2	12,4	13,4
40—49 ára	73,1	14,2	12,7
50—59 ára	61,6	14,1	24,2
> 60 ára	55,8	16,3	27,9

Hlutfall svarenda undir 25 ára aldri sem svarar spurningunni játandi er ótrúlega hátt. Vera kann að sú staðreynd að margir þeirra er þar um ræðir þurfa að greiða skyldusparnað ráði nokkru um afstöðu þeirra. Sé svo kann að vera að þessi hópur upplifi opinbera skattheimtu þyngri en aðrir hópar.

4.4.7 Möguleikar skattyfirvalda á að uppgötva skattundandrátt

Spurt var hverjir möguleikar skattyfirvalda séu á að uppgötva skattundandrátt að mati svarenda. Niðurstöður voru þær að tæp 46% töldu að skattyfirvöld hefðu mjög mikla eða fremur mikla möguleika á að uppgötva skattsvik. Álíka stór hópur taldi möguleika skattyfirvalda fremur eða mjög litla.

Í þeirri norsku könnun sem nokkrum sinnum hefur verið vitnað til svöruðu 36% því til að þeir teldu möguleika skattyfirvalda fremur eða mjög mikla.

4.4.8 Aðgerðir til að draga úr skattsvikum

Spurt var hvaða aðgerðir væru líklegastar til að draga úr skattsvikum. Svör féllu þannig að 2,4% töldu áróður og auglýsingar áhrifaríkastar aðgerða, 34,4% vildu aukið eftirlit, 3,3%

einfaldara skattakerfi, 8% vildu lækka skatta og draga úr velferðarkerfinu, 4,3% vildu auka viðurlög við skattabrotum og 47,6% nefndu aðra hluti eða tóku ekki afstöðu.

4.4.9 Afstaða til fullyrðinga um skatta og skattundandrátt

Síðast var spurt um afstöðu fólks til þriggja fullyrðinga um skattaleg málefni.

Fyrsta fullyrðingin var: Það er skiljanlegt að fólk vilji vinna fyrir tekjum sem það getur skotið undan skatti.

75% aðspurðra voru alveg eða frekar sammála þessari fullyrðingu.

Önnur fullyrðingin var: Það eiga að vera þung viðurlög við að skjóta tekjum undan skatti.

Ríflega 85% aðspurðra voru alveg eða frekar sammála þessu.

Þriðja fullyrðingin var: Það er nauðsynlegt að hafa skatta svo háa sem raun ber vitni til að halda uppi velferðarþjóðfélaginu sem við búum við.

62% aðspurðra voru frekar eða alveg ósammála þessari fullyrðingu.

Rétt er að benda á að erfitt er að túlka svör við spurningum sem þessum. En draga má fram að fólk virðist vilja þung viðurlög við skattsvikum þó svo það virðist ekki telja viðurlög hafa varnaðaráhrif að gagni. Benda má á að margir telja sig fá lítið fyrir skattana sína.

Sem niðurstöðu varðandi afstöðu svarenda við ofangreindum fullyrðingum mætti segja að könnunin vekji fleiri spurningar en hún svarar.

4.4.10 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessarar könnunar tengjast annars vegar upplýsingum um tíðni nótulausra viðskipta og hins vegar umfangi þeirra. Í töflu 7 eru nótulaus viðskipti á Íslandi skv. könnuninni borin saman við niðurstöður sams konar kannana í Noregi, Danmörku og Svíþjóð:

Tafla 7: Tíðni nótulausra viðskipta á Norðurlöndum

	Ísland 1985	Noregur 1980	Noregur 1983	Svíþjóð 1979	Danmörk 1983–4
Fékk tekjur er ekki voru taldar fram	11,0	20	16	14	13
Greiddi öðrum aðila	15,9	29	25	19	20
Keypti og seldi	3,5	9	8	—	—
Samtals	23,4	40	33	—	—

Taflan ber með sér að tíðni kaupa er verulega lægri hér á landi en í Noregi og þó nokkru lægri en virðist vera í Danmörku og Svíþjóð. Sama gildir um tíðni sölu þó svo munurinn varðandi Danmörku og Svíþjóð sé ekki jafnafdráttarlaus. Í heild virðist mega ályktа að fjöldi þeirra er eiga nótulaus viðskipti sé nokkru lægri hér en í þeim þrem löndum sem nefnd voru.

Niðurstöður varðandi umfang nótulausra viðskipta er erfiðara að bera saman. Þó virðist mega ályktа að okkar viðskipti séu ⅔ af viðskiptum Norðmanna.

5 Umfang söluskattssvika

Nefnd sú sem starfar vegna fyrirhugaðrar upptöku á virðisaukaskatti á árinu 1987 hefur áætlað skiptingu söluskatts á árinu 1980 eftir stærstu liðum þjóðarútgjaldanna það ár.

Niðurstöður eru sem hér segir:

	Söluskattur 1980
	m.kr.
Einkaneysla	1.034
Samneysla	72
Íbúðabyggingar	101
Opinberar byggingar	23
Samgöngumannvirki	39
Skattskyld aðföng atvinnuvega o.fl.	201
	1.470

Áætlunin er gerð með þeim hætti, að söluskattur er áætlaður sérstaklega fyrir einkaneyslu, samneyslu, íbúðabyggingar og fjárfestingu hins opinbera. Samanlagður söluskattur samkvæmt þessari áætlun er borinn saman við tekjufærðan söluskatt í ríkisreikningi og mismunurinn er talinn vera söluskattur á aðföng og fjárfestingu atvinnuveganna. Hér er því ekki leitt fram það sem kann að vera dregið undan í söluskatti. Það er hins vegar ætlunin að gera með starfi þessarar nefndar. Hún hefur því leitast við að áætla beint þær fjárhæðir sem greiða ætti söluskatt af í fjárfestingu atvinnuveganna og aðföngum. Áætlun af þessu tagi hlýtur ávallt að verða afar lausleg því að óvissa kann að vera bæði í mati á hlutfalli söluskatts í einstökum liðum aðfanga og fjárfestingar og eins kunna liðirnir sjálfir að vera óvissir. En hvað sem þeim fyrirvörum líður urðu niðurstöður þessarar beinu áætlunar þær að söluskattur í fjárfestingum atvinnuveganna reyndist verða um 172 milljónir og söluskattur í rekstrarkostnaði um 219 milljónir. Samkvæmt því yrði söluskatturinn 1.660 milljónir. Samkvæmt ríkisreikningi er tekjufærður söluskattur að fjárhæð 1.469 milljónir. Þá er búið að draga frá 24 milljónir sem er endurgreiddur uppsafnaður söluskattur. Vangreiddur söluskattur samkvæmt þessu ætti því að vera mismunurinn á 1.660 milljónum króna og 1.493 milljónum eða 167 milljónir, sem eru rúm 11% af skiluðum söluskatti. Rétt er að benda á að þessi niðurstaða er ekki nákvæmlega sú sama og fæst skv. þjóðhagsreikningsaðferðinni, sbr. kafla 4.2.

Sú skoðun er nokkuð ríkjandi að hætta á undandrætti á söluskatti sé mest hjá smærri fyrirtækjum þar sem selt er beint til neytenda og eigendur sjá mest um viðskiptin og skráningu þeirra. Hins vegar er talið að hættan minnki þegar umsvif fyrirtækjanna verða meiri, bókhald stærri fyrirtækja sé oft betra en þeirra smærri og almennir launþegar annast viðskiptin og skráningu þeirra.

Ríkisskattsjóraembættið hefur látið gera fyrir virðisaukaskattsnefnd yfirlit yfir fyrirtæki á söluskattsskrá, þar sem þau eru flokkuð eftir stærð miðað við heildarveltu og jafnframt sýnd söluskattsskyld velta. Yfirlit þetta er fyrir árið 1981 og sundurliðast þannig í milljónum króna:

Veltubil	Heildarvelta	Fjöldi fyrirtækja	Söluskatts-skyld velta	Fjöldi fyrirtækja
m.kr.	m.kr.		m.kr.	
0 —1	1.361	6.251	935	4.753
1 —2	1.377	963	845	921
2 —10	5.812	1.327	3.107	1.276
10 —50	6.548	326	2.981	312
50 —100	2.574	36	1.028	34
100 og hærra	6.061	24	3.242	24
	23.733	8.927	12.138	7.320

Hlutföll af heild:

Veltubil	Heildarvelta	Fjöldi fyrirtækja	Söluskatts-skyld velta	Fjöldi fyrirtækja
m.kr.	%	%	%	%
0 —1	5,7	70,0	7,7	64,9
1 —2	5,8	10,8	7,0	12,6
2 —10	24,5	14,9	25,6	17,4
10 —50	27,6	3,7	24,6	4,3
50 —100	10,8	0,4	8,5	0,5
100 og hærra	25,5	0,3	26,7	0,3
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0

Samkvæmt þessu skila um 5% af fjölda þeirra fyrirtækja sem skila söluskatti tæpum 60% af skattinum en um 65% af fyrirtækjum tæpum 8%. Ef sú skoðun er rétt að stór fyrirtæki séu góðir skilendur ætti söluskattur ekki að skila sér eins illa og umræðan um söluskattssvik gefur tilefni til að ætla, en mjög erfitt er að gera einhvern samanburð við þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hjá opinberum aðilum.

6 Ástæður skattsvika

Sé reynt að gera sér grein fyrir ástæðum skattsvika virðist nærtækast að líta fyrst á skattkerfið sjálft og framkvæmd og eftirlit með skattlagningu. Þannig má gera ráð fyrir að einföldu skattkerfi með tiltölulega lágum skatthlutföllum, sem auðvelt er að hafa eftirlit með, fylgi minni skattsvik en flóknu skattkerfi með háum skatthlutföllum, sem erfitt er að hafa eftirlit með.

Hið opinbera leggur á skatta til að standa undir útgjöldum, bæði vegna opinberrar starfsemi og til ýmiss konar tilfærslna. Það skiptir því miklu máli að hið opinbera sýni fyllstu aðgát og ráðdeild við ákvarðanir um útgjöld. Ætla má að útgjöld til mála, sem af þorra fólks eru ekki talin vera hlutverk hins opinbera, eða útgjöld sem ívilna einstökum hópum á kostnað annarra, geri mörgum auðveldara fyrir að réttlæta skattsvik. Þessi útgjöld þurfa ekki að vera stór hluti af heildarútgjöldum hins opinbera til þess að þau hafi þessi áhrif.

Íslenska skattkerfið er almennt talið vera flókið og mörkin milli þess sem er löglegt og hins sem er ólöglegt því oft óljós. Lög um tekjuskatt eru flókin, m.a. af tveimur ástæðum. Annars vegar er ein meginregla skattalaganna sú að kostnaður við öflun tekna er frádráttarbær. Hér undir fellur allur venjulegur rekstrarkostnaður fyrirtækja. Slík regla hlýtur alltaf að verða flókin í framkvæmd og fela í sér margvísleg matsatriði. Hún er hins vegar óhjákvæmileg þegar skattur er lagður á hreinar tekjur, þ.e. tekjur að frádregnum kostnaði. Hér skiptir meginmáli að eftirlit með álagningunni sé þannig að skattþegnar beri virðingu fyrir því. Hins vegar eru í skattalögunum margvísleg ákvæði sem ætlað er að ívilna einstökum hópum eða hvetja til tiltekinna athafna. Slík ákvæði íþyngja mjög framkvæmd skattálagningar. Eftir því sem löglegir möguleikar til að komast hjá skatti eru meiri þeim mun minni verður virðing skattþegna fyrir skattalögunum. Slíkir sniðgöngumöguleikar gera skattheimtuna flóknari og erfiðari í framkvæmd og þeir grafa undan réttlætiskennd skattgreiðenda.

Samkvæmt því sem að framan segir getur skattkerfið sjálft haft veruleg áhrif á það hvernig viðhorf til skattsvika er. Þetta gildir tvímælalaust um núverandi söluskattskerfi. Söluskattur í núverandi mynd var fyrst lagður á hér á landi árið 1960 og var þá nokkuð almennur 3% skattur. Frá þessum tíma hafa aðstæður allar breyst mikið og viðskiptahættir tekið stakkaskiptum. Mikil fjölgun undanþága og aukin sérhæfing í atvinnulífinu samhliða

margföldun skatthlutfallsins veldur því að skattyfirvöld eiga í sívaxandi erfiðleikum með að koma á eðlilegri og réttlátri innheimtu skattsins. Gjaldendur eru í sífellt meiri óvissu um skattskyldu og markatilvikum fer ört fjölgandi. Það nálgast því að innheimta söluskatts í núverandi mynd verði óframkvæmanleg en slíkt getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir tiltrú skattþegnanna á réttláta framkvæmd skattheimtu.

Há skatthlutföll hafa áhrif á umfang skattsvika. Eftir því sem skatthlutföll eru hærri þeim mun meiri er ávinningurinn af því að komast hjá skatti. Há skatthlutföll hvetja til þess að nýta sér sniðgöngumöguleika til hins ýtrasta og þá er oft stutt yfir í ólöglegt athæfi. Sambandið milli skatthlutfalla og skattsvika er ekki einhlítt. Athuganir erlendis hafa ótvírætt sýnt fram á það tölfræðilega að hærri skatthlutföll þýða meiri skattsvik en á hinn bóginn er ekki við því að búast að verulega dragi úr skattsvikum þótt skatthlutföll séu lækkuð, nema um verulega lækkun væri að ræða. Ástæður fyrir þessu geta verið ýmsar. Þannig má nefna að ávinningur af skattsvikum verður áfram umtalsverður þótt skatthlutföll væru lækkuð nokkuð. Hér má nefna að mikilvægasta ákvörðunin í þessu sambandi er væntanlega fyrsta ákvörðunin, þ.e. í fyrsta skipti sem skattsvik eru framin. Þegar ísinn er einu sinni brotinn er framhaldið auðveldara. Lækkun skatthlutfalla hefur þannig fyrst og fremst áhrif í þá átt að draga úr fjölda þeirra sem fara út í skattsvik.

7 Varnir gegn skatta- og bókhaldsbrotum

7.1 Inngangur

Til þess að unnt sé með einhverri skynsemi að benda á úrræði til varnar gegn skattabrotum er nauðsynlegt að gera grein fyrir þeim úrræðum sem nú eru tiltæk, hvernig þau hafa reynst, svo og fyrir einkennum þeirrar háttsemi sem úrræðunum er beint gegn. Rétt þykir, að þessi umfjöllun taki ekki einungis til skattabrotanna sjálfra, heldur og til bókhaldsbrota, bæði vegna þess að einkenni þessara brotaflokka eru svipuð og af því að náið samband er milli þeirra í flestum meiri háttar skattsvikamálum, þar sem skattabrot eru framin í tengslum við atvinnurekstur einstaklinga og lögaðila. Bókhaldsbrot eru yfirleitt nauðsynleg til að dylja skattabrot, eða með öðrum orðum sagt: rétt fært bókhald auðveldar alla sönnun fyrir skattabrotum.

7.2 Einkenni efnahagsbrota

Skatta- og bókhaldsbrot hafa mörg einkenni svokallaðra efnahagsbrota og eru oft flokkuð með þeim[1]). Brot þessi eru alla jafna skilgreind sem ólögmætar og refsiverðar athafnir, sem framdar eru kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

Starfsemin og þar með brotin eru yfirleitt flókin og torskilin fyrir allan þorra almennings og því aðeins á færi sérfræðinga að átta sig á þeim til fulls og fjalla um þau við rannsókn mála. Rannsóknaraðilar hafa fáum nægilega færum sérfræðingum á að skipa. Jafnframt er um háar fjárhæðir að ræða, miklu hærri en í velflestum þjófnaðar- og fjársvikamálum. Kannanir benda til að tjón þjóðfélagsins af efnhagsbrotum sé talsvert meira en af hefðbundnum brotum eins og ofbeldisbrotum og auðgunarbrotum.

1) *Economic Crime* (útg. af Evrópuráðinu 1981), bls. 11—12, Appendix to Recommendation No. R(81)12; P.O. Träskman: *„Economic Criminality"*, Crime and Crime Control in Scandinavia 1976—80 (útg. af Norræna sakfræðiráðinu 1980), bls. 7—15; P.O.Trškman: *„En modell för forskning af ekonomiens kriminalitet"*, Ekonomisk brottslighet (Rapport 1979:1), bls. 51-60; Jörgen Jepsen o.fl.: Økonomisk kriminalitet (Khöfn 1980); Bo Svensson: *„Economic Crime in Sweden"*, Scandinavian Criminal Policy and Criminology, 1980—85 *(1985)*.

Viðhorf almennings eru tvíbent gagnvart efnahagsbrotum. Menn upplifa þau ekki sem afbrot á sama hátt og t.d. þjófnað eða líkamsárás. Tengslin við löglegan atvinnurekstur, þar sem margir njóta góðs af, eiga sinn þátt í þessu viðhorfi, sömuleiðis að fórnarlömbin eru gjarna óljós eða ótiltekin og tjónið óskilgreint.

Lítið er vitað um efnahagsbrot í samanburði við hin hefðbundnu brot eins og ofbeldisbrot og auðgunarbrot. Fá brot koma upp á yfirborðið og sæta rannsókn. Stafar það sumpart af því að fáir telja sig hafa tilefni til eða hafa áhuga á að kæra brot. Sumpart stafar það af því hversu erfitt er að staðreyna og meta tjón fyrir þjóðfélagið og einstaklingana. Þá má og nefna að hinir kærðu eru oft fjársterkir aðilar er láta einskis ófreistað að fá sér eins góða vörn og aðstoð og kostur er á.

Ríkið, sem virkur aðili í efnahagslífinu, á stundum erfitt um vik í eftirlitshlutverki sínu gagnvart keppinautum og öðrum. Slakt eftirlit kemur m.a. fram í rannsókn mála, málsmeðferð og ákvörðun viðurlaga.

Rannsóknir erlendis benda til að starfsemi sé mikil á sviði efnahagsbrota. Ýmis rök eru til að álykta að slík brot séu einnig tíð á Íslandi, kannski hlutfallslega tíðari en hin hefðbundnu brot, þar sem fámenni og kunningsskapartengsl hér á landi stuðla fremur að efnahagsbrotum, þar sem aftur á móti slíkar aðstæður styrkja hið félagslega taumhald nærhópsins þegar um hefðbundin brot er að tefla. Ætla má að hér á landi ríki talsvert umburðarlyndi gagnvart ýmsum tegundum efnahagsbrota. Einnig má nefna óeðlilega þenslu í efnahagslífinu samfara mikilli verðbólgu, mikilli yfirvinnu og aukaverkefnum, sem eru í ríkari mæli óskráð en almenn dagvinna. Loks má nefna gífurlegan fjölda smáfyrirtækja með takmarkað ytra sem innra eftirlit[1]).

7.3 Skattalög og skattabrot

7.3.1 Heimildir

Athugun á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 10/1960 um söluskatt, með áorðnum breytingum, leiðir í ljós, að skattyfirvöld og dómstólar ráða yfir margs konar úrræðum til eftirlits, rannsóknar og viðurlaga vegna brota á umræddum skattalögum. Skulu nokkur atriði þeirra rakin.

(a) *Refsiákvæði* laganna eru mjög víðtæk að því er verknaðarlýsingar þeirra varðar, þar sem þau taka til allra hátternisreglna laganna, eftir því sem við getur átt, að því tilskildu að athöfn eða athafnaleysi skipti máli um skattákvörðun eða varði framtal skattaðila, og það þótt upplýsingar hafi ekki áhrif á skattskyldu hans eða skattgreiðslur, sjá 107. gr. laga nr. 75/1981 og 25. gr. laga nr. 10/1960. Sum ákvæði laganna eru mjög háð mati og því illa löguð til að vera refsiheimildir, m.a. af því að þau kunna að vera háð reikningsskilavenjum, t.d. 31. gr. og 59. gr. laga nr. 75/1981.

(b) *Eftirlits- og rannsóknarheimildir skattyfirvalda* eru víðtækar, sbr. 94. og 102. gr. laga nr. 75/1981 og 15. — 17. gr. laga nr. 10/1960. Ekki er þó heimild til húsleitar án sérstaks dómsúrskurðar. Ýmiss konar þagnarskylda verður að víkja fyrir rannsóknarheimildum skattyfirvalda, sbr. 3. mgr. 94. gr. laga nr. 75/1981 og Hrd. XXXVI (1965), bls. 930, en þar var því slegið föstu að stjórnendum banka væri skylt að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar er þau beiðast og unnt er að gefa. Gengi sú sérstaka skylda framar hinu almenna ákvæði 17. gr. laga nr. 11/1961 um bankaleynd Landsbanka Íslands.

---

1) Sjá Hildigunnur Ólafsdóttir: *„Kriminalitetstendenser i Island"*, Nordisk Tidsskrift for Kriminalvidenskab 1985, bls. 88.

(c) *Rannsókn og meðferð skattsvikamála* ætti að geta verið skjótvirk og vönduð ekki síður en í öðrum refsimálum, sbr. ákvæði 108. gr. laga nr. 75/1981 og 26. gr. laga nr. 10/1960 um valkvæða meðferð hjá ríkisskattanefnd eða hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómi. Með lögum nr. 27/1985 um breytingu á lögum nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, var kveðið svo á að „mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota“ skuli að jafnaði sæta meðferð í Reykjavík og að nægilegt sé að kveðja til dómstarfa einn kunnáttumann sem meðdómanda þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf. Ættu þessar breytingar að stuðla að skilvirkari meðferð mála, svo langt sem þær ná.

(d) Til viðbótar venjulegum refsingum, skattsektum og refsivist, *má* — og stundum *skal* beita svo kölluðu *álagi*, eins konar refsiskatti, sem ekki er háð jafnströngum skilyrðum og refsingarnar, sbr. 106. gr. laga nr. 75/1981 (heimild) og 21. gr. laga nr. 10/1960 (skylda). Skattur af álagi dregst frá sektarfjárhæð vegna tekju- og eignarskattsbrota, en álagið sjálft dregst frá sekt fyrir söluskattsbrot, sbr. 107. gr. og 25. gr. ofangreindra laga.

(e) *Refsimörk* skattalaga hafa verið rýmkuð nægilega með lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 10/1974 og lögum nr. 33/1982 um breytingar á söluskattslögunum nr. 10/1960. Gefa lögin nú svigrúm til að refsa fyrir skattabrot svipað og fyrir auðgunarbrot samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti varðar brot auk sektar varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Fésekt má ákveða allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin eða sem áætlun reyndist of lág, sbr. nánar 107. gr. laga nr. 75/1981 og 25. gr. laga nr. 10/1960.

(f) Allstrangar reglur gilda um *fyrningu* skattabrota, sbr. 6. mgr. 108. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. einnig 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga eins og henni var breytt með lögum nr. 20/1981. Fullnægjandi heimildir eru til að bera niður á *tilraun* og *hlutdeild* í brotum, sjá 4. og 7. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 4. og 7. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960.

(g) Heimildir eru til að *sekta lögaðila* á hlutrænum grundvelli (án sakar). Jafnvel þótt refsiábyrgð sé aðallega lögð á fyrirsvarsmann lögaðilans, má til viðbótar gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu, sjá 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960. Sjá dóma sakadóms Reykjavíkur 2. og 10. desember 1985 (söluskattsbrot).

(h) *Svipting starfsréttinda* er heimil skv. 68. gr. (einkum 2. mgr.) almennra hegningarlaga og 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960. Einungis dómstólar geta beitt þessum viðurlögum, sbr. Hrd. XLI (1970), bls. 834 (svipting heildsölu- og smásöluleyfis). Í framangreindum dómum sakadóms Reykjavíkur þóttu ekki næg efni til sviptingar starfsréttinda, þótt sakir þættu miklar.

7.3.2 Framkvæmd

Ekki þarf langrar athugunar við til að sjá að óhemjubreitt bil er milli lagaheimilda annars vegar og réttarframkvæmdar hins vegar, þ.e. hjá skattyfirvöldum, rannsóknarlögreglu, ákæruvaldi og dómstólum. Ástæður linkindar á þessu sviði réttarins eru a.m.k. að hluta til þær sem lýst var í 2. kafla um einkenni efnahagsbrota. Skulu hér reifuð þrjú megineinkenni framkvæmdarinnar.

(a) *Skortur á tækjum og vinnuafli.* Lengi hefur verið skortur á starfsfólki, einkum sérmenntuðu fólki með nægilega reynslu, til þess að hafa með höndum skatteftirlit, endurskoðun framtala og rannsókn bókhalds. Hefur jafnvel ekki reynst unnt að halda í horfinu vegna aukins vinnuálags á skattyfirvöld. Krafist er æ meiri upplýsinga úr skattframtölum handa ýmsum stofnunum, skatttegundum fer fjölgandi og skattalög verða sífellt flóknari, m.a. vegna ýmissa valkosta fyrir skattaðila. Skattyfirvöld hafa æ minni tíma til að yfirfara og endurskoða skattframtöl. Dregur þannig smám saman úr áhættu skattaðila og ótta við afleiðingar vanrækslu eða rangrar skýrslugjafar. Talsvert vantar á að skattyfir-

völd hafi yfir nægilega fullkomnum og stórvirkum tölvubúnaði að ráða til þess að annast endurskoðun skattframtala.

(b) *Rannsókn og meðferð skattsvikamála* einkennist talsvert af tregðu og áhugaleysi, ekki síst hjá ákæruvaldi og dómstólum. Undirrót þeirrar tregðu virðist þó fyrst og fremst vera áhugaleysi og tvíbent viðhorf almennings og fjölmiðla.

(c) *Heimildir til ákvörðunar refsinga og annarra viðurlaga* eru mjög sparlega notaðar, svo að ekki sé meira sagt. Ríkisskattanefnd beitir sjaldan álagi eða skattsektum. Sárafá mál koma fyrir dómstólana. Viðurlög eru væg, hvort sem eru sektir eða refsivist. Refsivist er ætíð skilorðsbundin, nema um hegningarlagabrot sé jafnframt að ræða, t.d. skjalafals, rangfærslu skjala, fjársvik eða fjárdrátt, sbr. Hrd. XLI, bls. 834.

7.4 Bókhaldslög og bókhaldsbrot

7.4.1 Heimildir

Um bókhald og bókhaldsskyldu gilda lög nr. 51/1968, sbr. lög nr. 47/1978, og reglugerð nr. 417/1982. Víðtæk ákvæði um bókhaldsskyldu eru í 2. gr. laganna, sbr. 3. og 4. gr. þeirra. Að öðru leyti hafa lögin að geyma ákvæði um bókhaldið sjálft og ársreikninga. Nánari ákvæði um bókhaldið, notkun hjálpargagna, fylgiskjöl og geymslu bókhaldsgagna er að finna í reglugerðinni. Hér á eftir verður drepið á nokkur atriði varðandi málsmeðferð og viðurlög.

(a) *Ekkert sjálfstætt refsiákvæði er í bókhaldslögunum.* Í 25. gr. þeirra segir það eitt, að fyrir brot gegn lögunum skuli refsað samkvæmt ákvæðum í almennum hegningarlögum. Er þar einkum átt við 158. gr. um rangfærslu skjala og 262. gr. um vanrækslu að halda lögskyldar bækur og stórfellda óreglusemi í bókhaldi. Sérákvæði eru í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, og 4. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981.

(b) *Hið almenna refsiákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga* er að ýmsu leyti ófullkomið. Það tekur ekki til vanrækslu um einstakar færslur, nema um „stórfellda óreglusemi“ sé að ræða. Slíkt er mjög matskennt, auk þess sem sakborningur nýtur túlkunarvafans og nokkuð mikið þarf til samkvæmt orðalagi þessu. Ef vanrækt er að halda lögskyldar bækur þarf að sýna fram á ásetning. Jafnvel stórkostlegt hirðuleysi dugir ekki, nema slík vanræksla verði flokkuð undir stórfellda óreglusemi. Þá eru *refsimörk* ákvæðisins mjög væg: sektir eða varðhald. Fyrir grun um slík bókhaldsbrot verður maður því ekki úrskurðaður í gæsluvarðhald, nema eitthvað annað komi til, svo sem rangfærsla skjala skv. 158. gr. almennra hegningarlaga.

(c) Einstaklingur eða lögaðilar *verða ekki sektaðir á hlutrænum grundvelli* (án sakar) fyrir bókhaldsbrot.

(d) Ákvæði almennra hegningarlaga um *tilraun, hlutdeild* og *fyrningu* eiga beinlínis við, þar sem um þessi bókhaldsbrot er mælt í lögunum sjálfum. Fyrningarfrestur er nú ekki skemmri en fimm ár um sök samkvæmt 262. gr., sjá 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981.

(e) *Svipting starfsréttinda* er heimil samkvæmt almenna ákvæðinu í 68. gr. (einkum 2. mgr.) almennra hegningarlaga. Einungis dómstólar geta beitt slíkri réttindasviptingu.

(f) *Eftirlits- og rannsóknarheimildir skattyfirvalda* gilda því aðeins, að um skatteftirlit sé að ræða eða rannsókn á ætluðum skattabrotum. Með erindisbréfi frá fjármálaráðherra hefur skattrannsóknarstjóra verið falin umsjón með framkvæmd bókhaldslaga með skírskotun til laga nr. 51/1968, með því m.a. að virkja starfsfólk skattstofanna til bókhaldseftirlits og efna til námskeiða eða annarrar þjálfunar í samráði við ráðuneytið.

Samkvæmt 2. mgr. 28. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 7. gr. laga nr. 33/1982, og 2. mgr. 119. gr. laga nr. 75/1981 getur fjármálaráðherra með reglugerð sett nánari fyrirmæli um m.a. sérstakt bókhald framtalsskyldra aðila, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabók-

hald, skráningu í bókhald, á reikninga o.fl., form reikningsskila, löggildingu bóka og gagna, færslu þeirra og geymslu, sbr. reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt og reglugerð nr. 417/1982 um bókhald.

(g) *Bókhaldsbrot* sæta venjulegri meðferð opinberra mála, sbr. 24. gr. almennra hegningarlaga. Heimilt er að ljúka málum með dómsátt skv. 112. gr. l. 74/1974. Rannsókn bókhaldsbrota fer alfarið fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins skv. 1., sbr. 2. gr. rg. 253 1977, að því leyti sem hún tengist ekki rannsókn skattabrota hjá skattyfirvöldum. Engin örugg lagaheimild er til þess að viðhafa sömu stjórnsýslumeðferð á bókhaldsbrotum sem skattabrotum, sbr. frávísunarúrskurði ríkisskattanefndar nr. 265/1984 og 428/1984. Ekki er þetta þó ótvíræð niðurstaða að því er varðar bókhaldsbrot söluskattsskyldra aðila, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 4. gr. laga nr. 33/1982, ákvæði söluskattsreglugerðar og Hrd. XLI, bls. 834. Það er ekki fullljóst hvort hið nýja ákvæði laga nr. 27/1985, þess efnis að mál vegna meiri háttar skatta- og efnahagsbrota skuli að jafnaði sæta meðferð í *Reykjavík*, eigi við um hrein bókhaldsbrotamál. Miðað við almennar skilgreiningar á efnhagsbrotum er eðlilegt að fella slík mál undir ákvæðið.

7.4.2 Framkvæmd

Almennt má segja um rannsókn og meðferð bókhaldsbrota, að þau séu ekki tekin alvarlega nema jafnframt sé um skattabrot að ræða, og þá nánast sem lítt áberandi fylgifiskar skattabrotanna. Í framkvæmd eru bókhaldsbrot yfirleitt ekki rannsökuð sérstaklega, heldur í tenglsum við skattabrot, gjaldeyrisbrot eða önnur brot, sbr. Hrd. XLI, bls. 834; XXVIII, bls. 628. Ekki er vitað til þess að mál hafi verið rekið og dæmt út af bókhaldsbrotum einum sér.

7.5 Skatteftirlit

Starfshópurinn er þeirrar skoðunar að lélegt skatteftirlit sé ein alvarlegasta brotalömin í íslenskum skattamálum. Skatteftirlitið þarf því að styrkja og telur starfshópurinn í því skyni nauðsynlegt að breyta bæði skipulagi, starfsháttum og stjórnun skattkerfisins, þannig að starfsemi þess verði markvissari og eftirlit skilvísara.

Fjármálaráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd skattalaga í landinu. Til að sinna því verkefni hefur verið komið á fót deild í fjármálaráðuneytinu (tekjudeild) en að skattamálum starfa þar nú tveir menn. Færa má rök að því að svo fámenn deild sé lítt fær um að takast á við þá heildarstjórnun sem margbrotið skattkerfi þarfnast.

Hjá embætti ríkisskattstjóra liggja lagaheimildir til eftirlits með störfum skattstjóra og samræmingar á störfum þeirra. Þessar heimildir hafa í reynd verið túlkaðar á þann veg af stjórnvöldum, að hlutverk ríkisskattstjóra sé eingöngu að leitast við að samræma skýringar og gefa út leiðbeiningarreglur varðandi úrskurð vafaatriða. Í stjórnunarmálum skattkerfisins sé ríkisskattstjóri heimildalítill og það sé ekki hlutverk hans að hlutast til um innri málefni skattstofanna á nokkurn hátt svo sem um vinnubrögð eða verkaskiptingu.

Samkvæmt framanskráðu eru skattstofurnar í reynd sjálfstæður ákvörðunaraðili um eigin vinnubrögð og innri verkstjórn. Skattstofurnar lúta ekki verkstjórnarvaldi ríkisskattstjóra. Ákvörðunarvald skattkerfisins er því dreift og vinnubrögð ósamræmd og heildarskipulagi er ábótavant. Sem dæmi má nefna, að á hverri skattstofu er unnið úr þeim framtölum sem skattgreiðendur í viðkomandi skattumdæmi skila. Þannig er unnið úr atvinnurekendaframtölum í öllum skattstofum svo og einstaklingsframtölum, óháð því hvort hæfur mannskapur er fyrir hendi á öllum stöðum. Sérhæfing á sér eingöngu stað innan hverrar skattstofu, en henni verður tæpast við komið nema á tveimur til þremur stærstu stofunum og það að takmörkuðu leyti. Skattkerfið hefur tölvuvæðst myndarlega undanfarin ár. Framtöl eru unnin til tölvuvinnslu og keyrðir út listar til frekari úrvinnslu sem sjaldan eða

aldrei er framkvæmd vegna skorts á menntuðu eða þjálfuðu starfsfólki, Skattstofurnar hafa ekki megnað að ráða til sín nægilega hæft og menntað starfsfólk og er knýjandi nauðsyn að bæta hér úr, en það verður eflaust ekki gert nema með skipulagsbreytingu. Launamál koma hér einnig til sögunnar svo og skortur á markvissu fræðslustarfi. Löggjafinn sjálfur hefur og aukið á vandkvæði skattstofanna með margvíslegum upplýsingakvöðum og sífelldum skattalagabreytingum, sem bæði hafa truflað eðlilega starfsemi skattstofanna og í vissum tilvikum aukið undankomuleiðir skattaðila. Í stórum dráttum má fullyrða að skattstofurnar séu, eins og málum er háttað nú, allsendis ófærar um að sinna eftirlitsskyldu sinni. Áhættan af skattsvikum er mjög lítil, refsing nánast engin en hagnaðurinn verulegur. Yfirstjórn skattamála er ábótavant og þarf að bæta. Það skortir á markvissa heildarstjórn og nútímaleg vinnubrögð og þjálfað, menntað starfsfólk. Hjá skattrannsóknarstjóra á sér nú stað eina raunhæfa skatteftirlitið í landinu. Þar hefur verið bætt við starfsfólki undanfarið og margt bendir til þess að árangur í starfi embættisins fari vaxandi.

8 Ábendingar um úrbætur

Augljóst er af því sem nú hefur verið rakið að mikið vantar á að skattsvik séu tekin þeim tökum sem tíðkast t.d. um hin hefðbundnu auðgunarbrot. Sæmilega er séð fyrir lagaheimildum, raunar betur í skattalögum en bókhaldslögum, en meinsemdanna er einkum að leita í skipulagi og framkvæmd þessara mála. Skal hér bent á nokkur atriði sem til úrbóta horfa.

8.1 Skattalög og skattaframkvæmd

(a) *Skattalög þarfnast einföldunar.* Aftur hefur sigið á ógæfuhliðina fyrir lögum um tekjuskatt og eignarskatt síðan 1978, sbr. stofnlögin nr. 40/1978, lög nr. 75/1981 og síðari breytingar. Undanþágum, frádráttarliðum og valkostum hefur sífellt fjölgað. Einfalda má lögin með því m.a. að koma til móts við mismunandi sérþarfir í tryggingalöggjöf, húsnæðislöggjöf og kjarasamningum í stað þess að gera það í skattalögum. Raunar var bent á það í skýrslu til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), að skattstofnar þurfi að vera skýrt afmarkaðir, undanþágur og sérreglur sem fæstar og greiðsluskylda auðreiknanleg[1]). Niðurfelling undanþága og fækkun frádráttarliða auðveldar öll skattskil, getur stytt fresti, dregur úr vinnuálagi á skattstofunum og gerir þeim kleift að sinna betur endurskoðun skattframtala og rannsóknum. Með því eykst aðhald og upplýstum brotum fjölgar. Flest af því sem hér segir á einnig við um söluskattslögin og undanþágur frá söluskattsskyldu.

(b) *Gæta þarf þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir.* Skattbyrði á Íslandi telst ekki þung borið saman við nálægustu lönd. Engu að síður er rétt að benda á að ofnýting einstakra skattstofna kann að hvetja til undandráttar og/eða draga óhóflega úr framtaki einstaklinga eða lögaðila á viðkomandi sviði.

(c) *Fækka þarf skatttegundum.* Að líkindum má spara talsvert fé og fyrirhöfn með því að leggja niður skatttegundir er litlu máli skipta og vinna upp að verulegu leyti skatttekjur þær er tapast.

(d) *Breyta þarf skipulagi skattyfirvalda.* Taka þarf til endurskoðunar allt skipulag skattyfirvalda, bæði embætti skattstjóra, ríkisskattstjóra og yfirstjórn þessara mála í

1) Skýrsla til fjármálaráðherra frá nefnd um tekjuöflun ríkisins (1973), bls. 43–44.

fjármálaráðuneyti með það fyrir augum að koma á virkari yfirstjórn og meiri sérhæfingu við vinnslu skattframtala. Sjá nánar um breytt skipulag og vinnubrögð í lið 8.3.

(e) *Nýtt refsiákvæði komi í almenn hegningarlög.* Lagt er til að lögfest verði nýtt ákvæði um stórfelld skattsvik í XXVII. kafla almennra hegningarlaga og að refsimörk þess verði fangelsi allt að sex árum. Falli brot undir slíkt ákvæði verði ekki beitt vægari refsingu en fangelsi, nema almennar refsilækkunarástæður eigi við (t.d. neyðarréttur, afsakanleg lögvilla). Fangelsisdómar geta þó orðið skilorðsbundnir í mörgum tilvikum. Hliðstætt ákvæði var lögfest í Danmörku 1971 (289. gr. hegningarlaganna dönsku). Hefur ákvæðið þótt gefast vel.

(f) *Endurskoðuð verði ákvæði* um álag og sektir. Refsimörk og viðurlagakostir laga nr. 75/1981 og laga nr. 10/1960 eru út af fyrir sig fullnægjandi, en þessar heimilir eru lítt notaðar. Má um þetta m.a. vísa í bréf fjármálaráðherra fyrstu árin eftir gildistöku laga nr. 75/1981, þar sem þess er óskað við ríkisskattstjóra, að álagi sé ekki beitt. Kanna þarf hvort ákvæðunum verði betur fyrir komið, t.d. þannig að tekin verði upp aftur skylda til álagsbeitingar í lögum nr. 75/1981.

8.2 Bókhaldslög og framkvæmd

(a) *Hert bókhaldseftirlit.* Forsenda öflugs skatteftirlits og rannsókna á skattabrotum er að bókhald sé fært jafnskjótt og viðskipti eiga sér stað, að fylgiskjöl séu fyrir hendi og geymd á skipulegan hátt. Eitthvert mikilvægasta úrræðið til að herða skatteftirlit og draga úr skattsvikum er hert bókhaldseftirlit og viðurlög við brotum bókhaldsskyldra aðila. Fela ætti skattrannsóknarstjóra bókhaldseftirlitið með lögum og veita honum ýmsar heimildir, sem nánar verður lýst hér á eftir.

(b) *Sektarheimild skattrannsóknarstjóra vegna bókhaldsbrota.* Æskilegt er að veita skattrannsóknarstjóra sektarheimild vegna bókhaldsbrota, t.d. vanrækslu um réttan frágang fylgiskjala. Heimildin yrði háð venjulegum skilyrðum fyrir sektargerðum stjórnvalda, þ.e. að brot sé skýlaust sannað, varði einungis fésekt upp að tilteknu marki og að hinn brotlegi játist undir þá ákvörðun, sbr. t.d. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969, sbr. 10. gr. laga nr. 46/1984.

(c) *Sektarheimild ríkisskattanefndar.* Lagt er til að lögfest verði ótvíræð lagaheimild fyrir ríkisskattanefnd til þess að úrskurða sektir fyrir hrein bókhaldbrot svipuð þeirri sem hún hefur til þess að úrskurða sektir fyrir skattabrot, sbr. 108. gr. laga nr. 75/1981 og 26. gr. laga nr. 10/1960, sbr. 5. gr. laga nr. 33/1982.

(d) *Sjálfstæð refsiákvæði komi í bókhaldslög.* Taka þarf til heildarathugunar í bókhaldslögunum sjálfum ákvæði um refsingar og önnur viðurlög. Æskilegt er að skilgreina helstu brotin sjálfstætt, eftir atvikum með mismunandi refsimörkum. Tekin verði afstaða til saknæmis (ásetnings og gáleysis), tilraunar og hlutdeildar í brotum. Setja þyrfti í lögin nýtt ákvæði um sviptingu starfsréttinda, ef almenna ákvæðið í 68. gr. almennra hegningarlaga er ekki talið fullnægjandi, t.d. í tengslum við hlutræna refsiábyrgð.

(e) *Endurskoðun hegningarlagaákvæðis.* Ákvæði 262. gr. almennra hegningarlaga þarfnast endurskoðunar, svo sem fram kemur í kafla 4, bæði verknaðarlýsing ákvæðisins og refsimörk. Til greina kemur líka að tilgreina stórfelld bókhaldsbrot ásamt skatta- og tollabrotum ef til lögfestingar slíks ákvæðis kemur sem nefnt er í e-lið 8.1.

(f) *Lögfest verði hlutræn refsiábyrgð lögaðila.* Lagt er til að lögfest verði í bókhaldslögum ákvæði um fésektaábyrgð lögaðila, án tillits til sakar, svipað ákvæðum þeim sem nú er að finna um skattabrot í 5. mgr. 107. gr. laga nr. 75/1981 og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 10/1960. Ákvæðin þyrftu þó öll að vera nokkru hnitmiðaðri.

8.3 Bætt skattaeftirlit

8.3.1 Skipulag og vinnubrögð

Starfshópurinn telur brýna þörf á breyttri stjórnun og gjörbreyttum vinnubrögðum skattyfirvalda einkum við álagningu og eftirlit. Virðist umtalsverð skipulagsbreyting nauðsynleg til að framkvæma nútímalegri og markvissari vinnubrögð.

Tillögur okkar á þessu sviði eru eftirfarandi:

a) Aðaltillaga okkar er sú að breyta embætti ríkisskattstjóra í stofnun, sem fari með faglega stjórnun og verkstjórnarvald í skattamálum á öllu landinu. Skattstofurnar í núverandi mynd yrðu þá óþarfar. Með tilkomu slíkrar stofnunar gæfist tækifæri til mikillar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða varðandi einstaklingsframtöl, en ekki síður rekstrarframtöl. Með því yrði takmarkað starfslið betur nýtt. Einstaklingsframtöl eru að verulegum hluta nauðaeinföld, þar sem 10% frádrátturinn er nýttur af yfirgnæfandi meiri hluta framteljanda. Þetta er skynsamlegt, — en þó ekki nauðsynlegt að vinna á einni stofnun. Um atvinnurekstrarframtöl gildir þetta í enn ríkara mæli. Þau á skilyrðislaust að vinna á einum stað, þar sem nægilega sérhæft starfsfólk er fyrir hendi, þ.e. í Reykjavík.

Skattstofurnar í núverandi mynd legðust niður skv. þessari tillögu. Þó mætti hugsa sér e.k. umboðsskrifstofur út um land. Þær gætu þjónað til upplýsinga- og gagnaöflunar á viðkomandi svæði. Einnig mætti hugsa sér að þær gætu haft með höndum eftirlit með bókhaldi og framkvæmd bókhaldslaga.

b) Til vara leggjum við til, að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra yfir skattstofunum verði eflt og öll atvinnurekstrarframtöl hvaðanæva af landinu verði unnin hjá embættinu. Skattstofum verði fækkað, t.d. í fimm, og þar fari fram úrvinnsla einstaklingsframtala og álagning auk gagnaöflunar og upplýsingaþjónustu. Gæta verður þess að slíta ekki atvinnurekstrarframtölin og úrvinnslu þeirra frá söluskattsálagningu, og yrði hún því líka að flytjast til embættis ríkisskattstjóra. Þetta myndi leysa þann skort sem er nú á menntuðu starfsliði í hverri skattstofu fyrir sig, því að atvinnurekstrarframtöl úti á landi eru jafn flókin og erfið og í Reykjavík. Það er hins vegar mun auðveldara að ná í hæft og kunnáttumikið starfsfólk í Reykjavík en víða úti á landi. Slíkt fyrirkomulag hefði allar forsendur til betra eftirlits og virkari vinnubragða en núverandi kerfi, sem í reynd er of óvirkt og ómarkvisst. Meginkostur slíkra breytinga er samræmd ábyrgð og ótvíræð verkstýring, sem hlýtur að leiða til skilvísara og „réttlátara“ skattkerfis.

c) Gera þarf verulegt átak í menntunarmálum starfsmanna sem starfa að skattamálum. Skattkerfið fæst aldrei til að starfa með neinum þrótti fyrr en það hefur nægilegt úrval sérhæfðs, menntaðs starfsfólks. Endurvekja þarf skattaskólann og festa hann í sessi. Eflaust mun þurfa að huga að launakjörum þess fólks um leið ef ráða á hæfa og menntaða starfsmenn.

8.3.2 Eftirlitssveit

Starfshópurinn leggur til að komið verði á laggirnar við embætti skattrannsóknarstjóra sérstakri eftirlitssveit 5—7 sérþjálfaðra og hæfra skattrannsóknarmanna. Sveitin hafi það hlutverk m.a. að gera skyndikannanir bæði á bókhaldi fyrirtækja svo og á öðrum þeim sviðum í tengslum við skatteftirlit, sem hún telur nauðsynlegt að vinna að hverju sinni. Hún taki einnig til rannsóknar sérstök flókin og erfið framtöl og safni að sér vettvangsgögnum á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins sem nota mætti í baráttunni gegn skattsvikum.

8.3.3 Endurmat hlunninda

Það tíðkast í æ ríkari mæli að ýmiss konar hlunnindi komi í stað launahækkana og gerir það skatteftirlit allt erfiðara en ella. Þannig hafa ökutækjastyrkir hækkað úr 0,6% af framtöldum launum og launatengdum greiðslum árið 1980 í tæp 1,9% 1984. Þetta hefur gerst

í skjóli þess að slíkar launagreiðslur hafa fengið aðra skattalega meðferð en laun, vegna þess að erfitt er að meta, hvort þær eru vegna kostnaðar af starfinu eða dulbúnar launagreiðslur. Við leggjum til, að fjármálaráðherra láti fara fram gagngera athugun á hvers konar hlunnindagreiðslum, s.s. ökutækjastyrkjum, bifreiðaafnotum, dagpeningum, risnufé, námsferðum o.s.frv., með það fyrir augum að endurmeta skattameðferð þeirra og samræma betur venjulegum launagreiðslum. Rétt er að minna á, að heilum launakerfum hefur verið breytt til að auka hlunnindagreiðslur í stað beinna launahækkana.

Viðauki A:

Dr. Guðmundur Guðmundsson og dr. Þorkell Helgason:

Tölfræðilegt mat á ósamræmi milli eigna og tekna á skattframtölum sjálfstæðra atvinnurekenda árin 1984 og 1985.

Eignamyndun á rætur sínar að rekja til tekjuöflunar. Því má búast við að eignir manna vaxi með aldri, a.m.k. framan af starfsævi, og séu að jafnaði því hærri sem tekjur eru meiri.

Vitneskja um aldur einstaklings og tekjur í eitt ár duga þó skammt til að meta hve mikið hann eigi; fyrri tekjur, sparsemi og erfðir valda mikilli óreglu í eignadreifingu. En með því að kanna þetta hjá fjölda framteljenda er unnt að meta með tölfræðiaðferðum hvernig væntanlegar eignir fylgja aldri og tekjum.

Samband eigna við tekjur og aldur var kannað í þremur hópum skattgreiðenda eftir framtölum ársins 1984. Könnunin náði til kvæntra karla, 30 — 65 ára gamalla, búsettra í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum. Í einum hópnum voru 453 opinberir starfsmenn, 466 aðrir launþegar í öðrum og 302 sjálfstæðir atvinnurekendur í hinum þriðja. Talsvert af reikningunum var síðar endurtekið fyrir úrtak af svipaðri stærð úr framtölum ársins 1985.

Beinast liggur við að bera saman nettóeignir manna (þ.e.a.s. brúttóeignir að frádregnum skuldum) við heildarráðstöfunartekjur heimilanna, þ.e.a.s. tekjur beggja maka (og barna þeirra) að frádregnum sköttum. Við nánari athugun reyndist ekki skipta máli í þessum samanburði hvort miðað var við brúttó- eða nettóeignir né heldur hvort teknar voru heimilistekjurnar eða tekjur eiginmannsins eins. Endirinn varð því sá að bornar voru saman brúttóeignir og ráðstöfunartekjur eiginmannsins eins. Til brúttóeigna voru þó ekki taldar eignir í atvinnurekstri.

Meðaleignir og tekjur í þessum skilningi eru sýndar í eftirfarandi töflu:

Brúttóeignir eiginmanns
(að undanskilinni eign í atvinnurekstri)

	1983	1984	Staðal-frávik	Hækkun milli ára %
Opinberir starfsmenn	2.506	3.269	1.681	30,4
Aðrir launþegar	1.527	3.305	1.839	30,8
Sjálfstæðir atvinnurekendur	3.088	4.204	2.631	36,1

Ráðstöfunartekjur eiginmanns

	1983	1984	Staðal-frávik	Hækkun milli ára %
Opinberir starfsmenn	284	366	125	28,9
Aðrir launþegar	267	366	143	37,1
Sjálfstæðir atvinnurekendur	263	350	215	33,1

(Allar upphæðir í þúsundum króna).

Lítill munur er á meðaltekjum hópanna, en sjálfstæðir atvinnurekendur eiga mun meira en launþegar.

Ef gert er ráð fyrir að í raun og veru sé sama samband milli eigna og tekna launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda, en tekjur atvinnurekenda séu vantaldar á skattframtölum, þá vantar um 85.000 kr. á tekjur hvers atvinnurekenda árið 1983 og 165.000 kr. árið 1984.

Tölfræðilega fæst álíka góð skýring með því að hækka tekjur sjálfstæðra atvinnurekenda um 11% og bæta síðan við 62.000 kr. hjá hverjum þeirra árið 1983, en 19% og 119.000 kr. árið 1984.

Eins og þegar hefur verið sagt er enginn teljandi munur á skuldum hópanna, og eiginkonur höfðu svipaðar tekjur. Áhrif aldurs voru metin sérstaklega og reyndar var aldursdreifing lík í öllum hópum.

Reiknað var út hve mikið tekjur ríkissjóðs myndi hækka við ofangreinda hækkun á tekjum atvinnurekenda. Reyndist sú upphæð nema um 160—170 millj. kr. í auknum tekjuskatti árið 1984, en þá var hann samtals 1817 millj. kr. Samsvarandi hækkun útsvarstekna væri um 80 millj. kr. Ekki hafa verið gerðir sömu reikningar fyrir álagningarárið 1985 en ljóst er að þá væru upphæðir verulega hærri.

Nánari lýsing á gögnum, tölfræðiaðferðum og niðurstöðum er í greininni „Tölfræðilegt samband eigna og tekna. Mat á vantöldum tekjum á skattframtölum einstaklinga“ eftir Guðmund Guðmundsson og Þorkel Helgason svo og í viðauka við þá grein vegna skattársins 1984.

Viðauki B:

Spurningavagn Hagvangs í maí 1985:

Orðalag spurninga nefndar um könnun á umfangi skattsvika og dreifing svara eftir svarmöguleikum:

1. Spurning: Hefur þú á sl. tólf mánuðum greitt einhverjum fyrir þjónustu sem þú telur að hafi ekki verið eða muni ekki vera gefin upp til skatts?

Svar	Fjöldi	%
Já	127	15,9
Nei	654	81,8
Veit ekki	19	2,4
Samtals	800	100,0

2. Spurning: Hvernig var greiðslu háttað?
Var greitt?

Svar	Fjöldi	%
Fullu verði	53	41,4
Lægra verði	70	54,7
Á annan hátt	5	3,9
Samtals	128	100,0

3. Spurning: Hversu mikið á að giska hefur þú greitt fyrir slíka þjónustu á sl. 12 mánuðum?

Svar	Fjöldi	%
Minna en kr. 1000	7	6,1
1000—4999	19	16,7
5000—9999	21	18,4
10000—14999	12	10,5
15000—19999	5	4,4
20000—24999	8	7,0
25000—29999	9	7,9
30000—49999	11	9,6
50000—99999	12	10,5
100000—149999	7	6,1
150000—199999	11	1,8
200000 eða meira	1	0,9
Samtals	114	100,0
Veit ekki	15	

4. Spurning: Var auðveldara eða erfiðara að fá einhvern til að inna af hendi þjónustu þegar tekjurnar voru ekki gefnar upp til skatts en ella hefði verið?

Svar	Fjöldi	%
Auðveldara	42	40,0
Ámóta	60	57,1
Erfiðara	3	2,9
Samtals	105	100,0
Veit ekki	23	

5. Spurning: Ef þú ættir kost á tekjum, sem þú þyrftir ekki að gefa upp til skatts, mundir þú þá þiggja þær?

Svar	Fjöldi	%
Já	562	73,7
Fer eftir atvikum	89	11,7
Nei	112	14,7
Samtals	763	100,0
Veit ekki	37	

6. Spurning: Hefur þú sl. 12 mánuði haft tekjur sem þú hefur ekki gefið upp til skatts eða hyggst ekki gefa upp til skatts?

Svar	Fjöldi	%
Já	88	11,0
Nei	702	87,8
Neitar að svara	5	0,6
Veit ekki	5	0,6
Samtals	800	100,0

7. Spurning: Telur þú að möguleikar skattyfirvalda til þess að uppgötva skattundandrátt séu almennt miklir eða litlir?

Svar	Fjöldi	%
Mjög miklir	162	20,3
Fremur miklir	205	25,6
Fremur litlir	279	34,9
Mjög litlir	92	11,5
Veit ekki	62	7,8
Samtals	800	100,0

8. Spurning: Hvaða aðgerðir telur þú að geti helst orðið til þess að draga úr skattundandrætti?

Svar	Fjöldi	%
Áróður/auglýsingar	19	2,4
Aukið eftirlit	275	34,4
Einfaldara skattakerfi	26	3,3
Lægri skattar/minni velferð	64	11,5
Þyngri viðurlög	34	4,3
Annað	140	17,5
Veit ekki	241	30,1
Samtals	799	100,0

9. Spurning: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum?

a) Það er skiljanlegt að fólk vilji vinna fyrir tekjum sem það getur skotið undan skatti.

Svar	Fjöldi	%
Alveg sammála	439	54,9
Frekar sammála	162	20,3
Frekar ósammála	66	8,3
Alveg ósammála	107	13,4
Veit ekki	26	3,3
Samtals	800	100,0

b) Það eiga að vera þung viðurlög við að skjóta tekjum undan skatti.

Svar	Fjöldi	%
Alveg sammála	524	65,5
Frekar sammála	160	20,0
Frekar ósammála	51	6,4
Alveg ósammála	35	4,4
Veit ekki	30	3,8
Samtals	800	100,0

c) Það er nauðsynlegt að hafa skatta svo háa sem raun ber vitni til að halda uppi velferðarþjóðfélaginu sem við búum í.

Svar	Fjöldi	%
Alveg sammála	163	20,4
Frekar sammála	99	12,4
Frekar ósammála	153	19,1
Alveg ósammála	343	42,9
Veit ekki	42	5,3
Samtals	800	100,0

Viðauki C:

Atriði er máli skipta varðandi skattundandrátt í atvinnugreinunum:

		EFTIRLITSÞÁTTURINN		MÖGULEIKAÞÁTTURINN		HAGNAÐARÞÁTTURINN	SKATTSTOFN
ISIC númer		Eftirlitskerfi skattyfirvalda	Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	Þarf þátttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	Gagnvart kaupanda þjónustu	Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
11	Landbúnaður						
011	Almennur búrekstur	M	10145,J	S	J	J	T[3]
012	Alifuglabú	[1]	58,J	F	J	J	T
013	Svínabú	[1]	12,J	F,E	J	J	T
015	Loðdýrabú	Ú	7,J	S,Ú	J	J	T
016	Garðyrkjubú og gróðurh.		419,J	S,E	J/N	J/N	T,S
017	Fóðurframleiðslubú		3,J	F	J	J	T
020	Þjónusta við búrekstur		21,J				
030	Dýraveiðar		71,J				
13	Fiskveiðar						
120	Hvalveiðar		2	S	SJÁ 312		
140	Togarar	M [2]	69,J	S	J	J	T
150	Bátar	M	1137,NÓ	S	J	J	T
160	Vatnaveiði og fiskirækt		44,J	F,E	J/N	J/N	T

1) Smásöluaðilar eru upplýsingarskyldir um kaup.
2) Engin gögn um sölur togara í erlendir höfn.
3) Ef einvörðungu er um möguleika á undandrætti á tekjuskatti þarf seljandi að slá af verði vöru svo kaupandi hagnist.

Skýringar á skammstöfunum:

Eftirlitskerfi:
M = Afurðamiðakerfi, þröngt skilgreint
OP = Opinber rekstur
Ú = Upplýsingar um útflutning frá Ríkisendurskoðun
I = Upplýsingar um innflutning frá Ríkisendurskoðun
L = Upplýsingar af launamiðum um verktaka

Stærðardreifing:
J = 5% stærstu fyrirtækja greiða minna en 43,2% launa, 10% greiða minna en 58,4% og 25% greiða minna en 77,9%
Ó = 5% stærstu fyrirtækja greiða meira en 43,3% launa, 10% greiða meira en 58,4% og 25% greiða minna en 77,9%
NÓ = Þær atvinnugreinar er ekki falla undir ofangreint
Tala fyrir framan skammstöfun merkir fjölda fyrirtækja í atvinnugreininni

Kaupendur þjónustu:
S = Sölusamtök
F = Fyrirtæki
E = Einstaklingar
OP = Hið opinbera
Ú = Erlendir aðilar

Þátttaka kaupenda:
J = Já
N = Nei

Skattstofn:
T = Tekjuskattur
S = Söluskattur
Framl.= Framleiðslugjald
Msj. = Menningarsjóðsgjald.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
30	Fiskiðnaður						
203	Frysting, söltun, hersl	Ú	459,Ó	S,Ú	J	J	T
204	Síldarsöltun	Ú	20,J	S,Ú	J	J	T
312	Hvalvinnsla	Ú	2	S,Ú	J	J	T
313	Lifrarbræðsla, lýsishr.	Ú [1]	5	Ú	J	J	T
314	Fiskimjölsvinnsla	Ú [1]	26,J	Ú	J	J	T
31	Annar matvælaiðnaður						
201	Slátrun og kjötiðnaður	M	62,J	S	J	J	T
202	Mjólkuriðnaður	M	18,J	S	J	J	T
205	Niðursuðuiðnaður		21,NÓ	S	J	J	T
206	Brauð- og kökugerð		88,J	E	N	N	T
207	Kexgerð		3	F	J	J	T
208	Sælgætisgerð		34,NÓ	F	J	J	T,S
209	Annar matvælaiðnaður		44,NÓ	F	J	J	T
213	Öl- og gosdrykkjagerð		3	F	J	J	T
220	Tóbaksiðnaður	OP (?)	2	F			

1) Markaðsverð á erlendum mörkuðum skráð.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
32	Vefjariðn, skó- og fatagerð,						
231	Ullarþv., spuni, vefn.	(Ú)	6	F	J	J	T
232	Prjónavöruframleiðsla	Ú	31,J	F	J	J	T
233	Veiðarfæraiðnaður		38,Ó	F	J	J	T
241	Skógerð		3	F	J	J	T
243	Fatagerð		139,Ó	F,E	J	J	T,S
244	Framl. á öðrum vefn.v.		11,J	F	J	J	T,S
291	Sútun	Ú	6	F,Ú	J	J	T
293	Leðurvörugerð		21,J	F	J	J	T
33	Trjávöruiðnaður						
252	Trétunnu, trékassa- og		2	F	J	J	T
259	Annar trjávöruiðnaður		41	F	J	J	T,S
261	Innréttingasmíði o.þ.h.	L	359,NÓ	F,E	J/J	J	T,S
262	Húsgagnagerð og bólstrun		63,Ó	F	J	J	T
34	Pappírsiðnaður						
272	Pappa- og pappírsvörug.		7	F,E	J	J	T
281	Prentun		133,NÓ	F,E	J	J	T,S
282	Prentmyndagerð		5	F	J	J	T
283	Bókband		23,NÓ	F	J	J	T,(S)
284	Bóka- og blaðaútgáfa		113,Ó	F,E	J/N	J/N	T,S/T

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
35	Efnaiðnaður						
311	Kemískur undirstöðuiðn.		6	F	J	J	T
315	Málningar-, lakk og límg		4	F,E,Ú	J	J	T,S
319	Sápu- og þvottaefnagerð		12,J	F	J	J	T,S
329	Asfalt- og tjörupappag.		1	F			
398	Plastvöruiðnaður		51,NÓ	F,E	J	J	T,S
36	Steinefnaiðnaður						
332	Gleriðn., þ.m.t. speglag		15,J	F,E	J	J	T,S
333	Leir- og postulínsiðn.		32,J	F,E	J/N	J/N	T,S
334	Sementgerð	OP	1	F,E			
335	Grjót-, malar- og sandn.		7	F,E	J	J	T,S
339	Steinsteypug. annar stein		61,NÓ	F,E	J	J	T,S
37	Ál- og kísiljárnframleiðsla						
341	Kísiljárnframleiðsla		1	Ú	J	J	T
342	Álframleiðsla		1	Ú	J	J	FRAML.GJ.
38	Málmsmíði, vélaviðg., skipasm.						
350	Málmsmíði, vélaviðg.	L	415,NÓ	F	J	J	T,S
381	Skipasmíði, skipaviðg.	L	60,Ó	F	J	J	T

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
39	Ýmis iðnaður og viðgerðir						
386	Flugvélaviðgerðir		8	F	J	J	T
391	Smíði og viðg. mælitækja		22,J	F	J	J	T,S
394	Skartvörugerð, góðm.smíði		43,NÓ	E	N	N	T,S
395	Smíði og viðgerðir hljóðf.		9	E	J	J	T,S
397	Burstagerð og fleira		6	F	J	J	T,S
399	Iðnaður ót.a.		36	E			
41	Rekstur rafmagns- og hitaveitna						
511	Rekstur rafst. og rafv.	OP[1)]	25,NÓ				
513	Rekstur hitaveitna	OP[1)]	33,NÓ				
42	Rekstur vatnsveitna						
521	Rekstur vatnsveitna	OP[1)]	10				

1) Þessi fyrirtæki eiga að greiða söluskatt af viðgerðum á eigin verkstæðum.

		EFTIRLITSÞÁTTURINN		*MÖGULEIKAÞÁTTURINN*		*HAGNAÐARÞÁTTURINN*	*SKATTSTOFN*
ISIC númer		Eftirlits-kerfi skatt-yfirvalda	Stærðardreif-ing fyrir-tækjanna (innra eftir-lit).	Kaupendur þjónustu (fyr/einst/ sölusamt)	Þarf þáttöku kaupanda svo að um skatt-undandrátt verði að ræða?	Gagnvart kaupanda þjónustu	Hvaða skatt-stofn er það sem skattsvik beinast að?
50	Byggingarstarfsemi						
410	Bygging og viðg. mannv.	L	1090,Ó	F,E	J	J	T
491	Húsasmíði	L	549,J	E,F	J	J	T
492	Húsamálun	L	224,J	E,F	J	J	T
493	Múrun	L	238,J	E,F	J	J	T
494	Pípulagning	L	229,J	E,F	J	J	T,S[2]
495	Rafvirkjun	L	317,J	E,F	J	J	T,S[2]
496	Veggfóðrun, gólfdúkal.	L	43,J	E,F	J	J	T
497	Teppalögn o.fl.	L	21,J	E,F	J	J	T
420	Bygging og viðg. mannv.		963,J [3]	E,F			
431	Vega- og brúargerð op.a.		57,J	OP [1]			
432	Hafnar- og vitafr.kv.o.a		9	OP [1]			
433	Raforkuvera- og raforku		7	OP [1]			
434	Símaframkvæmdir		3	OP [1]			
439	Önnur bygg. og viðgerðas		148,NÓ	E			
450	Unglingavinna sveitarfél	OP	51,NÓ	OP			
490	Starfsemi ræktunarsamb.		31,J	F			

1) Sveitarfélög eru þó eigi undanþegin söluskatti af viðgerðum o.þ.l. á eigin verkstæðum.
2) Hér er um að ræða söluskatt af efnissölu.
3) Fjöldi aðila í þessari grein vekur furðu.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
61	Heildverslun						
611	Útflutningsverslun	Ú	24,J	Ú			
612	Áfengis- og tóbaksv.	OP (?)	3	F			
613	Dreifing á bensíni og o.	I	52,Ó	F,E	J	J	T,S
614	Byggingarvöruverslun	I	111,J	F,E	J/N	J/N	T,S
615	Sala á bílum og bílav.	I	125,Ó	F,E	J/N	J/N	T,S
616	Heildverslun ót.a.	I	829,Ó	F,E	J	J	T,S
62	Smásöluverslun						
617	Fiskverslun í smásölu		54,J	E	N	N	T
618	Kjöt og nýlenduv. mjólk		250,J	E	N	N	T,S
619	Smásala tóbaks, sælgætis		367,J	E	N	N	T,S
620	Blómaverslun í smásölu		48,J	E	N	N	T,S
621	Smásala vefnaðarvöru, f.		300,Ó	E	N	N	T,S
622	Smásala skófatnaðar		38,J	E	N	N	T,S
623	Smásala bóka og ritfanga		98,NÓ	E	N	N	T,S
624	Smásala lyfja og hjúkr.v		75,J	E	N	N	T,S
625	Smásala búsáhalda, heim.		194,NÓ	E	N	N	T,S
626	Smásala úra, skartvöru		79,J	E	N	N	T,S
627	Smásala snyrti- og hrein		36,J	E	N	N	T,S
628	Sérverslun ót.a. sportv.		128,J	E	N	N	T,S
629	Blönduð verslun		195,Ó	E	N	N	T,S

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
63	Veitinga- og hótelrekstur						
862	Veitingastaðir		246,Ó	E,F	N	N	T,S
863	Gististaðir		119,Ó	E,F	N	N	T,S
71	Samgöngur						
712	Rekstur strætisvagna	OP	102,Ó				1)
713	Aðrir fólksflutingar		950,J				
	Leigubílar			E,F	N	N	T 2)
	Bílaleiga			E,F	J	J	T,S
714	Vöruflutningar á landi		1349,J	E,F	N	N	T,(S)
715	Flutningar á sjó		81,Ó	F,E	J	J	T
716	Rekstur hafna og vita	OP	41,Ó				
717	Flugrekstur	LEYFI	31,Ó	F,E	J	J	T
718	Rekstur flugvalla og	OP	9				
719	Ferðaskrifstofur o.fl.		37,NÓ	E,F	J	J	T
720	Geymslustarfsemi		4	F	J	J	T
72	Rekstur pósts og síma						
730	Rekstur pósts og síma	OP	14,NÓ				1)
81	Peningastofnanir						
631	Bankar og fjárf.lánasj.	HÁLFOP	104,Ó				
632	Sparisjóðir		35,J				

1) Þessum aðilum er skylt að greiða söluskatt af vinnu á eigin viðgerðarverkstæðum.
2) Ekki innheimtur söluskattur vegna leigubílaaksturs.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
82	Tryggingar						
641	Lífeyrissjóðir		63,Ó				
649	Vátryggingar, líftrygg.	1)	76,Ó	F,E	(J)/N	(J)/N	T,S[2]
83	Fasteignarekstur og þjónusta						
651	Húsfélög		30,J	E			
841	Lögfræðiþjónusta, faste.	L	284,J	E	(J)/N,N	(J)/N,N	T
842	Bókhaldsþjónusta, endur	L	283,J	F,E	(J)/N,N	(J)/N,N	T
843	Tæknileg þjónusta	L	522,Ó	E	J	J	T
844	Fjölritun, vélritun		25,J	E	J	J	T,S
845	Auglýsingast. tískuteikn		46,NÓ	F	J	J	T,(S)[3]
846	Fréttaþjónusta		6	E,F	J	J	T,(S)[4]
847	Innheimtustarfsemi		7	E,F	N	N	T
849	Þjón. við atvinnurekstur		114,Ó	F	J	J	T,S

1) Tryggingareftirlitið hefur margþætt eftirlit með starfsemi tryggingarfélaga.
2) Túlkunaratriði margvísleg tengd sjóðamyndun í rekstri oþh.
3) Efnisþátturinn söluskattskyldur, ekki aðrir þættir starfseminnar.
4) Sá þáttur úrklippna sem hefur með klippingu að gera er söluskattskyldur.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
93	Heilbrigðisþjónusta á vegum e.						
826	Tannlæknar og starfslið	(L)	239,J	E/(OP)	N	N	T
827	Læknar og starfslið	L	513,J	E/OP	N	N	T
828	Dýralæknar og starfslið		51,NÓ	E/OP	N	N	T
829	Heilbrigðisþjónusta ót.a.		76,J	E	N	N	T
94	Menningarmál, skemmtanir og íþróttir						
633	Happdrætti		61	E			1)
851	Kvikmyndahús		62	E	N	N	T,S,Msj
852	Leiklistarstarfsemi, o.fl.		136	E	N	N	T,(S),Msj
853	Hljóðvarp og sjónvarp	OP	3	E			1)
854	Íþróttastarfsemi		107	E	N	N	T,S
859	Skemmtanir áður ótaldar		135	E	J	J	T[2)]
870	Rithöfundar		69	F			

1) Starfsemin er ekki tekjuskattskyld.
2) Sala listaverka ekki söluskattskyld er selt er beint úr vinnustofu listamanns.

ISIC númer		EFTIRLITSÞÁTTURINN: Eftirlitskerfi skattyfirvalda	EFTIRLITSÞÁTTURINN: Stærðardreifing fyrirtækjanna (innra eftirlit).	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Kaupendur þjónustu (fyr/einst/sölusamt)	MÖGULEIKAÞÁTTURINN: Þarf þáttöku kaupanda svo að um skattundandrátt verði að ræða?	HAGNAÐARÞÁTTURINN: Gagnvart kaupanda þjónustu	SKATTSTOFN: Hvaða skattstofn er það sem skattsvik beinast að?
95	Persónuleg þjónusta						
242	Skóviðgerðir		28	E	N	N	T,S
300	Gúmvöruviðgerðir		61	E	N	N	T,S
370	Smíði og viðg. raftækja		184	E	J	J	T,S
383	Bílaviðgerðir o.fl.		502	E	J	J	T,S
385	Reiðhjólaviðgerðir		9	E	N	N	T,S
393	Úra- og klukkuviðgerðir		14	E	N	N	T,S
861	Heimilisaðstoð		54	E	J	J	T[1)]
864	Þvottahús og efnalaugar		85	E	N	N	T,S
865	Rakarastofur		95	E	N	N	T,S
866	Hárgreiðslu og snyrtistofur		198	E	N	N	T,S
867	Ljósmyndastofur		71	E	N	N	T,S
868	Útfararþjónusta		12	E	J	J	T,(S)
869	Persónuleg þjónusta ót.		78	E	N	N	T,S
96	Varnarliðið og íslensk starfsemi erlendra sendiráða						
900	Í þjónustu varnarliðsins		3	F	J	J	T
814	Ísl. starfsl. erl. send		1	F/OP			

1) Vakin er athygli á að tekjutryggingarmörk ellilífeyrisþega kunna að hafa áhrif á atferli launþega á þessum markaði.

		EFTIRLITSÞÁTTURINN		MÖGULEIKAÞÁTTURINN		HAGNAÐARÞÁTTURINN	SKATTSTOFN
ISIC númer		Eftirlits-kerfi skatt-yfirvalda	Stærðardreif-ing fyrir-tækjanna (innra eftir-lit).	Kaupendur þjónustu (fyr/einst/ sölusamt)	Þarf þáttöku kaupanda svo að um skatt-undandrátt verði að ræða?	Gagnvart kaupanda þjónustu	Hvaða skatt-stofn er það sem skattsvik beinast að?
	Starfsemi hins opinbera						
522	Götuhreinsun sorph.	OP					
642	Sjúkrasamlög	OP					
811	Forsetaembættið	OP					
812	Utanríkisþjónustan	OP					
813	Stjórnsýsla ríkisins	OP					
819	Stjórnsýsla sv.fél	OP					
821	Háskóli Íslands	OP					
822	Menntaskólar	OP					
823	Grunnskólar	OP					
824	Sérskólar	OP					
825	Sjúkrahús	OP					
831	Rannsóknarstofnanir	OP					
836	Trúmálastarfsemi						
836	Bókasöfn o.a. söfn	OP					
	Önnur starfsemi						
833	Elliheimili	OP	j				
834	Velferðastofnanir ót. a.	OP	ó				
835	Hagsmuna- og starfsgr.		j				
839	Ýmis þjón. aðall. starf		j				

Ed. **910. Lög** [275. mál]

um breyting á lögum nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 510.

Ed. 911. Lög [26. mál]

um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl., nr. 3/1878, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 819.

Nd. 912. Lög [126. mál]

um breyting á lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977.

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 727.

Nd. 913. Sveitarstjórnarlög. [54. mál]

(Afgreidd frá Nd. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 868 (sbr. 630 og 602).

Nd. 914. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum í því formi sem það kom frá efri deild. Til nefndarinnar komu Ragnhildur Hjaltadóttir, lögfræðingur í samgönguráðuneytinu, Magnús Jóhannsson siglingamálastjóri, Gunnar Ágústsson, deildarstjóri mengunardeildar Siglingamálastofnunar, og Ólafur Pétursson, forstöðumaður mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins.

Það kom fram á fundum nefndarinnar að þetta frumvarp skaraðist nokkuð við gildandi lög, t.d. lög um Hollustuvernd ríkisins, og voru nefndarmenn sammála um að æskilegt væri að endurskoða lögin innan þriggja ára þegar reynsla væri komin á samskipti þeirra stofnana sem fara með mengunarmál.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir nál. með fyrirvara. Kristín Halldórsdóttir mun skila séráliti.

Þeir, sem skrifa undir meirihlutaálitið, leggja til að frumvarpið verði samþykkt með tveimur breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Guðmundsson.	Eggert Haukdal.	Karvel Pálmason.

Nd. 915. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá meiri hl. samgöngunefndar (SV, FÞ, StG, EH, KP, SJS).

1. Við 21. gr. 2. málsl. orðist svo: Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur.
2. Við 33. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.

Ed. 916. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur frv. af eftirgreindum ástæðum:

Sú breyting, sem lögð er til í frv., verndar ekki hag framleiðenda. Þeir njóta nú þegar verndar vegna þess að innflutningur á grænmeti og garðávöxtum er ekki heimill meðan nægilegt framboð er af innlendri framleiðslu. Varðandi kartöflur er um að ræða mjög stutt tímabil þegar innlend framleiðsla og erlend er samtímis á markaðnum og þess vegna ekki þörf þeirrar verndar sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá er minni hl. nefndarinnar andvígur því að samþykkja svo víðtækt framsal skattlagningarvalds frá Alþingi til ráðherra. Vafasamt getur raunar verið hvort slíkt er heimilt miðað við ákvæði stjórnarskrárinnar.

Enn fremur skal sérstaklega varað við því víðtæka ákvæði frv. að umræddan skatt megi leggja á vörur unnar úr kartöflum. Þar er um að ræða mjög margar vörutegundir og fráleitt að geðþótti ráðherra eigi að ráða því á hvaða verði neytendur þurfa að kaupa þær vörur, sem og aðrar vörur.

Samþykkt frv. leiðir til hækkunar til neytenda á þeim vörutegundum sem frv. tekur til. Því mun minni hl. nefndarinnar greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Kolbrún Jónsdóttir, frsm.	Eiður Guðnason.

Ed. 917. Nefndarálit [238. mál]

um frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk til viðræðna um málið Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra og Gísla Auðunsson og Pál Hjartarson frá Siglingamálastofnun.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með tveimur breytingum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Er þar annars vegar um að ræða ráðningu starfsmanna við stofnunina. Ákvæðum frumvarpsins er breytt til samræmis við sams konar ákvæði í lögum um Veðurstofu Íslands og Landmælingar Íslands sem samþykkt voru á síðasta þingi. Hins vegar er ákvæði um aðsetur siglingamálaráðs. Nefndin telur ekki ástæðu til þess að lögbinda að það verði hjá Siglingamálastofnuninni.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 918. Breytingartillögur [238. mál]

við frv. til l. um Siglingamálastofnun ríkisins.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr. er orðist svo:
   Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.
2. Við 6. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Ed. 919. Nefndarálit [237. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1970, um eftirlit með skipum.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðna um málið Ólaf Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóra. Mál þetta er flutt samhliða frumvarpi um Siglingamálastofnun ríkisins og vísast til álits nefndarinnar um það á þskj. 917.

Nefndin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.
	Jón Kristjánsson.	

Ed. 920. Nefndarálit [383. mál]

um frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 34. 19. júní 1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Til viðræðna við nefndina um frv. kom Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri. Mál þetta er flutt í tengslum við frv. um Siglingamálastofnun og frv. um eftirlit með skipum og vísast til álits nefndarinnar um þau.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það kemur frá neðri deild.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Skúli Alexandersson.
Kolbrún Jónsdóttir.	Árni Johnsen.	Sturla Böðvarsson.
	Jón Kristjánsson.	

Sþ. 921. Svar [317. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um fjárveitingar úr Ferðamálasjóði.

1. Framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs árin 1976–1986.

(Á verðlagi ársins 1986.)

Ár	Framlag ríkissjóðs Í þús. kr.	Hlutfall af 40 millj. gkr. 1976 %
1976	5 912	40
1977	7 023	48
1978	7 638	52
1979	3 244	22
1980	4 253	29
1981	1 985	14
1982	4 693	32
1983	2 973	20
1984	0	0
1985	0	0
1986	0	0

2. Lán til Ferðamálasjóðs undanfarin 10 ár.

(Verðlag ársins 1986.)

a. Til framkvæmda við gisti- og veitingastaði:

	Í þús. kr.
1976	0
1977	0
1978	52 510
1979	29 305
1980	36 764
1981	47 604
1982	71 525
1983	38 811
1984	51 973
1985	104 886
Alls	433 378

b. Til annarra þátta ferðamála:

	Í þús. kr.
1976	0
1977	0
1978	8 020
1979	195
1980	0
1981	3 859
1982	2 682
1983	537
1984	2 029
1985	1 408
Alls	18 730

c–d. Framlag til eignaraðildar:

Hótel Stykkishólmur.
Hótel Ísafjörður.

3. Skipting lána Ferðamálasjóðs eftir kjördæmum.
(Á verðlagi ársins 1986. Í þús. kr.)

Lán til:	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Alls
Gisti- og veitingahúsa:									
1976	0	0	0	0	0	0	0	0	
1977	0	0	0	0	0	0	0	0	
1978	9 929	0	13 557	4 774	0	14 703	6 110	3 437	52 510
1979	3 503	1 946	8 220	2 595	260	8 694	1 492	2 595	29 305
1980	2 504	1 669	12 102	7 762	3 589	3 338	3 505	2 295	36 764
1981	4 962	0	9 096	19 295	827	10 199	3 032	193	47 604
1982	15 527	0	14 998	5 858	4 235	10 686	0	20 221	71 525
1983	4 133	0	1 136	1 653	310	10 916	2 996	17 667	38 811
1984	13 324	1 691	2 536	845	3 251	13 993	6 780	9 553	51 973
1985	23 360	7 936	14 851	25 664	2 042	22 575	4 218	3 840	104 886
Alls	77 242	13 242	76 496	68 446	14 514	95 504	28 133	59 801	433 378
Annarra þátta ferðamála:									
1976									0
1977									0
1978	6 874	1 146							8 020
1979	195								195
1980	0								0
1981	2 756							1 103	3 859
1982	2 435					247			2 682
1983								537	537
1984					338	423		1 268	2 029
1985					512			896	1 408
Alls	12 260	1 146			850	670		3 804	18 730
Lán alls	89 502	14 388	76 496	68 446	15 364	96 174	28 133	63 605	452 108

4. Lán og styrkir á yfirstandandi ári.

Erfitt er að áætla með nokkurri nákvæmni hver verða heildarútlán eða styrkveitingar Ferðamálasjóðs á yfirstandandi ári. Fer það að miklu leyti eftir því hvernig innheimta eldri lána gengur.

Þó má til hliðsjónar hafa:

Innstreymi:	
Lántökuheimild	60 millj. kr.
Eldri lán sem gjaldfalla 1986	42 millj. kr.
	102 millj. kr.
Útstreymi:	
Vanskil frá fyrra ári	13 millj. kr.
Óafgreidd lánsloforð frá fyrra ári	15 millj. kr.
Afborganir og vextir af eldri lánum	45 millj. kr.
	73 millj. kr.

Sþ. 922. Svar [375. mál]

samgönguráðherra við fyrirspurn Karls Steinars Guðnasonar um upphitun flugbrautar við Sauðárkrók.

1. Áætlanir um upphitun flugbrautar.

Fyrirtækið Fjarhitun hf. hefur gert tvær áfangaskýrslur um snjóbræðslu á Sauðárkróksflugvelli fyrir Flugmálastjórn. Niðurstöður þeirra skýrslna eru jákvæðar og segir í þeim: „að snjóbræðsla komi til álita“.

2. Rannsóknir.

Orkustofnun gerði athugun á svæðinu árið 1984 að beiðni hitaveitu Sauðárkróks vegna fiskiræktar, ylvers og flugvallarins.

3. Vatnsnotkun.

Fyrir liggur áætlun um að heildarvatnsnotkun á ári verði um 190 000 tonn miðað við 18 m breidd og 1000 m lengd flugbrautar. Samkvæmt upplýsingum þeim, sem nú liggja fyrir frá yfirvöldum á Sauðárkróki, er talið að nægilegt heitt vatn sé fyrir hendi, en svo gæti farið að bora yrði nýja holu ef öll flugbrautin yrði hituð upp, þ.e. um 45 m breið og 2000 m löng flugbraut.

4. Kostnaðaráætlun.

Kostnaðaráætlun var gerð í júní 1984 og hljóðaði upp á 10,3 milljónir króna (byggingarvísitala 164). Fært til núvirðis yrði kostnaður 16,7 milljónir króna (byggingarvísitala 265) miðað við 1000 m langa og 18 m breiða flugbraut.

Nd. 923. Frumvarp til laga [205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. apríl.)

I. KAFLI

Skipulag bankans og hlutverk.

1. gr.

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun sem er eign ríkisins en lýtur sérstakri stjórn skv. lögum þessum.

2. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Heimili og varnarþing Seðlabankans er í Reykjavík.

3. gr.

Hlutverk Seðlabankans er:

a. að annast seðlaútgáfu, láta slá og gefa út mynt og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt,
b. að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við,
c. að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum,
d. að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyris- og peningamál,
e. að annast bankaviðskipti ríkissjóðs,
f. að vera banki innlánsstofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum,
g. að gera sem fullkomnastar skýrslur og áætlanir um allt sem varðar hlutverk bankans,
h. að annast önnur verkefni sem samrýmanleg eru tilgangi bankans sem seðlabanka.

4. gr.

Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða er seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Seðlabankinn skal eigi sjaldnar en tvisvar á ári senda ráðherra greinargerð um þróun og horfur í peningamálum, greiðslujafnaðar- og gengismálum.

II. KAFLI

Seðlaútgáfa og mynt.

5. gr.

Seðlabankinn hefur einkarétt til að gefa út peningaseðla og láta slá og gefa út mynt eða annan gjaldmiðil er geti gengið manna á milli í stað peningaseðla eða löglegrar myntar.

Seðlar og mynt, sem bankinn gefur út, skulu vera lögeyrir til allra greiðslna með fullu ákvæðisverði.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum Seðlabankans lögun, útlit og fjárhæð seðla þeirra og myntar, sem bankinn gefur út, og lætur birta auglýsingu um það efni.

III. KAFLI

Innlend viðskipti Seðlabankans.

6. gr.

Seðlabankinn tekur við innlánum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum skv. að taka við innlánum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar. Þó skal Seðlabankanum heimilt að semja við Lánastofnun sparisjóðanna um sameiginlegan viðskiptareikning sparisjóða hjá bankanum.

Þegar sérstaklega stendur á má ákveða í reglugerð að Seðlabankinn taki við innlánum frá öðrum peningastofnunum en greinir í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein.

7. gr.

Seðlabankinn getur veitt peningastofnunum, sem eiga innlánsviðskipti við bankann, sbr. 6. gr., lán með kaupum verðbréfa eða á annan hátt gegn tryggingum sem bankinn metur gildar.

Seðlabankanum er heimilt að veita innlánsstofnunum lán með þeim kjörum að höfuðstóll lánsins sé greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri, endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi ákveðins erlends gjaldeyris eða breytingum á gengi íslenskrar krónu. Sé höfuðstóll greindur í ákveðnum erlendum gjaldeyri skal innlánsstofnun greiða lántaka lánsfé í íslenskum krónum miðað við kaupgengi hins erlenda gjaldeyris á lántökudegi. Með erlendum gjaldeyri er einnig átt við reikningseiningar sem byggðar eru á fleiri en einum gjaldmiðli og notaðar eru í almennum lánsviðskiptum á alþjóðamarkaði.

Seðlabankinn setur nánari reglur um viðskipti sín skv. þessari grein.

8. gr.

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli hjá hverri stofnun af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

9. gr.

Seðlabankinn ákveður vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

Ákvarðanir Seðlabankans skv. 2. mgr. skulu birtar í Lögbirtingablaði.

10. gr.

Seðlabankinn er viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Skulu innlán ríkissjóðs geymd í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.

Seðlabankanum er heimilt að veita ríkissjóði lán til skamms tíma. Skulu slík lán greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans. Ríkisvíxlar, skuldabréf og önnur verðbréf, sem eru gefin út af ríkissjóði og Seðlabankinn kaupir á verðbréfamarkaði eða af peningastofnunum til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði, skulu ekki teljast lán til ríkissjóðs skv. ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf og skal hann vinna að því að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna og starfrækja í samvinnu við innlánsstofnanir og viðurkennda verðbréfamiðlara verðbréfaþing þar sem verslað er með verðbréf. Seðlabankinn setur reglur um verðbréfaþingið að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis að höfuðstóll og/eða vextir séu bundnir gengi erlends gjaldeyris. Um skattalega meðferð bréfanna gilda sömu reglur og gilda hverju sinni um innlán í bönkum og sparisjóðum.

12. gr.

Heimilt er Seðlabankanum að reka önnur bankaviðskipti sem samrýmanleg geta talist hlutverki hans sem seðlabanka. Hann skal ekki annast viðskipti sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

IV. KAFLI

Bankaeftirlit.

13. gr.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Verkefni þetta skal falið sérstakri deild í bankanum er nefnist bankaeftirlit og starfar hún undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Ráðherra skipar forstöðumann bankaeftirlitsins og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

Sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka fylgist með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi ráðuneytis, einn bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

14. gr.

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana og kanna að öðru leyti fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar, er varða starfsemina, og veita að öðru leyti þær upplýsingar, sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits, með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

15. gr.

Bankaeftirlitið skal fylgjast með að útlán og aðrar skuldbindingar viðskiptaaðila við innlánsstofnun séu í samræmi við þá áhættu sem í viðskiptunum felst með hliðsjón af greiðslutryggingum, fjárhagslegum styrkleika innlánsstofnunar og eigin fé stofnunarinnar.

Sama gildir um heildarskuldbindingar fleiri en eins viðskiptaaðila sem eru svo fjárhagslega tengdir að með tilliti til útlánaáhættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun.

16. gr.

Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlánsstofnanir:

a. veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðað sem óskað er,
b. veiti aðrar upplýsingar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.

17. gr.

Komi í ljós við athuganir bankaeftirlitsins skv. ákvæðum þessa kafla að innlánsstofnun fylgir ekki lögum og öðrum reglum sem gilda um starfsemi hennar skal bankaeftirlitið krefjast þess að úr því sé bætt innan ákveðins frests.

Hafi stjórn innlánsstofnunar vanrækt skyldu, sem á henni hvílir skv. lögum, reglugerðum eða samþykktum, getur bankaeftirlitið boðað til fundar í stjórn stofnunarinnar um leiðir til úrbóta. Fulltrúi bankaeftirlitsins skal sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétti og stýrir hann fundinum.

Bankaeftirlitinu er heimilt að gera athugasemdir ef það telur hag eða rekstur innlánsstofnunar óheilbrigðan enda þótt ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við.

Sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins um úrbætur ekki sinnt getur það gripið til viðurlaga gagnvart innlánsstofnun, sbr. 41. gr. Bankaeftirlitinu er þá einnig heimilt að skipa fulltrúa sinn eftirlitsmann með viðkomandi stofnun. Er stofnuninni skylt að veita eftirlitsmanninum aðgang að öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum, sem hún hefur í sinni vörslu, og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem eftirlitsmaður óskar eftir. Eftirlitsmaðurinn hefur rétt til að sitja fundi í stjórn stofnunarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Kostnaður við störf eftirlitsmanns greiðist af viðkomandi innlánsstofnun.

Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skv. þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði hlutaðeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða. Þá skal Seðlabankinn gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

V. KAFLI

Gengismál og erlend viðskipti.

18. gr.

Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri, svo og mörk kaup- og sölugengis. Innan þeirra marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirra gjaldeyristegunda sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Seðlabankinn getur einhliða fellt niður gengisskráningu um stundarsakir.

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuvega og samkeppnisgreina.

Seðlabankinn skal leitast við að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins og varðveita hann, eftir því sem unnt er, í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum eða innlánum og gjaldeyri sem nota má til greiðslu hvar sem er.

19. gr.

Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri innan marka sem Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ráðherra. Seðlabankanum er heimilt að fengnu samþykki ráðherra að leyfa póststjórninni að versla með erlendan gjaldeyri.

20. gr.

Seðlabankinn hefur með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki, svo og viðskipti við alþjóðafjármálastofnanir í umboði ríkisstjórnarinnar. Hann skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal erlendar lántökur, og taka að sér framkvæmd í þeim efnum eftir því sem um verður samið.

21. gr.

Til þess að varðveita og efla gjaldeyrisvarasjóð er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis.

Enn fremur er Seðlabankanum heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurlána fé þetta innanlands enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin.

22. gr.

Seðlabankinn hefur umsjón með gjaldeyrisversluninni og eftirlit með því að lögum og reglum um verslun með og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sé fylgt. Seðlabankanum er heimilt vegna þessa verkefnis að krefjast hvers konar upplýsinga um gjaldeyrismál frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum.

Í reglugerð, er ráðherra gefur út að fengnum tillögum Seðlabankans skv. ákvæðum þessara laga og laga um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, skal setja nánari reglur um meðferð gjaldeyris og framkvæmd gjaldeyriseftirlits.

23. gr.

Seðlabankinn er fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

VI. KAFLI

Hagskýrslugerð.

24. gr.

Seðlabankinn safnar skýrslum og gerir áætlanir um greiðslujöfnuð, gjaldeyris- og peningamál og annað sem hlutverk bankans varðar og skal hann birta opinberlega sem rækilegastar upplýsingar um þau efni.

Skylt skal öllum aðilum, sem hlut eiga að máli, að láta bankanum í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar og nýtur hann í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja sömu viðurlög við ef út af er brugðið.

VII. KAFLI

Stjórn bankans.

25. gr.

Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum. Stjórn bankans er að öðru leyti í höndum bankastjórnar.

26. gr.

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti þrír bankastjórar. Bankastjórnin kýs sér formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn.

Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Bankastjórar skulu eigi skipaðir til lengri tíma en sex ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

27. gr.

Bankastjórnin ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Bankastjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem einhver bankastjóranna óskar þess.

Undirskrift tveggja bankastjóra þarf til að skuldbinda bankann. Þó er bankaráðinu heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum. Skal nánar kveðið á um umboð til skuldbindingar í reglugerð.

28. gr.

Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Við starfslok skulu bankastjórar fá greidd biðlaun í 12 mánuði, jafnhá föstum launum er starfi þeirra fylgdu. Eigi bankastjóri rétt til eftirlauna fellur niður greiðsla biðlauna. Taki bankastjóri við annarri stöðu á biðlaunatíma fellur niður greiðsla biðlauna ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka biðlaunatímans. Bankaráð ákveður eftirlaun bankastjóra.

Bankastjórum og aðstoðarbankastjórum er óheimilt að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að.

29. gr.

Að fengnu áliti bankaráðs getur ráðherra vikið bankastjóra úr starfi. Í uppsagnarbréfi skal tilgreina ástæður uppsagnar. Bankastjóri skal eiga rétt á fullum launum í eitt til þrjú ár, þó aldrei lengur en til loka ráðningartíma, og eftirlaunum skv. nánari ákvörðun bankaráðs. Segi bankastjóri upp starfi áður en ráðningartíma hans er lokið skal hann njóta fastra launa í allt að 12 mánuði og eftirlauna skv. ákvörðun bankaráðs.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur ráðherra vikið honum úr starfi fyrirvaralaust án launa.

30. gr.

Bankaráð Seðlabankans skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna.

31. gr.

Bankaráð hefur yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans og skal bankastjórnin hafa náið samráð við bankaráð um stefnu bankans almennt og leita álits þess um ákvarðanir í mikilvægum málum er stefnu bankans varða, svo sem um ákvarðanir samkvæmt 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. Enn fremur skal bankastjórnin gefa bankaráði reglulega skýrslur um störf bankans og þróun gjaldeyris- og peningamála.

Bankaráð gerir tillögur um reglugerð bankans og erindisbréf bankastjóra er ráðherra gefur út.

Bankaráð heldur fundi eftir þörfum en að jafnaði ekki sjaldnar en hálfsmánaðarlega. Formaður bankaráðs undirbýr fundi bankaráðs með bankastjórn. Bankastjórar sitja fundi bankaráðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð ákveði annað.

Bankaráð skal hafa eftirlit með öllum eignum bankans, taka ákvarðanir um framkvæmdir og ráðstöfun á tekjuafgangi að því marki sem annað er ekki ákveðið í lögum.

32. gr.

Fundir bankaráðs eru lögmætir ef þrír bankaráðsmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls.

33. gr.

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabankanum framkvæmd af tveimur skoðunarmönnum, sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, og skoðunarmanni sem er löggiltur endurskoðandi og ráðherra skipar til sama tíma.

34. gr.

Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar Seðlabankans og segir honum upp starfi. Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör þessa starfsmanns.

Bankastjórn ræður alla aðra starfsmenn bankans og segir þeim upp starfi. Ráðning aðstoðarbankastjóra er þó háð samþykki bankaráðs.

VIII. KAFLI

Reikningsskil.

35. gr.

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á hinum einstöku liðum og önnur atriði.

Ráðherra skal setja nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs.

36. gr.

Að lokinni endurskoðun á ársreikningi bankans skal hann undirritaður af bankastjórn og staðfestur af bankaráði. Hafi bankaráðsmaður fram að færa athugasemdir við ársreikning skal hann undirritaður með fyrirvara og koma skal fram hvers eðlis fyrirvarinn er.

Endurskoðaður reikningur skal lagður fyrir ráðherra til úrskurðar eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum og í ársskýrslu Seðlabankans. Mánaðarlegt efnahagsyfirlit skal jafnframt birta í Lögbirtingablaði.

37. gr.

Árlega skal helmingur af meðalhagnaði næstliðinna þriggja ára, að frádregnu framlagi í arðsjóð skv. 2. mgr., greiddur í ríkissjóð. Skal við þann útreikning endurmeta hagnað fyrri áranna til verðlags hins þriðja. Greiðsla skal fara fram hinn 1. júní ár hvert.

Árlega skal leggja í arðsjóð a.m.k. jafngildi 40 milljóna króna miðað við verðlag í árslok 1984. Arðsjóður skal ávaxtaður á bestu fáanlegum vaxta- og verðtryggingarkjörum en helmingur árlegra tekna hans skal renna í Vísindasjóð, sbr. lög um Vísindasjóð.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

38. gr.

Bankaráðsmenn, bankastjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila bankans, málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Seðlabankanum heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við banka og opinberar stofnanir erlendis er varða athugun eða mat á fjárhagslegu öryggi innlánsstofnana og opinberra aðila hér á landi og erlendis skv. nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

39. gr.

Bankinn er undanþeginn tekju- og eignarskatti, sbr. lög um tekju- og eignarskatt.

Bækur bankans, ávísanir og hvers konar skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra, skulu undanþegin stimpilgjaldi.

X. KAFLI

Gildistökuákvæði.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1986.

Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 28. gr. taka einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra að föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

41. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, skal setja nánari ákvæði um starfsemi bankans í samræmi við lög þessi, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt.

42. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

a. Lög nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands,
b. lög nr. 20/1962, um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands,
c. lög nr. 10/1964, um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands,
d. lög nr. 103/1973, um breyting á lögum nr. 20/1962, um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands,
e. lög nr. 114/1978, um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. laga nr. 10/1964,
f. lög nr. 36/1983, um breyting á lögum nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands,
g. ákvæði 30.–33., 37. og 3. tölul. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.,
h. ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 10/1981, um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu,
i. ákvæði 5. gr. laga nr. 12/1981, um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana,
j. ákvæði 26. gr. laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð Seðlabankans og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa tvo skoðunarmenn fyrir Seðlabankann.

III

Ákvæði 37. gr. um ráðstöfun tekjuafgangs Seðlabankans til ríkissjóðs koma fyrst til framkvæmda vegna rekstrarársins 1985.

IV

Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilega dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o.fl.

V

Við ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986, sbr. 37. gr., skal miða við helming af meðalhagnaði bankans árin 1985 og 1984 og endurmeta hagnað ársins 1984 til verðlags ársins 1985.

Nd. 924. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Páli Péturssyni.

Við 40. gr. Fyrri mgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1986.

Ed. 925. Frumvarp til laga [205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 923 með þessari breytingu:

40. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1986.
Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 28. gr. taka einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra að föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

Sþ. 926. Þingsályktun [395. mál]

um þúsund ára afmæli kristnitökunnar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 726.

Sþ. 927. Þingsályktun [322. mál]

um fullgildingu samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 595.

Sþ. 928. Þingsályktun [382. mál]

um fullgildingu Torremolinos-alþjóðasamþykktarinnar um öryggi fiskiskipa, 1977.

(Afgreidd frá Sþ. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 699.

Nd. 929. Nefndarálit [379. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Friðrik Sophusson.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Kjartan Jóhannsson.	Geir H. Haarde.	Guðrún Helgadóttir.

Nd. 930. Nefndarálit [399. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt eins og það kom breytt frá efri deild.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Friðrik Sophusson.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Guðmundur Bjarnason, varaform.	Guðrún Agnarsdóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson, frsm.
Geir H. Haarde.	Kjartan Jóhannsson.	Guðrún Helgadóttir.

Nd. 931. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Glundroði ríkir í umhverfismálum hér á landi og löngu orðið tímabært að setja lög um heildaryfirstjórn umhverfismála í stað þess að búta þau niður í margar deildir sem eru hver í sínu ráðuneyti.

Réttast væri að fresta öllum þingmálum sem snerta umhverfismál, þar með töldu frv. til l. um selveiðar og því frv. til l. um verndun gegn mengun sjávar sem hér um ræðir, þar til umhverfismálin hafa verið sameinuð undir einn hatt. Ljóst er þó að ekki er nægilegur skilningur og vilji fyrir hendi hjá núverandi stjórnvöldum til þess að slíkt nái fram að ganga.

Meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðunar að samþykkja beri þetta frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar með smávægilegum breytingum. Undirrituð er ekki á sama máli. Þetta frv. er málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Með samþykkt þess væri í raun verið að staðfesta og löggilda glundroðann í umhverfismálum. Má nefna sem dæmi að skv. 22. gr. væri samgönguráðherra heimilt að fenginni umsögn Siglingamálstofnunar ríkisins að stöðva rekstur sem Hollustuvernd ríkisins hefði gefið út starfsleyfi fyrir skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Mengun sjávar er ekkert sérfyrirbæri sem nauðsyn ber til að fela Siglingamálastofnun ríkisins fremur en aðra mengun, heldur er hér um að ræða arf frá gamalli tíð þegar enginn hafði með mengunarvarnir að gera. Þá kom það í hlut Siglingamálastofnunar undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins að staðfesta alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar fyrir Íslands hönd og þannig myndaðist sú hefð sem menn virðast tregir til að breyta þrátt fyrir augljósa ókosti.

Minni hl. vill freista þess að fá samþykktar þær breytingar á frv. að hvers konar mengunarvarnir verði eftirleiðis á einni hendi, þ.e. undir stjórn mengunarvarnadeildar Hollustuverndar ríkisins og heyri undir heilbrigðisráðuneytið, sbr. breytingartillögur á sérstöku þskj. Væri það vissulega spor í átt til þeirrar sameiningar umhverfismála undir einn hatt sem koma skal. Verði þær breytingartillögur ekki samþykktar leggur minni hl. til að frv. verði fellt.

Alþingi, 17. apríl 1986.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Nd. 932. Breytingartillögur [73. mál]

við frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Í stað „samgönguráðherra“ hvarvetna í frv. komi: heilbrigðisráðherra.
2. Í stað „Siglingamálastofnun ríkisins“ hvarvetna í frv. komi: Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnadeild.
3. Við 21. gr. 2. málsl. orðist svo: Hollustuvernd ríkisins leitar aðstoðar Siglingamálastofnunar ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur.

4. 23. gr. orðist svo:
   Við setningu reglna um mengunarvarnir vegna olíumengunar frá landstöðvum og skv. heimild í 9. gr. skal haft samráð við menntamálaráðherra.
   Heilbrigðisráðherra skal, að höfðu samráði við menntamálaráðherra, setja reglur um flokkun eiturefna og annarra hættulegra efna sem notuð eru til mengunarvarna skv. lögum þessum.
   Heilbrigðisráðherra er heimilt að setja frekari reglur um söfnun og eyðingu úrgangsolíu.

Nd. 933. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Kristínu Halldórsdóttur og Guðrúnu Agnarsdóttur.

1. Við 3. gr. Aftan við b-lið nýrrar 13. gr. bætist: Þó skal umsækjandi eiga rétt á hámarksláni hafi hann aðeins nýtt 70% eða minna af lánsrétti sínum við kaup á fyrri íbúð.
2. Við 4. gr.
   a. Orðin „sem nemur 70% af lánum“ í 2. mgr. og „sem nemur 70% af láni“ í 3. mgr. nýrrar 14. gr. falli brott.
   b. Fyrri málsl. 4. mgr. orðist svo: Þó má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma.

Nd. 934. Nefndarálit [320. mál]

um frv. til l. um fasteigna- og skipasölu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Pálmi Jónsson.		Friðjón Þórðarson.

Ed. 935. Lög [202. mál]

um verðbréfamiðlun.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 892 (sbr. 721).

Ed. 936. Breytingartillaga [232. mál]

við frv. til l. um talnagetraunir.

Frá Eiði Guðnasyni.

Við bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal dómsmálaráðherra láta fram fara endurskoðun á lögunum er talnagetraunir hafa starfað í fjögur ár. Ef sú endurskoðun leiðir til þess að leyfistími verði styttur eða fleiri aðilum veitt leyfi til talnagetrauna skulu rekstraraðilar sæta því bótalaust.

Ed. 937. Lög [232. mál]

um talnagetraunir.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 460.

Ed. 938. Lög [295. mál]

um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 847.

Sþ. 939. Nefndarálit [377. mál]

um till. til þál. um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og m.a. fengið Eddu Hermannsdóttur frá Fjárlaga- og hagsýslustofnun til viðræðna um þann kostnað sem könnun þessari gæti fylgt.

Nefndin flytur breytingartillögu á þingskjali 940 og leggur til að tillagan verði samþykkt svo breytt.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Geir H. Haarde, frsm.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Guðmundur J. Guðmundsson.	Eggert Haukdal.

Eiður Guðnason.

Sþ. 940. Breytingartillaga [377. mál]

við till. til þál. um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda. Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi.

Ed. 941. Nefndarálit [337. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. l. nr. 67/1969, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fjallaði um málið á fundum sínum. Til viðræðna við nefndina kom Páll A. Pálsson yfirdýralæknir en vegna mistaka auðnaðist honum ekki að koma á framfæri athugasemdum þegar málið var til meðferðar í neðri deild.

Með hliðsjón af ábendingum yfirdýralæknis leggur nefndin fram breytingartillögu við frumvarpið þar sem landbúnaðarráðherra, að fengnu áliti yfirdýralæknis, er heimilað að veita leyfi til útflutnings hrossa eldri en 10 vetra.

Vert er að benda á að í erindi Hagsmunafélags hrossabænda um breytingar á lögunum var lagt til efnislega að hliðstæð breyting yrði lögfest.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm.	Ey. Kon. Jónsson, fundaskr.	Jón Sveinsson.
Helgi Seljan.	Kolbrún Jónsdóttir.	Eiður Guðnason.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 942. Breytingartillaga [337. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. l. nr. 67/1969, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. 1. mgr. nýrrar 2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Landbúnaðarráðherra getur að fenginni umsögn yfirdýralæknis veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Nd. 943. Nefndarálit [416. mál]

um frv. til l. um yfirtöku ríkisviðskiptabanka á eignum og skuldum Söfnunarsjóðs Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Kristófer Már Kristinsson.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Páll Pétursson, form.	Ólafur G. Einarsson, frsm.	Friðrik Sophusson.
Svavar Gestsson.	Halldór Blöndal.	Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 944. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Kristófer Má Kristinssyni.

Við 4. gr.

a. 2. mgr. nýrrar 14. gr. laganna orðist svo:
Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi, sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn, á rétt á láni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 4. mgr. orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en lánsréttur umsækjanda skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. ákveður. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ed. 945. Nefndarálit [409. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem hún gerir tillögu um og flytur á sérstöku þingskjali.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Eiður Guðnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.
Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.
	Sturla Böðvarsson.	

Ed. 946. Breytingartillaga [409. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. og 2. gr. falli brott.

Ed. 947. Frumvarp til laga [396. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 30. gr. laganna komi nýr stafliður svohljóðandi:

e. heimilt að innheimta sérstakt jöfnunargjald af innfluttum kartöflum og vörum unnum úr þeim. Gjald þetta skal greitt af tollverði hinnar innfluttu vöru og má að hámarki ákveða gjaldið annaðhvort þannig að:
   1. samanlagt tollverð og jöfnunargjald hinnar innfluttu vöru miðað við meðaltal innflutningsverðs viðkomandi vöru eða vöruflokks síðasta almanaksmánuð sé ekki hærra en heildsöluverð sömu vöru án álagningar þegar það er ákveðið skv. 13.–15. gr. á innlendri framleiðslu
   2. eða lagt sé allt að 200% gjald á tollverð hinnar innfluttu vöru sé heildsöluverð viðkomandi framleiðsluvöru hér á landi ekki ákveðið skv. 13.–15. gr.

   Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um álagningu jöfnunargjalds og hvaða vörur skuli gjaldskyldar. Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um innheimtu á jöfnunargjaldi skv. þessum staflið. Tekjur af gjaldi þessu skulu renna í ríkissjóð. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. gilda ekki um ákvarðanir skv. þessum staflið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 948. Frumvarp til laga [285. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 523 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn framhaldsskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausan umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 2. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. mgr. og 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja

mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Þegar fjallað er um málefni sérskóla skal kveðja til sérmenntaðan mann á því sviði sem um er að ræða.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.

Nd. 949. Frumvarp til laga [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anbari, Lahcen, verkamaður í Reykjavík, f. 17. október 1957 í Marokkó.
2. Anderlová, Alena, arkitekt í Reykjavík, f. 21. janúar 1945 í Tékkóslóvakíu.
3. Anna Jónasdóttir Velek, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1904 á Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd.
4. Arelakis, Ioannis Georgios, sjómaður á Siglufirði, f. 24. maí 1954 í Grikklandi.
5. Boulter, John Andres, sjómaður í Reykjavík, f. 20. nóvember 1957 í Bandaríkjunum.
6. Challender, Christopher Matthew, barn í Hafnarfirði, f. 26. nóvember 1976 í Keflavík.
7. Didriksen, Katrín, gullsmiður í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 í Noregi.
8. Drake, George, f. 25. apríl 1942 á Siglufirði.
9. Elín Alice Eltonsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 15. maí 1946 í Bandaríkjunum.
10. Fleckenstein, Randall Craig, kennslufræðingur í Reykjavík, f. 16. júní 1952 í Bandaríkjunum
11. Grujovic, Rade, sjómaður í Ólafsvík, f. 27. september 1952 í Júgóslavíu.
12. Hand Patricia Isobel, skrifstofumaður í Vogum, Vatnsleysuströnd, f. 2. janúar 1939 í Ástralíu.
13. Hoeltje, Claudia, fiðluleikari í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Brasilíu.
14. Ingrid Herdís Jónsdóttir, nemi í Mosfellssveit, f. 2. nóvember 1959 í Kópavogi.
15. Johnson, Stephen Robert, verkamaður á Höfn í Hornafirði, f. 22. október 1952 í Englandi.
16. Kata Gunnvör Hansen, verkakona í Reykjavík, f. 6. ágúst 1922 í Færeyjum.
17. Khoo, Gilbert Yok Peck, verslunarmaður í Kópavogi, f. 23. febrúar 1953 í Malaysíu.
18. Labidi, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 9. ágúst 1957 í Túnis.
19. Laskowska, Janina, veitingahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 18. desember 1960 í Póllandi.
20. Lau Ming Loy, matsveinn í Reykjavík, f. 3. apríl 1956 í Malaysíu.
21. Lieberman, Arie, fréttaljósmyndari í Grundarfirði, f. 17. maí 1947 í Tékkóslóvakíu.
22. Markovic, Ljubodrag, verkamaður á Skagaströnd, f. 15. október 1951 í Júgóslavíu. Fær réttinn 9. september 1986.

23. Marth, Ulrich Richard Wilhelm, forstjóri í Rangárvallasýslu, f. 23. desember 1920 í Þýskalandi.
24. Martin, Leoncia Maria, tónlistarkona í Kópavogi, f. 19. mars 1953 á Indlandi.
25. McMahon, Neil Martin Gerard, kennari í Kópavogi, f. 11. desember 1950 á Írlandi.
26. Moestrup, Jörgen Ernst Grum, markaðsstjóri í Kópavogi, f. 28. ágúst 1944 í Danmörku.
27. Nycz, Marek, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 9. júlí 1957 í Póllandi.
28. Pakjou, Koroush, nemi í Reykjavík, f. 2. nóvember 1960 í Íran.
29. Ponzi, Margrét Jósefína, nemi í Reykjavík, f. 2. maí 1961 í Reykjavík.
30. Rail, Guðríður Blanche, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 14. janúar 1959 í Hafnarfirði.
31. Raiss Hammouch, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. nóvember 1954 í Marokkó.
32. Rasmussen, Peter Sönderberg, kennari í Reykjavík, f. 6. september 1945 í Danmörku.
33. Reid, Arthur Wilfred, bankamaður í Reykjavík, f. 26. ágúst 1948 í Englandi.
34. Reid, Rosalind Jóhanna, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 27. febrúar 1950 í Englandi.
35. Roman, Dmitri Sergeyevich, nemi í Reykjavík, f. 27. september 1960 í Sovétríkjunum.
36. Salbert, Iwona Danuta, tannlæknir í Kópavogi, f. 14. september 1951 í Póllandi.
37. Salbert, Miroslaw Stefan, læknir í Kópavogi, f. 7. júní 1946 í Póllandi.
38. Slaughter, Jacqueline Mary, námsstjóri í Reykjavík, f. 23. september 1940 í Englandi.
39. Sævar Leifsson, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 5. júní 1951 í Reykjavík. Fær réttinn 5. ágúst 1986.
40. Vestergård, Súsanna Helen, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 6. september 1958 í Keflavík.
41. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Reykjavík.
42. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 950. Frumvarp til laga [417. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 951. Lög [364. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 889.

Nd. 952. Frumvarp til laga [73. mál]

um varnir gegn mengun sjávar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 718 með þessum breytingum:

21. gr. hljóðar svo:

Siglingamálastofnun ríkisins getur látið fara fram athugun á skipum, vinnu- og borpöllum á sjó og hjá fyrirtækjum í landi án dómsúrskurðar ef hætta er á mengun sjávar eða mengun hefur orðið sem brýtur gegn lögum þessum. Siglingamálastofnun ríkisins leitar aðstoðar Landhelgisgæslu Íslands, hafnaryfirvalda, Hollustuverndar ríkisins, Geislavarna ríkisins, Náttúruverndarráðs og annarra opinberra aðila eftir því sem þörf krefur. Athugunin skal ekki valda ótilhlýðilegri röskun á starfsemi eða ónauðsynlegum útgjöldum fyrir viðkomandi.

33. gr. hljóðar svo:

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hlutaðeigandi stjórnvalds um að vinna verk eða koma upp búnaði sem fyrir er mælt í lögum þessum eða reglum settum skv. þeim má ákveða honum dagsektir þar til úr er bætt.

Hámark dagsekta skal ákveðið í reglugerð og renna þær í sjóð skv. 32. gr.

Ed. 953. Breytingartillögur [409. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

Frá Ragnari Arnalds.

Við 3. gr., b-lið (ný 15. gr.).

a. 1. mgr. orðist svo:

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

b. Í stað síðasta málsl. 2. mgr. komi tveir nýir málsl. er orðist svo:

Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

Nd. 954. Lög [399. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 844.

Nd. 955. Lög [379. mál]

um breyting á lögum nr. 35/1978, um lyfjafræðinga.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 690.

Ed. 956. Nefndarálit [413. mál]

um frv. til l. um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar telur brýnt að sem fyrst komist skriður á framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu og átelur harðlega að lítið eða ekkert fé skuli undanfarið hafa verið veitt til byggingar hennar. Minni hl. bendir á hversu brýna nauðsyn beri til að ljúka þessari byggingu sem allra fyrst, svo að leysa megi óviðunandi aðbúnað höfuðbókasafna landsins, og

jafnframt að til skammar er fyrir stjórnvöld hversu lengi hefur dregist að afhenda þjóðargjöfina frá 1974.

Hins vegar telur minni hl. þá leið, sem farin er í þessu frv. til að fjármagna framkvæmdir við þjóðarbókhlöðu, með öllu óviðunandi. Þjóðarbókhlaða er hús þjóðarinnar allrar og hana á þjóðin að byggja, ekki eignamenn hennar eins og lagt er til í þessu frv. Í stað þess að fara þá leið, sem lögð er til í þessu frv., á að veita fé til byggingar þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ár hvert beint úr sameiginlegum sjóði landsmanna allra, ríkissjóði.

Þá ber þess að geta að ef á að leggja á sérstakan eignarskatt, eins og frv. kveður á um, væri langeðlilegast að sá skattur rynni beint til húsnæðismála og kæmi þeim til góða sem nú eru að reyna að koma sér þaki yfir höfuðið í fyrsta sinn, við ólíkt verri aðstæður en næsta kynslóð á undan þeim. Réttmætast er að beita slíkum skatti til að jafna þá kynslóðamismunun sem átt hefur sér stað í húsnæðismálum hér á landi.

Einnig bendir minni hl. á að frv. þetta kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1987 og að enn er nægur tími fyrir ríkisstjórnina til að undirbúa fjárveitingu til þjóðarbókhlöðu á fjárlögum ársins 1987. Því leggur minni hl. til að frv. þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Stefán Benediktsson hefur setið fundi nefndarinnar og er samþykkur þessu áliti.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 957. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hélt alls sex fundi um málið, þar af tvo með sjávarútvegsnefnd neðri deildar. Fengnir voru til viðtals fulltrúar eftirtalinna aðila: Fiskifélags Íslands, Fiskveiðasjóðs, tryggingafélaga og sjávarútvegsráðuneytis, enn fremur forstjóri Þjóðhagsstofnunar, formaður nefndar þeirrar sem undirbjó frumvarpið. Skriflegar ábendingar bárust frá Fiskifélagi Íslands, sjávarútvegsráðuneytinu, félögum sjómanna og skipstjóra á Norðurlandi og Sjómannafélagi Reykjavíkur, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Samtökum grásleppuhrognaverkenda og Samvinnutryggingum.

Í umfjöllun nefndarinnar var lögð rík áhersla á það að hér væri um samkomulag hagsmunaaðila að ræða sem varasamt væri að brjóta upp, enda ekki ágreiningur um meginefni frumvarpsins.

Breytingartillögur, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, eru allar um minni háttar lagfæringar, ýmist skv. ábendingum nefndarmanna eða aðila utan nefndarinnar. Verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm.	Björn Dagbjartsson, fundaskr.	Sturla Böðvarsson.
Árni Johnsen.	Kolbrún Jónsdóttir.	Skúli Alexandersson.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 958. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 8. gr. 1.—3. tölul. orðist svo:
   1. Til lífeyrissjóða sjómanna 48%
   2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur 47%
   3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með vegna grásleppuveiða 5%
2. Við 15. gr. A-liður orðist svo:
   Til fiskvinnslufyrirtækja í hlutfalli við áætlaða uppsöfnun söluskatts til hverrar vinnslugreinar en í hlutfalli við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu til hvers fyrirtækis innan greinar eftir reglum sem sjávarútvegsráðherra setur í samráði við samtök fiskvinnslufyrirtækja. Heimilt er að verja hluta af þessu fé til greiðslu árgjalda til Útflutningsráðs Íslands með samþykki hlutaðeigandi fiskvinnslufyrirtækja ..... 305 m. kr.
3. Við 17. gr. Við 1. mgr. bætist:
   Þá er sjávarútvegsráðherra heimilt að fella niður útflutningsgjald af fóðurlýsi sem framleitt er og/eða flutt út frá ársbyrjun 1986 til 15. maí 1986. Enn fremur skal ekki innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem flutt er út eftir 1. janúar 1986 en framleidd var fyrir 31. desember 1984.
4. Við ákvæði til bráðabirgða III.
   a. C-liður orðist svo:
      Af eignum Tryggingasjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, og reglum settum skv. þeim er lokið, skal verja 12 milljónum króna til öryggismála og björgunaræfinga sjómanna á fiskiskipum í samráði við öryggismálanefnd sjómanna og samtök sjómanna og útvegsmanna, 12 milljónum króna til undirbúnings byggingar sjávarútvegshúss í Reykjavík, skv. tillögum byggingarnefndar hússins er sjávarútvegsráðherra skipar fyrir árslok 1986, og 3 milljónum króna til Landssambands smábátaeigenda, m.a. til að ljúka skuldbindingum Samtaka grásleppuhrognaverkenda við Landsbanka Íslands, sbr. lög nr. 79/1984. Eftirstöðvar eigna Tryggingasjóðs skulu renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
   b. D-liður orðist svo:
      Af eignum Úreldingarsjóðs fiskiskipa, sem eftir standa þegar skuldbindingum hans skv. lögum nr. 52/1983, með síðari breytingum, er lokið, skal verja 8 milljónum króna til varðveislu sjóminja og sjávardýra að fengnum tillögum þjóðminjavarðar og 4 millj. króna skulu renna til Fiskimálasjóðs til að styrkja rannsóknar- og tilraunastarfsemi í sjávarútvegi á þessu ári. Eftirstöðvar eigna Úreldingarsjóðs fiskiskipa skulu varðveittar á bankareikningum og í skuldabréfum með bestu kjörum þar til sett hafa verið ný lög um starfsemi hans og ákvæði um Aldurslagasjóð fiskiskipa í II. kafla laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, hafa verið endurskoðuð.
      Sjávarútvegsráðherra staðfestir lokauppgjör Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, Tryggingasjóðs fiskiskipa og Úreldingarsjóðs fiskiskipa.

Sþ. 959. Nefndarálit [349. mál]

um till. til þál. um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með breytingu sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Geir H. Haarde og Eggert Haukdal.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Stefán Benediktsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Guðmundur J. Guðmundsson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ed. 960. Frumvarp til laga [238. mál]

um Siglingamálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 845 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Siglingamálastjóri skal, að fenginni umsögn siglingamálaráðs, skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Hann annast framkvæmdastjórn þeirra mála sem falin eru Siglingamálastofnuninni.

Ráðherra ræður annað starfsfólk stofnunarinnar að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Siglingamálastofnun ríkisins skal skipt í deildir skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er siglingamálastjóra að ráða trúnaðarmenn Siglingamálastofnunar utan höfuðborgarsvæðisins og ákveður ráðherra þeim þóknun að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

6. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar sjö fulltrúa í siglingamálaráð til fjögurra ára í senn, svo og varamenn þeirra.

Formann og varamenn hans skipar ráðherra án tilnefningar og skal formaður vera fulltrúi samgönguráðuneytisins. Aðra fulltrúa skipar ráðherra skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands íslenskra útvegsmanna, Sambands íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasambands Íslands, Félags dráttarbrauta og skipasmiðja og Slysavarnafélags Íslands.

Ef aðalmaður er fjarverandi situr varamaður fundi í hans stað. Varamaður á rétt á fundarsetu þótt aðalmaður sé á fundi og hefur þá málfrelsi og tillögurétt.

Siglingamálastjóri situr fundi siglingamálaráðs ásamt þeim embættismönnum stofnunarinnar, sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir, með málfrelsi og tillögurétti.

Ed. 961. Breytingartillaga [413. mál]

við frv. til l. um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur og Stefáni Benediktssyni.

Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um eignamannaátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

Nd. 962. Nefndarálit [401. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. Friðrik Sophusson. Jón Baldvin Hannibalsson.

Halldór Blöndal. Ólafur G. Einarsson.

Sþ. 963. Breytingartillaga [349. mál]

við till. til þál. um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gert í kjölfar nýgerðra kjarasamninga til að herða eftirlit með verðlagi og álagningu, verði lögð áhersla á að fylgjast með innkaupsverði vöru erlendis.

Sþ. 964. Nefndarálit [319. mál]

um till. til þál. um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um till. til þál. um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands. Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með breytingu sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Eggert Haukdal.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form., frsm. Stefán Benediktsson, fundaskr. Eiður Guðnason.

Guðmundur J. Guðmundsson. Geir H. Haarde. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Sþ. 965. Breytingartillaga [319. mál]

við till. til þál. um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík geti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu.

Sþ. 966. Nefndarálit [104. mál]

um till. til þál. um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Geir H. Haarde, Eggert Haukdal og Birgir Ísl. Gunnarsson.

Alþingi, 18. apríl 1986.

Ólafur Þ. Þórðarson, form.	Stefán Benediktsson, fundaskr.	Eiður Guðnason, frsm.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Sþ. 967. Breytingartillögur [104. mál]

við till. til þál. um frestun nauðungaruppboða, neyðaraðstoð og ráðgjöf við húsbyggjendur.

Markmið þessarar tillögu er að hafinn verði undirbúningur að byggingu 6000 kaupleiguíbúða á næstu 10 árum í samráði við sveitarfélög eða félagasamtök. Samstarfsaðilar sveitarfélaga um byggingu slíkra íbúða gætu verið launþegasamtök, lífeyrissjóðir eða félagasamtök sem áhuga hefðu á að gerast framkvæmdaaðilar við byggingu slíkra íbúða og þar með að tryggja félögum sínum rétt til hluta af þeim kaupleiguíbúðum sem hér er gert ráð fyrir að byggðar verði.

Með þeirri leið, sem hér er lagt til að farin verði, opnast nýir möguleikar í húsnæðismálum sem tryggja fleiri kosti fyrir þá sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Auk þess gæfi slíkt fyrirkomulag láglaunafólki og fólki með meðaltekjur möguleika á að eignast sitt eigið húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Ein meginástæða þess hvernig komið er í húsnæðismálum er sú að fólk hefur lítið sem ekkert val haft í húsnæðismálum og er oft knúið nauðugt viljugt til að eignast eigið húsnæði þó að það hafi ekki til þess fjárhagslegt bolmagn. Afleiðing þess er sú að mörg heimili í landinu eru að kikna undir oki gífurlegra fjárhagsskuldbindinga, enda fjölgar nauðungaruppboðum sífellt og fjölmargar fjölskyldur sjá fram á gjaldþrot.

Lítið framboð er á leiguhúsnæði og langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum. Á s.l. 5—6 árum hafa mjög fáar leiguíbúðir verið byggðar á vegum sveitarfélaga, sbr. eftirfarandi yfirlit:

Árið 1981	keyptar eða byggðar 10 íbúðir.
Árið 1982	keyptar eða byggðar 20 íbúðir.
Árið 1983	keyptar eða byggðar 3 íbúðir.
Árið 1984	keyptar eða byggðar 8 íbúðir.
Árið 1985	keypt eða byggð 1 íbúð.
Árið 1986 (1. apríl)	keyptar eða byggðar 25 íbúðir.
	Alls 67 íbúðir.

Þrátt fyrir ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um að Byggingarsjóður verkamanna skuli fjármagna a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna hefur hvergi nærri verið staðið við það markmið.

Á árunum 1984 og 1985 voru framkvæmdalán úr Byggingarsjóði verkamanna eftirfarandi:

	1982	1983	1984	1985
Fjöldi íbúða	304	158	175	176

Ljóst er að langt er í land að fullnægt sé þörfinni fyrir íbúðir í verkamannabústöðum sem segja má að sé eini möguleikinn í húsnæðismálum fyrir láglaunafólk og fólk með meðaltekjur. Byggingarsjóður verkamanna lánar nú 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar en hlutur kaupanda er 20%. Í sérstökum tilfellum er heimilt að hækka lánshlutfallið í allt að 90% sé um erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsaðstæður að ræða. Framlag kaupanda getur því orðið 460 þúsund krónur sé miðað við 2,3 millj. króna kaupverð íbúðar og ef heimildargreinin er nýtt verður framlag kaupanda 230 þúsund krónur.

Þó að íbúðir í verkamannabústöðum séu með hagstæðustu kjörum sem bjóðast í húsnæðismálum er ljóst að greiðslukjörin eru engu síður ofviða mörgum.

Athuganir benda til þess að hlutfall eignaríbúða hér á landi sé um 90% miðað við landsmeðaltal. Annars staðar á Norðurlöndum og víðar hafa verið farnar leiðir í húsnæðismálum sem byggjast á því að fólk hafi úr fleiri valkostum að velja. Auk þess að eignast eigið húsnæði er mikið framboð af leiguhúsnæði auk þess sem búseturéttaríbúðir og íbúðir með kaupleigufyrirkomulagi hafa opnað fólki nýja möguleika í húsnæðismálum.

Kostir kaupleiguíbúða eru ótvíræðir. Nýir möguleikar skapast í greiðslukjörum og menn fá jafnframt að velja sér eignar- eða leigufyrirkomulag í húsnæðismálum. Auðvelt á að vera að gera fólki kleift að flytja með sér áunnin réttindi. Með því móti er fólki auðveldað bæði að stækka og minnka við sig íbúðir, sem og að flytjast milli sveitarfélaga ef það svo kýs.

Í tillögugreininni er þessu fyrirkomulagi lýst nokkuð ítarlega og verður því hér á eftir einungis gerð grein fyrir kostnaði ríkis og sveitarfélaga komist slíkt fyrirkomulag á, svo og greiðslubyrði þeirra sem velja sér slíka leið í húsnæðismálum.

Greiðslubyrði leigjenda og kaupenda.

Byggingarsjóður verkamanna.

Íbúðarverð: 2,3 millj. kr. (núverandi byggingarkostnaður 100 m² íbúðar í sambýlishúsi).

Lán: a. 1840 þús. kr. úr Byggingarsjóði verkamanna til 40 ára með 1% vöxtum (80% byggingarkostnaðar). Sama og núgildandi lög um leiguíbúðir sveitarfélaga gera ráð fyrir.

b. 460 þús. kr. frá viðkomandi sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess (20% byggingarkostnaðar).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	4 670		4 670
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum	4 670	2 084	6 754
Sama á 25 árum	4 670	2 326	6 996
Sama á 20 árum	4 670	2 698	7 368
Sama á 15 árum	4 670	3 329	7 999
Sama á 10 árum	4 670	4 909	9 578

Byggingarsjóður ríkisins.

Íbúðarverð: 2,3 millj. kr. (núv. byggingarkostn. 100 m² íbúðar í sambýlishúsi).

Lán: a. 1840 þús. kr. úr Byggingarsjóði ríkisins (80%) til 40 ára með 3,5% vöxtum.
b. 460 þús. kr. frá sveitarfélagi og samstarfsaðilum þess. (20% af byggingarkostnaði).

Mánaðarlegar greiðslur:	A-leiga	B-leiga	Samtals
Venjuleg leiga án eignayfirtöku	7 180		7 180
Leigjandi eignast íbúð á 30 árum*	7 180	2 084	9 264
Sama á 25 árum	7 180	2 326	9 506
Sama á 20 árum	7 180	2 698	9 878
Sama á 15 árum	7 180	3 329	10 509
Sama á 10 árum	7 180	4 909	12 089

*) Ávallt er reiknað með að kaupandi yfirtaki eftirstöðvar áhvílandi lána frá öðrum hvorum byggingarsjóðnum þegar hann fær afsal, en þá hefur hann að fullu greitt hlut sveitarfélags í byggingarkostnaði. Í öllum tilvikum þarf að reikna með einhverri viðbót við A-leigu vegna sameiginlegs rekstrarkostnaðar.

Framlög sveitarfélaganna.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að byggðar eða keyptar verði 600 íbúðir á hverju ári í 10 ár með kaupleigufyrirkomulagi. **Miðað við þá áætlun yrði framlag sveitarfélaganna 276 milljónir á ári.**

Við afgreiðslu á fjárhagsáætlun sveitarstjórna, sem og á fjárlögum ríkisins, voru verðlagsforsendur miðaðar við 36% verðbólgu. Nýgerðir kjarasamningar hafa hins vegar gjörbreytt þeirri áætlun þar sem nú er miðað við 7—8% verðbólgu á árinu. Sum sveitarfélögin hafa fyrir sitt leyti tilkynnt að þau muni lækka útsvarsálagningu úr 10,8% í 10,2%. Miðað við úrtak framteljenda um framtaldar tekjur á árinu 1985 má ætla að tekjubreytingar milli áranna 1985 og 1986 verði 43—44% í stað 36%. Þetta þýðir að þrátt fyrir lækkun útsvarsálagningar úr 10,8% í 10,2% stefnir í það að sveitarfélögin fái verulegar tekjur af útsvarsálagningu að raungildi umfram gjöld. Það er því skoðun flm., haldi verðlagsforsendur kjarasamninga, að á yfirstandandi ári verði um verulegar tekjur að ræða umfram áætluð gjöld hjá sveitarfélögunum sem skapar svigrúm fyrir þau til að standa undir sínu framlagi til byggingar leiguíbúða eins og hér er lagt til. Að auki má benda á að útgjöld sveitarfélaga árlega á næstu 10 árum vegna byggingar eða kaupa 600 íbúða með kaupleigufyrirkomulagi minnka árlega í hlutfalli við endurgreiðslu viðbótargjalds (B-leigu). Sé um fleiri framkvæmdaaðila að ræða, svo sem launþegasamtök, lífeyrissjóði eða félagasamtök, minnkar hlutur sveitarfélaga líka sem því nemur.

Einnig eru gatnagerðargjöld allt að 5% af byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis auk annarra gjalda, svo sem tengigjalda o. fl. Þessi gjöld mætti skoða sem hluta af framlagi sveitarfélaga sem auðveldar þeim þá fjármögnun á sínum hluta til kaupleiguíbúðanna.

Lán byggingarsjóðanna.

Séu 300 íbúðir fjármagnaðar á hverju ári úr Byggingarsjóði verkamanna og 300 úr Byggingarsjóði ríkisins yrði **framlag Byggingarsjóðs verkamanna 552 milljónir á ári** en fjármagn úr Byggingarsjóði ríkisins ykist ekki frá því sem nú er þar sem lánveitingar úr Byggingarsjóði ríkisins kæmu ekki til viðbótar lánveitingum sem fyrir eru heldur mundi almennum lánveitingum fækkað í hlutfalli við byggingu kaupleiguíbúða á næstu 10 árum.

Í tengslum við nýgerða kjarasamninga er áætlað að verulega aukið fé komi til byggingarsjóðanna gegnum skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna. Ætla verður að samstaða geti náðst um það að 5–600 milljónir af þessu fé renni árlega til kaupleiguíbúða sem fyrst og fremst kæmu láglaunafólki til góða.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og framkvæmd þeirrar áætlunar sem tillagan gerir ráð fyrir yrði mörkuð ný stefna í húsnæðismálum sem tryggði í senn fleiri kosti og að fólki yrði gert auðvelt að eignast húsnæði án óbærilegrar greiðslubyrði.

Fylgiskjal II.

JÖFNUN HÚSNÆÐISKOSTNAÐAR

Þingsályktunartillaga.

(Flm.: Kjartan Jóhannsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karvel Pálmason.)

Alþingi ályktar að nauðsyn beri til að jafna húsnæðiskostnað milli mismunandi hópa í þjóðfélaginu með því að létta skuldabyrði þeirra sem harðast hafa orðið úti vegna íbúðaröflunar á síðast liðnum árum. Því ályktar Alþingi að fela félagsmálaráðherra að tilnefna fimm menn í nefnd til þess að setja reglur um endurgreiðslu á hluta af kostnaði við öflun íbúðarhúsnæðis til aðila sem keyptu eða byggðu íbúð á árunum 1980–85 og urðu fyrir mikilli hækkun skulda af íbúðaröfluninni vegna ytri aðstæðna sem ekki voru á valdi þessara aðila. Við setningu reglnanna um ofangreindan endurgreiðsluhluta skal taka mið af svofelldri meginstefnu:

1. Til grundvallar skal leggja hækkun á skuldum sem sannanlega verða raktar til íbúðakaupa eða íbúðarbyggingar á þessu tímabili.
2. Hámarksviðmiðun sé 2,5 milljóna króna skuld á verðlagi í desember 1985.
3. Endurgreiðsluhluti nemi 50% af þeirri hækkun viðkomandi skulda sem átt hefur sér stað fram til 31. des. 1985 umfram hækkun almenns kaupgjalds í landinu.
4. Endurgreiðsluhlutinn renni til þess að
   a. greiða vanskil,
   b. lækka skammtímaskuldir viðkomandi,
   c. lækka skuldir viðkomandi til langs tíma, og þá í þeirri forgangsröð sem hér er upp talin og svo langt sem til hrekkur.
5. Útreikningur endurgreiðsluhlutans skal gerður af Húsnæðisstofnun ríkisins í samráði við skattstofu hvers aðila og skal sótt um endurgreiðsluhlutann til Húsnæðisstofnunar.
6. Húsnæðisstofnun veiti til endurgreiðslunnar á þessu ári allt að 300 milljónum kr. af því fé sem henni hefur verið ætlað til að mæta vanda þeirra sem við sérstaka greiðsluerfiðleika eiga að stríða. Afgangur, sem verða kynni, yrði reiddur af hendi á næsta ári.
7. Húsnæðisstofnun annist útgreiðslu endurgreiðsluhlutans og samninga við lánardrottna eftir því sem við ætti.

Greinargerð.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hvernig kjaraskerðing og síhækkandi lánskjaravísitala hefur leikið þá sem aflað hafa sér húsnæðis á næstliðnum árum. Þeir, sem byggðu eða keyptu íbúðarhúsnæði fyrir 1980, nutu aðstoðar verðbólgu og niðurgreiddra lána við fjármögnun íbúða sinna. Nú er fram undan að stórbæta húsnæðislánakerfið skv. samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar við nýgerða kjarasamninga. Þeir, sem afla sér íbúðar skv. því kerfi sem fram undan er, munu því njóta allhagstæðs lánakerfis ef að líkum lætur. Eftir situr þá sá þjóðfélagshópur sem aflaði íbúðarhúsnæðis á árunum 1980–85 og er sligaður af skuldastöðu sinni. Við slíkt misrétti verður ekki unað. Hér duga engar lánalengingar því að eignastaða aðilanna er orðin óbærileg. Til þess að jafna muninn er það eitt til ráða að greiða niður hluta af skuldum þessara aðila svo að eignastaða þeirra skáni. Því er þessi tillaga flutt. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að sú mismunun, sem hér um ræðir, verði jöfnuð að hluta með því að almannafé verði sérstaklega til þess varið. Hér er gert ráð fyrir því að hluti af þeirri skuldaaukningu sem viðkomandi hópur hefur orðið fyrir verði endurgreiddur. Til viðmiðunar er að 50% af skuldaaukningu viðkomandi persóna umfram almenna hækkun kaupgjalds verði endurgreidd. Sú endurgreiðsla á beinlínis að fara til þess að lækka skuldir þessara aðila eins og tilgreint er í tillögunni. Gert er ráð fyrir tilteknu þaki á endurgreiðslunni þannig að hámarksviðmiðun svari til skuldar að upphæð 2,5 millj. króna að verðlagi í des. s.l.

Flutningsmönnum er ljóst að hér er um vandasamt og flókið mál að ræða þannig að það þarfnast sérstaks undirbúnings. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra skipi nefnd til þess að setja reglur um framkvæmdina skv. þeim meginlínum sem hér eru lagðar. Jafnframt er ætlun flutningsmanna að Húsnæðisstofnun annist framkvæmdina skv. umsóknum frá þeim aðilum, sem hér um ræðir, enda yrði hluta af ráðstöfunarfé Húsnæðisstofnunar á þessu ári varið til þessa verkefnis.

Fylgiskjal III.

Stefán Ingólfsson, verkfræðingur FMR:

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Undirritaður telur nauðsynlegt að vekja athygli á nokkrum mikilvægum atriðum, sem varða heildaráhrif frumvarps til laga um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, einnig varðandi forsendur þær sem lagðar hafa verið til grundvallar í greinargerð sem fylgir frumvarpinu. Athugasemdirnar snúa eingöngu að atriðum sem varða fasteignamarkaðinn.

Tilgangur þessara athugasemda er ekki að varpa fram gagnrýni á það frumvarp til laga sem er til umræðu heldur að vekja sérstaklega athygli á því að nauðsynlegt er að fylgja lagasetningu eftir með ákveðnum aðgerðum. Þessar aðgerðir þurfa að hafa eftirfarandi markmið:

1. Breyta greiðslukjörum á fasteignamarkaði til samræmis við það sem þau voru fyrir hálfum öðrum áratug þegar verðbólga var ekki lægri en nú er stefnt að.
2. Hlutur bankastofnana í fjármögnun fasteignamarkaðarins verði ekki minnkaður. Lánin verði einnig betur sniðin að þörfum fasteignakaupenda en nú er. Lánstími verði lengdur og framkvæmt mat á kaupgetu og greiðslugetu kaupenda.

Ef þessum markmiðum er náð mun það *ásamt* þeim tillögum sem í frumvarpinu felast valda mikilli breytingu á fasteignakaupum hér á landi. Þær eru hins vegar nauðsynlegar

forsendur fyrir því að sú kerfisbreyting, sem frumvarpið stefnir að, marki umtalsverð þáttaskil.

Athugasemdirnar eru þessar:

Aukning fjármagns verður minni en haldið er fram.

Frumvarpið mun ekki auka fjármagn á fasteignamarkaði eins mikið og gefið hefur verið til kynna. Kannanir félagsmálaráðuneytisins sýna að lífeyrissjóðslán, sem sjóðirnir veita beint til íbúðakaupenda, eru nú *jafnhá* og G-lánin. Bankalán sem látið er liggja að í greinargerð að verði óþörf nema um 60% af G-lánum. Með hinu nýja fyrirkomulagi mun draga úr lánum lífeyrissjóðanna beint til kaupenda og *ef til vill bankalánum einnig*. Mesta nettóaukning á lánsfé, sem sýnilegt er að lögin hafi í för með sér, er um 4% af veltu fasteignamarkaðarins.

Það rýrir gildi greinargerðarinnar að ekki skuli gerð tilraun til að áætla nettóaukningu lánsfjárins. Það er miður því upplýsingar liggja nú fyrir í fyrsta sinn sem gera þetta kleift.

Ekki er tekið á helstu vandamálum fasteignamarkaðarins.

Helstu vandamál fasteignamarkaðarins eru mikil fjárþörf og þung greiðslubyrði kaupenda. Báðir þessir þættir eru aðallega tilkomnir vegna þátta sem frumvarpið tekur ekki til. Mjög óhagkvæm greiðslukjör eru aðalorsök þess hversu mikið af reiðufé fasteignakaupendur hérlendis þurfa að hafa handbært við kaupin. Til þess að jafn lítil nettóaukning á heildarfjármagni á markaðinum geti haft veruleg áhrif *verður útborgun að lækka.*

Til þess að útskýra hversu sterk áhrif hér er um að ræða má nefna að ef útborgun í fasteignaviðskiptum lækkaði niður í 50% mundi sú breyting jafngilda 1200 milljón króna láni til fasteignakaupenda. Það er að minnsta kosti þrefalt meira en þessi lagabreyting hefur í för með sér.

Áætlanir um minnkaða greiðslubyrði eru nánast getgátur.

Við athugun á greiðslubyrði fasteignakaupenda, sem eru að kaupa sína fyrstu eign, kemur í ljós að á fyrsta ári eftir kaupin stafa 75% af henni frá bankalánum og óverðtryggðum eftirstöðvalánum. Afborganir af lífeyrissjóðslánum og G-lánum eru ekki nema fjórði hluti af greiðslubyrðinni.

Frumvarpið hefur ekki áhrif á þessi lán. Í greinargerð er gert ráð fyrir að hækkuð G-lán muni koma í staðinn fyrir bankalánin. Það getur einungis orðið ef bankarnir draga saman útlán af eigin hvötum. Ástæðan er einfaldlega sú að sú nettóaukning fjár sem verður á fasteignamarkaði nái lögin fram að ganga *er minni en nemur þeim bankalánum sem nú eru veitt til íbúðakaupa.*

Ef auka á fjármagn á fasteignamarkaði er því nauðsynlegt að *bankar dragi ekki úr lánum til íbúðakaupa.*

Ef lán þeirra verða óbreytt áfram er annar höfuðvaldur hinnar þungu greiðslubyrði enn til staðar og við hinum, þ.e. óverðtryggðu eftirstöðvalánunum, er ekki hróflað.

Byggingarþörf á Íslandi er sennilega áætluð fjórðungi of lítil.

Forsendur frumvarpsins fyrir útreikningi á byggingarþörf hér á landi næstu árin eru byggðar á veikum grunni. Hér á landi eru fáar íbúðir á hverja 1000 íbúa og til dæmis nokkru færri en annars staðar á Norðurlöndum. Gólfflötur er hins vegar næststærstur eða stærstur. Þó að ætla megi að þörf fyrir nýbyggðan gólfflöt muni dragast saman um 25% til 35% er fátt sem bendir til annars en útvega þurfi 1800 til 2200 íbúðir á ári næstu árin. Þær eru hins vegar talsvert minni en það húsnæði sem byggt hefur verið síðasta áratug.

Áætlun á byggingarþörf getur litið þannig út:

Fjölgun íbúða vegna fólksfjölgunar 850 íbúðir
Fjölgun íbúða vegna minni fjölskyldna 850–1250 íbúðir
Fjölgun vegna niðurrifs og flutninga 100 íbúðir

Samtals áætluð þörf fyrir fjölgun 1800–2200 íbúðir.

Fylgiskjal IV.

Stefán Ingólfsson, verkfræðingur FMR:

ATHUGASEMDIR
við frumvarp til laga um breytingar
á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Um 3. gr.

„c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar gr. skulu skerðast um 2,0% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 170 m^2. Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls að frádregnum bílskúr."

Athugasemdir:

1. Reglan, sem hér er tilgreind, er svo rúm að hún hefur tæpast neitt hagnýtt gildi til að skerða stærð nýbygginga. Viðmiðunin svarar til um 190 m^2 samkvæmt reiknireglum FMR og jafnvel 210 m^2 til 220 m^2 ef innbyggður bílskúr er í húsinu. Hún er liðlega 50% yfir meðalstærð íbúða hér á landi.
2. Ákvæði um það hvernig reikna skuli stærð íbúðar er ólík reglum íslenskra staðla og einnig ólík þeim reglum sem stærðir í opinberum skrám eru reiknaðar eftir. Reiknireglan er því ruglingsleg og einungis til þess fallin að skapa mönnum vinnu.

Tillögur:

3. Málsgreinin falli niður. Þá verður engum skerðingum vegna stærðar beitt.

eða

4. Málsgreinin verði þannig ef óskað er eftir að beita skerðingarákvæðum:
   „c. Heimilt er að ákveða í reglugerð að lán skv. a- og b-liðum þessarar gr. megi skerða ef stærð íbúðar fer yfir ákveðið hámark. Stærð skal reikna samkvæmt skilgreiningu staðals um stærðarreikninga húsnæðis, ÍST 50."

Annað:

Þá er nauðsynlegt að skilgreina betur hvað átt er við með hugtakinu: „raunverulegt kaupverð íbúðar".

Um 4. gr.

„Lánið skal að jafnaði veita gegn 1. og 2. veðrétti."

Athugasemdir:

1. Í mjög mörgum tilfellum verður þetta ákvæði marklaust í framkvæmd þar sem svo mörg lán hvíla oft á seldum eignum. Því er hreinlegast að sleppa því og leggja í staðinn áherslu á öryggi veðsins, þ.e. veðhæfnismörk.

Tillaga:

Greinin falli niður.

Annað:

Yfirtekin G-lán ætti að sameina nýju láni þegar eign er seld. Heildarupphæð nýja *skuldabréfsins* nemi þá samanlögðum upphæðum nýja lánsins og hinna yfirteknu. Yfirteknu lánin falli síðan niður. Öll upphæðin er þá lánuð til 40 ára. Þetta er tæknilegt atriði og breytir ekki lagatexta. Hins vegar eru líkur á því að við framkvæmd laganna verði lögð áhersla á að sameina lán ef áhersla er lögð á það við afgreiðslu frumvarpsins.

Um 12. gr.

„Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi mega ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati."

Athugasemdir:

1. Veðhæfni eigna á að miða við sérstakt *veðhæfnismat*. Veðhæfnismat er vel skilgreint í matsfræðum. Það tekur mið af markaðsverði en leitast þó við að jafna út verðsveiflum.
2. Opinbert mat, brunabótamat og fasteignamat, er ákaflega ófullkominn mælikvarði á veðhæfni. Þau á ekki að nota í þessum tilgangi nema til hliðsjónar.
3. „Kaupverð eignar er EKKI markaðsverð hennar" segir í kennslubókum í matsfræðum. Þetta er reyndar eitt af grundvallaratriðum í mati. Kaupverð er í eðli sínu breytilegt. Sumir gera góð kaup en aðrir léleg jafnvel þó þeir kaupi sama daginn. Algengt er í Reykjavík að yfir 10% munur sé á raunverði hliðstæðra eigna sem seldar eru á sama tíma. Í gömlu borgarhverfunum er munurinn meiri (yfir 20%) og utan höfuðborgarinnar er munurinn jafnvel enn meiri.
4. Mat á veðhæfni er með þeim hætti í dag að reglurnar skapa fólki misrétti eftir eignum og landshlutum. Oft eru vandamál varðandi veð leyst á þann hátt að veð eru fengin „að láni" þegar um lífeyrissjóðslán og bankalán er að ræða. Það er ekki unnt með G-lánin. Þær reglur, sem eru í frumvarpinu, gætu hugsanlega brugðið fæti fyrir 5% til 15% af ungu fólki á höfuðborgarsvæðinu. Einföld orðalagsbreyting getur bjargað þessu. Framkvæmdina má síðan setja í reglugerð eða starfsreglur Húsnæðisstofnunar.

Tillaga:

Viðmiðunin, sem tilgreind er í málsgreininni, verði kölluð sínu rétta heiti — *veðhæfnismat*. Greinin hljóði þannig:

„Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af mati Húsnæðisstofnunar á veðhæfni eignar."

(Reykjavík, 20. apríl 1986.)

Ed. 1008. Nefndarálit [417. mál]

um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 68/1985.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Haraldur Ólafsson, form., frsm.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fundaskr.	Árni Johnsen.
Salome Þorkelsdóttir.	Magnús H. Magnússon.	Ey. Kon. Jónsson.

Ragnar Arnalds.

Nd. 1009. Lög [265. mál]

um breytingu á lögum nr. 63/1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

(Afgreidd frá Nd. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 498.

Sþ. 1010. Breytingartillaga [307. mál]

við till. til þál. um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Frá utanríkismálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem föng eru á könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagnaður af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi.

Sþ. 1011. Skýrsla [446. mál]

raforkuverðsnefndar.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—1986.)

FORMÁLI

Í áfangaskýrslu raforkuverðsnefndar, sem hér fer á eftir, er að finna ýmsar upplýsingar og niðurstöður varðandi raforkuverð á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, sem nefndin hefur safnað saman og greint að undanförnu. Því fer fjarri að því verkefni, sem nefndinni var ætlað að vinna, skv. umboði hennar og þeirrar verkbeiðni, sem felst í þingsályktun Alþingis hinn 22. mars 1984, sé lokið. Nákvæm og hlutlaus rannsókn á raforkuverði og myndun þess er óvenju viðamikið verkefni. Í raun þarf slík rannsókn að fara fram með reglubundnu millibili eða jafnvel, að stöðugt sé fylgst með verðmyndun á raforku. Nefndin hefur tekið mið af þessu og reynt að haga verkinu þannig, að auðvelt sé fyrir opinbera aðila eða samtök raforkufyrirtækja að halda verkinu áfram eftir að nefndin hefur lokið störfum.

Í fyrsta kafla skýrslunnar er fjallað um raforkuverð á Norðurlöndunum og samanburð við Ísland. Þar kemur fram, að vissulega er raforkuverð mjög hátt hér miðað við það, sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Þetta á þó einkum við ef ákveðnir notendahópar eru athugaðir. Fyrir aðra notendahópa, þar sem rafhitun er mikilvægur þáttur í raforkunotkuninni, er verðið hins vegar mjög sambærilegt við það, sem þekkist á hinum Norðurlöndunum. Það vekur einnig athygli, að verð raforku til iðnaðar, að stóriðju undanskilinni, er tiltölulega hærra hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta stafar einkum af því, að skattlagning raforku til iðnaðar er mun meiri hér á landi. Enn fremur virðast gjaldskrár og raforkutaxtar ekki vera nægjanlega sveigjanlegir með tilliti til iðnaðar á Íslandi.

Í öðrum kafla skýrslunnar er farið nánar yfir raforkuverð á Íslandi og þróun þess. Reynt er að brjóta verðið niður í ýmsa verðþætti og reikna út meðalverð raforku frá helstu rafveitum landsins svo og fjórum bæjarrafveitum, sem Samband íslenskra rafveitna lagði til

að yrðu athugaðar sérstaklega. Verð á raforku frá þessum fyrirtækjum, tímabilið 1974—1985, er rakið fyrir helstu gjaldskrárflokka þeirra og umreiknað á föstu verðlagi til þess að auðvelda samanburð. Er þá bæði miðað við byggingarvísitölu svo og Bandaríkjadal, en áhrif hans á raforkuverð á Íslandi eru mjög ótvíræð.

Í þriðja kafla er fjallað um raforkuverð á Norðurlöndunum frá ýmsum sjónarhornum og gerð grein fyrir þróun raforkumarkaðarins þar. Greint er frá upplýsingasöfnun nefndarinnar og kynnisferð í þeim tilgangi til allra Norðurlandanna. Jafnframt er gerður samanburður á eðli raforkumarkaðarins á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, en sá samanburður er okkur mjög í óhag. Raforkuverð á Norðurlöndunum, ef Danmörk og Ísland eru undanskilin, virðist vera með því lægsta, sem þekkist í öllum heiminum. Því er samanburður á raforkuverði óhagstæður fyrir flest ríki ef miðað er við Norðurlönd. Nefndin ákvað því að afla upplýsinga um raforkuverð bæði í Þýskalandi og Frakklandi, en raforkuverð í þessum löndum virðist svipað og á Íslandi, þrátt fyrir, að aðstæður í báðum þessum löndum séu mjög ólíkar.

Í fjórða kafla er greint frá áhrifum skattlagningar af hálfu hins opinbera á raforkuverðið. Er gerð grein fyrir mismunandi skattlagningu eftir notkun raforku hér á landi svo og á hinum Norðurlöndunum.

Þá er í fimmta kafla gerð grein fyrir heildsöluverði raforku á öllum Norðurlöndunum og hvernig þróun raforkuverðs hefur verið síðan 1970. Koma áhrif olíukreppanna og tíðar gengissveiflur Bandaríkjadals greinilega í ljós.

Að lokum skal það ítrekað, að hér er aðeins um áfangaskýrslu af hálfu nefndarinnar að ræða. Mikið verkefni er enn óunnið m.a. úrvinnsla á viðamiklum gögnum og upplýsingum, sem nefndinni hafa borist frá Þýskalandi og Frakklandi. Enn fremur er eftir að kryfja til mergjar verðmyndun á raforku á grundvelli rekstrarafkomu raforkufyrirtækjanna. Þáttur stóriðju og áhrif raforkusölusamninga til hennar á raforkuverð til almenningsveitna þarfnast einnig sérstakrar athugunar. Stofnkostnaður og fjárfesting í nýjum raforkumannvirkjum vegna væntanlegra sölusamninga hefur einnig haft mikil áhrif á raforkuverðið.

Það er ljóst, að margar niðurstöður og ályktanir nefndarinnar, sem hér eru birtar, geta orkað tvímælis. Enn fremur er ekki hægt að útiloka, að villur eða misskilningur hafi einhvers staðar slæðst inn í skýrsluna. Allar ábendingar og gagnrýni er því vel þegið.

1. INNGANGUR

1.1 Skipun raforkuverðsnefndar.

Með bréfi iðnaðarráðherra, dags. 19. október 1984, voru eftirtaldir aðilar skipaðir í nefnd til þess að „kanna orsakir verðmyndunar á raforku til almennings" eins og segir í bréfinu. Júlíus Sólnes, prófessor, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Gamalíel Sveinsson viðskiptafræðingur og Bergsteinn Gizurarson verkfræðingur. Guðrún Skúladóttir, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu, var jafnframt skipuð ritari nefndarinnar.

Forsaga þess, að nefndin var skipuð voru miklar umræður sem fóru fram á þingi haustið 1983 og 1984, um raforkuverð til almennings á Íslandi. Fluttu nokkrir þingmenn Alþýðuflokksins tillögu til þingsályktunar haustið 1983 þess efnis, að skipuð yrði nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til þess að kanna gaumgæfilega og skila sameinuðu Alþingi skýrslu um orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi og tillögum til úrbóta.

Ekki voru menn á eitt sáttir um það hvort og/eða hvers vegna raforkuverðið í landinu væri óeðlilega hátt. Var m.a. í umræðunum talað um of háan rekstrarkostnað orkufyrirtækja, of miklar og hraðar framkvæmdir með erlendu lánsfé, slæmt skipulag orkuöflunar og orkusölu á Íslandi, svo eitthvað sé nefnt. Fór svo að lokum, að eftirfarandi þingsályktunartillaga var samþykkt í sameinuðu þingi 22. mars 1984: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni

að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega orsakir verðmyndunar á raforku til almennings og almenns atvinnurekstrar og gera samanburð á verðmyndun á raforku hérlendis og í nálægum löndum.

Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

1.2 Störf nefndarinnar.

Nefndin hóf störf sín í lok október 1984 og var fyrst hafist handa við gagnaöflun og skilgreiningu verkefnisins. Einkum var lögð áhersla á að safna upplýsingum um gjaldskrármál, rekstrargrundvöll og afkomu helstu raforkufyrirtækja landsins. Var haft samband við forstöðumenn Landsvirkjunar, (LV), Rafmagnsveitna ríkisins, (RARIK), Orkubús Vestfjarða, (OV), Rafmagnsveitu Reykjavíkur, (RR), og Orkustofnunar, (OS), í þessu skyni og haldnir fundir með fulltrúum þessara fyrirtækja, þar sem verðmyndun á raforku hjá þeim var rædd. Jafnframt var leitað eftir aðstoð og samstarfi við Samband íslenskra rafveitna, (SÍR). Samstarf við alla þessa aðila hefur verið með ágætum og nefndin fengið greið og góð svör við öllum fyrirspurnum sínum. Þess skal hér getið, að þær skammstafanir, sem eru sýndar í sviga eftir heiti hvers fyrirtækis, verða eftirleiðis notaðar í skýrslunni til auðkenningar á fyrirtækinu.

Ásgeir Valdimarsson, hagfræðingur hjá SÍR, hefur verið nefndinni til aðstoðar frá því í ársbyrjun 1985. Féllst stjórn SÍR góðfúslega á að veita nefndinni aðgang að öllum gögnum sambandsins, sem vörðuðu starf nefndarinnar og enn fremur, að Ásgeir gæti að verulegu leyti helgað sig störfum fyrir nefndina. Hefur Ásgeir setið fundi nefndarinnar og annast viðamikla útreikninga og athuganir fyrir nefndina. Hefur vinnu hans verið hagað þannig, að hún geti orðið grundvöllur fyrir áframhaldandi könnun á verðmyndun á raforku á vegum SÍR eftir að nefndin hefur lokið störfum.

Haft var samband við Félag íslenskra iðnrekenda og leitað eftir samvinnu um athugun á raforkukostnaði iðnfyrirtækja á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Kom í ljós að slík athugun var fyrirhuguð af hálfu FÍI í tengslum við norræna könnun á orkukostnaði fyrirtækja á vegum félagasamtaka norrænna iðnrekenda. Varð að samkomulagi, að FÍI tæki að sér að kanna raunverulegan raforkukostnað í rekstri ákveðinna fyrirtækja á Íslandi og gera samanburð við kostnað hliðstæðra fyrirtækja á hinum Norðurlöndunum.

Nefndin leitaði álits SÍR á því hvaða raforkufyrirtæki önnur en þau, sem nefnd voru hér að framan, væru sérstaklega áhugaverð til frekari athugunar fyrir nefndina. Var sérstaklega bent á fjögur fyrirtæki, en þau eru Rafveita Vestmannaeyja, Rafveita Keflavíkur, Rafveita Húsavíkur og Rafveita Sauðárkróks. Átti nefndin fundi með forráðamönnum þessara fyrirtækja. Gjaldskrármál og verðmyndun á raforku í þessum fyrirtækjum hefur verið tekin til sérstakarar athugunar, en allar þessar rafveitur eru dæmigerðar rafveitur fyrir minni kaupstaði og þéttbýlisstaði úti á landi.

Eitt meginverkefni nefndarinnar er að bera saman raforkuverð og verðmyndun raforku á Íslandi og í nálægum löndum. Í þessu skyni var leitað til samtaka raforkuiðnaðarins á hinum Norðurlöndunum. Voru haldnir fundir með fulltrúum norrænu rafveitusambandanna og fengust mjög greinargóðar og mikilvægar uplýsingar um ástand mála og rekstur raforkukerfisins á Norðurlöndunum, sem nánar er fjallað um í kafla 3 hér á eftir.

Þá var einnig leitað eftir svipuðum upplýsingum til þýska rafveitusambandins í Frankfurt og Rafmagnsveitu ríkisins í Frakklandi. Ákvað nefndin að velja þessi tvö lönd með hliðsjón af eftirfarandi atriðum. Í Þýskalandi er raforkuiðnaðurinn að langmestu leyti í einkarekstri. Fjölmörg fyrirtæki sjá um framleiðslu og dreifingu raforku í Þýskalandi. Eru gjaldskrár þeirra miðaðar við, að eðlileg arðgjöf fáist út úr rekstri og þær endurspegli kostnað vegna dreifingar raforku til mismunandi aðila. Er því talið, að gjaldskrár þýskra

rafveitufyrirtækja nálgist það að vera kostnaðarréttar. Þá má nefna, að nær öll raforka í Þýskalandi er framleidd með kolum og olíu, en kjarnorka er aðeins í litlum mæli.

Í Frakklandi, hins vegar, er öll framleiðsla raforku og dreifing hennar í höndum eins ríkisrekins fyrirtækis, Electricité de France. Er gjaldskrá þess eins fyrir allt Frakkland og því sama grunnverð á raforku, hvar sem er í Frakklandi. Vegna mismunandi skatta og afgjalda til sveitarfélaga og fylkja er raforkuverðið þó mismunandi til neytenda og þannig hæst í París. Þá er athyglisvert, að mikill hluti, eða nálægt 40% af raforkuframleiðslu Frakka, er í kjarnorkuverum.

Þegar hafa borist greinargóðar upplýsingar frá Frakklandi, og Þýska rafveitusambandið hefur sent nefndinni viðamikil gögn og upplýsingar varðandi þýska raforkuiðnaðinn. Hefur nefndin þessi gögn til athugunar og fyrirhugar að gera verðmyndun á raforku í þessum löndum nánari skil.

Samkvæmt vinnuáætlun nefndarinnar er fyrsti verkþáttur í því fólginn að gefa nákvæmar upplýsingar um smásöluverð á raforku til notenda á Íslandi og í nálægum löndum. Hefur verið reynt að setja þessar upplýsingar fram með þeim hætti, að það sé skýrt og ljóst hvað rafmagn kostar hina ýmsu notendur bæði hér á landi og í nálægum löndum. Þróun á verðlagningu raforku yfir 10 ára tímabil er sýnd ásamt ýmsum öðrum upplýsingum til skýringa á gjaldskrám og verðlagningu raforku.

Á þessu stigi er engin tilraun gerð til þess að meta hvort raforkuverð á Íslandi sé óeðlilega hátt eða hvort verðlagning raforku sé með eðlilegum hætti. Ætlunin er að fjalla um þá hlið málsins, þ.e. sjálfa verðmyndunina í heildsölu og smásölu hjá íslenskum og erlendum raforkufyrirtækjum, á næsta stigi verksins. Ýmis atriði verða þá tekin til athugunar svo sem afskriftartími raforkumannavirkja, lánskjör og umbreyting erlendra lána.

Þriðji áfangi verksins lýtur að þætti stóriðju í myndun raforkuverðs. Eru fyrirhugaðir fundir með fulltrúum Landsvirkjunar og viðtöl við aðila orkufreks iðnaðar hér á landi. Þá væri æskilegt að gerð yrði sérfræðileg athugun á stofnkostnaði og rekstrarafkomu nýrra virkjana með og án stóriðju.

Fyrirhugað er, að störfum nefndinnar ljúki 1986. Í lokaskýrslu nefndarinnar verður gerð tilraun til þess að svara þeirri spurningu, hvort verðlagning á raforku sé með eðlilegum hætti hér á landi, og hvort verðið gæti verið lægra miðað við hóflega uppbyggingu orkuöflunarfyrirtækjanna.

1.3 Samanburður á raforkukostnaði mismunandi notenda á Norðurlöndum.

Í þeim umræðum, sem hafa verið um hátt raforkuverð á Íslandi, bæði í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi, hefur verðlagning raforku til heimilishalds og almenns iðnrekstrar einkum verið til umfjöllunar svo og lágt verð raforku til stóriðju. Hefur mjög verið vitnað í lægra raforkuverð á hinum Norðurlöndunum, bæði til almennrar notkunar og til iðnfyrirtækja. Fulltrúar sumra iðngreina hafa kveðið svo fast að orði, að það borgaði sig betur að nota aðra orkugjafa svo sem gas og olíu í vissum framleiðslugreinum, þar sem rafmagnið væri orðið svo dýrt. Þykir mörgum, að þarna hljóti að skjóta skökku við, þar sem öll raforka á Íslandi sé framleidd í hagkvæmum og ódýrum vatnsorkuverum. Til samanburðar er svo bent á tiltölulega ódýra raforku í Danmörku, sem nær öll er framleidd með kolum og að litlu leyti með olíu.

Til þess að glöggva sig betur á þessum staðhæfingum um miklu hærra raforkuverð á Íslandi heldur en á hinum Norðurlöndunum var ákveðið að byrja á því að bera saman rafmagnskostnað fjögurra mismunandi notendahópa á öllum Norðurlöndunum samkvæmt gildandi gjaldskrám 1. febrúar 1985. Er þá í fyrsta lagi um að ræða raforkukostnað heimila með 3500 kWh ársnotkun í öllum höfuðborgum Norðurlandanna, en það samsvarar

meðalnotkun í Reykjavík. Í öðru lagi var raforkukostnaður meðalstórra iðnfyrirtækja, sem einnig væru í höfuðborgum landanna, tekin til athugunar. Er þá gert ráð fyrir ímynduðu fyrirtæki, sem hefði 300.000 kWh ársnotkun og meðalafltopp (15 mín. meðaltal) 150 kW.

Erfitt er að skilgreina hvað er meðalstórt iðnfyrirtæki á grundvelli raforkunotkunar, þar sem hún er afar misjöfn eftir fyrirtækjum. Er talið, að þessi ársnotkun geti hæft meðalstóru fyrirtæki í Reykjavík, en tölurnar voru valdar í samráði við Félag íslenskra iðnrekenda. Iðnfyrirtæki á hinum Norðurlöndunum eru yfirleitt mun stærri en á Íslandi og raforkunotkun þeirra því mun meiri. Sú raforkunotkun, sem hér er gert ráð fyrir samsvarar því notkun tiltölulega lítilla fyrirtækja á hinum Norðurlöndunum og eins myndi nýtingartími á afltoppi teljast óhagstæður þar.

Þriðji notendahópurinn eru þeir, sem hita hús sín með rafmagni. Til viðmiðunar var valinn ímyndaður notandi, sem byggi á orkuveitusvæði RARIK á Íslandi, en þar sem orkuverð væri lægst í hverju landi á hinum Norðurlöndunum. Á Íslandi er raforka til húshitunar niðurgreidd af ríkinu eins og kunnugt er, en á hinum Norðurlöndunum er hún seld samkvæmt almennum heimilistaxta. Þá var enn fremur gert ráð fyrir, að ársnotkun vegna heimilishalds næmi 3500 kWh sem fyrr, en til upphitunar færu 20.000 kWh á ári. Slíkir notendur eru ekki margir á Íslandi, og er algengara, að til upphitunar fari milli 35.000—40.000 kWh. Hins vegar þekkist svo mikil rafmagnsnotkun vegna upphitunar vart á hinum Norðurlöndunum og var því farið bil beggja.

Að lokum var svo rafmagnsverð vegna notkunar í landbúnaði tekið til athugunar. Meðalstórt býli á orkuveitusvæði RARIK var tekið til viðmiðunar, en ársnotkun þess er talin vera 50.000 kWh. Inni í þessari tölu er öll rafmagnsnotkun þ.e. heimili, hitun og búrekstur. Aflmark slíks býlis var sett 10 kW og notkun umfram aflmark áætluð 1000 kWh á ári.

Raforkukostnaður sams konar býlis á hinum Norðurlöndunum var svo reiknaður, þar sem orkuverðið var lægst í hverju landi. Búin þar eru þó yfirleitt stærri og nýtingartími hagstæðari eins og gildir um iðnfyrirtækin. Þetta kemur þó ekk að sök, þar sem rafmagn til landbúnaðar er selt samkvæmt almennum taxta, þ.e. venjulegum heimilistaxta, á hinum Norðurlöndunum. Sérstakt raforkuverð til landbúnaðar eins og tíðkast hér á landi er ekki að finna þar.

Skattlagning raforku er mjög mismunandi á Norðurlöndunum og virðist hún mest í Danmörku. Þar er sérstakur raforkuskattur, 15,5 danskir aurar á selda kílówattstund, og síðan 22% virðisaukaskattur. Á Íslandi er verðjöfnunargjald nú 16% og söluskattur 25% frá 1. júlí 1985. Söluskattur var áður 24%, og er verðsamanburðurinn miðaður við þá prósentutölu.

Í Noregi er einnig sérstakur raforkuskattur, 2,9 norskir aurar á selda kílówattstund og síðan virðisaukaskattur, sem er mjög mismunandi eftir fylkjum í Noregi. Þannig er virðisaukaskatturinn 20% í Osló, en í nyrstu fylkjunum, Nordland, Troms og Finmark er raforka til heimilisnotkunar seld án virðisaukaskatts.

Í Svíþjóð er raforka skattlögð beint með 7,2 sænskum aurum á kílówattstund að 40.000 kWh, en með 5,0 aurum á kWh þar fram yfir. Í Finnlandi er sams konar skattur 2,5 finnsk pfennig á selda kílówattstund. Virðisaukaskattur er ekki lagður á raforku í Svíþjóð og Finnlandi. Kemur þetta fram í eftirfarandi niðurstöðum, þar sem meðalverð seldrar raforku, með og án skatta, er reiknað út í íslenskum krónum fyrir hina fjóra mismunandi notendahópa.

Í töflu 1.1 er sýnt raforkuverð til heimilisnotkunar miðað við 3.500 kWh ársnotkun.

Tafla 1.1 Raforkuverð til heimilisnotkunar í höfuðborgum Norðurlandanna 1. febrúar 1985.

ÍSK/kWh	Reykjavík	Stokkhólmur	Helsinki	Osló	Kaupmannah.
Með sköttum	4.00	1,61	1,67	1,76	3,38
Án skatta	2,86	1,28	1,52	1,34	2,21
Hlutfall skatta	40%	26%	10%	31%	53%
Verðhlutföll					
Með sköttum	100%	40,2%	41,8%	44,0%	84,5%
Án skatta	100%	44,8%	53,1%	46,9%	77,3%

Verð á raforku til heimilisnotkunar er greinilega hæst á Íslandi. Munar 18% á næst hæsta verðinu, sem er í Kaupmannahöfn, (Köbenhavns Belysningsvæsen). Samanburðurinn er þó óhagstæðari ef tekið er tillit til þess, að raforkuverð í Kaupmannahöfn er mun hærra en hjá öllum öðrum dönskum rafveitum. Þannig er sambærilegt verð hjá Rafveitu Árósa 2,53 kr/kWh, sem er 63% af verðinu í Reykjavík.

Í töflu 1.2 er sýnt raforkuverð til iðnfyrirtækja með 300.000 kWh ársnotkun og 150 kWh afltopp.

Tafla 1.2 Raforkuverð til iðnfyrirtækja á Norðurlöndum með 0,3 GWh ársnotkun 1. febrúar 1985.

ÍSK/kWh	Reykjavík	Stokkhólmur	Helsinki	Osló	Kaupmannah.
Með sköttum	3,25	1,55	1,93	1,52	2,21
Án skatta	2,32	1,31	1,78	1,39	2,21
Hlutfall skatta	40%	18%	8%	9%	0%
Verðhlutföll					
Með sköttum	100%	47,7%	59,4%	46,7%	68,0%
Án skatta	100%	56,5%	76,7%	59,9%	95,3%

Sem fyrr er verðið hæst í Reykjavík eða 47% hærra en í Kaupmannahöfn. Hér gildir þó aftur hið sama og áður, að raforkuverð í Kaupmannahöfn er mun hærra en annars staðar í Danmörku, en það stafar af því, að raforkukerfið þar er bæði óhagstætt og úrelt.

Annað sem er athyglisvert er það, að hlutfall skatta er nú langhæst í Reykjavík. Það stafar einfaldlega af því, að á hinum Norðurlöndunum er ýmist lagður á virðisaukaskattur í stað söluskatts eða aðeins beinn raforkuskattur. Virðisaukaskatturinn kemur ekki til greiðslu hjá framleiðslufyrirtæki, þar sem því ber einungis að greiða skatt af verðmætisaukningu framleiðsluvörunnar. Ef jafnhár virðisaukaskattur kæmi í stað söluskatts á Íslandi myndi raforkuverð til iðnfyrirtækisins lækka úr 3,25 kr/kWh í 2,69 kr/kWh, þar sem aðeins væri um að ræða verðjöfnunargjaldið 16%. Þá er enn fremur athyglisvert að raforkuskatturinn í Danmörku, þ.e. 15.5 danskir aurar á kWh, fæst endurgreiddur ef um er að ræða iðnfyrirtæki í samkeppnisiðnaði. Samkvæmt upplýsingum danska rafveitusambandsins fá nærri öll dönsk iðnfyrirtæki raforkuskattinn endurgreiddan á þessum forsendum og er honum því sleppt hér. Raforka til iðnaðar í Danmörku er þannig nánast skattlaus.

Í töflu 1.3 er sýnt raforkuverð til heimilis á rafhitunarsvæði. Til þess að fá eðlilegan samanburð er verðið hjá íslenska notandanum reiknað sem meðalverð allrar keyptrar rafokru, þ.e. 3.500 kWh skv. heimilistaxta RARIK (A1), og 20.000 kWh skv. rafhitunartaxta (C1). Á hinum Norðurlöndunum er enginn greinarmundur gerður á rafhitun og almennri heimilisnotkun og því sami taxti fyrir heildarnotkunina, þ.e. 23.500 kWh.

Tafla 1.3 Raforkuverð til upphitunar íbúðarhúsa og heimilisnotkunar á Norðurlöndum 1. febrúar 1985.

ÍSK/kWh	Ísland/Rarik	Svíþjóð	Finnland	Noregur	Danmörk
Með sköttum	1,84	1,54	1,21	0,91	2,10
Án skatta	2,02	1,21	1,06	0,82	1,16
Hlutfall skatta	−9%	27%	14%	11%	81%
Verðhlutföll					
Með sköttum	100%	83,7%	65,8%	49,5%	114,1%
Án skatta	100%	59,9%	52,5%	40,6%	57,4%

Margt athyglisvert kemur í ljós ef tölurnar í töflu 1.3 eru skoðaðar nánar. Raforkuverðið er nú orðið hæst í Danmörku þótt þar sé miðað við eina ódýrustu rafveituna þar í landi, (Elforsynings-Andelsselskabet Sönderjyllands Vestkyst, EASV). Skattlagningin í Danmörku er mjög há eða 81%, og stafar hún af því að fastagjaldið, 0,155 DKK/kWh, leggst mjög þungt á lágt grunnverð rafveitunnar.

Íslenska verðið er næsthæst, en þó ekki nema 19% hærra en í Svíþjóð samanborið við 148% hærra raforkuverð vegna heimilisnotkunar (tafla 1). Það vekur athygli, að skattlagning er neikvæð. Raforkuverð til upphitunar er niðurgreitt með framlagi úr ríkissjóði, sem nemur 63 aurum á hverja kílówattstund. Að auki er ekki greiddur söluskattur né verðjöfnunargjald af raforku til húshitunar. Heimilisnotkunin hins vegar er með bæði verðjöfnunargjaldi og söluskatti.

Verðið í Noregi er mjög lágt, enda um að ræða ódýrustu rafveitu þar í landi (Melöy kommunes e.v.). Að auki er ekki greiddur virðisaukaskattur, þar sem hér er um að ræða rafveitu í einu af nyrstu fylkjunum, sem eru undanþegin virðisaukaskatti eins og áður er getið.

Til þess að fá samanburð við notanda, sem væri nær meðalnotkun á orkuveitusvæði RARIK, má reikna verðið fyrir 35.000 kWh notkun til hitunar og 5.000 kWh heimilisnotkun á ári. Er verðið með sköttum (neikvæðir) þá 1,46 kr/kWh, en í Svíðþjóð 1,41 ÍSK/kWh eða nærri það sama. Þannig greiðir notandi með rafhitun á Íslandi nærri sama verð og í Svíþjóð meðan notandi með heimilisrafmagn eingöngu greiðir 148% hærra verð.

Að lokum er raforkuverð í landbúnaði sýnt í töflu 1.4.

Tafla 1.4 Raforkuverð í landbúnaði á Norðurlöndunum 1. febrúar 1985. Miðað við 50.000 kWh ársnotkun, 10 kW aflmark og 1.000 kWh umframnotkun.

ÍSK/kWh	Ísland/RARIK	Svíþjóð	Finnland	Noregur	Danmörk
Með sköttum	1,58	1,53	1,72	1,13	1,74
Án skatta	1,75	1,21	1,57	1,00	1,10
Hlutfall skatta	−10%	26%	10%	13%	58%
Verðhlutföll					
Með sköttum	100%	96,8%	108,9%	71,5%	110,1%
Án skatta	100%	69,1%	89,7%	57,1%	62,9%

Það vekur aftur athygli, að raforkuverðið á Íslandi er aftur lægra en það verður lægst í Danmörku og svipað og í Svíþjóð. Skattlagning er neikvæð um 10%, sem stafar af niðurgreiðslum ríkisins vegna hluta rafhitunar í búrekstri, 45 aurar á kWh, og niðurfellingu á verðjöfnunargjaldi og söluskatti. Í Danmörku er hins vegar um að ræða 58% skattlagningu á raforku til landbúnaðar. Byggir hún þó fyrst og fremst á beina skattinum 0,155 DKK/kWh því sá hluti raforkunotkunarinnar, sem fer til búrekstrarins er undanþeginn virðisaukaskatti, þ.e. hann fæst endurgreiddur.

Af þessum fjórum töflum má að lokum draga þá ályktun, að þegar kvartað er undan háu raforkuverði á Íslandi í samanburði við verð á hinum Norðurlöndunum, á það frekar við

um almennan heimilistaxta og raforku til iðnfyrirtækja. Verð raforku til notenda á rafhitunarsvæðum RARIK og Orkubús Vestfjarða og annars staðar, þar sem raforkan er greidd niður til húshitunar, svo og verð raforku til bænda er mjög sambærilegt við það, sem lægst gerist á hinum Norðurlöndunum.

1.4 Samanburður á verðlagi raforku milli landa.

Hugmyndir manna um það hvort verð á raforku í heimalandi þeirra sé hátt eða lágt hlýtur fyrst og fremst að byggjast á samanburði við almennt verðlag í landinu svo og á samanburði á raforkuverði við önnur lönd. Fæstir gera sér hins vegar grein fyrir því hversu erfitt er að bera verð á raforku saman milli landa, þ.e. finna hlutlausan en raunhæfan samanburðargrundvöll. Þá má bæta því við, að raforkukostnaður einstaklinga og fyrirtækja, einn sér, er langt frá því að vera afgerandi fyrir afkomu þeirra. Þannig geta ýmsir aðrir kostnaðarliðir í landi með hátt raforkuverð verið mun lægri en í landi með lágt raforkuverð, jafnvel svo, að þeir sem búa við hærra raforkuverðið myndu ekki vilja skipta.

Eitt séreinkenni raforku umfram aðra rekstrarliði er það, að verðmæti hennar er mismunandi eftir því á hvaða tíma hún er notuð og í hve miklu magni. Það er ekki hægt að kaupa raforku til geymslu eins og ýmsa aðra orkugjafa og ekki hægt að flytja hana með sér fáist hún einhvers staðar á einhverjum tíma mjög ódýrt. Hins vegar hlýtur raforka ætíð að vera í samkeppni við aðra orkugjafa svo sem olíu, kol og gas og getur þess vegna ekki verið algerlega óháð verði þeirra.

Þegar raforkuverð er borið saman á milli landa, er hægt að velja ákveðinn dag og umreikna gjaldskrár samanburðarlandanna yfir í mynt heimalandsins þennan ákveðna dag. Þetta hefur t.d. verið gert í grein 1.3, þar sem verð á raforku til fjögurra mismunandi notendahópa á öllum Norðurlöndunum er sýnt í íslenskum krónum miðað við gengisskráningu 1. febrúar 1985.

Gallarnir á slíkum samanburði eru augljósir. Þar sem raforkuverð breytist í stökkum er mögulegt að eitt landanna hafi rétt fyrir 1. febrúar hækkað verðið t.d. um 15% og annað land hækki verðið t.d. um 10% mánuði síðar. Reyndar hækkaði raforkuverð á Íslandi um nærri 10% um síðustu áramót, eftir að hafa verið óbreytt um alllangt skeið. Gjaldskrár hinna Norðurlandanna hækkuðu hins vegar ekki að sama skapi.

Þá gera örar gengisbreytingar og mikil verðbólga í heimalandinu slíkan samanburð mjög erfiðan. Raforka almennt á sér ekkert heimsmarkaðsverð, nema ef væri raforka til stóriðjufyrirtækja, og er því fyrst og fremst háð verðlagi heimalandsins og ástandi raforkukerfis þess.

Fulltrúar raforkuiðnaðarins hafa þess vegna mjög velt fyrir sér með hvaða hætti bera skuli saman raforkuverð milli landa og hvort slíkur samanburður þjóni miklum tilgangi. Ef valið er að nota einhverja erlenda mynt, t.d. Bandaríkjadollar sem grundvöll, er bent á, að gengi dollarans gagnvart hinum ýmsu gjaldmiðlum er háð efnahagslegum og stjórnmálalegum atriðum og atburðum, sem eiga lítið skylt við raforkumál. Verð á vöru og þjónustu, sem fellur undir venjuleg milliríkjaverslunarviðskipti má tengja alþjóðlegum gjaldmiðli, sem dollaranum, en vart vöru eða þjónustu, sem aðeins er seljanleg í landinu sjálfu og ekki er útflutningsvara.

Þannig hefur verið stungið upp á að nota annars konar viðmiðun þegar bera á raforkuverð milli landa saman. Vísitala kaupmáttar í öllum löndum Efnahagsbandalags Evrópu (PPP) hefur verið notuð og eins svokölluð innkaupakarfa (VGP). Þótt fáist góður samanburður á raforkuverði til heimilisnotkunar með þessum hætti er vart hægt að skoða raforkuverð til iðnaðar á þessum grundvelli.

Samanburður á grundvelli kaupmáttarvísitölu og t.d. við tímakaup í iðnaði virðist gefa góða raun. Má þá reikna út hve margar kílówattstundir af raforku fást fyrir tímalaun verkamanns í hinum mismunandi löndum. Enn fremur má nota heildarlaunakostnað fyrirtækja og miða við meðalkostnað fyrir unninn klukkutíma.

Með þessum hætti er dregið úr áhrifum gengisbreytinga en eftir sem áður fást engin svör við þeirri spurningu hvort raforkuverð í einu landi sé óeðlilega hátt eða lágt. Hátt eða lágt raforkuverð í einhverju landi ræðst nefnilega fyrst og fremst af eðli og ástandi raforkukerfisins í landinu sjálfu ásamt því hvernig stofnkostnaður þess hefur verið fjármagnaður.

Þannig getur raforkan frá gömlu og fullafskrifuðu olíu- eða kolaorkuveri verið mun ódýrari heldur en t.d. frá vatnsorkuveri, sem ber mikinn fjármagnskostnað. Eins hefur raforkumarkaðurinn í landinu mikil áhrif, þannig að margir dreifðir og litlir notendur valda hærra raforkuverði heldur en færri og stærri notendur. Eins er markaður með stöðugri notkun mun hagkvæmari en ef notkun er ójöfn.

Á grundvelli þess hversu erfitt er að bera saman raforkuverð milli landa og hversu ónákvæmur slíkur samanburður hlýtur alltaf að vera, sá nefndin ekki annan kost vænni en að miða við Bandaríkjadal og umreikna verð í öðrum gjaldmiðli yfir í dali. Er það fyrst og fremst gert með tilliti til þess að í umræðu um raforkuverð á Íslandi hefur Bandaríkjadollar, eða öllu heldur einn þúsundasti hluti hans, USM („mills"), verið notaður til viðmiðunar. Raforkuverðið í mills, (USM), er vel þekkt hugtak allt frá því, að raforkusölusamningurinn við álverið í Straumsvík var gerður 1966. Þá má enn fremur benda á, að vegna mikilvægis dollarans í utanríkisviðskiptum Íslendinga, hefur jafnan verið mjög mikil fylgni milli verðlags á Íslandi og gengi krónunnar gagnvart dollar. Hins vegar á þetta síður við um hin Norðurlöndin, sem fremur fylgja vestur-þýska markinu.

Í töflu 1.5 er sýnt hvernig þróun verðlags hefur verið á Íslandi áratuginn 1974—1985. Er gengi íslensku krónunnar, miðað við Bandaríkjadollara (USD), vestur-þýska markið (DEM) og dönsku krónuna, sýnt sem meðalgengi hvers árs og borið saman við byggingarvísitölu (BV), meðalverð raforku skv. heimilistaxta Rafmagnsveitu Reykjavíkur, (miðað við 3500 kWh ársnotkun), (RR) og meðalorkuverð Landsvirkjunar til almenningsrafveitna sama tímabil (LV). Fyrir 1985 eru notaðar tölur sem gilda fyrir júnímánuð svo og áætlað meðalverð (LV).

Tafla 1.5 Þróun verðlags á Íslandi 1974—1985.

Allt verð miðað við nýkrónur.

Ár	USD kr.	DEM kr.	DKK kr.	BV stig	RR kr/kWh	LV kr/kWh
1974	1.00	0.387	0.165	4.24	0.054	0.015
1975	1.54	0.624	0.267	6.15	0.098	0.023
1976	1.82	0.725	0.302	7.35	0.114	0.025
1977	1.99	0.859	0.331	9.41	0.141	0.032
1978	2.72	1.364	0.496	13.92	0.178	0.041
1979	3.53	1.930	0.671	20.28	0.301	0.062
1980	4.80	2.640	0.852	31.41	0.439	0.114
1981	7.25	3.209	1.017	48.21	0.681	0.201
1982	12.54	5.137	1.489	74.14	1.253	0.346
1983	25.03	9.744	2.720	127.25	2.794	0.853
1984	31.70	11.116	3.056	161.25	3.460	1.107
1985	41.41	13.546	3.774	200	2.990	1.307

MYND 1.1 ÞRÓUN VERÐLAGS Á ÍSLANDI 1974–1985



Á mynd 1.1 er þessi þróun sýnd myndrænt með því að draga upp alla ferlana, en til þess að fá betra innbyrðis samhengi hafa allar tölurnar verið tengdar við Bandaríkjadal þannig, að 1974 eru allar tölurnar settar 1.0. Sést glöggt hvernig hlutföllin milli þeirra hafa breytst.

Ferlarnir fyrir byggingarvísitölu og gengi Bandaríkjadollars falla nokkuð vel saman. Þó vekur athygli, að byggingarkostnaður virðist hækka nokkru meir en sem nemur hækkun Bandaríkjadollars undir lok tímabilsins. Gengi vestur-þýska marksins og dönsku krónunnar fer hins vegar að dragast aftur úr í verðlagsþróuninni upp úr 1979, en þá fór Bandaríkjadollar að styrkjast verulega gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Er þannig ljóst, að verðlag á Íslandi fylgir gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar öðrum gjaldmiðlum fremur, en á þessu tímabili hefur verð Bandaríkjadals rösklega fertugfaldast mælt í íslenskum krónum. Þess ber þó að geta, að á þessu tímabili hækkaði bandaríska heildsöluvísitalan U.S. Wholesale Price Index úr 100 (1974) í 195,4 (júní 1985). Hefur því kaupmáttur Bandaríkjadollars rýrnað um nærri helming á tímabilinu.

Raforkuverð í smásölu virðist fylgja nokkurn veginn þróun verðlags samkvæmt byggingarvísitölu og gengi Bandaríkjadollars fram undir 1979, en þá tekur rafmagnsverð í smásölu að hækka umfram byggingarvísitölu. Undir lok þessa tímabils er munurinn á byggingarvísitölu og verði RR orðinn 56%. Heildsöluverð raforku (LV) fylgir Bandaríkjadollar fram undir 1979 og er nokkru lægra en byggingarvísitalan næstu árin á undan. Upp úr 1982 hækkar verðið (LV) verulega og er orðið um 80% hærra en byggingarvísitalan 1982. Það ber þó að varast að draga of miklar ályktanir af þessum verðmismun undir lok tímabilsins, þar sem val á upphafspunktinum skiptir öllu máli. Engu að síður sést greinilega hvaða þróun hefur verið á verðlagningu raforku á þessum áratug. Þar sem heildsöluverðið verður til sérstakrar umfjöllunar síðar í skýrslunni, er ekki fjallað frekar um ástæður fyrir þessari hækkun heildsöluverðsins hér.

Það er nú ljóst, að með því að nota Bandaríkjadollar sem viðmiðun við samanburð á raforkuverði á Íslandi og í nálægum löndum fæst gott samræmi við verðlagsþróun á Íslandi. Hins vegar veldur það brenglun á raunverulegu verði á raforku á hinum Norðurlöndunum og í Þýskalandi og Frakklandi, þegar það er umreiknað með þessum hætti. Miðað við þá annmarka, sem eru á því að bera saman raforkuverð milli landa og lýst var hér að framan, er það þó talið vera skásti kosturinn.

2. RAFORKUVERÐ Á ÍSLANDI Í SMÁSÖLU

2.1 Smásöluverð raforku hér á landi og þróun þess áratuginn 1974—1984.

Raforkuverðsnefnd hefur látið kanna verð raforku í smásölu samkvæmt hinum ýmsu töxtum rafveitna síðasta áratug. Ákveðið var að sýna þróun meðalverðs þriggja aðalflokka taxta í sölu raforku til neytenda. Það er almennir taxtar, afltaxtar og rafhitunartaxtar. Verðið er fengið á þann hátt, að notaðar voru upplýsingar um sölumagn og sölutekjur skv. hinum ýmsu töxtum frá þeim rafveitum, sem teknar eru með í samanburðinum. Er byggt á upplýsingum úr tímaritinu Orkumál. Tölur ársins 1984 eru miðaðar við upplýsingar frá rafveitunum sjálfum. Verðjöfnunargjald og söluskattur eru innifalin í þessum tölum. Sem fyrr er miðað við helstu dreifiveitur landsins, þ.e. Rafmagnsveitu Reykjavíkur, RARIK og Orkubú Vestfjarða, svo og bæjarrafveiturnar fjórar, þ.e. Rafveitu Keflavíkur, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Sauðárkróks og Rafveitu Húsavíkur.

2.1.1 Þróun söluverðs í íslenskum krónum.

Í töflu 2.1 er þróun meðalverðs á raforku í smásölu rakin árin 1974, 1976, 1978, 1980, 1982 og 1984 fyrir stóru orkuveitufyrirtækin og bæjarrafveiturnar fjórar. Meðalverðið er hér skilgreint á eftirfarandi hátt. Sölutekjur fyrir raforkusölu samkvæmt öllum töxtum innan viðkomandi flokks eru lagðar saman og deilt í útkomuna með samanlagðri orkusölu í kWh í

sama flokki. Með sölutekjum er átt við allar tekjur af raforkusölu innan flokksins ásamt söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Niðurgreiðslur eru ekki teknar með, enda ekki hafnar fyrr en í október 1982. Með þessu móti fæst verðsamanburður milli mismunandi rafveitna, þrátt fyrir mjög mismunandi gjaldskrár þeirra, þótt í raun sé meðalverðið ekki sambærilegt nema sölusamsetning rafveitnanna sé eins. Eins gefur þessi aðferð góða vísbendingu um tekjuöflunarstefnu hverrar veitu.

Ekki má rugla meðalverði á raforku eins og það hefur verið skilgreint hér, þ.e. sem meðalbrúttótekjur á kílówattstund, við meðalverð raforku, þar sem það verð, sem meðalnotandi hjá rafveitunni greiðir, er kallað meðalverð. Þessi seinni skilgreining á meðalverði hefur allnokkuð verið notuð hjá raforkufyrirtækjum. Þá má heldur ekki rugla meðalverði á raforku saman við það verð, sem ákveðnir viðmiðunarnotendur greiða. Sú aðferð að reikna verð raforku út fyrir ákveðna viðmiðunarnotendur er hins vegar notuð í köflunum 1.3 og 3 um samanburð á raforkuverði milli Norðurlandanna.

Tafla 2.1 Þróun smásöluverðs raforku árin 1974—1985 á verðlagi hvers árs fyrir sig, (ISK/kWh).

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl taxtar	Hita taxtar	Allir taxtar	Mark taxtar	Allir taxtar
Rafmv. Reykjav.						
1974	5,07	3,14	1,02	4,27		
1976	11,96	7,07	2,04	9,86		
1978	18,53	11,58	3,74	15,96		
1980	44,16	26,83	10,31	37,29		
1982	1,12	0,76	0,37	0,97		
1984	3,27	2,08	1,24	2,75		
Rafmv. ríkisins						
1974	6,59	4,78	1,73	4,50	2,31	3,85
1976	16,76	10,44	2,84	9,32	4,47	7,68
1978	31,77	18,59	5,88	15,88	8,59	13,23
1980	67,85	40,42	18,70	35,15	20,45	29,24
1982	1,34	1,01	0,48	0,84	0,55	0,73
1984	4,27	2,90	1,00	2,20	1,39	1,92
Orkubú Vestfj.						
1978	33,37	17,67	6,36	16,43	8,86	15,68
1980	70,92	42,99	17,67	35,96	21,71	34,00
1982	1,88	1,12	0,45	0,87	0,62	0,84
1984						
Rafv. Sauðárkróks						
1974	3,52	5,04	1,71	3,96		
1976	13,67	9,40	2,80	10,87		
1978	28,03	13,52	5,03	18,51		
1980	56,44	31,11	11,68	39,93		
1982	1,60	1,06	0,38	1,28		
1984	4,17	3,08	1,14	3,40		
Rafv. Húsavíkur						
1974	7,87	4,07	1,60	5,29		
1976	13,48	7,28	3,13	9,49		
1978	21,82	12,79	4,74	16,42		
1980	55,27	31,20	11,30	40,96		
1982	1,88	1,01	0,47	1,37		
1984	5,00	2,99	1,25	3,99		
Rafv. Vestmannaeyja						
1974	7,03	4,17	1,67	4,72		
1976	13,37	6,27	3,20	7,80		
1978	20,44	12,54	5,69	13,34		
1980	50,65	37,01	12,80	34,64		
1982	1,50	0,94	0,36	0,92		
1984	4,10	2,65	0,89	2,57		

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl taxtar	Hita taxtar	Allir taxtar	Mark taxti	Allir taxtar
Rafv. Keflavíkur						
1974	7,42	3,43	1,63	4,36		
1976	13,78	7,37	2,40	7,58		
1978	22,92	10,67	4,12	12,63		
1980	61,89	26,64	10,98	36,24		
1982	2,08	1,02	0,35	1,32		
1984	5,07	2,74	0,98	3,66		

Vegna hinnar miklu verðbólgu undanfarin ár er erfitt að gera sér grein fyrir breytingum á verði raforku milli ára með því að bera saman ofangreindar tölur. Aftur á móti má bera saman verð raforku frá hinum ýmsu rafveitum sama ár. Rafmagnsveita Reykjavíkur hefur lægst raforkuverð, síðan Rafmagnsveitur ríkisins. Minni rafveiturnar eru með hæstu taxtana ásamt Orkubúi Vestfjarða. Hitataxtar eru lægstir og þar sem munurinn er mestur er almenni taxtinn um sex sinnum hærri. Fyrstu ár tímabilsins er meðalverð lægst hjá Rafveitu Keflavíkur, að R.R. undanskildri, en síðan Rafmagnsveitum ríkisins, sem hafa þeim mun lægra meðalverð sem hlutur rafhitunar eykst.

Það er galli á þessum samanburði, að allar minni rafveiturnar í úrtakinu eru í bæjum með hitaveitum. Hitaveitan í Vestmannaeyjum nær að vísu einungis til hluta bæjarins. Enn fremur er athyglisvert, að hitaveiturnar á Sauðárkróki og Húsavík eru meðal ódýrustu hitaveitna landsins. Það hefur komið fram í viðtölum við ýmsa fulltrúa orkufyrirtækja og bæjarfélaga, að þar sem hitaveita er mjög ódýr er auðveldara að halda uppi háu rafmagnsverði. Því væri fróðlegt að kanna áhrif þess á raforkuverð ef hitaveita er mjög dýr eins og t.d. á Akranesi. Einungis ein sjálfstæð rafveita er á landinu í bæ án hitaveitu, en það er rafveitan á Reyðarfirði.

Í töflu 2.2 er þróun raforkuverðs sýnd miðað við fast verðlag, (1. janúar 1985). Þar kemur greinilega fram, að raforkuverð hefur hækkað mjög síðustu ár ef litið er á byggingarvísitöluna sem viðmiðun fyrir fast verðlag. Sé almenni taxtinn hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur tekinn sem dæmi, þá er hann árið 1984 3,69 kr/kWh eða 35% hærri en meðalverðið var 1974—1984, þ.e. 2,75 kr/kWh. Sama hækkun hefur orðið á afltöxtum RR og meðalverði.

Tafla 2.2 Þróun smásöluverðs raforku árin 1974—1985 á föstu verðlagi miðað við byggingarvísitölu 185 í janúar 1985.

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Rafmv. Reykjav.						
1974	2,39	1,48	0,48	2,00		
1976	2,92	1,73	0,50	2,41		
1978	2,34	1,47	0,48	2,02		
1980	2,45	1,49	0,57	2,06		
1982	2,70	1,83	0,90	2,34		
1984	3,69	2,35	1,40	3,10		
Meðaltal	2,75	1,73	0,72	2,32		
Rafmv. ríkisins						
1974	3,10	2,24	0,81	2,11	1,09	1,80
1976	4,11	2,55	0,69	2,28	1,09	2,10
1978	4,01	2,35	0,74	2,00	1,10	1,67
1980	3,77	2,24	1,04	1,95	1,13	1,62
1982	3,22	2,24	1,16	2,00	1,31	1,74
1984	4,82	3,27	1,04	2,52	1,57	2,17
Meðaltal	3,83	2,48	0,91	2,14	1,22	1,85

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Orkubú Vestfj.						
1978	4,21	2,23	0,8	2,08	1,12	1,98
1980	3,93	2,39	0,98	1,99	1,21	1,89
1982	4,51	2,79	1,07	2,1	1,49	2,03
Meðaltal	4,22	2,44	0,95	2,07	1,27	1,97
Rafv. Sauðárkróks						
1974	1,66	2,38	0,8	1,86		
1976	3,35	2,3	0,68	2,66		
1978	3,54	1,71	0,64	2,34		
1980	3,13	1,73	0,65	2,22		
1982	3,86	2,54	0,92	3,05		
1984	4,70	3,47	1,29	3,84		
Meðaltal	3,37	2,36	0,83	2,66		
Rafv. Húsavíkur						
1974	3,70	1,91	0,75	2,49		
1976	3,31	1,78	0,76	2,33		
1978	2,76	1,61	0,60	2,08		
1980	3,07	1,73	0,63	2,27		
1982	4,52	2,42	1,13	3,29		
1984	5,65	3,38	1,41	4,5		
Meðaltal	3,84	2,13	0,88	2,83		
Rafv. Vestmannaeyja						
1974	3,31	1,96	0,79	2,22		
1976	3,27	1,68	0,79	1,91		
1978	2,58	1,59	0,72	1,68		
1980	2,82	2,05	0,72	1,92		
1982	3,60	2,27	0,87	2,21		
1984	4,63	3,00	1,00	2,90		
Meðaltal	3,37	2,09	0,82	2,14		
Rafv. Keflavíkur						
1974	3,49	1,61	0,76	2,05		
1976	3,38	1,8	0,58	1,86		
1978	2,89	1,35	0,53	1,91		
1980	3,44	1,48	0,61	2,02		
1982	5,00	2,45	0,85	3,16		
1984	5,72	3,09	1,11	4,13		
Meðaltal	3,99	1,96	0,74	2,52		

Í töflu 2.3 er sýnt hvernig verðið 1984 í hinum ýmsu gjaldskrárflokkum hefur hækkað umfram meðalverð áranna 1974—84. Er þá aftur miðað við byggingarvísitölu og verðið í janúar 1985.

Tafla 2.3 Hækkun raforkuverðs 1974—84 miðað við fast verðlag.

Almennur taxti	Meðalverð 1974—84 kr/kWh	Verð 1984 kr/kWh	Hækkun í % verð 1984/meðalverð
RR	2,75	3,69	35%
RARIK	3,83	4,82	26%
OV	4,22	4,51	7%
R.Sauðárkróks	3,37	4,70	40%
R.Húsavíkur	3,84	5,65	47%
R.Vestmannaeyja	3,37	4,63	37%
R.Keflavíkur	3,99	5,72	43%

	Meðalverð 1974—84 kr/kWh	Verð 1984 kr/kWh	Hækkun í % verð 1984/meðalverð
Afltaxti			
RR	1,73	2,35	36%
RARIK	2,48	3,27	32%
OV	2,44	2,70	11%
R.Sauðárkróks	2,36	3,47	47%
R.Húsavíkur	2,13	3,38	59%
R.Vestmannaeyja	2,09	3,00	44%
R.Keflavíkur	1,96	3,09	58%
Hitataxti			
RR	0,72	1,40	94%
RARIK	0,91	1,04	14%
OV*	0,95	1,07	13%
R.Sauðárkróks	0,83	1,29	55%
R.Húsavíkur	0,88	1,41	60%
R.Vestmannaeyja	0,82	1,00	22%
R.Keflavíkur	0,74	1,11	50%
Allir Taxtar			
RR	2,32	3,10	34%
RARIK	2,14	2,52	18%
OV*	2,07	2,10	1%
R.Sauðárkróks	2,66	3,84	44%
R.Húsavíkur	2,83	4,50	59%
R.Vestmannaeyja	2,14	2,90	36%
R.Keflavíkur	2,52	4,13	64%

* OV hóf ekki sölu raforku fyrr en 1978, svo meðalverð er einungis meðalverð 1978, 1980 og 1982

Það skal einnig athugað, að verð ársins 1984 er hækkað í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá miðju ári 1984 til janúars 1985. Þá skal bent á að hér er einungis reiknað með öðru hverju ári á tímabilinu 1974—1984. Ef öll árin hefðu verið tekin með hefði það trúlega breytt meðalverðinu eitthvað, en varla mikið.

Athyglisvert er hversu taxtar RARIK hafa hækkað lítið miðað við aðrar rafveitur. Sérstaklega á þetta við um rafhitunina, sem nú er niðurgreidd. Það kemur fram í meðalverðinu, sem hefur einungis hækkað um 18%, þegar borið er saman meðalverð 1984 og meðaltal 1974 til 1984. Þessi hækkun er á sama tímabili 34% hjá RR og 44—69% hjá minni rafveitunum.

Sala rafmagns til upphitunar hefur bein áhrif á rafmagnsverðið. Rafveitur í bæjum með hitaveitu (jarðhita) fá hvorki hluta af verðjöfnunargjaldi né niðurgreiðslur vegna rafhitunar úr ríkissjóði. Ef hluti húsa í þessum bæjum er hitaður með rafmagni getur það valdið mikilli hækkun rafmagnsverðs, sérstaklega ef um er um að ræða ódýra hitaveitu á staðnum. Er þá tilhneiging til þess að hafa sambærilega rafhitunartaxta, svo húseigendum sé ekki mismunað, en það veldur hækkun á öðrum gjaldskrártöxtum.

2.1.2 Þróun söluverðs í Bandaríkjadölum.

Í töflu 2.4 er raforkuverð í töflu 2.1 umreiknað í þúsundustu hlutum Bandaríkjadals, USM. Sést gjörla, að raforkutaxtar hafa hækkað jafnt og þétt í dollurum allt tímabilið 1974—1984. Hér er miðað við meðalsölugengi hvers árs. Helst er eftirtektarvert, að hjá RR og RARIK lækka taxtar í dollurum reiknað milli áranna 1980 og 1982. Hér vegur eflaust þyngst hækkun dollarans á gjaldeyrismörkuðum upp úr 1979 og gengisskráning íslensku krónunnar, sem var tiltölulega há vegna góðra aflaára 1980 og 1981.

Í töflu 2.5 er svo raforkuverðið umreiknað á föstu verðlagi ársins 1984 miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna. Eins og tölurnar sýna virðist smásöluverð á raforku á Íslandi, þetta tímabil, (1979—1984), nokkurn veginn haldast óbreytt þegar það hefur verið umreiknað með þessum hætti. Sérstaklega á þetta við um taxta RR, að hitataxtanum undanskildum. Verðið er þó áberandi lægst árið 1982. Koma þar líklega inn áhrif

gengisskráningar íslensku krónunnar það ár eins og áður hefur verið talað um. Meðalverð RARIK lækkar með auknum áhrifum rafhitunar, en verðið hjá minni rafveitunum hækkar.

Þannig virðist sem verð á raforku hér á landi hafi í stórum dráttum fylgt kaupgetu Bandaríkjadals fremur en almennum verðhækkunum á Íslandi. Miðað við byggingarvísitöluna hefur raforka hækkað í verði um 18%—64% samanber töflu 2.3, en miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna hefur hún nánast staðið í stað.

Þetta kemur í sjálfu sér ekki á óvart. Hækkun á raungengi dollarans síðustu árin vegur að mestu leyti upp hækkun raforkuverðs umfram almennt verðlag í þessum útreikningum. En fleira kemur einnig til. Fyrirtæki í raforkuiðnaði, svo sem önnur íslensk fyrirtæki, hafa mátt þola mjög aukinn fjármagnskostnað vegna hækkandi vaxta á erlendum lánamörkuðum. Þetta á einkum við um lán til raforkuframkvæmda, sem fram til þessa hafa í ríkum mæli verið skráð í bandaríkjadollurum. Vextir í Bandaríkjunum hafa farið ört hækkandi, auk þess sem dollarinn hefur hækkað verulega gagnvart öðrum gjaldmiðlum á sama tíma. Tæki og ýmis búnaður til raforkuvera hefur að einhverju leyti fylgt verðlagi í Bandaríkjunum, þannig að hluti kostnaðar a.m.k. fylgir bandarísku heildsöluvísitölunni. Einnig má benda á þróunina verðbólguárin 1978—83, en gjaldskrár raforkufyrirtækja fengust þá ekki hækkaðar samfara verðbólgunni. Því er talað um uppsafnaðan vanda. Kemur hann fram í hækkuðu verði, eftir að gjaldskrár raforkufyrirtækja voru undanþegnar samþykki stjórnvalda.

Tafla 2.4 Þróun meðalverðs á raforku í smásölu árin 1974—1984 á verðlagi hvers árs í USM/kWh.

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Rafmv.Rvk.						
1974	51	31	10	43		
1976	66	39	11	54		
1978	68	43	14	59		
1980	92	56	22	78		
1982	89	61	29	77		
1984	103	66	39	87		
Rafmv.ríkisins						
1974	66	48	17	45	23	38
1976	92	57	16	51	25	42
1978	117	68	22	58	32	49
1980	141	84	39	73	43	61
1982	107	80	38	67	43	58
1984	135	91	32	69	44	60
Orkubú Vestfj.						
1978	123	65	23	60	33	58
1980	148	90	37	75	45	71
1982	150	89	35	69	49	67
1984						
Rafv.Sauðárkróks						
1974	35	50	17	40		
1976	75	52	15	60		
1978	103	50	49	68		
1980	118	65	24	83		
1982	127	84	30	102		
1984	131	97	36	107		
Rafv.Húsavíkur						
1974	79	41	15	53		
1976	74	40	17	52		
1978	80	47	17	60		
1980	115	65	24	85		
1982	150	80	37	109		
1984	158	94	37	126		

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Rafv.Vestmannaeyja						
1974	70	42	17	47		
1976	73	38	18	43		
1978	75	46	21	49		
1980	106	77	27	72		
1982	119	75	29	73		
1984	129	83	28	81		
Rafv.Keflavíkur						
1974	74	34	16	44		
1977	76	40	13	42		
1978	84	39	15	46		
1980	129	55	23	75		
1982	166	81	28	105		
1984	160	86	31	115		

Tafla 2.5 Þróun meðalverðs raforku árin 1974—1984 á verðlagi 1984 í USM/kWh miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna.

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Rafmv. Rvk.						
1974	99	60	19	83		
1976	112	66	19	92		
1978	101	58	21	87		
1980	106	65	25	90		
1982	92	63	30	80		
1984	103	66	39	87		
Rafm.ríkisins						
1974	127	93	33	87	45	74
1976	156	97	27	86	42	71
1978	173	101	33	86	47	73
1980	163	97	45	84	50	70
1982	110	83	39	69	45	70
1984	135	91	32	69	44	60
Orkubú Vestfj						
1978	182	96	34	89	49	86
1980	171	104	45	84	52	82
1982	155	92	37	72	51	69
1984						
Rafv.Sauðárkróks						
1974	68	97	33	78		
1976	127	88	25	102		
1978	153	74	28	101		
1980	136	75	28	96		
1982	132	87	28	106		
1984	131	97	36	107		
Rafv.Húsavíkur						
1974	153	79	29	103		
1976	126	68	29	88		
1978	119	70	25	89		
1980	136	75	28	98		
1982	156	83	38	113		
1984	158	94	39	126		

RAFVEITUR	Almennir taxtar	Afl-taxtar	Hita-taxtar	Allir taxtar	Mark-taxtar	Allir taxtar
Rafv.Vestmannaeyja						
1974	136	81	31	91		
1976	124	64	29	73		
1978	111	68	31	73		
1980	122	89	31	83		
1982	123	78	30	76		
1984	129	83	28	81		
Rafv.Keflavíkur						
1974	143	66	31	83		
1976	129	68	22	71		
1978	124	58	22	68		
1980	149	64	27	87		
1982	172	84	29	109		
1984	160	86	31	115		

2.2 Verðþættir raforku í smásölu á Íslandi.

2.2.1 Inngangur.

Ein leiðin til að gera sér grein fyrir verði raforku til neytenda er að reikna meðalverð raforkunnar út frá heildarsölu og tekjum rafveitunnar. Þannig verður meðalverðið heildsölutekjur ársins deilt með fjölda seldra kílówattstunda. Einnig má taka tillit til skiptingar seldrar raforku á hina mismunandi neytendahópa eða taxta. Kostnaði við raforkusöluna má svo skipta upp í hina mismunandi þætti, kaup á raforku, dreifingarkostnað og skatta.

Fyrri hluta árs 1985 lágu fyrir endanlegar tölur um raforkusölu árið 1983. Var ákveðið að kanna meðalverð raforku það ár og hvernig það er uppbyggt eða myndað af hinum ýmsu kostnaðarþáttum.

Að beiðni nefndarinnar tók Gunnlaugur H. Jónsson, forstjóri hjá Orkustofnun, að sér að reikna meðalverð á raforku árið 1983 hjá helstu dreifiveitum hér á landi. Er byggt á niðurstöðum hans hér á eftir, þótt framsetning efnisins sé með nokkuð öðrum hætti en í skýrslu Gunnlaugs.

Í inngangi að skýrslu Gunnlaugs er fjallað almennt um gjaldskrármál rafveitna og segir þar m.a.:

„Gjaldskrár rafveitna eru mjög mismunandi og geta innifalið 10 eða fleiri gjaldskrárliði eftir tegund notkunar, enda er verðlagning á raforku mjög flókið mál, þar sem inn koma margir tæknilegir þættir svo sem orka, afl, spenna, nýtingartími, afhendingaröryggi og afhendingartími orkunnar. Sumir kaupendur búa við rof á afhendingu raforku vissan tíma sólarhringsins, eða eftir vatnsstöðu í miðlunarlónum.

Til viðbótar þessum tæknilegu þáttum sem hafa áhrif á raforkuverð þá hefur löggjafinn gripið inn í verðmyndun og verðlagningu á raforku. Má þar tilnefna verðjöfnunargjald, sem til skamms tíma nam 19 prósentum og lagðist á alla raforku í smásölu aðra en raforku til húshitunar. Tekjur af gjaldinu renna til RARIK (80%) og OV (20%). Söluskattur, 23,5 prósent, er lagður á sömu raforkusölu. Á allra síðustu árum hafa til viðbótar þessu verið teknar upp beinar niðurgreiðslur á raforku til húshitunar, sem einkum renna til RARIK og OV.

Vegna þess hve gjaldskrár rafveitna eru flóknar er ekki gerlegt að skipta einstökum gjaldskrárliðum upp í verðþætti. Hins vegar er hægt að skipta kostnaði hverrar rafveitu upp í þætti, orkuöflun, dreifingu, (álagning rafveitunnar), verðjöfnunargjald og söluskatt. Til viðbótar þessu má innifela í kostnaði OV og RARIK niðurgreiðslur og verðjöfnunargjald.“

Í þeirri umfjöllun, sem fer hér á eftir, er verð á raforku gefið upp í krónum og einnig í þúsundustu hlutum Bandaríkjadollara, USM, sbr. grein 1.4. Miðað er við gengi Bandaríkjadollara á hverjum tíma. Hafa verður í huga, að gengi dollarans hefur sveiflast mjög á síðustu árum, sem getur haft áhrif á niðurstöður og mat á þeim.

2.2.2 Meðalverð á raforku í smásölu á Íslandi.

Árið 1983 var meðalverð í smásölu hjá helstu dreifingarfyrirtækjum raforku hér á landi og nokkrum minni sjálfstæðari rafveitum eins og sýnt er í töflu 2.6.

Þetta er það meðalverð, sem viðskiptavinir þessara fyrirtækja urðu að greiða á árinu 1983. Eins og sést á þessum niðurstöðum er meðalverð rafmagns til kaupenda hjá hinum ýmsu rafveitum mjög mismunandi, en það vekur þó athygli, að meðalverð RARIK og OV er áberandi lægst.

Tafla 2.6 Raunverulegt meðalverð raforku 1983.

	Kr/kWh	USM/kWh
RR	2,18	86,9
RARIK	1,50	59,6
OV	1,59	63,5
Rafv. Keflavíkur	2,80	111,6
Rafv. Sauðárkróks	2,78	111,0
Rafv. Húsavíkur	3,10	123,8
Rafv. Vestmannaeyja	2,03	82,7

* Umreikningsgengi: 1USD=25.07 ÍSK.

Meðalsöluverði hverrar dreifingarveitu má skipta upp í þrjá þætti, þ.e. orkukaup, skatta og dreifingarkostnað. Af allri seldri raforku árið 1983 var greitt verðjöfnunargjald 19% (nú 16%) og söluskattur 23,5% (nú 25%), með þeirri undantekningu þó, að sala raforku til húshitunar er undanþegin söluskatti og verðjöfnunargjaldi. Þá er sala raforku til húshitunar enn fremur greidd niður af ríkissjóði eins og áður er komið fram sbr. grein 1.3 og 4.2.

Verðjöfnunargjaldið og niðurgreiðslur vegna húshitunar runnu fyrst og fremst til Orkubús Vestfjarða, (20%), og Rafmagnsveitna ríkisins, (80%), og kemur fram í lækkuðu útsöluverði þessara fyrirtækja. Að auki greiðir Rafveita Siglufjarðar ekki verðjöfnunargjald af seldri raforku og fær niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar. Rafveita Vestmannaeyja fær einnig niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar og sömuleiðis Rafveita Reyðarfjarðar. Ef þau fyrirtæki, sem hér er fjallað um, fengju ekki notið þessa stuðnings, þ.e. fengju hvorki greitt verðjöfnunargjald né niðurgreiðslur vegna rafhitunar, myndi meðalverð þeirra hækka eins og kemur fram í töflu 2.7. Er verðið þá reiknað með söluskatti og verðjöfnunargjaldi sem fyrr.

Tafla 2.7 Leiðrétt meðalverð raforku 1983.

	Kr/kWh	USM/kWh
RR	2,18	86,9
RARIK	1,99	79,5
OV	2,13	83,0
Rafv. Keflavíkur	2,80	111,6
Rafv. Sauðárkróks	2,78	111,0
Rafv. Húsavíkur	3,10	123,8
Rafv. Vestmannaeyja	2,07	82,7

Eftir sem áður er meðalverðið lægst hjá RARIK og OV. Stafar það einkum af því, að rafhitun og sala raforku skv. marktaxta til bænda er án söluskatts, en þessir gjaldskrárliðir vega þungt hjá þessum fyrirtækjum. Þannig verður hluti verðjöfnunargjalds og söluskatts af meðalverðinu áberandi lægri hjá RARIK og OV eins og kemur fram í töflu 2.8, sem sýnir hlutfall þessara skattliða af hinu leiðrétta meðalverði.

Tafla 2.8 Hlutfall söluskatts og verðjöfnunargjalds af leiðréttu meðalverði raforku 1983.

	%	kr/kWh
RR	27,9	0,61
RARIK	15,2	0,30
OV	15,8	0,34
Rafv. Keflavíkur	26,0	0,74
Rafv. Sauðárkróks	29,2	0,81
Rafv. Húsavíkur	30,4	0,94
Rafv. Vestmannaeyja	25,6	0,53

Hjá RARIK og OV er meðalverð seldrar raforku, þ.e. meðalverð án skatta, mun lægra en raunverulegt kostnaðarverð. Þetta má rekja til niðurgreiðslna í formi verðjöfnunargjalds, sem þessi tvö fyrirtæki fá í sinn hlut svo og vegna niðurgreiðslna til rafhitunar. Þetta er sýnt í töflu 2.9, þar sem kemur fram hvernig meðalverð raforku á árinu 1983 myndi breytast ef verðjöfnunargjaldi, söluskatti og niðurgreiðslum væri sleppt.

Tafla 2.9 Meðalverð raforku án skatta 1983.

	kr/kWh	USM/kWh
RR	1,57	62,7
RARIK	1,83	73,0
OV	1,95	77,8
Rafv. Keflavíkur	2,05	81,6
Rafv. Sauðárkróks	1,97	78,6
Rafv. Húsavíkur	2,16	86,2
Rafv. Vestmannaeyja	1,54	61,5

Það skal athugað, að hér er verðjöfnunargjaldið ekki dregið frá í verði raforku frá RARIK og OV, þar sem litið er svo á, að það sé ekki greitt og sé þess vegna hluti meðalverðs án skatta. Litið er svo á, að hagnaður dreifingarfyrirtækisins sé hluti af kostnaðarverði, þ.e. meðalverðinu án skatta. Raunar er hér um marktækasta samanburðinn að ræða, þ.e. það verð, sem dreifingarfyrirtækin fá til þess að greiða orkukaup og dreifingarkostnað.

Í töflu 2.10 er sýnt hve stór hluti dreifingarkostnaður er af meðalverði seldrar raforku 1983 (tafla 2.6).

Tafla 2.10 Dreifingarkostnaður raforku 1983.

	Kr/kWh	af söluverði
RR	0,61	28,0%
RARIK	0,88	59,0%
OV	1,05	66,0%
Rafv. Keflavíkur	0,82	29,4%
Rafv. Sauðárkróks	0,62	22,1%
Rafv. Húsavíkur	0,79	25,3%
Rafv. Vestmannaeyja	0,52	24,8%

Dreifingarkostnaður er hér reiknaður sem mismunur á sölutekjum og orkukaupum og greiddum sköttum, þ.e. söluskattur og verðjöfnunargjald. Hvað varðar RARIK og OV fá þessi fyrirtæki greitt verðjöfnunargjald (80% og 20%) og beinar niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna raforkusölu til húshitunar. Dreifingarkostnaður RARIK og OV er því sölutekjur að viðbættum þessum tekjum en frádregnum orkukaupum og söluskatti. Hugsanlegur hagnaður eða tap fyrirtækisins er þannig hluti af dreifingarkostnaði.

Á árinu 1983 greiddu fyrirtæki, sem hér eru til umfjöllunar, eftirfarandi meðalverð fyrir raforku, sem þau urðu að kaupa (tafla 2.11).

Tafla 2.11 Meðalinnkaupsverð raforku hjá dreifiveitum 1983.

	Kr/kWh	Hlutfall af sölu-verði	Hlutfall af kostnaðar-verði	USM/kWh
RR	0,96	44%	61%	38
RARIK	0,95	63%	52%	38
OV	0,90	57%	46%	36
Rafv. Keflavíkur	1,22	44%	60%	49
Rafv. Sauðárkróks	1,36	49%	69%	54
Rafv. Húsavíkur	1,38	45%	64%	55
Rafv. Vestmannaeyja	1,03	50%	67%	41

Hér er miðað við verð á útseldri kílówattstund hjá dreifingarfyrirtækinu, þ.e. tekið er tillit til taps í kerfi. Það skal athugað, að Rafveitur Keflavíkur, Sauðárkróks, Húsavíkur og Vestmannaeyja kaupa raforku í heildsölu af RARIK.

2.3.3 Meðalverð raforku til upphitunar húsa 1983.

Fróðlegt er að athuga verð raforku til húshitunar 1983. Samkvæmt upplýsingum SÍR var raforka til hitunar seld árið 1983 á eftirfarandi meðalverði:

Tafla 2.12 Meðalverð raforku til húshitunar 1983.

	Kr/kWh óniðurgr./niðurgr.	USM/kWh óniðurgr./niðurgr.
RR	0,98/	39/
RARIK	1,07/0,88	43/35
OV	1,00/0,76	40/30
Rafv. Keflavíkur	0,90/	36/
Rafv. Sauðárkróks	0,98/	39/
Rafv. Húsavíkur	0,75/	30/
Rafv. Vestmannaeyja	0,78/0,71	31/28

Eins og sést í töflu 2.12 er óniðurgreitt söluverð raforku til hitunar svo til það sama eða örlitlu hærra en kaupverðið í heildsölu. Þetta á við um stóru fyrirtækin þ.e. RR, OV og RARIK. Hjá dreifiveitunum, sem hér eru til umfjöllunar, er söluverð raforku til hitunar töluvert lægra en sem nemur innkaupsverði í heildsölu frá RARIK. Þær fá heldur engar niðurgreiðslur, þar sem hér er um hitaveitusvæði að ræða, nema í Vestmannaeyjum. Það er því þungur baggi á þessum rafveitum ef hluti húsa er hitaður upp með rafmagni. Kemur það fram í hærra verði raforku til almennra nota. Erfiðlega hefur gengið að losna við rafhitun, sem sett var upp í samræmi við fyrri stefnu í raforkumálum.

2.2.4 Almennar athugasemdir.

Raforkukaupin vega þyngst í verðmyndun raforku hjá öllum fyrirtækjunum eins og samanburðurinn í töflu 2.11 sýnir. Orkukaupin voru árið 1983 á bilinu 43 til 63% af söluverði raforkunnar, en 46 til 69% af meðalverði án skatta. Innkaupsverð raforkunnar var svo til það sama hjá stærstu fyrirtækjunum, það er RR, RARIK og OV. Orkubúið var þó með lægst innkaupaverð, þ.e. 0,90 kr/kWh á móti 0,96 kr/kWh hjá RR og 0,95 kr/kWh hjá RARIK, þó ætla mætti að kostnaður við orkuöflunina væri hærri hjá OV. Orkubúið kaupir raforku beint frá Landsvirkjun í aðveitustöð í Mjólká samkvæmt heildsölutaxta Landsvirkjunar eins og RARIK og RR. Auk þess kaupir OV afgangsorku til hitaveitna sinna á miklu lægra verði en sem nemur verði forgangsorku. Raunar er verð forgangsorkunnar 1,10 kr/kWh, án taps, og afgangsorkunnar 0,14 kr/kWh. Minni rafveiturnar, sem hér eru til umfjöllunar verða að sæta því að kaupa raforku af RARIK með töluverðri álagningu. Rafveita Vestmannaeyja hefur náð lengst í því að samræma álag sitt gjaldskrá RARIK og fá þannig lægst meðalverð, eða 1,03 kr/kWh. Þetta hefur verið gert með því að auka sölu raforku samkvæmt afltöxtum, þar sem tillit er tekið til álags og nýtingartíma.

Eins og sést í töflu 2.10 er dreifingarkostnaðurinn mismikill og þar af leiðandi kostnaðarverðið skv. töflu 2.9 einnig. Dreifingarkostnaður OV er næstum því helmingi hærri en RR eða 1,05 kr/kWh á móti 0,61 kr/kWh. Er það ekki óeðlilegt þegar litið er til þess hve strjálbýlt er á Vestfjörðum, landið erfitt og náttúran óblíð. Sama má segja um orkuveitusvæði RARIK, þó dreifing raforku um sveitir komi ekki fram nema að hluta í dreifingarkostnaði RARIK (og OV).

Skattar og niðurgreiðslur raska mjög niðurstöðum, þ.e. kostnaðarverði án skatta og niðurgreiðslna (tafla 2.9). Þar er kostnaðarverð RR 1,57 kr/kWh (62,7 USM) lægst, en OV 1,95 kr/kWh (77,8 USD) hæst. Vegna tilfærslu fjármuna með sköttum og niðurgreiðslum verður meðalsöluverð RR 2,18 kr/kWh (86,9 mill) og OV 1,59 kr/kWh (63,5 USM) (tafla 2.6). Kostnaðarverð RARIK 1,83 kr/kWh (73,0 mill) verður í útsölu 1,50 kr/kWh (63,5 mill). Sama má segja um minni rafveiturnar. Þær greiða skatta af sinni sölu, en njóta ekki niðurgreiðslnanna, þ.e. verðjöfnunargjalds og niðurgreiðslu vegna rafhitunar. Meðalútsöluverð þeirra verður því miklu hærra eða hæst hjá Rafveitu Húsavíkur, 3,10 kr/kWh (111,6 USM). Rafhitunin veldur mestu um meðalsöluverð raforku. Eftir því sem hlutur rafhitunar er stærri þeim mun lægra verður meðal söluverð, þar sem verð hennar hefur ekki verið miðað við raunverulegan kostnað, heldur við verð olíu til hitunar og greiðslugetu notenda. Árið 1983 var söluverð raforku til hitunar á bilinu 0,75—1,07 kr/kWh (30—43 USM/kWh) óniðurgreitt og 0,71—0,88 kr/kWh (28—35 USM/kWh) niðurgreitt. Þetta á þó einungis við um þær rafveitur (RARIK og OV), sem fá niðurfellingu skatta eða niðurgreiðslur og verðjöfnunargjald. Hjá þeim rafveitum, sem njóta þessa ekki, breytist meðalverðið ekki nema aukin raforkusala til hitunar leiði til betri nýtingar kerfis með aukinni sölu, eða valdi hagkvæmari nýtingartíma veitunnar í heild, sem er vafasamt. Að öðrum kosti leiðir sala raforku til hitunar til þess, að aðrir raforkutaxtar hækka.

3 RAFORKUVERÐ Á NORÐURLÖNDUM

3.1 Inngangur.

Eins og þegar hefur komið fram virðist verð á raforku á hinum Norðurlöndunum vera mun lægra en gerist hér á landi. Einkum á þetta við um verð á raforku til iðnaðar og heimilisnotkunar. Vegna þess hve samanburður við hin Norðurlöndin á flestum sviðum er nærtækur, þótti rétt að byrja á því að gera nákvæma grein fyrir söluverði raforku þar. Hins vegar er raforkumarkaðurinn á hinum Norðurlöndunum mjög frábrugðinn því, sem gerist á

Íslandi. Jafnvel svo, að það kann að þjóna litlum tilgangi að bera raforkuverðið saman með þeim hætti sem hér hefur þó verið gert.

Eins og þegar hefur komið fram í kafla 1.4 í inngangi skýrslunnar er samanburður á raforkuverði milli landa ekki auðvelt verk. Alþjóðasamband raforkuframleiðenda og dreifingaraðila, UNIPEDE, hefur því reynt að staðla samanburð á gjaldskrám og staðið að rannsóknum á sviði verðmyndunar á raforku. Aðferð UNIPEDE við samanburð á raforkuverði er því sennilega sú ábyggilegasta, sem völ er á.

Raforka er þess eðlis, að hún er seld á marga mismunandi vegu. Þar sem framleiðslu- og dreifingarkostnaður fer eftir því hvernig hún er seld, er leitast við að hafa verð hennar í samræmi við tilkostnaðinn. Verðlagningu hennar er hagað þannig, að hver notandi greiðir sitt sérstaka verð ólíkt því verði, sem annar notandi greiðir, nema notkun þeirra sé svipuð. Eftir því sem munurinn á notkun tveggja notenda eykst, breikkar bilið milli þess verðs, sem hvor um sig greiðir fyrir kílówattstund af raforku, þegar öll föst gjöld hafa verið reiknuð með.

3.2 Verðsamanburður á grundvelli UNIPEDE.

Á vegum UNIPEDE er safnað saman upplýsingum um raforkuverð í öllum aðildarlöndunum á hverju ári. Hvert land fyrir sig reiknar verðið miðað við janúar ár hvert, samkvæmt aðferð UNIPEDE, og sendir til skrifstofu sambandsins í París. Þar er raforkuverðið sett upp í töflur miðað við mismunandi gjaldskrárflokka í mynt hvers land, þannig að hvert land er fært inn í eina töflu. Þessum töflum er síðan dreift til allra aðildarlandanna í september—október sama ár.

Allar töflurnar eru byggðar upp á sama hátt, þ.e. þeim er skipt í tvo gjaldskrárflokka með mismunandi stórum notendum. Fyrri flokkurinn tekur yfir rafmagn til heimilisnotkunar. Í honum eru 10 viðmiðunarnotendur. Er nánari grein gerð fyrir þeim í töflu 3.1

Tafla 3.1 Raforkunotkun til heimilishalds.

Nr.	Flokkur	Ársnotkun kWh	Athugasemdir
1.	A	600	
2.	B1	1.200	
3.	B2	1.700	
4.	C1	3.500	
5.	C2	3.500	Þar af 1.300 kWh til upph. á vatni.
6.	D	7.500	Þar af 2.500 kWh til næturrafhitunar.
7.	E1	13.000	Þar af 9.500 kWh til upphitunar.
8.	E2	13.000	Þar af 9.500 kWh til næturrafhitunar.
9.	F1	20.000	Þar af 15.000 kWh til upphitunar.
10.	F2	20.000	Þar af 15.000 kWh til næturrafhitunar.

Af þessari upptalningu sést hve erfitt það er að finna sameiginlegan grundvöll fyrir samanburðinum. Það má reyndar segja, að fyrstu fjórir flokkarnir eigi ágætlega við á höfuðborgarsvæðinu (RR), þar sem hitaveita er til staðar, og heimili eru bæði stór og smá. Talið er, að í Reykjavík sé stór hluti notenda á bilinu 3.000 til 4.000 kWh á ári, og þar með geti fjórði flokkurinn C1 talist heppileg viðmiðun í fjölþjóðlegum samanburði. Notendur í fimmta til tíunda flokki geta ekki talist heppilegir til viðmiðunar hér á landi. Þau heimili, sem nota yfir 7.500 kWh á ári, eru fá nema þar sem hús eru hituð upp með rafmagni. Hjá þeim er rafmagnsnotkunin hins vegar miklu meiri en hjá notanda í efsta og tíunda flokknum.

Meðalársnotkun vegna rafhitunar húsa að stærð 400 rúmmetrar nemur 32.800 kWh, og við hana bætist önnur heimilisnotkun. Notandi á rafhitunarsvæði á Íslandi er því með u.þ.b. 40.000 kWh ársnotkun. Enginn slíkur notandi er hins vegar skilgreindur hjá UNIPEDE.

Í seinni gjaldskrárflokkum er um að ræða 13 viðmiðunarnotendur í iðnaði. Þeir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt eins og sýnt í töflu 3.2.

Tafla 3.2 Viðmiðunarnotendur í iðnaði skv. skilgreiningu UNIPEDE.

Nr.	Flokkur	Notkun MWh	Afltoppur kW	Nýtingartími klst.á ári
1.	A	160	100	1.600
2.	B1	1.250	500	2.500
3.	B2	2.000	500	4.000
4.	C1	2.500	1.000	2.500
5.	C2	4.000	1.000	4.000
6.	D1	10.000	2.500	4.000
7.	D2	15.000	2.500	6.000
8.	E1	16.000	4.000	4.000
9.	E2	24.000	4.000	6.000
10.	F1	50.000	10.000	5.000
11.	F2	70.000	10.000	7.000
12.	G1	125.000	25.000	5.000
13.	G2	175.000	25.000	7.000

Aðeins fimm fyrstu flokkarnir geta að einhverju marki átt við hér á landi. Stærsti notandinn í Reykjavík er Hitaveita Reykjavíkur, en hún notar 60.000 MWh á ári með nýtingartíma um 7000 klst. Hún á því heima í flokki 11 (F2). Hitaveitan er hér alger undantekning, því engin fyrirtæki á Íslandi, ef stóriðjufyrirtækin eru undanskilin, eru með notkun yfir 10.000 MWh á ári.

Síðastliðin tvö ár hafa öll Norðurlöndin tekið þátt í verðkönnun UNIPEDE. Niðurstöður þessarar könnunar á raforkuverði á Norðurlöndunum eru sýndar í töflum 3.3 til 3.6 hér á eftir. Er þá raforkuverðið gefið upp í mynt hvers lands, með og án skatta, skv. gjaldskrárflokkum UNIPEDE.

Tafla 3.3 Raforkuverð (kWh) til heimilishalds, án skatta, 1. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	C1	C2	D	E1	E2	F1	F2
D (DKK)	0,74	0,66	0,64	0,61	0,61	0,59	0,59	0,59	0,59	0,59
F (FIM)	0,85	0,56	0,47	0,37	0,37	0,31	0,26	0,22	0,24	0,20
I (ISK)	4,24	3,40	3,16	2,86	2,91	2,40	1,71	1,37	1,58	1,23
N (NOK)	1,10	0,67	0,54	0,38	0,30	0,30	0,28	0,28	0,26	0,26
S (SEK)	0,66	0,45	0,39	0,40	0,40	0,31	0,28	—	0,28	0,23

Tafla 3.4 Raforkuverð til heimilishalds (kWh), með sköttum 1. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	C1	C2	D	E1	E2	F1	F2
D (DKK)	1,10	1,00	0,97	0,93	0,93	0,91	0,91	0,91	0,90	0,90
F (FIM)	0,87	0,58	0,50	0,39	0,39	0,34	0,28	0,25	0,26	0,23
I (ISK)	5,93	4,77	4,42	4,00	3,67	3,14	2,02	1,68	1,86	1,50
N (NOK)	1,35	0,83	0,68	0,49	0,49	0,40	0,36	0,36	0,35	0,35
S (SEK)	0,73	0,52	0,46	0,47	0,47	0,47	0,39	0,35	—	0,30

Tafla 3.5 Raforkuverð til iðnaðar (kWh), án skatta, 1. janúar 1985.

Notandi: ..... Land	A	B1	B2	C1	C2	D1	D2	E1	E2	F1	F2	G1	G2
D (DKK)	0,62	0,57	0,54	0,57	0,54	0,54	0,52	0,54	0,52	0,47	0,46	—	—
F (FIM)	0,37	0,31	0,28	0,31	0,28	0,28	0,26	—	—	—	—	—	—
I (ISK)	2,78	1,95	1,46	1,95	1,46	1,46	1,18	—	—	—	1,11	—	—
N (NOK)	0,42	0,35	0,31	0,35	0,31	0,31	0,28	0,31	0,28	0,29	0,27	0,29	0,27
S (SEK)	0,31	0,25	0,23	0,25	0,23	0,21	0,19	0,21	0,19	0,18	0,16	0,16	0,15

Tafla 3.6 Raforkuverð til iðnaðar (kWh), með sköttum, 1. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	C1	C2	D1	D2	E1	E2	F1	F2	G1	G2
D (DKK)	0,62	0,57	0,54	0,57	0,54	0,54	0,52	0,54	0,52	0,47	0,46	—	—
F (FIM)	0,39	0,34	0,31	0,33	0,31	0,30	0,29	—	—	—	—	—	—
I (ISK)	3,89	2,74	2,05	2,73	2,04	2,04	1,66	—	—	—	1,55	—	—
N (NOK)	0,45	0,38	0,34	0,38	0,3	0,34	0,31	0,34	0,31	0,32	0,30	0,32	0,30
S (SEK)	0,33	0,33	0,30	0,33	0,30	0,29	0,26	0,28	0,26	0,25	0,24	0,23	0,23

Til þess að auðvelda samanburð á raforkuverði milli Norðurlandanna eru framangreindar niðurstöður allar umreiknaðar yfir í íslenskar krónur hér á eftir. Er þá miðað við gengisskráningu krónunnar 3. janúar 1985. Þannig fást töflunar 3.7 til 3.10.

Tafla 3.7 Raforkuverð (ISK/kWh) til heimilishalds, án skatta, umreiknað skv. gengi krónunnar 3. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	D1	C2	D	E1	E2	F1	F2
DANMÖRK	2,66	2,38	2,30	2,20	2,20	2,12	2,12	2,12	2,12	2,12
FINNLAND	5,25	3,46	2,90	2,29	2,29	1,92	1,61	1,36	1,48	1,24
ÍSLAND	4,24	3,40	3,16	2,86	2,91	2,40	1,71	1,37	1,58	1,23
NOREGUR	4,91	2,99	2,41	1,69	1,34	1,34	1,25	1,25	1,16	1,16
SVÍÞJÓÐ	2,98	2,03	1,76	1,81	1,81	1,40	1,27	—	1,27	1,04

Tafla 3.8 Raforkuverð (ISK/kWh) til heimilishalds, með sköttum, umreiknað skv. gengi krónunnar, 3. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	C1	C2	D	E1	E2	F1	F2
D (DKK)	3,96	3,60	3,49	3,35	3,35	3,28	3,28	3,28	3,24	3,24
F (FIM)	5,38	3,58	3,09	2,41	2,41	2,10	1,73	1,55	1,61	1,42
I (ISK)	5,93	4,77	4,42	4,00	3,67	3,14	2,02	1,68	1,86	1,50
N (NOK)	6,02	3,70	3,03	2,19	2,19	1,78	1,61	1,61	1,56	1,56
S (SEK)	3,30	2,35	2,08	2,12	2,12	1,76	1,58	—	1,58	1,36

Tafla 3.9 Raforkuverð (ÍSK/kWh) til iðnaðar, án skatta, umreiknað skv. gengi krónunnar, 3. janúar 1985.

Notandi: Land	A	B1	B2	C1	C2	D1	D2	E1	E2	F1	F2	G1	G2
D (DKK)	2,23	2,05	1,94	2,05	1,94	1,94	1,87	1,94	1,87	1,69	1,66	—	—
F (FIM)	2,29	1,92	1,73	1,92	1,73	1,73	1,61	—	—	—	—	—	—
I (ISL)	2,78	1,95	1,46	1,95	1,46	1,46	1,18	—	—	—	1,11	—	—
N (NOK)	1,87	1,56	1,38	1,56	1,38	1,38	1,25	1,38	1.25	1,29	1,20	1,29	1,20
S (SEK)	1,40	1,13	1,04	1,13	1,04	0.95	0,86	0,95	0,86	0,81	0,72	0,72	0,68

Tafla 3.10 Raforkuverð (ÍSK/kWh) til iðnaðar, með sköttum, umreiknað skv. gengi krónunnar, 3. janúar 1985.

Notandi:	A	B1	B2	C1	C2	D1	D2	E1	E2	F1	F2	G1	G2
Land													
DANM.	2,23	2,05	1,95	2,05	1,95	1,95	1,87	1,95	1,87	1,69	1,66	—	
FINNL.	2,41	2,10	1,92	2,04	1,92	1,85	1,79	—	—	—	—	—	—
ÍSL.	3,89	2,74	2,05	2,73	2,04	2,04	1,66	—	—	—	1,55	—	—
NOR.	2,00	1,69	1,52	1,69	1,52	1,52	1,38	1,52	1,38	1,43	1,34	1,43	1,34
SVÍÞ.	1,49	1,49	1,36	1,49	1,36	1,31	1,18	1,27	1,18	1,13	1,08	1,04	1,04

Á myndum 3.1 og 3.2 eru þessar niðurstöður sýndar í myndrænu formi, sem auðveldar beinan samanburð á raforkuverðinu.

MYND 3.1 RAFORKA TIL HEIMILISNOTKUNAR





MYND 3.2 RAFORKA TIL IÐNAÐAR





Á þessum línuritum sést ef til vill best hver staða Íslands er gagnvart hinum Norðurlöndunum. Raforka til heimila, sem nota minna en 10.000 kWh á ári, er greinilega dýrust á Íslandi. Eftir því sem notkunin verður meiri minnkar munurinn, en við 40.000 kWh notkun á ári er raforkuverðið orðið einna lægst á Íslandi. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að raforka til húshitunar er niðurgreidd á Íslandi. Á hinum Norðurlöndunum er enginn greinarmunur gerður á raforku til húshitunar og til heimilishalds. Sami mælir er notaður fyrir hvort tveggja. Sama gildir um raforku til landbúnaðar. Engir sérstakir taxtar eru fyrir landbúnaðarrafmagn. Afltaxtar eru notaðir, þar sem um mikla notkun er að ræða, en rafmagn til heimilisnotkunar er selt á sama taxta og til annarra heimila á sama svæði. Þannig veldur niðurgreiðsla á rafmagni til rafhitunar og landbúnaðar á Íslandi því, að rafmagn til notenda í landbúnaði og á rafhitunarsvæðum er með því ódýrasta, sem þekkist á Norðurlöndunum.

3.3 Könnunarferð til Norðurlandanna.

Í upphafi árs 1985 ákvað raforkuverðsnefnd að leita til rafveitusambandanna á hinum Norðurlöndunum og óska eftir upplýsingum um stöðu raforkumála, gjaldskrár raforku og þróun verðlagningar í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og Danmörku. Enn fremur að afla upplýsinga um eðli raforkuframleiðslunnar og raforkumarkaðarins í þessum löndum. Var forustumönnum sambandanna sent erindi þar að lútandi með beiðni um fyrrgreindar upplýsingar. Að ósk raforkuverðsnefndar ritaði SÍR bréf til systursambanda sinna á Norðurlöndunum til þess að ítreka þessa beiðni. Þessu erindi nefndarinnar var vel tekið og bárust fljótt svör frá flestum þeirra aðila, sem leitað hafði verið til.

Við athugun á þeim gögnum, sem nefndin fékk send, var ljóst, að nauðsynlegt myndi reynast að eiga beinar viðræður við fulltrúa norrænu rafveitusambandanna til þess að fá frekari svör og skýringar á ýmsum atriðum sem raforkuverðsnefnd þætti skipta máli við samanburð á raforkuverði milli Norðurlandanna. Þannig óskuðu m.a. fulltrúar finnska rafveitusambandsins eftir slíkum fundi og töldu sig ekki geta svarað fyrirspurn nefndarinnar með öðrum hætti. Var því ákveðið að fara í könnunar- og viðræðuferð til allra Norðurlandanna og hitta þar fulltrúa norrænu rafveitusambandanna.

Þátttakendur í ferðinni voru þeir Júlíus Sólnes og Bergsteinn Gizurarson af hálfu raforkuverðsnefndar, Ásgeir Valdimarsson, hagfræðingur hjá SÍR og Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri í Reykjavík.

3.3.1 Noregur.

Seinni hluta fimmtudagsins 25. apríl var fyrsti fundurinn haldinn hjá norska rafveitusambandinu í Ósló. Fundinn sátu, auk íslensku fulltrúanna, Hans Vibstad, yfirverkfræðingur og þrír aðrir sérfræðingar. Var farið yfir fjölmörg atriði og helstu séreinkenni norska raforkumarkaðarins.

Raforkuframleiðsla Norðmanna er um 106 TWh á ári. Er gert ráð fyrir að hún vaxi um 3% á ári fram til 1990. Nær öll raforka í Noregi er framleidd í vatnsaflsvirkjunum. Hefur stofnkostnaður þeirra yfirleitt verið fjármagnaður að hálfu leyti með eigin fé, en hinn helmingurinn með 25 ára lánum. Norska ríkið á um þriðjung allra virkjana, en tveir þriðju hlutar eru í eigu norsku fylkjanna og einstakra sveitarfélaga. Er raforkukerfið orðið gamalt og fullafskrifað. Því er raforkuverð í Noregi mjög lágt, eða með því lægsta á Norðurlöndunum. Meðalverð raforku árið 1982 var þannig um 14 Naurar/kWh. Þetta lága verð hefur valdið því, að lítil eiginfjármyndun er í raforkufyrirtækjunum.

Í þeim fylkjum, sem búa yfir nægri raforku, er raforkuverði haldið mjög lágu. Önnur fylki, sem búa við orkuskort vegna vaxandi raforkumarkaðar, hafa hins vegar þurft að leggja út í dýrar virkjunarframkvæmdir, sem hafa valdið hækkandi verði á raforku. Þetta hefur þó

verið erfiðleikum bundið vegna samkeppni og samanburðar milli fylkjanna. Er meðalverð á raforku í flestum fylkjum Noregs því svipað. Nyrstu fylkin hafa þó sérstöðu vegna þess, að þar er ekki greiddur virðisaukaskattur af raforku fremur en af annarri vöru eða þjónustu. Á móti kemur, að raforkudreifing er þar dýrari. Stefnt er að því að sameina orkuframleiðslufyrirtækin og dreifingarfyrirtækin í hverju fylki, þannig að það myndist 20 fylkisorkubú, sem sjái um framleiðslu og dreifingu á raforku í smásölu innan fylkisins.

Norðmennirnir töldu erfitt að skilgreina tekjur af raforkusölu á þann veg, sem nefndin hafði óskað eftir. Rafhitun er mjög almenn í öllum landshlutum. Hins vegar er öll almenn notkun, rafhitun og heimilisnotkun, gjaldfærð skv. sama taxta. Notendur geta þó valið milli tveggja mismunandi heimilistaxta, þ.e. H3, aflataxta, og H4, orkugjaldstaxta. Yfirleitt er taxti H4 notaður, en hann er svipaður almennum heimilistöxtum á Íslandi. Þannig er fasta gjaldið á bilinu 100 til 1200 NOK ári og orkugjaldið um 0,36 NOK/kWh. Iðnaðartaxtar eru einnig tveir, þ.e. T3, afltaxti, og T4, orkugjaldstaxti. Fer það eftir stærð og ársnotkun fyrirtækisins hvor taxtinn er valinn. Fastagjaldið skv. T4 er yfirleitt nokkru hærra en skv. H4. Hins vegar er orkugjaldið svipað og orkugjald skv. H4. Þar sem virðisaukaskattur á raforku til iðnaðar kemur ekki til greiðslu, er greitt verð fyrir raforku skv. T3 og T4, þ.e. iðnaðarrafmagn, lægra en til heimilisnotkunar. Þá er verið að gera tilraun með nýja taxta, sem byggja á mismunandi verði, miðað við dag- eða næturnotkun, og sumar og vetur. Slíkar hugmyndir eru þó á frumstigi í Noregi.

Yfirleitt hefur verðlagning á raforku í Noregi miðast við það, að raforkufyrirtækin séu rekin án þess að skila neinum hagnaði, (núllrekstur). Er fyrst og fremst hugsað um að gæta fyllsta sparnaðar og selja orkuna eins ódýrt og hægt er. Forustumenn raforkuiðnaðarins í Noregi telja að lágt verð á raforku samfara litlum nýframkvæmdum muni valda vandræðum eftir nokkur ár. Er því stefnt að því að hækka heildsöluverð á raforku hjá a.m.k. öllum ríkisfyrirtækjum, en þau sjá um u.þ.b. 1/3 af allri raforkuframleiðslunni, og nota ágóðann til nýframkvæmda. Verðlagning raforku skv. hugtakinu langtímajaðarkostnaður, en þá er átt við, að grunnverðið svari til framleiðslukostnaður á raforku í nýjum virkjunum, hefur því mjög verið til umræðu. Hefur norska Stórþingið samþykkt að fara inn á þessa braut, en hún mætir hins vegar mikilli andstöðu hjá bæjar- og sveitarstjórnum, enda myndi meðalverð á raforku hækka um nær 100% til 150%. Forustumenn raforkumála telja þessa hækkun óhjákvæmilega til þess að standa undir endurnýjun og nýframkvæmdum í kerfinu, en þær á að fjármagna að mestu leyti með eigin fé.

Margt fleira kom fram á þessum fundi með fulltrúum norska rafveitusambandsins, og verða þeim atriðum gerð nánari skil í seinni hluta skýrslunnar, þar sem fjallað verður um verðmyndun á raforku.

3.3.2 Finnland.

Föstudaginn 26. apríl var haldinn fundur með fulltrúum finnska rafveitusambandsins í Helsinki undir forustu Krister Lönngren framkvæmdastjóra. Finnarnir lögðu þar fram yfirgripsmiklar upplýsingar um finnska raforkuiðnaðinn, uppbyggingu hans, gjaldskrár og fjármál. Allar þessar upplýsingar eru í skýrslum, sem eru ritaðar á finnsku. Var það ástæðan fyrir því, að þeir höfðu ekki treyst sér til þess að svara fyrirspurn nefndarinnar skriflega.

Raforkukerfið í Finnlandi einkennist af vaxandi hluta kjarnorkuvera. Heildarraforkuframleiðsla Finna er um 43 TWh á ári. Hún skiptist þannig, að um 37% kemur frá kjarnorkuverum, um 25% frá vatnsorkuverum og afgangurinn frá kola- og olíukynntum rafstöðvum (sjá mynd 5.3). Enn fremur eiga Finnar gagnkvæm raforkuviðskipti við Rússa, þ.e. fá þaðan viðbótarraforku þegar hennar er þörf eða selja þeim afgangsorku. Finnsku fulltrúarnir töldu, að raforkukerfi Finna væri mjög hagkvæmt og rekstur þess einfaldur og ódýr, enda er raforkuverð í Finnlandi mjög lágt. Byggir þetta að nokkru leyti á staðháttum,

sem eru hagstæðir, t.d. flatlendi, svo og samrekstri á heildarkerfinu með mismunandi orkugjöfum.

Viðhorf Finna til aukningar á raforkukerfinu lýsir nokkurri íhaldssemi. Til dæmis eru hreinar tekjur raforkufyrirtækja skattlagðar sem nemur 64%. Þetta veldur því, að fyrirtækin forðast að fjárfesta í nýjum virkjunum og dreifikerfi umfram það, sem nemur afskriftum af eignum fyrirtækisins á hverju ári og haga fjárhagsáætlunum sínum með tilliti til þessa. Þetta er gert til þess að halda raforkuverðinu niðri, en veldur jafnframt erfiðleikum, þegar vaxandi orkuþörf kallar á nýframkvæmdir, sem eru meiri en nemur viðhaldi kerfisins. Þrátt fyrir þetta eru skuldir raforkuiðnaðarins í Finnlandi ekki miklar. Þær hafa þó tvöfaldast á síðustu 6 árum og nema nú um 65 milljörðum ísl. kr. (júní 1985). Til samanburðar má geta þess, að skuldir íslenska raforkuiðnaðarins nema um 21 milljarði króna, (desember 1984). Hlutfall skulda á móti raforkusölu í Finnlandi er þannig um 1,6 en 5,5 á Íslandi. Að auki eru langtímaskuldir raforkuiðnaðarins í Finnlandi að mestu í innlendum lánum, og vaxtabyrði því mun hagstæðari en gerist hjá íslenskum raforkufyrirtækjum. Eru nafnvextir lána um 10%, sem svarar til þess að raunvextir séu um 3—4%.

Gjaldskrármál eru mjög til athugunar hjá Finnum. Tímaháðar gjaldskrár eru þannig mikið notaðar, og hafa þeir stuðst við sænskar rannsóknir og aðferðir við verðlagningu á raforku. Þannig er t.d. bæði boðið upp á sumar- og vetrartaxta og dag- og næturtaxta. Þessir taxtar eru orkugjaldstaxtar og með fastagjaldi, sem byggir á stærð stofnöryggja. Þetta er einkum hagkvæmt í sambandi við rafhitun, sem er mikil í Finnlandi og fer vaxandi á kostnað olíukyndingar. Þó er raforka til heimilishalds öll seld samkvæmt sömu gjaldskrártöxtum og ekki gerður greinarmunur á því hvort um rafhitun eða aðra heimilisnotkun er að ræða. Meðalnotandinn þarf um 5000 kWh til almennrar heimilisnotkunar, 9000 kWh til upphitunar og 4000 kWh til upphitunar á neysluvatni. Um 55% af notkuninni er á dagtaxta, en um 45% á næturtaxta. Einnig kom fram, að engir sérstakir raforkutaxtar eru fyrir landbúnað. Raforka til heimilisnotkunar á bændabýlum er seld skv. sömu töxtum og gilda fyrir heimili í þéttbýli.

Aðstæður í Finnlandi eru því töluvert frábrugðnar því, sem gerist á Íslandi. Orsakir fyrir ýmist háu eða lágu raforkuverði í þessum löndum eru því mjög ólíkar. Ef aðeins er litið á verð á raforku miðað við ákveðinn tíma og ákveðinn notanda er ljóst, að Finnar hafa markvisst fylgt þeirri stefnu, að ekki sé mikill munur á verði á raforku til heimilishalds, hvort sem er í þéttbýli eða í dreifbýli, (landbúnaði), eða til iðnaðar. Verðlagningin fer fyrst og fremst eftir afhendingarskilyrðum, þ.e. spennu og afli, en ekki til hvers raforkan er notuð. Töluverður munur er hins vegar á raforkuverði milli rafveitna í Finnland. Engar háværar raddir eru þó uppi um að jafna raforkuverð milli héraða eins og hér þekkist. Töluverð samkeppni er milli rafveitna, en þær hafa ekki einkarétt til raforkudreifingar á ákveðnum svæðum og geta því náð viðskiptavinum hver frá annarri á mörkum veitusvæða.

Um 160 sjálfstæðar rafveitur eru í Finnlandi. Meiri hluti þeirra er í eigu bæjar- og sveitarfélaga. Rekstur þeirra einkennist af því, að hann er sameiginlegur rekstri bæjarfélagsins, þ.e. reikningshald og bókhald er ekki aðskilið. Þetta veldur því, að erfitt er að fá upplýsingar um raunverulega afkomu rafveitunnar. Engin leið er fyrir utanaðkomandi aðila að sjá hvort gjaldskrá veitunnar er kostnaðarrétt. Bæjarfélagið getur hæglega haldið verðinu uppi og látið veituna standa undir öðrum útgjöldum bæjarfélagsins. Það, að stór hluti rafveitna er í einkarekstri svo og samkeppni milli aðlægra rafveitna, veitir þó mikið aðhald. Sameiginlegur rekstur rafveitna í eigu sveitarfélaga með annarri þjónustu þeirra þekkist einnig í Noregi og Svíþjóð. Einkum í Svíþjóð heyrðust raddir um óþarflega hátt raforkuverð hjá sumum bæjarrafveitum.

3.3.3 Svíþjóð.

Mánudaginn 29. apríl var haldinn fundur með þeim Per Cleverland yfirverkfræðingi og Carl Hagson, framkvæmdastjóra hjá sænska rafveitusambandinu í Stokkhólmi. Raforkuverðsnefnd hafði áður fengið mjög ítarleg svör við fyrirspurn sinni til sambandsins. Er stuðst við þau svör svo og önnur atriði, sem fengust upplýst á fundinum, í eftirfarandi frásögn.

Svíar framleiða stóran hluta raforku sinnar í gömlum og afskrifuðum vatnsorkuverum, en á seinni árum hefur þáttur kjarnorkuvera orðið æ meiri og verður um 50% á næsta ári. Er ársnotkun nú um 110 TWh og hefur verið um 8% aukning á ári síðan 1983. Raforkuverð í Svíþjóð er mjög lágt, eins og vitnað hefur verið til í íslenskum fjölmiðlum. Í þeim töflum og línuritum, sem hafa verið sýnd hér að framan, sést, að raforkuverðið í Svíþjóð er sennilega lægst á öllum Norðurlöndunum. Þó er munurinn oft ekki ýkja mikill. Raunverð raforku hefur farið lækkandi í Svíþjóð síðastliðin 30 ár. Raunverð raforku á Íslandi fyrir sama tímabil hefur ekki lækkað að sama skapi. Tímabilið 1981 til 1984 virðist það meira að segja hafa hækkað.

Við samanburð á aðstæðum í Svíþjóð og á Íslandi kemur mjög glöggt fram hversu fólksfjöldinn hefur mikið að segja. Svíþjóð er átta sinnum þéttbýlli en Ísland. Þetta þýðir, að raforkunotkunin er margfalt meiri á hvern ferkílómetra en á Íslandi. Þar með verður stofnkerfið miklum mun hagkvæmara, þar sem meiri raforka er flutt styttri vegalengdir en gerist hér. Einnig verður dreifikerfið ódýrara í rekstri af þessum sökum. Þetta atriði virkar Íslendingum mjög í óhag í samanburði við öll hin Norðurlöndin. Annað atriði, sem er mjög áberandi varðandi sænska raforkuiðnaðinn er samtenging hans við Noreg og Danmörku og þaðan til meginlands Evrópu. Þannig geta Svíar ávallt losnað við alla umframorku í kerfinu með sölu til Danmerkur og hugsanlega þaðan til Þýskalands. Hins vegar kemur einnig fyrir, að Svíar kaupa raforku frá Danmörku og jafnvel Noregi ef þannig stendur á. Þessi samtenging raforkukerfis Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur er afar hagkvæm og leiðir til mikils sparnaðar í rekstri svo og bættrar afkomu raforkufyrirtækjanna.

Annað atriði, sem skiptir máli, er fjármögnun á stofnkostnaði raforkufyrirtækja. Svíar framleiða nær allan búnað til raforkumannvirkja og dreifikerfis raforku. Innflutningur vegna raforkuiðnaðarins er þess vegna mjög takmarkaður og nær eingöngu bundinn við sérhæfðan tækjabúnað vegna kjarnorkuvera. Allur stofnkostaður er fjármagnaður að mestu leyti með eigin fé og innlendum lánum. Erlend lán eru nánast ekki til í raforkuiðnaði Svía.

Grundvallarsjónarmið Svía í verðlagningu á raforku er það, að gjaldskrár raforku skuli vera kostnaðarréttar með tilliti til raforkumarkaðar landsins í heild. Notandinn á að greiða það verð fyrir raforkuna, sem kostar að framleiða hana og dreifa henni til notandans, að öllu meðtöldu. Má segja, að Svíum hafi tekist þetta nokkuð vel, enda hefur mikil vinna verið lögð í rannsóknir á gjaldskrártöxtum. Um 1950 voru þó uppi hugmyndir um verðjöfnun á raforku, en þær urðu ekki að veruleika. Smávægileg verðjöfnun er þó með mismunandi háum sköttum á raforku, sem eru eilítið lægri í Norður-Svíþjóð, en annars staðar í Svíþjóð. Á árunum 1950 til 1980 var fylgt þeirri stefnu að verðleggja raforku með hliðsjón af langtímajaðarkostnaði. Síðustu árin, þ.e. eftir 1980, hefur þó verið farið út í verðlagningu skv. skammtímajaðarkostnaði og meðalframleiðslukostnaði á kílówattstund. Þessi breyting hefur valdið því, að raunverð raforku hefur lækkað verulega. Þannig hafa tekjur sænska ríkisfyrirtækisins Vattenfall, sem er stærsti raforkuframleiðandi í Svíþjóð, orðið mun minni síðustu 4—5 árin en ef langtímajaðarkostnaður hefði verið notaður til viðmiðunar.

Gjaldskrár og taxtar fyrir smásölu á raforku í Svíþjóð eru svipaðir og í Finnlandi. Yfirleitt er um að ræða orkugjald, sem er háð notkunartíma, (dagur, nótt, vetur, sumar), og fastagjald, sem fer eftir stærð stofnöryggja hjá notanda. Enginn greinarmunur er gerður á því til hvers notandinn ætlar að nota raforkuna eða hvar hann á heima. Þannig þekkjast engar tilfærslur á raforkuverði til þess að greiða verð á raforku niður hjá einum aðila á

kostnað annars. Ef rafhitun húsa er skoðuð sérstaklega kemur í ljós, að um 35% af öllum smáhúsum í Svíþjóð, sem eru um 2 milljónir, (einbýlishús og raðhús), eru hituð upp með rafmagni, en 65% með olíu. Rafhitunin er það mikil, að hún hefur veruleg áhrif á heildarnotkunina og þar af leiðandi á meðalverð raforku til heimilishalds. Þáttur rafhitunar fer vaxandi, þannig að um 50.000 hús fara yfir á rafhitun árlega. Þrátt fyrir þetta þekkist ekki að hækka heimilistaxta til þess að halda sérstöku rafhitunarverði niðri.

3.3.4 Danmörk.

Fundur með helstu forvígsmönnum danska rafveitusambandsins undir forustu Hr. Kresten Leth Jörnö framkvæmdastjóra og Hr. Gert Nielsen var haldinn í Kaupmannahöfn 30. apríl. Auk þess var þar viðstaddur yfirverkfræðingur SEAS, sem er eitt stærsta raforkufyrirtæki Danmerkur á Sjálandi. Heildarraforkunotkun Dana árið 1984 nam um 26 TWh. Eykst notkunin um 4% á ári að meðaltali. Framleiðslan sama ár var hins vegar um 20 TWh, þannig að Danir fluttu inn raforku að magni 6 TWh frá Noregi og Svíþjóð.

Dönsku fulltrúarnir bentu strax á það hversu erfitt það væri að bera raforkuverð á Íslandi saman við það í Danmörku og spurðu hvort það þjónaði yfirleitt tilgangi. Aðstæður allar væru svo ólíkar. Þetta hefur Íslendingum vissulega verið ljóst frá upphafi, en þeir hafa hins vegar flestir talið, að þær væru allar okkur í hag. Í hugum flestra Íslendinga hljóta ódýrar vatnsaflsvirkjanir okkar að hafa vinninginn fram yfir rándýr kola- og olíuorkuver Dana.

Svo er hins vegar ekki. Raforkumarkaðurinn í Danmörku er langtum hagstæðari en á Íslandi. Það eru um fimmtíu sinnum fleiri íbúar á ferkílómetra í Danmörku heldur en á Íslandi, en raforkunotkun þeirra er hins vegar um sextán sinnum meiri á hvern ferkílómetra en hér. Þetta gerir raforkudreifinguna mun hagkvæmari eins og áður hefur verið vikið að. Sú staðreynd, að u.þ.b. helmingur fjárfestinga í raforkuiðnaðinum á Íslandi er vegna dreifikerfisins vill oft gleymast. Þetta veldur mun dýrari raforku en ella á Íslandi, óháð því hvað hún kostar við virkjunarvegg. Þá má benda á, að raforkukerfið í Danmörku stendur á gömlum merg. Orkuver þeirra eru að mestu leyti afskrifuð, þótt um verulegar nýframkvæmdir verði að ræða á næstunni.

Rekstur kola- og olíuorkuvera virðist í fljótu bragði vera mjög óhagstæður. Í olíukreppunni 1974 kom þetta mjög niður á Dönum. Þeir hafa hins vegar mætt því með því að fara meir yfir í kolaorkuver, en kol hafa fengist á hagstæðu verði, einkum frá Póllandi, seinni árin. Danir hafa nýlega í samvinnu við olíufélagið Exxon keypt vinnslurétt í miklum kolanámum í Kolumbíu í Suður-Ameríku. Mun þessi samningur tryggja Dönum ódýr kol, sem fullnægja þörfum þeirra fram yfir næstu aldamót.

Raforkuiðnaðurinn í Danmörku er töluvert frábrugðinn því, sem gerist á hinum Norðurlöndunum þótt ekki sé tekið tillit til þess, að engin vatnsorkuver eru þar til staðar. Dreifiveiturnar skiptast í bæjarrafveitur í öllum bæjum og kaupstöðum og rafveitur með samvinnufélagsformi, (anddelsselskaber), í sveitunum. Rekstur þessarra fyrirtækja er aðskilinn frá rekstri viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags og reikningum þeirra ekki blandað saman við reikninga sveitarfélaganna, eins og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þannig er dreifing raforku aðskilin milli þéttbýlis og dreifbýlis. Dreifiveiturnar eiga síðan sameiginlega orkuframleiðslufyrirtækin, sem eru 12 talsins. Stærst þeirra eru NESA og SEAS, bæði á Sjálandi. Fulltrúar dreifiveitnanna, þ.e. formaður og varaformaður stjórnar, sitja einnig í stjórnum orkuframleiðslufyrirtækjanna og ráða því miklu um rekstur þeirra.

Orkuvinnslufyrirtækin hafa mjög nána samvinnu í tveimur orkuvinnslusamlögum, þ.e. ELSAM, sem tekur yfir öll framleiðslufyrirtæki vestan við Stórabeltið, og ELKRAFT, sem tekur yfir öll fyrirtækin austan Stórabeltisins. Stjórnir þessarra samlaga eru skipaðar fulltrúum bæði frá sveitarstjórnum og raforkufyrirtækjum. Orkuvinnslusamlögin ráða raforkuframleiðslunni og semja um kaup og sölu á raforku til annarra landa.

Ríkáhersla virðist lögð á það í Danmörku, að öll fyrirtæki í raforkuiðnaðinum séu rekin á sem hagstæðastan hátt og skili arði til eiganda sinna. Er yfirleitt gerð sú krafa, að 11% af eigin fé fyrirtækjanna sé ávaxtað og skili arði, sem nemur 10% á ári. Raforkunotendur, sem eru hluthafar, geta einnig fengið 7% arð og 3% sem afslátt á raforkuverði. Þetta hefur afgerandi áhrif á rekstur og fjármögnun nýrra framkvæmda. Afskriftarreglur eru mjög hagstæðar. Þannig er til dæmis heimilt af byrja afskriftir af væntanlegum nýframkvæmdum 5 árum áður en þær hefjast. Er fyrirtækinu heimilt að afskrifa allt að 75% af stofnkostnaði nýrrar virkjunar eða dreifikerfis með þessum hætti. Ef fyrirtækið getur ekki nýtt þessa heimild á fimm árunum áður en framkvæmdir hefjast má nýta næstu tvö árin með. Síðan er heimilt að afskrifa afgang stofnkostnaðar, þ.e. 25%, á næstu 15 árum.

Fjármögnun nýframkvæmda, umfram eigið fé, er annars með lánum, bæði innlendum og erlendum. Það er athyglisvert, að danska ríkið hefur óskað eftir því, að erlent lánsfé sé fengið til orkuframkvæmda til þess að styrkja gjaldeyrissjóð landsmanna. Fyrirtækin ráða því hins vegar sjálf hvernig erlend lán eru tekin og reyna að draga úr gengissveiflum með því að nota gjaldeyriskörfu með mörgum gjaldmiðlum. Nafnvextir eru yfirleitt um 12% og raunvextir um 7—8%.

Sérstaklega var spurt um rafhitun í Danmörku og stöðu hennar. T.d. kom fram, að 16,3% af lágspennuviðskiptavinum SEAS nota beina rafhitun, en talið er, að um 36% af nýjum íbúðarhúsum, (einbýlis- og raðhús), noti beina rafhitun. Það er athyglisvert, að bein rafhitun er af mörgum talin óheppileg, einkum af stjórnmálamönnum af vinstri væng. Mun hér um mengunarsjónarmið að ræða. Þá eru skoðanir mjög skiptar um það hvort heppilegra sé að nota beina eða óbeina rafhitun, t.d. með rafskautskötlum. Raforka til beinnar rafhitunar er seld á sama taxta og til annarrar heimilisnotkunar. Tilraunir með tvöfaldan taxta, þ.e. dag/næturtaxta eru hafnar, einkum hjá dreififyrirtækjum á Sjálandi. Þannig hyggst SEAS fara yfir á tvöfaldan taxta vegna rafhitunar þegar á næsta ári.

4. ÓBEINIR SKATTAR OG STYRKIR Á SELDA RAFORKU

4.1 Inngangur.

Víðast hvar í heiminum er raforka skattlögð með ýmsum hætti og þar með notuð til tekjuöflunar fyrir hið opinbera. Í örfáum tilvikum er einnig um það að ræða að raforka til neytenda er verðjöfnuð eftir notendahópum eða notkun raforkunnar.

Í kafla 1.3 hér að framan var gerður samanburður á raforkuverði til fjögurra notendahópa, þ.e. til heimila, iðnfyrirtækja, rafhitunar íbúðarhúsnæðis og til landbúnaðar. Þar komu m.a. fram þeir óbeinu skattar, sem lagðir eru á einstaka notendahópa. Í samandregnu formi lítur skattlangingin út eins og sýnt er í töflu 4.1.

Tafla 4.1 Hlutfallsleg aukning söluverðs raforku vegna óbeinna skatta.

	Ísland	Svíþjóð	Finnland	Noregur	Danmörk
Heimili	40%	26%	10%	31%	53%
Iðnfyrirtæki	40%	18%	8%	9%	0%
Rafh.íbúðarhúsnæðis	−9%	27%	14%	11%	81%
Landbúnaður	−10%	26%	10%	13%	58%

Af þessu má sjá að óbeinir skattar á rafmagn vega yfirleitt nokkuð þungt í endanlegu söluverði raforku. Sérstaklega er þetta þó áberandi á Íslandi og í Danmörku, ef rafmagn til iðnaðar er undanskilið.

Vegna þess hve óbeinu skattarnir eru misjafnir milli landa hljóta þeir einir sér að vera skoðunarverðir við samanburð á verðinu milli landanna. Varðandi skattlagningu á raforku

til fyrirtækja er rétt að geta þess, að á hinum Norðurlöndunum, öðrum en Finnlandi, er virðisaukaskattur lagður á raforku, sem í reynd þýðir, að skatturinn lendir ekki á fyrirtækjunum þar eð þau fá hann endurgreiddan. Í Danmörku fá öll fyrirtæki, sem eru talin vera í samkeppni við erlend fyrirtæki, að auki endurgreiddan grunnskattinn, þ.e. 15,5 Daurar/kWh. Hefur verið tekið tillit til þessa. Á Íslandi fá fyrirtæki söluskattinn ekki endurgreiddan, og er hann því talinn með. Hins vegar gilda flóknar reglur um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti í ákveðnum greinum iðnaðar, sérstaklega útflutningsiðnaði og vissum greinum heimamarkaðsiðnaðar. Í tölunum hér að framan hefur ekki verið tekið tillit til þessa og má því segja, að um visst ofmat geti verið að ræða að því er Ísland varðar. Að mörgu er því að hyggja áður en afdráttarlausar ályktanir verða dregnar um óbeina skatta á raforku í einstökum löndum.

Hér á eftir verður leitast við að lýsa óbeinum sköttum nánar í hverju landi fyrir sig. Að sjálfsögðu verður aðaláhersla lögð á Ísland. Eingöngu verður fjallað um óbeina skatta á selda orku, en lítið fjallað um aðra óbeina skattlagningu eins og tolla og aðflutningsgjöld. Það má leiða að því líkur, að tollar og aðflutningsgjöld hafi mun meiri áhrif til hækkunar á verði rekstrarvöru og þó sérstaklega á fjármunamyndun á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, vegna þess hve mikill hluti þessa búnaðar er innfluttur hér á landi og auk þess hátt tollaður. Í Svíþjóð t.d. er nær eingöngu um innlendar framleiðsluvörur í raforkuiðnaðinum að ræða svo aðflutningsgjöld og tollar hafa þar lítil sem engin áhrif.

4.2 Ísland.

Eins og þegar er komið fram, er álagning óbeinna skatta á söluverð raforku veruleg hér á landi. Í febr ar 1985 var þessi prósenta 40%, þ.e. söluskattur 24% og verðjöfnunargjald 16%. Síðan he ur söluskattur hækkað í 25% frá 1. júlí 1985 og hlutfallið því komið í 41%.

Söluskattur hefur verið á rafmagni hér á landi allt frá því, að söluskattur var lögleiddur í því formi, sem hann nú er, frá 1. apríl 1960. Í fyrstu var skattprósentan 3%, en hefur síðan hækkað verulega eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í töflu 4.2.

Tafla 4.2 Þróun söluskatts á Íslandi.

Frá	01.04 1960	3,0%
Frá	01.02 1964	5,5%
Frá	01.01 1965	7,5%
Frá	01.03 1970	11,0%
Frá	01.03 1973	13,0%
Frá	25.03 1974	17,0%
Frá	01.10 1974	19,0%
Frá	01.03 1975	20,0%
Frá	16.09 1979	22,0%
Frá	14.04 1980	23,5%
Frá	01.01 1985	24,0%
Frá	01.07 1985	25,0%

Öll smásala raforku er nú gjaldskyld, að undantekinni sölu til upphitunar húsa, en með bréfi dags. 10. mars 1973 nýtti fjármálaráðherra heimild í 20. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt til undanþágu frá söluskatti. Áður hafði verið samþykkt í tengslum við sérstakar efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar 1971—74 að fella niður söluskatt af olíu til húshitunar, sem leiddi til þess, að söluskattur á raforku til húshitunar var einnig felldur niður.

Auk söluskatts er verðjöfnunargjald einnig lagt á raforku eins og áður segir. Þetta gjald er nú 16%. Gjaldið var fyrst lagt á árið 1965 og var þá föst upphæð, 35 m.kr. Það jafngilti þá 7,5% af sölutekjum í heildsölu. Næstu árin hélst það óbreytt að fjárhæð og lækkaði því

hlutfallslega. Árið 1970 var gjaldið hækkað í 70 m.kr., en var áfram föst fjárhæð. Sú fjárhæð hélst síðan óbreytt næstu árin, þar til sett voru ný lög nr. 83/1974. Með þeim lögum var álagningu gjaldsins breytt úr fastri fjárhæð í hundraðshluta af sölutekjum. Gjaldið var í fyrstu 13%, en hefur síðan hækkað smám saman.

Í töflu 4.3 hér á eftir er sýnd álagning verðjöfnunargjalds frá upphafi, þ.e. 1965 til 1985.

Tafla 4.3 Verðjöfnunargjald á raforku.

Ár	Fjárhæð m.kr.	Jafngildi álagðs gjalds m.v. heilds.	% á grunnverð í smásölu
1965	35,0	7,5%	
1966	35,0	6,6%	
1967	35,0	6,0%	
1968	35,0	5,2%	
1969	35,0	4,3%	
1970	70,0	8,6%	
1971	70,0	7,5%	
1972	70,0	6,2%	
1973	70,0	4,6%	
1974	70,0	3,1%	
Frá			
01.10 1974			13,0%
01.01 1980			19,0%
01.01 1985			16,0%

Með framangreindum lögum á árinu 1974 var verðjöfnunargjald lagt á smásöluverð í stað heildsölu áður. Enn fremur var sú undantekning gerð að verðjöfnunargjald var ekki lagt á raforkusölu til húshitunar. Rafhitun húsa er því undanþegin bæði söluskatti og verðjöfnunargjaldi.

Hér að framan hefur verið fjallað um söluskatt og verðjöfnunargjald. Sá munur er þó á þessum tveim gjöldum, að söluskattur rennur í ríkissjóð, en verðjöfnunargjaldi er að fullu ráðstafað aftur til raforkufyrirtækjanna. Nú er ráðstöfun gjaldsins með þeim hætti, að 80% fara til Rafmagnsveitu ríkisins, en 20% til Orkubús Vestfjarða. Auk þess fær Rafveita Siglufjarðar endurgreitt innheimt verðjöfnunargjald veitunnar.

Álagning verðjöfnunargjalds hefur ávallt sætt verulegri gagnrýni og hæpið, að það hafi þjónað tilgangi sínum, a.m.k. nú síðustu árin. Á árinu 1984 var svo komið, að verð mjög margra rafveitna sveitarfélaga var orðið hærra en verð þeirra veitna, sem nutu verðjöfnunargjaldsins, þ.e. RARIK og OV.

Ekki verður skilið við umfjöllun um óbeina skatta á rafmagn hérlendis án þess að fjalla um niðurgreiðslur á raforkuverði. Tvennt skiptir hér mestu máli, þ.e. niðurgreiðslur á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis og til landbúnaðar.

Eins og fram kom í töflu 4.1 eru áhrif niðurgreiðslnanna með þeim hætti að útreiknað meðalverð á rafmagni til heimila með rafhitun og útreiknað verð til landbúnaðar verður hvort um sig 10—11% hærra að slepptum óbeinum sköttum, en að viðbættum niðurgreiðslum. Í reynd eru niðurgreiðslurnar þó miklu meiri en ætla mætti af þessum tölum. Svo dæmi sé tekið, þá kemur fram í töflu 1.3, að meðalverð á raforku til heimila, sem einnig nota rafmagn til upphitunar, er 1,84 kr/kWh með sköttum en 2,02 kr/kWh án skatta. Hvort verð um sig er samsett úr tveim töxtum, þ.e. heimilistaxta RARIK (A1) og rafhitunartaxta (C1). Hvor taxti um sig er byggður á aflgjaldi og orkugjaldi. Sá liður sem niðurgreiðslurnar koma á, er orkugjaldið vegna rafhitunar, og þar er niðurgreiðslan svo um munar. Óniðurgreitt orkugjald er 1,39 kr/kWh miðað við verð í febrúar 1985, en niðurgreiðslan nemur 63 aurum

á kWh eða 45% af óniðurgreiddu verði. Í landbúnaði nemur niðurgreiðslan á orkugjaldinu 45 aurum á kWh eða 43% af óniðurgreiddu verði.

Niðurgreiðslur í þessu formi hófust á árinu 1982, en voru stórauknar árin 1983 og 1984. Heimildir fyrir þessum niðurgreiðslum er að finna í lögum nr. 53/1980, en í ákvæði til bráðabirgða segir: „Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk."

4.3 Danmörk.

Óbeinir skattar á raforku í Danmörku eru með tvennum hætti. Annars vegar er lagður á virðisaukaskattur, sem nú er 22%, og hins vegar er sérstakur raforkuskattur, 0,155 DKK/kWh, sem ríkið tekur af allri raforkuframleiðslu. Það eru einkum heimilin, sem bera þessa skatta. Hjá þeim er skatthlutfallið á bilinu 55—70% eða mun hærri en á Íslandi. Atvinnureksturinn fær alla jafna virðisaukaskattinn endurgreiddan. Sú endurgreiðsla veldur að sjálfsögðu lægra skatthlutfalli hjá fyrirtækjunum og er skatthlutfallið hjá þeim á bilinu 30—45%. Skv. upplýsingum danska rafveitusambandsins er síðan einnig um það að ræða, að iðnfyrirtæki, sem eru talinn eiga í samkeppni við erlend fyrirtæki, geta sótt um endurgreiðslu á raforkuskattinum, þ.e. 15,5 Daur/kWh, til viðkomandi tollayfirvalda. Í reynd fá öll dönsk iðnfyrirtæki raforkuskattinn endurgreiddan vegna þessa heimildarákvæðis, og Danir gefa því verð á raforku til iðnaðar upp með 0% sköttum í skýrslum sínum til UNIPEDE.

Hvað varðar beina skatta verða öll raforkufyrirtæki að greiða jarðar- eða landsskatt til amtsins og eignarskatt til viðkomandi sveitarfélags. Þessir skattar vega þó tiltölulega lítið í raforkuverðinu.

4.4 Finnland.

Skattur á söluverð raforku í Finnlandi nemur aðeins 5—12%. Framleiðendur raforku greiða skattinn til hins opinbera en innheimta hann síðan hjá dreifiveitunum og þær síðan aftur hjá endanlegum notendum. Er þessari skattheimtu ríkisins hagað þannig, að framleiðslufyrirtækin greiða 21 FIM/MWh í framleiðsluskatt. Dreifingarfyrirtækin greiða 2,17 FIP/kWh, (1 finnskt mark = 100 finnsk pfennig FIP), vegna raforkukaupa á 110 kV afhendingarspennu eða þar fyrir neðan. Stórnotendur, sem fá raforku á 20 kV afhendingarspennu eða þar fyrir neðan greiða 2.3 FIP/kWh og notendur, sem fá raforku með afhendingarspennu allt að 0.4 kV greiða 2.5 FIP/kWh.

Raforkuiðnaðurinn í Finnlandi er yfirleitt sjálfum sér nógur með tæknibúnað, þannig að innflutningur og tollar af innfluttu efni vega ekki þungt. Kjarnorkuverin eru hér undantekning. Er talið, að tollar nemi þar um 20% af stofnkostnaði. Svara tollar og óbeinir skattar til 7—8 FIP/kWh í framleiðsluverði. Þá eru raforkufyrirtæki skattlögð sem önnur iðnfyrirtæki. Fyrir utan eignarskatta eru 64% af hreinum tekjum skattskyldar, þannig að 73% af álögðum skatti rennur til ríkisins en 21% til sveitarfélaga og í kirkjuskatt. Þessir skattar vega þó ekki þungt í raforkuverðinu. Að lokum má geta þess, að virðisaukaskattur er ekki lagður á raforkuframleiðslu og sölu raforku í Finnlandi.

4.5 Noregur.

Í Noregi hefur virðisaukaskattur verið lagður á raforkusölu frá árinu 1970. Virðisaukaskatturinn er mismunandi eftir rafveitum í Noregi og er mestur hjá þeim rafveitum sem hafa lægst meðalverð í smásölu. Skatthlutfallið hefur verið nokkuð stöðugt þessi fimmtán ár eða frá 16% af grunnverði árið 1970, en var komið upp í 18% af grunnverði á árinu 1985. Í nyrstu fylkjum Noregs, Troms, Finmark og Norland, er ekki greiddur virðisaukaskattur af vörum og þjónustu. Lýsir þetta viðleitni stjórnvalda til þess að styrkja byggð í nyrstu héruðum landsins. Þannig er ekki greiddur virðisaukaskattur af raforku í nyrstu fylkjunum.

Þetta kemur fyrst og fremst heimilum og landbúnaði svo og þjónustufyrirtækjum til góða, því öll framleiðslufyrirtæki fá virðisaukaskattinn endurgreiddan hvort eð er.

Þá er lagður sérstakur raforkuskattur, 2,9 Naurar/kWh, á alla raforkusölu, sem rennur til ríkisins.

4.6 Svíþjóð.

Í Svíþjóð er ekki lagður virðisaukaskattur á raforkusölu. Hins vegar er lagður á sérstakur raforkuskattur til ríkisins eins og á hinum Norðurlöndunum. Raforkuskatturinn er mismunandi eftir notkun, þannig að almennir notendur greiða 7,2 Saura/kWh frá 1984, en iðnfyrirtæki 5 Saura/kWh. Í Norður-Svíþjóð er raforkuskatturinn 6,2 Saurar/kWh fyrir almenna notkun. Er hér eins og í Noregi verið að styrkja byggð í nyrstu héruðunum, þótt í litlum mæli sé. Hreinn hagnaður raforkufyrirtækja í Svíþjóð er skattlagður um 55%, en þar af rennur 25% til ríkisins og 30% til sveitarfélagsins. Nú er talað um að sveitarfélögum verði ekki heimilað að skattleggja raforkufyrirtæki í hlutfélagaformi.

Yfirleitt komast raforkufyrirtækin hjá því að greiða beina skatta með því að greiða hagnaðinn í fjárfestinga- eða varasjóði. Hins vegar greiða fyrirtækin eignarskatta til sveitarfélaganna af húsum, mannvirkjum og stíflum m.m. Dreifikerfið er þó undanskilið og ekki greiddir eignarskattar af línum og dreifistöðvum. Var upplýst, að nokkur sveitarfélög í Norður-Svíþjóð lifi á því að skattleggja raforkufyrirtæki.

5. HEILDSÖLUVERÐ RAFORKU

5.1 Heilsöluverð raforku hér á landi.

Hér á landi eru tvö fyrirtæki, sem selja meginhluta þeirrar raforku, sem framleidd er í landinu, í heildsölu. Það eru Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins endurselja raforku í heildsölu til nokkurra sjálfstæðra bæjarrafveitna samkvæmt gjaldskrá sinni, eins og kemur fram í kaflanum um meðalsöluverð raforku. Rafmagnsveitur ríkisins kaupa hins vegar frá Landsvirkjun meiri hluta þeirra raforku, er þær síðan selja í heildsölu og smásölu. Landsvirkjun er því eina raforkufyrirtækið hér, sem selur eigin framleiðslu í heildsölu til dreifingarfyrirtækja, auk þess að selja raforku til stóriðjufyrirtækja. Líta verður svo á, að Rafmagnsveitur ríkisins séu einkum milliliður, sem leggi gjald á raforkuna, í samræmi við kostnað af flutningi hennar til notenda.

Samkvæmt ósk raforkuverðsnefndar hefur Edvard G. Guðnason, deildarverkfræðingur hjá Landsvirkjun, reiknað út meðalheildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun á hverju ári síðustu 11 árin. Meðalverðið er reiknað út frá seldum kílówattstundum hvers árs og þeim tekjum, sem fengust fyrir söluna. Meðalverðið hefur verið reiknað út fyrir þrjá notendaflokka eða taxta, það eru almenningsveitur, Ísal og Áburðarverksmiðja ríkisins, en hún greiðir sama verð fyrir raforkuna og Ísal, og að síðustu Íslenska járnblendifélagið. Í töflu 5.1 er raforkuverðið reiknað út á verðlagi hvers árs, umreiknað til verðlags í janúar 1985 miðað við byggingarvísitölu, og í bandaríkjadölum á verðlagi ársins 1984 miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna.

Eins og fyrr segir verðið í íslenskum krónum lítið um hina raunverulegu verðþróun. Þó má sjá að verð raforku til Ísals árið 1974 er rúmlega 20% af verðinu til almenningsveitna, en 1985 er það orðið tæp 40%. Í töflu 5.2 er verð raforku til Ísals og Járnblendiverksmiðjunnar sýnt sem hlutfall af verði til almenningsveitna árin 1974—84.

Tafla 5.1 Þróun meðalverðs raforku frá Landsvirkjun á verðlagi hvers árs, árin 1974—1984. 1984.

ÁR	ALM.VEITUR aur/kWh	ÍSAL/ÁB aur/kWh	JÁRNBL. aur/kWh	ALM.VEITUR USM/kWh	ÍSAL/ÁB USM/kWh	JÁRNBL. USM/kWh
1974	1.53	0.31		15.26	3.06	
1975	2.27	0.48		15.05	3.15	
1976	2.46	0.69		13.50	3.81	
1977	3.19	0.86		16.02	4.30	
1978	4.06	1.38		14.92	5.09	
1979	6.24	2.05	2.58	17.68	5.81	7.31
1980	11.36	3.18	3.52	23.66	6.62	7.33
1981	20.12	4.79	4.48	27.71	6.60	6.17
1982	34.61	8.24	8.59	27.55	6.56	6.84
1983	85.25	19.64	19.22	34.00	7.83	7.67
1984	110.70	31.56	21.18	34.88	9.94	6.67
1985	130.71	51.94	26.60	31.46	12.50	6.40

Tafla 5.2 Raforkuverð til stjóriðju sem hlutfall af heilsöluverði til almenningsveitna.

Ár	Ísal/Áburðarv.	Járnblendiverksmiðjan
1974	20.3%	
1975	21.1%	
1976	28.0%	
1977	27.0%	
1978	29.4%	
1979	30.4%	41.3%
1980	27.9%	31.0%
1981	23.8%	22.3%
1982	23.8%	24.8%
1983	23.0%	22.5%
1984	28.5%	19.1%
1985	39.7%	20.4%

Það er athyglisvert að raforkuverðið til Ísals árið 1984, borið saman við verðið til almenningsveitna, er svipað og það var 1976 eftir endurskoðaða samninga við Ísal. Eftir nýja samninga við Ísal á árinu 1985 er það nær 40% af verði til almenningsveitna og hefur aldrei orðið hærra. Verðstöðvun áranna 1976—1980 kemur fram í hækkandi hlutfalli. Hlutfallið fer aftur lækkandi 1981—1983, en það stafar af lækkandi kaupgetu Bandaríkjadals vegna innlendrar verðbólgu. Árið 1984 hækkar hlutfallið vegna breytingar á raforkuverðinu, sem þá varð.

Raforkuverðið til Járnblendifélagsins hefur verið hlutfallslega hæst í byrjun, en lækkað jafnt og þétt. Ástæðan er óbætt verðbólga og það, að verðið er skráð í norskum krónum, sem hafa lækkað í gengi miðað við bandaríkjadal þetta tímabil. Í upphafi var verðið til Járnblendifélagsins rúm 40% af verði til almenningsveitna eða svipað og það er í dag til ÍSAL/ÁB. Árið 1985 er það hins vegar aðeins um 20% af verði til almenningsveitna og komið niður í helming af verðinu til ÍSAL/ÁB.

Í töflu 5.3 er þróun meðalverðs á raforku frá Landsvirkjun sýnd miðað við fast verðlag árin 1974—84. Er meðalverðið annars vegar umreiknað miðað við byggingarvísitöluna og fært til verðlags í desember 1984 (vísitala 185), en hins vegar umreiknað miðað við bandarísku vísitöluna og fært til verðlags ársins 1984.

Tafla 5.3 Þróun meðalverðs raforku frá Landsvirkjun miðað við fast verðlag 1974—1984.

ÁR	ALM.VEITUR aur/kWh	ÍSAL/ÁB aur/kWh	JÁRNBL. aur/kWh	ALM.VEITUR USM/kWh	ÍSAL/ÁB USM/kWh	JÁRNBL. USM/kWh
		Byggingarvísitala			Bandaríska heildsöluvísitalan	
1974	71.95	14.40		29.59	5.92	
1975	71.89	15.06		26.70	5.60	
1976	60.26	16.99		22.90	6.46	
1977	59.96	16.08		25.61	6.87	
1978	51.30	17.50		22.11	7.54	
1979	53.80	17.67	22.24	23.29	7.65	9.63
1980	63.04	17.63	19.53	27.33	7.64	8.47
1981	73.54	17.53	16.37	29.31	6.99	6.53
1982	81.10	19.32	20.13	28.57	6.80	7.09
1983	117.39	27.05	26.46	34.83	8.02	7.85
1984	124.90	35.61	23.90	34.88	9.94	6.67
1985	111.95	44.49	22.78	31.46	12.50	6.40
Meðaltal	78.42	21.61	23.41	28.04	7.66	7.52

Ef litið er á þróun raforkuverðs Landsvirkjunar á föstu verðlagi miðað við byggingarvísitölu kemur í ljós, að það hefur hækkað mikið. Meðalverðið 1985 til almenningsveitna er 43% hærra en meðaltal áranna 1974—1985. Verðið til Ísals/ÁB hefur hækkað enn meir. Meðalverðið 1985 til ÍSAL/ÁB er 106% hærra en meðaltal áranna 1974—85. Aftur á móti hefur verð raforku til Járnblendiverksmiðjunnar svo til staðið í stað miðað við byggingarvísitölu.

Meðalverð raforku frá Landsvirkjun til almenningsveitna reiknað í bandaríkjadölum á föstu verðlagi (USM/kWh) miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna árið 1985 hefur hækkað um 12%, miðað við meðaltal áranna 1974—1985. Það er athyglisvert, að þessi hækkun kemur ekki eins fram í smásöluverði almenningsveitnanna miðað við sama samanburðargrundvöll, (sjá töflu 2.5). Þannig er meðalverð Rafmagnsveitu Reykjavíkur 1984 87 USM/kWh, sem er nánast sama og meðalverð áranna 1974—1984. Á sama grundvelli hefur verð raforku til Ísals/ÁB hækkað mun meir eða um 63% miðað við fast verðlag í Bandaríkjadölum. Verð raforku til Járnblendifélagsins hefur lækkað jafnt og þétt miðað við fast verðlag í Bandaríkjadölum og er 1985 um 17% lægra en meðaltal þeirra sjö ára, sem verksmiðjan hefur starfað.

5.2 Heildsöluverð raforku á Norðurlöndum.

Þá lét nefndin Edvard einnig gera samanburð á raforkuverði heildsölufyrirtækja í raforkuiðnaði á Norðurlöndum. Þessi fyrirtæki eru Elsam og Elkraft í Danmörku, Sydkraft og Vattenfall í Svíþjóð, Norges Vassdrags- og Elektrisitetsvesen (NVE) í Noregi og Imatran Voima (IVO) í Finnlandi. Stærsta fyrirtækið er Vattenfall í Svíþjóð með 63 TWh sölu á ári. Síðan koma NVE í Noregi með 36 TWh/ári, Imatran Voima með 22 TWh/ári, Sydkraft með 18 TWh/ári, Elsam með 13 TWh/ári og Elkraft með 11 TWh/ári. Til samanburðar er heildarsala Landsvirkjunar áætluð 3.5 TWh á þessu ári.

5.2.1 Verðsamanburður í USM/kWh miðaður við fast verðlag 1984.

Samanburður á raforkuverði þessara fyrirtækja í heildsölu til almenningsveitna, að dönsku fyrirtækjunum undanskildum, hefur verið settur fram í línuriti á mynd 5.1. Þar er sýnd þróun raforkuverðs tímabilið 1970—85, umreiknað í Bandaríkjadölum eða USM/kWh miðað við meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal og gjaldmiðlum hinna Norðurlandanna á hverju ári.

Línuritið sýnir, að raforkuverð til almenningsveitna á Norðurlöndum hefur hækkað jafnt og þétt í Bandaríkjadölum síðastliðinn áratug og fram á þennan. Eftir 1980 verður

hins vegar breyting á þessu í Svíþjóð og Finnlandi og verðið tekur að lækka. Í Noregi og á Íslandi heldur verðið hins vegar áfram að hækka. Verðið á Íslandi var lengi vel lægra en í Svíþjóð og Finnlandi, eða á tímabilinu frá 1975 til 1980, en er orðið hæst á árinu 1983 eða 35 USM/kWh. Verðið í Noregi hefur verið lægst allan tímann frá 1970, en er orðið álíka og í Svíþjóð á árinu 1983 eða um 20 USM/kWh. Verðið hefur orðið hæst í Finnlandi 1981 og náð því að vera um 45 USM/kWh, en er komið niður fyrir 30 USM/kWh árið 1983.

Eflaust má túlka þá þróun, sem kemur fram í línuritinu, á ýmsan hátt. Gengi bandaríkjadals gagnvart gjaldmiðlum Norðlandanna á hverjum tíma hefur mikil áhrif á það hvernig umrætt línurit lítur út. Hækkandi gengi dollarans á þátt í því, að verð raforku á hinum Norðurlöndunum lækkar í dollurum reiknað eftir 1980. Á Íslandi hefur þessi hækkun minni áhrif, þar sem hér er kostnaður við raforkuframleiðsluna miklu háðari dollaranum en á hinum Norðurlöndunum. Einnig má benda á, að á seinni hluta síðastliðins áratugar var raforkuverði hér á landi haldið niðri vegna verðstöðvunar, en allar gjaldskrárhækkanir voru þá háðar samþykki yfirvalda.

Aukinn kostnaður vegna olíuhækkana og fjárfestinga í því sambandi hefur valdið hækkandi verði á hinum Norðurlöndunum á seinni hluta síðastliðins áratugar. Eftir 1980 er þessum kostnaðarhækkunum lokið, og olíuverð hefur staðið í stað eða lækkað, ásamt kolaverði, sem er nú helsta eldsneytið í framleiðslu raforku. Þessi atriði hafa þó minnst áhrif í Noregi eins og skiljanlegt er, þar sem raforkan er framleidd í vatnsorkuverum, sem að mestu leyti hafa verið greidd niður. Sérstaklega má sjá áhrif olíukreppanna, þ.e. hækkun olíuverðs árin 1973 og 1978, í línuritinu yfir raforkuverðið hjá Imatran Voima í Finnlandi, sem eftir að hafa komist í 46 USM á KWh árið 1981, stefnir nú á miklu lægra raforkuverð. Verðið hér á landi hefur farið lækkandi í ár, reiknað í dollurum. Lækkandi gengi Bandaríkjadals mun hins vegar valda hækkun raforkuverðs í dollurum á hinum Norðurlöndunum. Þannig má reikna með því, að munur á raforkuverði á Íslandi og hinum Norðurlöndunum minnki talsvert á árinu 1985.

5.2.2 Verðsamanburður í USM/kWh miðaður við bandarísku heildsöluvísitöluna.

Á tímabilinu 1970—1985 hefur kaupmáttur bandaríkjadals miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna rýrnað um meir en helming. Til þess að leiðrétta þessa skekkju í viðmiðun við gengi Bandaríkjadals hefur samanburður á heildsöluverði á raforku á Norðurlöndunum verið settur upp í línurit miðað við bandarísku heildsöluvísitöluna og fast verðlag 1984 á mynd 5.2. Með því að leiðrétta gengi Bandaríkjadals með þessum hætti breytast ferlarnir og þeir verða miklu flatari.

Heildsöluverð finnska fyrirtækisins IVO er sem áður hæst allt samanburðartímabilið, þar til á árinu 1983, þegar það kemst niður fyrir verð Landsvirkjunar. Hafði verð IVO þá verið um 45 USM/kWh frá árinu 1974 til 1981, miðað við verðlag 1984. Ætla má, að hækkun verðs IVO á árunum 1973 til 1975 hafi staðið í sambandi við olíuhækkanirnar og rýrnandi kaupgetu dollarans á þessum tíma. Hækkanir verða einnig á verði raforku frá sænsku veitunum, sem má telja, að sé í sambandi við olíuhækkanir 1973 og 1978. Sérstaklega er eftirtektarverð hækkunin 1977—1979 hjá Vattenfall í Svíþjóð, sem gerist á sama tíma og seinni olíuverðshækkunin árið 1978. Hækkanir raforkuverðs hjá sænsku veitunum hafi orðið síðar og ekki eins miklar og hjá finnsku veitunni. Hins vegar gætir þessara áhrifa lítið í Noregi.

Þessi niðurstaða er í samræmi við þær aðstæður, að varmaorka er miklu stærri hluti raforkuframleiðslu Finna en Svía. Olíukreppan leiddi því af sér mikla fjárfestingu vegna breytinga á olíuverum yfir í kolastöðvar og nýbyggingu kjarnorkuvera í Finnlandi. Eins og sést á mynd 5.3, sem sýnir upprunaraforku og framleiðsluskiptingu á öllum Norðurlöndunum, skiptist raforkuframleiðsla Finna 1984 þannig, að 27% voru framleidd með vatnsafli,

37% með kjarnorku, 25% með varmaorku, aðallega kolum, og 11% eru innflutt. Hin mikla fjárfesting vegna olíukreppunnar er afstaðin og framleiðslukostnaður raforku fer nú lækkandi.

Í Svíþjóð var hlutur vatnsvirkjana miklu stærri í raforkuframleiðslunni og hlutur varmastöðva mjög lítill. Árið 1984 skiptist þetta þannig að vatnsorkan var um 56% raforkuframleiðslunnar, kjarnorka 41% og varmaorka einungis 3% (mynd 5.3). Það var því eðlilegt, að kostnaðarhækkun vegna olíukreppunnar varð minni og kom síðar fram en í Finnlandi. Í Noregi er eingöngu notuð vatnsorka. Þar varð því engin sérstök stefnubreyting né kostnaðarauki vegna olíukreppunnar eins og kemur greinilega fram á ferlunum yfir orkuverð til almenningsveitna. Verðið hefur þó farið hægt og sígandi hækkandi í samræmi við stefnu stjórnvalda. Þær smávægilegu sveiflur á raforkuverðinu, sem koma fram á ferlinum, stafa af gengissveiflum gagnvart dollar, en ekki af breytingum raforkuverðs í norskum krónum. Er raforkuverð í Noregi því í góðu jafnvægi allan tímann, umreiknað í Bandaríkjadölum.

Einkenni ferils yfir orkuverð til almenningsveitna á Íslandi eru öll önnur en hinna Norðurlandanna. Eftir olíukreppuna 1973 lækkar orkuverðið miðað við raunvirði Bandaríkjadals og er lægst á eftir orkuverði í Noregi frá árinu 1975 til 1981. Eftir árið 1979 hefur orkuverðið á Íslandi hækkað stöðugt. Það er nú hæst á Norðurlöndum eða um 32 USM. Samt hefur það ekki náð því verði, sem varð hæst í Svíþjóð eða 38 USM árið 1979 og 47 USM árið 1981 í Finnlandi.

Að lokum er rétt að árétta það, að þessi samanburður á raforkuverði á Norðurlöndum er með þeirri skekkju, sem óhjákvæmilega stafar af því að nota Bandaríkjadal sem sameiginlegan verðgrundvöll. Hvað varðar raforkuverð í hverju landi fyrir sig er auðvitað mikilvægast að greina allar breytingar miðað við almenna verðlagsþróun í landinu sjálfu. Það skiptir notandann höfuð máli hvort verð raforku hækkar eða lækkar miðað við almennt verðlag í landinu, en ekki hvernig verðið hegðar sér umreiknað í Bandaríkjadölum.



Mynd 5.1. Raforkuverð í heildsölu til almenningsveitna 1970–1985.



Mynd 5.2. Raforkuverð í heildsölu til almenningsveitna 1970–1985, í Bandaríkjadölum miðað við fast verðlag.



Mynd 5.3. Skipting raforkuframleiðslu á Norðurlöndunum 1984.

Sþ. 1012. Skýrsla [330. mál]

sjávarútvegsráðherra um aldur, stærð, uppbyggingu og endurnýjun fiskiskipastólsins.

Beiðni um skýrslu þessa kemur fram á þingskjali nr. 608 og er hún frá Skúla Alexanderssyni o.fl., dagsett 10. mars s.l. Varðandi svör við þeim atriðum sem fram koma í lið I. og II. í beiðninni leitaði ráðuneytið til tæknideildar Fiskifélags Íslands. Greinargerð Fiskifélagsins um þessi atriði barst ráðuneytinu hinn 18. apríl s.l. Fylgir hún hér á eftir sem fylgiskjal 1. Í henni koma fram svör við öllum undirliðum liða I. og II. nema því hvaða flutningur á aflamarki milli útgerðarstaða hafi leitt af úreldingu skipa og flutningi þeirra milli staða. Slík samantekt er ýmsum annmörkum háð. Má þar nefna að kvóti einstakra skipa hefur breyst á því tímabili sem um er að ræða. Einnig má nefna að skip hafa oft farið í aðrar veiðar við flutning á milli staða. Til að gefa sem bestu mynd af tilflutningi aflamarks milli útgerðarstaða, er miðað við úthlutun 1986. Í samantektinni á fylgiskjali 2 kemur einungis fram flutningur á þorskaflamarki. Er það að öllum líkindum betri mælikvarði en þorskígildi m.a. vegna þess að kvótabundnum botnfisktegundum hefur fækkað frá upphaflegri úthlutun. Jafnframt er ekkert aflahámark á öðrum botnfiski en þorski í sóknarmarki, sem gerir það erfitt að áætla afla sóknarmarksskipa. Við samanburð er gengið út frá því að öll skip hafi valið aflamark. Þegar um er að ræða skip í sóknarmarki er þ.a.l. miðað við það þorskaflamark sem þau hefðu fengið ef þau hefðu valið þá leið. Rétt er að taka það fram að þessi samantekt er fyrst og fremst vísbending um þróun mála. Oft er mjög erfitt að átta sig á því hvað er aukning eða minnkun aflamarks á hverjum stað. Þó að heimilisfang skips hafi breyst er ekki þar með sagt að skipið hafi breytt um löndunarstað. Mörg tilvik eru um það að skip séu gerð út frá öðrum stað en heimahöfn. Breytingar á skráningu fara stundum fram löngu eftir að eigendaskipti eiga sér stað. Fleiri atriði mætti nefna, en af framanrituðu er ljóst að margir fyrirvarar eru á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um tilflutning aflamarks milli útgerðarstaða.

Í III. lið beiðnarinnar er óskað upplýsinga um áform stjórnvalda um aðgerðir til uppbyggingar og endurnýjunar fiskiskipastólsins á næstu árum og hvaða hlutdeild íslenskum skipasmíðastöðvum er þar ætlað. Um langt skeið hafa stjórnvöld og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi haft áhyggjur af því að fiskiskipafloti landsmanna væri stærri en svarar afrakstursgetu helstu nytjastofna okkar. Þessi sjónarmið leiddu til þess að algjört bann var lagt við innflutningi á fiskiskipum til landsins. Það bann rann formlega úr gildi hinn 1. ágúst 1984. Þrátt fyrir afnám þess hefur í reynd ekki verið um að ræða nýsmíði innanlands eða innflutning á skipum fram að þessu. Enda þótt fiskiskipaflotinn sé of stór og meginstefna stjórnvalda hljóti því áfram að vera sú að koma í veg fyrir aukningu á afkastagetu hans er jafnljóst að endurnýjunar er þörf. Af greinargerð tæknideildar Fiskifélagsins er fullljóst að meðalaldur fiskiskipastólsins er hár og komi langt hlé þar sem engin ný skip bætast við flotann er hætt við því að við náum ekki að fylgjast með tækninýjungum á sviði fiskveiða. Því ber að stefna að hóflegri og jafnri endurnýjun flotans og reyna að komast hjá því að sú endurnýjun gerist í stórum stökkum. Með lögum nr. 97/1985 um stjórn fiskveiða 1986–1987 og með reglugerð nr. 98/1986 um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka er þessi stefna varðandi endurnýjun fiskiskipaflotans mörkuð.

Í reglugerðinni er sett sú meginregla að lán hvort sem er vegna nýsmíði, innflutnings eða endurbóta á fiskiskipum skuli við það miðuð að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur ekki veitt lánsloforð vegna nýsmíði eða innflutnings á fiskiskipum í tæp 4 ár. Nú er gert ráð fyrir að slík lán verði tekin upp að nýju innan vissra marka. Skilyrði til slíkra lánveitinga er að skip sem umsækjandi hefur átt og rekið í a.m.k.

eitt ár og er af svipaðri stærð og afkastagetu og hið nýja skip, verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Umsókn um kaup eða smíði á tilteknu skipi verður að hafa borist innan 12 mánaða frá því sambærilegt skip hvarf af skipaskrá og er lánveiting ekki heimil vegna skipa sem hurfu af skipaskrá fyrir ársbyrjun 1985.

Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár. Þá eru sett allströng skilyrði er lúta að því að umsækjandi sýni fram á getu sína til að fjármagna þann hluta kaupverðsins sem sjóðurinn lánar ekki. Hámark lána vegna nýsmíði innanlands er 65% af kostnaðarverði en 60% vegna nýrra eða notaðra skipa sem keypt eru erlendis frá.

Lán til endurbóta á fiskiskipum skulu fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði og bættri aflameðferð. Varðandi þessi lán munu gilda áfram svipaðar reglur varðandi lánahlutföll en hins vegar verður um að ræða nokkra lengingu á lánstíma.

Nánari útfærsla á þessari stefnu kemur fram í reglugerð nr. 98 26. febrúar 1986 er birtist sem fylgiskjal III og í bréfi Fiskveiðasjóðs Íslands til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1986, sem birt er sem fylgiskjal IV. Í tengslum við setningu reglugerðar nr. 98/1986 flutti sjávarútvegsráðherra tillögu í ríkisstjórn um erlendar lántökur vegna endurnýjunar og endurbóta á fiskiskipastólnum og er hún birt sem fylgiskjal V. Þessi tillaga hefur ekki verið endanlega afgreidd í ríkisstjórninni en engu að síður er gert ráð fyrir að langlánanefnd og lánastofnanir vinni í samræmi við innihald hennar.

Fylgiskjal I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS - TÆKNIDEILD

ALDUR, STÆRÐ OG UPPBYGGING FISKISKIPASTÓLSINS

INNGANGUR:

Í skýrslu þessari er að finna ýmsar upplýsingar um aldursdreifingu, flokkaskiptingu og stærð fiskiskipastólsins og dreifingu eftir kjördæmum miðað við 1. janúar 1986.

Í beiðni um skýrslu var óskað eftir upplýsingum um eftirtalin atriði:

I. Aldur íslenska fiskiskipastólsins, eftir stærð og gerð, einnig sundurliðað eftir kjördæmum. Byggt verði sem næst á eftirfarandi skiptingu:

   1. Bátar:

      a. undir 10 lestum
      b. 10 - 20 lestir
      c. 20 - 70 lestir
      d. 70 - 105 lestir
      e. yfir 105 lestum
         Einnig komi fram hve stór hluti bátaflotans er tréskip.

   2. Togarar:

      a. yfir 500 lestum
      b. undir 500 lestum
      c. frystitogarar

   3. Loðnuskip:

   4. Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað.

II. Breytingar á fiskiskipum (ef um grundvallarbreytingu á rekstri þess er að ræða, svo sem breyting í frystiskip), flutningur á skipum milli útgerðarstaða og úrelding eða niðurfelling af skipaskrá frá 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986.

Af hagkvæmnisástæðum þótti eðlilegast að miða við 1. janúar 1986 hvað viðkemur upplýsingum undir lið I.

Það sem fram kemur í skýrslu þessari er einkum byggt á upplýsingum í tölvu Fiskifélagsins. Skýrslan er að mestu leyti í töflu-formi og ættu töflur að skýra sig sjálfar, en

nauðsynlegt er að skýra ýmsar forsendur og túlka ýmis frávik.

ALDUR, STÆRÐ OG GERÐ FLOTANS - DREIFING.

Almennt:

Mögulegt er að skipta flotanum upp í ýmsa flokka, eftir byggingarlagi og fyrirkomulagi, veiðiaðferðum, vinnslu o.fl. þáttum. Hér áður fyrr var mjög glögg skipting flotans í togara (síðutogara) annars vegar og vélbáta (báta) hins vegar. Í dag eru skilin hins vegar ekki eins skörp, en ennþá eru í gildi þessir tveir megin flokkar, auk þess sem ákveðinn hluti bátaflotans er tekinn út úr og gerður að sérstökum flokki, þ.e. loðnuskipin. Í þeim flokki eru talin þau skip sem hafa loðnukvóta í dag.

Í togaraflotanum eru eingöngu skuttogarar, nær undantekningarlaust tveggja þilfara skip yfir ákveðinni stærð, skip sem eingöngu stunda togveiðar. Vissum hluta bátaflotans hefur verið breytt í skuttogaralíki, en telst ekki með togaraflotanum. Þá má nefna tvö stór skip, sem ýmist eru flokkuð og gerð út sem togarar eða loðnuskip, en hafa loðnukvóta og því talin hér í flokki loðnuskipa.

Í skýrslu þessari verður byggt á eftirfarandi skiptingu:

1. Bátar
2. Togarar
3. Loðnuskip

Fjórði flokkurinn í beiðni, "Önnur fiskiskip, þar með taldir bátar með frysti- og vinnslubúnað" er tekinn sem f-liður undir báta eða b- liður undir loðnuskip. Í hverjum hinna þriggja megin flokka kemur því fram undirflokkur fyrir þau fiskiskip sem búin eru vinnslu- og frystibúnaði. Þótt alltaf megi deila um í hvaða flokk einstök skip eru sett, þá er þeirri reglu fylgt að sérhvert skip getur aðeins lent í einum flokki og því ekki tvítalið.

Bátar:

Bátaflotanum er skipt í eftirfarandi undirflokka:

a. undir 10 lestum
b. 10 - 19 lestir
c. 20 - 69 lestir
d. 70 - 105 lestir
e. yfir 105 lestum
f. bátar með rækjufrystingu

Í töflum 1 - 6 (s. 8-9) kemur fram fjöldi skipa, aldursdreifing og skipting eftir kjördæmum fyrir einstaka flokka. Einnig er hlutdeild tréskipa tíunduð.

Meðalaldur einstakra stærðarflokka er á bilinu 19 - 24 ár og er meðalaldur hæstur í stærðarflokkunum 20 - 69 og 70 - 105 lestir. Ef litið er á kjördæmi er meðalaldur hæstur í Suðurlands- (30.6 ár) og Reykjaneskjördæmi (28.6 ár) í flokki 20 - 69 lestir.

Bátar með rækjufrystingu eru átta talsins, allt skip stærri en 105 lestir. Skipin eru þessi:

1128	Arnarnes ÍS 42	
1625	Gunnjón GK 506	
1674	Harpa GK 111	(júlí 1985)
1626	Hersir HF 227	(júlí 1984)
1640	Patrekur BA 64	
11	Sandafell HF 82	(des. 1983)
1016	Sigurður Pálmas.HU 333	(júlí 1983)
1679	Sólrún ÍS 1	

Upplýsingar í sviga gefa til kynna að um breytingar er að ræða innan tímabilsins 1. janúar 1984 til 1. janúar 1986.

Í töflu 12 (s. 10) er allur bátaflotinn dreginn saman í einn flokk. Fjöldi báta er 674 og meðalaldur 20.9 ár. Elstu bátarnir eru í Reykjaneskjördæmi (22.9 ár) en yngstu bátarnir í Reykjavík (16.4 ár).

Togarar:

212 Sæunn Sæmundsdóttir ÁR 60	483		
1546 Guðbjörn ÁR 34		28	
1143 Gissur ÁR 6	351		
1124 Valdemar Kristinsson ÁR 320		66	
Grindavík			
180 Garðar GK 141		191	
60 Frigg GK 138	77		
674 Eldey GK 325		68	
1319 Gunni GK 161	108		
922 Búðanes GK 101	100		
674 Eldey GK 325	68		
1626 Hafrenningur GK 38	212		
11 Sandfell GK 82	449		
756 Hrappur GK 89		73	
1073 Sandvík GK 325		95	
1674 Harpa GK 111		359	
526 Hafliði GK 140		79	
1316 Sæfinnur GK 122		54	
641 Auðbjörg GK 86	259		
Sandgerði			
949 Fagranes GK 171		80	
160 Barðinn GK 475		376	
978 Sigursæll GK 375	868		er nú orðinn togari.
2 Akurey SF 52		230	
1220 Smári GK 81	66		
963 Sigurjón GK 49	264		
27 Sigurjón GK 49		158	
Garður			
1128 Ingólfur GK 42	400		
1350 Oddur Jónsson GK 59	88		
1185 Guðmundur Arnar KE 200		64	
1449 Erlingur GK 6	834		
27 Björgvin Már GK 149	158		
1453 Sigurvin GK 51	147		
1393 Sveinborg GK 70	637		
1036 Happasæll GK 225	350		

		Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Keflavík				
972	Pétur Ingi KE 32	328		
1581	Geir KE 67		222	er frá Tálknafirði.
1438	Arnar KE 360		105	
1254	Arnar KE 360	73		
1185	Hinrik KE 200	64		
625	Hafborg KE 99	160		
1073	Sandvík KE 25	95		
363	Þröstur KE 51	176		
259	Jarl KE 31	248		
721	Gullþór KE 87		177	
913	Víðir KE 101		77	
1350	Hafborg KE 85		88	
1513	Svana KE 33		8	
712	Kristján KE 21	105		
1453	Sigurvin GK 51		147	
715	Jón Garðar KE 1	102		
12	Heimir KE 77	306		
76	Helgi S KE 7	310		
Njarðvík				
363	Þröstur KE 51		176	
359	Brimnes KE 204	175		
Vogar				
756	Sólveig RE 96	73		
Hafnarfjörður				
424	Sandfell HF 62		209	
1626	Hersir HF 227		212	
1331	Margrét HF 148		92	
284	Anna HF 39		116	
992	Byr NS 192	146		
51	Faxi GK 44	273		
1602	Sjóli HF 18	484		
76	Einir HF 202		310	Jan. 1986
1484	Maí HF 346	778		Jan. 1986
Kópavogur				
1069	Pétur Jónsson RE 14		40	
160	Barðinn RE 243	376		
1225	Aron RE 105	68		
168	Náttfari RE 75		470	
51	Snæfari RE 76		273	

	Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Reykjavík			
180 Jón Halldórsson RE 2	191		
325 Dröfn BA 62		84	
674 Eldey RE 160	68		
1513 Geysir BA 404		8	
1319 Gunni RE 51		108	
1069 Pétur Jónsson RE 14	40		
1513 Geysir RE 404	8		
1093 Valborg RE114	64		
1350 Hafborg RE 299		88	
537 Gulltoppur HF 321	166		
1283 Jón Finnsson RE 506	52		
1079 Ína RE 81	3		
1350 Hafborg RE 299	88		
1546 Gestný Þórðardóttir BA 91	83		
1490 Arnarborg RE 27	61		
Akranes			
72 Grótta AK 101	417		
84 Haraldur AK 10	371		
1373 Reynir AK 18	191		
1638 Jón Þórðarson BA 160		406	
1233 Reynir AK 18		25	
1585 Sigurfari II AK 10		800	Febr. 1986
Hellissandur			
928 Þorsteinn SH 145		147	
Ólafsvík			
1464 Auðbjörg II SH 97		167	
1648 Jökull SH 215		608	úthl. 193 tonn sumarið 1984.
1254 Arnar SH 157		73	
537 Gulltoppur SH 174		166	
1373 Egill SH 195		191	
720 Bervík SH 43	273		
1480 Örninn SH 66		69	
Grundarfjörður			
57 Skipanes SH 608		367	
630 Haförn SH 40	111		
715 Guðmundur Ólafsson SH 244		102	
1585 Sigurfari II SH 105	800		Nú gerður út frá Akranesi.
Stykkishólmur			
1311 Rúna SH 101	54		
630 Haförn SH 40		111	

	Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Patreksfjörður			
325 Dröfn BA 62	84		
1288 Bensi BA 46		68	
1638 Jón Þórðarson BA 180	406		
359 Brimnes BA 800		175	
616 Egill BA 77		94	
Tálknafjörður			
1228 Siggi Gamli BA 114		46	
1556 Sölvi Bjarnason BA 65	(1 345)		Skipið er nú og hefur alltaf verið í rekstri frá Bíldudal.
Bíldudalur			
1513 Geysir BA 404	8		
1491 Pétur Þór BA 44		20	
1463 Sæunn BA 46		24	
1269 Snæberg BA 35	208		
1423 Þröstur BA 48		24	
1036 Steinanes IS 399		350	
Þingeyri			
57 Framnes IS 608	367		
424 Gunnjóna Jensdóttir IS 117	209		
1190 Máni IS 54		53	
616 Dagur SI 66		94	
616 Dagur SI 66	94		
Flateyri			
1564 Byr IS 77		83	
1053 Jónína IS 93		202	
Suðureyri			
1233 Percy IS 777		25	
1564 Byr IS 77	83		
1537 Eva Lind IS 182	25		
1233 Percy IS 777	25		
Bolungarvík			
1679 Sólrún IS 1		616	
1455 Skálafell IS 100		66	
Hnífsdalur			
1440 Siggi Sveins IS 29	23		
12 Guðmundur Einarsson IS 28		306	

	Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Ísafjörður			
1128 Arnarnes IS 42		400	
1463 Sæunn IS 25	24		
1686 Haukur Böðvarsson IS 847		134	
1440 Halldór Sigurðsson IS 14		23	
Súðavík			
1093 Valborg IS 421		64	
1093 Guðmundur Jóhann IS 421	64		
Drangsnes			
1247 Örvar ST 155		22	
Hólmavík			
922 Sigurvon ST 54		100	
1093 Gunnbjörg ST 38		64	
1490 Arnarborg ST 31		61	
Hvammstangi			
1016 Sigurður Pálmason HU 333		584	
1186 Haförn HU 4		142	
Skagaströnd			
1491 Hringur HU 3	20		
1311 Hafbjörg HU 100		54	
Sauðárkrókur			
1364 Sóley SK 8	92		
Hofsós			
625 Hafborg SK 50		160	
Siglufjörður			
1675 Emma II SI 164		92	
58 Dröfn SI 67		229	
1331 Margrét SI 48	92		
913 Víðir SI 5		77	
978 Skjöldur SI 101		978	
913 Víðir SI 5	77		
457 Gissur hvíti SI 55	119		
58 Dröfn SI 67	229		
1386 Dröfn SI 67		147	
1393 Sveinborg SI 70		637	
616 Dagur SI 66	94		

	Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Ólafsfjörður			
284 Anna OF 7	116		
306 Hrönn OF 58	125		
Hrísey			
892 Svanur EA 14		260	
217 Eyborg EA 59		483	
Dalvík			
306 Hrönn EA 258		125	
Árskógsströnd			
1438 Heiðrún EA 28	105		
72 Heiðrún EA 28		417	
1068 Arnþór EA 16	212		
189 Arnþór EA 16		466	
Hauganes			
949 Fagranes EA 71	80		
Akureyri			
1473 Hrímbakur EA 306		683	
1484 Margrét EA 710		778	
Grenivík			
674 Þórunn ÞH 255		68	
674 Þórunn ÞH 255	68		
1288 Eyfell ÞH 179	68		
Húsavík			
1186 Ásgeir ÞH 198	142		
586 Björg Jónsdóttir ÞH 321	330		
263 Björg Jónsdóttir ÞH 321		405	
1053 Skálaberg ÞH 244	202		
Kópasker			
1423 Þorsteinn HF 107	24		
Raufarhöfn			
1233 Sæfinnur ÁR 121	25		
Þórshöfn			
586 Fagranes ÞH 123		330	

	Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Bakkafjörður			
1581 Halldór Runólfsson NS 301	222		
1631 Fálkinn NS 325	120		
963 Ver NS 400		264	
992 Byr NS 192		146	
Vopnafjörður			
1143 Lýtingur NS 250		351	
Borgarfjörður eystri			
1124 Brimir NS 21	66		
Seyðisfjörður			
1547 Otto Wathne NS 90	431		
Neskaupstaður			
1016 Fylkir NK 102	584		
1316 Hergilsey NK 38	54		
Eskifjörður			
1243 Örvar SU 155	22		
1248 Bliki SU 108	56		
928 Þorsteinn SU 34	147		
641 Auðbjörg SU 37		259	
Fáskrúðsfjörður			
913 Framfari SU 67	77		
168 Sæbjörg SU 403	470		
Breiðdalsvík			
11 Sandafell SU 210		449	
Djúpivogur			
972 Stjörnutindur SU 159		328	
1054 Mánatindur SU 95	164		

		Minnkun	Aukning	Athugasemdir
Hornafjörður				
225	Skálafell SF 95	212		
58	Jakob SF 66	229		
1311	Rúna SF 101		54	
1639	Jón E. Bjarnason SF 3	309		
77	Kári VE 95	210		
62	Jón Bjarnason SF 3		338	
1449	Þórhallur Daníelsson SF 71		1 132	
1248	Vörðufell HF 1		56	
2	Akurey SF 52	230		
1311	Rúna SF 101	54		

Fylgiskjal III.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 232/1981, reglugerð nr. 628/1981 og reglugerð nr. 213/1985.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum skulu við það miðuð, að afkastageta fiskiskipastólsins aukist ekki.

Skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis svo og til kaupa á fiskiskipi erlendis frá er að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá. Það skip verður umsækjandi að hafa átt og rekið í a. m. k. 1 ár áður en umsókn berst. Sé skip keypt erlendis frá skal aldur þess ekki vera yfir 4 ár.

Umsókn um nýsmíði eða kaup á tilteknu fiskiskipi ásamt fullnægjandi gögnum verður að hafa borist innan 12 mánaða frá því að sambærilegt skip hvarf af skipaskrá. Lánveiting er óheimil vegna skipa sem hurfu af skipaskrá fyrir 1. janúar 1985.

Umsækjandi skal gera fullnægjandi grein fyrir fjármögnun framkvæmda umfram það sem felst í láni Fiskveiðasjóðs.

Þegar um er að ræða nýsmíði fiskiskips eða kaup á skipi erlendis frá þarf umsækjandi að geta fært sönnur á hvað fæst fyrir það skip sem hverfur af skipaskrá svo og að andvirði þess gangi til kaupanna. Það sem þá kann að vanta á að fjármögnun sé tryggð verður umsækjandi að hafa lagt inn á bundinn bankareikning eða lagt fram bankaábyrgð fyrir áður en umsókn er afgreidd.

Umsækjandi skal leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga fyrirtækis síns fyrir

a. m. k. tvö s. l. ár og rekstrar- og greiðsluáætlanir fyrirtækisins ásamt áætluðum efnahagsreikningi fyrstu þrjú árin, sem skipið verður í notkun.

Lán til endurbóta á fiskiskipum skulu fyrst og fremst stuðla að orkusparnaði og bættri aflameðferð.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lán úr Fiskveiðasjóði Íslands skulu skiptast í eftirgreinda lánaflokka:

A. Skipalán II.

1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
   Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis. Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiri háttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél.
   Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—8 ár vegna endurbóta, 8 ár vegna kaupa á aflvél og 8—12 ár vegna meiri háttar endurbóta.
   Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.
3. Lán vegna nýsmíði súðbyrðinga, þilfarsbáta úr trefjaplasti og 12 rúmlesta og minni furubáta innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
   Hámarkslánstími skal vera 10 ár.
4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsbáta úr trefjaplasti, súðbyrðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en allt að 65% vegna meiri háttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél.
   Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 6 ár vegna kaupa á aflvél og 5—8 ár vegna meiri háttar endurbóta. Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.
5. Lán vegna nýsmíði botnvörpunga innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 65% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
   Hámarkslánstími skal vera 18 ár.
6. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í botnvörpunga, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.
   Reglur um hámarkslán og hámarkslánstíma eru þær sömu og um stál- og eikarskip.
   Heimilt er að áskilja sérstaka aukatryggingu.
7. Lán vegna nýsmíði opinna báta, innanlands.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
   Hámarkslánstími skal vera 5 ár.
   Áskilin er sérstök aukatrygging.
8. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í opna báta.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
   Hámarkslánstími skal vera 3—5 ár.
   Áskilin er sérstök aukatrygging.
9. Lán vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis.
   Lánsfjárhæð má hæst vera 60% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.

Hámarkslánstími skal vera sá sami og gildir um nýsmíði innanlands að frádregnum aldri skips.
Heimilt er að áskilja að erlent lán a. m. k. jafnhátt láni Fiskveiðasjóðs úr þessum flokki fáist. Lán Fiskveiðasjóðs verður í sömu mynt og með sömu vöxtum og sömu gjalddögum og erlenda lánið.
Andvirði láns Fiskveiðasjóðs verður innistæða hjá sjóðnum í erlendri mynt og af þeirri innistæðu er hið erlenda lán, sem skipinu fylgir, greitt jafnóðum og það gjaldfellur. Mismunur afborgunar af innistæðunni í Fiskveiðasjóði og láninu úr Fiskveiðasjóði breytist á hverjum gjalddaga í svonefnt afleitt lán. Ef erlent lán er áskilið eru lán í þessum flokki því í raun aldrei til lengri tíma en erlenda lánið, sem skipinu fylgir. Hins vegar lengja afleiddu lánin lánstímann í ofangreint hámark.

10. Lán leidd af lánum vegna nýrra og notaðra skipa, sem keypt eru erlendis: (sbr. lið nr. 9 í 2. gr. A).
Gjalddagar þessara lána eru 1. maí og 1. nóvember ár hvert. Fyrsta vaxtagreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið byrjar að myndast, en fyrsta afborgunargreiðsla er á fyrsta gjalddaga eftir að lánið er fullmyndað.
11. Skipasmíðalán.
Þessi lán eru bráðabirgðalán, sem veitt eru vegna innlendrar nýsmíði fiskiskipa og útborguð í áföngum eftir því sem framkvæmdum miðar.
Skipasmíðalán eru tryggð með 1. veðrétti í nýsmíðinni. Skipasmíðalán greiðist upp af andvirði láns, þegar nýsmíðinni er lokið, ásamt áföllnum vöxtum.
Heimilt er að veita skipasmíðastöðvum slík bráðabirgðalán vegna meiri háttar endurbóta á fiskiskipum innanlands og kemur þá sjálfskuldarábyrgð viðskiptabanka í stað veðs.
12. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsfiskiskip, sem að mati sjóðsstjórnar horfa til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar.
Lánsfjárhæð má hæst vera 80% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 7 ár.
13. Lán vegna verulegs viðhalds á skipi, hvort sem er á vél, bol eða búnaði þess þannig að um endurbyggingu sé að ræða er lengir notkunartíma, enda sé um útboð að ræða og fast verð.
Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr.
Hámarkslánstími skal vera 5 ár.

B. Fasteignalán II.

1. Lán til hraðfrystihúsa vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
2. Lán til síldarverksmiðja og fiskimjölsverksmiðja vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
3. Lán til fiskvinnsluhúsa annarra en 1. og 2., vegna nýbyggingar, endurbóta og/eða véla- og tækjakaupa.
4. Lán til nýbyggingar, endurbóta á og/eða véla- og tækjakaupa í aðrar þær fasteignir, er efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. febrúar 1986.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

Fylgiskjal IV.

Bréf Fiskveiðasjóðs Íslands til sjávarútvegsráðuneytisins dags. 5. febrúar 1985.

Á fundi stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands þann 5. febrúar 1986 var rætt um bréf hins háa ráðuneytis dags. 3/12 1985. Ákveðið var að leggja til við ráðuneytið, að sett yrði reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands og fylgja þær tillögur hér með í formi draga að reglugerð.

Enn fremur var eftirfarandi tillaga borin undir atkvæði:

„I. Samkvæmt 1. gr. meðfylgjandi draga að reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka er það skilyrði fyrir lánveitingu til nýsmíði og innflutnings fiskiskipa, að skip sem umsækjandi á af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði eða hafi verið strikað endanlega út af skipaskrá.

Sjóðsstjórnin telur rétt að skilgreining á því hvað teljist skip af sömu eða svipaðri stærð og afkastagetu verði með eftirgreindum hætti:

1) Það skip sem hverfur af skipaskrá skal hafa haft leyfi til veiða á árinu 1985 sbr. 3. gr. laga nr. 97/1985. Sé það skip sem hverfur úr rekstri minna en 10 brl. skal það hafa verið skráð fiskiskip og því haldið til eðlilegra veiða á árinu 1984 eða 1985.
2) Ef um er að ræða nýsmíði eða innflutning á báti og bátur hverfur af skipaskrá skal gilda:
   a) Útstrikun báts eða báta undir 10 brl. veitir ekki rétt til nýsmíði eða innflutnings á báti sem er 10 brl. eða stærri.
   b) Útstrikun báts 10 brl. eða stærri getur veitt rétt til nýsmíði eða innflutnings báts sem er minni eða í lægri stærðarflokki sóknarmarksskipa en hinn útstrikaði bátur. Slík útstrikun getur einnig veitt rétt til nýsmíði eða innflutnings báts í sama stærðarflokki sóknarmarksskipa, þó má hinn nýi eða innflutti bátur aldrei vera meira en 20 brl. stærri en sá sem strikaður var út af skipaskrá. Með stærðarflokkun sóknarmarksskipa er hér átt við stærðarflokkun í útgerðarflokki 2 í 3. mgr. 7. greinar reglugerðar nr. 465/1985, þó með þeirri undantekningu að líta ber á skip stærri en 50 brl. til og með 110 brl. sem einn flokk.
3) Ef um er að ræða nýsmíði eða innflutning á togara og togari er strikaður út af skipaskrá skal gilda.
   a) Útstrikun togara, sem er 39 m eða styttri, veitir ekki rétt til nýsmíði eða innflutnings togara sem er lengri en 39 m. né má mesta lengd hins nýja eða innflutta togara vera meiri en lengd þess sem strikaður er út margfölduð með 1,1. Ekki er heldur heimilt að hinn nýi eða innflutti togari sé meira en 50 brl. stærri en sá sem strikaður er út miðað við sambærilegar mælingareglur.
   b) Útstrikun togara, sem er lengri en 39 m veitir ekki rétt til nýsmíði eða innflutnings lengri togara en svo að mesta lengd hins nýja eða innflutta togara sé lengd hins útstrikaða margfölduð með 1,1. Ekki er heldur heimilt, að hinn nýi eða innflutti togari sé meira en 50 brl. stærri en sá sem strikaður er út miðað við sambærilegar mælingareglur.
4) Útstrikun loðnuskips veitir ekki rétt til nýsmíði eða innflutnings lengri loðnuskips en svo að mesta lengd hins nýja eða innflutta loðnuskips sé lengd hins útstrikaða margfölduð með 1,25.
5) Ef framangreindar reglur geta ekki átt við t.d. vegna þess að nýtt og útstrikað skip eru ekki sömu gerðar eða um er að ræða útstrikun fleiri skipa vegna eins nýs eða öfugt skal meta sérstaklega afkastagetu og aflamöguleika þeirra skipa sem í

skiptum eru. Varðandi slíkt mat skal leita umsagnar Sjávarútvegsráðuneytisins hverju sinni.

6) Sjóðsstjórnin hefur ekki í hyggju að veita á árinu 1986 lánsloforð vegna nýsmíði eða innflutnings á frystiskipum.

II. Um endurbætur á fiskiskipum vill sjóðsstjórnin taka fram, að hún mun hafa þessi meginmarkmið:

a) Lánsloforð verða ekki veitt á árinu 1986 vegna véla og tækja til frystingar um borð í togurum, sem falla undir útgerðarflokk 1. í reglugerð um stjórn botnfiskveiða nr. 465/1985. Ekki verða heldur veitt lánsloforð vegna véla, búnaðar og annarra aðgerða vegna vinnslu botnfisks í fiskiskipum. Þetta gildir þó ekki vegna endurbóta, sem nauðsynlegar eru til fullnýtingar afla um borð í þeim fiskiskipum, sem þegar hafa hafið fullvinnslu afla.

b) Lánsloforð vegna lenginga á fiskiskipum verða ekki veitt á árinu 1986 nema lengingin stuðli að orkusparnaði eða betri aflameðferð eða auknu öryggi.

Tekið skal fram, að það er skilyrði þessara markmiða, að ekki verði veittar heimildir til erlendrar lántöku né láns úr öðrum opinberum sjóðum til framkvæmda af þessu tagi.

Loks skal tekið fram, varðandi þær viðmiðanir og markmið sem hér hafa verið sett, að ýmis mál kunna að vera þannig vaxin, t.d. framkvæmdir hafnar eða þeim lokið, að á þeim verði að taka sérstaklega".

Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum gegn atkvæði Kristjáns Ragnarssonar, sem gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

„Með tilvísun til þess sem stendur í I. 6 og II. a. vil ég taka fram að ég tel, að Fiskveiðasjóður Íslands eigi ekki að miða lánveitingar sínar, eða takmarka lánveitingar við hvað gert er við afla um borð í fiskiskipum. Ég tel, að eigendur skipanna eigi að meta hagkvæmni fjárfestingar hverju sinni og þeir eigi að ráða því hvernig þeir búi skip sín, en stjórn Fiskveiðasjóðs eða sjávarútvegsráðuneytið eigi ekki að hafa áhrif á það." Guðjón A. Kristjánsson sat hjá.

Þetta tilkynnist hér með hinu háa ráðuneyti.

Virðingarfyllst,
Fiskveiðasjóður Íslands

Már Elísson. Svavar Ármannsson.

Fylgiskjal V.

Tillaga að ríkisstjórnarsamþykkt.

Frá sjávarútvegsráðherra.
Til ríkisstjórnarinnar.

Efni: Erlendar lántökur vegna endurnýjunar og endurbóta á fiskiskipastólnum.

Í tengslum við nýjar lánareglur Fiskveiðasjóðs Íslands, ákveður ríkisstjórnin að eftirfarandi reglur taki gildi, um heimildir til erlendrar lántöku vegna nýsmíði, innflutnings og endurbóta á fiskiskipum:

1. Ekki verði heimilaðar erlendar lántökur til nýsmíði fiskiskipa innanlands eða erlendis né til kaupa á fiskiskipum erlendis frá umfram lánveitingar Fiskveiðasjóðs.
2. Ekki verði heimiluð erlend lán vegna endurbóta á fiskiskipum nema að því marki sem felst í lánum Fiskveiðasjóðs og sem viðbót við þau. Samanlögð lán Fiskveiðasjóðs og

erlend viðbótarlán verði aldrei hærri en 80% af heildarkostnaði. Engin erlend lán skal heimila vegna verka eða verkþátta sem Fiskveiðasjóður hefur hafnað að veita lán til. Varðandi gildistöku þessa liðar kunna ýmis mál að vera svo vaxin að á þeim þurfi að taka sérstaklega, t.d. vegna þess að bindandi samningar hafi þegar verið gerðir, framkvæmdir hafnar eða þeim lokið. Slík mál munu koma til sérstakrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar.

3. Lán til endurbóta fiskiskipum, þ.e. 200 m.kr. skv. lánsfjáráætlun, skulu veitt fyrir milligöngu Byggðastofnunar. Um lánveitingar til fjárfestinga skulu gilda sömu reglur og um erlend lán skv. lið 2. Auk þess getur Byggðastofnun veitt lán til viðhaldsverkefna.

Sþ. 1013. Skýrsla [267. mál]

landbúnaðarráðherra um undirbúning að svæðabúmarki og fullvirðisrétti bænda, samkvæmt beiðni.

Óskað hefur verið skýrslu um undirbúning að svæðabúmarki og um fullvirðisrétt bænda. Óskað er mjög yfirgripsmikilla upplýsinga um einstök atriði, sem bæði er tímafrekt að afla og kostnaðarsamt að búa til birtingar. Með öllu er ógerlegt að sinna því verki til fullnustu með tiltæku starfsliði landbúnaðarráðuneytis, sem jafnhliða þarf að sinna öðrum verkum.

Hins vegar þykir rétt að birta skýrslu um þau atriði sem viðráðanleg eru og skipta meginmáli.

I.

Þegar eftir gildistöku búvörulaganna, hinn 1. júlí 1985, óskaði landbúnaðarráðherra eftir tillögum Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins um skipan framleiðslustjórnar jafnframt því sem hafnar voru viðræður um framleiðslumagn það af mjólk og sauðfjárafurðum, sem ríkisvaldið tekur verðábyrgð á, sbr. 30. gr. téðra laga.

Samningum þeim lauk þann 28. ágúst 1985 með því að samið var til tveggja næstu verðlagsára um eftirgreint framleiðslumagn:

Verðlagsárið 1985/1986 107 000 þús. l. mjólk, 12 150 t. kindakjöt

Verðlagsárið 1986/1987 106 000 þús. l. mjólk, 11 800 t. kindakjöt

Magn sláturs og gæra sem ábyrgst er fullt grundvallarverð fyrir reiknast af heildarframleiðslu sem sama hlutfall og ábyrgst er af heildarframleiðslu kindakjöts.

Dagana 29.—31. ágúst var síðan haldinn aðalfundur Stéttarsambands bænda að Laugarvatni, þar sem aðalfundurinn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti. Jafnframt gerði aðalfundurinn svohljóðandi samþykkt:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn að Laugarvatni 29.—31. ágúst 1985 leggur til, að því magni búvara (mjólkur og kindakjöts), sem samið hefur verið um fullt verð á við landbúnaðarráðherra fyrir næsta verðlagsár, verði skipt milli héraða miðað við heildarbúmark eins og það var í árslok 1980, lækkað hlutfallslega niður að umsömdu magni.

Áður verði leiðrétt vegna þeirra svæða sem höfðu heimild til að framleiða mjólk án verðskerðingar.

Ofangerð skipting framleiðsluréttar skerðir ekki áunnið búmark jarða þó þær séu án þessarar framleiðslu tímabundið. Að öðru leyti felur fundurinn stjórn Stéttarsambands bænda að vinna að nánari útfærslu þessara tillagna.“

Stéttarsamband bænda fól sérstakri nefnd að vinna úr ályktun þessari. Reyndist það vandsamt verk og tímafrekt. Nefndin kynnti landbúnaðarráðherra ýmsar hugmyndir, auk þess sem fulltrúar Stéttarsambandsins kynntu þær á almennum bændafundum.

Af hálfu ráðuneytisins var óskað eftir því að niðurstöður samninga um framleiðslumagn væru kynntar bændum rækilega, þannig að þeir gætu stefnt framleiðslumagni í átt til hins umsamda magns, sem hvað mjólk snerti var tæpum 4% minna en framleiðslumagn á síðasta framleiðsluári (1984/1985). Þótt haustið 1985 stefndi í ríkulega framleiðslu mjólkur töldu forystumenn bænda ekki rétt að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að takmarka hana fyrr en með væntanlegri reglugerð um framleiðslustjórn, þar eð mjólkurframleiðendur hefðu undangengin ár verið hvattir til þess að auka mjólkurframleiðslu á vetrarmánuðum, og að líta mætti á aukninguna sem viðbrögð bænda við hvatningunni.

Endanlegar hugmyndir bændasamtakanna um skiptingu framleiðsluréttar bárust landbúnaðarráðuneytinu þann 16. desember 1985. Áður hafði ráðuneytið með bréfi dags. 5. desember ákveðið eftir samráð við Framleiðsluráð landbúnaðarins uppgjörsreglur vegna sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985/1986, svohljóðandi:

„1. Greitt verði 15. desember 1985 fullt haustgrundvallarverð allra sláturafurða til framleiðenda á lögbýlum fyrir afurðir innlagðar á s.l. hausti.
2. Greiðsla til framleiðenda utan lögbýla fyrir afurðir sauðfjár haustið 1985 skal vera orðin 75% grundvallarverðs allra sláturafurða eigi síðar en 15. des. 1985.
3. Afurðastöðvar (sláturleyfishafar) skili til Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir janúarlok skýrslum um uppgjör við framleiðendur skv. reglum þessum. Komi í ljós að ekki hafi verið farið eftir reglum þessum við uppgjörið, skal viðkomandi aðila gefinn skammur frestur (14 dagar) til að bæta úr því, en dugi það ekki verði teknar ákvarðanir um hvernig með verði farið.
4. Skerðingarfé sem eftir er þegar uppgjör hefur farið fram skv. tölulið 2 skal skilað til Framleiðsluráðs landbúnaðarins að loknu uppgjöri skv. tölulið 3 og því ráðstafað eftir því sem þarf til verðbóta á sauðfjárafurðir af framleiðslu 1985 er falla utan verðábyrgðar ríkissjóðs skv. samningi dags. 28. ágúst 1985, að teknu tilliti til greiðslna úr Framleiðnisjóði vegna fækkunar sauðfjár. Uppgjör sláturleyfishafa skv. þessum lið fari fram eigi síðar en í lok mars 1986.
5. Gerð verði skrá um þá aðila, sem samið hafa um búháttabreytingar og fækkað hafa fé af þeirri ástæðu, og einnig um aðra framleiðendur sem fækka verulega fjárstofni í haust. Framleiðnisjóði verði gerður reikningur fyrir andvirði þeirra sláturafurða, sem þessari fækkun fylgir, sbr. reglugerð um búháttarbreytingar.
Fé sem þannig fæst greitt verði notað í útflutningsbætur á kjöti, sem er umfram umsamið magn, sbr. 4. lið og til lækkunar á verði birgða sem óseldar verða af framleiðslu þessa verðlagsárs 1. september 1986."

Lágu þannig fyrir reglur um uppgjör sauðfjárafurða, svo áframhaldandi vinnu var beint að mjólkurframleiðslunni. Um sama leyti var ákveðið að vinna að reglugerð um stjórn mjólkurframleiðslunnar, sem gilda skyldi aðeins fyrir verðlagsárið 1985/1986, og í meginatriðum byggðist á niðurstöðum viðræðna við bændasamtökin og tölum, sem þar höfðu verið lagðar fram. Rík áhersla var lögð á að þessu verki yrði hraðað. Sem fyrr sagði bárust endanlegar tillögur bændasamtakanna þann 16. desember og hljóðuðu þær svo:

„Tillögur svæðabúmarksnefndar framleiðsluráðs
um skiptingu framleiðsluréttar þess er felst í samningi milli landbúnaðarráðherra og Stéttarsambands bænda um fullt verð fyrir ákveðið framleiðslumagn tiltekinna búvara:

A: Milli landshluta með svæðabúmarki.
B: Milli einstakra framleiðenda með árlegum framleiðsluáætlunum.

A. Reglugerð verði sett um svæðabúmark er byggi á eftirtöldum atriðum:

I.

Landinu verði skipt í 30 búmarkssvæði. Persónubundin búmörk (búmörk utan lögbýla) verði undanskilin.

1. Gullbringusýsla ásamt Grindavík, Keflavík og Njarðvík.
2. Kjósarsýsla ásamt Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ og Seltjarnarnesi.
3. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
4. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
5. Mýrasýsla.
6. Snæfellsnessýsla sunnan fjalls.
7. Snæfellsnessýsla norðan fjalls og Ólafsvík.
8. Dalasýsla.
9. Austur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
12. Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
13. Strandasýsla.
14. Vestur-Húnavatnssýsla.
15. Austur-Húnavatnssýsla.
16. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
17. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík og Ólafsfjörður.
18. Suður-Þingeyjarsýsla vestan Ljósavatnsskarðs.
19. Suður-Þingeyjarsýsla austan Ljósavatnsskarðs og Húsavík.
20. Keldunes-, Öxarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla- og Raufarhafnarhreppar í N-Þingeyjarsýslu.
21. Aðrir hreppar Norður-Þingeyjarsýslu.
22. Skeggjastaða- og Vopnafjarðarhreppar.
23. Norður-Múlasýslu að öðru leyti og Seyðisfjörður.
24. Hreppar í Suður-Múlasýslu á Héraði ásamt Helgustaða-, Reyðarfjarðar-, Búða- og Fáskrúðsfjarðarhreppum og Eskifirði.
25. Norðfjörður og Mjófjörður.
26. Stöðvarhreppur, Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur.
27. Austur-Skaftafellssýsla.
28. Vestur-Skaftafellssýsla.
29. Rangárvallasýsla.
30. Árnessýsla og Selfoss.

II.

Búmarki verði skipt milli svæða á grundvelli eftirtalinna þátta, og í hverri búgrein fyrir sig:

1. Samanlagt jarðabúmark hvers svæðis í árslok 1980.
2. Samanlagt jarðabúmark hvers svæðis í árslok 1985, (sbr. þó síðustu málsgr. þessa liðar II).
3. Meðalframleiðsla hvers svæðis verðlagsárin 1982/1983, 1983/1984 og 1984/1985, þegar frá hefur verið dregin framleiðsla umfram búmark hjá einstökum bændum.

Hver þessara þátta vegi ⅓, þannig að þessir þættir eru hver fyrir sig reiknaðir til sömu heildarstærðar fyrir landið allt (verðtryggingarsamnings) og síðan tekið meðaltal af hlut hvers svæðis í öllum þáttunum, og er það svæðisbúmarkið í þeirri búgrein.

Þær breytingar eru gerðar á umræddum grunnþáttum fyrir útreikning, að búmark vegna (heimanotaðrar) mjólkur í Strandasýslu, norðan Bæjarhrepps (sv. 13) og Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár (sv. 20) er breytt í sauðfjárbúmark.

Réttur til að færa búmark milli búgreina verði eftirleiðis bundinn við breytingar innan svæðis, og réttur til að nýta ónotaðan rétt í annarri búgreininni á blönduðum búum vegna verðskerðingar í hinni fellur niður. Þess vegna skal heimilt að færa búmark milli greina hjá einstökum bændum og skipta áður óskiptu búmarki eftir nánari reglum er Framleiðsluráð setur um það, áður en skiptingu búmarks milli svæða er endanlega lokið.

III.

Framleiðslurétti á samningstíma verðtryggingarsamnings verði skipt milli svæða eftir svæðabúmarki, sbr. I og II., með eftirtöldum frávikum:

a) Framleiðslurétti á 200 þús. l. mjólkur verði haldið eftir til að bæta við á svæði Mjólkursamlags Ísfirðinga.
b) Framleiðslurétti á 95 tonnum kindakjöts verði haldið eftir á verðlagsárinu 1986/7 vegna framleiðenda utan lögbýla, er hafa persónubúmark.
c) Engu svæði verði ætlaður meiri framleiðsluréttur í hvorri búgrein en nemur hæstu ársframleiðslu svæðisins þrjú síðustu verðlagsár.
Það sem ónotað verður af svæðabúmarki skv. þessu er heimilt að nota til að létta skerðingu hjá þeim svæðum er ella yrðu að draga mest saman framleiðslu á samningstímanum frá framleiðslu verðlagsársins 1984—1985.

IV.

Reglur um svæðabúmark ber að endurskoða á fjögurra ára fresti, þó fyrst fyrir upphaf verðlagsárs 1987—1988. Ekki er heimilt að færa svæðisbúmark milli svæða þess á milli, og því aðeins þá, að varanleg vöntun teljist á, að eitthvert svæði noti sinn framleiðslurétt.

Búmark sem menn afsala jörðum sínum vegna samninga um búháttabreytingar, dregst að hálfu frá viðkomandi svæðisbúmarki, en helst að hálfu sem búmarksvarasjóður á svæðinu, enda þótt það falli niður af jörðinni. Þó er heimilt, ef sérstök ástæða þykir til, að það haldist allt í svæðisbúmarkinu.

B. Um skiptingu framleiðsluréttar milli einstakra bænda — framleiðsluáætlanir:

1. Þegar einhverju svæði hefur verið úthlutað heildarframleiðslurétti í hvorri búgrein — mjólkurframleiðslu og kindakjötsframleiðslu — er fundið „fullvirðismark" svæðisins í hvorri grein, en það er hinn ákveðni framleiðsluréttur sem hlutfall af samanlögðu jarðabúmarki í búgreininni á svæðinu.
Liggi það fyrir, að búmark í greininni verði ekki notað á einhverjum jörðum á því verðlagsári sem um ræðir, skal slíkt ónotað búmark dregið frá heildarbúmarki svæðisins við útreikning fullvirðismarksins og hækkar þá raunverulegt fullvirðismark sem því nemur.
2. Búmark jarða, eins og það er á hverjum tíma (skv. ákvörðun þar til bærra aðila), er grundvöllur að framleiðslurétti. Það er grundvallarregla, að hver bóndi eigi framleiðslurétt í hvorri búgrein, sem nemur fullvirðishlutfalli af búmarki jarðarinnar, eins og það er reiknað á hverju svæði. Réttur einstakra bænda til að framleiða á fullu verði umfram fullvirðishlutfall af búmarki sínu, byggist á því að aðrir framleiði minna en nemur fullvirðishlutfalli.
3. Til þess að finna að hve miklu leyti slíkt rými (sem getur í niðurlagi 2. greinar) er fyrir hendi, og hvaða magn hver og einn getur vænst að mega framleiða á fullu verði, skal gera framleiðsluáætlun fyrir alla framleiðendur á hverju búmarkssvæði, er byggð sé á búmarki jarðar og framleiðslu á síðasta ári, og gerð eftir svofelldri útreikningsaðferð:

1. Framleiðsla innan raunverulegs fullvirðismarks hvers svæðis verði öll greidd fullu verði, enda sé hún ekki umfram framleiðslu síðasta árs eða aukningu sem fyrirfram hefur verið heimiluð frá þeirri framleiðslu.
2. Sé framleiðsla umfram raunverulegt fullvirðismark og umfram framleiðslurétt svæðisins, skerðist það hlutfall hennar sem greitt er fullu verði og fer sú skerðing stighækkandi þeim mun meira sem framleiðslan fer yfir fullvirðismark.

Rétt er áður en framleiðsluáætlun er reiknuð, að taka frá nokkurn framleiðslurétt innan svæðis, er verið getur breytilegur eftir því sem þörf er talin á hverju svæði til að mæta þörf fyrir eftirtaldar leiðréttingar:

a) að tryggja framleiðendum með búmarki innan 300 ærgilda fullt verð að búmarki, enda hafi þeir aðallífsframfæri sitt af þeirri framleiðslu,
b) til að mæta áætlunum um aukningu innan fullvirðismarks,
c) til að mæta öðrum óhjákvæmilegum leiðréttingum.

4. Áætlun um framleiðslurétt skv. lið 3 skal lögð fyrir framleiðendur. Þeim sem er áætluð framleiðsla neðan fullvirðismarks skal gerð grein fyrir því, að þeir eigi rétt til framleiðslu allt að fullvirðishlutfalli af búmarki sínu, en jafnframt settur frestur til að breyta áætluninni.
   Sé það ekki gert og stutt rökum, gildir áætlunin sem framleiðsluréttur á verðlagsárinu. Þeim sem áætlaður er framleiðsluréttur ofan fullvirðismarks skal settur sami frestur til að óska breytinga, en jafnframt skal þeim gerð grein fyrir því, að réttur þeirra verði endanlega ákveðinn þegar fyrir liggur hvert rými er ónotað neðan fullvirðismarks annars staðar á svæðinu.

C. Í reglugerð um svæðabúmark þyrfti enn fremur að koma fram:

1. Að Framleiðsluráð hafi í umboði ráðherra yfirstjórn búmarksbreytinga innan svæða.
2. Að nefndir á vegum búnaðarsambanda fari með búmarkseftirlit á hverju svæði, geri áætlanir um framleiðslu og tillögur um búmarksbreytingar. Þær annist milligöngu milli yfirstjórnar búmarksmála og framleiðenda, og kynni báðum aðilum stöðu og horfur eftir föngum á hverjum tíma.
3. Að landbúnaðarráðuneytið beri kostnað af búmarksstjórn.

Reykjavík, 13. desember 1985.

Árni Jónasson. *Magnús Sigurðsson.*

Þórarinn Þorvaldsson."

Nokkurn tíma tók að færa tillögur þessar í búning reglugerðar, en því verki lauk 22. janúar 1986. Fór allmikill tími í mótun sérstakra reglna, sem tillögur bændasamtakanna tóku aðeins að litlu leyti til, svo sem reglum til að mæta þörfum nýrra framleiðenda, framleiðenda sem staðið höfðu í uppbyggingu o. fl. sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 37/1986. Fjölmörg önnur framkvæmdaatriði reyndist nauðsynlegt að meta áður en reglugerðarsmíð lauk. Þá kom í ljós, að tvö búnaðarsambönd, Bs. Snæfellinga og Bs. Austurlands, vildu nýta sér heimild c-liðar 30. gr. laga nr. 46/1985 og óskuðu breytinga á búmarkssvæðum frá þeirri tillögu sem bændasamtökin höfðu kynnt. Voru þær breytingar gerðar. Reglugerðin var síðan gefin út þannig hljóðandi: (Sjá fylgiskjal nr. 1).

Á grundvelli reglugerðarinnar um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985—1986 reiknaði Framleiðsluráð landbúnaðarins út og kynnti fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu fyrir einstök búmarkssvæði og fyrir einstaka mjólkurframleiðendur.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir niðurstöður þeirra útreikninga:

Mjólkurframleiðsla 1984/85 — Fullvirðisréttur 1985/86.

Búmarkssvæði	Framleiðsla 84/85 innan búmarks ærg./ltr.	umf.búmark ærg./ltr.	alls ærg./ltr.	Fullvirðisréttur í mjólk 85/86 ærg./ltr.
01	241.0	1.2	242.2	241.0 + 0[1]
	41.934	209	42.143	41.934
02	9.793.4	117.9	9.911.3	9.793.0 + 120
	1.704.052	20.515	1.724.566	1.703.982
03	14.228.3	103.3	14.331.6	14.228.0 + 189
	2.475.724	17.974	2.493.698	2.475.672
04	18.251.4	241.7	18.493.1	18.251.0 + 120
	3.175.744	42.056	3.217.799	3.175.674
05	25.054.9	125.7	25.180.6	24.064.0 + 500
	4.359.553	21.872	4.381.424	4.187.136
06	17.773.1	122.1	17.895.2	17.773.0 +1341
	3.092.519	21.245	3.113.765	3.092.502
07	10.167.1	275.9	10.443.0	9.806.0 + 192
	1.769.075	48.007	1.817.082	1.706.244
08	2.916.3	21.1	2.937.4	2.916.0 + 111
	507.436	3.671	511.108	507.384
09	4.482.7	539.8	5.022.5	4.391.0 + 393
	779.990	93.925	873.915	764.034
10	4.361.6	112.7	4.474.3	4.362.0 + 187
	758.918	19.610	778.528	758.988
11	4.010.1	179.8	4.189.9	4.101.0 + 141
	697.757	31.285	729.043	697.740
12	908.6	0.0	908.6	909.0 + 35
	158.096	0.0	158.096	158.166
13	14.958.8	259.5	15.218.3	14.177.0 + 258
	2.602.831	45.153	2.647.984	2.466.798
14	23.502.2	158.9	23.661.1	23.502.0 + 330
	4.089.383	27.649	4.117.031	4.089.348
15	51.663.4	276.0	51.939.4	48.615.0 + 851
	8.989.432	48.024	9.037.456	8.459.010
16	110.155.7	1.130.4	111.286.1	103.657.0 +1105
	19.167.092	196.690	19.363.781	18.036.318
17	17.228.6	79.3	17.307.9	17.008.0 + 69
	2.997.776	13.798	3.011.575	2.959.392
18	37.449.2	424.1	37.873.3	36.282.0 + 872
	6.516.161	73.793	6.589.954	6.313.068
19	634.2	97.5	731.7	598.0 + 0
	110.351	16.965	127.316	104.052
20	1.480.4	95.4	1.575.8	1.473.0 + 0
	257.590	16.600	274.189	256.302
21	25.218.1	575.0	25.793.1	25.218.0 + 491
	4.387.949	100.050	4.487.999	4.387.932
22	9.712.2	365.3	10.077.5	9.139.0 + 303
	1.689.923	63.562	1.753.485	1.590.186
23	20.907.2	155.1	21.062.3	20.354.0 + 473
	3.637.853	26.987	3.664.840	3.541.596
24	85.634.0	311.9	85.945.9	81.815.0 + 704
	14.900.316	54.271	14.954.587	14.235.810
25	122.050.6	1.218.7	123.269.3	115.463.0 + 758
	21.236.804	212.054	21.448.858	20.090.562
Alls ærg.	632.783.1	6.988.3	639.771.4	608.044.0 +9543
Alls ltr.	110.104.259	1.215.964	111.320.224	105.799.656

1) Viðauki skv. a-lið 2. tl. 5. gr. rg. nr. 37/1986.

Við úrvinnslu umsókna skv. a-lið 2. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 37/1986 kom í ljós að fleiri uppfylltu skilyrði þessi en áætlað hafði verið við tillögugerð, og reyndist því frátekið magn, 1.000.000 lítrar, ekki nægilegt til að mæta þessum þörfum. Landbúnaðarráðherra ákvað því eftir samráð við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að fé yrði veitt úr sjóðnum til þess að greiða það mjólkurmagn, sem á milli bar, **660 þús. l.** þannig að mæta mætti þörfum þeirra mjólkurframleiðenda, sem framleiddu innan við 300 ærgildisafurðir í mjólk og sauðfjárafurðum verðlagsárið 1984/1985 og höfðu meirihluta tekna sinna af nautgripa- og sauðfjárrækt á árinu 1983 og 1984.

Þann 10. apríl s.l. var gefin út reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 37/1986 sbr. fylgiskjal II. Var hún sett til þess að liðka fyrir um ráðstöfun ónýtts fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu, þar sem m. a. er gert ráð fyrir að hann megi veita bændum sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1985 eða síðar og til bænda, sem þurft hafa að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjárhjarða sinna til útrýmingar riðuveiki eftir 1982.

Til frekari glöggvunar á þróun mjólkurframleiðslunnar í einstökum héruðum fylgja hér skýrslur um búmark í mjólk, mjólkurframleiðslu og verðskerðingu verðlagsárin 1983/1984, 1982/1983 og 1981/1982.

ÁRBÓK LANDBÚNAÐARINS 1984, bls. 127.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1983/84.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	Verðskerðing án Fjöldi
Reykjavík	100,0	41,4		58,6	41,40		2
Garðabær	957,0	89,4		867,6	9,34		3
Bessast./Mosfellssv.	1.128,0	795,2		332,8	70,49		4
Gullbringusýsla	748,0	235,8		512,2	31,52		6
Kjósarsýsla	12.585,0	8.495,1	108,6	4.198,5	67,50	3	32
Borgarfjarðarsýsla	44.108,0	33.249,1	249,8	11.108,7	75,38	20	99
Mýrasýsla	32.862,0	24.482,9	70,6	8.449,7	74,50	18	86
Snæfellsnessýsla	24.062,0	16.963,0	175,1	7.274,1	70,49	8	85
Dalasýsla	12.889,0	9.905,8	253,4	3.236,6	76,85	9	65
Ísafjörður	1.511,0	986,4	122,5	647,1	65,28		7
Bolungarvík	955,0	762,5		192,5	79,84		4
A.-Barðastrandarsýsla	4.258,0	2.698,3	26,4	1.586,1	63,37	1	29
V.-Barðastrandarsýsla	5.899,0	4.696,3	390,5	1.593,2	79,61		38
V.-Ísafjarðarsýsla	5.505,0	4.163,4	266,3	1.607,9	75,62		39
N.-Ísafjarðarsýsla	3.377,0	2.690,7	268,9	955,2	79,67		32
Strandasýsla	2.606,0	628,6		1.977,4	24,12		58
Siglufjörður	2,0			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	19.124,0	14.797,8	372,2	4.698,4	77,37	17	62
A.-Húnavatnssýsla	29.978,0	23.443,9	194,7	6.728,8	78,20	18	88
Skagafjarðarsýsla	62.655,0	48.736,0	742,9	14.661,9	77,78	34	170
Akureyri	1.312,0	726,9	10,6	595,7	55,40	2	2
Ólafsfjörður	919,0			919,0			4
Dalvík	2.538,0	1.821,8	39,1	755,3	71,78	1	5
Eyjafjarðarsýsla	126.194,0	108.644,6	1.321,4	18.870,8	86,09	90	136
S.-Þingeyjarsýsla	68.741,0	55.988,6	652,7	13.405,1	81,44	40	133
N.-Þingeyjarsýsla	2.472,0	2.157,1	151,0	465,9	87,26	1	17
N.-Múlasýsla	15.588,0	10.282,5	241,2	5.546,7	65,96	5	114
S.-Múlasýsla	22.270,0	14.270,7	625,2	8.624,5	64.08	8	124
A.-Skaftafellssýsla	13.094,0	9.906,2	316,9	3.504,7	75,65	10	57
V.-Skaftafellssýsla	27.483,0	21.951,1	235,7	5.767,6	79,87	18	96
Rangárvallasýsla	108.078,0	84.127,6	654,5	24.004,9	77,83	56	209
Árnessýsla	151.949,0	122.031,5	1.846,6	31.764,1	80,31	103	241
Alls	805.947,0	629.770,2	9.336,8	185.513,6	78,14		

Þar af framleiðsla utan lögbýla 225,4 ærgildi, 0,03% af heild.
Umframframleiðsla af búmarki er 1,15%.
Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,48%.
Fjöldi lögbýla með búmark 2.510.
Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 462, 18,40%.
Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.048, 81,60%.

ÁRBÓK LANDBÚNAÐARINS 1983, bls. 100.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1982/83.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	Verðskerðing án Fjöldi
Reykjavík	100,0	66,4		33,6	66,40		2
Garðabær	939,0	258,2	0,4	681,2	27,49		3
Bessast./Mosfellssv.	1.128,0	871,7		256,3	77,27		4
Gullbringusýsla	748,0	279,8	26,0	494,2	37,40	1	5
Kjósarsýsla	11.283,0	6.994,9		4.288,1	61,99		33
Borgarfjarðarsýsla	41.885,0	32.400,3	205,8	9.690,5	77,35	6	113
Mýrasýsla	30.601,0	23.264,0	132,6	7.469,6	76,02	3	100
Snæfellsnessýsla	22.007,0	16.049,1	200,3	6.158,2	72,92	3	87
Dalasýsla	12.515,0	9.615,5	193,0	3.092,5	76,83	4	72
Ísafjörður	1.511,0	1.017,1	8,3	502,2	67,31		7
Bolungarvík	955,0	804,9		150,1	84,28		4
A.-Barðastrandarsýsla	3.996,0	2.527,2	18,5	1.487,3	63,24	2	30
V.-Barðastrandarsýsla	5.872,0	4.622,0	334,6	1.584,6	78,71		38
V.-Ísafjarðarsýsla	4.044,0	3.951,5	755,7	848,2	97,71		37
N.-Ísafjarðarsýsla	3.480,0	2.672,4	244,8	1.052,4	76,79		34
Strandasýsla	2.383,0	772,2		1.610,8	32,40		57
Siglufjörður	2,0			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	18.165,0	13.542,8	168,8	4.791,0	74,55	4	75
A.-Húnavatnssýsla	28.925,0	23.278,7	215,7	5.862,0	80,47	5	103
Skagafjarðarsýsla	57.487,0	46.235,1	246,1	11.498,0	80,42	6	193
Akureyri	1.297,0	679,2	1,4	619,2	52,36	1	3
Ólafsfjörður	1.365,0			1.365,0			5
Dalvík	2.415,0	1.872,2		542,8	77,52		5
Eyjafjarðarsýsla	122.123,0	104.174,3	1.297,2	19.245,9	85,38	29	192
S.-Þingeyjarsýsla	66.087,0	57.495,9	1.265,4	9.856,5	87,00	24	149
N.-Þingeyjarsýsla	2.445,0	2.230,3	223,1	437,8	91,21	1	18
N.-Múlasýsla	13.702,0	9.743,7	272,9	4.021,2	71,04	3	125
S.-Múlasýsla	20.260,0	14.452,9	1.063,2	6.870,3	71.33	6	129
A.-Skaftafellssýsla	12.634,0	9.621,7	277,7	3.290,0	76,15	3	63
V.-Skaftafellssýsla	26.173,0	20.477,9	273,7	5.968,8	78,24	6	107
Rangárvallasýsla	102.941,0	81.947,3	607,5	21.601,2	79,64	15	250
Árnessýsla	144.123,0	116.383,1	1.920,8	29.660,7	80,75	30	311
Alls	763.631,0	608.302,3	10.274,2	165.602,9	79,65		

Framleiðsla utan lögbýla, þar af 542,6 ærgildi, 0,08% af heild.
Umframframleiðsla af búmarki er 1,34%.
Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,68%.
Fjöldi lögbýla með búmark 2.506.
Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 151, 6,02%.
Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.355, 93,97%.

ÁRBÓK LANDBÚNAÐARINS 1982, bls. 132.

Búmark í mjólk og nýting hennar verðlagsárið 1981/82.

Sýslur/Kaupstaðir	Búmark í mjólk Ærgildi	Framleiðsla á lögbýli Ærgildi	Umfram í mjólk Ærgildi	Ónotað búmark Ærgildi	Nýting %	Verðskerðing með Fjöldi	Verðskerðing án Fjöldi
Reykjavík	100	56,9		43,1	56,90		2
Garðabær	939	654,7	26,2	310,5	69,72	1	2
Bessast./Mosfellssv.	1.128	880,7		247,3	78,07		4
Gullbringusýsla	748	291,7	0,4	456,7	38,99	1	5
Kjósarsýsla	10.886	7.733,2	79,5	3.232,3	71,03	3	29
Borgarfjarðarsýsla	41.602	33.043,9	256,1	8.814,2	79,42	8	116
Mýrasýsla	29.533	23.171,0	213,2	6.575,2	78,45	7	97
Snæfellsnessýsla	20.680	15.935,2	298,7	5.043,5	77,05	2	88
Dalasýsla	11.452	8.926,7	248,0	2.773,3	77,94	3	77
Ísafjörður	1.511	982,1		528,9	64,99		7
Bolungarvík	955	755,5		199,5	79,10		4
A.-Barðastrandarsýsla	3.477	2.239,7	17,0	1.254,3	64,41	1	31
V.-Barðastrandarsýsla	5.812	4.287,1	194,7	1.719,6	73,76		38
V.-Ísafjarðarsýsla	4.123	3.287,8	225,7	1.060,9	79,74		38
N.-Ísafjarðarsýsla	3.480	2.592,5	179,9	1.067,4	74,49		34
Strandasýsla	2.323	800,4		1.522,6	34,45		58
Siglufjörður	2			2,0			1
V.-Húnavatnssýsla	17.773	13.450,3	258,8	4.581,5	75,67	4	79
A.-Húnavatnssýsla	28.454	22.171,9	180,2	6.462,3	77,92	2	105
Skagafjarðarsýsla	56.586	42.297,0	127,5	14.416,5	74,74	6	193
Akureyri	1.297	614,0		683,0	47,34		4
Ólafsfjörður	1.365	219,1		1.145,9	16,05		5
Dalvík	2.415	1.812,5		602,5	75,05		5
Eyjafjarðarsýsla	119.215	101.026,1	792,2	18.981,1	84,74	14	209
S.-Þingeyjarsýsla	66.067	54.469,9	725,2	12.322,3	82,44	6	173
N.-Þingeyjarsýsla	2.481	1.931,4	20,6	570,2	77,84	1	20
N.-Múlasýsla	12.923	8.915,5	93,8	4.101,3	68,98	2	136
S.-Múlasýsla	18.532	13.546,6	850,5	5.835,9	73.09	3	131
A.-Skaftafellssýsla	12.145	9.437,1	264,6	2.972,5	77,70	7	61
V.-Skaftafellssýsla	25.576	21.232,2	435,8	4.779,6	83,01	8	106
Rangárvallasýsla	99.815	84.446,5	736,0	16.104,5	84,60	22	241
Árnessýsla	140.486	117.101,5	1.081,1	24.465,6	83,35	33	309
Alls	743.881	598.310,7	7.305,7	152.876,0	80,43		

Framleiðsla utan lögbýla, þar af 808,8 ærgildi, 0,13% af heild.
Umframframleiðsla af búmarki er 0,98%.
Umframframleiðsla af framleiðslu er 1,22%.
Fjöldi lögbýla með búmark 2.542.
Fjöldi lögbýla með verðskerðingu 134, 5,27%.
Fjöldi lögbýla án verðskerðingar 2.408, 94,72%.

II.

Ráðuneytið hefur ekki tiltækar upplýsingar um endanlegan fullvirðisrétt einstakra mjólkurframleiðnda, þar sem þessa dagana hafa verið að berast Framleiðsluráði landbúnaðarins ákvarðanir einstakra búnaðarsambanda um hin svonefndu „fimmprósent" framleiðslumagns, sbr. 7. gr. rg. nr. 37/1986. Til athugunar er hjá tölvunefnd, hvort eðlilegt sé að birta á opinberum vettvangi tölur um framleiðslu búvara hjá einstökum framleiðendum, sem og búmörk þeirra. Þá eru engar tölur til hjá ráðuneytinu um stærðardreifingu búmarkshafa, en öll slík gögn sem og um framleiðslumagn hjá einstökum framleiðendum, eru tiltæk hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Skýrslubeiðendur óska upplýsinga um áætlaða tekjuskerðingu einstakra mjólkurframleiðenda miðað við mismun á meðalframleiðslu udanfarinna þriggja verðlagsára og þeim fullvirðisrétti sem þeim hefur verið úthlutað á grundvelli reglugerðar nr. 37/1986. Slíkar upplýsingar getur ráðuneytið ekki gefið, sbr. 1. mgr. þessa kafla. Almennt skal þó bent á að verðlagsárið 1985/1986 er mjólkurframleiðendum tryggt fullt grundvallarverð fyrir 107,66 millj. lítra mjólkur. Er þá meðtalin sú aukning sem heimiluð var með fjárstuðningi úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins og áður var greint frá. Meðalmjólkurframleiðsla síðustu þriggja verðlagsára var 108,92 millj. l. Þá reyndist nauðsynlegt að innheimta verðskerðingargjöld, auk þess sem mjólkurverð greiddist bændum hægar þá en nú eftir gildistöku búvörulaganna. Tekjuskerðingu mjólkurframleiðenda sem heildar vegna þess mismunar, sem að framan er til tekinn, er því ekki um að ræða.

III.

Undirbúningur að reglugerð um framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða næstu verðlagsár er nú þegar í fullum gangi. Sem fyrr og lögum samkvæmt hefur ráðuneytið leitað tillagna bændasamtakanna þar að lútandi. Fyrstu tillögur um framleiðslustjórn verða teknar til umræðu á kjörmannafundum Stéttarsambands bænda, sem haldnir verða í lok aprílmánaðar og byrjun maí um allt land. Tillögur þessar eru m. a. byggðar á umfangsmikilli skoðanakönnun á meðal kjörmanna og stjórna búnaðarfélaganna í landinu. Varð almenn þátttaka (80%) í þeirri könnun.

Fyrirhugað er, að tillögur að reglugerð verði tilbúnar til umræðu á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn verður í júníbyrjun n. k. og er flýtt um tvo mánuði vegna þessarar mikilvægu tillögugerðar. Þá er reiknað með að fullvirðismark einstakra svæða og einstakra bænda fyrir næsta verðlagsár verði tilbúið á miðju komandi sumri.

Tillögurnar miðast sem áður sagði einnig við fullvirðisrétt í sauðfjárafurðum. Á liðnu hausti reyndist algert samræmi vera á milli þess kindakjötsmagns sem til afurðastöðva kom og samið hafði verið um í samningum ríkis og bænda. Því reyndist unnt að greiða allt móttekið kindakjöt frá bændum fullu verði, svo ekki kom til sérstakra reglna um fullvirðismark í afurð þessari, sbr. I. kafla skýrslunnar. Á þessu stigi er ekki að fullu séð, hvort sömu aðferð megi viðhafa við uppgjör sláturafurða sauðfjár haustið 1986.

Við stjórn framleiðslunnar er að litlu leyti tekið sérstakt tillit til landkosta á einstökum svæðum og jörðum. Hins vegar hefur verið tekið tillit til þessara sjónarmiða við lánveitingar til nýbygginga á liðnum árum, þannig að landnýtingarsjónarmið hafa að nokkru ráðið við nýfjárfestingu. Búvörulögin heimila að tillit sé tekið til landkosta og af hálfu landbúnaðarráðuneytisins er áhugi á að gera það. Á hinn bóginn tekur slík aðlögun nokkurn tíma, þar eð við framleiðslubreytingar þarf einnig að taka tillit til fjárfestinga, sem fyrir eru á einstökum bújörðum, svo og í afurðastöðvum einstakra framleiðslusvæða.

Á sama hátt þarf að taka tillit til markaðanna. Með 1. tl. 5. gr. reglugerðar nr. 37/1986 var tekið tillit til þeirra, er sérstökum fullvirðisrétti var úthlutað til mjólkurframleiðslusvæðis Ísafjarðar til þess að mæta markaðsþörf þar. Ráðuneytið athugar nú, hvort þörf sé á hliðstæðum ráðstöfunum í öðrum byggðarlögum, er stuðlað geti að hagkvæmari framleiðslu, vinnslu og dreifingu mjólkur.

IV.

Landbúnaðarráðuneytið óskaði veturinn 1984 eftir því við Framkvæmdastofnun ríkisins að hún gerði svo fljótt sem kostur væri yfirlit yfir atvinnumöguleika í sveitum landsins. Var ætlast til að áætlunin yrði byggð á gögnum sem tiltæk væru, m. a. vegna landshlutaáætlana, og að tekið væri tillit til staðhátta og landkosta. Sem liður í þessu verki var skýrsla byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins **Atvinna í dreifbýli,** sem út var gefin í ágúst 1985. Verkinu er haldið áfram með aðild ráðuneytis, Landshlutasamtaka sveitarfélaga og Stéttarsambands bænda, en þegar eftir stofnun Byggðastofnunar leitaði ráðuneytið til hennar um áframhaldandi starf að þessu viðfangsefni.

Að tilhlutan landbúnaðarráðherra, sem óskaði aðstoðar Byggðastofnunar við endurskoðun fyrri áætlana um uppbyggingu loðdýraræktar í landinu, skipaði stofnunin starfshóp, er gera á tillögur um það, hvað hið opinbera eigi að gera og geti gert til að styðja þessa atvinnugrein til eðlilegs vaxtar og arðbærs rekstrar. Verður við það miðað að tillögur hópsins verði grundvöllur samræmdrar stefnu í aðgerðum hinna ýmsu opinberu aðila er gegna hlutverki varðandi loðdýrarækt. Er þetta verk nú vel á veg komið.

Loks er þess að geta að úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins hefur verið veitt fé til athugunar á landbúnaði í nokkrum byggðum á vegum búnaðarsamtaka á Norðurlandi. Athugunin er sérstaklega gerð með tilliti til þeirra breytinga, sem nú ganga yfir í hefðbundnum búgreinum. Hér er um eins konar tilraun að ræða, en vonir eru bundnar við að niðurstöður hennar og hliðstæðra athugana geti orðið stjórnvöldum, bændsamtökum og sveitarfélögum til mikils stuðnings á leið þeirra til breyttra atvinnuhátta. Hvað landbúnaðinn snertir eru sérstakar vonir bundnar við að slíkar athuganir geti orðið mikilvægar við töku ákvarðana um framleiðslustjórn og ekki síður ráðstöfun fjármagns til nýrra atvinnugreina í dreifbýli, sem búvörulögin gera ráð fyrir, að Framleiðnisjóður landbúnaðarins hafi með höndum.

Fylgiskjal I. *Stjtíð. B 37/1986.*

Reglugerð

um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985–1986.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Mjólkurframleiðandi er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum mjólkurframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

Búmark er viðmiðunartala afurðaeininga, sem ákveðin er með reglugerð nr. 465/1983 og skv. lögum nr. 46. 27. júní 1985.

Fullvirðismark mjólkur er það hlutfall af búmarki í mjólk, sem búmarkssvæði er reiknað á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. l. nr. 47. 27. júní 1985.

Fullvirðisréttur er það framleiðslumagn, sem framleiðandi afhendir til sölu í afurðastöð og honum er ábyrgst fullt verð fyrir skv. reglugerð þessari.

Ærgildisafurð er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 16,8 kg af dilkakjöti og tilsvarandi verðmæti í kjöti af fullorðnu fé, eða 174 lítrar af mjólk.

2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar miðast við verðlagsárið 1985–1986, þ. e. tímabilið 1. september 1985 til 31. ágúst 1986. Á því tímabili skulu mjólkurframleiðendur fá greitt fullt grundvallarverð fyrir 107 000 000 — eitt hundrað og sjö milljónir — lítra mjólkur, eins og verðið er ákveðið af verðlagsnefnd búvara á hverju verðtímabili. Miðað er við innvegna mjólk til mjólkurbúa, sem skipt er á milli mjólkurframleiðenda eftir ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Heildarfullvirðisrétti mjólkur skv. 2. gr. skal skipt á milli mjólkurframleiðenda í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi skal honum skipt niður á einstök héruð, svonefnd búmarkssvæði, sbr. 4. gr. Í öðru lagi skal fullvirðisrétti hvers búmarkssvæðis skipt á milli einstakra framleiðenda á lögbýlum á hverju svæði, sbr. 6. gr. þessarar reglugerðar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út fullvirðismark, svo og fullvirðisrétt fyrir mjólkurframleiðendur og heldur skrá um hann. Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur afurðastöðvum í té afrit af skrá yfir fullvirðisrétt mjólkurframleiðenda á starfssvæði viðkomandi afurðastöðvar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur með höndum öflun upplýsinga og útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, svo og eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við mjólkurframleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

4. gr.

Búmarkssvæði eru þessi:

Svæði nr.:

1. Gullbringusýsla, Grindavík, Keflavík og Njarðvík.
2. Kjósarsýsla, Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Garðabær og Seltjarnarnes.
3. Borgarfjarðarsýsla utan Skarðsheiðar og Akranes.
4. Borgarfjarðarsýsla innan Skarðsheiðar.
5. Mýrasýsla.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Ólafsvík.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðarstrandarsýsla.
9. Vestur-Barðarstrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Norður-Ísafjarðarsýsla, Ísafjörður og Bolungarvík.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
16. Eyjafjarðarsýsla, Akureyri, Dalvík og Ólafsfjörður.
17. Suður-Þingeyjarsýsla vestan Ljósvatnsskarðs.
18. Suður-Þingeyjarsýsla austan Ljósavatnsskarðs og Húsavík.
19. Keldunes-, Öxarfjarðar-, Fjalla-, Presthóla-, og Raufarhafnarhreppar í Norður-Þingeyjarsýslu.
20. Aðrir hreppar í Norður-Þingeyjarsýslu.
21. Norður- og Suður-Múlasýslur, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Eskifjörður.
22. Austur-Skaftafellssýsla.
23. Vestur-Skaftafellssýsla.
24. Rangárvallasýsla.
25. Árnessýsla og Selfoss.

5. gr.

Fullvirðisréttur búmarkssvæðis fyrir mjólk verðlagsárið 1985/1986 skal fundinn þannig:

a) Heildarbúmarki hvers svæðis í mjólk og sauðfjárafurðum 31. desember 1980 skal skipt á milli mjólkur og sauðfjárafurða í hlutföllum sem giltu á milli þessara búgreina í búmarki eins og það var 31. ágúst 1985.

b) Sú tala ærgildisafurða í mjólk sem reiknast á þennan hátt, er tvígild á móti meðalframleiðslu mjólkur innan búmarks á svæðinu verðlagsárin 1982/1983, 1983/1984 og 1984/1985, sem reiknast eingild. Meðaltal þessara tveggja þátta, svo sem segir hér að framan, myndar fullvirðisrétt hvers svæðis, sem þó getur ekki orðið meiri en mjólkurframleiðsla á svæðinu innan búmarks verðlagsárið 1984/1985, sbr. þó ákvæði 1. og 2. töluliðar þessarar greinar. Þann fullvirðisrétt sem reiknast hverju svæði og er umfram mjólkurframleiðslu þess verðlagsárið 1984/1985 skal færa til þeirra svæða þar sem samdráttur framleiðslu er mestur, með hliðstæðum hætti og segi í b-lið 2. tl. þessarar greinar.

Áður en heildarfullvirðisrétti skv. 2. gr. er skipt á milli einstakra búmarkssvæða, skal draga frá honum 1 200 000 lítra mjólkur og ráðstafa sérstaklega með neðangreindum hætti:

1. 200 000 lítrum skipt á milli mjólkurframleiðenda á búmarkssvæðum nr. 10 og 11. Búnaðarsamband Vestfjarða ákveður skiptingu þessa eigi síðar en 1. apríl 1986 í samræmi við ákvæði 10. gr.

   Rísi ágreiningur um þá ákvörðun skal honum vísað til nefndar sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 45/1985.

2. 1 000 000 lítrum skal úthlutað þannig:
   a) Þeir mjólkurframleiðendur sem framleiddu innan við 300 ærgildisafurðir í mjólk og sauðfjárafurðum verðlagsárið 1984/1985 og höfðu meirihluta tekna sinna af nautgripa- og sauðfjárrækt á árunum 1983 og 1984, skulu eiga kost á sérstakri aukningu fullvirðisréttar, þannig að fullvirðisréttur þeirra í mjólk innan búmarks, að viðbættri framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1985/1986, nemi allt að 300 ærgildisafurðum. Þeir framleiðendur sem óska eftir auknum fullvirðisrétti skv. þessari málsgrein skulu sækja um það til Framleiðsluráðs landbúnaðarins eigi síðar en 25. febrúar 1986.
   b) Eftir að fullvirðisréttur allra búmarkssvæða hefur verið reiknaður skv. a- og b-lið 1. mgr. að viðbættum rétti skv. 2. tl. þessarar greinar, skal óráðstöfuðum rétti skv. 2. töluliði úthlutað þeim svæðum, sem mesta framleiðsluskerðingu í mjólk hafa miðað við framleiðslu innan búmarks verðlagsárið 1984/1985, þannig að framleiðslusamdráttur verði 5% miðað við framleiðslu mjólkur innan búmarks á svæðinu verðlagsárið 1984/1985 eða önnur hærri hlutfallstala, nægi hinn óráðstafaði fullvirðisréttur ekki.
   c) Þeim fullvirðisrétti sem þá kann enn að vera óráðstafað, skal jafna á öll búmarkssvæðin, að undanskildum svæðum nr. 10 og 11, í hlutfalli við fullvirðisrétt þeirra að meðtalinni aukningu skv. b-lið 2. tl. þessarar greinar.

Fullvirðismark svæðis er fullvirðisréttur þess samkvæmt þessari grein að frátöldum 1. og 2. tölulið reiknað sem hlutfall af samanlögðu mjólkurbúmarki þeirra, er mjólkurframleiðslu höfðu á viðkomandi svæði verðlagsárið 1984/1985.

6. gr.

Fullvirðisréttur mjólkurframleiðanda verðlagsárið 1985/1986 er margfeldi búmarks hans og fullvirðismarks viðkomandi svæðis, reiknaður í ærgildisafurðum, sbr. þó 7. gr., með eftirtöldum frávikum:

a. Engum framleiðanda skal reiknaður fullvirðisréttur umfram mjólkurframleiðslu hans innan búmarks verðlagsárið 1984/1985.
b. Ef reiknaður fullvirðisréttur einstakra framleiðenda er undir fullvirðismarki viðkomandi svæðis, skal þeim ónýtta fullvirðisrétti úthlutað til þeirra framleiðenda á sama svæði, sem framleiddu meiri mjólk verðlagsárið 1984/1985 en tilsvarar fullvirðismarki þeirra.
   Hafi framleiðsla búmarkssvæðis verðlagsárið 1984/1985 verið meiri en sem nemur reiknuðum fullvirðisrétti svæðisins, skal samdrátturinn koma á framleiðslu umfram fullvirðismark og vera hlutfallslega hækkandi allt að búmarki.
c. Hafi framleiðsla svæðis verðlagsárið 1984/1985 verið minni eða jöfn reiknuðum fullvirðisrétti svæðisins, skal úthluta framleiðendum á svæðinu fullvirðisrétti sem er jafn og framleiðsla þeirra á mjólk innan búmarks verðlagsárið 1984/1985.

Framleiðanda er óheimilt að framselja fullvirðisrétt sinn til annars aðila eða leggja mjólk inn í afurðastöð á fullvirðisrétti annars mjólkurframleiðanda.

7. gr.

Við útreikning fullvirðisréttar skv. 6. gr. skal halda eftir 5% af fullvirðisrétti hvers búmarkssvæðis. Fullvirðisrétti, sem þannig fellur til á hverju búmarkssvæði, skal ráðstafað þannig:

a. til leiðréttinga á útreiknuðum fullvirðisrétti, sem nauðsynlegar kunna að reynast skv. 8. gr.
b. síðan til þeirra mjólkurframleiðenda á viðkomandi svæði, sem falla undir ákvæði 10. gr.
c. þeim fullvirðisrétti sem þá kann enn að vera óráðstafað skal skipt á milli mjólkurframleiðenda á svæðinu í samræmi við ákvæði 6. gr.

8. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna mjólkurframleiðendum fullvirðisrétt þeirra skv. 6. gr. fyrir 1. febrúar 1986. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. mars 1986 ella gildir hann fyrir verðlagsárið 1985–1986. Framleiðsluráð endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir viðkomandi framleiðanda úrskurð sinn.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir verðlagsárið 1985–1986. Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeim úrskurði, hefur hann rétt til að skjóta ágreiningnum til nefndar sem skipuð er skv. 31. gr. l. nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindið berst henni.

9. gr.

Nýti framleiðandi ekki fullvirðisrétt sinn skv. reglugerð þessari skal hinn ónýtti réttur koma til viðbótar fullvirðisrétti einstakra framleiðenda við uppgjör mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði verðlagsárið 1985–1986 í þessari röð:

a. til þeirra framleiðenda á hverju svæði er fengu fullvirðisrétt skv. 6. gr. sem svarar til minna en fullvirðsmarks, skipt hlutfallslega á milli þeirra upp að fullvirðismarki.
b. til mjólkurframleiðenda á svæðinu, skipt hlutfallslega á milli þeirra, allt að búmarki þeirra í mjólk.
c. til annarra svæða, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, og skal þeim rétti skipt skv. ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Heimilt er að veita þeim mjólkurframleiðendum, sem uppfylla skilyrði einhverra eftirtalinna töluliða, aukningu fullvirðisréttar til mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1985/1986 sbr. 1. tl. 2. mgr. 5. gr. og b-lið 7. gr.

1. a) að viðkomandi hafi haft búmark í mjólk og/eða sauðfjárafurðum skv. skrá Framleiðsluráðs landsbúnaðarins 31. ágúst 1985.
   b) að viðkomandi hafi hafið mjólkurframleiðslu og afhent í afurðastöð á tímabilinu 1. september 1983 til 31. ágúst 1985 eða tekið í notkun nýtt fjós, stækkað fjós eða endurnýjað að meirihluta, eftir 1. september 1983, eða stofnað til félagsbús eftir 1. janúar 1983 með samningi sem hlotið hefur samþykki Landnáms ríkisins eða landbúnaðarráðuneytisins, sbr. nú jarðalög nr. 65/1976 með síðari breytingum.
   c) að viðkomandi hafi fullvirðisrétt skv. 6. gr., sem er minni en 500 ærgildisafurðir eða minni en 450 ærgildisafurðir á hvern aðila að félagsbúi, enda hafi þeir meirihluta tekna sinna af búinu.
2. Þeim sem orðið hafa fyrir einstaklingsbundnum áföllum í mjólkurframleiðslu, svo sem vegna búfjársjúkdóma og annarra orsaka, sem sannanlega hafa leitt til a. m. k. 10% samdráttar í mjólkurframleiðslu verðlagsárið 1984/1985, samanborið við mjólkurframleiðslu verðlagsárin 1982/1983 og 1983/1984.
3. Þeim, sem hafa nýtt sér rétt til færslu búmarks úr sauðfjárafurðum til mjólkur verðlagsárin 1982/1983 og 1983/1984. Sú heimild má nema allt að 10% af búmarki viðkomandi í sauðfjárafurðum skv. búmarksskrá 31. ágúst 1985, enda nýti hann ekki búmark sitt sem því nemur vegna framleiðslu sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1985/1986.
4. Þeim, sem reiknaður hefur verið fullvirðisréttur innan fullvirðismarks jafn mjólkurframleiðslu þeirra verðlagsárið 1984/1985, sbr. a-lið 6. gr., er heimilt að veita allt að 10% aukningu fullvirðisréttar.

Viðkomandi búnaðarsambandi er heimilt að veita þeim framleiðendum aukinn fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu skv. þessari grein, sem um það sækja og uppfylla ofangreind skilyrði. Umsókn þar um skal send búnaðarsambandi fyrir 10. mars 1986, studd

staðfestum upplýsingum. Samþykki búnaðarsambands fyrir því að umsækjanda verði veittur aukinn fullvirðisréttur og þá hve mikill skal sent Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 1. apríl 1986. Búnaðarsambandi er heimilt að fela Framleiðsuráði landbúnaðarins að annast fyrir sína hönd framangreinda veitingu á auknum fullvirðisrétti á grundvelli tillagna sem sambandið gerir til Framleiðsluráðs fyrir sama tíma. Framleiðsuráð skal taka ákvörðun þar um fyrir 15. apríl 1986.

Framleiðsluráð tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um gildi þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings er rísa kann vegna ákvæða þessarar greinar eftir 2. mgr. 8. gr.

Að jafnaði skal ekki úthluta framleiðanda sem sækir um aukningu fullvirðisréttar samkvæmt þessari grein og uppfyllir ofangreind skilyrði meira en 100 ærgildisafurða viðbótarframleiðslurétti. Heimilt er að hækka eða lækka þessa tölu til samræmis við fjölda umsækjenda, er áðurnefnd skilyrði uppfylla og þann fullvirðisrétt sem til ráðstöfunar er og viðkomandi búnaðarsamband óskar eftir að nýta.

11. gr.

Á tímabilinu 1. september 1985 - 31. ágúst 1986 er ekki heimilt að úthluta nýjum búmörkum vegna mjólkurframleiðslu eða heimila stækkun búmarks á grundvelli reglugerðar nr. 465/1983.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1986.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Fylgiskjal II.

Stjtíð. B 178/1986.

Reglugerð

um breytingu á reglugerð nr. 37 22. janúar 1986 um stjórn mjólkurframleiðslunnar verðlagsárið 1985—1986.

1. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 1. mgr. hennar, svohljóðandi:

Búnaðarsambandi er heimilt að leita eftir skriflegri staðfestingu mjólkurframleiðanda sem hættir eða dregur svo úr mjólkurframleiðslu, að hann nýtir ekki að fullu fullvirðisrétt sinn í mjólk á verðlagsárinu 1985/86. Að fenginni slíkri staðfestingu úthlutar búnaðarsambandið þessum ónýtta fullvirðisrétti til aðila innan sama svæðis, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð eftir 31. ágúst 1985. Skal fullvirðisréttur þessi að hámarki nema áætlaðri framleiðslu ásettra kúa og kvígna hjá viðkomandi aðila skv. forðagæsluskýrslu haustið 1985. Hver kýr reiknast 20 ærgildi og kvíga 12, en hver ærgildisafurð telst 174 l mjólkur. Þeim fullvirðisrétti sem ekki er nýttur skv. 1. mgr. þessarar greinar, skal úthlutað í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar þessarar. Afsal fullvirðisréttar með áðurgreindum hætti hefur engin áhrif á fullvirðisrétt viðkomandi mjólkurframleiðanda á verðlagsárinu 1986/87.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, 9. gr. A, svohljóðandi:

Nú er keypt búmark í mjólk af búmarkshafa á ákveðnu svæði, sbr. rg. 370/1985, og er þá heimilt að færa allt að 20% þess til annarra búmarkssvæða og úthluta því með eftirfarandi hætti:

a) til framleiðenda, sem hófu mjólkurframleiðslu til innleggs í afurðastöð 1. sept. 1985 eða síðar, sbr. 1. mgr. 9. gr.
b) til framleiðenda, sem þurft hafa að auka mjólkurframleiðslu tímabundið vegna niðurskurðar sauðfjárhjarða sinna til útrýmingar riðuveiki eftir 1982.

Umsóknir um fullvirðisrétt skv. a- og b-lið skulu sendar viðkomandi búnaðarsambandi fyrir 30. apríl 1986. Samþykki búnaðarsambands fyrir því að umsækjanda verði veittur aukinn fullvirðisréttur og þá hve mikill að hámarki, skal sent Framleiðsluráði landbúnaðarins fyrir 10. maí 1986. Reynist fullvirðisréttur er kemur til ráðstöfunar skv. þessari grein minni en samanlagður fullvirðisréttur samþykktur af búnaðarsamböndum, er framleiðsluráði heimilt að takmarka hann þannig að heildarfullvirðisréttur nemi hjá öllum umsækjendum sama hlutfalli af því hámarki sem 1. mgr. 9. gr. segir til um. Framleiðsluráð tilkynnir framleiðanda um breytingu á fullvirðisrétti skv. þessari grein. Fer um gildi þeirra tilkynninga og úrlausn ágreinings, er rísa kann vegna ákvæða 9. gr. og 9. gr. A, eftir 2. mgr. 8. gr. Sá hluti keypts búmarks, sem ekki flyst til skv. staflið a og b, skal fyrst ganga hlutfallslega upp í þann fullvirðisrétt, sem úthlutað hefur verið mjólkurframleiðendum á viðkomandi svæði, sbr. 5. gr. 2. tl. a í reglugerð nr. 37/1986 og er umfram þá 1 000 000 lítra mjólkur, sem þar eru tilteknir, en þar á eftir skv. 9. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. apríl 1986.

Jón Helgason. *Guðmundur Sigþórsson.*

Sþ. 1014. Skýrsla [447. mál]

samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1985.

(Lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

I. INNHEIMTA TEKNA

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti ríkisbókhaldsins voru innheimtar tekjur vegasjóðs 31. desember 1985 sem hér segir:

		Samkvæmt vegáætlun m.kr.	Rauntekjur pr. 31.12.85 m.kr.	Mismunur m.kr.
1.1.1. Bensíngjald:		845,0	856,0	11,0
1.1.2. Þungaskattur:		410,0	423,0	13,0
Km-gjald	340,0	345,0		
Árgjald	70,0	78,0		
1.1.4. Gúmmígjald		0	1,0	1,0
Samt. 1—4.		1 255,0	1 280,0	25,0
1.2.1. Aðrar tekjur af bensíni		130,0	130,0	0.0
1.3. Annað framlag ríkissj.		265,0	270,0	5,0
Samt. 1—3.		1 650,0	1 680,0	30,0

Í fylgiskjali 1.—1. er sýnd gjaldskrá markaðra stofna Vegagerðarinnar 1. febrúar 1986.

1.1. MARKAÐAR TEKJUR

1.1.0. Bifreiðainnflutningur.

Á árinu 1985 voru fluttar inn 7 167 bifreiðar og er það 1 384 bifreiðum færra en árið áður.

Mest er flutt inn af fólksbifreiðum eða alls 6 222. Innflutningur vörubifreiða var alls 423, þar af 56 með yfir 10 tonna burðarþoli. Sendibifreiðar voru 462 og sérsmíðaðar bifreiðar til ýmissa verkefna 60. Áætlað er, að bifreiðaeign í lok árs 1985 hafi verið orðin um 116 500 bifreiðar. Fjölgun frá árinu áður er um 2,9%.

Sundurliðaðar tölur um fjölda bifreiða á landinu 1. janúar 1986 liggja ekki enn fyrir, en 1. janúar 1985 var skiptingin eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund bifreiðar	Bensín	Dísel	Alls	Br. frá 1984
Fólksbifreiðar	95 663	4 814	100 477	4,4%
Alm. bifreiðar	252	913	1 165	5,2%
Vörubifreiðar	5 695	5 865	11 560	5,6%
	101.610	11 592	113 202	4,6%

1.1.1. Bensíngjald.

Bensínsala á tekjuárinu 1985 varð 129,6 m.l., en það er 2,86% aukning frá árinu áður. Ef hins vegar er miðað við meðaleyðslu á bifreið, þá er hún 0,6% minni en árið áður eða 1257 ltr. á móti 1265 árið 1984.

Bensínverð hækkaði á árinu 1985 úr 25,80 kr. í 35,00 kr./ltr. Bensíngjald sem rennur í vegasjóð var hækkað þrisvar sinnum á árinu, fyrst 3. febrúar í 6,30 og síðan 25. júní í 6,80 og loks 1. nóvember í 9,54 kr./ltr.

Ár	Bensínsala m. ltr.	Meðaleyðsla m. ltr.	Verð á ltr. 31.12.	Skattar alls kr./ltr.	Bensíngjald kr./ltr.
1971	77,5	1 756	0.16	0,108	0,079
1972	84,9	1 745	0,16	0,108	0,079
1973	95,1	1 757	0,26	0,161	0,099
1974	104,4	1 736	0,49	0,307	0,160
1975	103,6	1 623	0,60	0,350	0,160
1976	104,5	1 616	0,80	0,449	0,186
1977	114,4	1 685	0,93	0,533	0,233
1978	121,5	1 662	1,81	1,055	0,484
1979	119,3	1 512	3,70	1,994	0,709
1980	118,8	1 412	5,95	3,275	1,237
1981	121,1	1 359	8,45	4,640	1,700
1982	126,9	1 353	13,80	7,800	3,060
1983	124,0	1 281	22,30	12,870	5,080
1984	126,0	1 265	25,80	14,500	5,720
1985	129,6	1 257	35,00	21,290	9,540

1.1.2. Þungaskattur.

Heildartekjur af þungaskatti voru 423,0 m.kr., sem skiptast þannig, að tekjur af km-gjaldi voru 345,0 m.kr. og af árgjaldi 78,0 m.kr. Mælagjald er nú innheimt af díselbílum, sem eru að heildarþyngd 4 tonn og meir. Eigendum minni bíla er hins vegar heimilt að velja á milli innheimtu samkvæmt km-gjaldi eða föstu árgjaldi.

Þungaskattur díselbíla er nú innheimtur af um 11 000 bifreiðum. Áætlað er að um 7 000 greiði eftir mæli, en um 4 000 fast árgjald.

1.1.3. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi, sem er 45 kr. á hvert kg af innfluttu gúmmíi, urðu 1,0 m.kr. Gert var ráð fyrir að gúmmígjald yrði fellt niður á árinu en af því varð ekki.

1.2. AÐRAR TEKJUR AF BENSÍNI

Skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar skulu að lágmarki 50% af tekjum ríkisins af bensíni renna til vegasjóðs. Til viðbótar bensíngjaldinu koma því aðrar tekjur af bensíni uns 50% markinu er náð.

1.3. ANNAÐ FRAMLAG RÍKISSJÓÐS

Annað framlag ríkissjóðs var í vegáætlun 265,0 m.kr. Á þeirri tölu verða tvær breytingar. Annars vegar lækkar framlagið um 25 m.kr. vegna þess að markaðar tekjur urðu 25 m.kr. meiri en áætlað var. Hins vegar hækkar framlagið um 30 m.kr. sem er aukafjárveiting til greiðslu á hluta af halla vegna vetrarþjónustu árin 1983–1984.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Samkvæmt fjárlögum var heildarfjármagn til vegamála árið 1985 samtals 1 650.000 þús kr., (að frádregnum styrkjum að upphæð 400 þús. kr. til að greiða fyrir vetrarsamgöngum). Var sú tala tekin upp óbreytt í vegáætlun fyrir árið 1985 þannig að fullt samræmi var á milli fjárlaga og vegáætlunar.

Að tillögu fjármálaráðuneytisins var veitt aukafjárveiting úr ríkissjóði að upphæð 30.0 m.kr. til að greiða hluta af halla vegna vetrarþjónustu á árunum 1982 — 1984. Var sú fjárhæð greidd Vegagerð ríkisins að fullu á árinu.

Samkvæmt sömu tillögu fjármálaráðuneytisins yfirtók ríkissjóður að fullu greiðslu vaxta og afborgana af lánum úr Byggðasjóði, sem voru í vanskilum á árinu 1984 eins og frá var greint í skýrslunni fyrir það ár.

Í eftirfarandi töflu er sýnt hvernig ofangreint fé skiptist milli einstakra liða í vegáætlun.

II. SKIPTING ÚTGJALDA

Upph. í þús. kr.

	Vegáætl. 1985	Auka-fjárv.	Sam-tals
2.1. Stjórn og undirbúningur	**81,0**		**81,0**
1. Skrifstofukostnaður	36,0		36,0
2. Tæknilegur undirbúningur	36,0		36,0
3. Umferðartalning og vegaeftirlit	6,0		6,0
4. Eftirlaunagreiðslur	3,0		3,0
2.2. Viðhald þjóðvega	**661,0**	**30,0**	**691,0**
1. Sumarviðhald			
1. Viðhald malarvega	156,0		156,0
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	113,0		113,0
3. Viðhald brúa	29,0		29,0
4. Viðhald varnargarða	3,0		3,0
5. Heflun vega	86,0		86,0
6. Rykbinding	32,0		32,0
7. Vinnsla efnis	80,0		80,0
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	19,0		19,0
9. Vegmerkingar	4,0		4,0
2. Vetrarviðhald	139,0	30,0	169,0
2.3. Til nýrra þjóðvega	**678,0**		**678,0**
1. Stofnbrautir			
1. Stofnbrautir almennt	203,0		203,0
2. Bundin slitlög	145,0		145,0
3. Sérstök verkefni	157,0		157,0
4. Framlög til Ó-vega	42,0		42,0
2. Þjóðbrautir	105,0		105,0
3. Bundin slitlög á þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum	16,0		16,0
4. Girðingar og uppgræðsla	10,0		10,0
2.4. Til brúagerða	**57,0**		**57,0**
1. Brýr 10 m og lengri	47,7		47,7
2. Smábrýr	9,0		9,0
3. Gilsfjörður (rannsóknir)	0,3		0,3

	Vegáætl. 1985	Auka-fjárv.	Samtals
2.5. Til fjallvega o.fl.	**19,0**		**19,0**
1. Aðalfjallvegir	3,4		3,4
2. Aðrir fjallvegir	3,4		3,4
3. Þjóðgarðavegir o.fl.	3,2		3,2
4. Bláfjallavegur	8,6		8,6
5. Reiðvegir	0,4		0,4
2.6. Til sýsluvega	**45,0**		**45,0**
2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	**96,0**		**96,0**
2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa	**8,0**		**8,0**
2.9. Til tilrauna	**5,0**		**5,0**
Samtals	1.650,0	30,0	1.680,0

2.0. VERÐHÆKKANIR OG GREIÐSLUHALLI Á VEGÁÆTLUN

Þegar vegáætlun 1985 var til afgreiðslu lá fyrir ákveðin spá um þróun verðlags á árinu. Meðalhækkun vísitölu vegagerðar milli 1984 og 1985 var á grundvelli hennar áætluð 27%. Raunveruleg hækkun varð nokkru meiri eða um 33% (hækkun frá ágúst 1984).

Halli varð á vetrarviðhaldi árin 1983 og 1984. Í árslok 1984 nam þessi halli um 78 m.kr. Vegna hagstæðs tíðarfars varð kostnaður við snjómokstur verulega undir áætlun sbr. kafla 2.2.2. Mismunurinn gekk til greiðslu upp í fyrrnefndan halla. Halli á vetrarviðhaldi í árslok 1985 var um 6 m. kr.

2.1. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

2.1.0. Starfsmannahald.

Um s.l. áramót voru fastir starfsmenn hjá Vegagerð ríkisins 385 í 379 stöðugildum en voru 423 í 415 stöðugildum um áramótin 1984 — 1985. Af þessum 385 eru 152 starfsmenn á kjörum opinberra starfsmanna í 147,5 stöðugildum, en heimiluð stöðugildi eru 155.

Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 1985 var 482 en var 524 árið 1984. Heildarvinnuframlag á árinu 1985 reiknað í dagvinnustundum nam 678 mannárum og hafði lækkað úr 737 frá árinu 1984. Launagreiðslur voru 259,1 milljónir kr. á árinu 1985 og launatengd gjöld um 23,9 m.kr.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjölda starfsmanna um s.l. áramót, sundurgreint eftir umdæmum og starfsstéttum.

Fastir starfsmenn 31. desember 1985.

	Reykja-vík	Suður-land	Reykja-nes	Vestur-land	Vest-firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur-land	Samtals des. 1985
Skrifstofa, yfirstjórn	24	2		3	2	2	3	2	38
Tæknilegur undirbúningur	33	5	5	6	5	5	7	5	71
Vegaeftirlit	5								5
Starfsm. áhaldah. skv. lfl. BSRB	15	1					1	1	18
Iðnlærðir verkstjórar	7	1		3	1	2	4	3	21
Verkstjórar	2	7	5	9	7	6	11	11	58
Iðnaðarmenn	16	2		6	1	1	6	3	35
Vélamenn	7	9	6	15	13	8	13	13	84
Verkamenn	10	5	1	5	2	7	8	5	43
Ráðskonur, matráðskonur	5	1		1	1	1	2	1	12
Fastir starfsm. í desember 1985	124	33	17	48	32	32	55	44	385
Fastir starfsm. í desember 1984	136	36	19	54	35	36	59	48	423
Fastir starfsm. í desember 1983	146	37	21	59	39	37	65	51	455
Fastir starfsm. í desember 1982	150	42	21	61	38	35	68	46	461
Fastir starfsm. í desember 1981	155	38	22	60	35	35	66	48	459
Fastir starfsm. í desember 1980	151	36	28	57	32	36	61	49	450
Fastir starfsm. í desember 1979	161	37	27	56	32	28	59	51	451
Fastir starfsm. í desember 1978	177	32	27	54	29	26	61	46	452
Fastir starfsm. í desember 1977	188	31	27	57	29	25	67	46	470
Fastir starfsm. í desember 1976	182	30	27	65	27	25	71	47	474

2.1.1. Skrifstofukostnaður.

Fjárveiting í vegáætlun var 36 m.kr., en kostnaður varð samtals 35,33 m.kr.

Til þessa liðar telst kostnaður vegna yfirstjórnar Vegagerðarinnar í Reykjavík svo og bókhaldsskrifstofa í umdæmum, sem eru á eftirtöldum stöðum: Selfossi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði. Þessar skrifstofur sjá um undirbúning og frágang skjala vegna bókhalds- og launavinnslu viðkomandi svæðis. Úrvinnsla gagna fer hins vegar fram í Reykjavík hjá SKÝRR, en umdæmi fá síðan sendar til baka bókhaldsútskriftir, sem varða viðkomandi svæði. Með þessu móti er reynt að færa bókhaldið sem næst þeim, sem verkin vinna og ábyrgð bera, þannig að kostir þess sem stjórntækis nýtist sem best.

2.1.2. Tæknilegur undirbúningur.

Fjárveiting var 36,0 m.kr. og var henni varið til undirbúnings framkvæmda, einkum þeirra, sem ekki höfðu fjárveitingu á árinu. Var hér um að ræða mælingar, kortagerð og ýmsar rannsóknir auk hönnunarvinnu og annars tæknilegs undirbúnings. Að nokkru var hér um áframhald vinnu frá fyrra ári að ræða.

2.1.3. Umferðartalning og eftirlit.

Fjárveiting var 5,0 m.kr.

A. Talning umferðar.

Skipulagning umferðartalningar var endurskoðuð og fjölgað stöðum þar sem umferð verður talin allt árið. Auk þess var gerð víðtæk könnun á sumarumferð á Suðurlandi og Reykjanesi. Heildarumferð á þjóðvegum jókst um rúm 14% frá árinu 1984. Sumarumferð jókst nokkru minna eða um rúm 8%.

Umferðaraukningin var nokkuð mismunandi eftir landshlutum, mest á Suðurlandi og Norðurlandi vestra, yfir 20%. Minnst varð aukningin hins vegar á Austurlandi, rúm 5%.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir dreifingu ársumferðar á vegakerfinu.

Á fylgiskjölum 2.1.3.1.—4 eru talningarstaðir sýndir ásamt umferðartölum á hverjum stað.

Haldið var áfram söfnun upplýsinga um umferðarhraða á þjóðvegum.

B. Athugun á umferðarslysum.

Safnað var upplýsingum um umferðarslys á þjóðvegum (að þjóðvegum í þéttbýli undanskildum), sem um var gerð lögregluskýrsla á árinu 1985.

Úrvinnsla á athugun þessari stendur yfir og verður gerð grein fyrir henni í sérstakri skýrslu.

Enn sem fyrr verða flest umferðarslys á Hafnarfjarðarvegi en þeim hefur þó nokkuð fækkað frá árinu 1984. Umferð hefur einnig aukist þannig að slysatíðni á veginum hefur minnkað nokkuð.

2.1.4. Eftirlaunagreiðslur.

Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi verkstjóra og verkamanna, sem starfað höfðu áratugum saman hjá Vegagerðinni, einnig til ekkna þessara aðila, urðu samtals 2,52 m.kr. Einn fyrrverandi vegaverkstjóri og einn fyrrverandi verkamaður létust á árinu, en ein ekkja öðlaðist rétt til eftirlauna. Alls nutu því 8 fyrrverandi verkstjórar, 20 ekkjur og 7 fyrrverandi verkamenn eftirlauna í árslok eða samtals 35 á móti samtals 36 í árslok árið 1984.


ÁRSUMFERÐ 1985
< 200 bílar á dag
200 - 500 " "
500 - 1000 " "
> 1000 " "

2.2. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

	Fjárveiting m.kr.
Sumarviðhald	522,0
Vetrarviðhald	169,0
Samtals	691,0

2.2.1. Sumarviðhald.

Sumarviðhaldi vega er skipt á eftirfarandi liði:

Sumarviðhald	Fjárveiting m.kr.
1. Viðhald malarvega	156,0
2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	113,0
3. Viðhald brúa	29,0
4. Viðhald varnargarða	3,0
5. Heflun vega	86,0
6. Rykbinding	32,0
7. Vinnsla efnis	80,0
8. Vatnaskemmdir og ófyrirséð	19,0
9. Vegmerkingar	4,0
Samtals	522,0

Í meðfylgjandi töflu er, viðhaldskostnaður vega árin 1975—85 tilgreindur og jafnframt færður til verðlags 1985, lengd akfærra þjóðvega, viðhaldskostnaður á hvern km., bílafjöldi í ársbyrjun viðkomandi árs og áætlaður fjöldi ekinna km á öllum þjóðvegum í millj. km. Í síðasta dálki töflunnar er síðan viðhaldskostnaður á hverja 100 ekna km. Þær tölur eru einnig sýndar á meðfylgjandi súluriti.

Ár	Viðhaldskostn. m.kr.	Vísitala viðhaldskostn.	Viðhaldsk. verðlags 1985 m.kr.	Lengd akfærra þjóðvega km	Viðhaldsk. pr. km verðl. 1985 þús. kr.	Bílafjöldi í ársbyrjun	Eknir km á öllum þjóðvegum m.km.	Viðhaldsk. pr. 100 ekna km verðl. '85 kr.
1975	8,40	37,1	361,1	8 336	43,3	71 364	420	86,0
1976	11,72	47,7	391,9	8 336	47,0	71 459	420	93,3
1977	14,37	67,5	339,6	8 336	40,7	73 410	449	75,6
1978	26,55	100,0	423,5	8 409	50,4	78 481	450	94,1
1979	39,47	145,0	434,2	8 406	51,7	84 141	449	96,7
1980	63,63	228,0	445,1	8 409	52,9	90 015	472	94,3
1981	95,70	351,0	434,9	8 411	51,7	95 606	485	89,7
1982	180.63	550,0	523,8	8 306	63,1	100 936	500	104,8
1983	288,21	1 064,0	432,0	8 277	52,2	100 459	485	89,1
1984	395,93	1 198,0	527,1	8 268	63,8	108 254	524	100,6
1985	490,00	1 595,0	490.0	8 222	59,0	113 202	586	83,6



Eins og undanfarin ár var lögð mikil áhersla á, að sem minnst af viðhaldsfé færi í vorviðgerðir, en sem mest til viðhalds og endurbóta á vegum.

Lögð var áhersla á að reyna að koma í veg fyrir vorskemmdir með því að hafa eftirlit með öxulþunga bifreiða og takmarka hann, þar sem nauðsyn krafði, en engu að síður urðu nokkrar vorskemmdir á vegum víðsvegar um land.

Kort það, sem hér fer á eftir, sýnir þær öxulþungatakmarkanir, sem settar voru síðastliðið vor.


TAKMARKANIR ÖXULÞUNGA VEGNA AURBLEYTU
Á HELSTU ÞJÓÐVEGUM LANDSINS VORIÐ
1985
Vegurinn lokaður eða aðeins opinn jeppum (vl. eða oj)
5 tonna öxulþungi (5 t)
7 " " (7 t)
Kaflaskipting " "

Í meðfylgjandi töflu er sýndur km-fjöldi þjóðvega í hverjum umferðarflokki (júní—sept.).

Gerður er greinarmunur á malarslitlagi og bundnu slitlagi. Einnig er sýnt hve eknir eru margir km í hverju kjördæmi, hvernig þeir skiptast eftir slitlögum og hve stór hluti þeir eru af heildarakstrinum.

Kjördæmi	Gerð slitlags	Sumardagsumferð, bílar á dag árið 1985														Ársumferð			
		Minni en 50	50-100	100-200	200-300	300-500	500-750	750-1000	1000-1500	1500-2000	2000-3000	3000-5000	5000-10000	Yfir 10000	Alls	% Skipting			
		Kílómetrar vega í hverjum umferðarflokki														Eknir m.km.	Í Kjörd. %	Í Landi %	
		km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km				
Suðurland	Malar	483	266	227	155	98	18	10	0	0	0	0	0	0	1 257	41,8	33,7	7,1	
	Bundið	1	2	4	67	52	65	15	50	14	0	34	0	0	304	82,4	66,3	14,1	
	Samt.	484	268	231	222	150	83	25	50	14	0	34	0	0	1 561	124,2	100,0	21,2	
Meðalt. bílar/dag		27	71	150	239	391	652	837	1 167	1 906	0	3 742	0	0	299				
Reykjanes	Malar	36	47	35	0	19	14	0	17	2	0	2	0	0	172	14,3	7,0	2,4	
	Bundið	0	7	8	0	15	14	1	57	8	13	42	20	5	190	188,9	93,0	32,2	
	Samt.	36	54	43	0	34	28	1	74	10	13	44	20	5	362	203,2	100,0	34,6	
Meðalt. bílar/dag		42	80	146	0	393	683	831	1 245	1 524	2 154	4 312	7 309	28 046	1 802				
Vesturland	Malar	429	230	358	74	72	41	2	21	9	0	0	0	0	1 236	40,9	63,4	7,0	
	Bundið	1	0	15	2	24	10	9	53	5	1	0	0	0	120	23,6	36,6	4,0	
	Samt.	430	230	373	76	96	51	11	74	14	1	0	0	0	1 356	64,5	100,0	11,0	
Meðalt. bílar/dag		23	69	146	241	372	596	933	194	1 522	2 913	0	0	0	211				
Vestfirðir	Malar	488	264	428	12	5	18	0	0	0	0	0	0	0	1 215	24,6	70,5	4,2	
	Bundið	2	10	40	15	10	8	0	0	7	0	2	0	0	94	10,3	29,5	1,8	
	Samt.	490	274	468	27	15	26	0	0	7	0	2	0	0	1 309	34,9	100,0	6,0	
Meðalt. bílar/dag		24	64	127	255	377	564	0	0	1 729	0	3 075	0	0	103				
Norðurl. ve.	Malar	271	177	250	82	104	35	5	0	0	0	0	0	0	924	31,4	60,4	5,4	
	Bundið	0	2	1	4	23	72	22	14	0	0	0	0	0	138	20,6	39,6	3,5	
	Samt.	271	179	251	86	127	107	27	14	0	0	0	0	0	1 062	52,0	100,0	8,9	
Meðalt. bílar/dag		29	68	141	248	394	644	946	1 046	0	0	0	0	0	222				
Norðurl. ey.	Malar	322	173	269	112	101	55	9	2	0	0	0	0	0	1 043	36,3	62,5	6,2	
	Bundið	0	0	1	13	46	54	11	10	5	0	3	0	0	143	21,8	37,5	3,7	
	Samt.	322	173	270	125	147	109	20	12	5	0	3	0	0	1 186	58,1	100,0	9,9	
Meðalt. bílar/dag		29	69	151	242	380	592	789	1 236	1 630	0	3 101	0	0	220				
Austurland	Malar	502	171	281	206	71	0	1	0	0	0	0	0	0	1 232	35,2	71,5	6,0	
	Bundið	1	0	30	50	61	3	2	4	3	0	0	0	0	154	14,0	28,5	2,4	
	Samt.	503	171	311	256	132	3	3	4	3	0	0	0	0	1 386	49,2	100,0	8,4	
Meðalt. bílar/dag		25	79	153	243	392	675	884	1 024	732	0	0	0	0	145				
Samtals	Malar	2 531	1 328	1 848	641	470	181	27	40	11	0	2	0	0	7 079	224,5	38,3	38,3	
	Bundið	5	21	99	151	231	226	60	188	42	14	81	20	5	1 143	361,6	61,7	61,7	
	Alls	2 536	1 349	1 947	792	701	407	87	228	53	14	83	20	5	8 222	586,1	100,0	100,0	
Meðalt. bílar/dag		26	70	143	242	387	623	872	1 195	1 672	2 198	3 997	7 309	28 046	271				

2.2.1.1. Viðhald malarvega.

Í þessum lið er kostnaður við endurnýjun, ræsa, umferðarmerkja, stika, og malarslitlags. Enn fremur kostnaður við skurðgröft, rásagerð, eftirlit og fleira.

Til malarburðar var varið 62,2 m.kr., en það var um 11,4% af heildarkostnaði sumarviðhalds.

Eftirfarandi tafla sýnir lengd vega, sem malarslitlag var endurnýjað á 1985 ásamt fjölda rúmmetra sem ekið var í vegina.

Malarburður 1985.

	Óunnið efni				Unnið efni				Samt.	Mölburður		
Umdæmi	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm	km	m^3	m^3/m	Meðal-þykkt cm
Suðurland	38,7	35 611	0,92	20	60,3	39 915	0,66	12	82,1	75 526	0,92	18
Reykjanes	13,1	3 467	0,26	4	27,0	13 845	0,51	8	33,6	17 312	0,52	8
Vesturland	68,9	100 191	1,45	24	88,7	42 879	0,48	8	115,6	143 070	1,24	20
Vestfirðir	39,9	85 562	2,14	39	17,7	7 080	0,40	7	56,6	92 642	1,64	29
Norðurland ve. .	59,7	113 709	1,90	37	96,4	50 721	0,53	10	108,1	164 430	1,52	29
Norðurland ey. .	90.2	93 927	1,04	21	189,8	72 461	0,38	6	246,2	166 388	0,68	12
Austurland	18,5	7 270	0,39	7	79,5	97 220	1,22	21	98,0	104 490	1,07	18
Samtals	329,0	439 737	1,34	25	559,4	324 121	0,58	10	740,2	763 858	1,03	18

2.2.1.2. Viðhald vega með bundnu slitlagi.

Lagðir voru 101,1 km af slitlagi í viðhaldi, sem skiptist þannig:

Malbikun	3,9 km
Olíumöl	22,9 km
Afrétting + klæðning	4,5 km
Klæðning	69,8 km

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir gerð bundins slitlags í árslok 1985 skipt eftir kjördæmum. (Lengdir í km).

	Lengdir í km				
Kjördæmi	Steypa	Malbik	Olíumöl	Klæðing	Samtals
Suðurland		7,4	108,9	186,7	303,0
Reykjanes	46,7	47,5	64,1	31,4	189,7
Vesturland		2,8	15,1	101,7	119,6
Vestfirðir		9,1		86,1	95,2
Norðurland vestra	0,8			137,4	138,2
Norðurland eystra		11,5		133,0	144,5
Austurland	0,6		10,8	140,8	152,2
Samtals	48,1	78,3	198,9	817,1	1 142,40

2.2.1.3. Viðhald brúa.

Fjárveiting var 29 m.kr.

Stærstu verkefni voru eftirtalin:

Viðgerðir, endurbætur og styrking á brúm á Andakílsá (53) og Svartá hjá Ártúnum (731), endurnýjun slitgólfs á brú á Lagarfljót hjá Egilsstöðum (1) og viðgerðir á brúm á Blöndu (731), Leirá (504) og Miðdalsgili og Brúnkollugili á Bröttubrekku (60).

2.2.1.4. Viðhald varnargarða.

Fjárveiting var 3 m.kr. Langstærsta verkefnið var gerð nýrra varnargarða við Skeiðará hjá Skaftafellsbrekkum, en tilgangur þeirra er að auka öryggi mannvirkja á austanverðum Skeiðarársandi gagnvart Skeiðarárhlaupum.

Heildarkostnaður við verkið var um 9 m.kr., en verulegur hluti kostnaðar var greiddur utan vegáætlunar.

Auk þess var unnið að viðhaldi varnargarða við Skeiðará og Núpsvötn og gerð varnargarða við Breiðbalakvísl.

Heildarkostnaður við þennan lið mun hafa farið verulega fram úr fjárveitingum, en því verið mætt með fjárveitingu til viðhalds brúa.

2.2.1.5. Heflun vega.

Vegagerðin á nú 60 hefla, og sinna þeir heflun malarveganna, ásamt verkum við nýbyggingu vega.

Eitt hefilstjóranámskeið var haldið á árinu fyrir yngstu menn í starfi. Vegagerðin hefur einn fastan starfsmann, sem kennir vegheflun.

Kostnaður við heflun var 76,5 kr. eða um 10 800 kr. á hvern km af malarvegum.

Heflaðir voru 24,9 þús. klst., sem miðað við meðalafköst svarar til heflunar á tæplega 37 þús.km.

Samkvæmt lauslegri athugun liggja afköst í heflun á bilinu 1,2 — 1,8 km fullheflaðs vegar á unna klst. Lausakeyrsla er mjög mismunandi eftir umdæmum eða frá 7%, þar sem best er og allt upp í 13%.

Aukin bundin slitlög á umferðarmestu vegunum hefur dregið mjög úr heflunarþörf, eins og meðfylgjandi tafla ber með sér.

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Heflunartímar þ. klst.	39,1	33,6	37,2	28,7	31,1	28,0	25,3	24,9
Notkun hefla í snjómokstri	18,7	21,8	12,1	24,3	16,6	21,2	18,4	6,5
Heildarnotkun	82,6	77,1	73,6	78,5	72,9	70,9	64,6	50,1

Heflunartími er nokkuð misjafn milli ára, sem skýra má af sveiflum í snjómokstri eins og neðri línan sýnir. Taflan ber þó greinilega með sér að heflunarþörf fer minnkandi.

2.2.1.6. Rykbinding.

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir lengd malarvega sem rykbundnir voru 1985 með klórkalsíum, salti eða sjó. Í töflunni eru einnig upplýsingar um lengd malarvega, annars vegar með meira en 200 bíla og hins vegar meira en 300 bíla á dag, miðað við sumarumferð.

	Rykbundnir km.				Umferð	
Umdæmi	Klór Kalsíum	Úrgangs-salt	Sjór	Samtals	SDU > 200	SDU > 300
Suðurland	—	166,0	—	166,0	281	126
Reykjanes	42,0	—	8,0	50,0	54	54
Vesturland	42,0	207,0	—	249,0	219	145
Vestfirðir	30,0	30,0	435,0	495,0	35	23
Norðurl. ve.	46,0	111,0	17,0	174,0	226	144
Norðurl. ey.	28,0	330,0	32,0	390,0	229	167
Austurland	42,0	145,0	43,0	230,0	278	72
Samtals	230,0	989,0	535,0	1 754,0	1 372	731

2.2.1.7. Vinnsla efnis.

1985 var aðeins starfrækt ein mulningsvélasamstæða á vegum Vegagerðarinnar og sá hún um efnisvinnslu á Norðurlandi eystra. Annarsstaðar var efnisvinnslan boðin út.

Vinnsla efnis í slitlag malarvega 1985 var sem hér segir:

	Mölun m^3			Samt.
	19 mm	25 mm	>25 mm	m^3
Suðurland	—	28 663	8 049	36 712
Reykjanes	18 708	—	—	18 708
Vesturland	53 037	7 941	6 581	67 559
Vestfirðir	—	42 802	—	42 802
Norðurl.ve.	48 767	—	—	48 767
Norðurl.ey.	2 074	48 023	—	50 097
Austurland	40 630	—	—	40 630
Samtals	163 216	127 429	14 630	305 275

2.2.1.8. Vatnaskemmdir.

Á árinu 1985 nam tjón vegna vatnaskemmda 10,0 m.kr. Á árunum 1980—1983 varð árlegur kostnaður 15,0 m.kr. að meðaltali á verðlagi 1984. Eins og sést af þessum tölum varð tjón af völdum vatnaskemmda mun minna á þessu ári, miðað við fyrri ár

Mest var tjónið á Vestfjörðum og var það vegna mikillar úrkomu.

2.2.1.9. Vegmerkingar.

Fjárveiting um 4,0 m.kr. Var þeim aðallega varið til að setja upp stefnuörvar á varasamar beygjur. Í samráði við viðkomandi lögregluyfirvöld var farið yfir stofnbrautir á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og sett niður rúmlega eitt þúsund merki. Eftir er að setja upp stefnuörvar á hluta Barðastrandarsýslna og Strandasýslu. Enn fremur á Norðurlandi eystra og Austfjörðum.

Að venju var unnið að almennu viðhaldi umferðarmerkja um land allt.

2.2.2. Vetrarþjónusta.

Fjárveiting til vetrarþjónustu var 139 m.kr. auk 30 m.kr. aukafjárveitingar til að greiða uppsafnaðan halla frá fyrri árum.

Vetrarþjónustan kostaði 51 m.kr. frá áramótum til júníloka en 45,8 m.kr. seinni hluta ársins. Alls varð kostnaður við vetrarþjónustu því 96,8 m.kr. árið 1985. Árið 1984 var kostnaðurinn 204 m.kr. (verðlag 1985). Halli eftir árið 1984 var um 78,5 m.kr. en 1985 var óráðstafað af fjárveitingu til vetrarþjónustu um 72,2 m.kr.

Eins og ofangreindar tölur sýna, var veturinn frá áramótum 1984—1985 og eins haustið óvenjulega snjólétt um allt land.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir hve marga daga ýmsir fjallvegir voru ófærir vegna snjóa í hverjum mánuði árið 1985. Einnig er sýnt hve marga daga unnið var við snjómokstur á þeim.

Yfirlit yfir kostnað við vetrarþjónustu 1976—1985.

Ár	Jan.-júní m.kr.	Okt.-des. m.kr.	Allt árið m.kr.	Vísitala vetrar-þjónustu	Á verðlagi 1985 m.kr.
1976	2,27	0,92	3,19	43,8	115,29
1977	3,23	1,71	4,94	67,7	115,50
1978	5,27	3,18	8,45	100,0	133,76
1979	8,91	5,46	14,37	144,0	157,93
1980	7,08	9,71	16,79	226,0	117,53
1981	26,99	15,99	42,98	347,0	195,99
1982	30,21	25,74	55,95	549,0	161,14
1983	90,61	46,31	136,92	1 083,0	199,90
1984	119,80	37,20	157,00	1 219,0	204,10
1985	51,00	45,80	96,80	1 583,0	96,80
Meðalkostn. s.l. 10 ár					149,79

Kostnaður við vetrarþjónustu á nokkrum vegarköflum — fjallvegum.

Kafli	Lengd kafla km	Kostnaður v/snjóm. þús.kr.	Kostnaður á km þús.kr.
Mýrdalssandur	34	891	26,2
Hellisheiði: Reykjavík — Hveragerði	38	4 053	106,6
Holtavörðuheiði	38	998	26,3
Fróðárheiði	13	521	40,1
Miklidalur og Hálfdán	29	1 013	34,9
Breiðadalsheiði	16	2 365	147,8
Botnsheiði	17	1 884	110,8
Steingrímsfjarðarheiði	36	3 081	85,6
Siglufjarðarvegur: Ketilás — Siglufjörður	31	2 617	84,4
Öxnadalsheiði	30	935	31,2
Ólafsfjarðarmúli	18	1 288	71,6
Fjarðarheiði	25	2 275	91,0
Oddsskarð	22	2 203	100,1

Tafla sem sýnir, hve ýmsir fjallvegir voru lengi lokaðir vegna snjóa árið 1985.

	Jan.	Febr.	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.	Alls	Hlutfall af 365 dögum %	Snjómoksturs-dagar
Fróðárheiði	1	1		1									3	1	12
Svínadalur		1	3	1									5	1	12
Kletthváls	28	10	14	8								8	68	19	11
Hálfdán	1	1	5	2									9	2	24
Dynjandisheiði	31	24	31	10							2	29	127	35	6
Hrafnseyrarheiði	16	16	15	9							3	24	83	23	17
Breiðadalsheiði	9	10	9	5							5	9	50	14	48
Botnsheiði	9	9	7	1							1	7	34	9	42
Steingrímsfjarðarh.	15	9	18	14							2	19	77	21	36
Holtavörðuheiði													0	0	7
Vatnsskarð nyrðra													0	0	23
Siglufv.-Fljót	4	1	1									4	10	3	25
Lágheiði	31	28	31	30	7					1	6	30	155	42	14
Óxnadalsheiði													0	0	23
Ólafsfjarðarmúli	4	1	3									3	11	3	36
Hólssandur	31	28	31	30	19						28	31	198	54	
Axarfjarðarheiði	31	28	31	30	18	7				1	30	31	207	57	3
Sandvíkurheiði	1	3										6	10	3	10
Vopnafjarðarheiði	31	28	9	19								30	117	32	3
Möðrudalsöræfi		26	14	14								15	69	19	3
Vatnsskarð eystra	2	7	2	9							1	15	36	10	14
Fjarðarheiði	3	5	3	3							1	10	25	7	38
Oddsskarð	1	3		1							1	13	19	5	33
Breiðdalsheiði	13	14	3	16								30	76	21	4

2.2.3. Yfirlit um viðhald þjóðvega og skiptingu þess.

Í meðfylgjandi töflum er gefið yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega og skiptingu hans.

Viðhaldskostnaður þjóðvega 1974—1985.

Ár	Fjárv. í vegáætl. m.kr	Heildar-kostnaður m.kr.	Vetrar-viðhald m.kr.	Vetrarviðhald sem hluti af heildarkostnaði %
1974	7,16	8,44	1,64	19,4
1975	10,49	11,62	3,22	27,7
1976	13,81	14,62	3,16	21,6
1977	18,78	19,80	5,00	25,3
1978	32,20	35,00	8,45	24,1
1979	52,52	53,84	14,37	26,7
1980	83,02	81,01	16,87	20,8
1981	140,06	138,76	42,98	31,0
1982	222,90	236,58	55,95	23,6
1983	414,00	425,13	136,90	32,2
1984	532,30	561,67	157,00	28,0
1985	691,00	645,30	96,80	15,1

Skipting viðhaldskostnaðar árið 1985.

Í meðfylgjandi töflu er sýnd skipting viðhaldskostnaðar árið 1985. Yfirlitið sýnir helstu verkþætti viðhalds.

	Kjördæmi									Hlutfall	
Kostnaðarliður	Sam-eiginl. þ.kr.	Suður-land þ.kr.	Reykja-nes þ.kr.	Vestur-land þ.kr.	Vest-firðir þ.kr.	N.land vestra þ.kr.	N.land eystra þ.kr.	Austur-land þ.kr.	Samt. þ.kr.	af heildark. % Alls	S.viðh.
Eftirlit og stjórnun	1 346	6 751	5 675	2 653	4 180	3 176	2 210	1 665	27 656	4,3	5,1
Umferðarm., stikur	4 779	875	5 649	2 038	1 245	925	1 218	931	17 660	2,7	3,3
Vegmálun		1 810	5 707	845	693	625	564	586	10 830	1,7	2,0
Umferðarljós, lýsing		136	6 387	3	30		2		6 558	1,0	1,2
Leiðarar, kantsteinar		89	158	11	4	10	2	7	281	0,0	0,0
Vegheflun	183	10 800	6 106	18 008	10 461	7 724	12 310	10 874	76 466	11.9	14,1
Rykbinding		2 338	1 905	5 064	2 953	3 007	5 262	1 440	21 969	3,4	4,0
Malarb.-endurn.malarslitl.		11 105	3 842	11 799	1 089	10 605	18 895	4 856	62 191	9,6	11,4
Viðgerðir á bundnu slitl.		1 241	3 594	671	708	1 943	551	2 234	10 942	1,7	2,0
Yfirl.-endurn.b-slitl.		13 065	38 487	294	2 818	4 580	94	13	59 351	9,2	10,9
Axlir		1 386	2 942	94	82	212	435	914	6 065	0,9	1,1
Vorviðgerðir		577	225	1 155	2 585	645	744	1 407	7 338	1,1	1,4
Styrking		3 178	6 016	8 142	9 770	16 101	11 226	26 666	81 099	12,6	14,9
Rásir, skurðir, ræsi		2 846	1 145	7 934	5 964	2 348	891	1 059	22 187	3,4	4,1
Vatnaskemmdir		580	453	622	4 559	1 650	158	1 544	9 566	1,5	1,8
Efnisvinnsla		6 213	4 444	12 406	10 696	−634	15 761	5 819	54 705	8,5	10,1
Samtals	6 308	62 990	92 735	71 739	57 837	52 917	70 323	60 015	474 864	73,5	87,4
Viðhald brúa	1 800	4 404	418	6 177	936	4 510	605	7 762	26 612	4,1	4,9
Sérst. verk í viðh.		11 865	1 237	15 078	5 741	1 972	932	4 857	41 682	6,5	7,7
Samtals sumarviðhald	8 108	79 259	94 390	92 994	64 514	59 399	71 860	72 634	543 158	84,1	100,0
Samtals vetrarþjónusta	7 650	6 340	14 240	9 068	21 207	6 991	13 381	17 949	96 826	15,0	
Viðhald alls	15 758	85 599	108 630	102 062	85 721	66 390	85 241	90 583	639 984	99,1	
Hagræðing	3 643								3 643	0,6	
Tækjakaup	1 612								1 612	0,3	
Samtals kostnaður	21 013	85 599	108 630	102 062	85 721	66 390	85 241	90 583	645 239	100,0	

Viðhaldskostnaður þjóðvega miðað við 100 ekna km. árið 1985.

Kjördæmi	Viðhaldskostnaður fyrir árið 1985 þ.kr.	Lengd akfærra vega km.	Viðhaldskostnaður á hvern km. þ.kr.	Eknir km. 1985 m.km.	Viðhaldskostnaður á ekna 100 km kr.	Kostnaður við sumarviðhald alls þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á km þ.kr.	Kostnaður við sumarviðhald á ekna 100 km kr.
Suðurland	87 760	1 561	56,2	124	71	80 876	51,8	65
Reykjanes	111 372	362	307,7	203	55	95 911	264,9	47
Vesturland	104 638	1 356	77,2	65	161	94 792	69,9	146
Vestfirðir	87 885	1 309	67,1	35	251	64 852	49,5	185
Norðurland ve.	68 066	1 062	64,1	52	131	60 475	56,9	116
Norðurland ey.	87 393	1 186	73,7	58	151	72 864	61,4	126
Austurland	92 870	1 386	67,0	49	190	73 381	52,9	150
Samtals	639 984	8 222	77,8	586	109	543 158	66,1	93

2.3. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

2.3.0. Lán og fjárveitingar til vegaframkvæmda.

2.3.0.1. Föst lán til vegaframkvæmda.

Ríkissjóður aflaði á árinu 1985 lánsfjár fyrir því sem á vantaði að markaðar tekjur og ríkisframlag nægðu fyrir útgjöldum samkvæmt vegáætlun. Samkvæmt vegáætlun nam þetta lánsfé að viðbættu ríkisframlagi 265 m.kr.

A-hluta lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar á undanförnum árum er ekki lengur haldið aðgreindum í ríkisbókhaldi frá öðrum lántökum ríkissjóðs. Hefur því tafla um hreyfingar á lánum þessum verið felld niður úr skýrslunni.

2.3.0.2. Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.

Tekin voru bráðabirgðalán sem heimamenn í tilteknum héruðum höfðu óskað eftir að leggja fram eða afla með öðrum hætti til að hraða eða ljúka ákveðnum framkvæmdum og til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Var lánsfé þetta að mestu í formi vinnulána frá vinnuvélaeigendum og verktökum, en 9,6 m.kr. komu frá sveitarfélögum og 3,5 m.kr. frá lánastofnunum.

Fjárveiting var 5,1 m.kr. og 5,0 m.kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Greidd var skuld frá fyrra ári að upphæð 1,5 m.kr. Lagfært sig á 2,8 km löngum kafla frá Krossum að Hálskoti, og lagt á hann fyrra lag klæðingar. Einnig lagt seinna lag klæðingar á 2,0 km. langan kafla frá Þorvaldsdalsá að Krossum og 1,7 km langan kafla frá Hálskoti að Hálsi.

85 **Norðausturvegur:**

01 Norðurlandsvegur-Fellssel:

Fjárveiting var 6,0 m.kr. og 9,4 m.kr. til bundinna slitlaga skv. 2.3.1.2. Gatnamótum breitt, endurbyggður og lögð einföld klæðing á 7,6 km langan kafla frá Norðurlandsvegi að Fellsseli, og seinna lag klæðingar á 7,2 km langan kafla frá Fellsseli að Hálsi.

19 Melrakkaslétta:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Lagfært var malarslitlag á 33,0 km löngum kafla frá Vatnsenda að Raufarhöfn.

22 Ytri-Hálsar:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. Lagfært var malarslitlag, snyrtir kantar og gengið frá námum og flögum.

1 **Austurlandsvegur:**

14 Höfði-Úlfsstaðir:

Fjárveiting var 4,7 m.kr. og til bundinna slitlaga 8 m.kr. sbr. 2.3.1.2. Greidd var 0,6 m.kr. skuld frá fyrra ári. Lokið var endurbyggingu 6,6 km langs kafla frá Höfða að Úlfsstöðum Verktaki Hagvirki. Lagt bundið slitlag á kaflann.

17 Haugar-Víðigróf:

Fjárveiting var 3,4 m.kr. Styrktur var og endurlagður 6,3 km langur vegarkafli frá Vatnsdalsá upp í Víðigróf. Verktaki við efnisflutning var Steypusalan hf. Neskaupstað, en Vegagerðin stjórnaði verkinu.

20 Um Tinnu:

Fjárveiting var 1,6 m.kr. Greidd var skuld 0,08 m.kr. Gengið var frá köntum og svæðum utan vegar.

22 Skrúðskambur-Fossgerði:

Fjárveiting var 1,6 m.kr. greidd var skuld 1,44 m.kr. Grafnir voru þurrkunarskurðir fyrir væntanlegar framkvæmdir 1986.

40 Kolgríma-Tröllaskörð:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Vegur endurbyggður frá Kolgrímu að Uppsölum 3,9 km. Verktaki var Fell sf. Höfn Hornafirði.

50—52 Skeiðará-Sýslumörk:

Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir viðhaldsfé og lán af fjárveitingu fyrir sérverkefni. Vegur endurmótaður og lögð 3,8 m breið klæðing á 18 km.

85 **Norðausturvegur:**

03 Merkilækur-Hrafnsvík:

Fjárveiting var 4,1 m.kr. Unnið var að nýbyggingu og endurlagningu á 2,8 km löngum kafla milli Einarshafnar og Hrafnsvíkur, og Hafnarvegur styrktur milli flugvallar og hafnar á Höfn. Verki ólokið. Verktaki Afl hf. Vopnafirði.

06 Um Nýpslón:

Fjárveiting var 4,1 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,75 m.kr. Endurbyggður var 1,6 km langur kafli um Kúalágir, lokið að mestu við nýbyggingu á 2,6 km kafla um Nýpslón og skipt um jarðveg á 0,3 km kafla á Búðaröxl við Vopnafjörð. Frágangi á þessum köflum er ólokið.

92 **Norðfjarðarvegur:**

04 Neðstabrú-Melshorn:

Fjárveiting var 8,1 m.kr. Unnið var við undirbúning vegar um Skriður 0,5 km. Vegur endurbyggður um Grænafell 1,3 km. Nýr vegur lagður frá Grænafelli og niður fyrir Melshorn 2,1 km, samtals 3,9 km. Vegagerðin sá um framkvæmdir, nema boðin var út gerð vegarins um Melshorn um 1,3 km. Verktaki Steypusalan hf. Neskaupsstað. Lagt var einfalt lag af klæðingu neðan við Melshorn 1,0 km. Frágangi ólokið.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Neðri-Stafur—Fjarðarsel:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. og til bundinna slitlaga 2,7 m.kr. skv. 2.3.2.1. Greidd var 0,36 m.kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var við gerð nýs vegar á 1,2 km kafla milli Neðri-Stafs og Gufufoss, en því verki er ólokið. Lögð var klæðing á 2,3 km kafla frá Gufufossi að vegrist við Seyðisfjörð.

96 **Suðurfjarðarvegur:**

05 Brimnes-Búðir:

Fjárveiting var 8,0 m.kr. Innistæða var frá fyrra ári 0,8 m.kr. Vegur var endurbyggður frá Brimnesi að Búðum 4,2 km. Verktaki í efnisflutningum var Vökvavélar hf. Egilsstöðum. Frágangi ólokið. Byggð var brú á Kirkjubólsá innan Búða.

Fskj. 2.3.1.2.—1.

Stofnbrautir — bundin slitlög.
Greinargerð um framkvæmdir.

1 **Suðurlandsvegur:**

04 Dverghamrar-Hörgsá:

Fjárveiting var 1,7 m.kr. Auk þess var unnið fyrir viðhaldsfé. Endurbyggður var, með 4,0 m breiðu bundnu slitlagi, 6,3 km langur kafli milli Dverhamra og Hörgsár.

14—16 Vík-Skógar:

Fjárveiting var 10,5 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 3,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári og lagt bundið slitlag á 10,0 km langan kafla milli Péturseyjar og Skóga.

35 **Bisupstungnabraut:**

02—03 Þingvallavegur-Laugarvatnsvegur:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 6.0 m.kr. Lagt var bundið slitlag á 10,0 km kafla milli Sogs og Höskuldslækjar.

1 **Vesturlandsvegur:**

18 Kjósarskarðsvegur-Hvítanes:

Fjárveiting var 4,5 m.kr. Endurbyggður var og lagður klæðingu 1,6 km langur kafli í Hvammsvík. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Loftorku h.f.

19 Hvítanes-sýslumörk:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Nýbyggður var og lagður klæðingu 400 m. langur kafli um nýja brú á Fossá. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Loftorku h.f.

416 **Álftanesvegur:**

02 Landakot-Bessastaðavegur:

Fjárveiting var 1,9 m.kr. og af almennum verkefnum samkv. 2.3.1.1., 2,1 m.kr. Sjá kafla 2.3.1.1.

1 **Vesturlandsvegur:**
01 Um Olíustöð:
Fjárveiting var engin en með samþykki þingmanna, lánuðu Olíustöðin og Hvalur hf. framkvæmdafé, sem greiðist 1986. Lagfærður var og styrktur um 1,3 km kafli um Miðsand, sem unnið var af Vegagerðinni. Enn fremur lagt bundið slitlag á kaflann. Verktaki var Hagvirki hf.
02 Galtarholt-Laxá:
Fjárveiting var 5,2 m.kr og 4,3 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)
08 Hamarslækur-Gufá:
Fjárveiting var 7,3 m.kr. og 11,1 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

51 **Akranesvegur:**
01 Vesturlandsvegur-slitlagsendi:
Fjárveiting var 1,9 m.kr. og 1,3 m.kr af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

56 **Stykkishólmsvegur:**
03 Vogsbotn-Stykkishólmur:
Fjárveiting var 5,4 m.kr. og 4,7 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (Sjá fskj. 2.3.1.1.—.1)

57 **Snæfellsnesvegur:**
01 Vestfjarðavegur-Hörðudalsvegur:
Fjárveiting var engin. Lögð var 3,8 m klæðing á 6,3 km fyrir viðhaldsfé. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

60 **Vestfjarðavegur:**
24 Gemlufallsheiði-Bjarnardalur:
Fjárveiting var 7,2 m.kr. Lögð var einbreið klæðing á 4,9 km.

61 **Djúpvegur:**
18 Utan Súðavíkur:
Fjárveiting var 3,5 m.kr. Lögð var klæðing á 1,2 km kafla og gengið frá kaflanum.
18 Arnarneshamar-Arnardalur:
Fjárveiting var 2,2 m.kr. Lögð var klæðing á 2,0 km kafla.
19 Arnardalur-Kirkjubólshlíð:
Fjárveiting var 4,5 m.kr. Lögð var klæðing á 3,2 km langan kafla.

63 **Bíldudalsvegur:**
02 Patreksfjörður-Tálknafjarðarvegur:
Fjárveiting var 11,6 m.kr. og 8,2 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.
03—04 Við Bíldudal:
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lögð var klæðing á 0,7 km.

64 **Flateyrarvegur:**
01 Vestfjarðavegur-Flateyri:
Fjárveiting var 8,6 m.kr. og auk þess 1,5 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1.

61 **Djúpvegur:**

01—05 Tenging Inndjúps:

Fjárveiting var 12 m.kr. og auk þess voru fengnar 7 m.kr. að láni af fjárveitingum til Djúpvegar um Óshlíð. Lokið var við kafla 02 frá Strandavegi að Sunnudalsá, lagður 0,5 km kafli og mölbornir um 6 km og gengið frá vegsvæði þar sem þurfti. Gengið var frá fláum og vegsvæði á kafla 03 frá Sunndalsá að Þorskafjarðarvegi. Eftir er að mölbera um 3 km með unnu efni. Ýtt var upp undirbyggingu 5,5 km kafla, efst á kafla 04, það er frá Þorskafjarðarvegi vestur fyrir Sótavörðuhæð. Verktakar voru Kristján Guðmundsson og fleiri. Unnið var að undirbyggingu neðst á kafla 04, það er frá Snæfjallastrandarvegi upp í mynni Lágadals á 2,6 km kafla. Það verk er unnið af verktakafyrirtækinu Hetti og á því að ljúka í júní 1986.

1 **Norðurlandsvegur:**

06 Vatnsnesvegur-Víðidalsvegur eystri:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. og 0,4 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

07 Víðidalsvegur eystri-Gljúfurá:

Fjárveiting var 3,3 m.kr. og 2,0 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

13 Hvammur-Svínvetningabraut:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 1,1 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

16—17 Skagafjarðarvegur-Húseyjarkvísl:

Fjárveiting var 1,4 m.kr. og 2,2 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

75 **Sauðárkróksbraut:**

02 Norðurlandsvegur-Sæmundarhlíðarvegur:

Fjárveiting var 8,6 m.kr. og 1,7 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

76 **Siglufjarðarvegur:**

04—06 Sleitustaðir-Hofsós:

Fjárveiting var 1,8 m.kr. og 1,0 m.kr til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

1 **Norðurlandsvegur:**

15 Fornhólar-Norðausturvegur:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og 1,0 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

16 Norðausturvegur-Bárðardalsvegur eystri:

Fjárveiting var 1,3 m.kr. Lögð var einföld klæðing á 1,8 km langan kafla frá Djúpadalsá að Holtakoti.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

03 Þorvaldsdalsá-Dalvík:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. og 5,1 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1).

85 **Norðausturvegur:**

01 Norðurlandsvegur-Háls:

Fjárveiting var 9,4 m.kr. og 6,0 m.kr. af fjárveitingum til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fskj. 2.3.1.1.—1.)

1 **Austurlandsvegur:**

14 Höfði-Úlfsstaðir:

Fjárveiting var 8 m.kr. og 4,7 m.kr. til almennra verkefna skv. 2.3.1.1. (sjá fylgiskjal 2.3.1.1.—1).

39 Viðborð-Djúpá:

Fjárveiting var 2,1 m.kr. Greidd var skuld 2,1 m.kr.

92 **Norðfjarðarvegur:**

02 Egilsstaðir-Háls:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Innistæða var 0,6 m.kr. Lögð var klæðing á 2,4 km. og lagfærðir fláar og svæði utan vegar.

11 Kirkjuból-Neskaupsstaður:

Fjárveiting engin. Lagt var seinna klæðingarlag við Neskaupsstað 1,1 km fyrir innistæðu frá fyrra ári.

93 **Seyðisfjarðarvegur:**

03 Neðri-Stafur—Seyðisfjörður:

Fjárveiting var 2,9 m.kr. og 3,2 m.kr. til almennra verkefna samkvæmt 2.3.1.1. (sjá fylgiskjal 2.3.1.1.—1.)

96 **Suðurfjarðarvegur:**

07 Búðir-Sævarendi:

Fjárveiting var 4,6 m.kr. Lögð var klæðing 3,2 km. milli Búða og Sævarenda.

08 Gvendarnes-Merkigil:

Fjárveiting var 0,9 m.kr. Lögð var klæðing 1,8 km milli Merkigils og Gvendarness. Unnið var við vegrásir í Gvendarneshálsi og frágang á vegi.

Fskj. 2.3.1.3.—1.

Stofnbrautir — sérstök verkefni.

Greinargerð um framkvæmdir.

35 **Biskupstungnabraut:**

01 Suðurlandsvegur-Þingvallavegur:

Fjárveiting var 10,0 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 7,0 m.kr. en fjárveitingin að öðru leyti notuð til byggingar kaflans frá Sogi að Höskuldslæk.

36 **Þingvallavegur:**

06—01 Kárastaðir-Stardalur:

Fjárveiting var 20 m.kr. Lagt var seinna klæðingarlag á 3 km langan kafla frá Sauðafelli að Stardal. Verkið var unnið af Vegagerðinni. Undirbyggður var og lagður neðra burðarlagi, 6,6 km langur kafli frá Móakotsá að Stóralandshól. Einnig var undirbyggður 0,9 km langur kafli á Grafningsvegi að nýja veginum. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Norðurverk hf. Lagt var efra burðarlag og klæðing á 3,0 km langan kafla frá Kárastöðum að Móakotsá. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Gunnari og Guðmundi sf.

41 **Reykjanesbraut:**

02—03 Reykjavík-Hafnarfjörður:

Fjárveiting var 24 m.kr. Vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 8,3 m.kr. Undirbyggður var og lagður neðra burðarlagi, 3,5 km langur kafli frá Nýbýlavegi að Vífilsstaðavegi. Einnig voru undirbyggðar tengingar við Fífuhvammsveg og Arnarnesveg. Byggð var brú fyrir fólksbíla og fótgangandi við Hnoðraholt og fyrir

fótgangandi á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs norðan Fífuhvamms. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hagvirki h.f. Boðið var út efra burðarlag og slitlag á áðurnefndan kafla og er gert ráð fyrir því að taka hann í notkun haustið 1986.

Þjóðvegir í Reykjavík:

Fjárveiting var 8 m.kr. Lagt var efra burðarlag og malbiksslitlag á 600 m langan kafla af Arnarnesvegi frá Selásbraut að Rafstöðvarvegi. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Loftorku hf. Sett var upp veglýsing á 2,0 km langan kafla á Suðurlandvegi frá Tunguhálsi að Arnarnesvegi.

1 **Vesturlandsvegur:**

05 Um Borgarfjörð:

Fjárveiting var 5.0 m.kr. Unnið var við lagfæringar á köntum og öxlum á kaflanum frá Seleyri að Hafnará, enn fremur byggt bílastæði við vegamót Hvítárvallavegar svo og lagfærðar námur á Seleyri.

14 Um Holtavörðuheiði:

Fjárveiting var 11,0 m.kr. Greidd var 2,8 m.kr skuld frá fyrra ári. Byggður var 3,0 km kafli frá Krókalækjum áleiðis að Norðurá í Heiðarsporði. Framkvæmdum er ekki lokið, en verktaki er Ós hf. úr Skagafirði.

1 **Norðurlandsvegur:**

15 Sýslumörk-Skagafjarðarvegur:

Fjárveiting var 10 m.kr. Byggður var vegur frá Valadalsá að Arnarstapa 4,3 km að lengd. Frágangi er ekki lokið. Verktaki var Hvítserkur hf. Byggð var brú á Víðimýrará og hún tengd með 0,2 km. löngum kafla.

17 Um Héraðsvötn:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. Ákveðið var í samráði við þingmenn að fresta framkvæmdum til næsta árs.

1 **Norðurlandsvegur:**

09—10 Eyjafjarðarbraut vestri-Vaðlaheiðarvegur:

Hafin var bygging brúar á Eyjafjarðará. Brúin verður eftirspennt bitabrú 135 m löng og 10,6 m breið í þremur höfum. Vinnuflokkur Vr. hefur lokið niðurrekstri burðarstaura og stálþils um sökkla millistöpla. Aðrir hlutar verksins voru boðnir út í árslok.

1 **Norðurlandsvegur:**

13 Grenivíkurvegur-Illugastaðavegur:

Fjárveiting var 30,0 m.kr. Ekið var burðarlagi, gengið frá köntum og lögð einföld klæðing á 5,9 km langan kafla frá austurbrún Víkurskarðs að Grenivíkurvegi. Settir leiðarar á 0,9 km langan kafla í Hrossagili. Einnig lögð tvöföld klæðing á 3,2 km langan kafla frá Fnjóskadalsvegi vestri að Fnjóskárbrú og seinna lag klæðingar á 4,6 km langan kafla frá austurbrún Víkurskarðs að Fnjóskadalsvegi vestri.

1 **Austurlandsvegur:**

30—32 Hofsá-Össurá:

Fjárveiting var 24,0 m.kr. Innistæða var 1,37 m.kr. Lagður var nýr vegur um Grjótá 0,6 km, frá Starmýri að Þvottá 3,2 km, frá Hvaldalsá að Hvalsnesi 2,4 km, frá Víkurá að Össurá 1,1 km og endurbyggður vegur frá Krossanesi að Hvaldalsá 3,0 km. Samtals 10,3 km. Byggðar voru brýr á Selá (eftirspennt bitabrú, 40 m löng og 4.8 m breið) og Skottá (4 m plötubrú) og byggðar heimreiðar að Starmýri III 1,0 km, Hnaukum 0,5 km og Þvottá 0,6 km. Verktaki var Ræktunarsamband Austurlands, Egilsstöðum.

Fskj. 2.3.1.4.

Ó-vegir. Greinargerð um framkvæmdir.

574 Útnesvegur:

07 Um Ólafsvíkurenni:

Fjárveiting var 7,0 m.kr. Unnið var fyrir um 300 þús. kr. við frágang á tengingum, ennfremur voru lánaðar með samþykki þingmanna 1,1 m.kr til framkvæmda við nýbyggingu utan Gufuskála sem greiðast á til baka 1987 (Sjá fskj. 2.3.2.1.).

61 **Djúpvegur:**

25 Um Óshlíð:

Fjárveiting var 30 m.kr. Lánaðar voru 7 m.kr. til tengingar Inndjúps. Undibyggður var 1,1 km kafli frá Haldi að Einbúa. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Gunnari og Ebeneser h.f. Lögð var klæðing á 3,9 km. kafla frá Ófæru með Stiga að Óshólavita.

82 **Ólafsfjarðarvegur:**

06 Um Ólafsfjarðarmúla:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Laus jarðlög hreinsuð frá væntanlegum gangamunnum í Kúhagagili Ólafsfjarðarmegin og Tófugjá (Hraunslæk) Eyjafjarðarmegin. Efnið jafnað út og þar með gerð vinnuaðstaða fyrir gangagerðina.

Fskj. 2.3.2.1.

Þjóðbrautir. Greinargerð um framkvæmdir.

25 Þykkvabæjarvegur:

01—02 Suðurlandsvegur-Þykkvibær:

Fjárveiting var 4,0 m.kr. Tekið var lán frá Djúpárhreppi að upphæð 9,4 m.kr. Fullbyggður var með einföldu slitlagi 12,3 km langur kafli af veginum og er hann þá allur kominn með bundið slitlag.

204 **Meðallandsvegur:**

01 Ýmsir staðir:

Fjárveiting var 0,2 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári.

205 **Klausturvegur:**

01 Um Kirkjubæjarklaustur:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Unnið var við snyrtingu með veginum.

214 **Kerlingadalsvegur:**

01 Suðurlandsvegur-Kerlingadalur:

Fjárveiting var 2,0 m.kr. Fullbyggður var 2,2 km langur vegur austan Kerlingadalsár milli Höfðabrekku og Kerlingadals, ásamt 0,7 km löngum varnargarði.

215 **Reynishverfisvegur:**

01 Suðurlandsvegur-Presthús:

Fjárveiting var 0,4 m.kr. Fjárveiting var geymd til næsta árs.

240 **Stórhöfðavegur:**
02 Strandvegur-Stórhöfði:
Fjárveiting var 2,4 m.kr. Fjárveiting var greidd Vestmannaeyjabæ upp í lán sem hann hefur veitt til byggingar Stórhöfðavegar. Byggður var 700 m langur kafli af veginum og komið upp götulýsingu.

252 **Landeyjavegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Auk þess var tekið bráðabirgðalán að upphæð 1,8 m.kr. Byggður var, með einföldu 4 m breiðu slitlagi, 1,9 km langur kafli frá Suðurlandsvegi að Voðmúlastöðum. Einnig var byggður 0,4 km langur kafli við bæinn Sperðil.

261 **Fljótshlíðarvegur:**
02 Sámsstaðir-Hlíðarendi:
Fjárveiting var 2,0 m.kr. Undirbyggður var 2,2 km langur kafli milli Tumastaða og Kirkjulækjar.

30 **Hrunamannavegur:**
04 Stóra-Laxá—Flúðir:
Fjárveiting var 1,1 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 2,2 m.kr. Byggður var 1,8 km langur kafli til að tengja nýja brú á Stóru-Laxá. Eftir er að ganga frá köntum og leggja slitlag á veginn.

32 **Þjórsárdalsvegur:**
01 Hrunamannavegur—Stóra-Núpsvegur:
Fjárveiting var 3,0 m.kr. Tekið var bráðabirgðalán að upphæð 1,3 m.kr. Undirbyggður var 5,0 km langur kafli frá Hrunamannavegi að Bólstað.

35 **Biskupstungnabraut:**
05 Skálholtsvegur-Reykjavegur:
Fjárveiting var 3,5 m.kr. Auk þess var 1,0 m.kr. geymd frá fyrra ári. Byggður var, með einföldu slitlagi, 3,4 km langur kafli milli Hrosshaga og Litla-Fljóts.

305 **Villingaholtsvegur:**
01 Ýmsir staðir:
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Fjárveitingin var geymd til næsta árs.

360 **Grafningsvegur efri:**
01—02 Ljósifoss-Nesjavellir:
Fjárveiting var engin en framlag frá Hitaveitu Reykjavíkur 13.2 m.kr. Helmingur þess verður endurgreiddur samkvæmt ákvörðun þingmanna Suðurlands. Nýbyggður var að hluta og styrktur að hluta 12,0 km langur kafli frá Ljósafossi að Nesjavöllum. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hagvirki h.f.

42 **Krísuvíkurvegur:**
01 Reykjanesbraut-Vatnsskarð:
Fjárveiting var 3,4 m.kr. Lán frá Reykjavíkurborg var 1,4 m.kr. Nýbyggður var og lagður klæðingu, 3,0 km langur kafli frá enda slitlags að Bláfjallavegi. Undirbygging og burðarlag var unnið af verktakafyrirtækinu Óskari Hjaltasyni og klæðingin var unnin af Vegagerðinni.

48 **Kjósarskarðsvegur:**
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Nýbyggður var og lagður malarslitlagi 1,0 km langur kafli við Múlalæk. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Sigurði Gunnarssyni.

425 **Nesvegur:**
02 Reykjanesviti-Grindavík:
Fjárveiting var engin en vinnulán samkvæmt 2.3.0.2. var 2,8 m.kr. Undirbyggður var og lagður malarslitlagi 2,1 km. langur kafli vestan Grindavíkur. Með þessari vegagerð er lokað fyrir umferð í gegnum Grindavík suður á Reykjanes. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Fossverk sf.

431 **Hafravatnsvegur:**
01 Suðurlandvegur—Úlfarsfellsvegur:
Fjárveiting var 1,5 m.kr. Lagt var burðarlag og malarslitlag á 1,7 km. langan kafla frá Suðurlandsvegi að Sólheimum. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

50 **Borgarfjarðarbraut:**
05 Um Hvítá hjá Kljáfossi:
Fjárveiting var 3,5 m.kr. Byggður var 1,8 km kafli frá Hvítá áleiðis að Síðumúlaveggjum, einnig var lokið frágangi á kaflanum um Þverárbrú á Lundahyl sem byggður var 1984. Einnig var byggð ný brú á Hvítá. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

53 **Hvítárvallavegur:**
01 Um Andakílsárbrú:
Fjárveiting var 0,4 m.kr. Vegur var hækkaður báðum megin við brúna. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

56 **Stykkishólmsvegur:**
01 Kerlingarskarð:
Fjárveiting var 4,7 m.kr. og var hún lánuð með samþykki þingmanna til framkvæmda á Ólafsvíkurvegi, Stóra-Þúfa—Grímsá (Sjá fskj. 2.3.1.1.—1.).

59 **Laxárdalsvegur:**
02 Sólheimar—sýslumörk:
Fjárveiting var engin, en greidd var skuld frá Klofningsvegi 3,8 m.kr. Boðin var út lögn efra burðarlags og slitlags á 5,6 km kafla frá Sólheimum að sýslumörkum í tengslum við nýbyggingu á sama vegi frá sýslumörkum og norður fyrir Laxá. Lokið er lögn efra burðarlags að mestu, en eftir er að aka út slitlagi. Verktaki er Hagvirki hf.

506 **Grundartangavegur:**
01 Akranesvegur—Grundartangi:
Fjárveiting var 1,4 m.kr., ennfremur bráðabirgðalán frá Járnblendiverksmiðju að upphæð 0,5 m.kr. Lagfærður var um 4,2 km kafli frá Akranesvegi að Grundartanga og um 0,3 km kafli meðfram verksmiðju að höfn. Einnig var lagt einbreitt slitlag á kaflana. Verktaki var Hagvirki hf.

509 **Hagavegur:**
01 Borgarfjarðarbraut—Hagi:
Innistæða frá fyrra ári var 0,5 m.kr. Lagður var 0,5 km kafli um Kleif sem er norðan Stóru-Drageyrar. Verkið var unnið af Vegagerðinni.

590 **Klofningsvegur:**
02 Hafnarháls—Hóll:
Fjárveiting var 5,1 m.kr og var hún notuð til greiðslu á skuld við 59 Laxárdalsveg á Laxárdalsheiði og vinnulánum frá 1984.

612 **Örlygshafnarvegur:**
02 Um Örlygshöfn:
Fjárveiting var 6,6 m.kr. Lagðir voru stálhólkar í Vatnsdalsá og Skalladalsá, einnig var settur hólkur í Kvígindisdalsá fyrir fé til smábrúa. Lagður var vegur um allar þessar ár samtals 1,0 km á lengd. Auk þess voru gerðar minni lagfæringar á svæðinu. Framkvæmdum varð ekki lokið og verður fram haldið í vor.

643 **Strandavegur:**

02 Um Selá:

Fjárveiting var 2,1 m.kr. Lagður var 1,8 km vegur um nýja brú á Selá. Verkið var boðið út í tveimur hlutum og var það unnið af Kristjáni Guðmundssyni.

645 **Drangsnesvegur:**

01 Um Birgisdalsá:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. Lokið var við 1,0 km kafla frá fyrra ári og bætt við hann 0,75 km löngum kafla.

659 **Laxárdalsvegur:**

01 Sýslumörk—Hólmavíkurvegur:

Fjárveiting var 5,0 m.kr. Endurbyggður var 4,9 km vegarkafli á Laxárdalsheiði frá sýslumörkum að Mógrafarmýri. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Hagvirki h.f. Frágangur klárast ekki fyrr en vorið 1986. Þetta er síðasti áfanginn í vegagerð á Laxárdalsheiði.

704 **Miðfjarðarvegur:**

01—02 Norðurlandsvegur—Bjarg:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Byggður var nýr vegur um Vesturá 1,4 km. Verktaki var Húnavirki hf. Einnig var lokið frágangi við Urriðaá. Kostnaður var 1,7 m.kr.

731 **Svínvetningabraut:**

02—03 Reykjabraut—Langamýri:

Fjárveiting var 0,4 m.kr. Greitt var vinnulán 0,4 m.kr. Lagt var malarslitlag á nýbyggingu frá Hnjúkum að Sauðanesi. Kostnaður var 0,8 m.kr.

03 Langamýri—Norðurlandsvegur:

Fjárveiting var 3,0 m.kr. og framlag frá Landsvirkjun 3,0 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Blöndubrú að Norðurlandsvegi 3,9 km., ásamt tengingu við Blöndudalsveg 0,4 km. Frágangi er ekki lokið. Verktaki er Hvítserkur hf. Kostnaður var 6,8 m.kr.

745 **Skagavegur:**

06—07 Keta-Skefilstaðir:

Fjárveiting var 2,5 m.kr. Byggður var nýr vegur frá Ketu að Syðri-Bjargalæk 2,5 km, og frá Selá að Hóli 2,3 km. Verktaki var Vörubílstjórafélag Skagafjarðar. Kostnaður var 3,1 m.kr.

09 Þverárfjallsvegur-Sauðárkrókur:

Fjárveiting var 0,2 m.kr. Byggður var upp vegurinn frá Heiði að Heiðará 2,0 km. Kostnaður var 1,6 m.kr.

758 **Austurdalsvegur:**

01 Skagafjarðarvegur-Merkigilsvegur:

Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagfærðar voru vegrásir, ræsi endurnýjuð og lögð ný á kaflanum frá Birgisskarði að Skuggabjörgum, sem er um 13 km að lengd.

787 **Flókadalsvegur:**

01 Siglufjarðarvegur-Siglufjarðarvegur.

Fjárveiting var 1,9 m.kr. Byggður var kaflinn frá Ysta-Mói að Austarihóli 2,3 km. Frágangi er ólokið. Verktaki er Verkver sf.

811 **Hjalteyrarvegur:**

01 Ólafsfjarðarvegur-Bakkavegur:

Fjárveiting var 3,6 m.kr. Lagður var 2,1 km langur kafli frá Ólafsfjarðarvegi að Bakkavegi. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Ós sf.

813 **Möðruvallavegur:**
Fjárveiting var 0,8 m.kr. Endurbyggður var 1,6 km langur kafli frá Stóru-Brekku að Hallgilsstöðum.

822 **Kristnesvegur:**
Fjárveiting var 1,0 m.kr. Lagður var 0,5 km. langur kafli frá Eyjafjarðarbraut vestri að Reykhúsum. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Glerá sf. Einnig var endurbyggður 0,5 km langur kafli frá Reykhúsum að Kristnesspítala og lögð einföld einbreið klæðing á báða kaflana.

824 **Finnastaðavegur:**
Fjárveiting var 0,7 m.kr. Lagður var 0,6 km langur kafli um Holtasel og endurbyggður 1,1 km langur kafli frá Eyjafjarðarbraut vestri að Holtsseli.

829 **Eyjafjarðarbraut vestri:**
02 Syðra-Laugaland—Klauf:
Fjárveiting var 3,4 m.kr. Lagður var 1,7 km langur kafli frá Miðbraut að Grýtu. Verkið var unnið af verktakafyrirtækinu Glerá sf.

836 **Vaglaskógarvegur:**
Fjárveiting var engin en innistæða frá fyrra ári 0,8 m.kr. Endurbyggður var 2,4 km langur kafli frá ristarhliði til suðurs og lögð einföld einbreið klæðing á 3,2 km langan kafla frá ristarhliði að Mörk.

842 **Bárðardalsvegur vestri:**
04 Við Mýri:
Fjárveiting var 0,6 m.kr. Lagður var 1,1 km langur kafli frá Mýri að brú á Skjálfandafljóti.

858 **Flugvallarvegur Aðaldal:**
Fjárveiting var 1,4 m.kr. Lagður var 1,3 km langur kafli frá Norðausturvegi að nýrri flugstöð. Verkið var unnð af verktakafyrirtækninu Glerá sf.

870 **Kópaskersvegur:**
Fjárveiting var 1,2 m.kr. Lagður var 0,8 km langur kafli frá Kópaskeri að Kópaskersflugvelli.

931 **Upphéraðsvegur:**
08 Hallormsstaður-Mjóanes:
Fjárveiting var 4 m.kr. Lagður var, nýr að hluta og endurbyggður að hluta, 2,5 km kafli milli Freyshóla og Mjóaness. Frágangi er ólokið. Verkið var unnið af Vegagerðinni að mestu, en verktakinn S. Stefánsson hf. annaðist efnisflutninga.

966 **Flugvallarvegur Djúpavogi:**
Fjárveiting 3,0 m.kr. Innistæða frá fyrra ári 0,21 m.kr. Lagður var nýr vegur 1,0 km. Verktaki Grefill sf. Breiðdalsvík.

94 **Borgarfjarðarvegir:**
01 Seyðisfjarðarvegur-Mýnes:
Fjárveiting var engin. Unnið var fyrir innistæðu úr Vatnsskarði 2,8 m.kr. Hafin var endurbygging á 5 km kafla frá Seyðisfjarðarvegi að Mýnesi og er verkið skammt á veg komið. Verktaki Gunnar og Kjartan sf. Egilsstöðum.

05 Um Bóndastaðaháls:
Fjárveiting var 3,2 m.kr. og til vega í jaðarbyggðum 3,2 m.kr. Hafin var nýbygging á 4,6 km kafla um Bóndastaðaháls og er skammt á veg komin. Verktaki Vökvavélar hf. Egilsstöðum.

08 Njarðvík-Borgarfjörður:
Fjárveiting var engin, en innistæða 0,42 m.kr. Lokið var undirbyggingu á 2,4 km. kafla frá Framnesi að Bakkagerði.

Vegir í jaðarbyggðum.

745 **Skagavegur:**

03—04 Krókssel-sýslumörk:

Fjárveiting var 3,9 m.kr. Byggðir voru eftirtaldir kaflar: Frá Króksbjargi að Laxá 9,4 km, um Tjörn 0,7 km og um Digramúla 0,9 km. Verktaki var Hvítserkur hf.

917 **Hlíðarvegur:**

02 Um Sleðbrjót:

Fjárveiting var 3,5 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 0,3 m.kr. Lagður var nýr vegur á 2,6 km kafla og styrktur 1,2 km kafli milli Axlalækjar og Sleðabrjótsmóa. Verktaki var Gylfi Gunnarsson Neskaupsstað.

94 **Borgarfjarðarvegur:**

05 Um Bóndastaðaháls:

Fjárveiting var 3,2 m.kr. og til þjóðbrauta 3,2 m.kr. samkvæmt 2.3.2.1.

Fskj. 2.4.1.—1.

Brýr 10 m og lengri.
Greinargerð um framkvæmdir.

Stóra-Laxá (30):

Fjárveiting var 20,2 m.kr. Byggð var 120 m eftirspennt bitabrú í þremur höfum. Brúin kemur í stað brúar frá 1929, sem var orðin mjög léleg og lokaðist oft í vetrarflóðum.

Laxá hjá Hækingsdal (sýsluv.):

Fjárveiting var 2,7 m.kr. Byggð var 18 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Hún leysir af hólmi steypta brú, sem orðið hefur fyrir endurteknum skemmdum af flóðum og eyðilagðist endanlega í byrjun árs 1985.

Hvítá hjá Kljáfossi (50):

Fjárveiting var 4.7 m.kr. Byggð var 41 m stálbitabrú með steyptu gólfi í þremur höfum. Kemur hún í stað stálgrindarbrúar frá 1920. Sú brú var mjög þröng og vegna ryðskemmda og annarra skaða var burðarþol hennar skert og aðeins leyfður 7 tonna öxulþungi á henni.

Kverná (57):

Fjárveiting var 4.0 m.kr. Byggð var 10 m steypt plötubrú með tveimur akreinum. Brúin er í nýrri veglínu, sem er nær sjónum en gamli vegurinn.

Selá (643):

Fjárveiting var 7.4 m.kr. Byggð var 40 m eftirspennt bitabrú í tveimur höfum. Brúin er í nýrri veglínu miklu neðar en gamli vegurinn og leiðir það til verulegrar styttingar á Strandavegi. Gamla brúin á Selá var frá 1948 og orðin léleg m.a. vegna steypuskemmda.

Vesturá (704):

Fjárveiting var 0.7 m.kr. Lokið var byggingu 30 m brúar, sem hafin var árið 1984.

Einarstaðaár (96):

Fjárveiting var 4.2 m.kr. Byggðar voru tvær plötubrýr á Einarstaðaár. Brýrnar eru á þjóðvegi í þéttbýli í Stöðvarfirði. Þær eru 10,5 m breiðar og 8,0 og 8,8 m langar. Þarna voru áður mjóar og lélegar stálbitabrýr.

Bjarnadalsá (60):

Fjárveiting var 2.7 m.kr. og á næstu tveimur árum er gert ráð fyrir 3.1 m.kr. hvort ár. Byggð var 51 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Brúin kemur í stað bogabrúar frá 1930 og hafði öxulþungi á henni verið takmarkaður við 2 tonn.

Með tilkomu brúarinnar og samhliða lagfæringum á brúm á Miðdalsgili og Brúnkollugili var sérstökum öxulþungatakmörkunum á Bröttubrekku aflétt.

Gilsá (96):

Fjárveiting var 1.3 m.kr. og á árinu 1986 er gert ráð fyrir 2.5 m.kr. fjárveitingu. Byggð var 6 m brú með tveimur akreinum.

Fskj. 2.5.1.— 1.

Aðalfjallvegir. Greinargerð um framkvæmdir.

F22 Fjallabaksleið nyrðri:

Fjárveiting var 250 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F28 Sprengisandsleið:

Fjárveiting var 500 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F35 Kaldadalsleið:

Fjárveiting var 350 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F37 Kjalvegur:

Fjárveiting var 1 050 þús.kr. Auk venjulegs viðhalds var byggður kafli á Bláfellshálsi, en megináhersla var lögð á framkvæmdir á syðri hluta leiðarinnar eins og s.l. ár.

F78 Skagafjarðarleið:

Fjárveiting var 350 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F82 Eyjafjarðarleið:

Fjárveiting var 500 þús.kr. og var henni varið til heflunar og almenns viðhalds á leiðinni.

F92 Gæsavatnaleið:

Fjárveiting var 400 þús.kr. og var henni varið til almenns viðhalds á leiðinni.

Nd. 1015. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu á orðalagi 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson, frsm.

Svavar Gestsson.

Nd. 1016. Breytingartillaga [16. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 1985, um húsnæðissparnaðarreikninga.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (JBH, SvG).

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Hefji reikningseigandi byggingu íbúðarhúsnæðis eða kaupi íbúðarhúsnæði til eigin nota, eða tryggi sér ótímabundinn afnotarétt íbúðar með greiðslu ákveðins hluta af stofnkostnaði íbúðarhúsnæðisins með þeim kvöðum sem greindar eru í 4. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins, eða kaupi sér eignarhlut í leiguíbúð skv. 4. mgr. 58. gr. þeirra laga, sbr. c-lið 33. gr. laganna, þá skal innstæðan þó laus. Úttektarfjárhæð má ekki fara fram úr verði því sem greitt er fyrir íbúð eða eignarhlut í íbúð né vera hærri en nemur því framlagi sem greitt var til tryggingar afnotarétti íbúðar. Innstæðan skal laus frá þeim tíma sem reikningseigandi staðfestir kaupin eða bygginguna við banka eða sparisjóð með framvísun kaupsamnings eða vottorðs byggingarfulltrúa um að byggingin sé hafin, eða þegar hlutaðeigandi staðfestir kaup á eignarhlut í íbúð eða greiðslu framlags til tryggingar afnotarétti íbúðar, þó aldrei fyrr en full þrjú ár eru liðin frá því að fyrst var lagt inn á reikninginn. Sama gildir ef reikningseigandi hefur lagt í verulegar endurbætur á eigin íbúðarhúsnæði enda nemi kostnaður við endurbæturnar a.m.k. 20% af fasteignamati húsnæðisins í ársbyrjun og reikningseigandi framvísi vottorði skattstjóra þar að lútandi. Úttektarfjárhæð má þó eigi fara fram úr kostnaðinum við endurbæturnar.

Nd. 1017. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefndir beggja deilda unnu saman að athugun frumvarpsins og áttu fund með fulltrúum úr þeirri nefnd sem forsætisráðherra skipaði 18. mars s.l. til þess að gera tillögur um húsnæðismál á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um það efni 27. febr. s.l. Sú yfirlýsing var gefin af tilefni þess samkomulags um húsnæðismál sem Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna undirrituðu í tengslum við nýja kjarasamninga 26. febr. s.l.

Þeir, sem komu á fundi nefndanna, voru Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri, sem var formaður húsnæðisnefndarinnar, Geir H. Haarde frá fjármálaráðuneytinu, Vilhjálmur Egilsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Örlygur Geirsson frá BSRB og þeir Jóhannes Siggeirsson og Ásmundur Hilmarsson frá ASÍ. Enn fremur komu á fundi nefndarinnar Katrín Atladóttir frá Húsnæðisstofnun ríkisins og þeir Hrafn Magnússon og Þórarinn Þórarinsson frá Sambandi almennu lífeyrissjóðanna, Haukur Hafsteinsson frá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og Pétur Blöndal frá Landssambandi lífeyrissjóða og Húseigendafélaginu. Loks var Stefán Ingólfsson verkfræðingur hjá Fasteignamati ríkisins kallaður á fund nefndarinnar.

Frumvarp þetta felur í sér gjörbreytingu á uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Það felur í sér að lánsfjárhæðir hækka verulega og geta einstök lán orðið allt að 2,1 millj. kr. vegna byggingar eða kaupa á nýrri íbúð miðað við verðlag í febrúar og um 1,5 millj. kr. vegna kaupa á notaðri íbúð. Allir eru lánshlutar verðtryggðir. Þessar fjárhæðir miðast við þá sem ekki eiga íbúð fyrir en aðrir eiga rétt á 70% af þessum upphæðum. Jafnframt er lánstími lengdur úr 31 ári í 40 ár á nýjum íbúðum og úr 21 ári í 40 ár á notuðum. Út frá því er gengið að vextir verði ekki hærri en 3,5%. Þessar tillögur miðast við það að greiðslubyrði húsnæðislána verði þolanleg fyrir allan þorra manna. Eins og áður er Byggingarsjóði verkamanna ætlað að grípa inn í hjá þeim sem verst eru settir og eru lán úr þeim sjóði hækkuð úr 80% í 85% jafnframt því sem gert er ráð fyrir skammtímafyrirgreiðslu fyrir þá sem eiga erfitt með að kljúfa útborgun.

Frumvarpið byggist á því að lífeyrissjóðirnir fjármagni Húsnæðisstofnun ríkisins og miðast lánsréttur einstaklinga við skuldabréfakaup viðkomandi lífeyrissjóðs. Þannig er hámarkslánsréttur einstaklings bundinn því skilyrði að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf hjá Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Lánsrétturinn minnkar svo í hlutfalli við minnkandi skuldabréfakaup viðkomandi lífeyrissjóðs og verður að lokum enginn ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir minna en 20% af ráðstöfunarfé sínu. Lánsréttur skerðist ekki hjá fólki sem er utan vinnumarkaðar vegna árstíðarbundinnar atvinnu eða veikinda og heldur ekki hjá þeim sem hafa heimilisstörf að aðalstarfi né hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem eru utan vinnumarkaðar vegna fötlunar eða örorku. Hjá hjónum eða sambýlisfólki miðast lánsréttur við meðaltal þess lánsréttar sem viðkomandi lífeyrissjóðir gefa.

Þetta kerfi virðist við fyrstu sýn nokkuð flókið. Tilgangurinn með því er sá að knýja á lífeyrissjóðina að kaupa skuldabréf hjá Húsnæðisstofnun en borið hefur á því á undanförnum árum hjá einstökum lífeyrissjóðum að þeir hafa skotið sér undan slíkum skuldabréfa-

kaupum og þess vegna getað veitt félögum sínum betri lánsúrlausn en aðrir sjóðir sem hafa haldið uppi húsnæðiskerfinu. Það er auðvitað erfitt að segja um það fyrir fram með fullri vissu hver reynslan af þessu kerfi verður. Allar þær upplýsingar, sem nefndin hefur getað aflað sér, benda þó til þess að langflestir lífeyrissjóðanna muni kjósa að kaupa skuldabréf að 55%-markinu til þess að tryggja félagsmönnum sínum fyllsta rétt í Húsnæðisstofnun. Það verður heldur ekki séð að stjórnir lífeyrissjóðanna geti ávaxtað fé sitt betur með öðrum hætti né öruggari. Auðvitað er það höfuðtilgangur lífeyrissjóðanna að greiða félagsmönnum sínum lífeyri þegar aldurinn færist yfir þá. Það er því höfuðverkefni lífeyrissjóðanna að þeir ávaxti fé sitt vel og ekki ætti það að spilla ef þeir jafnframt geta greitt fyrir því að sjóðfélagar geti komið sér upp íbúð.

Eins og áður segir er lánsréttur bundinn því að viðkomandi sé í lífeyrissjóði enda ber öllum, sem tekjur hafa á annað borð, að vera það. Rétt er að taka fram að iðgjöld til lífeyrissjóða eru greidd af atvinnuleysisbótum. Þá er það opið fyrir námsmenn að greiða í lífeyrissjóð á námstíma sínum, sbr. lög um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ber lögum samkvæmt að ávaxta a.m.k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir því að skuldabréfakaup skv. frumvarpi þessu rúmist innan 55%-markanna og renni til Húsnæðisstofnunar ef frv. verður að lögum.

Fimm nefndarmenn flytja breytingartillögur á sérstöku þskj. sem fela m.a. í sér:

1. Eðlilegt þykir að þessu samkomulagi sé fylgt eftir með því að breyta nokkuð stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins. Lögum samkvæmt eru tveir stjórnarmenn tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands en hér er gert ráð fyrir að enn fremur verði einn skipaður eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Það er gert með hliðsjón af þeirri nauðsyn að tryggja verður undanbragðalausa aðild lífeyrissjóðanna að húsnæðislánakerfinu. Út frá sömu forsendum er líka eðlilegt að aðilum vinnumarkaðarins verði gert kleift að fylgjast með því að framkvæmd laganna verði í samræmi við samkomulagið um húsnæðismálin.
2. Einsýnt er að þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem eiga óverulegan rétt í lífeyrissjóðum, njóti hámarkslánsréttar en ekki lágmarkslánsréttar eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Brtt. um þetta atriði er flutt skv. ábendingu nefndar þeirrar er samdi frv.
3. Rétt þótti að taka af allan vafa um það að einstakir lánshlutar fylgdu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.
4. Lagt er til að réttur til að fá viðbótarlán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis miðist við b-lið 13. gr. en ekki a-lið eins og gert er í frumvarpinu. Þessi brtt. er flutt skv. ábendingu nefndar þeirrar er samdi frv. þar sem annað sýndist ofrausn.
5. Lagt er til að heimilt sé að lána allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði og endurbótakostnaði fyrir fólk með sérþarfir í stað 70% í frv.
6. Lagt er til að í bráðabirgðaákvæði sé miðað við 1. september 1985 í stað 1. janúar 1985 varðandi útreikning á ógreiddum lánshlutum.

Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrumvarpið gerði samkomulagið ráð fyrir því að 300 millj. kr. yrði varið til viðbótar þeim 200 millj. kr. sem fyrir voru til aðgerða til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði á árunum 1980 og síðar. Það var rætt í nefndinni hvort rétt væri að fella inn í lögin ákvæði þar að lútandi. Frá því var þó horfið þar sem talið var að það ætti ekki að vera verkefni Húsnæðisstofnunar til frambúðar að greiða úr greiðsluvanda þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum vegna húsbygginga. Tilgangur frumvarpsins er þvert á móti sá að reyna að gefa húsbyggjendum kost á slíkum lánskjörum að ekki eigi til greiðsluvandans að koma.

Spurt var um kaupleiguíbúðir og var upplýst að ekki hefði verið minnst á þær í viðræðum aðila vinnumarkaðarins né í þeirri nefnd sem vann að samningu frumvarpsins á grundvelli samkomulags aðila vinnumarkaðarins um húsnæðismál.

Skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir því að fé til Byggingarsjóðs verkamanna verði aukið um 200 millj. kr. á árinu og jafnframt tekið fram að stjórn verkamannabústaða skuli eftir því sem kostur er og hagkvæmt þykir kaupa íbúðir á frjálsum markaði sem geti komið í notin sem allra fyrst. Það er auðvitað eðlilegt að stjórn verkamannabústaða nýti sér með þessum hætti það lága markaðsverð sem nú er á íbúðum en á hinn bóginn þykir rétt að leggja áherslu á það nú sem fyrr að jafnan sé nauðsynlegt að gæta ýtrustu hagkvæmni í byggingu íbúða í verkamannabústöðum, m.a. með útboðum, en reynslan sýnir að í einstökum tilvikum hefur byggingarkostnaður reynst óhæfilega mikill.

Það var rætt í nefndinni hvort rétt væri að taka inn í frumvarpið sérstakan nýjan staflið við 33. gr. þar sem rætt er um hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna, svohljóðandi:

„Byggi félagasamtök eða sveitarfélög verndaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða eða öryrkja í skipulögðu hverfi eða háhýsi — en í tengslum við þjónustu- og öryggismiðstöð — skal Byggingarsjóður verkamanna lána til slíkra íbúða svo sem gert er til verkamannabústaða. Skilyrði slíkra lána er að íbúðir þessar verði til nota fyrir elli- eða örorkulífeyrisþega meðan sjóðurinn á veð í viðkomandi íbúð."

Ekki þótti rétt að fella þessa breytingu inn í frumvarpið heldur einskorða sig við það samkomulag sem náðist hjá aðilum vinnumarkaðarins. Meiri hl. nefndarinnar vill þó beina því til stjórnar verkamannabústaða að greiða fyrir slíkri starfsemi eftir því sem tök eru á innan heimilda c-liðar 33. gr. laganna.

Um það er samkomulag í nefndinni að sú milliþinganefnd, sem skipuð var til að endurskoða húsnæðislöggjöfina fyrir ári, skuli halda áfram störfum eftir að þingi lýkur nú í vor og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar nægilega snemma til þess að hægt verði að leggja frv. fram á haustþinginu. Í þessari milliþinganefnd eiga sæti fulltrúar allra þingflokkanna nema Bandalags jafnaðarmanna sem kaus að draga fulltrúa sinn úr henni. Nefndin skilaði bráðabirgðaáliti nú í desember s.l. en störf hennar hafa legið niðri eftir að úrvinnsla þessa frumvarps hófst — að öðru leyti en því að hún átti þrjá fundi með þeirri nefnd sem það samdi.

Frv. þetta er efnislega einskorðað við þá þætti húsnæðismála sem samkomulag aðila vinnumarkaðarins tók til. Öðrum þáttum, sem varða húsnæðismálin, var meiri hl. nefndarinnar sammála um að vísa til milliþinganefndarinnar. Meðal slíkra atriða eru þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi um breytingar á húsnæðislánakerfinu en ekki hefur verið kostur á að fjalla um við meðferð málsins á Alþingi. Í þeim efnum bendir nefndin sérstaklega á eftirfarandi:

1. Reglur um veð og veðhæfni íbúða.
2. Kaupleiguíbúðir, húsnæðissamvinnufélög og leiguhúsnæði.
3. Fjármögnun húsnæðislánakerfisins til frambúðar.
4. Áhrif nýja húsnæðislánakerfisins á félagslegar íbúðabyggingar og verkamannabústaðakerfið yfirleitt.
5. Verndaðar þjónustuíbúðir fyrir öryrkja eða aldraða.
6. Stöðu og hlutverk ráðgjafarþjónustu Húsnæðisstofnunar.
7. Ráðstafanir til þess að koma enn frekar til móts við þá sem höfðu byggt eða keypt íbúð og lent í verulegum greiðsluerfiðleikum eftir 1980 og hið nýja húsnæðislánakerfi tekur ekki til.
8. Stærðarmörk íbúða verði athuguð sérstaklega og reglur opinberra stofnana þar að lútandi samræmdar.
9. Þegar líða tekur á sumarið kanni milliþinganefndin hvernig ætlunin sé að framkvæma ákvæði 11. gr. sem virðast geta orðið flókin og erfið í framkvæmd.
10. Hvernig farið skuli með lánsrétt þeirra sem ekki geta nýtt lánsrétt sinn til fulls við kaup á fyrstu íbúð vegna þess að um ódýra eða litla íbúð er að ræða. Þá er haft í huga að viðkomandi þurfi á stærri íbúð að halda vegna breyttra aðstæðna.

Nefndin telur rétt að taka fram að hún ætlast til þess að fylgt verði sömu verklagsreglum og í gildi hafa verið varðandi þá sem búa í mjög lélegu — heilsuspillandi eða ósamþykktu — húsnæði og sækja um lán til Húsnæðisstofnunar. Hljóti þeir að fá afgreiðslu eins og þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn skv. nánari reglum sem Húsnæðisstofnun setur.

Þessu nefndaráliti fylgir sem fskj. samanburður á hámarksláni skv. gildandi lögum og skv. frumvarpinu með þeim breytingum, sem felast í brtt. á þskj. 1018. Þessi samanburður er unninn af Katrínu Atladóttur hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Enn fremur fylgir yfirlit yfir fokheldar íbúðir undanfarin ár, veitt nýbyggingalán og túlkun á því hvernig bráðabirgðaákvæði frv. verka á tímabilinu frá 1. september til 31. desember 1986.

Kristín Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar og er samþykk nefndarálitinu með fyrirvara. Einn nefndarmanna, Jóhanna Sigurðardóttir, skilar séráliti.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Friðrik Sophusson, form.	Halldór Blöndal, frsm.	Stefán Guðmundsson.
Svavar Gestsson, með fyrirvara.	Stefán Valgeirsson, með fyrirvara.	Eggert Haukdal.

Fylgiskjal.

Samanburður á hámarksláni skv. gildandi lögum og skv. frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, l. nr. 60/1984, ef breytingartillögur fimm nefndarmanna félagsmálanefndar verða samþykktar.

NÝBYGGINGAR.

Skv. gildandi lögum.

Lánstími er 31 ár.

Hámarkslán (jan.–mars):

Einn maður	782 000
2–4 manna fjölskylda	994 000
5+ manna fjölskylda	1 161 000

Lánsfjárhæðin nemur 29,1% af kostnaðarverði staðalíbúðar viðkomandi fjölskyldustærðar.

Hámarksstærð:

Einn maður	94m²
2–4 manna fjölskylda	129m²
5+ manna fjölskylda	149m²

Síðan skerðist lánið í ákveðnum þrepum.

Skv. frumvarpi til laga.

Lánstími er 40 ár.

Hámarkslán (jan.–mars):

Lánsréttur tekur mið af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fyrstu kaup: lánsfjárhæð 2 100 000 fyrir allar fjölskyldustærðir.
Íbúð fyrir: lánsfjárhæð 1 470 000 fyrir allar fjölskyldustærðir.

Lánsfjárhæð verður aldrei hærri en sem nemur 70% af kostnaðaráætlun eða raunverulegu kaupverði.

Hámarksstærð:
170 m² en skerðist um 2% fyrir hvern umfram m².

NOTAÐAR ÍBÚÐIR.

Skv. gildandi lögum.
Lánstími er 21 ár.

Hámarkslán (jan.–mars):
Fyrstu kaup:

Einn maður	391 000
2–4 manna fjölskylda	497 000
5+ manna fjölskylda	580 000

Íbúð fyrir:

Einn maður	195 000
2–4 manna fjölskylda	248 000
5+ manna fjölskylda	290 000

Lánsfjárhæð til fyrstu kaupa er 50% af nýbyggingarláni og 25% af nýbyggingarláni til þeirra sem eru að skipta um íbúð.
Lán má aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 50% af útborgun á kaupári eftir að búið er að taka tillit til lífeyrissjóðsláns/lána.
Þó má nýtt lán að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins aldrei nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma.

Skv. frumvarpi til laga.
Lánstími er 40 ár.

Hámarkslán (jan.–mars):
Lánsréttur tekur mið af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Fyrstu kaup: lánsfjárhæð 1 470 000.
Íbúðir fyrir: lánsfjárhæð 1 029 000.

Lánsfjárhæðin er 70% af hámarksnýbyggingarlánsrétti umsækjanda miðað við fyrstu kaup og þeir, sem eru að skipta um íbúð, eiga rétt á 70% af hámarksnýbyggingarlánsrétti umsækjanda miðað við síðari kaup.
Lán má aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.
Þó má nýtt lán að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda.

VIÐBYGGINGAR OG ENDURBÆTUR.

Skv. gildandi lögum.

Hámarkslán:

Ef um er að ræða endurbætur eða viðbyggingu er hámarkslán eftirfarandi:

Einn maður	391 000
2–4 manna fjölskylda	497 000
5+ manna fjölskylda	580 000

Lán má nema 50% af nýbyggingarláni miðað við fjölskyldustærð.

Ef saman fara viðbygging og endurbætur er hámarkslán:

Einn maður	626 000
2–4 manna fjölskylda	795 000
5+ manna fjölskylda	929 000

Sömu stærðarreglur gilda um viðbyggingu og um nýbyggingu.

Viðgerðarlán má koma til viðbótar láni til kaupa á notuðu húsnæði en samtals mega þau ekki nema hærri fjárhæð en nýbyggingarlán er á hverjum tíma miðað við fjölskyldustærð.

Skv. frumvarpi til laga.

Hámarkslán:

Lánsréttur tekur mið af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ef um er að ræða viðbyggingu eða endurbætur er hámarkslán 1 470 000.

Lánið má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun.

Sömu stærðarreglur gilda um viðbyggingu og um nýbyggingu.

Viðgerðarlán má koma til viðbótar láni til kaupa á notuðu húsnæði en samtals mega þau ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur nýbyggingarláni vegna síðari kaupa, þ.e. 1 470 000.

LÁN TIL ÚTRÝMINGAR Á HEILSUSPILLANDI HÚSNÆÐI.

Skv. gildandi lögum.

Lánstími er nú 16 ár.

Hámarkslán (jan.–mars):

Hámarkslán út á sérhverja íbúð er 601 000.

Þetta lán getur komið til viðbótar nýbyggingarláni en samtals mega þessi lán aldrei fara yfir 80% af byggingarkostnaði.

Hámark:

Einn maður	1 383 000
2–4 manna fjölskylda	1 595 000
5+ manna fjölskylda	1 762 000

Ef um endurbætur er að ræða þá má lánið nema 80% af viðgerðarkostnaði en þó að hámarki:

Einn maður	391 000
2–4 manna fjölskylda	497 000
5+ manna fjölskylda	580 000

Skv. frumvarpi til laga.

Lánstími er 26 ár.

Hámarkslán:

Út á sérhverja íbúð 1 029 000 (þ.e. 70% af hámarksláni miðað við að viðkomandi eigi íbúð fyrir).

Þetta lán getur komið til viðbótar nýbyggingarláni en samtals mega þessi lán aldrei fara yfir 70% af byggingarkostnaði.

Hámark:

Hámarkslán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði getur því orðið samtals 3 129 000, þ.e. fullt nýbyggingarlán og lán til útrýmingar.

Ef um endurbætur er að ræða má lánið nema 70% af viðgerðarkostnaði en þó að hámarki 1 470 000.

SÉRÞARFALÁN.

Skv. gildandi lögum.

Lánstími er 16 ár.

Lánsfjárhæð:

Lánsfjárhæð má nema allt að 80% af viðbótarkostnaði en þó að hámarki:

Einn maður	391 000
2–4 manna fjölskylda	497 000
5+ manna fjölskylda	580 000

Skv. frumvarpi til laga.

Lánstími er 26 ár.

Lánsfjárhæð:

Lánsfjárhæð má nema allt að 80% af viðbótarkostnaði en þó að hámarki 1 470 000.

ORKUSPARANDI LÁN.

Skv. gildandi lögum.

Lánstími er 16 ár.

Lánsfjárhæð:

Lánsfjárhæðin má nema allt að 80% af endurbótakostnaði. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en:

Einn maður	391 000
2–4 manna fjölskylda	497 000
5+ manna fjölskylda	580 000

Skv. frumvarpi til laga.

Lánstími er 21 ár.

Lánsfjárhæð:

Lánsréttur tekur mið af skuldabréfakaupum lífeyrissjóðs umsækjanda af Húsnæðisstofnun ríkisins.

Lánsfjárhæðin má nema allt að 70% af endurbótakostnaði. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en 1 470 000, eða sem nemur lánsrétti umsækjanda miðað við síðari kaup í nýbyggingu.

Fokheldar söluíbúðir
(bæði hjá einstaklingum og framkvæmdaaðilum, sem hafa fengið framkvæmdalánssamning):

	1983	1984	1985	1986
Janúar	75	170	88	50
Febrúar	52	78	82	77
Mars	68	122	77	
Apríl	115	96	80	
Maí	67	119	44	
Júní	78	144	116	
Júlí	124	144	154	
Ágúst	85	131	137	
September	151	223	159	
Október	111	230	121	
Nóvember	95	177	121	
Desember	86	155	131	
Samtals	1 107	1 789	1 310	

Janúar–september 1983	815 íbúðir
Janúar–september 1984	1 227 íbúðir
Janúar–september 1985	943 íbúðir

Fækkun um 23,1% á milli áranna 1984 og 1985.

F-lán (frumlán og framkvæmdalán)

	Staðall I	Staðall II	Staðall III	Samtals
Fyrsta íbúð	80,4%	46,3%	11,8%	47,3%
Íbúð fyrir	19,6%	53,7%	88,2%	52,7%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

G-lán

	Staðall I	Staðall II	Staðall III	Samtals
Fyrsta íbúð	78,0%	56,7%	17,8%	55,9%
Íbúð fyrir	22,0%	43,3%	82,2%	44,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Nýbyggingarlán, bæði frumlán og framkvæmdalán

Ár	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Fjöldi	2060	1875	1907	1132	1375	1254	1619	1459
Fyrsta íb., %				33,4	39,7	40,4	49,4	47,3
Íbúð fyrir, %				66,6	60,3	59,6	50,6	52,7

G-lán

Ár	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985
Fjöldi	1897	2408	2044	2183	2132	1895	2115	1956
Fyrsta íb., %				54,6	56,0	50,7	55,2	55,9
Íbúð fyrir, %				45,4	44,0	49,3	50,6	44,1

Túlkun á tímabilinu 1. september 1986 til 31. desember 1986 vegna þeirra sem kost eiga á því að fá hækkun á sínu láni eða lánshlutum skv. nýja kerfinu.

Dæmi 1:

Umsækjandi á inni umsókn þar sem óafgreiddur er einn eða fleiri lánshlutar 1. september n.k.

Lífeyrissjóður viðkomandi hefur samþykkt að kaupa fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu á þessu ári (1986).

Þessi umsækjandi á rétt á fullu láni, miðað við kaup lífeyrissjóðsins, á þeim lánshluta eða því láni sem afgreitt er fyrir áramót, þegar fengið lífeyrissjóðslán skerðir ekki þennan hækkaða lánshluta.

Dæmi:

Fullt lán

Gamla kerfið 1 050 þús. kr. — 1. hluti 350 þús. kr.

Fullt lán

Nýja kerfið 2 100 þús. kr. — 1. hluti 700 þús. kr.

Sé lánshlutinn greiddur út eftir 1. september á þessi lántakandi rétt á 700 000.

Dæmi 2:

Umsækjandi á inni umsókn þar sem óafgreiddur er einn eða fleiri lánshlutar 1. september n.k.

Lífeyrissjóður viðkomandi hefur samþykkt að kaupa fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1987 en getur ekki komið með aukið fjármagn inn á þessu ári.

Hvernig verður farið með þennan lántakanda?

Hann er þegar búinn að fá lífeyrissjóðslán.

Dæmi:

Fullt lán:

Gamla kerfið 1 050 þús. kr. — 1. hluti 350 þús. kr.

Fullt lán

Nýja kerfið 2 100 þús. kr. — 1. hluti 700 þús. kr.

Lífeyrissjóðslán

Síðan 1. jan. 1985 450 þús. kr. — 150 þús. kr.

(Sama hlutfall eins og lánið skiptist)

Þessi umsækjandi gæti átt kost á að fá 350+200=550 þús. kr., þ.e. 350 þús. kr. sem er mismunur á milli gamla lánsréttarins og þess nýja (700–350) og að frádregnum 150 þús. kr. sem er ⅓ hluti lífeyrissjóðslánsins. Það sem eftir er er 200 þús. kr. sem lífeyrissjóðurinn verður þá að vera tilbúinn til að greiða inn á þessu ári.

700 þús.kr.	nýtt lán
−350 þús.kr.	gamalt lán
−150 þús.kr.	lífeyrissjóðslán
200 þús.kr.	

Nafnalisti yrði sendur til lífeyrissjóðs viðkomandi og sjóðurinn beðinn um að samþykkja þessa hækkun á láni. Einnig mundi hann senda Byggingarsjóði ríkisins þessa mismunagreiðslu.

Dæmi:

Ef 2/3 hlutar lánsins eru ógreiddir og lífeyrissjóður viðkomandi kemur ekki inn með t.d. 55% af ráðstöfunarfé sínu fyrr en á árinu 1987, en annar lánshlutinn kemur til greiðslu á árinu 1986, þá er reglan í 2. dæmi notuð vegna lánshlutans sem greiddur verður út á árinu 1986 en sá hluti, sem greiddur er á árinu 1987, kemur óskertur. Hann greiðist í samræmi við áætluð kaup 1987.

Nd. 1018. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Halldóri Blöndal, Friðrik Sophussyni, Stefáni Valgeirssyni, Stefáni Guðmundssyni og Eggert Haukdal.

1. Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
   1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:
   Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 10 menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.
2. Við 2. gr.
   a. Við 4. mgr.
   Í stað orðsins „lágmarkslánsrétt“ í 3. málsl. komi: hámarkslánsrétt.
   b. Við 7. mgr.
   Í stað orðanna „enda fylgi lánið að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar“ í síðari málsl. komi: enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.
   c. 9. mgr. orðist svo:
   Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.
3. Við 8. gr. Í stað orðanna „skv. a-lið 13. gr.“ í 1. málsl. komi: skv. b-lið 13. gr.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „allt að 70% af viðbótarbyggingarkostnaði“ í a-lið komi: allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði.
5. Við 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Í stað orðanna „1. janúar 1985“ í fyrri málsl. komi: 1. september 1985.

Ed. 1019. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og hófst handa þegar er því hafði verið vísað til hennar. Laugardagsmorguninn 19. þ.m. kvaddi hún á sinn fund ýmsa bankamenn til að leita álits á málinu og jafnframt 228. máli sem nú er til 3. umræðu í deildinni.

Fyrstir komu á fund nefndarinnar þeir dr. Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson seðlabankastjórar. Svöruðu þeir greiðlega öllum spurningum nefndarinnar og greindu ítarlega frá sjónarmiðum sínum. Lýstu þeir því fyrst að Seðlabankanum hefði verið gert að annast ýmislega millifærslu, t.d. vegna afurðalána, og hlutverk hans því orðið annað og meira en upphaflega var áformað. Gat Jóhannes Nordal þess sérstaklega í inngangsorðum sínum að óvenjulegt væri að seðlabankar miðluðu peningum með þessum hætti og enginn vafi léki á því að þessi „miðlun" hefði valdið hárri bindiskyldu. Þessi miðlun væri ekki alveg búin en hann væri eindregið á þeirri skoðun að halda bæri áfram að lækka bindiskyldu eftir því sem aðstæður leyfðu.

Okkar stefna er að bindingin lækki og aðrar aðgerðir til hagstjórnar komi í hennar stað, sögðu báðir seðlabankastjórarnir, en hún er nú sem kunnugt er 18% innlána í bönkum og sparisjóðum. Hins vegar mæltu þeir gegn því að hámarksprósenta væri sett í lög.

Spurningu um það hvort seðlabankastjórar hefðu verið boðaðir á fund fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar og gefist kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri svaraði Jóhannes Nordal með einu orði: nei.

Viðræður við bankastjórana — en auk þeirra, sem að framan eru nefndir, mættu bankastjórar allra viðskiptabanka og forustumenn sparisjóða — snerust mjög um 8. og 9. gr. frumvarpsins, og að nokkru um 41. gr. í viðræðum við bankastjóra viðskiptabankanna og forstöðumenn sparisjóða. Er skemmst frá því að segja að enginn viðmælenda nefndarinnar léði máls á því að hafa átt hlutdeild í orðalagi 8. gr. og flestir fulltrúar viðskiptabanka og sparisjóða lýstu eindreginni andstöðu við 9. og 41. gr.

„Ég efast um kosti þess að bindingin miðist við annan grunn en innlánin," sagði Jóhannes Nordal og báðir seðlabankastjórarnir virtust andvígir 8. gr. eins og hún er nú orðuð, enda sagði Jóhannes að „skilgreiningin ráðstöfunarfé væri erfið og bankinn mundi aldrei beita henni".

Allir fulltrúar viðskiptabanka og sparisjóða, sem síðar komu til fundar, voru sammála um að heimild til að binda „ráðstöfunarfé" hlyti að falla út ella væri unnt að binda eigið fé banka ef því ekki væri varið í steinsteypu, innlenda fjáröflun banka og erlendar lántökur. Raunar hafði Helgi Bergs landsbankastjóri einfalda og augljósa lausn á því síðastnefnda: „Erlendu lántökurnar mundu bara hækka um þá prósentu sem bundin væri."

Seðlabankastjórar höfðu ekki um það upplýsingar hve mikið fé sambærilegar stofnanir erlendis við þær sem þeir stjórna treystu sér til að binda. Davíð Ólafsson seðlabankastjóri lýsti því í greinargóðu máli að ýmis önnur úrræði væru tiltækari, binding eins og hér hefði tíðkast væri ekki víða erlendis en breyting á bindiskylduhlutfalli mundi aðeins geta numið örfáum hundraðshlutum — og bætti því við að þegar við yrðum komnir í gegnum það tímabil, sem við nú værum að ganga í gegnum, yrði binding hér svipuð og í öðrum löndum.

Seðlabankamenn lögðu áherslu á að það væri „fyrst og fremst samkeppni á peningamarkaði sem gæti komið í veg fyrir hávexti", eins og Jóhannes Nordal orðaði það, um leið og hann vakti á því athygli að tugir umsókna hefðu verið um ný bankaútibú fyrir fáum árum þegar samkeppnin beindist að því einu að næla í sparifé án allra hagkvæmnissjónarmiða, en engin ný ósk um útibú hefði borist s.l. tvö ár því að nú væru menn sem óðast að átta sig á

hagkvæmnissjónarmiðum og eindregin þróun væri í átt til frjáls peningamarkaðar. Hann kvað það ekki viljaleysi Seðlabankans að viðskiptabankar réðu vöxtum, því meira frelsi sem ríkti þeim mun minna bil yrði milli innláns- og útlánsvaxta.

Er seðlabankastjórar viku af fundi komu bankastjórar viðskiptabanka í ríkiseign, þeir Jónas H. Haralz, Helgi Bergs, Lárus Jónsson og Stefán Pálsson. Helgi Bergs landsbankastjóri tók fyrstur til máls. Kvað hann þá landsbankastjóra ekki átta sig á breytingum 8. gr., þar sem ósamræmis gætti. Undir það tóku aðrir bankastjórar og nefndarmenn, svo og þau orð hans að „ekki væri einfalt að „defínera" hugtakið ráðstöfunarfé í 8. gr."

Lárus Jónsson, bankastjóri Útvegsbankans, kvað 9. gr. frumvarpsins ekki í samræmi við yfirlýsingar um vaxtafrelsi viðskiptabanka. Ekki fengust greið svör annarra viðstaddra bankastjóra um þetta efni en þeir virtust þó geta unað þessari grein. Lárus kvaðst telja að ákvæði ættu að vera skýrari í lögum en vald ekki fengið stjórnvöldum í jafnríkum mæli og hér væri gert. Hins vegar þyrfti að setja ný lög um Seðlabanka vegna breytinga á lögum um viðskiptabanka sem samþykkt voru í fyrra.

Umræðan beindist nú að 41. gr. Spurningu formanns um það hvort einhver bankastjóranna gæti bent á heimild í lögum eða reglugerðum til handa Seðlabanka að beita svokölluðum refsivöxtum gat enginn svarað. Sama var uppi á teningnum hjá bankastjórum hlutafélagsbankanna sem síðar komu á fundinn, en Sigurður Hafstein, sem veitir forstöðu samtökum sparisjóða, taldi helst koma til greina almenna heimild Seðlabanka til vaxtaákvarðana.

Þegar fulltrúar hlutafélagsbankanna komu til fundar hóf Höskuldur Ólafsson, bankastjóri Verslunarbankans, umræðuna en auk hans voru mættir: Stefán Gunnarsson, bankastjóri Alþýðubankans, Pétur Erlendsson, bankastjóri Samvinnubankans, og Valur Valsson, bankastjóri Iðnaðarbankans.

Höskuldur kvað ákvæðum um bindiheimild Seðlabanka ekki hafa verið beitt frá efnahagslegum forsendum, heldur hefðu önnur sjónarmið verið ráðandi. Ef bankinn ætti að hafa vald til að binda sparifé væri eðlilegt að lögbinda að það skyldi aðeins gert með hliðsjón af þróun efnahagsmála. Enn fremur benti hann á að mismunun hefði falist í bindireglum undanfarin ár þegar bindifé hefði verið endurlánað samkeppnisaðilum á fjármagnsmarkaði. Hann kvað vaxtagreiðslur af bundnu fé hafa rýrt vaxtatekjur innlánsstofnana þar sem þau hefðu jafnan tekið mið af innlánsvöxtum. Eðlilegra væri að miðað væri við meðaltal útlánsvaxta. Í 9. gr. væru miklar takmarkanir á svokölluðu vaxtafrelsi „með lipurri alhæfingu". Undir orð Höskuldar tóku aðrir viðstaddir bankastjórar.

Pétur Erlendsson kvaðst geta fallist á að einhver heimild væri til bindingar en kvað „óþolandi" að búa við ákvæði 9. greinar.

Stefán Gunnarsson taldi frumvarpið gera ráð fyrir „alhliða valdi" til Seðlabanka. Hann benti á að takmörkun bindiheimildar hefði óveruleg áhrif enda hefði Seðlabankinn síðast „mjatlað í okkur á sjö árum" þeim peningum sem átti að losa og á sínum kjörum þótt látið hefði verið líta svo út að um samkomulag hafi verið að ræða.

Valur Valsson kvað innlánsbindingu einungis geta átt rétt á sér sem lið í efnahagsstjórn. Afurðalánakerfið hefði verið til trafala nýjungum í atvinnumálum og nefndi þar sérstaklega fiskirækt sem hvergi hefði átt heima í kerfinu. Hann sagði 9. greinina „taka aftur vaxtafrelsið" enda væri þar gert ráð fyrir „óhæfilegum geðþóttaákvörðunum". Bankaeftirlitið vildi hann að yrði sjálfstætt.

Allir virtust sammála um að binding kæmi því aðeins til greina að hún væri af innstæðum.

Höskuldur Ólafsson tók til máls í lok umræðunnar og vakti athygli á því að ákvæði frv. um óhæfilegan vaxtamun í 2. mgr. 9. gr. yrði að túlka með hliðsjón af ákvæði um eigið fé í lögum um viðskiptabanka þar sem þeim væri lögð sú skylda á herðar að hafa reksturinn arðbæran, þannig að eiginfjárstaða þeirra rýrnaði ekki. Hann lýsti yfir eindregnum stuðningi

við 228. mál, frumvarp Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Valdimars Indriðasonar, og virtust aðrir bankastjórar sammála honum, en þó hafði Pétur Erlendsson áður lýst yfir því að hann gæti fallist á 20% bindingu sparifjár.

Nú komu til fundar þeir Sigurður Hafstein, forstöðumaður Sambands sparisjóða, og Baldvin Tryggvason sparisjóðsstjóri, formaður samtakanna.

Baldvin kvað „ekki ná nokkurri átt að Seðlabanki gæti óhindrað bundið fé“ og lýsti sig algerlega andvígan 8. gr. Til greina kæmi að eitthvað af innstæðufé væri bundið en alls ekki umfram 10%. Hann lýsti eindregnum stuðningi við 228. mál. Hann benti á að í 8. gr. frumvarpsins (205. mál) væri talað um tiltekna upphæð en hún væri svo hvergi tiltekin heldur allt látið opið.

Sigurður Hafstein kvað Seðlabankanum ætlað allt of mikið vald að því er varðaði bindingu á ráðstöfunarfé innlánsstofnana. Ef Seðlabankinn hefði hins vegar vald til að binda sparifé væri það lágmarkskrafa að skylda hann í lögum til að greiða innlánsstofnunum eðlilega vexti af því fé. Hann gat þess að í sparisjóðunum hefði í marsmánuði s.l. verið tæpir 3 milljarðar króna inni á svokölluðum „trompreikningum“ sem sparisjóðirnir hefðu greitt eigendum 16% vexti. Seðlabankinn tæki síðan 18% þessa fjár til sín í formi bindingar og greiddi fyrir 2% vexti og vísitölu sem hefði verið neikvæð. Þetta væri „ekkert annað en eignaupptaka“.

Í ljósi framangreindra upplýsinga hefur nefndin málið til athugunar og mun brátt skila framhaldsnefndaráliti eða álitum.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Jón Kristjánsson.	Egill Jónsson.
Magnús H. Magnússon.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	Sturla Böðvarsson.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Sþ. 1020. Nefndarálit [247. mál]

um till. til þál. um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað álits manna um efni hennar. Í þeim umsögnum, sem hafa borist, er mælt með samþykkt tillögunnar. Nefndarmenn hafa orðið sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins að samræma og skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innanlands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölu-

mennsku, markaðsöflun, kynningu, auglýsingatækni og samningagerð. Niðurstöður þessa starfs skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Árni Johnsen, frsm.
Friðjón Þórðarson.	Kristín S. Kvaran.	Guðrún Helgadóttir.
	Stefán Valgeirsson.	

Sþ. 1021. Nefndarálit [286. mál]

um till. til þál. um úrbætur í ferðaþjónustu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Félagi leiðsögumanna, Ferðamálasamtökum Vestfjarða, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Ferðamálasamtökum Austurlands, Ferðamálasamtökum Suðurnesja, Ferðamálasamtökum Vesturlands, Ferðamálasamtökum Suðurlands, Ferðamálaráði og Náttúruverndarráði. Auk þess barst nefndinni bréf um málið frá samráðsfundi landshlutasamtaka í ferðamálum.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Björn Dagbjartsson.	Þórarinn Sigurjónsson.
Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristín Halldórsdóttir.	Eggert Haukdal.

Sþ. 1022. Breytingartillaga [286. mál]

við till. til þál. um úrbætur í ferðaþjónustu.

Frá atvinnumálanefnd.

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna.

Sþ. 1023. Nefndarálit [167. mál]

um till. til þál. um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá landlækni, Ferðamálaráði Íslands, Tryggingastofnun ríkisins og Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga. Enn fremur barst á síðasta þingi umsögn frá Orkustofnun um samhljóða tillögu og er hún prentuð sem fylgiskjal með tillögunni á þskj. 187.

Nefndin mælir með því að tillagan verði samþykkt.

Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Björn Dagbjartsson.	Eggert Haukdal.
Þórarinn Sigurjónsson.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristín Halldórsdóttir.

Ed. 1024. Frumvarp til laga [337. mál]

um breyting á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nrd. 67/1969, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. apríl.)

1. gr.

2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1969, orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en tíu vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Landbúnaðarráðherra getur að fenginni umsögn yfirdýralæknis veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar mgr.

Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri og tömdum kynbótahryssum er óheimill nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Ekkert hross má flytja út innan tveggja vetra aldurs nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðanda- og kynbótamerki.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 1025. Nefndarálit [49. mál]

um till. til þál. um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og leitað álits manna um efni hennar. Talið er að framkvæmd tillögunnar þurfi ekki að kosta mikið fé. Hafa nefndarmenn orðið sammála um að leggja til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Nefndin hefur einnig rætt till. til þál. um úttekt á aðstæðum barna að 12 ára aldri. Sú tillaga er 8. mál þingsins. Telur nefndin rétt að hún komi einnig til athugunar við slíka könnun ef samþykkt verður.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson, frsm.
Stefán Valgeirsson.	Árni Johnsen.	Guðrún Helgadóttir.

Kristín S. Kvaran.

Sþ. 1026. Nefndarálit [277. mál]

um till. til þál. um rannsókna- og tilraunastöð fiskeldis.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Fiskifélagi Íslands, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, veiðimálastjóra, yfirdýralækni og Rannsóknaráði ríkisins.

Nefndin hefur einnig fjallað um brtt. á þskj. 534. Í aðaltillögunni er fjallað um að fiskeldisstöðin í Kollafirði verði rekin af væntanlegum félagsskap ríkisins og þeirra er fiskeldi stunda sem rannsókna- og tilraunastöð. Í breytingartillögunni er lagt til að einnig verði komið á fót tilraunastöð við Öxarfjörð.

Á vegum forsætisráðuneytisins er nú starfandi nefnd sem vinnur að undirbúningi löggjafar um fiskeldismál og tillögugerð um framtíðarskipulag þeirra mála. Atvinnumálanefnd telur nauðsynlegt að rannsókna- og tilraunastarfsemi á sviði fiskeldis sé efld og slíkri starfsemi sköpuð nauðsynleg aðstaða.

Atvinnumálanefnd telur rétt að nefnd forsætisráðuneytisins fái til meðferðar aðaltillöguna, svo og breytingartillöguna, og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form.	Björn Dagbjartsson, frsm.	Þórarinn Sigurjónsson.
Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Kristín Halldórsdóttir.

Sþ. 1027. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um úrbætur í málefnum aldraða.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Árni Johnsen.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Friðjón Þórðarson.	Kristín S. Kvaran.	Stefán Valgeirsson.

Nd. 1028. Nefndarálit [430. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Pálmi Jónsson, ritar undir frv. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu við frv.

Kristófer Már Kristinsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Pálmi Jónsson, með fyrirvara.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðjón Þórðarson.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 1029. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og kallað til viðræðu fulltrúa frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. fiskframleiðenda, sjávarafurðadeild SÍS, Búnaðarfélagi Íslands og samtökum áhugamanna um selveiðihlunnindi.

Nefndin klofnaði í málinu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Minni hl. mun skila áliti á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Jón Kristjánsson, varaform., frsm.	Karl Steinar Guðnason.	Árni Johnsen.
Kolbrún Jónsdóttir.	Sturla Böðvarsson.	Skúli Alexandersson.

Sþ. 1030. Nefndarálit [307. mál]

um till. til þál. um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og kvatt til ráðgjafar þá Þórhall Ásgeirsson ráðuneytisstjóra, Ólaf Davíðsson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra iðnrekenda, og Árna Árnason, framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með því orðalagi sem er að finna á þskj. 1010.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Guðrún Agnarsdóttir.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Haraldur Ólafsson.	Gunnar G. Schram.
	Hjörleifur Guttormsson.	

Ed. 1031. Nefndarálit [368. mál]

um frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Það virðast örlög þessa frv., sem nú er til umræðu í þriðja sinn, að staldra aðeins við í efri deild nokkra síðustu klukkutíma þinghaldsins. Þess vegna hefur nefndinni ekki gefist tími til að ræða þetta viðkvæma og margslungna mál til neinnar hlítar.

Málið hefur verið mikið umdeilt, og er það enn, eins og glöggt kom fram í viðtölum nefndarinnar við fulltrúa fiskvinnslunnar annars vegar og fulltrúa selveiðibænda hins vegar. Fulltrúar fiskvinnslunnar tóku skýrt fram að frv. væri ekki flutt að þeirra ósk og að þeir teldu breytingar á frv. frá fyrra ári til hins verra. Einkum bentu þeir á það að ef framkvæmdir yrðu í höndum tveggja ráðuneyta yrði það selveiðum örugglega ekki til framdráttar.

Í máli talsmanna áhugamanna um selveiðihlunnindi kom hins vegar fram að þeir teldu að með þessum lögum væri verið að taka hlunnindaréttinn frá bændum og í skriflegum breytingartillögum þeirra kom fram að landbúnaðarráðuneytið skyldi eitt fara með selveiðimál.

Það er augljóst að skoðanir skerast mjög milli handhafa selveiðihlunninda og þeirra sem stunda sjávarútveg. Og hvorugur getur sætt sig við óbreytt frumvarp. Enn fremur hefur komið fram andstaða náttúruverndarfólks við frumvarpið.

Sú skoðun er hér sett fram að í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, verði að fórna minni hagsmunum fyrir meiri. Lög um selveiðar verða að taka mið af hagsmunum sjávarútvegsins fyrst og fremst og með því hugarfari eru breytingartillögur minni hl. settar fram. Rökstuðningur með breytingartillögunum er svohljóðandi:

Um 2. gr.

Ef sjávarútvegsráðuneytið kaupir rannsóknir af tilteknum aðila er eðlilegast að sá sem vinnur verkið skili sínum gögnum, niðurstöðum rannsókna og reikningum, beint til ráðuneytisins en ekki til Hafrannsóknastofnunar. Ráðuneytið hefur eðlilega umráðarétt yfir slíkum gögnum og getur gert við þau hvað það er því sýnist. Tvíverknaður hefur ekki einkennt selarannsóknir á Íslandi til þessa og litlar líkur eru á slíku í framtíðinni.

Þessa grein frv. mætti skilja svo að Hafrannsóknastofnun eigi að hafa umsögn um allar selarannsóknir á vegum sjávarútvegsráðuneytisins og geta samþykkt þær eða hafnað að eigin geðþótta. Slíkt vald ætti rannsóknastofnun ekki að hafa, heldur ráðuneyti, enda yrði það verkkaupi að þeim rannsóknum sem hér um ræðir. Eðlilegast er að sjávarútvegsráðuneytið leiti álits Hafrannsóknastofnunar um rannsóknirnar og kynni niðurstöður slíkra rannsókna stofnuninni þegar þær liggja fyrir.

Um 3. gr.

Það má segja að 3. gr. frv. sé að nokkru leyti óþörf, 1. gr. þess nægi. Eðlilegast er að samskipti sjávarútvegsráðuneytis og þeirra stofnana, sem getið er í 3. gr., verði með þeim hætti sem hér er lagt til.

Um 4. gr.

Nauðsynlegt er að setja viðbót við 4. gr. laganna. Víða hér við land er nú mikill selur á eyðijörðum eða jörðum sem einungis eru nýttar sem sumardvalarstaður. Yfirleitt eru ekki stundaðar selveiðar á slíkum jörðum. Reynslan hefur sýnt það að á slíkum eyðijörðum sést útselurinn, ef skilyrði eru að öðru leyti heppileg fyrir hann, og fjölgar sér verulega. Sjávarútvegsráðherra verður að hafa heimild í lögum til þess að sporna við slíkri fjölgun sela sem rekja má til þess að hefðbundnar nytjar hafa lagst af. Hér er einnig opnuð sú leið að veita þeim, sem áhuga hafa á því að stunda selveiðar sem atvinnugrein allt árið, eða hluta úr ári, veiðileyfi á slíkum svæðum með þeim takmörkunum sem getið er í lögum.

Um 6. gr.

Þau atriði, sem talin eru upp í 6. gr., eru flest ef ekki öll óþörf. Nægilegt er að setja reglugerð um veiðarnar á hverjum tíma sem tekur til þeirra atriða sem nauðsynleg eru hverju sinni. Það er því lagt til að þessari upptalningu verði sleppt.

1. tölul. verði sleppt vegna þess að sjávarútvegsráðherra á ekki að hafa leyfi til að banna selveiðar á ákveðnum svæðum. Þau svæði sem um ræðir eru annaðhvort eign manna eða þjóðgarðar og friðlönd sem lög um náttúruvernd ná yfir.

2. tölul. verði sleppt sem algerlega óþörfum. Selveiðar eru stundaðar á þeim tímum sem best hentar hjá hverjum og einum veiðimanni. Hátterni selanna og veðurlag á Íslandi takmarka þann tíma alveg nægilega sem mögulegt er að stunda árangursríkar selveiðar.

3. tölul. verði einnig sleppt sem algerlega óþörfum. Þessi tónn, sem þar kemur fram, er óþarfur eins og málum háttar nú. Þess má einnig geta að það eru einungis tveir selastofnar sem Íslendingar ráða yfir, þ.e. landselur og útselur. Selir annarra tegunda, sem koma hingað að ströndinni, eru flækingar og kæpa ekki hér við land. Yfirleitt eru veiðar þeirra takmarkaðar af samtökum selveiðiþjóða. Rostungur er t.d. alfriðaður. Af vöðusel og blöðrusel má árlega veiða ákveðinn kvóta. Íslendingar eru ekki með í ákvörðunum um veiðar þessara dýra og eiga því miður ekki veiðirétt úr þessum stofnum.

4. tölul. er óþarfur. Selveiðar verða alltaf stundaðar á þann hátt og með þeim aðferðum sem best henta. Ekki er ástæða til að segja vönum selveiðimönnum fyrir verkum að þessu leyti. Reynsla veiðimanna af árangri veiðiaðferða, gerð skotvopna og siðfræði nægir.

Einnig má sleppa *5. tölul.* um frágang drepinna sela. Þetta atriði fellur undir lög og reglur um mengun og hollustuhætti og umgengnisreglur við náttúruna. Það er óframkvæmanlegt fyrir ráðuneytið að ákveða um frágang selskrokka. Nýting þeirra mun væntanlega ávallt vera höfð að leiðarljósi.

6. tölul. er þarflaus. Það er ekki mikill munur á hefðbundnum veiðum og veiðum í vísindalegum tilgangi. Það er óþarfi að vera að takmarka veiðar í vísindalegum tilgangi við einhverja tölu sem fundin yrði í ráðuneyti. Fjöldi dýra, sem nauðsynlegt er að veiða vegna rannsókna, fer eftir kröfum rannsóknaraðila. Öryggismörk á niðurstöðum rannsóknanna ákvarða það.

Um *7. og 8. tölul.* er það að segja að ef tillögugreinin orðast eins og hér er lagt til hefur ráðherra nægilegar heimildir til að setja reglur er stuðla að fækkun sela, einnig á svæðum sem friðlýst hafa verið.

9. tölul. er ónauðsynlegur að svo stöddu.

Flm. leggja ríka áherslu á að þessar tillögur nái fram að ganga og mun afstaða þeirra til frumvarpsins mótast af því hver afdrif breytingartillagnanna verða.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Björn Dagbjartsson,
fundaskr.

Ed. 1032. Breytingartillögur [368. mál]

við frv. til l. um selveiðar við Ísland.

Frá Birni Dagbjartssyni og Karli Steinari Guðnasyni.

1. Við 2. gr. 2. og 3. málsl. orðist svo: Feli sjávarútvegsráðuneytið tilteknum aðilum öðrum ákveðnar selarannsóknir skulu rannsóknaáætlanir þar að lútandi sendar sjávarútvegsráðuneytinu. Þá skal sjávarútvegsráðuneytinu ávallt gert kleift að fylgjast með framgangi og niðurstöðum slíkra rannsókna.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Sjávarútvegsráðuneytið skal kynna Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnun, Búnaðarfélagi Íslands, Fiskifélagi Íslands og öðrum hagsmunaaðilum ákvarðanir sínar um selveiðar, friðun eða fækkun sela.

3. Við 4. gr. bætist ný mgr., svohljóðandi:
   Hverjum þeim, sem á selveiðihlunnindi, einn eða í félagi við aðra, er skylt að stunda selveiðar á landi sínu eftir því sem sjávarútvegsráðherra ákveður á hverjum tíma. Gegni viðkomandi ekki þessari skyldu sinni má sjávarútvegsráðherra ráðstafa selveiðiréttindum til annarra, sem áhuga hafa á því að nýta þau, gegn eðlilegu gjaldi til selveiðiréttindahafa.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Sjávarútvegsráðherra setur reglur um framkvæmd laga þessara eftir því sem nauðsyn krefur.

Ed. 1033. Breytingartillaga [236. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Lee Tian Choi, verslunarmaður, f. 19. apríl 1948 í Malaysíu. Fær réttinn 17. desember 1986.

Nd. 1034. Lög [413. mál]

um þjóðarátak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 762.

Nd. 1035. Breytingartillaga [430. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands.

Frá Pálma Jónssyni.

Við 1. gr. 1. málsl. b-liðar (nýrrar mgr.) orðist svo:
Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands leyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum.

Ed. 1036. Lög [387. mál]

um breytingu á lögum nr. 18/1984, um þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 708.

Ed. 1037. Lög [419. mál]

um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóð vegna fiskvinnslufólks.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 771.

Ed. 1038. Lög [12. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 848.

Sþ. 1039. Nefndarálit [22. mál]

um till. til þál. um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillögu þessa og leggur til að hún verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Árni Johnsen var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Gunnar G. Schram, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Friðjón Þórðarson.
Stefán Valgeirsson.	Guðrún Helgadóttir.	Kristín S. Kvaran.

Sþ. 1040. Breytingartillaga [22. mál]

við till. til þál. um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju.

Frá félagsmálanefnd.

Í stað síðari mgr. tillgr. komi tvær mgr. er orðist svo:

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987.

Nd. 1041. Frumvarp til laga [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir eina umr. í Ed., 21. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anbari, Lahcen, verkamaður í Reykjavík, f. 17. október 1957 í Marokkó.
2. Anderlová, Alena, arkitekt í Reykjavík, f. 21. janúar 1945 í Tékkóslóvakíu.
3. Anna Jónasdóttir Velek, húsmóðir í Reykjavík, f. 24. júní 1904 á Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd.
4. Arelakis, Ioannis Georgios, sjómaður á Siglufirði, f. 24. maí 1954 í Grikklandi.
5. Boulter, John Andres, sjómaður í Reykjavík, f. 20. nóvember 1957 í Bandaríkjunum.
6. Challender, Christopher Matthew, barn í Hafnarfirði, f. 26. nóvember 1976 í Keflavík.
7. Didriksen, Katrín, gullsmiður í Reykjavík, f. 5. apríl 1954 í Noregi.
8. Drake, George, Kópavogi, f. 25. apríl 1942 á Siglufirði.
9. Elín Alice Eltonsdóttir, húsmóðir í Keflavík, f. 15. maí 1946 í Bandaríkjunum.
10. Fleckenstein, Randall Craig, kennslufræðingur í Reykjavík, f. 16. júní 1952 í Bandaríkjunum.
11. Grujovic, Rade, sjómaður í Ólafsvík, f. 27. september 1952 í Júgóslavíu.
12. Hand, Patricia Isobel, skrifstofumaður í Vogum, Vatnsleysuströnd, f. 2. janúar 1939 í Ástralíu.
13. Hoeltje, Claudia, fiðluleikari í Reykjavík, f. 11. mars 1950 í Brasilíu.
14. Ingrid Herdís Jónsdóttir, nemi í Mosfellssveit, f. 2. nóvember 1959 í Kópavogi.
15. Johnson, Stephen Robert, verkamaður á Höfn í Hornafirði, f. 22. október 1952 í Englandi.
16. Kata Gunnvör Hansen, verkakona í Reykjavík, f. 6. ágúst 1922 í Færeyjum.
17. Khoo, Gilbert Yok Peek, verslunarmaður í Kópavogi, f. 23. febrúar 1953 í Malaysíu.
18. Labidi, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 9. ágúst 1957 í Túnis.
19. Laskowska, Janina, veitingahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 18. desember 1960 í Póllandi.
20. Lau Ming Loy, matsveinn í Reykjavík, f. 3. apríl 1956 í Malaysíu.
21. Lee Tian Choi, verslunarmaður, f. 19. apríl 1948 í Malaysíu. Fær réttinn 17. desember 1986.
22. Lieberman, Arie, fréttaljósmyndari í Grundarfirði, f. 17. maí 1947 í Tékkóslóvakíu.
23. Markovic, Ljubodrag, verkamaður á Skagaströnd, f. 15. október 1951 í Júgóslavíu. Fær réttinn 9. september 1986.
24. Marth, Ulrich Richard Wilhelm, forstjóri í Rangárvallasýslu, f. 23. desember 1920 í Þýskalandi.
25. Martin, Leoncia Maria, tónlistarkona í Kópavogi, f. 19. mars 1953 á Indlandi.
26. McMahon, Neil Martin Gerard, kennari í Kópavogi, f. 11. desember 1950 á Írlandi.
27. Moestrup, Jörgen Ernst Grum, markaðsstjóri í Kópavogi, f. 28. ágúst 1944 í Danmörku.
28. Nycz, Marek, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 9. júlí 1957 í Póllandi.
29. Pakjou, Koroush, nemi í Reykjavík, f. 2. nóvember 1960 í Íran.
30. Ponzi, Margrét Jósefína, nemi í Reykjavík, f. 2. maí 1961 í Reykjavík.
31. Rail, Guðríður Blanche, húsmóðir í Hafnarfirði, f. 14. janúar 1959 í Hafnarfirði.
32. Raiss Hammouch, Mohammed, verkamaður í Reykjavík, f. 2. nóvember 1954 í Marokkó.
33. Rasmussen, Peter Sönderberg, kennari í Reykjavík, f. 6. september 1945 í Danmörku.

34. Reid, Arthur Wilfred, bankamaður í Reykjavík, f. 26. ágúst 1948 í Englandi.
35. Reid, Rosalind Jóhanna, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 27. febrúar 1950 í Englandi.
36. Roman, Dmitri Sergeyevich, nemi í Reykjavík, f. 27. september 1960 í Sovétríkjunum.
37. Salbert, Iwona Danuta, tannlæknir í Kópavogi, f. 14. september 1951 í Póllandi.
38. Salbert, Miroslaw Stefan, læknir í Kópavogi, f. 7. júní 1946 í Póllandi.
39. Slaughter, Jacqueline Mary, námsstjóri í Reykjavík, f. 23. september 1940 í Englandi.
40. Sævar Leifsson, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. 5. júní 1951 í Reykjavík. Fær réttinn 5. ágúst 1986.
41. Vestergärd, Súsanna Helen, hjúkrunarfræðingur í Reykjavík, f. 6. september 1958 í Reykjavík.
42. Vilhjálmur Hörður Vilhjálmsson, flugmaður í Reykjavík, f. 23. desember 1958 í Keflavík.
43. Zielinski, Barbara, húsmóðir í Kópavogi, f. 2. ágúst 1956 í Póllandi.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1042. Lög [285. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 948 (sbr. 523).

Ed. 1043. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið áfram umræðu um málið eftir að hún skilaði sameiginlegu nefndaráliti og fengið að nýju á fund sinn þá dr. Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson seðlabankastjóra til að skýra nánar þá stefnu Seðlabankans að binding sparifjár skyldi fara minnkandi og hve ört mætti vænta þeirra breytinga.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Sturla Böðvarsson hafa fyrirvara sem m.a. felst í óánægju með orðalag 8. gr., 9. gr. og 41. gr. frv. þar sem sjálfstæðismenn hafa orðið að teygja sig óhæfilega langt til samkomulags við samstarfsflokkinn. Þeir hafa þó ákveðið að styðja frumvarpið enda gefst tækifæri til breytinga á komandi hausti þar sem gildistökutími er 1. nóvember n.k. Þar að auki meta þeir mikils yfirlýsingar stjórnenda Seðlabankans um þá

stefnu að bindiskylda fari lækkandi og yfirlýstan vilja viðskiptaráðherra í því efni. Þá fagna þeir þeirri yfirlýsingu Seðlabankans varðandi 8. gr., sem getið er í nefndaráliti á þskj. 1019 og Jóhannes Nordal orðaði þannig að „skilgreiningin ráðstöfunarfé væri erfið og bankinn mundi aldrei beita henni". Jafnframt fagna þeir sérstaklega eftirfarandi yfirlýsingu sem stjórnendur Seðlabankans lögðu fram í nefndinni í dag.

„Peningamarkaðurinn hefur verið að þróast ört í frjálsræðisátt hér á landi undanfarin tvö ár. Þetta gefur færi á að draga úr beinum hömlum á útlánastarfsemi bankanna, svo sem innlánsbindingu sem þegar hefur verið lækkuð úr 28% í 18%. Bankastjórn Seðlabankans mun leggja áherslu á að þessi þróun haldi áfram svo ört sem markaðsaðstæður og ytri skilyrði leyfa. Væntanlega verður unnt að taka umtalsverð skref til lækkunar á innlánsbindingu síðar á árinu."

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild að öðru leyti en því að samþykkt verði breytingartillagan við 8. gr. sem viðskiptaráðherra hefur flutt.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. Egill Jónsson. Jón Kristjánsson.

Sturla Böðvarsson.

Ed. 1044. Frumvarp til laga [320. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 591 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Þó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara en ráða skal hann þá forstöðumann sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti hvar starfsstöð hans er en hann getur aðeins haft eina starfsstöð á sama stað og fasteignasalan er rekin.

14. gr. hljóðar svo:

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Þóknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa.

Nd. 1045. Frumvarp til póstlaga [248. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 477.

2. gr. hljóðar svo:
Bréfapóstsendingar má senda í ábyrgð.
Enn fremur er heimilt að senda bréf og böggla sem verðsendingar.
Til fjármunapóstsendinga teljast greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró).
Póstsendingar skv. þessari grein skulu ávallt bókfærðar.
Nánari ákvæði um þetta setur ráðherra í reglugerð.

Nd. 1046. Frumvarp til laga [409. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. apríl.)

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna, svo sem röð greina var breytt með lögum nr. 55/1984, koma þrjár nýjar greinar sem verða 14., 15. og 16. gr. laganna og hljóða svo:

a. (14. gr.)

Við Iðnlánasjóð skal starfrækt deild er nefnist tryggingardeild útflutningslána.

Hlutverk tryggingardeildar útflutningslána skal vera:

1. Að taka að sér að tryggja lán er bankar eða aðrar lánastofnanir veita innlendum framleiðendum vöru eða þjónustu til fjármögnunar á útflutningslánum sem veitt eru eða útveguð erlendum kaupendum.
2. Að tryggja kröfur íslenskra útflytjenda á hendur erlendum kaupendum, enda hafi þær orðið til vegna útflutnings á íslenskum vörum eða þjónustu.
3. Að tryggja, þegar sérstaklega stendur á, samkeppnislán til innlendra aðila er kaupa vélar, tæki og aðrar fjárfestingarvörur sem framleiddar eru innanlands.
4. Að selja ábyrgðartryggingar fyrir þjónustu sem íslenskir aðilar veita erlendis.

b. (15. gr.)

Stjórn Iðnlánasjóðs ákveður iðgjöld og tryggingarhlutföll tryggingardeildar útflutningslána en þau skulu háð samþykki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Við ákvörðun þeirra skal við það miðað að þau standi undir rekstri deildarinnar, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs er nemi a.m.k. 10% af ábyrgðum deildarinnar á hverjum tíma. Starfsemi deildarinnar skal haldið aðgreindri í bókhaldi og reikningum sjóðsins.

Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Nægi fé deildarinnar, þar með talinn varasjóður, ekki til greiðslu tjónabóta skal greiða það sem á vantar úr Ríkisábyrgðasjóði. Nú fellur greiðsla á Ríkisábyrgðasjóð vegna þess og skal þá miðað við að iðgjöld tryggingardeildar útflutningslána breytist þannig að deildin geti endurgreitt Ríkisábyrgðasjóði það sem sjóðurinn hefur innt af hendi á næstu tveimur árum. Iðnlánasjóður getur veitt deildinni lán til að gera henni kleift að standa við skuldbindingar sínar.

c. (16. gr.)

Greiðsluskilmálar lána, sem tryggingardeild útflutningslána tryggir, skulu vera í samræmi við almennar viðskiptavenjur hér á landi sem erlendis með hliðsjón af vörugerð, eðli þjónustu, markaðsaðstæðum og öðru sem máli skiptir.

Heildarskuldbindingar tryggingardeildar útflutningslána vegna trygginga á útflutningslánum og öðrum kröfum mega aldrei nema hærri fjárhæð en jafnvirði 100 millj. kr. sérstakra dráttarréttinda (SDR).

Stjórn Iðnlánasjóðs skal halda sérstaka stjórnarfundi um málefni tryggingardeildar útflutningslána. Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra tilnefna fulltrúa sem boðaðir skulu á þá stjórnarfundi sem haldnir eru um málefni deildarinnar og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Iðnlánasjóðs setur tryggingardeild útflutningslána nánari starfsreglur sem háðar skulu samþykki iðnaðarráðherra.

2. gr.

Núverandi 14. gr. laganna verður 17. gr. og breytist röð annarra greina skv. því.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 1047. Lög [366. mál]

um breytingu á lögum nr. 54 frá 6. apríl 1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 661.

Nd. 1048. Lög [260. mál]

um breytingu á lögum nr. 7 frá 1. febr. 1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 838.

Nd. 1049. Lög [259. mál]

um Útflutningsráð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 840.

Nd. 1050. Lög [268. mál]

um breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44 1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 501.

Ed. 1051. Lög [417. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 68/1985.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 950.

Nd. 1052. Frumvarp til laga [442. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, *húsnæðismálastjórn*, skipa 10 menn, sjö kjörnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum, tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands.

2. gr.

9. gr. laganna breytist svo:

a. 2. og 3. tölul. orðast svo:
   2. Með árlegu framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
   3. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs, til lífeyrissjóða skv. samningum Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði, svo og með öðrum lántökum skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.

b. Við greinina bætist ný mgr., svohljóðandi:
   Samningar Húsnæðisstofnunar við lífeyrissjóði um skuldabréfakaup skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu ekki vera til skemmri tíma en tveggja ára. Lánskjör af skuldabréfum skulu miðast við þau kjör sem ríkissjóður býður almennt á fjármagnsmarkaði.

3. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Einstaklingar, sem sannanlega hafa greitt iðgjöld til lífeyrissjóða tvö undanfarandi ár áður en lánsumsókn er lögð fram, eiga rétt á lánum skv. 13., 14., 18. og 25. gr. laga þessara, enda hafi lífeyrissjóður umsækjanda gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um

skuldabréfakaup, sbr. 13. gr. Kaupi lífeyrissjóður skuldabréf fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu eiga greiðendur iðgjalda til þess sjóðs hámarkslánsrétt en lágmarkslánsrétt ef sjóðurinn kaupir skuldabréf fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðru leyti ákvarðast lánsréttur hlutfallslega þar á milli miðað við skuldabréfakaup. Greiðendur iðgjalda til lífeyrissjóða, sem kaupa skuldabréf fyrir minna en sem nemur 20% af ráðstöfunarfé sínu, eiga ekki rétt til ofangreindra lána. Lánsréttur einstaklings, sem greitt hefur iðgjöld til tveggja eða fleiri sjóða næstu tvö árin áður en hann sækir um lán, ákvarðast með hliðsjón af þeim lánsréttindum, sem skuldabréfakaup hvers einstaks sjóðs veita, og greiðslutíma iðgjaldanna til hinna einstöku sjóða.

Lánsréttur þeirra, sem hafa verið tímabundið utan vinnumarkaðar vegna árstíðarbundinnar atvinnu eða veikinda, skal ekki skerðast af þeim sökum.

Hafi maður haft heimilisstörf að aðalstarfi og ekki haft meiri launuð störf á vinnumarkaði en nemur fjórðungi ársverks eða meiri árslaun en 75 000 kr. miðað við kauplag á árinu 1985 á hann hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. sé hann ekki í hjúskap eða sambúð en annars á hann sama lánsrétt og maki hans.

Elli- og örorkulífeyrisþegar, sem greitt hafa til lífeyrissjóðs samtals í a.m.k. tvö ár, eiga sama rétt og einstaklingar skv. 1. mgr. Hafi elli- og örorkulífeyrisþegi lífeyri frá fleiri en einum lífeyrissjóði miðast lánsréttur hans við skuldabréfakaup þess sjóðs sem greiðir honum mestan lífeyri á þeim tíma sem sótt er um lánið. Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem fullnægja ekki skilyrðum þessarar mgr. eiga hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sama máli gegnir um þá sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna fötlunar og örorku, þótt þeir séu ekki lífeyrisþegar.

Lánsréttur hjóna og sambýlisfólks miðast við meðaltal lánsréttar þeirra.

Umsækjendur, sem uppfylla skilyrði laga þessara um lánveitingu skv. 13., 14., 18. og 25. gr., skulu innan tveggja mánaða frá því að umsókn var lögð fram fá bindandi svar um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma lánsins. Áður en gengið er frá lánssamningi skal kostnaðar- og greiðsluáætlun liggja fyrir og skal Húsnæðisstofnun kynna umsækjanda þá greiðslubyrði sem væntanleg lántaka hans hefur í för með sér. Telji Húsnæðisstofnun að augljóst sé að umsækjandi geti með engu móti staðið undir fjármögnun viðkomandi íbúðar skal skýra umsækjanda frá því. Húsnæðismálastjórn er þá jafnframt heimilt að krefjast ríkari ábyrgðar á láninu en að öðrum kosti synja um lánveitingu.

Lán skulu afgreidd í sömu röð og umsóknir berast, og/eða íbúðir verða veðhæfar, þó þannig að úthlutun til þeirra, sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, gangi fyrir úthlutun annarra lána skv. nánari reglum sem settar skulu í reglugerð. Heimilt er að skipta láninu í allt að þrjá hluta eftir nánari reglum er húsnæðismálastjórn setur, enda fylgi lánið eða lánshlutarnir að fullu breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

Hafi húsnæðismálastjórn gert samning við lánastofnun um afgreiðslu lána skv. 10. gr. skal lántakanda gefinn kostur á að lánssamningur, afgreiðsla og útborgun lánsins verði á vegum viðkomandi lánastofnunar sem þá annast mat kostnaðar- og greiðsluáætlana.

Lán til sama umsækjanda skv. 13., 14. og 25. gr. laga þessara skal ekki veita oftar en á fimm ára fresti að jafnaði.

4. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 1. tölul. 11. gr. eru veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir. Þegar einstaklingur á í hlut ræðst lánsfjárhæð af samningi lífeyrissjóðs umsækjanda um skuldabréfakaup af Húsnæðisstofnun ríkisins skv. 12. gr., því hvort umsækjandi er að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eða ekki og af stærð íbúðarinnar sem hér segir:

a. Eigi umsækjandi, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, hámarkslánsrétt skv. 1. mgr. 12. gr. nemur lán til hverrar íbúðar kr. 2 100 000, en eigi hann lágmarkslánsrétt nemur

lán til hverrar íbúðar kr. 700 000. Önnur lán eru hlutfallslega þar á milli eftir lánsrétti umsækjanda í samræmi við skuldabréfakaup lífeyrisjóðs hans skv. 1. mgr. 12. gr. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni, svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.

b. Eigi umsækjendur íbúð fyrir nemur lán til hverrar íbúðar 70% af lánsfjárhæðum skv. a-lið þessarar greinar.

c. Lán skv. a- og b-liðum þessarar greinar skulu skerðast um 2,0% fyrir hvern m^2 sem íbúðin er stærri en 170 m^2. Er þá miðað við innanmál útveggja hússins alls að frádregnum bílskúr.

Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð samkvæmt þessari grein aldrei vera hærri en nemur 70% af kostnaðaráætlun viðkomandi íbúðar, eða 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, sem íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað. Þegar slíkir aðilar eiga í hlut skal lánsfjárhæð miðast við lágmarkslánsrétt.

Lán skv. þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

5. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. 2. tölul. 11. gr. eru veitt til kaupa á íbúðum sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki byggingaryfirvalda.

Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn á rétt á láni sem nemur 70% af lánum skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni sem nemur 70% af láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein, að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af nýbyggingarláni miðað við lánsrétt umsækjanda. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar 70% af raunverulegu kaupverði íbúðar.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. og 2. veðrétti.

Lánstími skal vera allt að 40 árum. Um lánskjör og tryggingar gilda að öðru leyti ákvæði 30. gr.

6. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni ákvarða hámarkshlutfall lána skv. þessari grein af byggingarkostnaði. Lánsfjárhæð skal miðast við verðlag þess ársfjórðungs þegar byggingin verður fokheld. Sé lán greitt út í tveimur eða fleiri hlutum skulu lánshlutarnir fylgja breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar.

7. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

a. 2. mgr. orðast svo:

Lán til viðbyggingar eða endurbóta miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr. og má nema allt að 70% af samþykktri kostnaðaráætlun en þó ekki hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., sbr. og c-lið þeirrar greinar.

b. 5. mgr. orðast svo:

Lán til meiri háttar endurbóta má að jafnaði fyrst veita ef íbúð er eldri en 15 ára og ekki má veita slíkt lán til sömu íbúðar oftar en á 15 ára fresti.

8. gr.

3. mgr. 19. gr. laganna orðast svo:

Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánum skv. 2. tölul. 11. gr. en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

9. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Nú sækir sá sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins skv. b-lið 20. gr. til þess að byggja eða kaupa íbúð handa fólki sem býr í heilsuspillandi húsnæði að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að 70% af hámarksláni skv. b-lið 13. gr. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 70% af byggingarkostnaði. Lán skv. þessari mgr. skal greiða í tvennu lagi ef um nýbyggingar er að ræða. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

10. gr.

22. gr. laganna breytist svo:

a. 3. mgr. orðast svo:

Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði en þó aldrei hærri upphæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 5. mgr. orðast svo:

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

11. gr.

24. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns skv. 6. tölul. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af hámarksláni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Lánstími má vera allt að 26 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

12. gr.

26. gr. laganna breytist svo:

a. 1. mgr. orðast svo:

Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Lánstími skal vera allt að 21 ári en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

13. gr.

30. gr. laganna orðast svo:

Lánskjör.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1.–8. tölul. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri íbúð sem lánað er til, eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af kaupverði, fasteignamati eða brunabótamati.

Vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera breytilegir. Ríkisstjórn Íslands tekur ákvörðun um vexti af hverjum lánaflokki á hverjum tíma að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og umsögn Seðlabankans. Lántökugjöld og aðrar þóknanir af lánum sjóðsins skulu ákveðnar með reglugerð.

Lán skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrstu tvö árin en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið í skuldabréfi. Af lánum skv. 8. tölul. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána skv. 1.–7. tölul. 11. gr. skulu eigi vera færri en fjórir á ári.

Gjalddaga lána skv. 8. tölul. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

14. gr.

2. mgr. 31. gr. laganna falli brott.

15. gr.

32. gr. laganna falli brott.

16. gr.

1. mgr. 39. gr. laganna falli brott.

17. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Stærð íbúða í verkamannabústöðum miðast við fjölskyldustærð umsækjanda.

Húsnæðismálastjórn skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Skal sérstaklega huga að stærð íbúða, hagkvæmni þeirra og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðarverð með sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið, með stöðlun og samkeppnisútboðum. Senda skal skriflega álitsgerð um framangreind atriði til hlutaðeigandi sveitarstjórnar og stjórnar verkamannabústaða til umsagnar.

18. gr.

1. mgr. 42. gr. laganna orðast svo:

Telji húsnæðismálastjórn að ekki sé gætt ákvæða 41. gr. eða að íbúðir séu óhóflegar að stærð og gerð synjar hún um lán til slíkra framkvæmda.

19. gr.

49. gr. laganna orðast svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður skv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er húsnæðismálastjórn að hækka lánshlutfallið í allt að 90% ef um er að ræða sérstaklega erfiðar fjölskyldu- eða fjárhagsástæður. Einnig er heimilt að veita sérstök lán til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með útborgun.

Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða eða íbúðir eru keyptar skal Húsnæðisstofnun fara yfir teikningar og gera tillögur um lánveitingu.

Sveitarstjórn eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði ber fulla ábyrgð á byggingu eða kaupum verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu greiðir viðkomandi sveitarstjórn þann kostnað sem umfram er.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og skal höfuðstóll lánsins miðast við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Húsnæðismálastjórn skal við gerð fjárhagsáætlunar hvert ár gera tillögur til félagsmálaráðuneytisins um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna. Ríkisstjórnin tekur ákvörðun um vexti af lánum Byggingarsjóðs verkamanna að fenginni umsögn Seðlabankans. Húsnæðismálastjórn ákveður lántökugjald og aðra þóknun af lánum sjóðsins.

Lánin eru til 43 ára, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum skv. lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Sé veitt sérstakt lán til þriggja ára til þeirra, sem eiga í erfiðleikum með útborgun, skulu lánin vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin.

Gjalddagar lána skulu eigi vera færri en fjórir á ári. Húsnæðisstofnun ríkisins er heimilt að fjölga gjalddögum ef það er talið æskilegt.

Byggingarsjóður verkamanna veitir samsvarandi fyrirgreiðslu með sömu kjörum vegna endursöluíbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín skv. ákvæðum þessara laga um kaupskyldu og forkaupsrétt.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af dagvinnutekjum greiðanda.

20. gr.

7. mgr. 51. gr. laganna orðast svo:

Kaupandi íbúðarinnar tekur við eftirstöðvum af láni Byggingarsjóðs verkamanna uppfærðum til söludags. Ef uppfærðar eftirstöðvar lánsins nema lægri fjárhæð en 85% af endursöluverði íbúðarinnar er heimilt að veita viðbótarlán úr Byggingarsjóði verkamanna að því marki að heildarlán sjóðsins nemi allt að 85% af endursöluverði íbúðarinnar.

21. gr.

Í stað 1.–3. mgr. 58. gr. laganna koma tvær nýjar mgr. svohljóðandi:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða skv. b- og c-lið 33. gr. mega nema allt að 85% af byggingarkostnaði eða kaupverði, þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Verði byggingarkostnaður meiri eða kaupverð íbúðar hærra en ofangreindur kostnaðargrundvöllur greiðir hlutaðeigandi byggingaraðili þann kostnað sem umfram er.

22. gr.

3. mgr. 64. gr. laganna orðast svo:

Slíkt lán má nema allt að 85% söluverðs íbúðar en þó ekki hærri fjárhæð en 85% af þeim kostnaðargrundvelli að lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Heimilt er að láta áhvílandi lán hvíla áfram á íbúðinni og veita viðbótarlán allt að fyrrnefndu hámarki.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1986.

Á tímabilinu september til desember 1986 skal lánsréttur einstaklinga ráðast af því hve háu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1986 lífeyrissjóðir þeirra verja til kaupa á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir, sem lagt hafa inn fullgilda umsókn um lán úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir gildistöku laga þessara en eiga eftir að fá lánið greitt að öllu leyti eða hluta þess, skulu eiga kost á því að farið verði með lánsumsóknir þeirra eftir lögum þessum á eftirfarandi hátt, enda hafi lífeyrissjóðir umsækjanda þá gert samning við Húsnæðisstofnun ríkisins um skuldabréfakaup skv. 9. gr. laga þessara:

Finna skal þann mismun sem er á ógreiddum lánshlutum miðað við lánsrétt skv. lögum þessum og á ógreiddum lánshlutum skv. eldri lögum að viðbættu samsvarandi hlutfalli af þeim lífeyrissjóðslánum sem umsækjandi hefur fengið síðan 1. september 1985. Umsækjandi á þess kost að fá hækkun sem ofangreindum mismun nemur á þeim lánshlutum sem til greiðslu koma frá 1. september 1986, enda sé lífeyrissjóður umsækjanda reiðubúinn til að auka sérstaklega skuldabréfakaup sín af Húsnæðisstofnun ríkisins sem mismuninum nemur.

Ed. 1053. Lög [73. mál]

um varnir gegn mengun sjávar.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 952 (sbr. 718).

Nd. 1054. Lög [236. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 1041.

Nd. 1055. Lög [430. mál]

um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 700.

Nd. 1056. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á fundum sínum og fengið til viðtals Svein Björnsson frá viðskiptaráðuneytinu.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það kom frá efri deild.

Steingrímur J. Sigfússon skrifar undir nál. með fyrirvara. Jón Baldvin Hannibalsson mun skila séráliti. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr., með fyrirvara.	Pálmi Jónsson.
Þórarinn Sigurjónsson.		Eggert Haukdal.

Nd. 1057. Nefndarálit [396. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

1. Þetta frumvarp, ef að lögum verður, getur falið í sér auknar álögur á neytendur sem eru ekki undir *1000 milljónum króna*. Verði frumvarpið að lögum verður það að teljast alvarlegt brot af hálfu þingmeirihlutans á nýgerðu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu verðlags og skatta á almenning. Þegar af þeirri ástæðu varar minni hl. alþingismenn alvarlega við því að ganga svo hrottalega í berhögg við hagsmuni almennings sem samþykkt þessa frumvarps vissulega væri.
2. Frumvarpið felur í sér allt að 200% gjald á tollverð á innfluttum kartöflum. Miðað við meðalinnflutning síðustu fjögurra ára getur falist í umræddri heimild um *200–300 milljóna kr. skattur á neytendur* af innfluttum kartöflum. Við það bætast síðan *álögur á innfluttar vörur* unnar úr kartöflum. Um leið gerir þessi skattheimta innlendum framleiðendum kleift að *hækka verð til neytenda*. Í heild getur þessi skattheimta falið í sér álögur á neytendur sem eru ekki undir *einum milljarði króna*.

3. Sérstök ástæða er til að vekja athygli þingheims á ruddalegum vinnubröðum þeirra sérhagsmunaseggja sem farið hafa offari í þessu máli. Þó að hér sé verið að leggja allt að 1000 milljóna kr. aukaskatt á neytendur fylgja nákvæmlega *engir útreikningar* til þess að réttlæta þessa skattheimtu. Með því að kalla skattinn jöfnunargjald er gefið í skyn að verð á kartöflum og vörum úr þeim sé niðurgreitt erlendis. Það eru *hrein ósannindi.* Engar niðurgreiðslur eiga sér stað, hvorki í löndum Efnahagsbandalagsins né í Norður-Ameríku á þessum vörum. Helsti rökstuðningurinn fyrir málinu reynist þannig vera hrein ósannindi.

   Það er svo eftir öðru að formaður landbúnaðarnefndar og meiri hl. nefndarinnar synjuðu óskum minni hl. um að málið fengi eðlilega þinglega meðferð í nefnd. Óskir voru settar fram um að málið yrði sent *til umsagnar Alþýðusambands Íslands* vegna þess að það felur í sér brot á bókstaf og anda þess samkomulags sem aðilar vinnumarkaðarins hafa nýlega gert við ríkisstjórn landsins um samræmdar aðgerðir til niðurfærslu verðlags. Sömuleiðis var þess óskað að Neytendasamtökin fengju að útskýra afstöðu sína fyrir nefndarmönnum. Enn fremur að fulltrúar lagadeildar Háskólans og viðskiptaráðuneytis fengju ráðrúm til að skýra hvort svo gerræðisleg lagasetning stæðist ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar og skuldbindingar okkar skv. GATT sem skuldbindur okkur til að auka ekki álögur á innfluttar vörur vegna fyrirhugaðra viðræðna um frjáls alþjóðaviðskipti innan GATT. Auk þess má benda á að samþykkt þessa frumvarps mun trúlega veikja mjög stöðu okkar í viðræðum við Efnahagsbandalagið og Portúgala vegna saltfisktolls sem þar bitnar á íslenskum útflutningi.

   Þessum sjálfsögðu óskum um þinglega málsmeðferð var dreissugt vísað á bug með þeirri einu undantekningu að fulltrúi viðskiptaráðuneytisins fékk náðarsamlegast að koma á fund nefndarinnar til þess að útskýra GATT-samkomulagið.
4. Reynt er að réttlæta þessa hrikalegu skattheimtu með því að tvær kartöfluverksmiðjur hér á landi séu ekki samkeppnisfærar miðað við það hráefnisverð sem eigendur þeirra, kartöflubændur, hafa látið verksmiðjurnar borga. Verðkönnun Verðlagsstofnunar á frönskum kartöflum (sjá fylgiskjal II) sýnir að eigendur fyrirtækjanna hafa selt sjálfum sér kartöflur á verði sem er langt yfir heimsmarkaðsverði. Síðan er ætlast til þess að Alþingi jafni tvö- til þrefaldan mun á útsöluverði með gífurlegum álögum á innflutta samkeppnisvöru. Sérstök athygli skal vakin á *ályktun Neytendasamtakanna* um þetta mál (sjá fylgiskjal I). Þar segir m.a.:

   „Vilji stjórnvöld stuðla að slíkum atvinnurekstri (þ.e. kartöfluúrvinnslu) er eðlilegra að þau styðji hann með *öðrum aðferðum* en að hækka verð samkeppnisvara til neytenda. Slíkar þreifingar ofan í matarbuddu almennings eru ekki til þess fallnar að bæta kjör heimilanna. Nær væri að veita þessum fyrirtækjum *beina rekstrarstyrki á fjárlögum.* Þá væri kostnaðurinn ljós hverjum sem er og á valdi Alþingis hverju sinni að ákveða hvort halda skyldi slíkum stuðningi áfram."
5. Hér er verið að takast á um grundvallarsjónarmið: Er það hlutverk Alþingis að *leysa fjárfestingarmistök einkaaðila á kostnað skattgreiðenda?*

   Minni hl. landbúnaðarnefndar skorar á alþingismenn að gæta hagsmuna almennings og neytenda í þessu máli með því að vísa á bug svo gerræðislegri lagasetningu.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Fylgiskjal I.

Ályktun Neytendasamtakanna:

ÞREIFINGAR Í MATARBUDDUNA BÆTA EKKI KJÖR HEIMILANNA.

Neytendasamtökin mótmæla frumvarpi um hækkaðar álögur á innflutning.

Neytendasamtökin mótmæla framkomnu stjórnarfrumvarpi um heimild til handa stjórnvöldum til þess að leggja allt að 200% ofan á tollvirði innfluttra búvara. Neytendasamtökin telja verði frumvarpið að lögum að það muni leiða til stórhækkaðs vöruverðs til neytenda, koma í veg fyrir samkeppni og draga úr viðleitni framleiðenda til þess að laga sig að markaðsaðstæðum og beita hagkvæmni við framleiðsluna.

Neytendasamtökin fordæma jafnframt þær hugmyndir að neytendur eigi að þola stórhækkað vöruverð af þeim ástæðum einum að nokkrir framleiðendur stofna og reka úrvinnsluverksmiðjur fyrir framleiðslu sína.

Vilji stjórnvöld stuðla að slíkum atvinnurekstri er eðlilegra að þau styðji hann með öðrum aðferðum en að hækka verð samkeppnisvara til neytenda. Slíkar þreifingar ofan í matarbuddu almennings eru ekki til þess fallnar að bæta kjör heimilanna. Nær væri að veita þessum fyrirtækjum beina rekstrarstyrki á fjárlögum. Þá væri kostnaðurinn ljós hverjum sem er og á valdi Alþingis hverju sinni að ákveða hvort halda skyldi slíkum stuðningi áfram.

Fylgiskjal II.

Verðsamanburður Verðlagsstofnunar á frönskum kartöflum.
(Verð allra tegunda miðast við 1 kg.)

	kr.
Busser, 2,5 kg	50,00
Vriezo, 2,5 kg	60,80
Farm Frites-Oven ready, 5 kg	71,80
Valley Farms, 2,27 kg	77,79
Lutosa, 1 kg	79,35
Valley Farms, 1 kg	83,93
Farm Frites-Oven ready, 1804 g	89,50
Farm Frites-Oven ready, 907 g	91,88
McCain, 1 kg	130,33
Þykkvabæjar, 1500 g	140,52
Fransman, 1500 g	143,54
Þykkvabæjar, 700 g	146,12
Fransman, 700 g	146,77

Nd. 1058. Breytingartillögur [415. mál]

við frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Við 17. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo: Ekki skal innheimta útflutningsgjald af þeirri skreið sem ógreidd var 1. janúar 1986 og framleidd var fyrir 31. desember 1984.
2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr tölul., IV., svohljóðandi:
   Eigi skal greiða gengismun skv. lögum nr. 71/1984 af skreið sem ógreidd var 1. janúar 1986.

Sþ. 1059. Svar [394. mál]

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um sáttargerðarsamning ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

Í greinargerð með fyrirspurn þessari er vísað til umræðna í neðri deild Alþingis 26. nóvember 1985 en í þeirri umræðu svaraði iðnaðarráðherra nokkrum fyrirspurnum frá hv. 5. þm. Austurl. Af þeim spurningum hljóðaði sú áttunda svo:

„Hvaða aðgerðir verða gerðar vegna túlkunar forstjóra Austraswiss á sáttargjörð frá 5. nóv. 1984?“

Svar iðnaðarráðherra var:

„Ég mun ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en eitthvað verður aðhafst í þessu máli.

Ég vil taka það fram að í þessu sambandi voru það ekki fyrstu upplýsingar sem ég fékk frá hv. 5. þm. Austurl. Þann sama morgun og hann dreifði sínum gögnum hér bárust mér frá Íslendingi erlendis, hann heitir Elías Davíðsson og virðist búa í Basel í Sviss, upplýsingar um sama efni. En ég mun ræða þetta mál við forráðamenn Alusuisse og fá skýringar þeirra á þessu áður en ég aðhefst eitthvað í málinu.“

Þær staðhæfingar og túlkanir, sem fyrirspurnin fjallar um, komu fram í bréfi frá A. G. Powell, forstjóra Austrasuisse, sem hann skrifaði til ritstjóra National Times í Ástralíu vegna blaðagreinar í því riti í október s.l. og dreifði síðan til þingmanna á Ástralíuþingi vegna fyrirspurnar í þinginu sem fram kom í tengslum við þá blaðagrein.

Eftir að mál þetta kom til umræðu á Alþingi í lok nóvember s.l. var haft samband við skrifstofu Alusuisse í Zurich á vegum iðnaðarráðuneytisins og athygli vakin á því að í nefndu bréfi A. G. Powells kæmi fram túlkun á sáttargerðarsamningnum sem væri ekki í samræmi við efni hans og ákvæði. Af hálfu forsvarsmanna Alusuisse kom fram að ummæli A. G. Powells gæfu ekki rétta mynd af efni sáttargerðarsamningsins.

Á hinn bóginn hefur ekki gefist tækifæri til þess síðan málið var til umræðu á Alþingi að iðnaðarráðherra hefði fund með forráðamönnum Alusuisse til að ræða þetta mál og er því ekki um að ræða niðurstöður af slíkum viðræðum. Til þessa liggja m.a. þær ástæður að mannaskipti urðu í æðstu yfirstjórn Alusuisse í janúar 1986 og verða þau væntanlega frekar staðfest á aðalfundi félagsins sem halda á um þessar mundir. Fundur iðnaðarráðherra með forráðamönnum Alusuisse er ekki áformaður fyrr en í júlímánuði.

Nd. 1060. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er andvígur frv. og mun streitast móti afgreiðslu þess. Leggur minni hl. til að frumvarpið verði fellt. Rök fyrir þeirri afstöðu er m.a. að finna í minnihlutaáliti landbúnaðarnefndar efri deildar á þskj. 841.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Steingrímur J. Sigfússon, fundaskr. | Jón Baldvin Hannibalsson, frsm. | Eggert Haukdal.

Nd. 1061. Nefndarálit [341. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Streiti í Breiðdal í Suður-Múlasýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin varð eigi sammála um afstöðu til málsins. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Stefán Valgeirsson skrifar þó undir nál. með fyrirvara.

Minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Stefán Valgeirsson, form., með fyrirvara. | Pálmi Jónsson, frsm. | Halldór Blöndal.

Þórarinn Sigurjónsson.

Ed. 1062. Nefndarálit [431. mál]

um frv. til l. um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin ræddi málið á tveimur fundum sínum. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá neðri deild þó að þar mætti ýmislegt betur fara.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Egill Jónsson, form., frsm. | Ey. Kon. Jónsson, fundaskr. | Davíð Aðalsteinsson.

Magnús H. Magnússon. | Skúli Alexandersson. | Kolbrún Jónsdóttir.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 1063. Framhaldsnefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti um frv. þar sem hann er í grundvallaratriðum andvígur þeirri stefnu sem nú er fylgt í vaxta-, peninga- og bankamálum, en þessi stefna hefur m.a. haft í för með sér stórfellt vaxtaokur þannig að raunvextir eru hér einhverjir þeir hæstu í heimi um þessar mundir. Jafnframt er ljóst að stefnan í vaxtamálum mun nú á þessu ári stofna í hættu þeim árangri sem ætlunin er að ná í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Er ljóst að forusta fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins ræður þarna úrslitum: Ríkissjóður er rekinn með stórfelldum halla og hallinn er fjármagnaður með lántökum á almennum markaði sem spenna upp vexti í landinu.

Grundvallaratriði þeirra breytingartillagna, sem minni hl. flytur, eru þessi:

1. Gerðar eru tillögur um að skerða vald Seðlabankans verulega frá frumvarpinu, bæði með því að bankaeftirlitið verði sjálfstæðara og heyri beint undir bankaráð en ekki bankastjóra og með því að draga úr heimildum bankans til þess að binda innlánsfé.
2. Lagt er til að möguleikar Seðlabanka og ríkisstjórnar til að hafa hemil á óhæfilegum vaxtaákvörðunum innlánsstofnana verði eins og var í frv. þegar það var lagt fram, en í neðri deild var dregið úr valdi Seðlabankans til afskipta af vaxtaákvörðunum.
3. Breytt er reglum um ráðningu seðlabankastjóra og öll undanþáguákvæði vegna núverandi bankastjóra eru felld niður.
4. Útþensla Seðlabankans hefur sætt sívaxandi gagnrýni innan þings og utan. Til þess að setja útþenslu bankans eðlilegar skorður er lögð til sú regla að bankinn skili hagnaði sínum árlega í ríkissjóð.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögum minni hl. í framsögu.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Ragnar Arnalds, frsm. Magnús H. Magnússon. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1064. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá Ragnari Arnalds, Magnúsi H. Magnússyni og Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að ákveða að innlánsstofnanir skuli eiga varasjóð á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af heildarinnlánsfé hverrar stofnunar, allt að 15% af innlánsfénu. Sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.

Óheimilt er að ráðstafa fé því, sem bundið er skv. þessari grein, til útlána.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti af auknum innlánum við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum, enda fari heildarinnlánsfé, sem viðkomandi stofnun er skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn greiði eðlilega vexti af bundnu innlánsfé þannig að innlánsbinding hafi sem minnsta röskun í för með sér á starfi innlánsstofnana.

Ráðherra setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd innlánsbindingar skv. 1., 3. og 4. mgr.

2. Við 9. gr. 1. og 2. mgr. orðist svo:

Seðlabankinn ákveður í samráði við ríkisstjórn vexti af innlánum við bankann og af lánum sem hann veitir.

Seðlabankinn getur bundið ákvarðanir innlánsstofnana takmörkunum, m.a. til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.

3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Seðlabankinn skal ekki annast viðskipti sem skv. lögum, venju eða eðli máls teljast verkefni innlánsstofnana. Honum er því óheimilt að skipta við almenning og keppa um viðskipti við innlánsstofnanir. Rísi ágreiningur um ákvæði þessarar greinar sker ráðherra úr.

4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Í Seðlabankanum skal starfrækja bankaeftirlit sem er sjálfstæð stofnun er lýtur yfirstjórn ráðherra og bankaráðs Seðlabankans svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Kostnaður vegna eftirlitsins skal greiðast af Seðlabankanum.

5. Á eftir 13. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:

a. Hlutverk bankaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því að innlánsstofnanir hagi starfsemi sinni í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra.

Bankaeftirlitinu er skylt að veita ráðherra upplýsingar um allt er varðar starfsemi innlánsstofnana. Eigi ákvæði 17. gr. við skulu ráðherra tilkynntar athugasemdir bankaeftirlitsins þegar í stað.

b. Ráðherra skipar forstöðumann bankaeftirlitsins og skal hann eigi skipaður til lengri tíma en sex ára í senn. Forfallist forstöðumaður um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

Bankaráð ákveður laun og launakjör forstöðumanns og gerir tillögur um erindisbréf honum til handa sem ráðherra gefur út.

Alla aðra starfsmenn ræður forstöðumaður. Bankaráð ákveður fjölda starfsmanna.

c. Starfsmenn bankaeftirlitsins mega ekki vera í stjórn innlánsstofnunar eða eiga hlutabréf í banka eða vera stofnaðilar eða ábyrgðarmenn sparisjóðs eða annarrar stofnunar sem er háð eftirliti bankaeftirlitsins.

Forstöðumaður bankaeftirlitsins má ekki taka lán hjá banka eða sparisjóði eða annarri stofnun, sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með, né stofna til annarra skuldbindinga gagnvart þeim stofnunum nema með leyfi bankaráðs.

Aðrir starfsmenn skulu tilkynna forstöðumanni lán sem þeir hafa fengið og aðrar skuldbindingar gagnvart þeim stofnunum sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með. Ekki mega starfsmenn bankaeftirlitsins koma fram sem umboðsmenn annarra gagnvart þeim stofnunum sem eftirlit er haft með.

6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:

Bankaeftirlitið skal athuga bókhald og reikninga innlánsstofnana skv. skilgreiningu á innlánsstofnun í 1. mgr. 6. gr. Skal bankaeftirlitið kanna fjárhag og starfsemi þeirra svo oft sem þurfa þykir. Innlánsstofnunum er skylt að veita bankaeftirlitinu aðgang að

öllu bókhaldi sínu, fundargerðum, skjölum, verðmætum og öðrum gögnum í vörslu stofnunarinnar er varða starfsemina og veita að öðru leyti þær upplýsingar sem bankaeftirlitið telur nauðsynlegar til eftirlits með þeim hætti og svo oft sem óskað er.

7. Á eftir 15. gr. komi þrjár nýjar greinar er orðist svo:
   a. Bankaeftirlitið skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga um verðbréfamiðlun. Bankaeftirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð skilyrðum laga.

      Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varðar starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.
   b. Vegna ákvæða 6. gr. laga um verðbréfamiðlun skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitsgerð um efni viðskiptaauglýsinga sem verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitsgerðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.

      Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóða brjóti í bága við lög skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. laga um verðbréfamiðlun eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu um það til verðlagsráðs.
   c. Bankaeftirlitið skal hafa eftirlit með lánaþjónustu og viðskiptakjörum greiðslukortafyrirtækja, enda skal þeim skylt að veita bankaeftirlitinu allar nauðsynlegar upplýsingar, sbr. 15. gr.
8. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

   Bankaeftirlitið getur krafist þess að innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir sem undir eftirlit þess heyra skv. lögum þessum:
   a. hagi bókhaldi sínu, ársuppgjöri og endurskoðun eftir reglum sem það ákveður og ráðherra staðfestir,
   b. birti reikninga sína á þann hátt og svo oft sem það ákveður,
   c. veiti reglulega upplýsingar um efnahag og rekstur á þann hátt og svo sundurliðað sem óskað er,
   d. veiti aðrar upplýsingar sem það telur nauðsynlegar vegna eftirlitsins.
9. Á eftir 16. gr. komi ný grein er orðist svo:

   Bankaeftirlitinu er skylt að veita innlánsstofnunum, sem eftir því leita, tæknilega ráðgjöf um bankastarfsemi, þjónustu og reikningsskil.
10. Við 17. gr.
    a. Við 2. mgr. bætist: Jafnframt skal bankaráði og skoðunarmönnum viðkomandi innlánsstofnunar gert viðvart.
    b. 5. mgr. orðist svo:

       Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir skv. 4. mgr. skulu tilkynntar ráðherra þegar í stað. Jafnframt skal bankaráði og skoðunarmönnum — eða félagsstjórn sé um innlánsstofnun að ræða — gert viðvart. Þá skal bankaeftirlitið gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi þess eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
11. Á eftir 17. gr. komi ný gr. er orðist svo:

    Áður en innlánsstofnun hefur starfsemi, stofnar útibú eða afgreiðslu, skal bankaeftirlitinu tilkynnt um stofnunina í því formi sem það ákveður.

    Tilkynna skal bankaeftirlitinu hverjir séu kjörnir í stjórn innlánsstofnunar, ráðnir bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar eða forstöðumenn annarra innlánsstofnana, svo og hverjir séu kjörnir eða ráðnir endurskoðendur og forstöðumenn útibúa, innan mánaðar frá kjöri þeirra eða ráðningu.

12. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Í bankastjórn Seðlabankans eiga sæti aðalbankastjóri og tveir aðstoðarbankastjórar. Aðalbankastjóri gegnir formennsku bankastjórnar.

Ráðherra skipar bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Aðalbankastjóri skal eigi skipaður til lengri tíma en sex ára, en aðstoðarbankastjórar til þriggja ára í senn.

Forfallist bankastjóri um stundarsakir getur ráðherra að fengnum tillögum bankaráðs sett mann í hans stað.

13. Við 28. gr.
   a. Í stað „12 mánuði“ í 1. mgr. komi: sex mánuði.
   b. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo: Um eftirlaun bankastjóra fer eftir kjarasamningum.
   c. Orðin „að öðru leyti nema slíkt sé boðið í lögum eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem bankinn á aðild að“ í síðari mgr. falli brott.

14. Við 35. gr. *Greinin orðist svo:*

Reikningsár Seðlabankans er almanaksárið. Fyrir hvert reikningsár skal gera ársreikning og skal gerð hans lokið svo fljótt sem auðið er eftir árslok.

Um gerð ársreiknings fer eftir lögum og góðri reikningsskilavenju, bæði að því er varðar uppsetningu reiknings, mat á einstökum liðum og önnur atriði.

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

I. Launagreiðslur:
   a. heildarlaunagreiðslur,
   b. föst yfirvinna,
   c. önnur yfirvinna,
   d. hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í a-, b- og c-lið.

II. Bifreiðakostnaður:
   a. fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra,
   b. notkun bílaleigubifreiða,
   c. notkun leigubifreiða,
   d. greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

III. Risnukostnaður:
   a. föst risna greidd einstökum starfsmönnum,
   b. risna greidd samkvæmt reikningi.

IV. Ferðakostnaður:
   a. ferðakostnaður innanlands, þar með taldir dagpeningar,
   b. ferðakostnaður utanlands, þar með taldir dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

Efnislegir fjármunir:
   a. húseignir, lóðir og lendur,
   b. vélar, áhöld, húsgögn o.fl.,
   c. bifreiðar,
   d. aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:
   1. keypt og byggt á árinu,
   2. selt á árinu,
   3. afskrifað og fært á rekstrarreikning,
   4. endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Ráðherra skal setja nánari reglur um reikningsskil og gerð ársreiknings að fengnum tillögum bankaráðs.

15. Við 37. gr. Greinin orðist svo:

Í byrjun hvers árs skal Seðlabankinn greiða arð til ríkissjóðs sem nemi hagnaði næstliðins árs af innlendri lánastarfsemi bankans, sölu gjaldeyris og umboðslaunum af gjaldeyrisfærslum, að frádregnum rekstrarkostnaði. Gengismunur af erlendum eignum og skuldum bankans telst ekki til tekna og gjalda í rekstrarreikningi heldur færist á sérstakan endurmatsreikning og er gengismunurinn að öllu leyti undanþeginn arðsskilum.

16. Við 40. gr. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falli brott.

Sþ. 1065. Skýrsla [171. mál]

viðskiptaráðherra um stöðu Útvegsbanka Íslands í ljósi upplýsinga í fjölmiðlum um viðskipti bankans og fyrirtækisins Hafskips hf., samkvæmt beiðni.

Við gerð þessarar skýrslu hefur verið aflað upplýsinga hjá bankaeftirliti Seðlabanka Íslands og bankaráði og bankastjórn Útvegsbankans. Jafnframt hefur verið valinn sá kostur við uppsetningu skýrslunnar að svara sérstaklega einstökum atriðum sem eru tilgreind í beiðni þingmannanna. Að öðru leyti má um málefni Útvegsbankans og Hafskips hf. vísa til skýrslu viðskiptaráðherra um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans á þskj. 692.

1. tölul.

Heildarskuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum námu samtals 721,9 milljónum króna hinn 5. desember 1985, þ.e. daginn áður en fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt athugun bankaeftirlitsins á stöðu mála hinn 8. janúar 1986 nam fjárhæðin 808,5 milljónum króna en þá eru taldar með skuldbindingar Íslenska skipafélagsins hf. gagnvart bankanum og viðskiptavíxlar.

2. tölul.

Heildarskuldbindingar Hafskips hf. miðað við 5. desember 1985 námu 8,4% af útlánum, endurlánuðu erlendu lánsfé og ábyrgðum Útvegsbankans 30. nóvember 1985.

3. tölul.

Eigið fé bankans miðað við 12. nóvember 1985 liggur ekki fyrir. Eigið fé 31. desember 1985 nemur hins vegar 115 milljónum króna að mati bankaeftirlitsins. Nokkur óvissa ríkir nú um hvert sé endurmetið eigið fé Útvegsbankans, sbr. 4. lið skýrslunnar.

4. tölul.

Í skýrslu bankaeftirlitsins um athugun á stærstu lánþegum Útvegsbankans 30. júní 1985 kemur fram að komi til stöðvunar á rekstri Hafskips hf. og nauðungarsölu á eignum þess gæti tapáhætta Útvegsbankans verið á bilinu *380–450 milljónir króna.*

Í nýrri skýrslu bankaeftirlitsins, dags. 21. apríl 1986, sem lýtur að viðskiptum Útvegsbankans og Hafskips hf., metur bankaeftirlitið að áætlað útlánatap muni vart nema lægri fjárhæð en 400 milljónum króna. Til viðbótar bætist áætlað útlánatap bankans vegna Íslenska skipafélagsins hf. sem gert er ráð fyrir að nemi u.þ.b. 12 milljónum króna. Í ljósi þessa gæti heildartapið numið *412 milljónum króna.*

Á það ber hins vegar að leggja áherslu að enn ríkir óvissa um endanlegt tap Útvegsbankans vegna þessara viðskipta. Þess má þó vænta að ýmis vafaatriði málsins skýrist á tímabilinu milli loka kröfulýsingarfrests og fyrsta skiptafundar í þrotabúi Hafskips hf., nánar tiltekið milli 15. maí og 20. júní n.k.

5. tölul.

Ráðuneytið bendir á að hinn 20. desember 1985 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 119/1985, um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Hæstiréttur hefur tilnefnt menn í nefndina og er formaður hennar Jón Þorsteinsson hrl. Samkvæmt 2. gr. laganna er nefndinni m.a. ætlað að kanna greiðslutryggingar vegna útlána Útvegsbankans til fyrirtækisins. Að sögn formanns nefndarinnar er við það miðað að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1986. Ráðuneytið telur rétt, vegna spurningar um hvort stjórn Útvegsbankans hafi sniðgengið reglur og hefðir í bankaviðskiptum um greiðslutryggingar útlána, að beðið sé eftir niðurstöðum nefndarinnar, m.a. um greiðslutryggingar, svo og niðurstöðum skiptaráðanda.

6. tölul.

Í svari sínu við spurningu um hvort „bankastjórn Útvegsbankans hafi fengið villandi upplýsingar frá Hafskipi hf. um rekstur, afkomu, hagnað og veðhæfi eigna“ segir bankastjórnin að þessi þáttur málsins sé í rannsókn hjá skiptaráðanda.

7.–8. tölul.

Í bréfi bankaráðs Útvegsbankans frá 24. janúar 1986, undirrituðu af Valdimar Indriðasyni formanni bankaráðs, segir svo:

„Vísað er til bréfs yðar frá 13. janúar s.l. þar sem óskað er eftir svari við fyrirspurn frá Alþingi, þingskjali 194, vegna 7. og 8. liðar.

Bankaráð Útvegsbankans vill upplýsa eftirfarandi varðandi fyrrgreindar fyrirspurnir:

Bankaráði Útvegsbankans, sem kosið var fyrir árið 1986, var kunnugt um erfiðan rekstur Hafskips hf. snemma á árinu 1985 þar sem bankastjórar skýrðu frá stöðu mála á bankaráðsfundum án þess að það væri sérstaklega bókað.

Á fundi bankaráðs 1. mars 1985 voru lagðar fram ítarlegar upplýsingar og skýringar varðandi þetta mál. Ekki var talið á því stigi að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða, en sýna þyrfti fyllstu aðgát í viðskiptum við fyrirtækið.

Um málefni Hafskips var rætt á bankaráðsfundi 13. júní s.l. þar sem var skýrt frá ársreikningum fyrirtækisins fyrir árið 1984 sem borist höfðu síðari hluta maí.

Um miðjan júlí barst fjögurra mánaða uppgjör 1. janúar til 30. apríl 1985 frá Hafskipi hf. Þar kom í ljós að staða fyrirtækisins hafði versnað verulega frá því sem áður hafði komið fram í áætlunum félagsins.

Bankastjórn og bankaráð var sammála um það að lengra yrði ekki haldið í rekstri félagsins í óbreyttu formi. Bankastjórn ræddi þessar niðurstöður við forráðamenn Hafskips. Niðurstaðan varð sú að Hafskipsmenn hófu viðræður við forráðamenn Eimskipafélags Íslands hf. um kaup eða yfirtöku á eignum Hafskips hf. Þessar viðræður stóðu fram í október en skiluðu ekki árangri.

Þá tóku bankastjórar Útvegsbankans upp viðræður við Eimskip um þessi mál, og komust þær vel á veg og gáfu fyrirheit um jákvæðan árangur. Á þessum tíma urðu miklar umræður um þessi mál í fjölmiðlum og á Alþingi.

Þessi umræða öll tafði mjög fyrir samkomulagi og samningsstaða versnaði með hverjum degi. Að lokum náðist samningur við Eimskipafélagið aðfaranótt 1. desember s.l. um kaup á eignum Hafskips hf.

Framhald þessa máls er þekkt og er óþarfi að fjölyrða þar frekar um.“

9. tölul.

Bankaleynd vegna þessara viðskipta hefur að verulegu leyti verið aflétt, sbr. þessa skýrslu og skýrslu á þskj. 692 um afskipti bankaeftirlitsins af málefnum Útvegsbankans. Þá er gert ráð fyrir að skýrsla þeirrar nefndar, sem kannar viðskipti Útvegsbankans og Hafskips hf., verði lögð fyrir Alþingi, sbr. 4. gr. laga nr. 119/1985.

10. tölul.

Seðlabanka Íslands, þar á meðal bankaeftirlitinu, er óheimilt að víkja bankastjórn frá. Samkvæmt lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, er það vald í höndum bankaráðs.

11. tölul.

Með setningu laga nr. 119/1985 hefur Alþingi mælt fyrir um könnun á máli þessu, m.a. hvað varðar lánafyrirgreiðslu Útvegsbankans við Hafskip hf. Spurningu þingmannanna um ábyrgð í þessu máli verður því ekki svarað fyrr en niðurstöður nefndarinnar liggja fyrir. Jafnframt minnir ráðuneytið á að skiptaráðandi hefur nú málefni þrotabús fyrirtækisins til meðferðar.

12. tölul.

Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir skipulagsbreytingum innan bankakerfisins, m.a. með hliðsjón af stöðu þessa máls. Jafnframt skal minnt á að viðskiptaráðherra kynnti alþingismönnum í desembermánuði 1985 tillögur þriggja manna nefndar um sameiningu og fækkun viðskiptabanka.

13. tölul.

Skuldbindingar Hafskips hf. gagnvart Útvegsbankanum námu 18,2 milljónum króna 15. janúar 1980 og 288,6 milljónum króna 2. júní 1983. Miðað við lánskjaravísitölu er hér um rúmlega þreföldun að ræða.

Nd. 1066. Breytingartillögur [396. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Friðrik Sophussyni.

Við 1. gr.

1. Orðin „og vörum unnum úr þeim“ í 1. málsl. nýs e-liðar falli brott.
2. Orðin „og hvaða vörur skuli gjaldskyldar“ í 1. málsl. síðari mgr. falli brott.

Nd. 1067. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hl. með samþykkt þess.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Hjörleifur Guttormsson og Kristín S. Kvaran.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Ólafur G. Einarsson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Nd. 1068. Nefndarálit [444. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, með síðari breytingum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Hjörleifur Guttormsson og Kristín S. Kvaran.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Halldór Blöndal, form., frsm. Ólafur Þ. Þórðarson. Birgir Ísl. Gunnarsson.

Ólafur G. Einarsson. Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 1069. Nefndarálit [415. mál]

um frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að ekki væri ágreiningur um meginefni frumvarpsins enda um að ræða víðtækt samkomulag hagsmunaaðila innan sjávarútvegsins.

Með tillögum um hlutfall skiptaverðmætis af heildaraflaverðmæti með 70% sem meginreglu er gert hreint borð í tekjuskiptingu milli sjómanna og útvegsmanna. Eru samningsaðilar sammála um þetta þótt auðvitað verði aldrei gert endanlegt samkomulag um tekjuskiptingu milli þeirra. Í stað flókinna tilfærslna og reiknireglna kemur nú eitt hlutfall, mishátt eftir því hvort landað er heima eða erlendis úr veiðiskipi eða gámi eða frystiskipi. Hins vegar er það ekki tilgangur þessara ákvæða að breyta tekjuskiptingunni í meginatriðum heldur markaðar skýrari línur fyrir kjarasamninga aðila sem fari fram á sínum rétta vettvangi.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt af hálfu sjómanna að 4. gr. frv., þar sem ákveðið er að skiptaverðmæti á frystiskipum skuli vera 70% af fob-verðmæti, feli í sér skerðingu á hlut sjómanna á þeim skipum. Það er rétt að skv. núgildandi skiptum er sambærileg tala 72,25% þegar um botnfisk er að ræða en aftur á móti 68,25% þegar rækja er fryst um borð. Þannig felur ákvæði 4. gr. í sér hækkun hlutar á rækjuskipum en lækkun á öðrum veiðum frystiskipa. Algengt mun vera að sömu skipin stundi hvort tveggja. Þá er þess að geta að 70%-talan í 4. gr. er hluti af víðtæku samkomulagi fulltrúa sjómanna og útvegsmanna um

ákvæðin í I. kafla frv. Sjómenn fengu því framgengt að hlutfallið í 1. gr. hækkaði úr 69,5% í 70% um leið og ákveðið var að gera þá málamiðlun sem felst í 4. gr. Loks er rétt að benda á að hluti þess samkomulags, sem fulltrúar sjómanna og útvegsmanna í nefndinni, sem samdi frv., gerðu með sér, var viðbót við kjarasamninga þeirra um hækkun á skiptaprósentu á skipum sem eru undir 240 brl. og um greiðslu fæðispeninga. Vilji sjómenn ná fram frekari leiðréttingu í einstökum greinum flotans eru kjarasamningar hinn eðlilegi vettvangur slíkra breytinga.

Nefndin leggur á það áherslu eins og kom fram í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra og við umræður í nefndinni að strax í vor verði kannað í samvinnu við útvegsmenn og sjómenn hvort aðstæður séu til að taka upp einhvers konar aflatryggingu eða tekjutryggingu í framtíðinni verði aflabrestur í einstökum landshlutum eða verstöðvum. Að því ætti að stefna að hugmyndir um þetta efni komi fram sem fyrst og helst á haustþinginu. Hins vegar sé nú heppilegast að leggja núverandi Aflatryggingasjóð niður þar sem starfsemin hefur fjarlægst upphaflegan tilgang hans.

Við umræður í nefndinni kom fram að æskilegast væri að sérstaklega yrði athugað hvert sé heppilegasta form vaxtaákvörðunar á innstæðum útvegsmanna á stofnfjársjóðsreikningum. Ákvæðin í 12. gr. frv. um hæstu lögleyfða fasteignaveðlánavexti eru fyrst og fremst lágmarksákvæði og fela reyndar í sér hækkun vaxta frá því sem segir í gildandi lögum. Þetta er hins vegar fyrst og fremst málefni útvegsmanna og Fiskveiðasjóðs sem heppilegast virðist að verði leyst á þeim vettvangi. Líku máli gegnir um vátryggingareikninga þá sem LÍÚ annast fyrir útvegsmenn.

Nefndin telur æskilegt að ríkisstjórnin fjalli að nýju um vanda skreiðarframleiðenda, m.a. um útflutningsgjöld og gengismun af skreiðarbirgðum og ógreiddum skreiðarútflutningi af framleiðslu fyrri ára.

Nefndin bendir á að ráðstöfun fjár til öryggismála og björgunaræfinga á fiskiskipum verði að sjálfsögðu endanlega ákveðin í samvinnu við samgönguráðuneytið sem skipaði öryggismálanefnd sjómanna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt eins og það er á þskj. 979.

Einn nefndarmanna, Halldór Blöndal, gerði ágreining varðandi útflutningsgjald og greiðslu gengismunar af skreið framleiddri fyrir 31. desember 1984 og áskildi sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. þar um. Hann skrifar undir nál. með fyrirvara um þetta efnisatriði frv., enda varðar það ekki það samkomulag sem varð milli hagsmunaaðila sjávarútvegsins og frv. var byggt á þegar það var lagt fram.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Halldór Blöndal, með fyrirvara.	Geir H. Haarde.
Ingvar Gíslason.	Geir Gunnarsson.	Gunnar G. Schram.

Sþ. 1070. Þingsályktun [11. mál]

um að meta heimilisstörf til starfsreynslu.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að meta skuli til starfsreynslu heimilis- og umönnunarstörf, sem unnin eru launalaust, þegar um hliðstæð störf er að ræða. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórn að láta athuga með hvaða hætti megi meta slíka starfsreynslu þegar um óskyld eða sérhæfð störf er að tefla.

Sþ. 1071. Þingsályktun [261. mál]

um tafarlausa afplánun dóma vegna fíkniefnabrota.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að beina því til dómsmálaráðherra að sjá til þess að fangelsisdómum vegna fíkniefnabrota verði ætíð fullnægt þegar í stað.

Sþ. 1072. Þingsályktun [319. mál]

um dómhús fyrir Hæstarétt Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna hvort Safnahúsið við Hverfisgötu í Reykjavík geti hentað Hæstarétti Íslands sem dómhús er starfsemi Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns flyst úr húsinu.

Sþ. 1073. Þingsályktun [349. mál]

um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gert í kjölfar nýgerðra kjarasamninga til að herða eftirlit með verðlagi og álagningu, verði lögð áhersla á að fylgjast með innkaupsverði vöru erlendis.

Sþ. 1074. Þingsályktun [377. mál]

um könnun á áhrifum lögbundinna forréttinda til atvinnurekstrar og vinnu.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna áhrif lögbundinna forréttinda, m.a. einkaréttar, til tiltekinna starfa eða atvinnurekstrar. Í könnun þessari skal einkum leitast við að varpa ljósi á þýðingu einkaréttar eða lögbundinna forréttinda á stöðu þeirra er slíks réttar njóta, áhrif þessa á verðlag og hagsmuni neytenda. Könnuninni skal einnig ætlað að leiða í ljós áhrif lögbundinna takmarkana af þessu tagi á tækniþróun, hagvöxt og atvinnustig. Skýrsla um niðurstöðu könnunarinnar skal lögð fyrir Alþingi.

Sþ. 1075. Þingsályktun [104. mál]

um endurskoðun gjaldþrotalaga, nr. 6 frá 5. maí 1978.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að sjá til þess við þá endurskoðun gjaldþrotalaga, nr. 6 5. maí 1978, sem nú stendur yfir, að tryggja betur en nú er gert að greiðslustöðvun verði beitt og reynt að selja eignir fyrir sannvirði fremur en að selja þær á nauðungaruppboði.

Sþ. 1076. Þingsályktun [247. mál]

um skipulagningu náms og vinnu í sölu- og markaðsmálum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því með samstarfi menntamálaráðuneytisins, viðskiptaráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins og aðila vinnumarkaðarins að samræma og skipuleggja nám og starfsþjálfun á sviði sölu- og markaðsmála innanlands og utan, jafnhliða sérstökum aðgerðum til að afla þekkingar á mörkuðum. Markmiðið verði að koma á fót í skólakerfinu og viðskiptalífinu víðtæku námi í sölumennsku, markaðsöflun, kynningu, auglýsingatækni og samningagerð. Niðurstöður þessa starfs skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Sþ. 1077. Þingsályktun [25. mál]

um umbætur í málefnum aldraðra.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 25.

Sþ. 1078. Þingsályktun [286. mál]

um úrbætur í ferðaþjónustu.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta gera úttekt á aðstöðu til ferðaþjónustu á helstu ferðamannastöðum í einstökum landshlutum. Úttektin skal m.a. ná til gistiaðstöðu, veitingaþjónustu, samgangna, leiðsögu og leiðamerkinga, eftirlits, aðgangs að áhugaverðum stöðum, upplýsingaþjónustu og hreinlætisaðstöðu. Á grundvelli slíkrar úttektar skal gerð áætlun um úrbætur.

Verk þetta skal unnið í samráði við ferðamálasamtök landshlutanna.

Sþ. 1079. Þingsályktun [167. mál]

um nýtingu jarðhita í heilsubótarskyni.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 187.

Sþ. 1080. Þingsályktun [307. mál]

um gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem föng eru á könnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin með hliðsjón af því hver yrði viðskiptalegur hagnaður af slíkum samningi fyrir íslenska atvinnuvegi og útflutningsstarfsemi.

Nd. 1081. Nefndarálit [414. mál]

um frv. til l. um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Of lítið — of seint. Árið 1984 flutti undirritaður ásamt níu öðrum þingmönnum þingsályktunartillögu um endurreisn Viðeyjarstofu. Tillagan gerði ráð fyrir að Viðeyjarstofa yrði færð í upprunalegt horf svo að þar mætti stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Verkinu átti að vera að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986 á tveggja alda afmæli höfuðborgarinnar. Það hefði verið sómasamleg afmælisgjöf til höfuðborgarinnar — við hæfi. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um að gefa höfuðborginni rústir í afmælisgjöf er hins vegar lágkúra — hvort sem það er við hæfi ríkisstjórnarinnar eða ekki. En ekki er það til sóma.

Minni hl. tekur ekki þátt í þessari hermdargjöf.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Sþ. 1082. Svar [191. mál]

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um veiðar smábáta.

Ráðuneytið leitaði til Fiskifélags Íslands um efni fyrirspurnarinnar og barst endanlegt svar í dag (22. apríl) og fylgir hér með. I svarinu koma fram eftirfarandi atriði:

1. Afli einstakra þilfarsbáta undir 10 brl. árin 1981, 1982 og 1983.
2. Heildarafli sömu báta árið 1984.

3. Fjöldi þeirra á hverju ári.
4. Heildarafli opinna báta á þessum árum.

Ekki reyndist unnt, vegna tæknilegra örðugleika, að fá upplýsingar um sundurliðaðan afla á hvern einstakan opinn bát árin 1981, 1982 og 1983.

Heildarafli einstakra þilfarsbáta undir 10 rúmlestum.

Nafn skips	1981 Tonn	1982 Tonn	1983 Tonn	1984 Tonn
Aldan Nk 22	55	87	73	
Álftin ÍS 55	13		18	
Andri RE 158	2			
Andri KE 16	15	19	28	
Ármann SH 223	73	51	58	
Arnar ÍS 125	20	34	87	
Árni ÞH 127		24	47	
Ársæll EA 74		26	1	
Ástvaldur NK 52	88	12		
Bára ÞH 114	20	25	22	
Bára NK 25	97	106	84	
Bára NS 64	74	80	76	
Bára ÞH 7	47	28	20	
Bensi VE 234	56	61	82	
Bergey VE 128	45			
Bjarni EA 260	52	16	33	
Björgvin Jónsson BA 1	36	34	45	
Björgvin Már BA 468	150	214	187	
Blíðan SH 100			29	
Blíðfari BA 22	5			
Bliki GK 65	42	44	56	
Bolli KE 46	16		6	
Brimnes SU 15	45	95		
Bryndís KE 12	24	17	11	
Búi EA 100	50	57	76	
Dagný ÞH 203	195	120	74	
Darri ÍS 570		6	7	
Diddó KÓ 7	23	77	73	
Dís HF 29		14	6	
Dýrfirðingur ÍS 58	35	30	37	
Eddi AK 37		31	6	
Einar ÍS 457		2	70	
Elías Sigurðsson BA 23	15	41	60	
Esjar SH 75	171	142	73	
Eva RE 74		1	7	
Fálkinn ÞH 260	35	44	3	
Farsæll RE 2	21			
Farsæll SI 93	71	89	97	
Fífa ÍS 57	6	1	5	
Fiskines SF 16	31			

Nafn skips	1981 Tonn	1982 Tonn	1983 Tonn	1984 Tonn
Fiskines EA 10		94		
Fiskines SU 65			71	
Fossa ÞH 310	23	20	25	
Fram ÞH 171	86	47	24	
Fríða HF 94			19	
Fróði BA 81	47	46	48	
Glaður SU 79	58	31	63	
Glotta RE 165	30	24	11	
Guðjón HF 40	2			
Guðný NK 27	106	81	74	
Guðrún Hlín BA 24	81	84	101	
Guðrún Kristín ÞH 90	2	2	43	
Gulaþing RE 126	84	46	40	
Gunnar ÞH 34	25	16	9	
Gunnþór ÞH 75	38	120	40	
Gylfi NK 40	14	6	3	
Hafaldan EA 140	15			
Hafey ÓF 5			1	
Hafratindur BA 34	30	27	20	
Hafrún ÍS 252	53	74	81	
Hafsteinn ÁR 80	29	20	56	
Haukur ÍS 95	19			
Hegri KE 5	16	3	1	
Helgi El. NS 56			30	
Helga Péturs RE 478	14	5	16	
Helgi SH 144	32	29	52	
Hermann SH 116	4			
Hjörtur NS 98	11	10		
Hlíf ÞH 80	63	21	10	
Hrefna ÍS 202	33	26	40	
Hulda GK 114	6	10	4	
Hvítingur VE 21	71	73	77	
Hyrningur BA 100	32			
Högni NS 10	245	178	89	
Ína GK 64			8	
Janus ÍS 300			6	
Jóhanna Kristín ÞH 51	54	44		
Jón Eiríksson SU 11	11			
Jón Guðmundsson ÍS 75	80	144	149	
Kaganes SU 36		26	8	
Kári BA 265		7	3	
Kristján EA 178		11	68	
Krían EA 700	5			
Kristín NK 3	3			
Kristín Björg RE 116	120	7		
Kögri ÞH 94	41	15	6	
Laufi KÓ 3	26	19		

Nafn skips	1981 Tonn	1982 Tonn	1983 Tonn	1984 Tonn
Laxinn NK 71	31	34	20	
Léttir SH 175	79	101		
Lundey ÞH 350	69	67	77	
Manni ÞH 81		50	42	
Máni SK 90		31	70	
Máni BA 211	43	56	56	
Már AK 157	4	6	2	
Már KÓ 13	16	6		
Mónes NK 26	38			
Nakkur SU 380	31	26	24	
Nói ÞH 64	179	118	71	
Nonni ÍS 64	42	12	21	
Ólöf NS 69			56	
Ómagni RE 13	25	56	25	
Rex NS 3			4	
Ríta NS 13		28	117	
Róbert SH 142	10			
Rögnvaldur Jónsson ÞH 107	84	105	64	
Röst SH 134	13	7		
Sigríður Jónsdóttir ÍS 570	8			
Sigurbjörn VE 329	143	114	146	
Sigurður Gunnarsson KE 202	58	32		
Sigurður Pálsson ÓF 66	55	25	32	
Sigurvon ÍS 605			2	
Sigurörn ÍS 36	24	39	33	
Síldin AK 88		16	14	
Silla NK 42	97	85	66	
Sindri ÓF 20	25	95		
Sindri RE 46	64	64	42	
Sjöfn ÍS 31	4	3		
Snarfari HF 112			3	
Snarfari SI 13		46		
Snarfari SH 58		13	22	
Snætindur ÞH 12	34	19		
Stapavík SH 132		88	75	
Straumur ÍS 78	8			
Svala ÍS 88	2			
Svanur ÞH 54	19	48	36	
Svanur Þór RE 141	11	43		
Sæbjörn KÓ 30	6	32		
Sæbjörn Tryggvi VE 50			8	
Sædís NS 54		110	104	
Særún ES 202	41	8	20	
Særún KE 248		5	52	
Særún AK 120		72	113	
Sævaldur KÓ 20	8	16	23	
Sævar NK 18	138	132	77	

Nafn skips	1981 Tonn	1982 Tonn	1983 Tonn	1984 Tonn
Tálkni BA 240	23	12	68	
Tjaldur ÍS 65	24	47	70	
Tjaldur ÍS 229	21	2	19	
Úði HF 10		11	13	
Una María GK 979	15	9	18	
Valur ÍS 89	155	160	61	
Víðir ÞH 210	63	41	17	
Vigdís SF 21	13			
Viggó SI 32	114	99	72	
Vilborg ÞH 11		95	71	
Villi ÞH 214	70	38	165	
Vinur SH 6			11	
Væri ÍS 94	26	21	30	
Ýr SU 15		22		
Þórarinn KE 18		8	92	
Þórey ÞH 11	135	21		
Þorfinnur EA 120	35	29	23	
Þórunn RE 66			4	
Þorvaldur ÍS 93	28	25		
Þverfell ÓF 17	14	8	21	
Þytur ÍS 45	63	19		
Ægir Adolfsson ÞH 99	45	78	50	
Ölver ÍS 49	57	59	49	
Samtals	**5 617**	**5 656**	**5 224**	
Þilfarsbátar 4–10 brl.	5 617	5 656	5 224	6 730
Opnir bátar	10 779	9 007	8 936	12 761
Heildarafli, óslægður	**16 396**	**14 733**	**14 150**	**19 491**

Ed. 1083. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um lágmarkslaun.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu á það að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins en ekki Alþingis að sjá til þess að full dagvinnulaun nægi einstaklingi til framfærslu.

Meiri hl. telur að lagasetning um þetta atriði sé ekki eðlileg við núverandi aðstæður. Þeim markmiðum, sem felast í frv., verði að ná í frjálsum samningum. Meiri hl. telur hins vegar mikilvægt að stjórnvöld á hverjum tíma geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að

þessi markmið náist og leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**, enda vann hún að því að skapa slík skilyrði við gerð síðustu kjarasamninga.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form. Jón Kristjánsson, frsm. Egill Jónsson.

Sturla Böðvarsson.

Sþ. 1084. Frávísunartillaga [22. mál]

í málinu: Till. til þál. um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju.

Frá Ragnhildi Helgadóttur.

Alþingi samþykkir að fela kirkjumálaráðherra að gera sérstaka áætlun um listskreytingu Hallgrímskirkju og vísar dagskrármálinu til ríkisstjórnarinnar.

Sþ. 1085. Þingsályktun [22. mál]

um framlag ríkisins til listskreytingar Hallgrímskirkju í Reykjavík.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á kirkjumálaráðherra að skipa nú þegar sjö manna nefnd til að skipuleggja og undirbúa skreytingu og frágang á anddyri, kór og kirkjuskipi Hallgrímskirkju í Reykjavík. Nefndin skal skipuð sem hér segir: Kirkjumálaráðherra skipi einn mann, og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, menntamálaráðherra, biskup Íslands, húsameistari ríkisins, byggingarnefnd Hallgrímskirkju, Félag íslenskra myndlistarmanna og kirkjulistarnefnd tilnefni einn mann hver í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera að gera verkáætlun og áætlun um þann tíma sem talið er að verkið taki, svo og kostnaðaráætlun. Jafnframt gerir nefndin tillögur um hvernig fjármögnun verksins verði best tryggð. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Niðurstöður nefndarinnar verði lagðar fyrir sameinað Alþingi fyrir árslok 1987.

Sþ. 1086. Þingsályktun [49. mál]

um könnun á launum og lífskjörum á Íslandi og í nálægum löndum.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á því hvort og að hvaða leyti laun og lífskjör eru lakari á Íslandi en í nálægum löndum og hverjar séu orsakir þess. Við framkvæmd könnunarinnar verði haft samráð við rannsóknastofnanir Háskóla Íslands.

Niðurstöður könnunarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi á næsta reglulegu þingi.

Ed. 1087. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um lágmarkslaun.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1088. Nefndarálit [406. mál]

um frv. til l. um lágmarkslaun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir teljum að frumvarp þetta sé efnislega sanngjarnt. Það er höfuðnauðsyn að hækka lægstu launin og með 30 000 kr. lágmarkslaunum væri sannarlega ekki of í lagt.

Hins vegar hefur frumvarpið ekki verið sent til umsagnar aðila vinnumarkaðarins og í því eru ákvæði sem orka tvímælis.

Útilokað er að afgreiða frumvarpið við fimm umræður í báðum deildum þings úr því sem komið er. Við teljum því ótímabært og tilgangslítið að afgreiða frumvarpið úr nefnd og tökum ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Ragnar Arnalds, frsm. Magnús H. Magnússon.

Ed. 1089. Breytingartillögur [423. mál]

við brtt. á þskj. 969 [Áfengislög].

Frá Jóni Kristjánssyni.

1. Við a-lið. Liðurinn orðist svo:
   3. mgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun verði höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra.
2. Við b-lið. Liðurinn orðist svo:
   Síðasti málsl. 4. mgr. orðist svo: Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir hvert leyfi til áfengisveitinga sem lögreglustjóri innheimtir og rennur það í ríkissjóð.

3. Við d-lið. Liðurinn orðist svo:
6. mgr. orðist svo:

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða fullnægir þeim ekki lengur skal hann þegar missa leyfi sitt. Ef svo stendur á getur lögreglustjóri fellt leyfi niður um stundarsakir. Veitingamaður getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra en það frestar ekki framkvæmd ákvörðunarinnar.

Nd. 1090. Frumvarp til laga [448. mál]

um málefni Arnarflugs hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að ríkissjóður taki þátt í greiðslu vaxta af láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. gr. eru þessi:

1. Fyrir liggi skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 milljónir króna, verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986.
2. Réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert um flugvélina TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.
3. Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp, ásamt með viðurlögum, af andvirði þess láns, sem tekið verður með ríkisábyrgð.
4. Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði, sem nauðsynleg þykja að mati fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Arnarflug hf. hefur farið fram á ábyrgð ríkissjóðs vegna lántöku að fjárhæð allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala til að styrkja greiðslustöðu fyrirtækisins. Beiðni þessi er fram komin sem eitt margra atriða sem til umfjöllunar eru vegna endurskipulagningar á rekstri félagsins sem hefur verið afar erfiður undanfarna mánuði. Þannig liggur nú fyrir, að verulegur halli hefur orðið á rekstri Arnarflugs hf. á síðastliðnu ári. Önnur atriði til lausnar vanda félagsins, sem nú er til athugunar eru aukning hlutafjár, sala eigna og samningsgerð við kröfuhafa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að veitt verði heimild til ríkisábyrgðar að fjárhæð allt að 2,5 milljónir bandaríkjadala. Jafnframt er lagt til að ríkissjóður axli hluta af greiðslu vaxta af láninu. Gengið er út frá því, að endanleg ákvörðun um þátttöku ríkissjóðs í vaxtakostnaði muni ráðast af rekstrarafkomu fyrirtækisins þegar til greiðslu af láninu kemur.

Um 2. gr.

Með 2. grein frumvarpsins er lagt til að nokkur skilyrði verði sett fyrir veitingu ríkisábyrgðar. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, að fjárhagur fyrirtækisins er afar slæmur eftir því sem ráða má af bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1985 sem nú liggur fyrir. Staða fyrirtækisins er sú, að það hefur ekki svigrúm til að veita Ríkisábyrgðasjóði tryggingar vegna ríkisábyrgðarinnar í flugvélakosti sínum eða fasteignum. Því er lagt til að til tryggingar verði réttur Arnarflugs hf. skv. kaupleigusamningi um Boeing 737-205 C flugvél, sem fyrirtækið hefur á leigu. Er fjármálaráðherra ætlað að ákveða í einstökum atriðum með hvaða hætti þessi trygging verði sett. Í því sambandi kann m.a. að þykja nauðsynlegt að leitað verði samþykkis eiganda flugvélarinnar fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt kaupleigusamningi um flugvélina hvenær sem er á leigutímanum, telji hann þess þörf.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að nýju hlutafé verði veitt inn í fyrirtækið. Forráðamenn félagsins hafa í viðræðum við stjórnvöld lýst því að tilteknir aðilar séu reiðubúnir að leggja fram nýtt hlutafé að fjárhæð 95 milljónir króna. Þar sem ljóst er að hlutafjárloforð verða ekki greidd strax að fullu þykir nauðsynlegt að setja það skilyrði, að sá hluti hlutafjárloforðanna sem ekki greiðist þegar í stað verði verðtryggður.

Með því að ríkissjóður mun væntanlega taka að sér skuldbindingar í þágu fyrirtækisins þykir eðlilegt að gerð séu full skil á opinberum gjöldum sem í vanskilum eru við ríkissjóð.

Svo kann að fara, að við afgreiðslu ríkisábyrgðar geti komið upp sú staða, að nauðsynlegt sé að setja frekari skilyrði fyrir veitingu ábyrgðar en þau, sem felast í töluliðum 1–3 í greininni eða felast í lögum og reglugerðum um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Því er talið rétt að setja í lögin ákvæði 4. töluliðar 2. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Ed. 1091. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar unnu nefndir beggja deilda saman að athugun frv. Meiri hl. er í öllum meginatriðum samþykkur áliti meiri hl. félagsmálanefndar neðri deildar en vill þó árétta nokkur atriði:

Meiri hl. telur ekki nauðsynlegt að setja í frv. ákvæði um ráðstöfun þeirra 300 millj. kr. sem gert er ráð fyrir í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að verði varið til aðgerða til lausnar á greiðsluerfiðleikum þeirra sem byggðu eða keyptu húsnæði

árið 1980 eða síðar. Meiri hl. telur hins vegar mikilvægt að þeirri aðstoð, sem í ráðstöfun þessa fjár felst, verði hraðað.

Þá leggur meiri hl. áherslu á að staðið verði við þau fyrirheit sem gefin hafa verið húsbyggjendum og kaupendum um lengingu lánstíma í bönkum og sparisjóðum.

Meiri hl. vill enn fremur minna á að fjárhagsstaða lífeyrissjóða getur verið misjöfn vegna annarra skuldbindinga.

Loks vill meiri hl. nefndarinnar benda á að taka þarf til athugunar rétt þeirra til húsnæðislána sem minnka við sig í húsnæði.

Magnús H. Magnússon sat fundi nefndarinnar um málið.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Davíð Aðalsteinsson, form., frsm.	Sturla Böðvarsson.	Björn Dagbjartsson.
Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.	Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, með fyrirvara.

Nd. 1092. Lög [337. mál]

um breytingu á lögum nr. 64/1958, um útflutning hrossa, sbr. lög nr. 67/1969, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1024.

Ed. 1093. Breytingartillaga [423. mál]

við brtt. á þskj. 1089 [Áfengislög].

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

Við 3. tölul. bætist: Dómsmálaráðherra sendir tillögur sínar um málsmeðferð til sveitarstjórnar sem tekur endanlega ákvörðun um hvort leyfissvipting skuli vera varanleg.

Ed. 1094. Lög [320. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1044 (sbr. 591).

191

Nd. 1095. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið vandlega. Sú skoðun kom fram í nefndinni að æskilegt væri að gera miklu meiri breytingar á lögunum en frv. gerir ráð fyrir. Ekki tókst þó að ná samstöðu um veigamiklar breytingar. Það er hins vegar vilji nefndarmanna að reynt verði til þrautar fyrir árslok að ná víðtækri samstöðu þingflokkanna um verulegar breytingar á kosningalögunum.

Þær breytingar, sem frv. fjallar um, eru flestar tæknilegs eðlis og til þess að sníða ágalla af lögunum þannig að unnt sé að kjósa eftir þeim. Nefndin telur þær breytingar, sem í frv. felast, ýmist nauðsynlegar eða mjög til bóta. Enn fremur kom í ljós að mjög orkar tvímælis að ákvæði 4. tölul. 112. gr. gildandi kosningalaga samrýmist stjórnarskrá. Þykir því óhjákvæmilegt að breyta honum. Þessar breytingar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni vilja láta þess getið að þeir séu tilbúnir til að breyta gildandi kosningalögum þannig að regla d'Hondts verði notuð við úthlutun þingsæta.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm.	Jón Baldvin Hannibalsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson.
Friðrik Sophusson.	Halldór Blöndal.	Gunnar G. Schram.
	Kristín Halldórsdóttir.	

Nd. 1096. Breytingartillögur [61. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, með áorðnum breytingum.

Frá kosningalaganefnd.

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

112. gr. laganna (sbr. lög nr. 66/1984) breytist þannig:

a. 3. tölul. orðist svo:

Nú er upphaflegur þingsætahlutur lista skv. 111. gr. minni en 0,6 og á hann þá ekki tilkall til þingsætis skv. ákvæðum þessarar greinar.

b. 4. tölul. orðist svo:

Nú eru tveir eða fleiri þingsætahlutir jafnstórir þegar að þeim kemur skv. 1. tölul. og skal þá hluta um röð þeirra.

c. 5. tölul. orðist svo:

Nú eru of fá nöfn á lista til þess að unnt sé að ljúka úthlutun til hans samkvæmt 1. tölul. og skal þá ganga fram hjá þeim lista.

d. 6. tölul. orðist svo:

Nú tekst ekki að úthluta þeirri tölu þingsæta sem fram kemur í 2. tölul. eða að sætum hefur verið úthlutað skv. 1. tölul. á grundvelli neikvæðs þingsætahlutar og skal

þá taka allar úthlutanir í þessu kjördæmi til baka og úthluta á nýjan leik eftir að þingsætismark það, sem nefnt er í 3. tölul. og upphaflega er 0,6, hefur verið lækkað um 0,1. Eigi ákvæði þessa tölul. enn við að lokinni þeirri úthlutun skal beita því á ný svo oft er þarf.

Nd. 1097. Breytingartillaga [415. mál]

við frv. til l. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá Svavari Gestssyni.

Við 13. gr. 2. efnismgr. (1. mgr. 2. gr. l. nr. 17/1976) orðist svo:

Viðskiptabanki útvegsmanns skal skila því fé, sem greiða skal á reikning hvers fiskiskips skv. 2. tölul. 7. gr. laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, inn á reikning þess tryggingafélags, sem tryggir skipið, skv. nánari tilvísun útvegsmanns.

Ed. 1098. Frumvarp til laga [205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 923 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvíxla og aðrar sambærilegar eignir.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1986.

Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 28. gr. taka einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra að föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.

Ed. 1099. Lög [409. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 10. október 1967, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1046.

Nd. 1100. Lög [415. mál]

um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 979.

Ed. 1101. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Stefáni Benediktssyni og Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:
   1. gr. laganna orðast svo:
   Markmið laganna er að tryggja að allir landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum hvort sem þeir eiga eða leigja íbúð.
2. Við 2. gr. 3. tölul. a-liðar orðist svo:
   Með sölu skuldabréfa skv. nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni.
3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   12. gr. laganna orðast svo:
   Allir eiga rétt á láni. Stofnunin lætur í té umsóknareyðublöð þar sem fram koma upplýsingar um tilskilin gögn. Stofnunin skal láta umsækjanda í té staðfestingu á móttöku umsókna.
4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:
   13. gr. laganna orðast svo:
   Lán skv. 1. tölul. 11. gr. er veitt til að byggja eða kaupa nýjar íbúðir skv. 12. gr. sem hér segir:
   a. Ef umsækjandi er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn nemur lán til hverrar íbúðar 2100 þús. kr. Sú fjárhæð er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í ársbyrjun 1986, 250 stig (desember 1982 = 100), og breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar vísitölunnar. Umsækjandi getur talist vera að byggja eða kaupa í fyrsta sinn þótt hann hafi áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins, enda hafi hann misst íbúð sína eða mestan hluta eignar sinnar í henni svo sem vegna hjónaskilnaðar, greiðsluerfiðleika eða gjaldþrots. Nánar skal kveða á um þessi atriði í reglugerð.
   b. Eigi umsækjandi íbúð fyrir er sala á henni skilyrði fyrir lánsrétti skv. a-lið þessarar greinar.
   Þrátt fyrir ákvæði a- og b-liða þessarar greinar má lánsfjárhæð aldrei vera hærri en nemur kostnaðaráætlun íbúðar eða raunverulegu kaupverði íbúðar.

Ef húsnæði, er íbúðarlán hefur verið veitt til, er tekið til annarra nota en íbúðar fellur allt lánið í gjalddaga án fyrirvara. Sama gildir ef íbúð, sem lánað er til, er sameinuð annarri íbúð sem áður hefur hlotið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Lán skv. þessari grein er einnig heimilt að veita þeim sem byggja sérhannaðar söluíbúðir fyrir aldraða eða leiguíbúðir fyrir almennan markað.

Lán skv. þessari grein skulu veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstíminn vera allt að 40 árum. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

5. Við 5. gr.
   a. 2.–4. mgr. orðist svo:

   Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi, sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn, á rétt á láni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

   Umsækjandi, sem átt hefur íbúð áður, skal á sama hátt eiga rétt á láni skv. b-lið 1. mgr. 13. gr.

   Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum, úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar raunverulegu kaupverði íbúðar.

   b. 5. mgr. falli niður.

6. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

   3. mgr. 19. gr. orðast svo:

   Lán skv. þessari grein mega koma til viðbótar lánum skv. 2. tölul. 11. gr. en samtals mega þau þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

7. Við 9. gr. Orðin „allt að 70% af hámarksláni“ í 1. málsl. falli brott.

8. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:

   22. gr. laganna breytist svo:

   a. 3. mgr. orðast svo:

   Lán þessi mega nema allt að 70% af viðgerðarkostnaði, þó aldrei hærri upphæð en lán skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

   b. 5. mgr. orðast svo:

   Lánstími má vera allt að 40 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

9. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:

   24. gr. laganna breytist svo:

   a. 1. mgr. orðast svo:

   Fjárhæð láns skv. 6. tölul. 11. gr. má nema allt að 70% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdir nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

   b. 3. mgr. orðast svo:

   Lánstími má vera allt að 40 árum en um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. gr.

10. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:

    26. gr. laganna breytist svo:

    a. 1. mgr. orðast svo:

    Fjárhæð láns má nema allt að 70% endurbótakostnaðar. Þó má lán þetta aldrei nema hærri fjárhæð en lán skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

    b. 4. mgr. orðast svo:

    Lánstími skal vera allt að 40 árum en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.

11. Á eftir 12. gr. komi ný grein er orðist svo:
    29. gr. laganna breytist svo:
    a. 2. mgr. orðast svo:
    Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum skv. samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum Byggingarsjóðs ríkisins til framkvæmdaaðila beint ef hann hyggst leigja eignina en annars til þeirra sem kaupa íbúðina, skv. reglum sjóðsins.
    b. Við greinina bætist ný mgr. er orðast svo:
    Óheimilt er að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru skv. heimild í 9. tölul. 11. gr., 13. gr. og 2. mgr. þessarar greinar, án vitundar Byggingarsjóðs ríkisins.
12. Við 13. gr. (nýja 30. gr.). 2. mgr. orðist svo:
    Hvert lán skal að jafnaði tryggt með 1. eða 2. veðrétti í þeirri eign sem lánað er til eins og nánar greinir í lögum þessum. Jafnframt má ákveða að veitt lán og áhvílandi megi ekki fara fram úr tilteknu hlutfalli af virðingu íbúðar skv. nánari reglum.
13. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
    Í stað 2.–7. mgr. 51. gr. laganna kemur ný mgr. er hljóðar svo:
    Stjórn verkamannabústaða skal í umboði sveitarstjórnar annast kaup og sölu íbúða í verkamannabústöðum ef sveitarstjórn neytir forkaupsréttar. Við kaup íbúða skal miða við markaðsverð sambærilegrar eignar og ber seljanda sama hlutfall af kaupverði og hann hefur þegar greitt fyrir hana, þ.e. upprunalegt eigið framlag að viðbættum endurgreiðslum af láni Byggingarsjóðsins. Nýr kaupandi íbúðar tekur við henni veðbandalausri.
14. Á eftir 21. gr. komi ný grein er orðist svo:
    63. gr. laganna breytist svo:
    a. 1. mgr. orðast svo:
    Um kaup og sölu íbúða skv. 62. gr. skal farið skv. ákvæðum 51. gr.
    b. 2. og 3. mgr. falla brott.

Nd. 1102. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við málsaðila. Hefur komið fram að tryggingar vegna ríkisábyrgðar eru óljósar og ófullnægjandi. Jafnframt kom fram að engan veginn væri ljóst að þær ráðstafanir, sem í frumvarpinu felast, tryggi á nokkurn hátt stöðu þess fyrirtækis sem ætlunin er að aðstoða. Af þeim ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Málið er illa undirbúið og engar upplýsingar fyrirliggjandi um að hlutafé skili sér, né heldur að kaupleigusali sé tilbúinn að fallast á að ríkið gangi inn í kaupleigusamning. Þá er engan veginn ljóst að frumvarpið, þó að lögum verði, leysi nokkurn vanda til frambúðar fyrir ferðamannaiðnaðinn eða Arnarflug hf. Af þessum ástæðum samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að vinna betur að málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Guðrún Agnarsdóttir sat fund nefndarinnar og er samþykk nál. þessu.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Svavar Gestsson, frsm. Jón Baldvin Hannibalsson.

Nd. 1103. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar og varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur áherslu á að hér er einungis um heimildarlög að ræða og leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Páll Pétursson, form., frsm. Ólafur G. Einarsson. Friðrik Sophusson.

Halldór Blöndal.

Nd. 1104. Breytingartillaga [448. mál]

við frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÓE, FrS, HBl).

Við 2. gr. 3. tölul. orðist þannig:

Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp á næstu fjórum árum. Fjármálaráðherra er heimilt að semja um greiðsluhætti.

Ed. 1105. Póstlög. [248. mál]

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 477.

Ed. 1106. Frumvarp til laga [423. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

1. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að veita almennt leyfi til áfengisveitinga á veitingastað er telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd sem dæma skal um hvort veitingastaður telst vera fyrsta flokks. Skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað. Við þá ákvörðun verði höfð hliðsjón af tilgangi laga þessara. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar lögreglustjóra.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og framlengist fyrra leyfi þá meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi

skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal sótt um nýtt leyfi en fyrra leyfi gildir áfram meðan umsókn er til meðferðar. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu ef sérstakar ástæður mæla með því. Dómsmálaráðherra ákveður gjald fyrir hvert leyfi til áfengisveitinga sem lögreglustjóri innheimtir og rennur það í ríkissjóð.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki á hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem sveitarstjórn telur nauðsynleg; m.a. er heimilt að binda leyfi við ákveðinn afgreiðslutíma, að það nái einungis til veitinga léttra vína eða til ákveðins hóps manna, t.d. dvalar- eða matargesta. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Skylt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða fullnægir þeim ekki lengur skal hann þegar missa leyfi sitt. Ef svo stendur á getur lögreglustjóri fellt leyfi niður um stundarsakir. Veitingamaður getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra en það frestar ekki framkvæmd ákvörðunarinnar.

Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna eftirlitsins eftir reglum sem ráðherra setur, m.a. með hliðsjón af stærð veitingastaða og opnunartíma.

Nánari fyrirmæli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leitað umsagnir áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1986.

Nd. 1107. Lög [205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1098 (sbr. 923).

Nd. 1108. Lög [400. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 741.

Nd. 1109. Lög [414. mál]

um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 764.

Ed. 1110. Nefndarálit [442. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Ríkisstjórn og stjórnarliðar halda því fram að frumvarp þetta gjörbreyti uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Það er ekki rétt. Það verður engin breyting á neinu öðru en því hvernig einstaklingar ávinna sér lánsrétt, og sú breyting er síst til bóta. Það sem áður voru almenn réttindi er nú orðið að sérréttindum. Réttur einstaklinga til húsnæðislána er notaður til að kúga fé út úr lífeyrissjóðunum. Þessi fjárkúgunaraðferð vekur grun um að ríkissjóður ætli sér ekki, eða treysti sér ekki með vissu til, að uppfylla ávöxtunar- og endurgreiðsluloforð sín við lífeyrissjóðina. Ef ríkissjóður byði lífeyrissjóðunum þá ávöxtun af skuldabréfum Húsnæðisstofnunar sem boðin er af spariskírteinum þá ættu kaup lífeyrissjóðanna að vera sjálfgerð. Þessi grunur styrkist þegar fulltrúar ASÍ og VSÍ eru gerðir pólitískt samábyrgir með aðild sinni að stjórn stofnunarinnar.

Hafi einstaklingar uppfyllt ósanngjörn sérréttindaskilyrði til lántöku standa þeir frammi fyrir því að ákveða hvað þeir ætla að gera, byggja eða kaupa notað eða nýtt. Við nánari athugun kemur í ljós að markmið stjórnvalda hafa í engu breyst né þeirra hagsmunaaðila sem eru höfundar frumvarpsins. Fólk skal byggja. Með þeirri lánastefnu, sem framfylgt hefur verið undanfarna áratugi, hefur verið stuðlað að örri fjölgun byggðra fermetra á mann og nú er svo komið að Íslendingar búa við mestan húsakost allra þjóða í veröldinni. En hin hliðin á því máli er sú að nýting íbúðarhúsnæðis hér á landi er slök. Lánastefnan hefur stuðlað að offjárfestingu.

Rökrétt afleiðing af þessum staðreyndum er auðvitað að leggja meiri áherslu á lán til kaupa á notuðu húsnæði en nýju. Þetta hefur verið kallað *húsnýtingarstefna* en hún verður ekki að veruleika nema lántakendur sjái hag sínum betur borgið í kaupum á notuðu húsnæði en nýju. Húsnýtingarstefnan viðheldur líka verðgildi notaðs húsnæðis í stað taps í réttu hlutfalli við síaukna áherslu á nýbyggingar og útþenslu byggðar.

Hlutur landsbyggðarinnar er líka hraklega fyrir borð borinn í þessu frumvarpi vegna þess að verðgildi eigna landsbyggðarfólks er enn háðara stefnu stjórnvalda í húsnæðislánamálum en á höfuðborgarsvæðinu.

Ekki verður séð hvers vegna gert er upp á milli lánaflokka hvað lánstíma snertir með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu og er þar átt við lán til viðhalds, endurbóta og viðgerða. Um þau hljóta að gilda fyrrgreind viðhorf, þ.e. að það hlýtur að vera kappsmál að viðhalda verðgildi þeirra eigna sem nú eru í notkun.

Minni hl. nefndarinnar telur að gallarnir á frumvarpinu eigi rætur að rekja til þess að þeir, sem móta meginstefnu frumvarpsins, eru gæslumenn sérhagsmuna en ekki almennra hagsmuna eins og alþingismönnum er ætlað að vera.

Í samræmi við álit þetta eru fluttar nokkrar breytingartillögur við frumvarpið.

Minni hl. mælir ekki með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Stefán Benediktsson.

Ed. 1111. Lög [431. mál]

um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 895.

Nd. 1112. Frumvarp til laga [448. mál]

um málefni Arnarflugs hf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að ríkissjóður taki þátt í greiðslu vaxta af láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. gr. eru þessi:

1. Fyrir liggi skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 milljónir króna, verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986.
2. Réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert um flugvélina TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.
3. Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp á næstu fjórum árum. Fjármálaráðherra er heimilt að semja um greiðsluhætti.
4. Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði sem nauðsynleg þykja að mati fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 1113. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar og m.a. rætt við forsvarsmenn Arnarflugs hf. Nefndin varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur áherslu á að hér er einungis um heimildarlög að ræða og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.
Jón Kristjánsson.
Egill Jónsson.
Sturla Böðvarsson.

Nd. 1114. Lög [396. mál]

um breytingu á lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 947.

Ed. 1115. Nefndarálit [448. mál]

um frv. til l. um málefni Arnarflugs hf.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og rætt við málsaðila. Hefur komið fram að tryggingar vegna ríkisábyrgðar eru óljósar og ófullnægjandi. Jafnframt kom fram að engan veginn væri ljóst að þær ráðstafanir, sem í frumvarpinu felast, tryggi á nokkurn hátt stöðu þess fyrirtækis sem ætlunin er að aðstoða. Af þeim ástæðum leggur minni hl. nefndarinnar til að frumvarpinu verði vísað frá með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Málið er illa undirbúið og engar upplýsingar fyrirliggjandi um að hlutafé skili sér, né heldur að kaupleigusali sé tilbúinn að fallast á að ríkið gangi inn í kaupleigusamning. Þá er engan veginn ljóst að frumvarpið, þó að lögum verði, leysi nokkurn vanda til frambúðar fyrir ferðamannaiðnaðinn eða Arnarflug hf. Af þessum ástæðum samþykkir deildin að fela ríkisstjórninni að vinna betur að málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Stefán Benediktsson sat fund nefndarinnar og er samþykkur nál. þessu.

Alþingi, 23. apríl 1986.

Magnús H. Magnússon, frsm. Ragnar Arnalds. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Ed. 1116. Lög [442. mál]

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. lög nr. 77/1985.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1052.

Nd. 1117. Lög [444. mál]

um breyting á lögum nr. 36 11. júlí 1911, um forgangsrétt kandídata frá Háskóla Íslands til embætta, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 970.

Ed. 1118. Lög [448. mál]

um málefni Arnarflugs hf.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 1112.

Sþ. 1119. Nefndaskipun.

(108. löggjafarþing.)

I. FASTANEFNDIR.

A. Í SAMEINUÐU ÞINGI:

1. Fjárveitinganefnd:

Pálmi Jónsson, formaður,
Geir Gunnarsson, fundaskrifari,
Guðmundur Bjarnason, varaformaður,
Árni Johnsen,
Karvel Pálmason,[1])
Egill Jónsson,
Kolbrún Jónsdóttir,
Friðjón Þórðarson,
Þórarinn Sigurjónsson,
Kristín Halldórsdóttir.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1986 (1, n. 248 (meiri hl.), n. 255 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pálmi Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Geir Gunnarsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Fjárstuðningur við Handknattleikssamband Íslands (582).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Endurskoðun skattalaga (520).
   Nefndarálit kom ekki.

2. Utanríkismálanefnd:

Aðalmenn:
Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður,
Kjartan Jóhannsson, fundaskrifari,
Haraldur Ólafsson, varaformaður,
Birgir Ísl. Gunnarsson,
Hjörleifur Guttormsson,
Gunnar G. Schram,
Guðrún Agnarsdóttir.

Varamenn:
Ólafur G. Einarsson,
Karl Steinar Guðnason,
Ingvar Gíslason,
Friðjón Þórðarson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Pétur Sigurðsson,
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

[1]) Í forföllum hans, frá þingbyrjun til 3. febr., tók sæti hans í nefndinni Sighvatur Björgvinsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku (6).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Samstarfssamningur Norðurlanda (163, n. 177).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
3. Bann gegn geimvopnum (96).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Stofnskrá fyrir Vestnorræna þingmannaráðið (256, n. 309).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
